Alþingi 1919

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Ár 1919, þriðudaginn 1. júlí, var þrítugasta og fyrsta löggefandi Alþingi, sem er tuttugasta og þriðja reglulegt þing í röðinni, en fertugasta og sjötta samkoma frá því er Alþingi var endurreist. sett í Reykjavík.

Þingmenn komu saman í Alþingishúsinu kl. 12^{45} miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni.

Sjera Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K., steig í stólinn og lagði út af Jes. 43, 18—21.

Úr kirkjunni gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

A.

Landskjörnir þingmenn.

1. Sigurður Eggerz,	2.	landsk.	þm.
2. Sigurður Jónsson,	3.	—	—
3. Guðjón Guðlaugsson,	4.	—	—
4. Hjörtur Snorrason,	5.	—	—
5. Guðmundur Björnson,	6.	—	—

B.

Kjördæmakjörnir þingmenn.

1. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
2. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
3. Björn Stefánsson, 2. þm. S.-M.
4. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
5. Einar Arnórsson, 2. þm. Árn.
6. Einar Jónsson, 2. þm. Rang.
7. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
8. Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv.
9. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
10. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
11. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf
12. Jón Jónsson, 1. þm. N.-M.
13. Jón Magnússon, 2. þm. Reykv.
14. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Reykv.
15. Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K.
16. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
17. Magnús Pjetursson, þm. Stranda.
18. Magnús Torfason, þm. Ísaf.
19. Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf.
20. Ólafur Briem, 2. þm. Skagf.

21. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.
22. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
23. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
24. Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.
25. Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.
26. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
27. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
28. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
29. Þorsteinn Jónsson, 2. þm. N.-M.
30. Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv.

Þessir þingmenn voru ókomnir til þings:

A.

Landskjörinn þingmaður.

Sigurjón Friðjónsson, 1. landsk. varaþm.

B.

Kjördæmakjörnir þingmenn.

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
3. Karl Einarsson, þm. Vestm.
4. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.

Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð upp forsætisráðherra, Jón Magnússon, og las upp konungsbrjef um setning Alþingis, svo hljóðandi:

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vjer viljum hjer með veita yður, sem forseta ráðuneytis Vors umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi það, er koma á saman til reglulegs fundar þriðjudaginn 1. júlí næstkomandi.

Ritað á Amalíuborg 28. maí 1919.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

Til

herra Jóns Magnússonar, komm. af Dannebrog og Dannebrogsmanns, forseta ráðuneytisins.

Síðan mælti

forsætisráðherra: Samkæmt þessu umboði lýsi jeg yfir því í nafni konungsins,

að Alþingi Íslendinga er sett.

Þá tók **forsætisráðherra** aftur til orða og mælti á þessa leið, en þingmenn stóðu allir upp:

Í viðtali á undan ríkisráðsfundinum 30. f. m. bað hans hátign konungurinn mig að flytja alþingismönnum kveðju sína með þessum orðum:

Við setningu Alþingis óskum Vjer alþingismönnum flutta kveðju Vora.

Þegar Vjer í fyrsta sinn eftir ríkisstjórnartöku Vora sendum Alþingi kveðju Vora, ljetum Vjer í ljós þá öruggu von, að trúnaðarsambandið milli konungs og þjóðar mætti veita oss krafta og þrek í Vorri ábyrgðarþungu konungsstöðu.

Er Vjer nú sendum Alþingi, kjörnum fulltrúum fullvalda ríkis, kveðju Vora, viljum Vjer láta í ljós þakklæti vort fyrir það, að trúnaðarsamband það, sem Vjer höfum óskað að starf Vort bygðist á, hefir borið svo góðan ávöxt, og Vjer lítum fram á ókomna tímann í öruggu trausti þess, að ríkisskipun sú, sem íslenska þjóðin með frjálsri atkvæðagreiðslu hefir samþykt að byggja framtíð sína á, megi verða

Íslandi til hamingju og tryggi trúnaðartraustið milli konung og þjóðar.

Þá mælti

Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!

og tóku þingmenn undir það með níföldu húrra.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og hv. þm. er kunnugt, vantar enn nokkra þm., og vil jeg því, með samþykki allra flokka, fresta þingsetningarfundinum fram eftir vikunni og bíða þeirra, sem ókomnir eru.

Háttv. þm. mun síðar verða tilkynt það, hve nær fundinum verður fram haldið.

Segi jeg þar með þessum fundi frestað.

Fundi frestað.

Mánudaginn 7. júlí, kl. 9^{15} árdegis, var fundinum fram haldið.

Nú voru til þings komnir allir þeir þingmenn, er vantaði í fundarbyrjun, 1. júlí.

Forsætisráðherra kvaddi Ólaf Briem, 2. þm. Skagf., er elstur var þingmanna, til þess að taka forsetasæti og stýra forsetakosningu.

Aldursforseti gekk til forsetastóls og kvaddi sjer til aðstoðar sem skrifara þá Sigurð Stefánsson, þm. N.-Ísf., og Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk.

Kosning forseta.

Þá ljet aldursforseti fara fram forsetakosning og hlaut kosning

Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.,

með 27 atkv.

Bjarni Jónsson hlaut 1 atkv., en 12 seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti tók forsæti og ávarpaði þingið með þessum orðum:

Jeg þakka yður fyrir þann sóma, sem þjer hafið sýnt mjer, með því að kjósa mig forseta hins fyrsta Alþingis, sem saman kemur eftir að íslenska þjóðin hefir öðlast viðurkenningu fyrir því að vera algerlega frjáls og sjálfstæð þjóð, með fullveldi í öllum málum sínum.

Jeg er þess fullviss, að yður öllum er ljóst, hversu mjög vegur og vald Alþingis hefir vaxið við þessa viðurkenning, og þá jafnframt vandi sá og ábyrgð, sem á Alþingi hvílir.

Það er innileg áskorun mín og bæn, að Alþingi leysi störf sín svo af hendi, að þau verði til þess að efla farsæld íslensku þjóðarinnar og auka álit hennar hjá öðrum menningarþjóðum.

Síðan ljet forseti kjósa varaforseta sameinaðs Alþingis.

Kosningu hlaut

Magnús Torfason, þm. Ísaf.,

með 15 atkv.

Bjarni Jónsson hlaut 6 atkv., Einar Arnórsson og Pjetur Jónsson hvor 1 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Því næst var gengið til kosninga á skrifurum sameinaðs þings.

Samkvæmt beiðni nokkurra þingmanna var hlutfallskosningu beitt.

Fram komu tveir listar, og var einn maður á hvorum, Þorleifur Jónsson á A-lista og Sigurður Stefánsson á B-lista.

Lýsti forseti því kjörna skrifara sameinaðs þings þá

Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk., og
Sigurð Stefánsson, þm. N.-Ísf.

Kjörbrjefanefnd.

Að því loknu ljet forseti kjósa kjörbrjefanefnd, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt ósk nokkurra þingmanna.

Einn listi var borinn fram, með nöfnum 5 alþingismanna, eða jafnmargra og kjósa skyldi, og lýsti forseti þá rjett kosna í kjörbrjefanefnd, en þeir voru þessir:

Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson,
Magnús Torfason,
Sigurður Stefánsson og
Bjarni Jónsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum 1. fundi sameinaðs þings var 1. fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

A. Landskjörnir.

1. Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm.
2. Sigurður Jónsson, 3. — —
3. Guðjón Guðlaugsson, 4. — —
4. Hjörtur Snorrason, 5. — —
5. Guðmundur Björnson, 6. — —
6. Sigurjón Friðjónsson, 1 landsk. varaþm.

B. Kjördæmakjörnir.

1. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
2. Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv.
3. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
4. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
5. Karl Einarsson, þm. Vestm.
6. Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K.
7. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
8. Magnús Torfason, þm. Ísaf.

Voru allir deildarmenn á fundi.

Elsti þm. deildarinnar, Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm., tók forsetasæti og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Torfason, þm. Ísaf., og Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti ljet því næst ganga til kosninga um forseta deildarinnar.

Kosningu hlaut

Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm., með 13 atkv. 1 seðill var auður.

Hinn nýkjörni forseti gekk þá til forsetastóls, þakkaði deildinni það traust, sem hún hefði sýnt sjer, og kvaðst vona, að þingið bæri gæfu til að leysa úr þeim vandamálum, er fyrir því lægju, ekki síst vegna þess, að áhugi þingmanna myndi nú meiri en áður, þar sem þetta væri í fyrsta sinn nú um lengri tíma en 600 sumur, sem þingmenn kæmu hjer saman sem fulltrúar alfrjálsrar þjóðar.

Þá ljet forseti ganga til kosninga um fyrri varaforseta.

Kosningu hlaut

Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv.,

með 7 atkv.

Karl Einarsson hlaut 3 atkv., Guðjón Guðlaugsson 2 atkv. og Kristinn Daníelsson 1 atkv., en 1 seðill var auður.

Því næst ljet forseti fara fram kosningu annars varaforseta.

Kosningu hlaut

Karl Einarsson, þm. Vestm.,

með 10 atkv. 4 seðar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Einn listi var borinn fram. Voru á honum Eggert Pálsson og Hjörtur Snorrason.

Forseti lýsti því rjett kjörna skrifara deildarinnar þá

Eggert Pálsson, 1. þm. Rang., og
Hjört Snorrason, 5. landsk. þm.

Sætaskipun.

Að tillögu forseta voru samþ. án atkvgr. þau afbrigði frá þingsköpum, að hluta nú eigi af nýju um sæti deildarmanna, en láta sætaskipun frá síðustu þingum haldast óbreytta, með því að forseti og skrifarar eru hinir sömu sem þá.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Forseti skýrði frá:

A.

Að forsætisráðherra legði fyrir deildina þessi lagafrumvörp af hálfu stjórnarinnar:

1. Frv. til laga um hæstarjett.
2. — til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.
3. — til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.
4. Frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar.
5. — til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.
6. — laga um breyting á lögum nr. 1, 3. jan 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

B.

Að atvinnumálaráðherra legði fyrir deildina þessi stjórnarfrumvörp:

1. Frv. til laga um einkaleyfi.
2. — til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun brunabótafjelags Íslands.
3. — til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun brunabótafjelags Íslands.

C.

Að fjármálaráðherra legði fyrir deildina þessi stjórnarfrumvörp:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.
2. — til laga um skrásetning skipa.
3. — til laga um breyting á lögum fyrir Ísland, nr. 17., frá 8. júlí 1902, um tilhögun á löggæslu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland.
4. — til laga um breyting á siglingalögum 30. nóv. 1914.
5. — til laga um breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa.

Ljet forseti þess jafnframt getið, að öllum framantöldum frumvörpum hefði verið útbýtt á 1. fundi sameinaðs þings, þriðjudaginn 1. júlí.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, mánudaginn 7. júlí, var látin fram fara kosning fasta-

nefnda, samkvæmt 16. gr. þingskapanna, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Við kosning hverrar nefndar var að eins borinn fram einn listi og á jafnmargir menn því, sem kjósa skyldi í hverja nefnd. Kosning í allar nefndirnar fór því fram án atkvgr.

Í nefndirnar voru kjörnir:

1. Fjárhagsnefnd.

Magnús Torfason,
Halldór Steinsson og
Guðmundur Ólafsson.

2. Fjárveitinganefnd.

Jóhannes Jóhannesson,
Hjörtur Snorrason,
Eggert Pálsson,
Karl Einarsson og
Magnús Kristjánsson.

3. Samgöngumálanefnd.

Guðjón Guðlaugsson,
Hjörtur Snorrason,
Halldór Steinsson,
Kristinn Daníelsson og
Sigurjón Friðjónsson.

4. Landbúnaðarnefnd.

Sigurjón Friðjónsson,
Guðmundur Ólafsson og
Hjörtur Snorrason.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Magnús Kristjánsson,
Kristinn Daníelsson og
Karl Einarsson.

6. Mentamálanefnd.

Eggert Pálsson,
Kristinn Daníelsson og
Guðmundur Ólafsson.

7. Allsherjarnefnd.

Guðjón Guðlaugsson,
Magnús Torfason og
Jóhannes Jóhannesson.

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum á 1. fundi, og þeir þingmenn til efri deildar gengnir, er þar áttu sæti.

Sátu þessir þingmenn neðri deild:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
3. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
4. Björn Stefánsson, 2. þm. S.-M.
5. Einar Arnórsson, 2. þm. Árn.
6. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
7. Einar Jónsson, 2. þm. Rang.

8. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
9. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
10. Jón Jónsson, 1. þm. N.-M.
11. Jón Magnússon, 2. þm. Reykv.
12. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Reykv.
13. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
14. Magnús Pjetursson, þm. Stranda.
15. Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf.
16. Ólafur Briem, 2. þm. Skagf.
17. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.
18. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
19. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
20. Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.
21. Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.
22. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
23. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
24. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
25. Þorsteinn Jónsson, 2. þm. N.-M
26. Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv.

og voru allir á fundinum.

Forsætisráðherra kvaddi elsta þingmann deildarinnar, Ólaf Briem, 2. þm. Skagf., til að stýra kosningu forseta.

Aldursforseti tók við fundarstjórn og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara Gísla Sveinsson, þm. V.-Sk., og Þorstein Jónsson, 2. þm. N.-M.

Kosning forseta og skrifara.

Því næst ljet aldursforseti ganga til kosninga um forseta deildarinnar.

Kosningu hlaut

Ólafur Briem, 2. þm. Skagf.,

með 16 atkv. Bjarni Jónsson hlaut 1 atkv., Benedikt Sveinsson 1 atkv. og Magnús Guðmundsson 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Forseti: Jeg vil leyfa mjer að þakka fyrir traust það, sem háttv. þm. hafa sýnt mjer með kosningu þessari.

Þá var látin fram fara kosning fyrri varaforseta.

Kosningu hlaut

Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.,

með 17 atkv. Benedikt Sveinsson hlaut 2 atkv., Bjarni Jónsson 1 atkv., Jón Jónsson 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Þá var kosinn 2. varaforseti deildarinnar, og hlaut kosningu

Bjarni Jónsson, þm. Dala.,

með 14 atkv. Benedikt Sveinsson hlaut 6 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Þessu næst var gengið til kosninga á skrifurum deildarinnar og hlutfallskosning viðhöfð.

Einn listi kom fram. Á honum stóðu Gísli Sveinsson og Þorsteinn Jónsson.

Lýsti forseti þá rjett kjörna skrifara deildarinnar

Gísla Sveinsson, þm. V.-Sk., og
Þorstein Jónsson, 2. þm. N.-M.

Sætaskipun.

Var þá hlutað um sæti deildarmanna, og fór á þessa leið:

5. sæti hlaut Bjarni Jónsson.
6. — — Einar Arnórsson.
7. — — Jón Jónsson.
8. — — Sigurður Sigurðsson.
9. — — Einar Jónsson.
10. — — Björn Stefánsson.
11. — — Hákon Kristófersson.
12. — — Sveinn Ólafsson.
13. — — Benedikt Sveinsson.
14. — — Einar Árnason.
15. — — Stefán Stefánsson.
16. — — Magnús Guðmundsson.
17. — — Þórarinn Jónsson.
18. — — Jörundur Brynjólfsson.
19. — — Pjetur Ottesen.
20. — — Þorleifur Jónsson,

21. sæti hlaut Pjetur Þórðarson.
22. — — Magnús Pjetursson.
23. — — Matthías Ólafsson.
24. — — Sigurður Stefánsson.
25. — — Pjetur Jónsson.
26. — — Björn Kristjánsson.

Skipun fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 7. júlí, var látin fram fara kosning fastanefnda, samkvæmt 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram 3 listar við kosningu hverrar nefndar, merktir A, B, C og D.

Fór kosningin á þessa leið:

1. Fjárhagsnefnd.

Á listunum stóðu alls nöfn 5 þingmanna, jafnmargra og nefndina áttu að skipa, og voru þeir því rjett kjörnir í nefndina, án atkvgr. Kosnir voru því

Af A-lista: 4.*) Hákon Kristófersson.
Af B-lista: 1. Þórarinn Jónsson.
5. Sigurður Sigurðsson.
Af C-lista: 3. Einar Árnason.
Af D-lista: 2. Magnús Guðmundsson.

2. Fjárveitinganefnd.

Á A-lista stóð Bjarni Jónsson, á B-lista Pjetur Jónsson, Matthías Ólafsson og Stefán Stefánsson, á C-lista Þorleifur Jónsson og Jörundur Brynjólfsson, en á D-lista Magnús Pjetursson og Sigurður Stefánsson.

A-listi hlaut 5 atkv.
B-listi — 8 —
C-listi — 6 —
D-listi — 7 —

*) Raðtölurnar fyrir framan nöfnin sýna, í hverri röð menn voru í nefndina kosnir, samkvæmt atkvæðamagni.

Kosnir voru því
Af A-lista: 4. Bjarni Jónsson.
Af B-lista: 1. Pjetur Jónsson,
5. Matthías Ólafsson.
Af C-lista: 3. Þorleifur Jónsson,
7. Jörundur Brynjólfsson.
Af D-lista: 2. Magnús Pjetursson,
6. Sigurður Stefánsson.

3. Samgöngumálanefnd.

Gísli Sveinsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á 7 manna nefnd.

Bjarni Jónsson: Þingsköpin mæla svo fyrir, að nefnd þessi skuli skipuð 5 mönnum. Og jeg vil minna á það, að samkvæmt þingsköpum er heimilt að bæta mönnum í nefndina eftir þörfum.

Gísli Sveinsson: Jeg hafði leyft mjer að stinga upp á 7 manna nefnd af því einu, að 7 manna nefnd hefir unnið að samgöngumálunum á undanförnum þingum. Sje jeg ekki ástæðu nú til að víkja frá þeirri venju. Þótt heimilað sje í þingsköpunum að bæta mönnum við eftir þörfum, er það öðru máli að gegna. Og ef menn fallast á, að rjett sje, að 7 menn skipi nefndina, verður að telja það rjett, að þeir sjeu allir kosnir á sama hátt.

Orsökin til þess, að þörf er á 7 mönnum í nefndina er sú, að þegar um samgöngumálin er að ræða, eru hagsmunir margra landshluta í húfi Þar sem hver landshluti, eða svo að segja hver sýsla, á sinna hagsmuna að gæta í nefndinni, virðist svo, sem 7 manna nefnd í neðri deild sje ekki of mikið.

Jeg sje enga ástæðu til að víkja frá þessari till., þótt svo horfi nú við í flokkaskipun þingsins, að einstöku menn vilji nú heldur 5 menn í nefnd, þar sem þeir áður vildu 7.

Bjarni Jónsson: Jeg tók einungis fram það, sem jeg mundi að lögin skipuðu fyrir, en sje enga minstu ástæðu til að andæfa því, að afbrigði sjeu veitt um kosninguna.

Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Kosnir voru í nefndina:
Af A-lista: 4. Benedikt Sveinsson.
Af B-lista: 1. Þórarinn Jónsson,
5. Björn Stefánsson.
Af C-lista: 3. Þorsteinn Jónsson,
7. Einar Árnason.
Af D-lista: 2. Gísli Sveinsson,
6. Björn Kristjánsson.

1. Landbúnaðarnefnd.

Kosnir voru:
Af A-lista: 4. Pjetur Þórðarson.
Af B-lista: 1. Sigurður Sigurðsson,
5. Stefán Stefánsson.
Af C-lista: 3. Einar Árnason.
Af D-lista: 2. Jón Jónsson.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Kosnir voru:
Af A-lista: 4. Pjetur Ottesen.
Af B-lista: 1. Matthías Ólafsson,
5. Björn Stefánsson.
Af C-lista: 3. Sveinn Ólafsson.
Af D-lista: 2. Björn Kristjánsson.

6. Mentamálanefnd.

Kosnir voru:
Af A-lista: 4. Pjetur Þórðarson.
Af B-lista: 1. Stefán Stefánsson,
5. Einar Jónsson.
Af C-lista: 3. Jörundur Brynjólfsson.
Af D-lista: 2. Einar Arnórsson.

7. Allsherjarnefnd.

Kosnir voru:
Af A-lista: 4. Pjetur Ottesen.
Af B-lista: 1. Einar Jónsson,
5. Magnús Guðmundsson.
Af C-lista: 3. Þorleifur Jónsson.
Af D-lista: 2. Einar Arnórsson.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á sama fundi mælti

forsætisráðherra (J. M.): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir háttv. deild eftirfarandi frv.:

1. Frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.
2. — til laga um laun embættismanna.
3. — til laga um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri.
4. — til laga um ekkjutrygging embættismanna.
5. — til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.
6. — til laga um sameining Dala- og Strandasýslu.
7. — til laga um heilbrigðisráð m. m.
8. — til laga um landsbókasafn og landsskjalasafn Íslands.

Jeg skal ekki að þessu sinni orðlengja um frumvörpin, en býst við, að tækifæri gefist til að tala um hvert þeirra fyrir sig, er þau verða tekin á dagskrá.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leyfa mjer að leggja fyrir háttv. deild eftirfylgjandi 8 frumvörp til laga:

1. Frv. til laga um landamerki o. fl.
2. — til laga um breyting á lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, um heimild til

að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

3. Frv. til laga um seðlaútgáfurjett Landsbanka Íslands.

4. — til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, 18. sept. 1885, m. m.

5. — til laga um mat á saltkjöti til útflutnings.

6. — til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905.

7. — til laga um viðauka við lög nr. 24, 12. september 1917, um húsaleigu í Reykjavíik.

8. — til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

Við 1. umr. mun sjálfsagt tækifæri til að gera dálítið nánari grein fyrir hverju þesara frv. fyrir sig, og læt jeg það bíða.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir háttv deild:

1. Frv. til fjárlaga 1920 og 1921.

2. — fjáraukalaga 1916—1917.

3. — til fjáraukalaga 1918—1919.

4. — til laga um samþykt á landsreikningunum 1916—1917.

5. — til laga um framlenging á gildi vörutollslaganna.

6. — til laga um framlenging á gildi laga nr. 40, 26 okt. 1917, um bráðabirgðahækkun á burðargjaldi.

7. — til laga um bráðabirgðainnflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær.

Frumvörp, samþykt sem lög.

I.

Stjórnarfrumvörp.

1. Fjárlög 1920 og 1921.

1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921 (A. 1.)

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí. var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Á sumarþinginu í júlí síðastl. skýrði jeg í stórum dráttum frá fjárhag landsins. Jeg gerði þar grein fyrir fjárhagstímabilinu 1916—1917. Landsreikningarnir 1916 og 1917 eru nú báðir fullgerðir. — Niðurstaðan af fjárhagstímabilinu er eftir reikningunum mjög lík þeirri niðurstöðu, sem jeg komst að. Eftir bráðabirgða-uppgerðinni var niðurstaðan af árinu 1917 60 þúsund krónum lakari en sú raunverulega. Jeg taldi hallann af árinu 1917 kr. 1,940,109.61, en eftir landsreikningunum 1917 er sá eiginlegi tekjuhalli orðinn kr. 1,873,542.22. Mismunurinn kr. 66,567.39. Í landsreikningunum er að vísu talinn tekjuafgangur á árinu, en það stafar af því, að lán, sem tekin voru á árinu, kr. 11,282,533.35, eru þar tekjumegin á reikningnum, en útgjaldamegin kr. 8,624,145.62, er landssjóður hefir lánað til landsverslunarinnar og skipanna. Ef þessum upphæðum er haldið fyrir utan landsreikninginn, þá kemur sá eiginlegi tekjuhalli fram, kr. 1,873,542.22.

Þar sem niðurstaðan er svo lík því, sem jeg gerði ráð fyrir, sje jeg ekki ástæðu til að gera af nýju grein fyrir fjárhagstímabilinu 1916—1917, en læt mjer nægja að vísa til landsreikninganna, sem bráðlega verður útbýtt meðal þingmanna. Aftur vil jeg nú leyfa mjer að skýra frá árinu 1918, og legg þá til grundvallar bráðabirgðayfirlit yfir það ár, sem stjórnarráðið hefir samið, en yfirlit þetta getur auðvitað breyst nokkuð, þó varla muni miklu.

Bráðabirgðayfirlitið er þannig:

Tekjur:

Fjárlög					
2. gr.	1.	Ábúðar- og lausafjárskattur	kr.	124,448.95	
	2.	Húsaskattur	—	21,439.75	
	3.	Tekjuskattur	—	170,273.10	
	4.	Aukatekjur	—	81,373.72	
	5.	Erfðafjárskattur	—	11,179.34	
	6.	Vitagjald	—	32,176.36	
	7.	Leyfisbrjefagjöld	—	11,217.76	
	8.	Gjald af kínalífselixír	—	10,126.68	
	9.	Útflutningsgjöld	—	52,355.61	
	10.	Áfengistollur	—	72,372.48	
	11.	Tóbakstollur	—	309,864.21	
	12.	Kaffi- og sykurtollur	—	334,282.29	
	13.	Vörutollur	—	303,460.82	
	14.	Annað aðflutningsgjald	—	80,178.84	
	15.	Pósttekjur	—	167,422.98	
	16.	Símatekjur	—	685,338.40	
	17.	Tekjur af Íslandsbanka	—	66,234.56	
	18.	Tekjur af Landsbankanum	—	52,102.06	
	19.	Óvissar tekjur	—	56,764.83	
	20.	Stimpilgjald	—	253,059.73	
					kr. 2,895,672.47
3. gr.	1.	Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs	kr.	32,955.93	
	2.	Tekjur af kirkjum	—	" "	
	3.	Tekjur af silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli	—	" "	
	4.	Tekjur af Ræktunarsjóði Íslands	—	" "	
					— 32,955.93
4. gr.	1.	Leigur af innstæðufje Viðlagasjóðs	kr.	48,957.60	
	2.	Leigur af innritunarskírt. landssjóðs	—	11,663.86	
	3.	Leigur af bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar	—	4,950.00	
	4.	Leigur af bankavaxtabrjefum keypt samkv. lögum nr. 14, 9. júlí 1909	—	43,885.40	
	5.	Útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks	—	39,200.00	
	6.	Vextir af innstæðu í bönkum	—	39,632.23	
					— 188,289.09
5. gr.	1.	Það, sem greitt er frá prestaköllum samkv. lögum	kr.	1,528.05	
	2.	Endurgreidd skyndilán	—	806.32	
	3.	Endurgreiddar aðrar fyrirframgr.	—	11,697.01	
					— 14,031.38
6. gr.		Greiðsla úr ríkissjóði Danmerkur			— 55,000.00

	Vextir: a. Af skuld landsversl.	kr. 467,687.40		
	b. Af skuld landssjóðsskipanna	— 213,992.83		
	c. Af bráðabirgðalánum	— 264.50		
			kr.	681,944.73
	Lán tekin á árinu (þar í háskólasjóður)		—	4,085,000.00
		Mismunur	—	2,299,999.91
			Kr.	10,252,893.51
	Gjöld:			
8. gr.	Greiðslur af lánum landssjóðs:			
	a. Vextir	kr. 696,648.96		
	b. Afborganir	— 649,740.29		
			kr.	1,346,389.25
9. gr.	A. Til æðstu stjórnar landsins	kr. 116,726,64		
	B. Hagstofa Íslands	— 18,239.76		
			—	134,966.40
10. gr.	Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna		—	183,073.00
11. gr.	A. Dómgæsla og lögreglustjórn	kr. 96,532.44		
	B. Ýmisleg útgjöld	— 232,682.72		
			—	329,215.16
12. gr.	Útgjöld við læknaskipunina		—	514,554.33
13. gr.	A. Póstmál	kr. 185,321.14		
	B. Vegamál	— 446,633.27		
	C. Samgöngur á sjó	— 174,072.12		
	D. Símamál	— 477,060.54		
	E. Vitamál	— 126,566.79		
			—	1,409,653.86
14. gr.	A. Andlega stjettin	kr. 56,779.65		
	B. Kenslumál	— 366,413.00		
			—	423,192.65
15. gr.	Vísindi, bókmentir og listir		—	137,491.27
16. gr.	Verkleg fyrirtæki		—	256,084.28
17. gr.	Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur		—	9,240.20
18. gr.	Eftirlaun og styrktarfje		—	121,885.71
19. gr.	Óviss útgjöld		—	224,676.08
22. gr.	Fjárgreiðslur samkv. lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum		—	5,162,471.32*
			kr.	10,252,893.51

*) Í þessari upphæð er innifalið:
Framlög til landsverslunarinnar á árinu .. .. kr. 3,443,474.75

Framlög til landssjóðsskipanna	kr.	235,566.53
Ýms dýrtíðarlán á árinu	—	184,000.00
	kr.	3,863,041.28

Jeg vil leyfa mjer að minna á, að jeg á sumarþinginu í júlímánuði síðastl. gerði ráð fyrir því, að allmikill tekjuhalli mundi verða á árinu 1918, og nefndi hjer um bil 2. milj. eða meira. Sú spá hefir því ver og miður ræst, og hefir tekjuhallinn orðið eftir bráðabirgðayfirlitinu hjer um bil kr. 2, 500,000 eða rúmar 2 miljónir fram yfir hinn áætlaða tekjuhalla fjárlaganna, ef honum er skift líkt á bæði árin. Tekjur samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu eru kr. 3,867,893.60
Samkvæmt fjárlögunum 1918—19 — 2,341,425.00

Mismunur kr. 1,526,488.60
Þar frá má draga vexti af skuld landsverslunar og skipa o. fl. — 681,944.73

Mismunur kr. 844,523.87

sem tekjurnar eru meiri en þær voru áætlaðar, og eru í þessari upphæð faldar kr. 253,059.73 tekjuauki af stimpilgjaldi, sem ekki var áætlaður. Aðallega eru það símatekjurnar, um 360 þús., og tekjuskattur, 100 þús., sem hafa farið verulega yfir áætlun, en undir áætlun er aðallega útflutningsgjald, ca. 100 þús., og kaffi- og sykurtollur, yfir 100 þús. kr.

Hin eiginlegu útgjöld (liðirnir undir athugas. 1 eru þó ekki taldir með) samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu nema kr. 6,389,853.23
Samkvæmt fjárlögunum 1918— 19 — 2,875,849.11

Mismunur kr. 3,514,004.12

Þessir gjaldaliðir hafa aðallega farið fram úr áætlun:

1. Vextir og afborganir af lánum hjer um bil kr. 100,000.00
   En upp í þá upphæð koma frá landsverslun og skipum samkvæmt tekjuliðinni hjer um bil 680 þús. kr.
2. Samgöngumál hjer um bil — 600,000.00
3. Kostnaður við Alþingi hjer um bil — 120,000.00
   þegar alþingiskostnaði er jafnað á bæði árin.
4. Útgjöld við læknaskipunina, aðallega eldiviður og ýms kostnaður við sjúkrahúsin, hjer um bil — 200,000.00
5. Dómgæsla og lögreglustjórn, þar í fasteignamatskostnaður og símskeytagjald, hjer um bil — 150,000.00
6. Óviss útgjöld — 180,000.00
   Í þessari upphæð t. d. utanför samninganefndarinnar til Bretl.
7. Útgjöld, sem ekki voru áætluð, hjer um bil — 1,200,000.00
   en þar í er meðal annars fólgin:
   a. Dýrtíðaruppbót embættismanna h. u. b. kr. 500,000

b. Útgjöld samkvæmt væntanlegum fjáraukalögum kr. 200,000
c. Samkvæmt þingsályktunum .. .. — 100,000
d. Samkv. lögum um dýrtíðarhjálp ca. .. .. — 170,000
e. Endurgreiðsla af ritsímaláninu .. .. — 145,000

Þessi niðurstaða af árinu 1918 kemur engum óvart, því bæði stjórnin og fjárhagsnefnd vöktu eftirtekt hins háa Alþingis á því, að mikill tekjuhalli mundi verða á árinu. En hitt er nú eðlilegt, þegar tekjuhallinn hefur orðið eins og hjer segir, að litið sje með athygli til næsta árs og komandi ára.

En mjög erfitt er nú að spá, hvernig niðurstaðan af árinu 1919 muni verða. Að útgjöldin muni verða mikil er vafalaust, en hins vegar má búast við allmiklum tekjum. Tekjuskatturinn mun reynast drjúgur og sömuleiðis stimpilgjaldið. Auk þess má búast við hærra útflutningsgjaldi en á síðasta ári, og ef tekjufrumvörp þau, sem stjórnin leggur fyrir þingið, yrðu afgreidd fljótlega, þá mundi niðurstaðan af næsta ári verða mun betri. Enn má geta þess, að ef aðflutningur verður nokkur á tunnum í sumar, þá kemur þar tekjuauki, sem munar um. En sá skattur var meðfram ætlaður til þess að jafna upp væntanlegan halla á árinu 1919. Þá má ef til vill búast við allmiklum aðflutningi á tóbaki þegar á árið líður. Stjórnin mun reyna þegar á þingið líður að gera sjer í hugarlund, hvernig árið muni verða, en nú þegar svo skamt er af því liðið, er ekki hægt að fara með annað en ágiskanir, en væntanlega verður töluverður halli á árinu, þó niðurstaðan verði vonandi betri en af árinu sem leið.

Að því er næsta fjárhagstímabil snertir, árin 1920 og 1921, ber fjárlagafrumvarp stjórnarinnar með sjer, að tekjuhallinn er kr. 347,910.02, en samkvæmt fjáraukalögunum 1918 og 1919 er hallinn kr. 653,462.42, en nú er búið að greiða af þeirri upphæð á árinu 1918 h. u. b. kr. 423,000.00, sem komnar eru fram í tekjuhallanum á því ári. Hinn ógreiddi halli nemur þá h. u. b. kr. 230,000.00.

Tekjuhlið fjárlaganna hygg jeg sje mjög varlega áætluð, og býst jeg því við, að ef fjárlögin færu út úr þinginu eins og þau eru nú úr garði gerð, þá mundi enginn halli verða á þeim. En nú er það með öllu víst, að sá halli verður miklum mun stærri, því í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar standa launaupphæðir opinberra starfsmanna landsins með sömu upphæðum og áður, en enginn vafi á því, að þau útgjöld verða hækkuð að miklum mun, ef tekið verður rjettilega tillit til sanngjarnrar kröfu embættismanna landsins. Stjórnin hefir því meðfram vegna þessara fyrirsjáanlegu auknu útgjalda, og einnig vegna þess, að jafnan eru mikil útgjöld samkvæmt sjerstökum lögum, borið fram tekjuaukafrumvörp, sem nema 750 þúsund krónum. Í raun og veru eru þessir skattar ekki nógu háir, og hins vegar er með öllu víst, að ef þingið vill leggja fje til aukinna framkvæmda í fjárlögum, þá

verður jafnframt að útvega tekjuauka, sem samsvarar tekjuhallanum af þeim, en að þessu mun jeg víkja nokkuð síðar.

Þegar jeg mintist á árið 1918, talaði jeg að eins um þær eiginlegu tekjur ársins, en eins og yfirlitið ber með sjer, þá hafa verið tekin lán á árinu, sem nema kr. 4,085,000.00, en þá upphæð greini jeg í lánunum hjer að neðan. Útgjaldamegin eru og færðar í yfirlitinu til

landsverslunar	kr.	3,443,474.75
og til skipanna	—	235,566.33
og dýrtíðarlán	—	184,000.00
Þessar upphæðir samtals	kr.	3,863,041.28

hefi jeg ekki talið með hinum eiginlegu útgjöldum ársins, enda koma þær fram í reikningum landsverslunar og skipa og eru *afturkræfar*, og sama er að segja um dýrtíðarlánin.

Öll lán landssjóðs eru nú að eftirstöðvum um áramótin eins og hjer segir:

1. Lán úr ríkissjóði Danmerkur, tekið 1908 til 15 ára, til símalagninga, með 4% vöxtum, upphaflega 500 þús. kr. Eftirstöðvar	kr.	199,999.97
2. Lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, til 30 ára, til kaupa á 3. flokks bankavaxtabrjefum Landsbankans, með 4½% vöxtum, upprunalega 1½ miljón. Eftirstöðvar	—	1,025,000.00
3. Lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, tekið 1912, til 30 ára, til kaupa á 3. flokks bankavaxtabrjefum Landsbankans, með 4½% vöxtum. Upphaflega kr. 250,000.64. Eftirstöðvar	—	204,166.64
4. Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1912, til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.), með 4½% vöxtum. Upphaflega 500,000 kr. Eftirstöðvar	—	300,000.00
5. Ritsímalán 1913, tekið til 30 ára, með 4½% vöxtum, hjá Stóra norræna ritsímafjel. Upphaflega 500,000 kr. Eftirstöðvar	—	455,501.44
6. Ritsímalán hjá Landsbankanum til 25 ára, með 6% vöxtum. Upphaflega 100,000 kr. Eftirstöðvar	—	88,600.00
7. Ritsímalán hjá Stóra norræna ritsímafjel., 28. mars 1917, til 30 ára, með 5% vöxtum, innborgað með 99%. Upphaflega 500,000 kr. Eftirstöðvar	—	488,691.94
8. Lán hjá Handelsbanken, til 10 ára í lengsta lagi, með veði í skipum landssjóðs, „Willemoes", „Sterling" og „Borg", tekið 21. ágúst 1917; vextir greiðast eftir á tvisvar á ári, ½% hærri en forvextir danska Þjóðbankans. Upphaflega 2 milj. Eftirstöðvar	—	1,800,000.00
9. Lán hjá dönskum bönkum, tekið 23. nóv. 1917, til 2 ára, innborgað með 98%, vextir 5%, greiðist fyrir hvert misseri eftir á	—	6,000,000.00
10. Lán hjá innlendum botnvörpungaeigendum. Upphaflega kr. 2,782,533.35, tekið 1. okt. 1917, með 5% vöxtum árlega eftir á. Eftirstöðvar	—	2,482,533.35
11. Lán hjá Íslandsbanka, tekið 2. jan. 1918, til 2 ára, innborgað með		

98%, vextir 5%, greiðist fyrir hvert misseri eftir á. Upphaflega kr. 1,000,000. Eftirstöðvar	kr.	1,000,000.00
12. Lán hjá Íslandsbanka, tekið 18. mars 1918, með útlánsvöxtum, til 9 ára. Upphaflega kr. 1,000,000. Eftirstöðvar	—	1,000,000.00
13. Lán hjá Landsbankanum, tekið 17. jan 1918, til tveggja ára, innborgað með 98%, vextir 5%, greiðist fyrir hvert misseri eftir á. Upphaflega 500,000 kr. Eftirstöðvar	—	500,000.00
14. Lán til ritsíma hjá Landsbankanum, tekið 20. jan. 1918, til 25 ára, vextir 6%, greiðist árlega eftir á. Upphaflega kr. 85,000. Eftirstöðvar	—	85,000.00
15. Víxill í Íslandsbanka	—	500,000.00
16. Skuld við ríkissjóð Danmerkur	—	2,500,000.00
17. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 1. jan. 1919, óuppsegjanlegt í 20 ár, vextir 5%, greiðist eftir á fyrir hvert misseri	—	1,000,000.00
Samtals 31. des. 1918	kr.	19,629,493.34

Það er allerfitt að segja, hvað skuldirnar muni reynast miklar þegar jafnvægi er komið á fjárhaginn og búið er að gera upp fyrirtæki landssjóðs, en í þeim hvíla allmiklar upphæðir. Í landsverslun-inni á landssjóður nú hjer um bil kr. 9,100,000.00
Bókfært verð skipa er — 3,083,038.00
Dýrtíðarlán landssjóðs, önnur en nefnd eru í bráðabirgðayfir-litinu, eru — 100,000.00
Í sjóði 31. des. 1918, samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu — 1,866,764.00

Þessar upphæðir nema samtals hjer um bil kr. 14,200,000.00
Þegar sú upphæð er dregin frá lánunum, verða eftir h. u. b. — 5,400,000.00
Eftirstöðvar gömlu lánanna nema hjer um bil — 2,100,000.00

Nýjar skuldir nema þá hjer um bil kr. 3,300,000.00

Ef ágóði landsverslunarinnar, sem samkvæmt reikningi landsverslunarinnar er talinn 1,300,000 kr., væri dreginn frá, þá nema skuldirnar um 2 miljónir.

Svo jeg nefni nú fyrst seinasta liðinn, ágóða landsverslunarinnar, þá má, eins og nú standa sakir, ekki gera ráð fyrir, að hann komi í landssjóðinn, því á þessu ári er orðið mjög mikið verðfall á kolum sjerstaklega og einnig á salti. Hallinn á kolunum nemur að minsta kosti 1,500,000 krónum, og getur orðið meiri, og eins er víst, að halli getur orðið töluverður á saltinu. Landsstjórnin hefir nú þegar gert ráðstafanir til þess að takmarka tjónið af kolunum, og var í því skyni tekin einkasala á kolum.

Mín sannfæring er, að *alt það tap, sem verður á þessum vörum,*

eigi að vinnast upp á þeim aftur, og það fje, sem í bili tapast á þeim vörum, verður að skoða sem lán, sem veitt er þeim, sem án varanna gátu ekki verið á ófriðartímunum. En það er kunnugt, að ef landsstjórnin hefði ekki birgt landið með þessum vörum, þá hefðum vjer orðið að vera án þeirra, því ekki var vonlegt, að kaupmenn eða kaupfjelög treystust til að taka á sig þann halla, sem leiðir af þessari verslun. Hitt er aftur álitamál, hvaða leiðir skulu farnar til þess að ná þessu fje inn aftur, hvort heldur tollaleiðin eða einkasöluleiðin eða báðar, en aðalatriðið er það, að þessu fje verður að ná inn aftur; annars yrði of mikið tómahljóð í ríkissjóðnum. Ef hið háa Alþingi, eins og jeg geri fastlega ráð fyrir, setur sjer það mark að ná þessum halla inn aftur, þá er enginn vafi á því, að landssjóður undir öllum kringumstæðum nær nú lánum sínum hjá landsversluninni, því gróðinn, sem jeg gat um áðan, ætti þó altaf að geta mætt öðrum halla, sem kynni að verða á versluninni, og ekki vonlaust um, að eitthvað af honum kynni að renna í landssjóðinn. Jeg þori ekki að fullyrða neitt um það, hvort landssjóðir muni hafa hið bókfærða verð upp úr skipunum. Ef selja ætti þau nú, þá mætti víst telja vafasamt, að þetta verð fengist upp úr þeim að fullu, en hins vegar mundi mega ætla, að á næstu árum mætti græða svo á skipunum, að fje það, sem í þau hefur verið lagt, næðist, en það er nokkru meira en hið bókfærða verð, líklega 200 þúsund krónum meira, þegar gróðinn á skipunum hefir verið dreginn frá. Þau aðalboðorð, sem þingið nú verður að fylgja í fjármálunum, virðast mjer vera þessi:

1. að ná nú því öllu, sem tapast á kolum og salti landsverslunarinnar, með tollum eða einkasölu.

2. að selja vörur landsverslunarinnar eins fljótt og við verður komið, án þess að skaða verslunina með of miklum hraða á sölunni.

3. að hraða tekjuaukafrumvörpum stjórnarinnnar gegnum þingið eins fljótt og unt er, til þess að bæta með því úr væntanlegum tekjuhalla af árinu 1919.

4. að tryggja það, að á móti væntanlegum tekjuhalla 1920 og 1921 komi tekjuaukar svo miklir, að enginn halli verði á þessum árum.

Ef þingið fer þessa leið, þá ber jeg engan kvíðboga fyrir fjárhagnum, en ef þingið hins vegar ætlar sjer með lánum að greiða tekjuhalla á 1920 og 1921, þá fer það gálauslega að ráði sínu, og þá fara horfurnar að verða svartar. Skuldir vorar nýjar mega ekki verða meiri en þær, sem nú eru fyrirsjáanlegar, að viðbættum tekjuhalla á árinu 1919. Ef þess er gætt, að árin, sem fram undan eru, beri sig, þá þurfum vjer engu aðkvíða, eins og jeg tók fram áðan, og því til sönnunar vil jeg vísa í eftirfarandi skýrslu um eignir og skuldir ríkisins 31. des. 1917, sem fjármálaskrifstofan hefir samið:

I. Eignir:

1. Í sjóði samkvæmt landsreikningi			kr.	1,675,933.60
2. *Sjóðir*:				
a. Viðlagasjóður	kr.	1,730,045.04		
b. Söfnunarsjóður	—	39,922.70		
c. Ræktunarsjóður	—	771,260.21		
d. Kirkjujarðasjóður	—	815,430.30		
e. Hinn almenni kirkjusjóður	—	174,538.59		
f. Fiskiveiðasjóður	—	360,545.72		
g. Landhelgissjóður	—	113,232.37		
h. Bjargráðasjóður	—	91,401.73		
i. Varasjóður Landsbankans	—	1,608,704.35		
j. Varasjóður veðdeildar Landsbankans	—	316,118.31		
			—	6,021,199.32
3. *Verðbrjef*:				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	985,300.00		
b. Innskotsfje í Landsbankanum	—	400,000.00		
c. Hlutabrjef í Eimskipafjelagi Íslands	—	100,000.00		
d. Dýrtíðarlán Reykjavíkur	—	100,000.00		
			—	1,585,300.00
4. *Jarðeignir*:				
a. Þjóðjarðir	kr.	750,000.00		
b. Kirkjujarðir	—	500,000.00		
c. Prestssetur landsins með hjáleigum og hlunnindum	—	690,773.00		
d. Hvanneyri með búi og öllu tilheyrandi	—	70,000.00		
e. Hólar í Hjaltadal með Hofi og búi	—	50,000.00		
f. Silfurbergsnámar og önnur námarjettindi	—	60,000.00		
			—	2,120,773.00
5. *Hús og lóðir*:				
a. Stjórnarráðshúsið	kr.	234,900.00		
b. Alþingishúsið	—	242,900.00		
c. Mentaskólinn með „Íþöku“	—	244,500.00		
d. Gagnfræðaskólinn á Akureyri	—	60,000.00		
e. Kennaraskólinn	—	54,100.00		
f. Stýrimannaskólinn	—	48,900.00		
g. Ráðherrabústaðurinn	—	56,200.00		
h. Landsbókasafnshúsið	—	346,000.00		
i. Pósthúsið og símastöðin í Reykjavík	—	278,400.00		
j. Landssímastöðin á Akureyri	—	25,000.00		
k. Loftskeytastöðin í Reykjavík	—	38,000.00		
l. Landsbankahúsið	—	124,200.00		
m. Hegningarhús landsins	—	120,000.00		
n. Húseignin Kirkjustræti 12	—	35,000.00		

o. Kirkjur landssjóðs	kr.	130,000.00		
ó. Sóttvarnarhús í Reykjavík	—	31,700.00		
p. Vífilsstaðahælið	—	436,900.00		
q. Kleppshælið með tilheyrandi	—	173,900.00		
r. Holdsveikraspítalinn	—	190,000.00		
s. Hús við Geysi	—	2,000.00		
t. Hús á Þingvöllum	—	3,000.00		
u. Arnarhólslóð og Nýjabæjarblettur	—	1,141,400.00		
ú. Áhaldahús landssjóðs	—	88,000.00		
v. Melkotslóð	—	6,700.00		
x. Listasafnshús Einars Jónssonar	—	34,600.00		
			kr.	4,146,300.00
6. *Vitar o. fl.*:				
a. Vitar	kr.	585,700.00		
b. Íbúðarhús vitavarða	—	30,500.00		
c. Vitajarðir	—	6,000.00		
d. Sjómerki o. fl.	—	37,000.00		
e. Vitagagnabúrið	—	2,000.00		
			—	661,200.00
7. *Símakerfin*			—	2,455,000.00
8. *Skip*:				
a. Willemoes	kr.	1,177,046.04		
b. Sterling	—	704,202.67		
c. Borg	—	1,140,719.18		
			—	3,021,967.89
9. *Innieign í landsversluninni*			—	5,660,659.05
10. *Varasjóður landsverslunarinnar*			—	1,073,381.92
			Samtals	kr. 28,411,714.78

II. Skuldir:

A. 1. Lán úr ríkissjóði Danmerkur til síma 1908	kr.	233,333.31		
2. Lán hjá dönskum bönkum 1909 til banka-vaxtabrjefakaupa	—	1,075,000.00		
3. Lán hjá Statsanstalten 1912 til banka-vaxtabrjefakaupa	—	212,499.98		
4. Lán hjá dönskum bönkum 1912 (Reykja-víkurhöfn o. fl.)	—	333,333.33		
5. Lán til ritsíma 1913, hjá Stóra norræna ritsímafjelaginu	—	465,210.33		
6. Lán hjá Landsbankanum 1916	—	96,000.00		
7. Lán hjá Stóra norræna ritsímafjel. 1917	—	496,323.33		
8. Lán hjá Handelsbanken 1917 til skipa-kaupa	—	2,000,000.00		

9. Lán hjá dönskum bönkum til Landsversl.	kr. 6,000,000.00	
10. Lán hjá íslenskum botnvörpungaeigendum	— 2,782,533.35	
		kr. 13,694,233.63
B. Eignir umfram skuldir, til jafnaðar		— 14,717,481.15
	Samtals	kr. 28,411,714.78

Um skýrslu þessa skal það tekið fram, að liður 4 er tekinn eftir 25-földuðu eftirgjaldinu eftir jarðirnar, liður 5 eftir mati fasteignanefnda, liður 6 eftir reikningi vitamálastjóra og 7 eftir reikningi landssímastjóra. Samskonar skýrslu er ekki lokið fyrir 1918, en ef skuldirnar á 1918 eru dregnar frá lið B, og þó varasjóður verslunarinnar væri ekki tekin til greina, þá væru þó eignir umfram skuldir h. u. b. 11 miljónir króna.

Það var mörgum áhyggjuefni á síðustu þingum, að stjórnin mundi eiga erfitt með lán sín, sem voru til skamms tíma, þegar að skuldadögunum kæmi. Stjórninni varð og ljóst, að hún yrði að gæta varúðar í því efni. Fyrir því ljet stjórnin þegar á síðasta sumri spyrjast fyrir um lánmöguleika erlendis, og nú rjett fyrir þing fór jeg meðal annars utan í þeim efnum. Þegar jeg fór frá Kaupmannahöfn, stóðu sakir svo, að fast tilboð lá fyrir frá dönsku bönkunum, um 4½ miljón kr. lán, sem mátti standa til 20. júní, en von var um lántilboð bæði frá Noregi og Svíþjóð, og hafði jeg verið tvisvar í Kristjaníu í lánaerindum, og er jeg fór frá Kaupmannahöfn, ætlaði mjög reyndur norskur fjármálamaður að reyna að ýta undir norska lánið. En svo fór, þegar á átti að herða, að þó dönsku lánskjörin væru ekki góð, þá var þó vænlegast að taka lánið þar, og er nú því búið að taka lánið. Því fresturinn með danska tilboðið fjekst ekki framlengdur þangað til þing kæmi saman, en stjórnin vildi ekki, þar sem peningamarkaðurinn var svo örðugur, hætta á að þurfa að sæta verri kjörum síðar í haust, en enginn veit nema peningamarkaðurinn verði þá enn erfiðari, því eftirspurnin verður þá að sjálfsögðu geysimikil. Geta má þess, að Svíar tóku lán með 6½% vöxtum affallalaust. Lánið er til 20 ára, kurs 91, og vextir 5%. Samtímis því, að lánið var tekið, voru 6 miljónirnar til verslunarinnar (sbr. 9. lið í lánsskýrslunni) borgaðar að fullu. Lán vor, sem í Kaupmannahöfn eru, auk eldri smálánanna, sem eru með afbragðskjörum, eru þá:

1. Handelsbankalánið, 1,800,000 að eftirstöðvum, með veði í skipunum og til lengri tíma.
2. Nýja lánið, sem nú var tekið, 4,500,000 til 20 ára, sem gekk upp í 6 miljóna lánið, sem nefnt er í skýrslunni.
3. Lánið úr ríkissjóðnum danska, sem ætlun vor er að borga upp við fyrsta tækifæri.

Jeg nefni þetta að eins til þess að sýna, að lánum vorum í útlöndum er nú svo fyrir komið, að ekki ætti að verða neinn bagi af þeim, því að eina lánið, sem er til stutts tíma, ríkissjóðslánið, ættum vjer að borga þegar peningar koma úr landsversluninni.

Jeg veit, að hinu háttvirta Alþingi er ljóst, að fjárhagur landssjóðs er þýðingarmesta málið, sem þingið á að fjalla um nú. Lengi getur hann búið að því, hvort þingið fer inn á ógætilega braut, eða gætir nú allrar varúðar. Jeg vona, að háttv. þingm. horfi ekki um of á einstök smá atriði fjárhagsins og gleymi fyrir þeim heildinni, sem öllu skiftir að vel sje hlúð að. Góð-

ur fjárhagur landsins er ein af traustustu stoðunum undir sjálfstæði voru, og eitt er víst, að í þeim sökum verðum vjer eingöngu að reiða oss á oss sjálfa.

ATKVGR.

Tekjubálki frv. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) og gjaldabálki til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 2007), hvorttveggja í e. hlj., og umr. frestað.

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 28. ágúst, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 1, n. 441, 460 og 522, 459, 461, 462).

Frsm. fjárhagsnefndar (Magnús Guðmundsson): Það hefur verið siður að gefa við 1. umr. fjárlagafrv. yfirlit yfir efnahag landssjóðs og landsins, og menn hafa efalaust vænst þess, að svo yrði einnig í þetta skifti. Jeg hefi orðið varbúinn af ýmsum ástæðum, en ætla þó að reyna að gefa yfirlit í stórum dráttum.

Það sýnist fróðlegt að gefa yfirlit yfir, hvernig efnahagurinn var fyrir stríðið eða í árslok 1914, og eins hvernig hann er nú eða við árslok 1918. Þetta væri auðvelt verk, ef það hefði verið siður að gera upp „status" ríkissjóðs við hver áramót, en svo er ekki. Það má merkilegt heita, að öllum verslunum er gert það að skyldu, að gera efnahagsreikning við hver áramót, og sveitarstjórnum einnig, en sjálfur ríkissjóðurinn hefir ekki gert þetta. Landsreikningarnir eru að eins reikningur yfir tekjur og gjöld, og þess vegna er erfiðara en ella mundi að gefa þetta yfirlit. En það, sem hjer er um að ræða, er að athuga hvernig ástatt var í árslok 1918 og bera það saman við haginn í árslok 1914. Í þingbyrjun gaf hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) yfirlit yfir árið 1918 og skuldir landssjóðs um síðastl. áramót. Jeg skal taka það fram, að jeg hef ekkert fundið athugavert við þann reikning og ekki orðið var við, að aðrir hafi fett fingur út í hann. Jeg tel mjer því fyllilega óhætt að byggja á honum

Hæstv. fjármálaráðh. (S.E.) gat þess að landið skuldaði á þeim tíma (í árslok 1918) 19,629,493.34 kr., en af þeirri upphæð var 1,000,000.00 ekki „formleg" skuld, það er að segja, það var ekki búið að gefa skuldabrjef fyrir hendi. Þó var rjett að telja hana með, því fjeð var komið í ríkissjóð. Þetta er milj. frá Dönum til háskólans, sem ríkissjóður hefur tekið að láni. Skuldirnar eru þá rúmar 19½ milj., og mun jeg framvegis nefna að eins stærri tölur. Þá er að athuga, hvað til er upp í þessar skuldir. Fyrst er að telja rúmlega 9100 þús. kr. í landsversluninni. Þá er bókfært verð þriggja skipa um 3 milj. kr. Dýrtíðarlán um 284 þús. kr. Þau hafa aðallega verið veitt kaupstöðunum, Reykjavík 150 þús. og Ísafirði 100 þús., en hitt smálán og sumt endurgreitt nú. Þá er varasjóður landsverslunarinnar, og tel jeg hann 1 milj. Í sjóði við áramót voru um 1,866 þús. kr. Þetta verður samtals 15,331,894, sem til er óeytt upp í skuldirnar, svo mismunurinn er 4,297,599.34 kr. eða rúmlega 4 milj.

Þá er að líta á, hvernig hagurinn hafi verið í árslok 1914, og þar fer jeg eftir landsreikningi fyrir það ár. Þá voru skuldir 2,721 þús. kr., en upp í það var þá í sjóði um 1 milj. Svo skuldirnar voru sem næst 1,721 þús. kr. Ef þetta er dregið frá raunverulegum skuldum í árslok 1918, þá verður eftir um 2½ milj., sem ætti þá að vera sú upphæð, sem við höfum tapað á stríðsárunum. En upp í þetta er nokkuð til. Má þar fyrst og fremst telja 400 þús. kr., sem lagðar hafa verið í Landsbankann, og það er fje, sem er á vöxtum og verður þess vegna að teljast til eigna, en ekki eyðslufjár. Þá er að geta þess, að viðlagasjóðurinn hefir rýrnað um 200 þús. kr. á þessum árum, og það verður að draga frá; einnig hefir veðbrjefaeignin

rýrnað um 41 þús. kr., og dregst þetta hvorttveggja frá þessum 400 þús. kr., og verða þá eftir 189,700 kr. Tapið verður þá tæpar 2½ milj. En hjer er alls ekki gengið nærri. Það er hægt að færa rök að því, að tapið er ekki svona mikið. Landssjóðsskipin áttu hjá landsverslun-inni 300 þús. kr. 31. des. 1918, og í bönkum 330 þús. kr. Þetta verða 630 þús. kr. Jeg vil þó ekki taka þetta til frádráttar, því verið getur, ef til vill, að skipin falli í verði, og verður að setja nokkuð þar á móti. Ef maður nú tæki ⅔ og drægi það frá tapinu, þá verða eftir um 2 milj. kr., og jeg held að það sje upphæðin, sem hægt sje að segja að við höfum tapað á ófriðarárunum. Ef gengið er út frá 100 þús. íbúum, þá verður tapið sem næst 20 kr. á mann.

Jeg get ímyndað mjer, að sumum þyki óvarlegt að áætla varasjóð landsverslunarinnar svo hátt, sem jeg hefi gert, því mikið sje eftir að selja og ekki sje að vita, hvað á því kann að tapast. Jeg held samt, að jeg hafi áætlað fullvarlega, samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja. Samkvæmt reikningi verslunarinnar 31. des. 1918 er varasjóður hennar 1,200 þús. kr. Svo má ganga út frá því, að landsverslunin græði á þessu ári, og held jeg, að þá sje ekki óvarlegt að áætla 1½ milj. í varasjóði í árslok 1919. Það ætti því að vera varlegt að áætla ½ miljón fyrir tapi, rýrnun á vörum o. fl., og það því fremur, sem sú stefna er upp tekin, að vinna hallann á salti upp með tolli og hallann á kolum með einkasölu.

Það er að sönnu svo, að lítið hefir verið framkvæmt á þessum árum, en þó er ekki hægt að segja, að alger kyrstaða hafi verið. Vegir hafa verið lagðir, nýjar símalínur gerðar og vitar bygðir. Og síma og vita má skoða sem arðberandi eign. Það hefir verið lagt fje í ýmsa sjóði, svo sem byggingarsjóð, ellistyrktarsjóði, Landhelgissjóð, Ræktunarsjóð, Fiskiveiðasjóð o. fl., svo að alveg horfnar eru þessar 2 miljónir ekki.

Þetta var þá fjárhagurinn í árslok 1918 og yfirlit yfir tapið á ófriðarárunum, en þá er að líta til ársins 1919. Í fjárlögunum eru tekjurnar áætlaðar 2,362,300 kr., og í viðbót við þær má telja tekjur af stimpilgjaldi, sem ekki er tekið með í fjárl. vegna þess, að lögin um stimpilgjald voru eigi samþ. fyr en 1918. Þessar tekjur áætla jeg 400,000 kr., eins og gert er í fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir næsta fjárhagstímabil. Þá er síldartunnutollurinn, og áætla jeg hann 600 þús., og held jeg, að það sje óhætt.

Eftir skýrslum sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu má búast við, að hann verði 500,000 kr. þar í sýslu, og er þá ekki of mikið að gera ráð fyrir, að hann nemi 100,000 kr. annarsstaðar frá. Næst er að telja hækkun á útflutningsgjaldi, 400,000 kr., og aðflutningsgjaldi, 100,000 kr., hvorttveggja samkvæmt lögum frá þessu þingi. Tekjurnar utan fjárlaga nema því 1,500,000 kr., og verða þá tekjurnar allar 3,862,300 kr. Þá er að athuga gjöldin á árinu. Fyrst eru 2,778,000 kr. í fjárlögum og 450 þús. í fjáraukalögum. Sú upphæð er tekin eftir fjáraukalögunum við 3. umr. í Ed., og nefndin hjer gerir ekki ráð fyrir breytingum. Því næst er dýrtíðaruppbótin 1919. Hana geri jeg 600,000 kr., en er líklega nokkuð lágt, vegna þeirra breytinga, sem nú hefir verið gerð, um að láta uppbótina síðari hluta ársins fara eftir verðstuðli 33. gr. launafrv. Gjöldin ættu því samtals að nema 3,828,000 kr., og er það tæplega eins mikið og tekjurnar. Jeg vona, að þetta fari ekki fjarri sanni., því þó að gjöldin sjeu ef til vill lágt áætluð, þá er það áreiðanlegt, að tekjurnar fara fram úr áætlun; þar á jeg sjerstaklega við tekjuskattinn, sem áætlaður er 50,000 kr., en

verður 550,000, og vinst þá þar 500,000 kr., og er það vegna þeirra breytinga, sem þingið 1917 gerði á tekjuskattslögunum, en ekki var tekið tillit til þegar áætlunin var samin. Það lítur líka út fyrir, að sumir liðir aðrir fari fram úr áætlun, en sumir geta vitanlega orðið svo lágir, að þeir nái henni ekki. En þó held jeg, að minna verði um það. Jeg marka það aðallega á því, að nú fyrir nokkrum vikum var komið inn af tekjum um 2,000,000 kr., en á sama tíma 1917 að eins um 1,000,000 kr. Af öllu þessu er hægt að draga þá ályktun, að þetta ár muni bera sig, og er ekki óvarlega farið í sakirnar, þó það sje sagt. Það er aðallega að þakka þeim tekjuauka frv., sem samþ. hafa verið á þessu þingi, og eins bráðabirgðalögunum um síldartunnutollinn. Hann virðist hafa verið heppilega valinn, gefur mikið í aðra hönd og hefir ekki mælst illa fyrir.

Jeg gat þess, að hækkun á útflutningsgjaldi er áætluð 400,000.00 kr. — Það er reiknað þannig út samkvæmt hinum nýju lögum um útflutningsgjald:

1. Af 200,000 síldartunnum, 1.50 kr. pr. tn.	kr.	300,000.00
2. Af landbúnaðarafurðum	—	50,000.00
3. Af fiski öðrum en síld . .	—	50,000.00
Samtals kr.		400,000.00

Þetta mun varlega áætlað, því fyrir viku síðan var komið á land af síld nokkuð yfir 200 þús. tunnur. Ef þetta væri nokkurn veginn rjett áætlað, þá yrði hagur ríkissjóðs í árslok 1919 nokkuð líkur og 1918.

En þá kemur að næsta fjárhagstímabili. Þar er útlitið ekki eins glæsilegt. Þar eru áætluð gjöld fyrir bæði árin samkvæmt fjárlagafrv. stjórnarinnar	kr.	8,151,510.02
og auk þess viðbót samkvæmt till. fjárveitinganefndar	—	1,305,094.00
Svo eru launabætur, sem nema	kr.	2,000,000.00
Gjöldin verða því *samtals*	kr.	11,456,504.02
Þar upp í er til samkvæmt fjárlögum áætlað	kr.	7,803,600.00
og auk þess tekjuaukar samþyktir nú	—	1,300,000.00
Þetta verður *samtals*	kr.	9,103,600.00
Til þess að tekjur og gjöld stæðust á kemur þá til að vanta	kr.	2,352,904.02

Þar við bætist, að altaf koma einhver gjöld samkv. væntanlegum fjáraukal., gjöld eftir nýjum og eldri l., þingsál. o. fl. Upp í þetta kemur væntanlegur tekjuafgangur. — Jeg vil geta þess, að jeg hygg, að tekjur sjeu áætlaðar líkt nú og 1917, en gjöldin held jeg að sjeu áætluð hlutfallslega hærri nú en þá, og verð jeg að telja þetta heppilegra fyrir ríkissjóðinn, því að það aftrar fremur frá óvarlegum fjárveitingum, sem virðast nokkuð tíðar.

Þá kemur líka til álita, að ekki er gott að giska á, hvað tekjur kunna að fara fram úr áætlun á næsta fjárhagstímabili. Það er fullerfitt að áætla fyrir 1 ár fyrirfram, auk heldur 2 ár.

Nokkuð öðru máli er að gegna um árið 1919. Útlitið er þar fremur gott. Þar veit maður nokkurn veginn um tekjurnar. En hins vegar er ekki slíkri reynslu til að dreifa fyrir næstu ár. Og því er rjett að fara gætilega. Jeg held, að ef ekkert verður að gert frekar í skattaálagningu, þá megi búast við, að tekjuhalli í árslok 1921 verði ekki minni en 2,000,000 kr. Og það verð jeg að segja að er langt of mikið. — Þetta verður enn þá auðsærra þegar það er athugað, að nú eru tekin út af fjárlögunum ýms stór fyrirtæki, sem stórar fjárhæðir fara til, svo sem lagning síma, bygging brúa o. fl. —

Meiningin er að taka sjerstök lán til þessara fyrirtækja, og þau gera fjárhaginn sýnilega verri, einkum þar sem hjer er um slíkt að ræða, sem ekki gefur af sjer beinan ágóða, t. d. bygging brúa o. fl. Af þessu er auðsætt, að það nær engri átt að halda því fram, eins og sumir virðast gera, að ekki þurfi fleiri tekjuauka. — Þeir eru einmitt bráðnauðsynlegir.—Jeg býst ekki við, að neitt að mun verði dregið úr útgjöldunum. — Þó get jeg ekki annað sagt en að mjer væri ósárt um, þótt sumt af till. fjárveitinganefndar væri felt, t. d. 20,000 kr. til Olympíuleikanna. Það finst mjer satt að segja vera sama og að kasta peningunum í sjóinn.

Þó þetta líti æði illa út, eins og nú er, þá mætti reyna að bæta úr því með auknum sköttum. Og það yrði þá hlutverk stjórnarinnar að búa það undir næsta þing. — Þess er ekki að vænta, að hv. þingmenn geti sjálfir gert þetta nú. Þau tekjuaukafrv., sem borin hafa verið hjer fram, hafa fengið misjafnar undirtektir, og sum jafnvel þótt óþörf eða ósanngjörn. Það lítur út fyrir, að einstaka þm. hafi þá skoðun, að við höfum ekkert við meiri peninga að gera. (*B. K.*: Það var meðan engin skýrsla var komin.) — Nú er hún komin, og má ske það hafi einhver áhrif. — Auðsætt er, af því, sem jeg nú hefi greint, að hættan er ekki að baki, heldur fram undan. Við höfum komist tiltölulega vel af á meðan á stríðinu stóð. Það hefir ekki safnast fyrir meira en 2,000.000.00 kr. skuld. Og hygg jeg, að það sje ekki mikið, saman borið við ýms önnur ríki hlutfallslega. Á því er ekki vafi, að hætta er fram undan. Við verðum að sníða gjöldin eftir tekjunum. Það tjáir ekki að safna meiri skuldum. Við verðum að leggja aðaláhersluna á að afla ríkinu tekna, er svari til útgjaldanna. Og óþarfa útgjöld verðum vjer að varast sem heitan eld.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það kom mjer alveg á óvart, að það skyldi koma fram hljóð úr horni um það, að ekki hefði komið fram greinargerð um fjárhaginn fyr en nú. Mjer skilst þó, að hver meðalskynsamur maður hefði átt að geta áttað sig á fjárhagnum eftir ræðu minni, er jeg lagði fjárlögin fram. Enda get jeg verið þakklátur háttv. framsm. (M. G.) fyrir það, að hann lítur í öllum verulegum atriðum eins og á málið og hæstv. stjórn. Það voru margar tölur sem hann nefndi, og því allerfitt að átta sig á því til hlítar í fljótu bragði. En mjer er óhætt að segja, að í öllum stærri dráttunum skýrði háttv. framsm. (M. G.) rjett frá málavöxtum.

Að því er gróða landsverslunarinnar snertir, þá hygg jeg, að að svo stöddu sje ekki rjett að byggja á þeim lið. Í þessu sambandi vil jeg taka fram, að jeg er þinginu þakklátur fyrir, að það hefir farið eftir bendingum mínum viðvíkjandi hallanum á landsversluninni í þá átt, að það hefir fallist á, að tapið á saltinu og kolunum yrði látið vinna sig upp á þessum vörum. En þetta er fastslegið með frv. um salttollinn að því er saltið snertir, en sama hljóðið heyrist mjer alstaðar vera um kolin, hvort sem hallinn verður unninn upp með tolli eða með einkasölu.

Þá mintist háttv. framsm. (M. G.) á gróðann af skipunum. Jeg tel, að ekki sje gerlegt að reikna 660 þúsund kr. sem ágóða ríkissjóðs á þeim lið, því ef nú ætti að fara að selja skipin, þá tel jeg vafasamt, að fyrir þau fengist hið bókfærða verð, sem er rúmar 3 milj. kr. Hins vegar hygg jeg, að gera megi ráð fyrir, að ef skipunum er haldið úti, og þeim stýrt haganlega eins og hingað til, þá muni þetta vinnast upp, og ekkert tap verða. Sú mun og vera skoðun eimskipafjelagsstjórnarinnar, eftir því sem jeg hefi heyrt.

Háttv. framsm. (M. G.) spáir því, að árið 1919 muni verða hallalaust. Í ræðu

minni í byrjun þingsins gerði jeg ráð fyrir, að nokkur halli mundi verða á árinu. Jeg gat þess þá einnig, eins og háttv. framsm. (M. G.) vjek að, að tekjurnar mundu verða allmiklar, og er sú spá að rætast, þegar stórmiklar horfur eru á, að tunnutollurinn muni nema 600,000 kr., eða jafnvel meiru. Auk þess hefir nú ýmsum tekjuaukum, að ráði stjórnarinnar, verið hrað að í gegnum þingið, eins og t. d. hinum aukna síldartolli, sem allmikið ætti að muna um, o. fl. En þrátt fyrir þessa tekjuauka, og ýmsa aðra, þá ber jeg kvíðboga fyrir því, að árið verði ekki hallalaust; hræðist það, að gjöldin muni verða mjög langt fram yfir áætlun. Vísa því til sönnunar á árið 1918, þar sem gjöldin voru um 3½ milj. fram yfir áætlun. En hjer er ekki hægt að segja neitt með vissu, hvorki af mjer eða háttv. framsm. (M. G.), en ekki kæmi mjer á óvart, þó hallinn á árinu yrði ein miljón.

En auðvitað óska jeg þess, að álit háttv. framsm. (M. G.), sem er þektur að því, að áætla alt með mestu samviskusemi og nákvæmni, ljeti sem næst sanni, og að ekki verði halli á árinu.

Eins og jeg tók fram áðan, þá hefur þingið tekið til greina till. stjórnarinnar um, hvernig halli landsverslunarinnar skuli bættur.

Fyrir þetta er jeg þinginu þakklátur. Þá er það eftir, að þingið fari að tillögum stjórnarinnar með fjárlögin og gangi svo frá þeim, að halli verði ekki á árunum 1920 og 1921.

Einhvern veginn segir mjer hugur um það, að þarna muni vera örðugasti hjallinn, og þingið muni ekki fylgja nógu fast fram þessum tillögum stjórnarinnar, sem eru þó allra hluta sjálfsagðastar, því ekki dugir að haga fjármálunum þannig, að hallinn sje greiddur með lánum. En jeg skal hjer ekki spá neinum hrakspám, að eins brýna það fyrir háttv. deild, hve mikil nauðsyn rekur til þess að fara gætilega á þessu sviði.

Frsm. fjárhagsnefndar (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf ekki að vera margorður. Að eins vil jeg drepa á nokkur atriði í ræðu hæstv. fjármálaráðherra (S. E.).

Um landsverslunina skal jeg geta þess, að jeg sje ekki annað en að það sje varlega farið í sakirnar að áætla tekjurnar eina miljón kr. af henni, vegna þess, að ekki virðist þurfa að búast við neinum halla af kolum eða salti. Auk þess átti landsverslunin í varasjóði 31. des. síðastl. 1 milj. og 200 þús. kr., og á þar að auki eftir að versla í eitt ár og sennilega græða eitthvað á því. Hvað skipin snertir, þá þóttist jeg fara varlega, að taka ekki nema ⅔ hluta af sjóðseign þeirra í árslok 1918 sem ágóða. Það kann að vera, ef skipin væru seld nú þegar, að þá mundi tapast á þeim. En jeg geng alls ekki út frá, að skipin verði seld. Jeg geri ráð fyrir, að þeim verði haldið úti áfram. Og þá þarf ekki nema 180 þús. kr. í tekjur á ári til að greiða 6% af hinu bókfærða verði, og tekjur skipanna hafa verið margfalt meiri hingað til. Jeg verð að álíta, að ekki væri hyggilegt að selja skipin nú því þau munu vafalaust gefa arð af sjer með tímanum. Með þetta fyrir augum hugði jeg hæfilegt að reikna með ⅔ hlutum af sjóðseign sem ágóða.

Um það, að tekjur og gjöld mundu standast á í árslok 1919, þá viðhafði jeg ekki sterk orð um það. Jeg sagðist vona, að svo yrði. Jeg skal ekki fortaka, að spá hæstv. fjármálaráðherra muni reynast rjettari; hvorttveggja er auðvitað spádómur. En eftir því, sem útlit er fyrir nú, held jeg láti nærri því, sem jeg gat um. Jeg hefði getað tínt til ýmislegt fleira, sem styður niðurstöðu mína, t. d. að ríkissjóður hefir grætt 100 þús. kr. á þessu

ári á gengismun enskrar myntar. Enn fremur má geta þess, að útflutningsnefnd hefir safnað talsverðu fje, og gæti jeg trúað, að eitthvað kæmi í ríkissjóð þaðan. Um það, að tekjurnar sjeu of lágt áætlaðar, er þess að geta, að jeg vona, að svo sje. En þær eru ekki áætlaðar varlegar en hæstvirtur fjármálaráðherra (S. E.) hefir áætlað í fjárlagafrv. sínu, og áleit nefndin það vera rjett „princip". Tekjuskattur er t. d. áætlaður 250 þús kr. — Það held jeg að sje of lágt. En þó vildi bæði hæstvirtur ráðherra og nefndin ekki áætla hann hærri. Eins á, að mínum dómi, að fara að með aðrar tekjuáætlanir nú. Og jeg vil setja mig alveg á móti því, að þessar áætlanir verði færðar upp, og jeg skil ekki, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) geri þetta að kappsmáli, því að jeg veit ekki betur en að við sjeum alveg sammála um, að rjett sje að áætla varlega.

Jeg geri mikið úr varlegri áætlun teknanna, því, að mínu viti, er það einmitt hin varlega áætlun teknanna, sem fjárhagur okkar hefir flotið á.

Magnús Pjetursson: Jeg vildi að eins standa upp til að láta þess getið við háttv. deild, að framsögumenn fjárveitinganefndar munu ekki halda neinar ræður nú. Hv. framsm. fjárhagsnefndar (M. G.) hefir komið fram með yfirlit yfir fjárhaginn, eins og venja er orðin síðan frumv. þessu var skift milli fjárhagsnefndar og fjárveitinganefndar. Jeg geymi mjer því alveg að tala, þangað til við 2. umr. málsins. Enda býst jeg ekki við, að þó háttv. framsm. fjárhagsn. (M. G.) hafi drepið á einstakar tillögur fjárveitingan., þá hafi hann ætlast til þess, að það væri rætt nú. Þetta vildi jeg láta háttv. þingmenn vita, og er því alveg óhætt að fara strax í eldhúsið þess vegna.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal ekki fara að deila við háttv. framsm. (M. G.) um einstök atriði málsins; þar er svo margt í óvissu, að ekki er gott að fullyrða neitt.

Að því er snertir skattana, þá hefir stjórnin áætlað þá 750 þús. kr. Þar er gengið út frá að fiskist 150 þús. tunnur af síld, og mun það varlega áætlað. Jeg hygg, að það sje undir meðaltali af því, sem fiskast hefir undanfarin ár. Auk þess hefir þingið bætt við ýmsum nýjum tekjuliðum, og er ekki hátt farið að gera það 100 þús. kr.

Viðvíkjandi skipunum, þá held jeg, að þar hafi jeg farið rjett með, að varla mundi mögulegt, eins og nú standa sakir, að selja þau með bókskráðu verði, sem er 3.081.130,00 kr.

Um landsverslunina má altaf deila. En jeg held, að það sje eins varlega farið, að telja ekki þessa 1 milj. kr. nú þegar.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að segja meira nú. Háttv. framsm. (M. G.) lítur eins á aðalatriði þessa máls og jeg. Og það skiftir langmestu máli.

Gísli Sveinsson: Jeg og fleiri hafa á undanförnum þingum, og það seinast á aukaþinginu í fyrra haust, rakið að nokkru feril þeirrar stjórnar, er nú um hríð hefir setið að völdum í landinu.

Það, sem síðan hefur gerst, eða það, sem hún hefur síðan gert, er að mörgu leyti beint framhald af því, sem hún hafði áður að gert. Mörg af þeim afrekum hennar hafa sætt talsverðum aðfinslum, bæði frá mjer og öðrum, og get jeg um þau atriði látið mjer nægja að vísa til þess, sem fyr hefir sagt verið.

Nú hefir þessi hæstv. stjórn sagt af sjer, og er það ekki vonum fyr. En hversumönnum tekst að fá nýja, betri stjórn, er ekki enn hægt um að segja.

En þar sem telja má, að þessi stjórn sje nú liðin undir lok, þótt hún gegni enn þá

störfum, þá ætla hvorki jeg nje þeir, sem næstir mjer standa, að þessu sinni að gefa tilefni til neins sjerstaks „eldhúsdags".

Jeg fyrir mitt leyti hefi enga lyst á því að leggjast á náinn. Og þó að jeg engan veginn viðurkenni algildi setningarinnar latnesku: „Nil de mortuis nisi bene", er útlegst: „Um hina dauðu ekkert nema gott", þá get jeg þó fallist á með sálmaskáldinu: Sá dauði hefir sinn dóm með sjer! — Og grafskrift má setja, þó síðar verði.

Hins vegar geri jeg ráð fyrir, að sumir háttv. þingdm. kunni að hafa einhverjar fyrirspurnir, sem þeir vilji leita svars við hjá hæstv. stjórn, við þetta tækifæri. Jeg vildi hjer minnast á að eins eitt atriði, og er það í fyrirspurnarformi.

Það bar til á öndverðu þessu þingi, að hæstv. atvinnumálastjórn lagði fyrir þingið tvö frv. meðal annara. Var annað þeirra um seðlaútgáfurjett Landsbankans, en hitt um breytingu á lögum um stofnun hlutafjelagsbanka á Íslandi, og stóð það í nánu sambandi við hið fyrnefnda.

Vitanlega lýsti hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) sig að fullu og öllu meðmæltan frv. þessum, er hann lagði þau fyrir þingið. En þegar til kastanna kemur og taka á afstöðu í málinu, þá klofnar nefndin, sem um það fjallar, og meiri hluti deildarinnar rís öndverður gegn því, sem var aðalatriði málsins, að seðlaútgáfan yrði færð yfir á hendur Landsbankans. Og það kvað svo ramt að, að þeir menn, sem málinu voru fylgjandi, áttu fult í fangi og í vök að verjast, að verða ekki kæfðir í flóði óviðurkvæmilegra ummæla frá hinna hálfu. Þeir áttu fult í fangi með að afsaka sig, að þeir væru ekki með þesu að gerast þjóðníðingar, eins og átti að stimpla þá.

En þetta merkilega mál er nú útrætt og því að vissu leyti úr sögunni. En eitt fyrirbrigði er merkilegt í málinu og stendur eins og klettur úr hafinu til minningar.

Og það er það, að hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.), sem leggur frv. þetta fyrir þingið, sem sitt eigið, hann kemur ekki fram síðan, að taka þátt í umr. um málið, svarar hvorki fyrir sjálfan sig nje málið.

Og það er svo langt frá, að hann geri það, að hann lætur allan sinn flokk í þessari háttv. deild rísa öndverðan gegn málinu athugasemdalaust og án þess að æmt sje eða skræmt frá hans hálfu.

Hann lætur ekki svo mikið sem sjá sig við umr., þegar verið er að drepa frv. hans. Þótt segja megi, að við höfum ekki langa þingsögu, þar sem ríkt hefir þingræði, mun óhætt að fullyrða, að þetta sje einstakt dæmi, og jeg veit ekki dæmi til þess neinstaðar annarsstaðar undir sólunni.

Og nú vildi jeg spyrja hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.), hvort hann hafi ætlað að láta þetta eftir sig í stjórnarsögu sinni sem óbrotgjarnan minnisvarða, og hvort hann ætlist til, að þetta verði hjer eftir stjórnarregla í landinu, þegar um mikilsverð deilumál er að ræða.

Þykir mjer svo, sem hjer sje full ástæða fyrir hann að skýra nú frá því, hvers vegna hann gat ekki gætt skyldu sinnar að vera viðstaddur og taka til andsvara gegn árásum þeim, er mál hans sætti hjer í deildinni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er nú eins og vænta mátti um háttv þm. V.-Sk. (G. Sv.), að hann er svo riddaralegur, að engin von er til, að hann vildi fara að leggjast á náinn eða sparka í dauðu ljónin.

En jeg held, að honum hafi þó snúist hugur eftir að hann gaf þá yfirlýsingu, þar sem hann tók allmjög freklega til orða um hinn dauða, sem hefir sinn dóm með sjer.

En það gengur nú oft svo. Það er hægt að lofa öllu fögru, þótt erfitt reynist um efndirnar.

Hins vegar fylgdi hann trúlega þeirri reglu sinni að gerast forsöngvari, þegar til þess kemur að leggja stjórninni á hjarta hollar lífsreglur.

Og það lasta jeg ekki. Venjulega hefir hann verið þinglegur í orðum sínum; þó stappaði nærri, að út af því brygði í þetta skifti.

Fyrirspurn hans var sú, hvort atvinnumálaráðh. ætlaði sjer að skilja eftir sem fordæmi þá stjórnarreglu, sem hann tiltók.

En hann (atvinnumálaráðh.) hefir nú ekki talið sjálfan sig svo hátt settan, nje orðið þess var af áliti annara, og síst hefir hann verið svo blindur af sjálfsáliti, að hann áliti, að það, sem hann hefir haldið fram, eigi að verða að stjórnarreglu framvegis.

Þetta er því sagt alveg út í bláinn af háttv. þm. og þarf ekki svara við.

Hvorki jeg nje aðrir, sem stjórnina hafa skipað, ætlumst til, að svo verði álitið, sem við skiljum eftir stjórnarreglur. Og þeir, sem á eftir koma, munu naumast leita þeirra til okkar.

En viðvíkjandi því, hvers vegna jeg hafi lagt mál þetta fyrir þingið, þá skal jeg geta þess, að það var skylda mín.

En hitt er ekki þar með sagt, að mjer hafi verið jafnskylt að standa fyrir svörum. Það var tekið fram í umr., að lengra yrði ekki komist en að háttv. deild legði dóm sinn á málið. Og jeg held, að það hafi verið hæstv. forsætisráðh. (J. M.), sem tók það fram, að stjórninni væri ekki sárt um það, hvort málið næði fram að ganga eða ekki, og undir það get jeg tekið.

Jeg fann því ekki skyldu mína í að halda vörnunum uppi fyrir það.

Hitt er rangt til getið, að jeg hafi flúið af hólmi, þótt svo hafi við borið, að jeg hafi haft öðrum störfum að gegna.

Jeg býst nú við því, að ýmsir fleiri verði til þess að koma með fyrirspurnir til stjórnarinnar, og mun jeg því láta við svar þetta sitja að sinni, hvort sem það þykir fullnægjandi eða ekki.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal taka fram strax, að jeg er hjer ekki staddur í neinu eldhúsi og mun heldur ekki inna af hendi nein eldhússtörf að þessu sinni; og er það ef til vill að nokkru leyti af sömu ástæðu og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók fram. Auk þess er svo ástatt um mig, að jeg þóttist hafa gert hreint fyrir mínum dyrum á síðara aukaþinginu í fyrrasumar. Og jeg skal játa, að jeg lít svo á, sem þær aðfinslur mínar hafi ekki orðið árangurslausar. Og jeg get glaðst af því, að svo virðist, sem hæstv. stjórn hafi bætt ráð sitt nú í seinni tíð, og jeg er svo hjegómagjarn, að jeg álít, að alvöruorð mín þá hafi átt ekki hvað minstan þátt í því.

Jeg skal ekki fara út í það, hvort það hefir verið af eigin hvötum eða af betri aðstöðu, að hæstv. stjórn hefir nú á þessum síðustu alvörutímum verið svo heppin að fá betri menn sjer til aðstoðar en áður hafði verið, alt frá byrjun ófriðarins.

Það voru nú að eins smáfyrirspurnir, sem jeg vildi beina til hæstv. stjórnar.

Firsta atriðið var um eina af þeim ófriðarráðstöfunum, sem hún á sínum tíma gerði. Það var um skipun verslunarfulltrúans í Lundúnum, sem verið hefir þar nokkur undanfarin ár. Var hann upphaflega skipaður af því, að stjórnin taldi nauðsynlegt að hafa þar mann til að gæta hagsmuna landsins í verslunarsökum, meðan ófriðurinn stóð. Út á það var ekki neitt að setja, því að ekki mun hafa af veitt að gæta þess sem best.

En það þykir mjer undarlegt, að nú, þegar ófriðurinn er úti, þá skuli þessi maður, sem sjálfsagt hefir 18—20 þús. kr. í laun, vera látinn sitja þar eftir sem áður, þótt vitanlegt sje, að verkefni hans er lokið.

Um ástæðurnar til þessa væri mjer kært að fá upplýsingar hjá hæstv. stjórn og yfirleitt um það, hver nauðsyn er á að láta þennan hálaunaða mann sitja þar nú.

Annað atriðið var þær ráðstafanir hæstv. stjórnar, sem hún gerði með reglugerð, er hún setti 10. febrúar síðastliðinn vetur. Hafa þær ráðstafanir víða mælst illa fyrir, og hafa margir þingmálafundir látið í ljós vanþóknun á þeim.

Jeg skal nú játa það, að jeg álít verslunarráðstafanir hv. stjórnar, síðan ófriðurinn hófst, hafa flestar haft við mikla nauðsyn að styðjast.

En hitt er undarlegt, að þegar sú nauðsyn hverfur úr sögunni að ófriðarlokum, þá skuli stjórnin halda áfram slíkum ráðstöfunum, sem jafnvel geta stafað vandræði af í landinu.

Þessi reglugerð, sem jeg mintist á, heimilar stjórninni einkasölu á nauðsynjavörum, aðallega korni, til 1. okt. í haust.

Af því hlýtur að leiða, að verslunarstjett landsins flytur ekki inn vörur þessar. Henni er meira að segja bannað að selja aðrar kornvörur en þær, sem landsstjórnin lætur flytja inn, til ársloka.

En af þessu hefur vaknað sá ótti hjá þjóðinni, að skortur kunni að verða á vörum þessum í vetur.

Það er að minsta kosti mikið undir því komið, hve dugleg stjórnin verður í því að dreifa vörunum út um land á allar hafnir áður en tíð versnar og tepst geta samgöngur. Það væri líka ver farið en heima setið, ef hömlur þessar yrðu til þess, að vöruskortur yrði.

Það er að vísu sagt, að landsverslunin sje vel birg að vörum þessum, en það gagnar lítið, þó nóg sje til af þeim hjer í Reykjavík, ef hafís kæmi og samgönguteppa.

Hjer er því alt undir því komið að ganga vel fram í því að dreifa vörunum út á hafnir landsins, svo að ekki yrði vöruskortur ef samgöngur teptust við strendur landsins.

Auk þess er líka þess að gæta, að um leið og stjórnin einokar einhverja vörutegund, þá er það brýn skylda hennar að gæta þess, að nóg sje til af vörunni. En í vor sem leið var þó misbrestur á því. Þá var svo ástatt í sumum bygðarlögum, að lífsnauðsyn var að ná í rúgmjöl til fóðurbætis, þar sem menn voru þrotnir að heyi, en það var þá alveg ófáanlegt, og hefði ekki batinn komið svo fljótt sem var, mundi víða hafa illa farið. En það fór nú sem fyr, að drottinn tók í taumana, hvað sem gerðum hæstv. stjórnar leið (*Fjármálaráðh.*: Drottinn var með stjórninni). Hann var að minsta kosti með landsmönnum.

Stjórnin verður að gæta vel allra þarfa landsmanna og koma í veg fyrir það, að vandræði geti hlotist af því, að verslunin er ekki gefin frjáls og aðflutningur allur.

Síðan friður komst á hafa landsmenn vonað, að verslunin yrði smám saman leyst aftur úr böndum. Þeir eru orðnir svo vanir frjálsri verslun, að þeir geta ekki sætt sig við hömlur þessar, nema brýn nauðsyn beri til.

Þess vegna hefir orðið svo tíðrætt um það, hve nær hæstv. stjórn muni sjá sjer fært að sleppa afskiftum sínum af verslun landsins, svo frjáls samkepni komist á aftur, með þeim hlunnindum, sem hún hefir í för með sjer.

Á þingmálafundum í vor var víða rætt um þetta. Menn vildu fá að vita, hve lengi stjórnin ætlaði sjer að hafa hana í sínum höndum.

Eftir reglugerðinni frá 10. febrúar má ætla, að stjórnin ætli sjer að sleppa versluninni um áramót.

Það væri nú gott að fá að vita, hvort svo er eða ekki. Og það væri mikilsvert fyrir þm. að fá þau svör áður en þeir fara heim af þingi, svo að þeir geti sagt kjósendum sínum.

Um kolaeinokunina skal jeg ekki fjölyrða. Jeg býst við, að hæstv. stjórn hafi neyðst til þeirra ráðstafana til þess að jafna halla þann, sem á var orðinn. En margir búast við, að þess verði ekki langt

að bíða, að sá jöfnuður fáist, svo að verslunin á því sviði verði gefin frjáls aftur.

Og það get jeg heldur ekki skilið, að stjórnin haldi þessum ráðstöfunum áfram lengur en hún er knúð til þess. Til þess yrði hún þá að leita samþyktar Alþingis. Því að án samþyktar þeirrar getur hún ekki haldið áfram einokun á ýmsum vörutegundum, þegar ófriðarástæðurnar til þess eru horfnar.

Það má að vísu margt segja með og móti því, hvort ríkiseinkasala á ýmsum vörutegundum sje hentug eða ekki. En það er víst, að stjórnin getur ekki haldið henni áfram án leyfis þingsins. Annars þykir mjer vanta sem tíðastar skýrslur frá stjórninni um hag landsverslunarinnar. Það er eins og lokuð bók fyrir öllum, hvernig henni hefir gengið frá upphafi og hvernig hún muni enda.

Háttv. frsm. fjárhagsn. (M. G.) lýsti því reyndar yfir, að hún ætti miljón kr. í varasjóði, og bendir það á, að hún sje nú á góðum vegi með að bæta upp mistök fyrri ára. (*Forsætisráðherra*: Hún hefir aldrei tapað). Hitt er þó víst, að þá voru ærin mistök á rekstri hennar. (*Fjármálaráðherra*: Hún stórgræddi). Það er gott, ef svo er, og því meiri, sem gróðinn er, því fyr ætti að takast að ljetta böndunum af verslun landsins.

Það sem landsmenn óska er skýrsla um, hvernig hagur landsverslunarinnar sje, og ef á að halda henni áfram, hvaða nauður rekur til þess. Hver veit nema endirinn verði sá, að ríkissjóði hlotnist mikill gróði, og væri ekkert að því, þótt margir líti svo á, að landsverslunin hafi ekki verið stofnuð í gróða skyni, heldur sem nauðsynlegt bjargráð. Jeg hefi ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta mál. Jeg óska eftir svari hæstv. stjórnar, í fyrsta lagi viðvíkjandi erindrekanum í Lundúnaborg og hversu lengi hann skuli þar vera, og í öðru lagi hversu lengi stjórnin ætli að hafa einokun t. d. á kolum, eða með öðrum orðum, jeg býð eftir skýrslu frá stjórninni um hag landsverslunarinnar yfir höfuð og fyrirætlanir stjórnarinnar henni viðvíkjandi.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki eiginlega sjeð ástæðu til, að hv. þm. sjeu að hlífast fremur við stjórnina, þótt hún hafi sagt af sjer. Jeg hygg, að það sje af góðum hvötum sprottið, að vilja ekki stjaka við þeim, sem eru dauðir, en sem sagt, jeg sje enga ástæðu til þessarar hlífni. Sjerstaklega álít jeg það ekkert betra fyrir stjórnina, því að henni er betur gert með því að gefa henni tækifæri til að bera af sjer ámæli og ákúrur, ef þær skyldu annars vera nokkrar.

Jeg vil svo leyfa mjer að svara hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) viðvíkjandi spurningu hans um fulltrúa stjórnarinnar í Lundúnum. Það er sagt, að friður sje nú saminn, en þessi friður er svo nýr af nálinni, að hann er ekki enn þá viðurkendur af öllum þjóðum. Enn þá eimir mjög eftir af ófriðarástandinu alstaðar í heiminum, og er því tæplega kominn tími til að kalla fulltrúann heim frá Lundúnum. Annars býst jeg við, að stjórnin ráðfæri sig við hv. Alþingi um það, ef í ráði væri að hafa fulltrúann mikið lengur. Jeg vona, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) álíti þetta nægilegt svar frá stjórnarinnar hendi. Það eru enn ýms mál óútkljáð, og sömuleiðis geta ýms mál komið enn fyrir, svo að betra er að hafa fulltrúa við höndina í Lundúnum þetta árið.

Jeg skal ekki fara langt út í ástæður stjórnarinnar fyrir auglýsingunni um einkasölu á sumum korntegundum. Aðalástæðan fyrir einkasölunni er, að landsverslunin hafði afarmiklar birgðir fyrirliggjandi. Birgðirnar af sumum tegundunum voru meiri en svo, að hægt væri að

selja þær allar á þessu ári, en af öðrum tegundum var ekki meira fyrirliggjandi en það, að búist var við, að þær yrðu uppseldar um áramót. Nú sýndist bæði stjórninni og forstjórum landsverslunarinnar, að best væri að selja þessar birgðir sem fyrst, og væri því nauðsynlegt, til þess að firra landið tjóni, að hafa einkasölu á þessum kornvörutegundum, þar til þær væru uppseldar, eða lítið væri eftir af þeim, og gefa þá verslunina frjálsa. Auglýsinguna getur enginn skilið öðruvísi en svo, að það hafi verið tilætlunin að hætta við kornvöruverslunina um nýár. Það hefir þá líka verið gefið kaupmönnum í skyn, að þeim væri óhætt að fara að flytja inn þessar vörutegundir frá 1. október til nýárs. Þá spurði hv. sami þm. (S. St.) að, hvort kaupmönnum mundi hafa verið tilkynt það nógu snemma, að þeir mættu flytja inn vöruna. Þetta þarf hv. þm. (S. St.) ekki að óttast, því að það eru þegar komnar fram bænir frá kaupmönnum um að fá að flytja inn vöruna fyrir 1. okt. Annars sje jeg heldur ekki mikla ástæðu til að óttast vöruskort úti um land, því að það er nauðsynlegt fyrir landsverslunina sjálfa að koma vörunni til hinna ýmsu hluta landsins, og hvað kaupmennina snertir og þær vörur, sem þeir kynnu að panta, þá eru skipagöngur alltíðar kringum landið frá 1. okt. til nýárs. Að skortur hafi orðið nokkur á rúgmjöli sumstaðar, er ekki að furða, því skipagöngur hafa hingað til, og samgöngur yfirleitt, verið af skornum skamti. Jeg veit heldur ekki, hvort það mundi koma fyrir nú, en það veit jeg, að þar, sem jeg þekti til, kom það ekki allsjaldan fyrir, að ýmsar kornvörutegundir vantaði áður hjá kaupmanninum, þó að verslunin væri þá frjáls. Sumir kaupstaðirnir urðu oft algerlega uppiskroppa með kornvörur til manneldis, að jeg ekki tali um, ef þeir þurftu að bjarga skepnum. Jeg hygg, að þetta hafi ekki verið verra nú en oft áður.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) talaði lítið um kolaeinokunina, og jeg er honum samdóma um það, að ef henni yrði haldið áfram, yrði að gera það með ráði og samþykki hæstv. Alþingis, og jeg býst líka við, að stjórnin ráðfæri sig við háttv. þm. um þetta áður en lýkur þinginu Þótt stjórnin hafi ef til vill heimild til að halda einkasölunni áfram, samkvæmt lögunum um ófrðarráðstafanir, þá teldi jeg þó ekki rjett af henni að gera það nema með ráði þingsins.

Um afganginn eða gróðann af verslun þessari get jeg ekki talað að svo komnu máli; það geta aðrir betur. En jeg verð að viðurkenna það fyrir hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að það var ekki ætlunin, að landið ætti að græða á versluninni yfirleitt, heldur hitt, að birgja landið að vörum og selja þær eins ódýrar og unt væri. En þó að nú kynni að verða einhver gróði af landsversluninni, þá verð jeg að álíta það betra heldur en að landssjóður hefði beðið mikið tjón af henni. En jeg ímynda mjer, að þessi afgangur verði mátulegur og rjettur, eins og alt annað hjá þessari stjórn.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg þarf ekki mörgu við að bæta það, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði viðvíkjandi ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Viðvíkjandi rúgmjölinu, sem skortur var á í vor, get jeg upplýst, að skipaskortur var þá mjög mikill, og svo var það af skornum skamti, er stjórnin fjekk af þessari vörutegund í Danmörku.

Það er þó sjerstaklega eitt atriði, sem jeg vil nefna, og er það, að nú síðan þing hófst hefir það vakað fyrir stjórninni að leggja fyrir þingið sem allra greinilegasta skýrslu um allan hag landsverslunarinnar, og ráðgast svo um það við hæstv. Alþingi, hvernig haga skyldi fyrirkomulagi þessarar versl-

unar í framtíðinni. Að þessi skýrsla er ekki komin fram enn stafar af því, að ekki er enn þá hægt að sjá fram úr, hvernig verslunarástandið verður í heiminum, en þó stafar það sjerstakega af því, að einn af forstjórum landsverslunarinnar hefir ekki verið hjer í bænum. Hans er nú von innan skamms, og verður þá þessi skýrsla lögð fyrir hæstv. Alþingi.

Jeg vil taka fram í þessu sambandi, út af orðum háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að jeg vona, að öll bönd verði sem fyrst leyst af versluninni. Það hefir altaf verið mín skoðun, að verslun eigi að vera sem minst bundin af lagafyrirmælum, og beri sjerstaklega að varast að nota hana sem tollstofn, heldur verði að afla tekna á annan hátt. Um verslunina hafa sjerstaklgea tvær stefnur verið að togast á um hríð, en það er mín skoðun, að þær báðar, bæði samvinnufjelög og kaupmenn, eigi að berjast á sem jöfnustum velli og óhindraðar af lagafyrirmælum. Það má því heita nokkurn veginn víst, að landsversluninni verður ekki haldið lengur áfram en þangað til sjeð verður fyrir endann á verslunarteppunni og hægt er að hætta við hana landinu að skaðlausu.

Jeg skal taka það fram, að það verður töluverður vandi að ganga svo frá öllu, að ekki verði vöruþurð neinstaðar, og verður því að sjá svo um, að bæði kaupfjelögum og kaupmönnum verði heimilað að flytja inn kornvörutegundir löngu áður en einkasalan hættir. Það er ekki nema sjálfsagt, að stjórnin hafi eftirlit með þessu í samráði við landsverslunina og kaupmannaráðið. Vona jeg svo, að þegar landsversluninni verði hætt, þá verði það ríkinu að skaðlausu og að nægar matvörutegundir verði þá fyrir hendi í landinu.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi lítið að segja, því jeg get að mestu leyti verið ánægður með undirtektir hæstv. stjórnar undir ræðu mína. Það gladdi mig að heyra hæstv. forsætisráðherra (J. M.) lýsa því yfir, að viðvíkjandi framtíð fulltrúans í Lundúnaborg yrði ráðfært sig við Alþingi, og um framtíðarfyrirkomulag verslunarinnar er sama að segja, því hæstv. stjórn lýsti því yfir, að um það yrði ráðfært sig við hæstv. Alþingi, hvort einokuninni yrði haldið áfram, eða þá að verslunin yrði gefin frjáls. Yrði því einokuninni ekki haldið áfram, nema samþykki þingsins fengist. Þetta er fullkomlega rjettmæt afstaða, og vil jeg því að eins vara stjórnina við þeirri hættu, sem stafað getur af vöruskorti, ef kaupmönnum er ekki leyft að birgja sig upp nógu snemma, og ef stjórnin gengur ekki rösklega fram í því, að útbýta vörunni út um landið. Reynslan hefir sýnt, að þetta getur komið fyrir, og þarf ekki annað en að benda á rúgmjölsskortinn í vor.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) vildi mæla stjórninni bót með því, að þetta hefði engu síður komið fyrir, þótt verslunin hefði verið frjáls, og er það hverju orði sannara, enda hafa kaupmennirnir oft fengið óþvegið orð í eyra fyrir slíka vanrækslu og tómlæti. En þó er nú þetta ekki alveg sambærilegt við það, að slíkt skuli koma fyrir hjá landsversluninni. Það er vitanlegt, að kaupmennirnir líta fyrst og fremst á sinn hag, það er því ekki nema skiljanlegt, að þeir vilji ekki birgja kaupstaðina svo að vörum, að þeir megi eiga það á hættu að liggja með vöruna sjer í óhag. Þeir verða að sjá um að selja vöruna sem fyrst, til þess að geta fengið sitt. Aftur er öðru máli að gegna um verslun stjórnarinnar. Hennar skylda er fyrst og fremst að sjá landsmönnum fyrir nægum vörum og búa svo um hnútana, að aldrei verði vöruskortur. Einkum hvílir þó þessi skylda þungt á henni, þegar hún er ein um hituna. Jeg vil þó alls ekki ámæla stjórinni fyrir það, að þetta hefir henni ekki tekist sem best, því henni hefir tekist vonum betur. En maður verður líka að taka hart á, ef illa

tekst, og sjerstaklega ef illa tekst með vöru, sem landsversunin hefir einokun á. Maður hefir dæmið fyrir sjer, þar sem sykureklan var í vor. Eins og kunnugt er, gaf stjórnin þá verslun frjálsa, en þá brá svo við, að fyrst fór að bera á sykureklu. Jeg veit ekki hverjum er um að kenna, en það veit jeg, að kaupmenn kenna stjórninni.

Það gladdi mig að heyra hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) lýsa því yfir, að hann væri því fylgjandi, að verslunin yrði gefin frjáls, svo að heilbrigð samkepni gæti byrjað milli kaupmanna og kaupfjelaga. Þetta er því gleðilegra, sem jeg sje af þessum orðum hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), að hann vill engin mök eiga við blað það, sem þó er talið málgagn hans. Það blað hefir reynt að kveikja hatur og alið á rógi milli þessara tveggja stefna, og svo langt, hafa þessar ósvífnu ofsóknir gengið, að þær hafa ekki að eins verið ósæmilegar gagnvart kaupmannastjettinni, heldur hafa þær líka lent á mönnum, eins og t. d. sjálfum mjer, sem ekki er nein ástæða til að væna um taglhnýtingsskap við kaupmenn. Þessar stefnur eru báðar nauðsynlegar, og hefi jeg aldrei hallað einu orði á þær hvoruga, enda ann jeg þeim báðum; í frjálsri og heiðarlegri samkepni eru þær þjóðinni jafngagnlegar og nauðsynlegar. En verði önnurhvor þeirra einvöld í verslun landsins, þá er einokunarhættan fyrir dyrum, og einokun samvinnufjelaga er ekki hóti betri en einokun kaupmanna fyrir viðskiftalíf þjóðarinnar. Þessir báðir möguleikar eru til, og því meiri ástæða er til að óttast þetta, sem alið er á rógi og úlfúð milli þessara tveggja stefna. Það gladdi mig því að heyra hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) afneita þessu blaði, sem stundar þá óþokkaiðju, að kveikja ófrið og úlfúð milli kaupmannastjettarinnar og samvinnufjelagsskaparins. Jeg ann hæstv. atvinnumálaráðherra þeirrar hvíldar, sem hann nú hefir sótt um, og það gleður mig, að hann svona undir það seinasta, telur sjer ekki sæmandi að kannast við „Tímann" sem sitt málgagn í þessu máli; af því er auðsætt, að hann ber kinnroða fyrir framkomu þessa blaðs.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að jeg afneitaði blaðinu, sem hefði stutt mig. Þetta er ekki rjett. Jeg afneitaði þeirri aðferð að berja niður annan aðiljann. Jeg vil, að markaðurinn sje frjáls. Þetta hygg jeg að jeg hafi sýnt með ritstjórn minni. Jeg var ritstjóri að samvinnufjelagsblaði í 10 ár, og hygg jeg, að ekki sje hægt að bera mjer það á brýn, að jeg hafi ráðist á kaupmannastjettina; að minsta kosti hefir hún ekki kvartað undan mjer. Jeg vil, að báðar þessar stefnur berjist óhindraðar í riti og löggjöf.

Gísli Sveinsson: Jeg verð að játa þess getið, að jeg býst við, að stjórnin geti ekki sannað það með gildum rökum, hvort landsverslunin hefir grætt eða tapað, á ýmsum tímum, eða að minsta kosti getur hún ekki sannað, að hún hafi altaf grætt. Að minsta kosti kom í ljós í fyrra atriði, sem ber vott um, að verslunin hafi tapað við og við. Það upplýstist í fyrra haust, að landsverslunin hefði grætt um 800 þús. kr. Þegar aðgætt var, hvaðan þessi gróði stafaði, þá var ekki hægt að fá neina skýringu á því. En menn vissu, að þessi gróði hlaut að vera eða gat verið af tveim vörutegundum, sem komu í einni sendingu, kolunum — gjafakolunum svo nefndu — og saltinu. En ef svo er, að á þessum tveim vörutegundum græddist þetta — sem og hlaut að vera miðað við verðið —, þá er auðsætt, að ekki hefir gróði orðið af öðrum vörutegundum, heldur jafnvel tapast á sumum. Jeg skal ekki leiða getur að, af hverju tapið muni stafa. Auðvitað má benda á „skakkaföllin". En menn hafa furðað sig á, að landsverslunin skuli ekki græða feikilega mikið, eftir vöruverð-

inu að dæma, sem sannanlegt er að farið hefir fram úr verði, sem kaupmenn gátu veitt á ýmsum tímum. Jeg tel því hyggilegast af hæstv. stjórn að fullyrða ekki ofmikið. Það sjest betur, þegar reikningarnir verða gerðir upp, hvort heldur verður þrotabú, eða arfur fellur í skaut ríkissjóðs.

Jeg tek undir það með háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að það gleður mig, að hæstv. atvinnumálaráðh. skuli vilja styðja frjálsa verslun. Og jeg vona, að hann tali þetta í þeirri veru, að hann ætlist til, að þessi stefna eigi að ríkja innan þess flokks, sem hann er höfðingi fyrir. (*Atvinnumálaráðh.*: Jeg tala þetta sjerstaklega sem þm.). Hæstv. ráðherra á ekki sæti í þessari deild sem þingmaður, og er því ástæða til að halda, að hann tali sem ráðherra og í anda þess flokks, sem styður hann. Jeg verð að skoða þessa yfirlýsingu sem stefnubreytingu af hálfu flokksins. Er vel, að hæstv. ráðh. skuli vera kominn að þeirri niðurstöðu, að verslunin eigi að útkljást á frjálsum grundvelli, sem mest án íhlutunar af hálfu ríkisins.

Hæstv. atvinnumálaráðh. gat nú ekki gefið það svar við fyrirspurn minni, sem orðið gæti lýsandi atriði í „grafskriftinni". Hann játaði að eins, afsakað gat hann ekki, svo að það er status quo frá því er jeg talaði. — Hæstv. forsætisráðh. vildi helst fá að heyra alla grafskriftina. En jeg býst við, að hæstv. ráðh. kannist við, að það er ekki siður að bera grafskrift undir hinn framliðna. Hann verður því að sætta sig við, þó hún verði, ef til vill, dálítið öðruvísi en hann vildi kjósa, nema hann ætli sjer þá að „ganga aftur", til þess að leiðrjetta hana.

Forsætisráðherra (J. M): Jeg held, að þetta sje ekki rjett hjá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Grafskrift er oft borin undir þann, sem hún á að vera yfir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 53. fundi í Nd., dagana 2. og 3. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 441, 460 og 522, 385, 459, 460, 461, 462, 508, 537, 596, 598, 599, 600, 601, 609, 610, 611, 612, 613, 614, 615, 616, 617, 618, 619, 620).

Forseti: Jeg vil lýsa því yfir, að umræður um fjárlögin fara fram í þrennu lagi.

1. verður rætt um 1.—11. gr.
2. verður rætt um 12.—13.gr.
3. frá 14. gr., að henni meðtalinni, og út.

Frsm. fjárhagsnefndar (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf ekki að vera margorður, því jeg hefi að eins það hlutverk að gera grein fyrir brtt., sem fram eru komnar frá fjárhagsnefnd. Fyrsti liðurinn á brtt. á þgskj. 385 á við útflutningsgjaldaliðinn. Það er gert ráð fyrir útflutningsgjaldi af 100,000 tn. af síld, og er þar af hækkun kr. 2.50 af hverri tunnu, og verða það 250,000 kr. Þá má gera ráð fyrir, að útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum nemi 50,000 kr. og af fiski og lýsi 100,000 kr. En þetta gerir til samans 400,000 kr., og að meðtöldu því, sem stjórnin áætlar, 550,000 kr. Þá leyfir nefndin sjer að koma fram með þá brtt. við 11. lið 2. gr. stj.frv., að vínfangatollurinn verði hækkaður um helming (*E. A.*: Í von um aukinn innflutning). Nei, vegna hækkunar þeirrar á vínfangatollinum, sem samþykt hefir verið á þessu þingi. Breytingin að tóbakstollurinn hækki úr 300,000 kr. upp í 400,000 kr. er gerð í hlutfalli við hækkunina á þeim tolli. Síðasti liðurinn er að hækka önnur aðflutningsgjöld um 10,000 kr., og er þar aðallega um brjóstsykurstollinn að ræða.

Hjer er ekki gert ráð fyrir þeim tekjuaukum, sem eru á leiðinni gegnum hv. þing.

Þau tekjuaukafrv. eru að sönnu ekki há, en þó má gera ráð fyrir, að tekjuaukinn af þeim nemi um 100,000 kr. En þar eð ekki verður sjeð fyrir forlög þeirra, þótti nefndinni ekki fært að taka tillit til þeirra.

Jeg hefi ekki orðið var við, að nemar brtt. hafi komið fram við hina liðina, svo að jeg get látið hjer staðar numið.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að mjer þætti háttv. fjárhagsnefnd áætla tekjurnar af hinum nýju lögum, sem stjórnin hefir komið í gegnum þingið, fulllágt, en þó fanst mjer ekki taka því að koma fram með brtt. um þetta. Það, sem mjer fanst sjerstaklega áætlað of lágt, var tollurinn af síldinni. En það var tekið meðaltal af síldarafla síðustu 6 árin, og áætlaði svo stjórnin 75 tn. undir meðaltali, og var það varlega áætlað. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta.

Frsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Jeg hefi ekki undanfarið haft tíma til að undirbúa mig undir framsöguræðuna, því að það hefir verið unnið af svo miklu kappi, að sumir þm. hafa ekki einu sinni getað haft „8 tíma óslitinn" svefn. Jeg vona, að hv. þm. hafi lesið nefndarálitið, svo að jeg þurfi ekki að fara mörgum orðum um brtt. En ef jeg skyldi ekki færa nægilega ljósar ástæður fyrir brtt., þá vona jeg, að hv. þm. komi með fyrirspurnir til mín um það, sem þeir vilja vita, og mun jeg þá svara þeim.

Áður en jeg fer að tala um brtt. vil jeg fara nokkrum orðum um starf nefndarinnar yfir höfuð og stefnur. Eins og hv. deildarmenn munu sjá, þá kemur þetta frv. síðar fyrir hv. deild heldur en vanalega. Það er þó ekki svo að skilja, að nefndin hafi ekki unnið af kappi, því það hefir hún gert. En auk þess, sem um er getið í nál., þá má benda á það, að fjárveitinganefnd gat ekki byrjað að halda fundi fyr en 7. júlí; tafðist hún þannig í 5 daga að minsta kosti, vegna þess að nokkra þingmenn vantaði til þings.

Þegar hv. frsm. fjárhagsnefndar (M. G.) gerði grein fyrir fjárhagnum hjer á dögunum, mátti sjá, að hv. þm. brá í brún og þótti allískyggilegt útlitið. Og ekki er því að neita, að æskilegra hefði verið, að betri væri fjárhagurinn. Mætti nú ætla, að fjárveitinganefnd ætti sök á þessu, og hefði hún sýnt örlæti um efni fram í sínum till., en er hv. þm. hafa athugað till. nefndarinnar, þá hygg jeg, að þeir sýni með atkvæði sínu, að þeim þyki stefna nefndarinnar rjett og sjálfsögð. Það eru auðvitað altaf einhverjar smátill., er þykja óþarfar, og getur menn lengi greint á um slíkt. Geta þær auðvitað altaf numið nokkrum upphæðum, en aldrei svo, að nokkru næmi fyrir fjárhag landsins í stórum dráttum. Þótt mönnum kynni nú að virðast útgjöldin mikil, þá mega menn þó ekki segja það út í loftið, heldur verða þeir að miða við eitthvað, hafa einhvern samanburð, til sönnunar því áliti. Ef fara á út í þesskonar samanburð, getur naumast verið um að tala samanburð við síðastliðin ár, stríðsárin. Gjaldahlið fjárl hefir þau ár verið með alt of lágum — óeðlilega lágum — tölum, vegna þess, að nauðsynlegar framkvæmdir hafa verið heftar, en slíkt hefir að eins og altaf verið talið örþrifaráð, og enginn, hvorki þjóð nje þing, hefir búist við, að slíkum örþrifaráðum yrði beitt um ófyrirsjáanlegan tíma. Ef hv. þm. því vilja bera þetta saman við eitthvað, verða þeir að leita lengra aftur í tímann, og verða þá fyrst fyrir fjárlögin 1913, eða fjárlög síðasta þings fyrir stríðið. Það þing gekk svo frá fjárlögunum, að útgjöldin voru áætluð 4 miljónir, en tekjurnar 3 miljónir og 700 þús. Nú vil jeg gera ráð fyrir og vona, að hv. þm. þyki ekki ofmælt að þrefalda

öll gjöldin við það sem þá var. Þau hafa að vísu ekki þrefaldast á öllum sviðum, en það hafa verið færð rök fyrir, að á sumum sviðum hafa þau áreiðanlega þrefaldast, er tekið er tillit til hins mikla verðfalls peninganna. Líka eru það ekki lágar tölur, sem okkar unga fullveldi hefir í för með sjer, og bætast á útgjaldaliðinn. Ef menn nú tækju þetta svona í stórum dráttum, gætu menn búist við, að útgjöldin, saman borin við 1913, næmu 12 miljónum, en nú nema þau eftir áætlun fjárhagsnefndar 11,450.000, en verða sennilega nokkuð minni, eða hjer um bil 11¼ milj.

Ef teknar eru tekjurnar frá 1913 — 3 milj. og 700 þús. kr. — og þær hefðu átt að hækka jafnt, eða með öðrum orðum þrefaldast, þá ættu þær að verða nú 11 milj. og 100 þús. kr., eða sem næst því og gjöldin eru nú. Á þessu finst mjer það því sýnilegt, að gjöldin fara hvergi nærri fram úr hófi, heldur vantar okkur *bersýnilega tekjur*. Nú eru þær áætlaðar að eins rúmar 9 milj., en þyrftu að vera rúmar 11 milj. Þetta má ekki skilja svo, sem jeg sje að álasa stjórninni eða hv. fjárhagsnefnd fyrir, að þær hafi ekki reynt að afla landinu tekna. Bæði stjórnin og nefndin, og sjerstaklega nefndin, hafa gert sjer mjög far um að auka tekjurnar. En það er ekki hægt að búast við, að nefndin finni á stuttum tíma ráð til að bæta upp fleiri milj. kr. tekjuþörf.

En úr því svo er nú ástatt, mætti snúa sjer að fjárveitinganefndinni og spyrja, hví hún hafi ekki dregið saman seglin, þar sem tekjurnar vegi ekki upp á móti gjöldunum. En þá verður fyrst að líta á það, hvað hátv. deildarmönnum sýnist framkvæmanlegt. Og jeg býst við, að okkur komi öllum saman um það, að ekki sje framkvæmanlegt að takmarka framkvæmdirnar, eins og síðustu þing hafa gert.

Auðvitað má segja um einstakar smátillögur, að þetta megi spara. En hitt er víst, að ekki tjáir að sleppa þeim till., sem horfa til verulegra framkvæmda. Það mundi hvergi þykja viturlegt nje affarasælt. Og eins og jeg gat um, hafa undanfarin þing frestað mörgum framkvæmdum, sem viðurkent hefir verið að væru nauðsynlegar, í von um betri tíma. Því að þau hafa jafnan vonað, að þetta og þetta væri síðasta þingið, sem fjárhagsvandræðin kreptu að, síðasta þing stríðsins. Og þjóðin hefir látið sjer þetta lynda, því að hún hefir búist við hinu sama og treyst því, að eftir stríðið yrði hægt að taka til óspiltra málanna.

Jeg býst því við, að þjóðinni yrðu það mikil vonbrigði, ef nauðsynlegar framkvæmdir væru enn takmarkaðar um skör fram, eins og átt hefir sjer stað á undanförnum þingum.

Þeir, sem hugsa um, að landið fái sem mestar tekjur, verða að gera sjer það ljóst, að til þess að þetta geti orðið, þurfa atvinnuvegirnir að eflast; en til þess að þeir geti blómgast, þarf ríkissjóður að styðja þá. Þetta vill fjárveitinganefndin. Henni er það vel ljóst, að það þarf að framkvæma margt, t. d. leggja vegi og síma, gera vita og styrkja verklegar tilraunir, eins og gert hefir verið við Búnaðarfjelagið, og margt og margt. Menn verða að gæta þess, að þótt ýmislegu af verklegum framkvæmdum sje þann veg farið, að ríkissjóður hafi ekki beinan hagnað af þeim, þá hefir hann þó óbeinan hagnað af þeim flestum. Þær ljetta undir með atvinnuvegunum, og efling atvinnuveganna eykur gjaldþol landsmanna. Og sum fyrirtæki eru þann veg í eðli sínu, að þau eru bein tekjulind fyrir landssjóð, eins og síminn t. d.

Auk þessa hefir hið nýja ríkjasamband skapað ný útgjöld, og þótt þessir útgjald-

liðir sjeu nýir í fjárlögunum, þá geri jeg ráð fyrir, að flestir verði sammála um, að atvinnuvegirnir eigi ekki að gjalda fullveldisins. Og jeg geri enn fremur ráð fyrir, að þetta nýja ríkjasamband hafi þau áhrif á hugsunarhátt þjóðarinnar, að hún geri sig ekki ánægða með afturhald. Svo hefir það altaf verið í sögu þjóðarinnar. Sagan sýnir einmitt, að í hvert skifti, sem þjóðin hefir fengið einhverja rjettarbót, hefir öllu fleygt fram. Mjer virðist ókleift, að hægt sje að koma á jafnvægi á fjárhaginn þegar á fyrsta ári eftir ófriðinn. Það tekur nokkurn tíma áður en báðar skálar komist í samt lag. Og jeg geng ekki að því gruflandi, að ríkisskuldirnar vaxa næsta fjárhagstímabil.

Þá vil jeg enn fremur geta þess og leggja áherslu á, að þetta þing verður með stefnu sinni í framkvæmdum að marka spor og leggja grundvöll undir það fyrirkomulag, sem í framtíðinni ætti að verða sem næst lagi, og gjöldin ættu nú að benda næstu þingum á, að við svipaðar útgjaldaupphæðir og nú verða í fjárlögunum verður að miða tekjur landsins, þegar skattamálunum verður komið í sæmilegt horf og festu komið á tekjurnar. Og jeg geri ráð fyrir, að enginn megi gera sjer svo litlar hugmyndir um framkvæmdirnar, að við þurfum minna til þeirra en 12—13 miljónir á fjárhagstímabili, eða 6 miljónir á ári, og þær tekjur verðum við að fá í framtíðinni. Þetta bendir í þá átt, að stjórn og þing verða að haga sjer í tekjuöflun eftir þessu. Það er engum vafa bundið, að þjóðin telur það ekki eftir sjer, þótt hún beri töluverða skatta, ef hún veit, að þeim er varið til nytsamra framkvæmda. Ef þetta þing færi að lækka fjárveitinguna til verklegra framkvæmda, lýsti það ósæmilegu afturhaldi og óviðunandi.

Af þessu er það nú ljóst, að skattamálin eru lífsspursmál okkar á næstu þingum og eina málið, sem allir ættu og verða að leggja sig í líma með að ráða sem best fram úr. Á engu ríður eins og á engu liggur meira. Á þetta vil jeg leggja mjög mikla áherslu til brýningar stjórnar og þings. Og þótt þetta þing hafi ekki fundið svo mikla tekjuauka, sem þörf er á, þá væntum við, að næsta þingi takist, að meira eða minna leyti, að laga hallann.

Á fyrri þingum hefir stjórnina og fjárveitinganefndina einatt greint á um áætlunarfjárhæðir. En nú er þessi ágreiningur með langminsta móti. Áætlanir stjórnarinnar fara oft nærri sanni, en þó ekki alstaðar. Nefndinni finst, að hún hafi enn oft klipið af mjög smámunalega fjárhæðir, sem litla þýðingu hafa fjárhagslega sjeð. Mest ber á þessu í 13. gr. Þetta hefir nefndin reynt að lagfæra með breytingum sínum. Mun jeg síðar drepa á þessar breytingar.

Annars skal jeg ekki rekja einstök atriði neitt að ráði. Og nú er mjer markaður bás af forseta í svipinn, þar sem jeg má ekki fara lengra en út að 12. gr. Við þennan kafla fjárlaganna hafa fáar brtt. komið, og síst sem þörf er að fjölyrða um frekar en gert er í nál.

Jeg þarf ekki að fara frekari orðum um brtt. við 8. gr. Jeg þarf ekki heldur að fjölyrða um brtt. við 10. gr. Nefndin hefir haft þá stefnu, að áætla þetta sem tryggilegast, svo að þetta fari ekki fram úr því, sem gert er ráð fyrir.

Um brtt. nefndarinnar við 9., 10. og 11. gr. skal jeg geta þess, að þær auka útgjöldin um 123,500 kr. Mestur hluti þessarar fjárhæðar er fyrirfram ákveðinn af þinginu, t. d. útgjöldin til landhelgisvarna. Jeg lít svo á, að þingið hafi þar þegar gengið inn á þessa stefnu, sem brtt. ber með sjer.

Þá eru brtt. frá einstökum þm. Er það að eins ein, brtt. á þgskj. 596. Þótt flm. hennar hafi ekki gert grein fyrir till.,

get jeg lýst yfir afstöðu nefndarinnar til hennar.

Brtt. þessi fer fram á, að liðurinn til sendiherra í Kaupmannahöfn falli niður. Það segir sig sjálft, að þar sem nefndin hefir ekki borið fram brtt. um að fella þennan lið niður, þá muni hún ekki vera því meðmælt, að hann falli niður. Jeg geri ráð fyrir, að stjórninni sje áhugamál, að liðurinn fái að standa, og að hún muni verja hann, því að hann er ein af þeim till., sem glöggvast marka þær línur, sem hið nýja ríkjasamband hefir skapað.

Fjármálaráðherra (S. E.): Bæði sú niðurstaða, sem hv. fjárhagsnefnd kemst að, og sú niðurstaða, sem jeg er kominn að, benda á, að hallinn á fjárlögunum, þegar gert er ráð fyrir útgjöldum samkv. launalögunum, verði um 2 miljónir kr. Að vísu má gera ráð fyrir, að tekjuáætlun stjórnarinnar sje helst til lág. En þótt tekjurnar verði dálitlu hærri en stjórnin hefir áætlað, þá er þess að gæta, að útgjöldin verða meiri en áætlað er af þinginu, auk útgjalda samkv. launalögunum, eða útgjöld samkv. ýmsum sjerstökum lögum, sem ekki eru talin í fjárlögunum, og tekjuafgangurinn verður varla of mikill til þess að mæta þessum sjerstöku útgjöldum.

Jeg skal rifja hjer upp það, sem jeg tók fram í byrjun þings, að gamlar og nýjar skuldir mundu um áramótin hafa numið hjer um bil 5½ milj. kr., ef landsverslun og skip hefði verið gert upp. Hag landsverslunarinnar, góða 1 milj., taldi jeg þá ekki með. Háttv. fjárhagsnefnd telur, að enginn halli verði á árinu 1919, en hv. frsm. (M. G.) var þó í miklum vafa um þetta atriði. Um þetta ár, 1919, vísa jeg til athugasemda, er jeg gerði við fyrstu umræðu fjárlaganna, og er mjer næst að halda, að á því ári verði ekki minni en 1 milj. kr. halli, en um það má deila. Væru þá skuldirnar við áramót orðnar 6½ milj. kr. En sýnilega aukast þessar skuldir stórlega úti í framtíðinni. Fyrst er nú hallinn, ef ekkert verður gert til að draga úr honum, sem jeg tel óhæfilegt. Þá bíða 2 milj. skuldir í viðbót úti í framtíðinni.

En þar sem þetta þing gerir ráðstafanir til stórvægilegra framkvæmda, með sjerstökum lögum, sem allar á að gera fyrir lán, þá er því meiri ástæða til þess, að fara með einhverju viti í hin árlegu útgjöld og búa ekki til stóran fjárlagahalla, alveg umhugsunarlaust.

Jeg veit ekki, hvernig hv. fjárveitinganefnd hefir hagað störfum sínum. En jeg geri ráð fyrir, að hún hafi borið sig saman við hv. fjárhagsnefnd um það, hve mikill hallinn mætti vera á fjárlögunum, og þegar svo sá rammi var dreginn upp, hafi útgjöldunum verið hagað eftir því. En mig furðar bara stórlega á, að nefndirnar skuli þola að horfa framan í svo mikinn halla. Hv. framsm. fjárveitinganefndar (M. P.) gaf í skyn í ræðu sinni, að stjórnin hefði ekki sjeð landinu fyrir nægilegum tekjum. (*M. P.*: Jeg tók það fram, að jeg álasaði ekki hæstv. stjórn). — Þá hefir mjer heyrst dálítið skakt. — En hvað sem því líður, þá get jeg fullyrt, að stjórnin hefir, síðan jeg tók við fjármálunum, leitast við að ná eins miklum tekjum og hún hefir sjeð sjer fært. Get jeg þar nefnt meðal annars stimpilgjaldið, sem gefur 1 milj. kr. í tekjur; þá er líka gróðaskatturinn o. fl. Auk þess hefir stjórnin lagt fyrir þetta þing ýms tekjuaukafrv., sem jeg vona að gefi drjúgar tekjur.

En verði ekki dregið úr gjöldunum nú að mun, þá er það sýnilegt, að óhjákvæmilegt er að auka skattana á þjóðinni að miklum mun, bæði vegna fjárlagahallans, og svo vegna útgjalda þeirra, vaxta og af-

borgana, sem greiða verður af hinum nýju lánum, sem gert er ráð fyrir að tekin verði til ýmsra framkvæmda, sem þetta stórstíga þing hefir nú á prjónunum.

En hvar á að taka þessa skatta? Við hvern nýjan tekjuauka kveinka menn sjer.

Á að leggja aukinn skatt á kaffi og sykur? Með því mætti auka tekjurnar að mun, en hvað segir þjóðin við slíku?

En þetta verður hv. Alþingi að gera sjer ljóst, að svo framarlega, sem það er hóflaust í útgjöldunum, þá verður það að súpa seyðið af því og samþykkja ýmsa tekjuauka, sem þjóðin fagnar ekki yfir. Jeg hef verið að reyna að sneiða mest hjá þeim tekjuaukum, sem sárast koma við fátæklingana, og jeg hef verið að reyna að koma sköttunum á þá, sem best geta borið þá, og þó hefir verið óánægja yfir sköttunum, en hvað verður, ef nær verður að ganga þjóðinni? Þingið verður að gera sjer þetta ljóst; best að horfa sem fyrst í augun á sannleikanum, þó hann sje nokkuð harður á svipinn.

Um einstakar brtt. skal jeg lítið segja. Þær brtt., sem leiða af sjer mesta hækkun, liggja ekki fyrir til umr. hjer, því þær eru í seinni kafla fjárlaganna. Það má að vísu segja, að vegagerðir sjeu nauðsynleg fyrirtæki. En þó álít jeg, að það verði að athugast, hvort ekki muni heppilegra að gera minna að þeim framkvæmdum, þó nauðsynlegar sjeu, heldur en að kasta öllu yfir á hallann. — Þær brtt. í þessum kafla, sem aðallega snerta mig, eru viðvíkjandi hagstofunni. — Það kann að vera, að stjórnin hafi farið heldur lágt í till. sínum um hana. En það er reynsla mín, að rjettara sje að halda heldur í við slíkar stofnanir heldur en hitt, því þær fara venjulega fram á það frekasta. Jeg skal játa, að hagstofunni muni vera þörf á auknum starfskröftum. T. d. er leiðinlegt hvað verslunarskýrslurnar eru orðnar á eftir. Veit jeg, að hagstofustjórinn vill koma þessu sem fyrst í lag, því hann er starfsamur maður, en vinnukraftur er fulllítill í hagstofunni. Að endingu vil jeg taka það upp aftur, sem jeg sagði fyr í ræðu minni, að það hefnir sín, ef nú er farið gálauslega með fjármálin.

Sigurður Sigurðsson: Við þennan kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu, hefi jeg ásamt hv. þm. Borgfirðinga (P. O.) leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 596. Hún er við 10. gr., sem fjallar um sendiherrann í Kaupmannahöfn og útgjöld við hann. — Mjer skildist á orðum hv. framsm. nefndarinnar (M. P.), að hún mundi ekki var hlynt þessari brtt. — Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sagði ekkert um hana, og get jeg því ekki vitað um afstöðu hans til till. — Hitt fæ jeg á engan hátt skilið, að brtt., í sjálfu sjer, dragi úr sjálfstæði landsins á einn eða annan hátt, nje heldur að hún skerði nokkuð sóma þess eða framkomu sem fullvalda ríkis. Í brtt. okkar er ætlast til þess, að haldin sje sjerstök skrifstofa í Kaupmannahöfn, og skuli veitt til hennar 12 þús. kr. á ári. Kostnaður við sjálft skrifstofuhaldið er vitanlega fyrir utan þessar 12 þús., sem ætlað er til meðferðar utanríkismálanna. Það kann vel að vera, að þetta sje of lágt áætlað til skrifstofunnar, en það mætti þá lagfæra við síðari umr. málsins. — Aðalatriði brtt. okkar er það, eins og hún ber með sjer, að fella burtu ákvæðið um sendiherrann í Kaupmannahöfn, sem á að hafa 12 þús. kr. laun, og þar að auki 2 þús. kr. fyrir húsaleigu, og önnur 2 þús. kr. í veislukostnað, sem samantalið verður 16 þús. kr.

Það má nú má ske segja sem svo, að ekki muni mikið um þessi 16 þús. En ef margar 16 þús. koma til sparnaðar, og hans gætt í sem flestu, þá safnast þegar saman kemur, og gæti það orðið allálitleg upphæð. Þegar launafrv. embættismanna lá hjer frammi fyrir hv. deild, boðaði jeg, þó óbeint væri,

komu þessarar brtt., og gat þess líka í umr., að jeg teldi slíkt embætti sem þetta óþarft. Og fyrir því hafði jeg ekki ókunnugri heimildarmann en Boga Th. Melsted, mag. — Jeg sje, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) brosir í kampinn. En þó verð jeg að segja, að jeg tel, að ekki verði hjá því komist að taka tillits til álits þess manns. Auk þess hafa ýmsar raddir heyrst móti stofnun þessa embættis að svo komnu. Og er till. okkar flutningsm. bygð á þessu, að svo beri að líta á, sem hjer sje ekki um bráðnauðsynlegt embætti að ræða, og að ekki sje sjerlega aðkallandi, að málið sje til lykta leitt á þessu þingi. Jeg sje ekki ástæðu til að tala langt mál um þetta. Með till. þessari er verið að reyna að draga úr hinum miklu útgjöldum ríkissjóðs og koma í veg fyrir stofnun nýs embættis í Kaupmannahöfn, sem hlýtur að hafa mikinn kostnað í för með sjer, er fram í sækir. Auk þess var af fleirum slegið á þá strengi í umr. um launalögin, að ekki ætti að fjölga embættum. Þetta er í samræmi við álit hv. þm. Borgfirðinga (P. O.) og mitt. Stofnun þessa embættis kallar ekki að, og embættið er auk þess þýðingarlítið, að jeg ekki segi alveg ónauðsynlegt.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sje, að hæstv. forsætisráðh. er hjer ekki viðstaddur. Ætla jeg því að minnast lítið eitt á þessa brtt. hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og hv. þm. Borgf. (P. O.). Jeg vil í þessu sambandi benda á það, að það var, að margra dómi, aðalgallinn á sambandslögunum, að við færum ekki sjálfir með utanríkismál vor að öllu leyti strax. Jeg þarf ekki að fara að lýsa því hjer, hvílíkt áhugamál þjóðinni hefir verið að fá öll ráð yfir málum sínum, og ekki voru það síst utanríkismálin, er vjer töldum að oss riði á að fá í hendur vorar. Í sambandslögunum er nú svo ákveðið, að Danir fari fyrst um sinn með þessi mál í umboði voru, en þó er umboðið að ýmsu leyti takmarkað, og þarf jeg ekki að skýra frá því hjer nánar. En þrátt fyrir umboðið var þó víst engum, sem datt annað í hug en vjer að öllu leyti hefðum hönd í bagga með utanríkismálunum, eins og lög stæðu til, og tækjum þann þátt í meðferð þeirra, er vjer frekast hefðum rjett til. Sendiherrarnir eru umboðsmenn stjórnanna, og því ekki þýðingarlitlir liðir um ýmsar framkvæmdir utanríkismálanna. Aðrar þjóðir leggja, bæði fyr og síðar, mjög mikið inn í slíkar stöður og fela þær ekki öðrum en sínum bestu mönnum. Má í því sambandi nefna, að Englendingar sendu nýlega sem sendiherra til Ameríku einn af sínum bestu mönnum, fyrverandi utanríkisráðherra Grey. Og það gefur að skilja, að það er ekki síður nauðsynlegt fyrir litla þjóð að reyna að hafa áhrif og sem mest afskifti af utanríkismálum sínum. — Þessi sendiherra á auk þeirra starfa, sem samkv. alþjóðavenjum felast í störfunum yfirleitt, að gæta allra hagsmuna vorra í útlöndum, vera vakandi yfir öllum verslunarviðskiftum o. s. frv. Það má benda á, að sambandi Noregs og Svíþjóðar var þannig háttað, að Noregur hafði ekki sendiherrarjett í Svíþjóð. Þessi staða, sem vjer erum nú að stofna, er því ljósasti votturinn gegn öðrum þjóðum um, að vjer erum sjálfstæð þjóð. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) benti á það, að Bogi Melsted væri mótfallinn stofnun þessa embættis. — Jeg vil auðvitað ekki fara að draga fjarverandi mann inn í umr. Að eins vil jeg benda á það, að grein þessa manns, sem stóð í blaði hjer fyrir skömmu, var fjarri því að vera sannfærandi í þessu máli. Og jeg leyfi mjer að efast um, að hún hafi getað vilt jafnglöggum manni sýn eins og hv. 1. þm. Árn. (S. S.) er. Hann gaf það í skyn, að nú væri farið að leggja þessar stöður niður, að þær væru orðnar úreltar. — Jeg þarf varla að taka fram, hvað þetta er í miklu ósamræmi við reynsluna, þar sem stórþjóðirnar taka

nú sína bestu menn til að skipa þessi embætti. Þá drap hv. þm. á kostnaðinn af þessu embætti og taldi, að það mundi verða mjög ódýrt.—Jeg skal ekki segja, hvað stórþjóðirnar borga sínum sendiherrum. En mjer er kunnugt um, að sendiherrar Dana eiga að hafa, samkv. launafrumvarpi stjórnarinnar, 15 þús. kr. í laun. Jeg skal játa, að það mundi verða oflítið hjer, nema því að eins, að sendiherrann væri sjálfur efnaður maður, eins og oft á sjer stað um þessa menn annarsstaðar. Hins vegar væri það tildur að ætla sjer að launa hann jafnvel og stórþjóðirnar launa sínum mönnum, eins og kom fram í þessari grein Boga Th. Melsteds. Jeg man, að það stóð í greininni, meðal annars, að við hefðum skrifstofustjóra Jón Krabbe í Kaupmannahöfn, og þyrftum því engan sendiherra þar. — Það er að vísu ágætur maður, og okkar trúnaðarmaður í stjórnarráðinu, og ætti hann skilið að fá viðurkenningu fyrir starf sitt. En hitt ætti að vera auðskilið mál, að það er sitt hvað, að vera sendiherra og skrifstofustjóri. — Sendiherranum standa allar dyr opnar. Hann hefir tækifæri á að kynnast öllum þjóðum, sem þar koma. Og ef við Ísl. hugsum til þess síðar meir að taka utanríkismálin alveg í okkar hendur, þá gæti jeg trúað, að ekki væri lakara að hafa haft einn slíkan mann, sem með þekkingu sinni og reynslu gæti alið upp handa okkur færa menn til að gegna þessum embættum. — Jeg skal engu spá um það, hvað hv. deild gerir við till. hv. 1. þm. Árn. (S. S.). En hins vegar er mjer ljóst, að verði hún samþykt, þá er það skýr vottur þess, að menn hafa ekki skilning á, hvað utanríkismálin hafa að þýða. Það hafa heyrst raddir um það hjer, að okkur Ísl. kæmi ekkert við, hvernig farið væri með utanríkismál vor, það sje ekki annað en tildur. Jeg trúi því ekki, að slíkar raddir sjeu sprottnar af nokkru öðru en stakasta skilningsleysi. — Og það væri sannarlega ilt að vita til þess, ef sjálft Alþingi setti þann fáfræðis- og skilningsleysisstimpil á okkur Íslendinga, að það vildi ekki neyta sendiherrarjettar síns og teldi hann hjegóma. Að endingu vona jeg það, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) verði ekki svo ógæfusamur, að koma til leiðar, að þessi till. verði samþykt. Enda efast jeg ekki um, að þó sparnaður væri að því, þá mun þjóðin fordæma slíkan sparnað. Henni hlýtur að skiljast það, að hún á að taka þessi mál í sínar hendur síðar meir, og þangað til svo verður er það skylda hennar að hafa íhlutunarrjett um þau eins og henni er unt. Vænst þætti mjer um, að hv. þm. tæki till. sína aftur nú þegar.

Sigurður Sigurðsson: Jeg skal nú ekki eyða tímanum með því, að þrátta um þetta við hæstv. fjármálaráðherra (S. E.). En ræða hæstv fjármálaráðherra var þannig, að hann varð æ heitari eftir því sem á leið, og bað þess allra bæna að endingu, að tillaga mín næði ekki fram að ganga.

Jeg hefi leitað að upplýsingum um stofnun þessa embættis og starfssviðs í athugasemdum stjórnarinnar. En það er skemst af að segja, að jeg hefi engar fundið. Þessu mun sennilega svarað á þann veg, að nafnið „sendiherra“ gefi þetta best til kynna. Það er tekið fram í athugasemdunum, að það verði að launa honum vel og að starfinu fylgi mikill kostnaður. — Um það skal jeg ekki efast. — Hann á að halda dýrar veislur, og auk þess er ýmislegt fleira, sem kemur til greina.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sagði, að þessi maður ætti að vera talandi auglýsing um sjálfstæði þjóðarinnar. Jeg veit ekki, hvort hans eigin persóna verður það. Hitt finst mjer nær sanni, að hann yrði auglýsing um tildur og hjegómaskap íslensku þjóðarinnar.

Jeg hefi gert ráð fyrir með brtt., að sá góði maður, Jón Krabbe, annist skrif-

stofuna áfram. Og fullyrt er, að það sje maður, sem starfi sínu sje vaxinn og láti sjer mjög ant um Íslandsmál. Hefði jeg því haldið, að hann gæti verið sá vörður erlendis, fyrir Íslands hönd, er vjer mættum vel við una fyrst um sinn. En þegar þjóðinni vex fiskur um hrygg efnalega, þá er ekki útilokað, að þjóðin sjái sjer fært að hafa dýran sendiherra í Kaupmannahöfn.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) var fyrir skemstu að útmála fjárhag landsins og sagði, að við værum að komast í skuldir svo miljónum skifti. Hann ætti þá ekki, svo að segja á sama augnabliki, að leggja því liðsyrði, að stofnað sje dýrt embætti, embætti, sem hlýtur að verða æ dýrara og tilfinnanlegra, er fram líða stundir.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) taldi, að ef tillaga okkar yrði samþykt, bæri það vott um skilningsleysi þingdeildarmanna á því, hve utanríkismálin eru þýðingarmikil hverri þjóð. Þessu verð jeg algerlega að mótmæla. Það stendur í engu sambandi við skilning, eða skilningsleysi, á slíku, þó að tillagan verði samþ.

Hann talaði líka um það, hæstv. fjármálaráðherra S. E.), að þjóðin mundi fordæma þessa sparsemi síðar meir. Nei. Þjóðiu er þroskaðri en svo. Hún kann að meta hverja viðleitni til sparnaðar. Og ekki síst þegar um stofnun svo óþarfs og meiningarlauss embættis, sem þetta fyrirhugaða sendiherraembætti er, er að ræða.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg heyrði ekki neitt nýtt í ræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Það var rjett eins og sál sagnfræðingsins væri komin í háttv þm. Það var eins og hann hefði lært utan að greinar hans um þetta mál. (*E. A.*: Greinarnar voru miklu rækilegri).

Sje það rjett, að þetta sje hjegómastaða, sem ekkert gagn er að, þá er sjálfsagt að samþykkja brtt. En jeg vil skjóta einni spurningu til þingmannsins: Af hverju heldur hann, að aðrar þjóðir hafi slíka sendimenn í öðrum löndum? Heldur hann, að þeir mundu gera það, ef það væri ekkert nema tildur? Heldur hann, að Þjóðverjar sjeu svo glæsilega stæðir efnalega, að þeir væru þá að kosta kapps um að senda slíka umboðsmenn til annara landa nú, að stríðinu loknu, ef það væri ekkert nema tildur? Veit ekki þingmaðurinn, að þetta eru einhverjar allra mikilvægustu stöður, sem ein þjóð hefir?

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að við hefðum falið Dönum að fara með þessi mál, utanríkismálin. Það er alveg rjett. En þá verð jeg að skilja háttv. þm. (S. S.) svo, að hann sje eins og bergmál af þeim röddum, er vilja sannfæra þessa þjóð um það, að vjer eigum ekki að hugsa nokkurn skapaðan hlut um slík mál sem þessi þann tíma, sem Danir, samkvæmt samningi, fara með þau fyrir oss. Vjer eigum því alveg að loka augunum, af því að vjer höfum góða ráðsmenn, þar sem Danir eru. Jeg veit, að það er annarsstaðar svo, að menn telja rjett að líta eftir umboðsmönnunum, þar sem þeir eru settir, og athuga, hvernig með málin er farið.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að það gerðu þeir Jón Krabbe og Jón Sveinbjörnsson. Það er mjög leiðinlegt, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) blandar inn í þetta mál einstökum mönnum. Það er enginn, sem segir, að Jón Krabbe geti ekki fengið stöðuna. En hitt er annað mál, að í þeirri stöðu, sem hann er nú, getur hann gert þjóðinni stórmikið gagn.

Jeg finn ekki, að fje til slíks sendiherra sje kastað út í óþarfa. Svona maður gæti gert Íslandi margfalt meira gagn en launanum nemur, með því að hafa gætur á öllu, sem lýtur að verslun og viðskiftum við útlönd, og láta vita um það á rjettum tíma.

Það er leiðinlegt, að hæstv. forsætis-

ráðherra (J. M.) er nú önnum kafinn, en þess vegna hefi jeg tekið að mjer að verja þennan lið fjárlaganna.

En þótt háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) haldi, að hann fái betra hljóð í Flóanum, ef hann hefir frá þessari tillögu að segja, þá er þó ekki víst, að svo verði. En nú skulum vjer fyrst sjá, hvern úrskurð þessi háttv. deild leggur á hana.

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki hafa mörg orð um þessa tillögu. En út af ummælum hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) vil jeg segja nokkur orð. Hann talaði mikið um það, sem og rjett var, að aðrar þjóðir legðu mikla áherslu á að hafa sendimenn í útlöndum, til þess að vinna fyrir verslunina. Jeg álít, að við eigum að gera þetta sama, þegar nauðsyn ber til þess. Það er nauðsynlegt að hafa sendimenn erlendis til aðstoðar á þessu sviði. Núna á stríðsárunum höfum vjer sent mann til Ameríku, og ætti að rýmka það enn meir. En vjer eigum ekki að fara að eins og hæstv. stjórn ætlast til í fjárlagafrumvarpinu. Vjer eigum að senda mann til þess að vinna á praktiskum grundvelli að okkar málum. En við eigum ekki að senda mann til þess að halda veislur og mæta á hærri stöðum, eins og hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) var að tala um, heldur til þess að vinna að hagnýtum störfum fyrir þjóðina. Jeg legg sem sje ekki nærri eins mikið upp úr því og hæstv. fjármálaráðherra, hvaða þýðingu þessi maður kunni að hafa fyrir hagsmuni okkar á „hærri stöðum“. Hitt er miklu meira um vert, að sendur sje góður, ötull, viðskiftafróður maður til þess að vinna að útbreiðslu á framleiðsluvörum okkar. En jeg efast stórum um það, að gagn sendiherra mundi verða neitt í samsvörun við það, sem hann mundi kosta miklu meira en verslunarerindreki.

Sending þessi kostar afarmikið fje. Og hjer er alls ekki hægt að fara í neinn samjöfnuð við sórþjóðirnar. Þær hafa miljónir og tugi miljóna manna til þess að jafna sköttum sínum niður á, en hjer eru einar 90 þúsundir manna til þess að bera alla skattabyrðina. Þær geta ausið út fje á báðar hendur og togast á um tildur og hjegómaskap í nafnbótum og því, sem það hefir í för með sjer, en við ekki.

Hæstv fjármálaráðherra (S. E.) sagði, að í öðrum löndum veldust venjulega ríkir menn í þessar stöður. Já, það er nú svo. En við eigum ekki mikið af ríkum mönnum. Og jeg geri heldur ekki ráð fyrir, að það sje endilega víst, að maður hefði aðra eiginleika, sem nauðsynlegir eru í þessu efni, þótt hann væri auðugur.

Jeg ber ekki tillögu þessa fram af því, að jeg telji ekki nauðsynlegt að hafa menn úti í löndum, til þess að vinna fyrir okkur. En jeg vil fara kostnaðarminni leið, sem þó getur gert jafnmikið raunverulegt gagn.

Jeg held, að það sje ekki tilviljun ein, að hæstv. stjórn hefir ekki ætlað nema 16,000 krónur á ári handa þessum sendiherra. Mjer blandast ekki hugur um það, að ef hann ætti að slaga nokkuð upp í það, sem gerist um slíka menn erlendis, og efast jeg ekki um, að það yrði talið sjálfsagt, ef jeg þekki rjett, þá yrði að veita margfalda þessa upphæð.

Stjórnin hlýtur því að bera fram brtt. um að hækka þessa fjárveitingu að miklum mun, því að ómögulega mun henni detta í hug að ætla sjer að blekkja þingið með því, að þessi fjárhæð muni nægja.

Jeg vil harðlega vísa frá mjer öllum getsökum hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) um, að við, sem flytjum till., viljum með henni setja einhvern óþverrastimpil á þjóðina. (*Fjármálaráðherra*: Jeg sagði skilningsleysi).

Jeg sje, að hæstv. stjórn er þetta mjög

mikið áhugamál. Furða jeg mig ekki sjerstaklega á því, ef það er satt, sem heyrst hefir, að hæstv. stjórn sje þegar búin að semja um þetta í Kaupmannahöfn á bak við þing og þjóð. Það hefir flogið fyrir, hvað sem tilhæft er í því.

Bjarni Jónsson: Jeg heyri nú og það undrar mig, að hjer er tillaga fram borin, sem eigi verður með öðru varin en yfirskinsástæðum, enda eru ástæður flutningsmanna heldur út í hött. Þetta vildi jeg sagt hafa til inngangs.

Jeg var svo óheppinn, að jeg hlustaði ekki á ræðu háttv. aðalflutn., er mun vera háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). En jeg hefi beðið greinagóðan mann að skrifa upp aðalefni ræðunnar, og hefi það hjer fyrir framan mig.

Skal jeg fyrst drepa á það, er mest bar á í ræðu háttv. flutningsmanns (S. S.). En það var sparnaðurinn. Þeir kveða það fullvíst, að við það sparist mikið fje, ef felt sje niður sendiherraembættið fyrirhugaða. Jeg hefi þó ekki heyrt ástæður færðar fyrir því, að sparnaður verði, nje heldur hve mikill. Þeir halda, háttv. flutningsmenn, að þeir geti haft skrifstofu í Kaupmannahöfn fyrir 12000 kr., eins og skrifstofan þar kostaði áður, er hún var í sambandi við annað. Þó að skrifstofa þessi hafi eigi kostað meira fje áður, er það draumur einn, að þessi kostnaður þurfi ekki að aukast nú. Hjer þarf til nýja menn og fleiri en verið hafa. Forstöðumaður skrifstofunnar hefir áður haft annan starfa með höndum jafnhliða, en hefir eigi þurft að hafa skrifstofuna að aðalatvinnu. Auk þess er hann efnaður maður. En nú er hann alveg horfinn úr þeirri þjónustu. Dettur nú engum lifandi manni í hug, að hann ræki stöðu þessa áfram. Hefir hann fengið aðra stöðu, er með engu móti samræmist þessari, er áður hafði hann.

Allur munurinn verður þá á því, hvort hinn nýi umboðsmaður hefir há laun eða lág. Væri hann að eins skrifstofustjóri, mundu launin lægri. Það sem sparaðist við till. yrði því í hæsta lagi 3—4 þús. kr. En það er sama sem enginn sparnaður. Þess vegna vil jeg ekki, að háttv. þm. gagnist þetta mikla tal um sparnað.

Þá heyrðist það líka, svo sem áður hefir brytt á í viðtali við menn, að það væri vafasamt, hvað sendiherrann ætti að gera. Það er þó eigi svo mjög vafasamt. Í starfi sínu á hann að sameina öll slík störf sendimanna, sem landinu er þörf á, frá sendiherrastarfi niður í konsúla- eða ræðismannastarfið. Hans skrifstofa á að hafa þetta alt á hendi.

Á það má benda, að sá er munur á sendiherra og skrifstofustjóra, að sendiherrann hefir aðgang að sendiherrum annara ríkja, umgengst þá og kynnist þeim. Þess vegna getur hann gert Íslandi ómetanlegt gagn, þar sem enginn skrifstofustjóri fær áheyrn. Auk þess getur hann haft eftirlit með því, hversu Danir reka erindi vor á Norðurlöndum öðrum, Noregi og Svíþjóð, Þýskalandi, og jafnvel Frakklandi og Englandi, betur en stjórnin hjer heima, sem eigi hefir tök á að umgangast neina sendiherra eða aðra útsenda stjórnmálamenn, nema þá fáu, sem hingað eru sendir. Hann gæti, ef á lægi, afstýrt, Íslandi í hag, því, sem ella gæti orðið skaði að, og stuðlað að hagsmunum þess, er hann yrði þess var, sem koma mætti landinu í hag.

Þetta eitt ætti að vera ærið nóg til að sannfæra hvern hygginn þingmann, að hjer til væri hagur að greiða ekki minna fje en stjórnin leggur til, heldur meira; að sendiherrann getur haft umgengni við sendiherra annara ríkja. Það getur orðið Íslandi hinn mesti hagnaðarauki. Þetta er mikiu meiri sparnaður en nemur því,

sem fjárveitingin verður lægri fyrir það, að maðurinn hefir óveglegra nafn. Þetta er svo mikilsvert, að vafasamt er, að metið verði til peninga. Jeg ætla, að menn hafi rekið sig á það á liðnum ófriðarárum, hvað það kostar landið að hafa enga sendimenn úti, er skip liggur t. d. hirðulaust á höfn í Vesturheimi mánuðum saman, fyrir það eitt, að enginn er sendimaðurinn til að greiða götu þess. Þörfin á slíkum sendimanni er auðvitað meiri á styrjaldartímum en ella. En það er ætíð svo, og fer ekki hjá því, að hver sendimaður borgi 4—5 sinnum kaup sitt með því gagni, er hann vinnur landinu, og það við sjerstök tækifæri, utan daglegra starfa, sem gagnið af eigi verður tölum talið eða reiknað.

Jeg hefi reynslu í þessum efnum. Og ef menn vilja vjefengja orð mín, hefi jeg á reiðum höndum vitnisburð viturra manna erlendra um það, sem jeg tók mjer fyrir hendur þegar jeg var erindreki þessarar þjóðar. Það yrði hinn mesti óhagur þessari þjóð, ef að eins er litið á gjaldið í fjárlögunum, og það verður til þess, að enginn er sendur. En svo er miklu fleira, sem mælir með því, að störf sendiherra muni vera margfalt meira virði en þeir peningar, sem varið yrði til hans.

Jeg heyrði háttv. aðalflutnm. (S. S.) vitna í orð Boga Melsteðs um þetta mál. Hefir hann sjálfsagt talið óhætt að byggja á þekkingju þessa sagnfræðings. Jeg hygg, að þekking hans á þessu máli sjáist einna ljósast á því, er hann sagði í grein sinni, að Íslendingar væri ekki skyldir til að senda sendiherra, þar sem Danir hefði ekki sent hingað sendiherra, heldur ráðgjafa! Við, sem eitthvað höfum lært í latínu, vitum, að „minister“ þýðir eiginlega „þjónn“. Hví segir maðurinn þá eigi, að Danir hafi sent hingað þjón. Annars vitum vjer um þann mann, er Danir hafa sent, að hans titill er: „Overordentlig Gesandt og befuldmægtiget Minister“. Þykir þessi titill einna virðingamestur, þar sem hann veitir sendimanninum fylsta umboð og svo veglegt nafn, að eigi er nema eitt æðra. Sama titil bera sendimenn Dana í Osló og Stokkhólmi. Sendimaður Þjóðverja í Kaupmannahöfn setur nú á nafnspjald sitt „Residerende Minister“. Það er Freiherr v. Neurath, sem jeg er lítils háttar kunnugur. Svo má halda áfram að telja. En flestar þjóðir hafa menn með smærri titlum, er þær senda til smáríkja, eins og Norðurlandaríkjanna.

En að nefna slíkan mann „ráðgjafa“ er annaðhvort hrekkvísi eða barnaskapur svo mikill af fullorðnum manni, að alls ekki ætti að sjást. (*E. A.*: Það er fáfræði!) Þá hefir hann ekki lesið sambandslögin, því að ella ætti hann að vita, að stjórn danska ríkisins hefir eigi verið hingað flutt, og getur því eigi verið um danskan ráðgjafa að ræða. Vjer Íslendingar gætum eigi heldur sent ráðgjafa til Danmerkur. Íslenska stjórnin á eigi að sitja þar. Það er sagt í stjórnarskrárfrv. því, sem hjer verður samþykt, að íslenskt ríkisráð sje starfhæft og ályktunarfært, þótt eigi sje viðstaddur nema einn íslenskur ráðherra. En að Íslendingar hafi þar í Kaupmannahöfn ráðgjafa, eða Danir hjer, fer beint í bága við sambandslögin og stjórnarskrána. Jeg fyrir mitt leyti hefði því ekki viljað bera fram tillögu, bygða á því, er Bogi Melsteð hefir um málið ritað. Það kann að vera, að háttv. flutningsmaður (S. S.) geti haft þessa grein sjer til rjettlætingar á dómsdegi, en hve vægan dóm hann fær, skal jeg láta ósagt.

Það er því alveg rangt mál, og bygt á vanþekkingu höfundar þessarar greinar eða hrekkvísi, að Danir hafi ekki sent til Íslands sendiherra. En þá hafa Danir sýnt oss þá hæversku, að þótt vjer Íslendingar hefðum aldrei ætlað að senda sendiherra

til Danmerkur, væri það ein ærin ástæða til þess, að sá væri upp tekinn. Danir hafa sent hingað sendiherra, og með því sýnt hinu unga íslenska ríki fulla kurteisi, með því að senda því sendiherra, eins og stórveldum heimsins. Er þá sjálfsögð kurteisi, að Íslendingar sendi þeim mann, er eigi beri óæðra nafn en sá, er hingað var sendur; það er sjálfsögð kurteisisskylda. Sumir menn kunna að líta svo á, að hæverska sje eigi nauðsynleg stórveldunum. Þykir hafa brytt á því ófriðarárin, að þau hafi gleymt kurteisinni. En aldrei hefi jeg heyrt, að þess sje eigi þörf fyrir hin minni þjóðlöndin, að sýna fulla hæversku. Og þar sem íslenzka þjóðin hefir nú lengi barist fyrir fullveldi sínu, og nú fengið það viðurkent fyrir tæpu ári, er þess nauðsyn, að hún byrji viðskifti sín við ríkin í kring um sig með fullri hæversku. Og þó að jeg vilji eigi hrósa Dönum, eða nefna þá engla, þótt þeir gengi að sáttmálanum, þá verð jeg að segja, að minna er ekki hægt að gera úr sáttfýsi þeirra en að full hæverska komi á móti.

Jeg hefi þá þegar talið tvær ástæður til þess, að vjer sendum sendiherra til Dana, og mundi hvor um sig nægja. Í fyrsta lagi er sú mikla nytsemi, sem landinu má af því verða, að sendur sje til Danmerkur íslenskur maður með sendiherratign. Og í öðru lagi er sú sjálfsagða hæverska við sambandsþjóð vora, sem þegar hefir sýnt í verkinu, að hún vill unna oss allrar sæmdar, og sent hingað sendiherra. Er ekki nema skylt, að við látum annan jafngildan í móti koma.

En svo skal jeg minna á, hvað gerðist hjer á þingi 1918, þegar samningar stóðu um samband Íslands og Danmerkur. Þá varð Alþingi Íslendinga að vinna það til viðurkenningarinnar á fullveldi landsins, að ganga að ýmsu, er mörgum þótti varhugavert. Í fyrsta lagi samþykti þingið að láta Dani fá þau atvinnurjettindi hjer á landi, sem 6. gr. sáttmálans heimilaði þeim í 22 ár, og mega menn muna, að allmikil mótspyrna varð gegn því. Og í öðru lagi gekk Alþingi að því, að heimila Dönum að fara með utanríkismál Íslands í umboði þess. Þótti mjer það miklu meiri ljóður á sáttmálanum en hitt, enda litu allir hinir vitrustu menn landsins sömu augum þar á. Þó gengu þm. að báðum þessum atriðum, með því skilorði, að þeir sjálfir yrðu á verði um heill landsins og hag. Munu þá allflestir þingmenn hafa strengt þess heit, að láta sjer eigi fatast. Enda var og sett í sáttmálanum, að ríkin skyldu sjálf ákveða, hverja fulltrúa þau hefðu hvort hjá öðru. En bæði fullveldisnefndirnar og fulltrúarnir í samninganefndinni töluðu um, að sjálfsagt væri, að bæði ríkin hefðu sendiherra hvort hjá öðru, til þess það væri öllum þjóðum fullljóst, að Íslendingar væru ekki háðir Dönum í neinu. Þá var enginn þingm. á móti því, og kemur mönnum því þetta nokkuð undarlega fyrir sjónir, ef nú á að leggja á móti jafnsjálfsögðum hlut. Mjer er það heldur ekkert leyndarmál, að bæði forsætisráðherra, fjármálaráðherra og við hinir, sem verið höfum landsins erinda í Danmörku síðan sambandslögin voru staðfest, höfum gefið það fullkomlega í skyn, að sendiherra mundi verða sendur hjeðan.

Svo er þess að gæta, að viðurkenningin frá öðrum þjóðum fyrir fullveldi voru er einmitt fólgin í því, að þær hefji þjóðaviðskifti við vora þjóð. Og það gera önnur ríki með því að senda hingað sendiherra. Og nú hafa Danir sýnt það drengilega, að þeir hafa hafið milliríkjaskifti við oss, með því að senda hingað sendiherra, með fullri nafnbót. Norðmenn hafa enn fremur sent hingað „Generalkonsul", sem er þó stigi lægra. En eftirdæmi Dana getur gefið hinum frændþjóðunum tilefni til að senda hingað reglulega sendiherra.

Nú var það ásetningur og vilji alls Alþingis og nefndarmannanna í fyrra, að Íslendingar sleptu aldrei því færi, sem byðist, til að taka utanríkismálin í sínar hendur, svo sem verða mætti án sáttmálsrofa eða illinda. Og hvers vegna á þá nú að sleppa fyrsta tækifærinu, sem býðst? Er því í raun og veru svo varið, að menn sjeu búnir að fá nóg af fullveldinu? Eða hvernig má þeim óheilindum varið vera, sem gripið hafa suma háttv. þm. síðan í fyrra? Vjer verðum að vera vel vakandi fyrir fullveldi Íslands. Það er ekki nóg, að Danir hafa birt öðrum þjóðum sáttmálann, samkv. 19. gr. hans, og þær hafi sjeð fullveldi voru bregða fyrir sem snæljósi sem snöggvast. Þær mundu þá skjótt gleyma því aftur, ef ekkert minnir þær á það framvegis. Þær verða að sjá einkenni Íslands, fána og skjaldarmerki, á þeim stöðum, sem aðrar þjóðir sýna sín einkenni. Og ekki gleyma þær því, að Ísland er viðurkent fullvalda ríki, ef þessa er gætt, og einkum ef vjer höfum sendiherra hjá þeirri þjóðinni, sem áður var haldin yfirdrotnari vor. Vjer verðum því að fylgja þessu fast fram og neyta allrar orku, þegar færi gefst.

En ef Íslendingar nú ímynda sjer, að fullveldi það, sem brá hjer fyrir eins og snæljósi í fyrra, standi um aldur og æfi, án þess nokkuð sje að hafst af þeirra hálfu til þess að efla það og viðhalda því, þá er fullveldið illu heilli fengið. Hið nýfengna fullveldi vort þarf að fara með eins og hvítvoðung. Að því þarf að hlúa og yfir því þarf að vaka, og ekki síst þar sem þjóðin er jafnfámenn sem íslenska þjóðin. Því að ætíð er vandi að stýra landi, en mestur vandi að stýra litlu landi.

Jeg kann svo ekki að vita, hvort mjer er þörf á að minnast á fleira. Jeg heyri á flutningsmanni tillögunnar, að hann hafi komið fram með hana til þess að draga úr kostnaði og stofna ekki óþörf embætti. Já, sjer er nú hver óþarfinn! Jeg gæti vel skilið það,, ef þingmenn stæðu upp og hjeldu ræður af tómri gleði yfir því, að *geta* sent þenna sendiherra til Danmerkur. Og svo mikið er víst, að ekki verða mörg atkvæði kjósenda með þeim mönnum, sem vilja hindra, að þetta nái fram að ganga. Því að kjósendur eru eins greindir og vjer, sem hjer sitjum, og vjer erum nógu greindir til að sjá, að þetta er þarfasta embættið, sem stofnað hefir verið á Íslandi.

Forsætisráðherra (J. M.): Því miður hefi jeg ekki heyrt umr., því jeg komst ekki hjá því að vera í Ed. En jeg hefi heyrt, að sumir í háttv. deild vilji ekki fallast á, að við höfum sendiherra að umboðsmanni í Danmörku. Jeg get að vísu játað, að það er ekki nauðsynlegt til þess að sanna það, að Ísland sje orðið fullvalda ríki og að eins í þjóðrjettarsambandi við Danmörku. Það er þegar nægilega ljóst. En eins og málinu er komið nú, þá álít jeg ekki rjett að hverfa frá því ráði.

Það hefir verið dregið í efa hjer í sumum blöðunum, að Danir hafi í raun og veru sent hingað sendiherra. Þetta er algerlega rangt. Að vísu er það ekki satt, að þeir hafi sent hingað 1. flokks sendiherra, eða „Ambassadör", enda hafa þeir þá víst hvergi. En maðurinn er sannur sendiherra og viðurkendur af íslensku stjórninni sem sendiherra til þess að vera milligöngumaður að þjóðrjettarsambandi landanna. Nú var það ekki ákveðið í sambandslögunum, að maðurinn yrði sendiherra; Danir gátu líka sent hingað „Generalkonsul". En eftir því, sem mjer var sagt í Danmörku, var bygt á því í fullveldisnefndunum, að sá maður, sem til Íslands yrði sendur, hefði sendiherranafnbót, og vice versa. Þá gat jeg ekki svarað öðru en því, að jeg byggist við, að Íslend-

ingum mundi þykja vænt um, ef maðurinn yrði sendiherra, og þótti rjett að gera ráð fyrir því, að við mundum senda sendiherra í móti, þegar verið var að útbúa fjárlögin. Jeg skil vel, að menn horfi nokkuð í kostnaðinn. En sá kostnaður ætti þó ekki að vaxa mönnum svo í augum á þessu þingi, sem jeg ímynda mjer að verði óhætt að kalla miljónaþing með fullum rjetti.

Jeg vona því, að við höfum okkar mann í Kaupmannahöfn með sendiherranafni, og látum hann hafa sæmileg laun, en ekkert meira. Það er vitanlegt, að ýmsir hjer á landi vildu gjarnan, að Íslendingar hefðu sjálfir á hendi utanríkismálin. En þegar nú koma mótmæli gegn því, að hafa einn sendiherra í heiminum, hvað hefði þá orðið, ef við hefðum þurft að senda marga sendiherra út um lönd? Við verðum að taka afleiðingunum af fullveldinu, og öll viðurkend upphefð kostar altaf eitthvað. Mjer dettur þá heldur ekki í hug, að brtt. um að fella sendiherraembættið nái fylgi í hv. deild.

Svo skal jeg að eins drepa á 8. brtt. nefndarinnar. Þótt jeg fyrir mitt leyti verði að fallast á, að fjárframlögin sjeu þar hæfileg, þá er það líklega ekki fimti parturinn af því, sem sjávarútvegsnefnd kemur til með að heimta á næstu árum. En jeg hefi gert þá aths. í Ed., að þótt það sje heppilegast að fá strandvarnirnar sem fyrst, þá þarf það mál mikinn undirbúning, og mætti bæta gæsluna smátt og smátt með líkri upphæð og hjer er farið fram á. Hefi jeg svo ekki meira að segja um þetta atriði í bráð.

Jón Jónsson: Það var við byrjun þessarar umr. minst á, hvaða stefnu bæri að taka í þeim málum, sem nú liggja fyrir, fjármálunum. Háttv. framsm. (M. P.) skýrði málið frá sjónarmiði nefndarinnar og benti á þá leið, sem hún vildi halda. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) andmælti þeirri ræðu, og mjer fanst á honum, að hann liti öðrum augum en nefndin á stefnuna og teldi stefnu nefndarinnar varhugaverða og fyrirhyggjulitla. Hann varaði við að fara eins geyst og nefndin hafði lagt til, og benti í því sambandi á þær skuldir, er hvíla á okkur nú. Það er alveg rjett, að við skuldum, en þá er að athuga, hvort þær skuldir stafi af óhóflegri meðferð á fje landsins, eða af öðrum ástæðum. Við verðum að athuga þá tíma, sem við lifum á, og ef það er gert, þá verða skuldirnar skiljanlegri.

Jeg undraðist, þegar jeg sá frv. stjórnarinnar. Þar voru ýmsar upphæðir til framkvæmda látnar standa óbreyttar frá því, sem var fyrir stríð, þrátt fyrir það, að peningar hafa fallið í verði að miklum mun. Ef litið er á gildi peninganna, en ekki starblínt á fjárupphæðir á pappírnum, þá sjest, að stjórnin vill nú verja þrisvar sinnum minna til framkvæmda en áður. Og stjórnin hefir ekki látið sjer þetta nægja. Hún hefir meira að segja kipt að sjer hendinni um ýmsar framkvæmdir. Þetta er sparnaðarstefna, eða rjettara sagt kyrstöðustefna, því nauðsynlegar framkvæmdir eiga að bíða, eða útgjöld til þeirra verða klipin svo við neglur, að að litlu haldi kemur. Jeg hjelt, að stjórnin hefði að eins gert þetta til að fara varlega í sakirnar og ýta ekki undir þingmenn um bruðlun. Jeg hjelt, að henni væri þetta ekkert kappsmál, hún ljeti það alveg á þingsins valdi. En mjer hefir skjátlast. Stjórninni virðist alvara með afturhaldið, hún ætlar að verja sparnaðinn með oddi og egg. Þetta er skýr stefna hennar, svo ekki er um að villast. Mjer þykir þetta einkennilegt með hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), því jeg hjelt hann framsækinn og frjálslyndan. Mjer þykir leitt að láta af því áliti, en jeg sje mjer ekki annað fært.

Þó þetta virðist stefna stjórnarinnar, þá er svo ekki í öllum greinum, og brestur sumstaðar á samræmið. Stjórnin hefir lagt með því, að embættismönnum yrði launað sómasamlega, og er það í framsóknaráttina. Ef stjórnin vildi vera sjálfri sjer samkvæm, þá ætti hún samhliða þessu að leggja með framförum og framkvæmdum á öðrum sviðum. En það láist henni: hún berst á móti þeim með hnúum og hnefum. Stjórnin er því bæði framsækin og íhaldssöm, bæði fugl og fiskur, eða flugfiskur.

Brtt. þær, sem fara fram á að auka útgjöldin, eru að eins óhjákvæmilegar afleiðingar af dýrtíðinni, en engin bruðlun eða fjárglæfrar. Jeg get ekki talið það óhóf, þó atvinnuvegirnir sjeu ekki látnir sitja á hakanum, þó eitthvað sje gert til að gera þá færa til að svara þeim sköttum, sem ríkinu eru nauðsynlegir.

Það hafa komið hjer fram tvö frv., sem hafa lán og skuldir í för með sjer, frv. um húsabyggingar og brúargerðir. Þau eru að eins fram komin í því skyni, að dreifa kostnaðinum á fleiri ár, því um framkvæmdir er að ræða, sem eftirkomendurnir njóta jafnt og við, sem nú lifum. Þetta álít jeg skynsamlega stefnu, því við getum ekki varið það fyrir sjálfum okkur að slá hendinni af þessum framkvæmdum. Jeg áleit það skyldu stjórnarinnar að reyna að sjá fyrir tekjum, sem nauðsynlegar væru til þess að forðast kyrstöðu. Stjórnin hefir ekki orðið við þessu, og skal jeg játa, að það er hægra sagt en gert. En þrátt fyrir það megum við ekki láta framkvæmdir liggja í láginni, heldur reyna að halda í horfinu. Stjórnin lítur öðruvísi á. Hún treystist ekki til að halda í horfinu; hún hefir tekið upp íhaldsstefnu á þessu sviði.

Það er blað hjer í bænum, sem hefir gert það sjer til dægrastyttingar og til eyðufyllis, að reyna að skifta þinginu í flokka. Flokkaskifting þess hefir verið þannig, að þeir, sem höfðu velþóknun blaðsins, eru kallaðir vinstrimenn, en hinir hægrimenn eða íhaldsmenn. Þetta blað, sem er Tíminn, hittir ekki altaf naglann á höfuðið, og hefir líka orðið klámhögt í þetta skifti. Við getum að minsta kosti sannfært okkur um, að í fjármálunum hafa nöfnin ekki reynst samkvæm sannleikanum, því ekki veit jeg, hvað kallast á íhald ef ekki það, að vilja draga úr öllum nauðsynlegum framkvæmdum landsins. Annars eru svona sleggjudómar að engu hafandi. Flokkaskifting eftir framsókn og íhaldi er ekki orðin skýr enn þá, sem ekki er von. Gömlu flokkarnir hafa ekki enn skipað sjer um ný mál, enda hefir varla unnist tími til þess. Í málum eins og þessum kemur fram framsókn eða íhald manna, án tillits til þess, hvaða flokksnafni þeir nefnast. Ef á því mætti marka önnur mál, þá yrði hæstv. stjórn að teljast íhaldssöm. Jeg veit að vísu ekki, hvort hún er hjer öll á einu máli, en hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hefir ekki reynt að draga dul á skoðanir sínar. Hinir hæstv. ráðherrar hafa ekki andmælt og þá samþ. með þögninni.

Jeg gat þess áðan, að jeg hefði ekki haldið hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) íhaldssaman, og á jeg því bágt með að skilja afstöðu hans. Hún getur ekki verið mótuð af vilja kjósenda, því þeir ætlast til, að nú sje tekið til óspiltra mála eftir kyrstöðu ófriðaráranna. Jeg býst við, að ef við sáum íhaldi, uppskerum við óþökk kjósenda, auk þess sem við setjum blett á sjálfa okkur. Þinginu getur heldur ekki talist vansalaust íhaldsafskifti af framkvæmdamálum þjóðarinnar. Jeg býst við, að sá blettur sæist á blaðsíðum sögunnar, síðar meir. Hjer þýðir ekki að tala um sparnað og skuldir, við verðum að treysta framtíðinni, því henni vinnum við. Þjóðin lifir ekki á sparnaði, heldur framkvæmdum.

Pjetur Jónsson: Eins og skilja mátti á ræðu háttv. framsm. (M. P.), þá var minst á sendiherrann í nefndinni, og varð ekki meiri hluti með því að fella hann niður. Jeg vil gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Jeg býst við að greiða atkv. með brtt. á þgskj. 596, en það ber ekki að skilja það atkv. svo, að jeg sje að mæla endanlega á móti því, að við fáum sendiherra í öðrum löndum, því síður að hafa forstöðu okkar mála þar sem besta. En þegar um það er að ræða að búa til slíkt embætti, þá veltur það á mestu að hafa til þess hæfan og góðan mann, hvaða embættisnafn sem hann ber. Jeg sje ekki ástæðu til að slá þessu embætti föstu fyr en vitanlegt er, hvernig okkur verður til um hæfan mann. Okkur væri nær að líta á það, sem fyr kallar að, og reyna að skipa þau 3 ráðherrasæti, sem nú eru auð; það og enda fleira ætti að ganga á undan. Jeg vildi að eins taka þetta fram, til að hafa frjálsar hendur til að greiða atkv. með sendiherra síðar, ef til þess kemur. Jeg skal ekkert fara út í þá hærri pólitík í þessu máli eða samband þessa máls við fullveldi þjóðarinnar, en það sem mest á ríður er, að maðurinn, sem í stöðuna velst, sje duglegur og vel hæfur, og áður en vissa er á því er óþarfi að stofna embættið.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi álitið það skyldu mína að sýna háttv. deild sem ljósast, hvernig sakir stæðu í fjármálunum. Jeg hefi sýnt fram á, hvaða skuldir standa að baki, og varað við þeim hliðargötum, sem háttv. fjárveitinganefnd hefir lagt inn á og reynt að teyma þingið á eftir sjer út á. Jeg hefi reynt að gera mönnum það skiljanlegt, að full ástæða sje til að fara varlega.

Háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) hefir átalið stjórnina fyrir sparsemi og afturhald, og talið það ósamræmi, að stjórnin hefði þó viljað hækka laun embættismanna. Ástæðan til, að stjórnin sá sjer ekki annað fært en að leggja til, að laun embættismanna væru sómasamleg, var sú, að hún taldi það óhjákvæmilega nauðsyn. Sú þjóð er illa farin, sem á fjárhagslega ósjálfstæða embættismenn, en það var sýnilegt, að ef kjör þeirra hjeldust óbreytt, þá hefðu þeir orðið flestir bundnir á skuldaklafann, en allir sjá, hvert það stefnir, ef svo er farið með trúnaðarmenn þjóðarinnar, því með því væru opnaðar allar leiðir að spillingunni. Jeg get sagt fyrir mig, að jeg er hálaunaður embættismaður, en þó sje jeg mjer ekki fært að lifa af launum mínum. Jeg gat því dæmt um nauðsynina af eigin reynslu. Jeg vil ekki innleiða umr. hjer um launamálið; menn eru víst orðnir sæmilega leiðir á þeim hjer áður, en jeg vildi að eins skýra frá því, hvernig stóð á því, að stjórnin sá sjer ekki annað fært en að leggja með hækkun á launum embættismanna.

Við fyrstu umr. fjárlaganna lýsti jeg greinilega, hvaða stefnu jeg teldi að þingið ætti að fylgja í fjármálunum nú, bæði að því er landsverslunina snertir, fyrirsjáanlegan halla á kolum og salti, og svo einnig hallann á þessu ári á landsbúskapnum. Enn talaði jeg um árin, sem fram undan eru, og taldi lítt forsvaranlegt að stofna til halla á þeim nú. Þá stefnu tadi jeg lítt verjandi, því ef inn á þá braut væri farið, þá værum við á leið niður á við. Ef þetta á að kallast afturhald, þá er jeg reiðubúinn til að taka við því nafni.

Jeg veit, að háttv. framsm. (M. P.) telur engin vandkvæði á því, að greiða hallann með lánum, en það er einmitt eldur í öllum fjárhagnum, ef þingið heldur lengra inn á þá leið. Áreiðanlega getur líka farið svo, að erfitt verði að fá slík lán í þessu augnamiði, og spá mín er sú, að ódýr reynist þau ekki. Vel verður að gæta að því, að lán, sem tekin eru til að borga árlega halla, eru miklum mun ver sjeð en lán til arðvænna fyrirtækja. Talað hefir verið um innanlandslán, og stjórnin hefir haft það mál til at-

hugunar, en nóg pláss mun verða fyrir það, þó ekki sje þess leitað í hallann árlega. Ýms framleiðslufyrirtæki eru fyrir stáfni, sem styðja þarf. Má nefna t. d. Flóaáveituna, sem mun þurfa 2. milj. króna lán til. Mjer hefir nú að vísu dottið í hug að reyna að fá bankana til þess að veita þetta lán, með ódýrum kjörum, en hvort það tekst veit jeg ekki.

Menn sjá þannig, eins og jeg hefi tekið fram, að jafnvel þótt svo væri hugsað fyrir framtíðinni, að tekjuhallinn væri greiddur með sköttum, þá er þó nóg að gera með lánin. Fyrir höndum eru miklar og dýrar húsabyggingar, brúargerðir, símalagningar og Flóaáveitan. Þegar svona miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar, sem gerast eiga fyrir lán, þá er með öllu ósæmilegt að skiljast svo við fjárlögin. Ef ekki er hægt að minka hallann öðruvísi, þá verða ýmsar nauðsynjar, jafnvel eins og vegabætur, að sitja á hakanum. Hitt er sjálfsagt, að halda þarf sem best við vegum þeim, sem lagðir hafa verið, og brúm. Óhjákvæmilegt er og að brúa lífshættuleg vötn, svo sem Jökulsá á Sólheimasandi; slíkt má ekki bíða.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) drap á, að stjórnin hefði átt að koma með fleiri tekjuaukafrv. en hún hefir gert. Má vera, en svo mikinn mótbyr hafa sum skattafrv. hrept, sjerstaklega í Ed., að ekki hefir sýnst byrja líklega fyrir fleiri nýjum tekjuaukum, en reyndir munu þó fleiri. En vert er að gæta, að þeir, sem hæst hrópa á tekjuauka, hafa átt erfitt með að benda á aðrar leiðir en einmitt þær, sem stjórnin hefir farið. Sannleikurinn er nú sá, að allþungir skattar hafa þegar verið lagðir á þjóðina; enda verður mönnum tíðrætt um það utanþings; að minsta kosti hafa margir talað um það við mig, að fjármálaráðh. sje ærið frekur til að fara ofan í vasa manna og sækja þangað fje. Það er ekki afturhald, þótt stjórnin vilji fara varlega, og síst ætti hún að eiga ámæli skilið fyrir það.

Það hefir verið sagt, að eðlilegt væri, að framkvæmdirnar yrðu stórstígar nú, þegar fullveldið væri fengið. En þess verða menn að minnast, að öruggasti bakhjarlinn fyrir fullveldið er, að fjárhagur ríkisins sje í góðu lagi. Góður fjárhagur er sterkasta stoðin undir fullveldinu.

Að svo mæltu verð jeg að snúa mjer að hv. þm. Borgf. (P. O.) og athuga ummæli hans um sendiherrann. Háttv. þm. (P. O.) sagði, að hann legði ekki mikla áherslu á, að sendiherrann hefði aðgang að hærri stöðum. Jeg skil ógerla, hvað háttv. þm. (P. O.) á við með þessum hærri stöðum. En það get jeg frætt háttv. þm. (P. O.) um, að heppilegast er að geta leitað til þeirra, sem mest hafa ráðin, þegar einhverju á að verða framgengt; hitt er ekki vænlegt,að þurfa að hafa undirtyllurnar til milligöngu. Hv. þm. Borgf. (P. O.) veit, að það er jafnan meira um vert að fá fylgi hinna máttugustu en hinna vanmáttugu. Þá sagði háttv. þm. (P. O.), að stjórnin hefði, með því að setja ekki hærri upphæð í fjárlagafrv. handa sendiherranum en þar stendur, viljað blekkja þingið. Þetta er ekki rjett. Að vísu mun upphæðin líklega vera of lág, en þegar hún var sett í fjárlagafrv., hjelt stjórnin, að hún mundi vera sæmileg. En er hann talaði um, að óhætt mundi vera að margfalda upphæðina,þá fer hann eflaust of langt. Þótt stórveldin sjái sjer fært að greiða sendiherrum sínum mikið fje, er jeg raunar efast um, og láti þá berast mikið á, þá er ekki ástæða fyrir Íslendinga að feta í þeirra fótspor í þessu. Þá sagði hv. þm. Borgf. (P. O.), að stjórnin hefði farið bak við þing og þjóð í þessu máli. Jeg veit ekki hvað háttv. þm. (P. O.) meinar með þessu. Jeg hef staðið í þeirri fullu trú, að það hafi verið vilji Alþingis að hafa sendiherra í útlöndum. Jeg veit því ekki, hvað er meint með því, er sagt er, að stjórnin hafi farið bak við þing og þjóð.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) kvaðst ekki mótfallinn máli þessu í sjálfu sjer, en hann vildi láta draga framkvæmdir í því. En sje starfið áríðandi, eins og það vafalaust er, þá skilst mjer, að ekki megi draga að koma því í framkvæmd. Hv. þm. (P. J.) taldi rjett að bíða með að gera út um þetta mál, þangað til ný stjórn hefði verið skipuð. Jeg sje nú, fyrir mitt leyti, ekkert samband milli þessa tvenns. Það verður auðvitað hvort sem er nýja stjórnin, sem sendiherrann skipar, ef nú verða stjórnarskifti. Og sje einhver hræddur um, að hinu fyrirhugaða sendiherrastarfi sje þegar ráðstafað handa einhverjum ákveðnum manni, þá má spyrja hæstv. forsætisráðh., hvort svo sje. Öll stjórnin getur lýst því yfir, að enga ályktun er búið að taka um, hver skuli hljóta stöðuna. Eftir mínum skilningi væri það mjög leiðinlegt, ef brtt. yrði samþ.; það sýndi óneitanlega þroskaleysi og mundi vekja litla aðdáun í útlandinu. Ef þingið ekki hefir ráð á að kosta einn sendiherra í útlöndum, hvað hefir þá verið meiningin með óskum manna um að fara sjálfir með utanríkismálin? Hvernig hefði þá farið með þann kostnað? Og hætt er nú við, að hætt verði að festa mikla trú á einbeittan þjóðarvilja í sjálfstæðismálunum, ef það verður ofan á hjer í þinginu, að skrifstofan í Höfn hafi í hjáverkum mál okkar út á við.

Jeg hefði ekki orðið hissa á því, þótt hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefði borið fram tillögu þessa, því að honum er sparnaðurinn fyrir öllu, þegar komið er út fyrir Flóann. Hann, sem vill helst afnema ráðherraembættin, til þess að spara. En jeg skil ekki í því, að minn kæri flokksbróðir og einbeitti og harðvítugi sjálfstæðismaður, hv. þm. Borgf. (P. O.), skyldi bera fram brtt. þessa. Það hlýtur að koma til af því, að hann beri ekki fult skyn á, hve afarmikla þýðingu þessi staða hefir fyrir okkur í útlöndum. Jeg veit, að hv. þm. (P. O.) muni reiðast mjer fyrir að segja þetta, en jeg get ekki látið það vera.

Jeg enda svo orð mín með því að segja, að jeg vona, að hv. deild felli brtt. þessa.

Pjetur Ottesen: Jeg læt ekki þessa dembu, sem yfir mig dundi frá hæstv. fjármálaráðherra, fá hið minsta á mig, því síður breyta skoðun minni. Það kemur augsýnilega fram hjá hæstv. fjármálaráðherra, að honum er þetta kappsmál mikið, og slær hann því á þá strengina, sem honum þykir líklegastir til að verka fremur á tilfinningar manna en vit. Frekar skal jeg ekki svara hæstv. fjármálaráðherra, því hann hrakti ekki ástæður mínar, en hitt er alkunnugt, þegar menn eru í röksemdahraki, að bregða mótstöðumanninum um skilningsleysi.

Hv. þm. Dala. (B. J.) hjelt langa ræðu um málið og lagði sig mjög til; en eigi gat hann þó sannfært mig um nauðsynina á sendiherranum. Við erum báðir sammála um, að við þurfum að hafa sendimann erlendis, til að greiða fyrir verslun okkar þar, en munurinn er sá, að hv. þm. Dala. (B. J.) getur ekki gert sig ánægðan með minna en sendiherra. Við höfum áður sent verslunarráðunaut utan, og varla mun hv. þm. Dala. (B. J.) neita því, að hann hafi unnið okkur gagn í för sinni. Þessi ráðunautur var, eins og kunnugt er, hv. þm. Dala. (B. J.), og má ske að hann hafi þá fundið, að hann mundi hafa getað gert enn meira gagn, ef hann hefði verið hærra settur og haft aðgang að hærri stöðum, þótt jeg efist um það. Hv.. þm. (B. J.) taldi, að eigi gæti orðið verulegt gagn að skrifstofu í Kaupmannahöfn, og að forstöðumaður hennar mundi lítt geta rekið mál okkar erlendis, og því ekki geta komið okkur að miklu haldi. En jeg hygg þetta eigi rjett vera, meðal annars af því, að

ráðherrar okkar þurfa oft að fara til Danmerkur; geta þeir þá gegnt málum okkar þar, því að ætla má þó, að þeir fái þar aðgang að hærri stöðum. Við ættum því síður að þurfa að hafa sendiherra í Danmörku en sumsstaðar annarsstaðar. Hv. þm. (B. J.) minti á það í þessu sambandi, að Danir hefðu þegar sent hingað sendiherra, og fanst honum við því þurfa að gera þeim sömu skil. Hv. þm. (B. J.) má úr flokki tala um danska sendiherrann, því að jeg sá ekki betur en að hann hefði stungið honum í vasa sinn. (*B. J.*: Nafnspjaldinu hans.)

Hv. þm. Dala. (B. J.) og hæstv fjármálaráðherra mintust á Boga sagnfræðing Melsteð í þessu sambandi, og tóku hann til bæna fyrir það, sem hann hefir skrifað um málið. En það skulu þeir vita, að hann hefir engin áhrif haft á það, að tillaga mín er komin fram; jeg mundi jafnt hafa borið hana upp hjer, hvort sem Bogi Melsteð hefði skrifað nokkuð um málið eða ekki, og hvernig sem hann hefði tekið í það. Það var því alveg óþarft að vera að draga hann, fjarverandi, inn í umræður þessar; en má ske hefir það verið af því, að þeir hafi þóst þurfa að svala sjer á honum, og fundist hjer vera gott tækifæri til þess.

Þá mintist hv. þm. Dala. (B. J.) á það, að okkur hæfði að sýna hæversku í þessu máli, og það væri óhæverska af okkur, að senda ekki sendiherra til Danmerkur, þar sem Danir hefðu riðið á vaðið, með því að senda hingað sendiherra. Kvað hann það vera viðurkenning fullveldis vors, að aðrar þjóðir sendu hingað sendiherra. Ef fleiri þjóðir en Danir sendu hingað sendiherra, svo sem viðurkenning fullveldis vors, þá mundum við, eftir kenningu hv. þm. (B. J.), að sjálfsögðu verða að sýna þeim þá kurteisi, að senda sendiherra til þeirra, þótt fáir sjeum og smáir. En að svo stöddu getum við þetta ekki beinlínis, meðan Danir hafa utanríkismálin að mestu í sínum höndum, og veit jeg þó, að þm. Dala. (B. J.) vill þó ekki halda því fram, að við getum ekki fengið fullveldisviðurkenningu samt sem áður. Eða erum við nú má ske orðnir að stórveldi í augum hv. þm. (B. J.). Síst hægt fyrir að synja, hvað í þeim heila kann að fæðast.

Þá kem jeg að kostnaðaráætlun hv. þm. (B. J.). Hann hjelt, að það mundi ekki verða nema 3—4000 kr. kostnaðarauki við það að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, um fram þær 12000 kr., sem til þess eru ætlaðar í stjórnarfrv. Þetta mun vera allhæpin ályktun hjá hv. þm. (B. J.), og ekki í sem bestu samræmi við það, sem hæstv. forsætisráðherra sagði, að Danir hefðu verið að hugsa um að senda hingað „generalkonsul", en ekki sendiherra, sökum kostnaðar við að halda hann hjer, og þó sagði hann, að sendiherra Dana hjer væri ekki fyrsta flokks sendiherra. Danir hljóta þó að hafa meiri þekkingu á því, hvað það kostar, að hafa sendiherra úti í löndum, en hv. þm. Dala. (B. J.), því að þeir geta bygt hana á reynslu. Enda er það alkunnugt, að það kostar stórfje að halda sendiherra, ef þeir eiga að koma fram í stöðu sinni eins og nútíðarkröfur heimta. Þetta geta stórþjóðirnar leyft sjer, en við ekki; við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti; að öðrum kosti getur fullveldið orðið okkur til óhamingju.

Það komu fram nýjar upplýsingar í máli þessu í ræðu hv. þm. Dala. (B. J.). Hann sagði, að fullveldisnefndin hefði fastákveðið þetta í fyrra, því að meiri hluti hennar hefði verið því fylgjandi. Jeg skil ekki í, hvernig þetta getur átt sjer stað, þar sem mjer er allsendis ókunnugt, að nokkuð hafi komið fram um það í þinginu, að setja ætti upp sendiherraembætti í Kaupmannahöfn, þótt sambandslögin kæmust í það horf, sem þau komust í. Og jeg mótmæli því, að það sje

nokkurt brot af þingsins hálfu — jeg skal ekkert um það segja, hvað stjórnin hefir makkað við Dani í þessu máli —, þótt við sendum ekki sendiherra til Danmerkur; eða að það sje nokkurt afturhald í sjálfstæðisbaráttu okkar, þótt við gerum það ekki. Hv. þm. (B. J.) sagði, að það væri sama sem að við þurkuðum út alt fullveldi, ef við gerðum þetta ekki. Hann getur með álíka gildum rökum sagt þetta hið sama, ef við sendum ekki sendiherra til allra annara ríkja, þar sem sendiherrar dvelja, en það veit þingm., að við getum ekki. Sendiherratildur er ekki öruggasta ráðið til að halda uppi fullveldi okkar gagnvart öðrum þjóðum og áliti. Jeg vil byggja þetta á alt öðrum grundvelli, — jeg vil, að við sýnum dugnað og framtakssemi á sjó og landi, að við látum fánann blakta sem víðast um höf og í höfnum, á íslenskum skipum, og að við eflum svo atvinnuvegina, að orð berist af út um lönd. Þetta er öruggasta fullveldisvörnin. Fáni, dreginn við hún á íslenskum skipum erlendis, mun auglýsa betur fullveldi okkar og sjálfstæði en fáni, dreginn á stöng á íslenskum sendiherrahöllum, bygðum fyrir lánsfje, úti í löndum.

Gísli Sveinsson: Það lítur út fyrir, að öldur ætli að rísa hátt út af máli þessu, enda sje jeg það ekki athugavert, þótt umræður verði allmiklar um það, og eðlilegt, að hv. þdm. láti sig það miklu skifta og fylgi því með fullri athygli, því að samkvæmt sambandslögunum er þetta eina embættið, sem við, að svo stöddu, erum einráðir um skipun þess, þeirra, er utanríkismál okkar heyra undir. Að vísu getum við, samkv. 7. gr. nefndra laga, sent sendimenn á okkar kostnað til þess að semja um sjerstök, íslensk málefni; en það verður þó að gerast í samráði við utanríkisráðherra Dana.

En eftir 15. gr. sambandslaganna höfum við vald til að skipa í Danmörku mann til að gæta hagsmuna okkar, svo háan eða lágan, sem okkur þykir best gegna. Það má segja, að það væri ekki nema rjett að slá því þegar föstu gagnvart Dönum, að við höfum þennan rjett; en þar fyrir er ekki útilokað, að rjettara væri að fara aðrar leiðir í upphafi um skipunina en hjer er gert ráð fyrir. Það hefir verið bent á, að þingið alt hafi bundið sig með því, að í fullveldisnefndinni hafi verið gert ráð fyrir, að Íslendingar sendu sendiherra til Danmerkur; svo er þó ekki. En hitt er víst, að þingið vildi, að það kæmi glögt fram, að við hefðum fullan rjett til að hafa þar sendiherra, ef okkur sýndist; en hins varð jeg ekki var, að við skuldbyndum okkur á nokkurn hátt til þess að gera hann þegar úr garði. Jeg bjóst þó satt að segja við, að við mundum ríða á vaðið með því að senda til Danmerkur aðalræðismann (Generalkonsul), og að Danir mundu að sínu leyti gera slíkt hið sama. Jeg fyrir mitt leyti gerði ráð fyrir því, að Danir mundu senda hingað aðalræðismann, og var þá ekki nema sjálfsagt, að við hefðum svarað í sama tón og sent slíkan mann til Danmerkur.

En síðan málið kom fram eru horfurnar orðnar alt aðrar. Stjórnin hefir riðið á vaðið með till. sinni í fjárlögunum, 10. gr. C., um kostnað við sendiherra í Danmörku.

Og jeg verð að segja það, að eins og sakir standa nú, á þessum byrjunartímum fullveldisins, þá þykir mjer, og jeg býst við mörgum öðrum líka, það mjög óviðurkvæmilegt að leggjast á móti þessari till. hæstv. stjórnar, úr því hún á annað borð er komin fram.

Jeg býst við því, að bæði jeg og aðrir fleiri telji sig bundna við það, sem orðið er. Hæstv. landsstjórn hefir í rauninni

bundið háttv. þm., til að greiða atkv. með þessu, og mun mega færa fyrir því full rök, að ekki líti vel út að fella þetta ákvæði nú, þar sem svona langt er komið.

Hitt hefði verið alt annað, ef þingið hefði í fyrstu fjallað um þetta atriði.

Jeg get þó alls ekki haldið því fram, að hæstv. stjórn hafi hjer hitt á það rjetta.

Jeg hefði talið það miklu æskilegra, að maður þessi hefði borið aðalræðismannsnafn.

Með því hefði engu verið glatað, og rjettur okkar viðurkendur engu að síður, þótt slík tilhögun hefði verið höfð.

En nú er svo enn fremur komið, að Danir hafa sent hingað mann, sem ber sendiherratign; auðvitað er hann ekki af 1. flokki, ekki það, sem Danir myndu kalla reglulegan sendiherra. Hann heitir „Overordentlig Gesandt", og þýðir það, alment tekið, ekki reglulegur sendiherra, heldur sendimaður með sendiherratign.

Það má segja, að þetta sje alt afleiðingar af viðurkenningu fullveldisins. En eins og sýnt hefir verið fram á, er það ekki bein afleiðing, heldur, eftir því sem jeg og fleiri háttv. þm. líta á, að eins bundið við það, sem á undan er gengið.

En í sambandi við þetta skal jeg benda á það, að það er ekki rjett, sem haldið hefir verið fram, að þjóðirnar nú leggi kapp á að halda uppi sendiherratildri eða prjáli í sambandi við þau embætti.

Í þeim sökum virðist einmitt nú vera nokkurskonar straumhvörf, og alt bendir í þá átt, að þjóðirnar hætti nú að halda uppi sendiherrasveitum á sama hátt og verið hefir, enda er það nú sýnt, að „pappírsdiplomatíið" hefir reynst ónógt og jafnvel skaðlegt. Krafan gengur því nú í þá átt, að gera þá breytingu, að svið þessara manna verði svo sem eingöngu praktiskt; þar í verður fólgið viðskifta-„diplomati", en hið „formella" diplomati fellur niður, þessar flækjumálaleitanir milli ríkjanna hverfa. Innihald sendiherrastarfsins breytist þá þannig, að það líkist mest því starfi, sem aðalræðismenn hafa haft með höndum. Það verða aðallega viðskiftamál.

En til þeirra starfa þarf auðvitað engu síður vel mentaða, starfhæfa og viðskiftafróða menn.

Það er því engin mótsögn í því, þótt við leggjum áherslu á það, að þessi fyrsti maður, sem við sendum sem sendiherra til Danmerkur, hann skuli vera vel mentaður og viðskiftafróður maður og ábyggilegur starfsmaður.

Til þess þarf hann ekki að hafa gengið í neinn diplomatiskóla, eins og áður hefir verið gert að skilyrði annarsstaðar.

Það væri því ekki neitt brot á því, sem nú er vilji þjóðanna í þessum málum, að hann nefndist aðalræðismaður, því að þótt þjóðirnar leggi ekki niður sendiherrasveitirnar og tignina, þá er þó í rauninni alt annað, sem í þeirri tign felst nú en áður.

En eins og jeg hefi áður sagt, tel jeg mig í þessu máli bundinn af því, sem á undan er gengið.

Jeg get þó ekki, og það leiðir af orðum mínum, áfelst þá menn, sem komið hafa af stað umræðum um þetta mál, jafnvel þótt þeir hafi valið það form, að flytja brtt. um að minka lið þennan að fjárupphæð og leggja að eins fje til skrifstofuhalds.

En jeg skal taka það fram, að um leið og jeg greiði till. hæstv. stjórnar atkv. mitt, þá áskil jeg það, að hún velji til þessa starfs mann, sem sje að fullu þeim vanda vaxinn, að gæta sem best á allan hátt hagsmuna Íslands í Danmörku.

Jeg legg því áherslu á það, að valið á manninum sje sem best vandað, því að þetta embætti á alls ekki að vera stofnað til tildurs. Hitt verður hlutverk þessa manns,

að sjá sem best borgið viðskiftalegum hag landsins og heill þess og sóma í hvívetna. En hitt vil jeg vona, að hann komist aldrei þangað með tærnar í tildri og prjáli, sem aðrir diplomatar heimsins hafa haft hælana.

Jeg verð líka að líta svo á, að þetta sje meining hæstv. stjórnar, og vona jeg því fastlega, að þessa verði gætt.

Og jeg get tekið undir það með öðrum fleirum, að mjer þykir maður sá, er við nú höfum í Kaupmannahöfn sem fulltrúa vorn, vænlegur til þessa starfs, og þætti mjer best, að hann fengist, eða þá annar jafngóður í hans stað.

Bjarni Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, út af orðum háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að jeg lagði áherslu á þetta sama í ræðu minni, að maður þessi væri hvorttveggja í senn, sendiherra og ræðismaður. Hann á að sjá um öll Íslandsmál, bæði viðskiftamál landsins út á við og jafnframt helstu stjórnmálahreyfingar, sem geta komið því við.

En þetta grípur líka hvað í annað, og verður naumast að skilið.

Það mun vera allra meining hjer, að þessi maður eigi hvorki að vera til prjáls nje tildurs, heldur, eins og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók fram, á hann að leggja mest kapp á það eitt, að sjá hag Íslands sem best borgið í hvívetna.

Það hefir líka áður verið bent á það hjer í dag, að til þess sje ekki ætlast, að hann hlaupi í kapp við sendiherra annara ríkja, að því er kostnaðinn snerti.

Enda sýnir upphæðin, sem til þessa er ætluð, það best, að honum muni ekki ætlað að sitja að sumbli alt árið, og hygg jeg líka, að enginn muni freistast til tíðra veisluhalda með þesum launum.

Að öðru leyti býst jeg við, að enginn geti haft á móti því, að þess sje full þörf að hafa slíkan mann nálægan, þegar eitthvað er að gerast, sem snert getur hag ríkis og þjóðar, en stjórnin getur ekki náð til.

Þá vildi jeg svara háttv. þm. Borgf. (P. O.) nokkrum orðum. Hann sagði, að við værum sammála um það, að þörf væri sendimanns. En hann vildi hafa verslunarráðunaut, en jeg sendiherra.

En jeg hefi nú ekki talað um slíkan sendiherra nema á þessum eina stað, vegna þess, að eins og stendur getum við ekki haft slíka menn víðar, sem sendir sjeu frá okkur sjálfum.

En þar sem hann hins vegar dró það út úr orðum mínum, að jeg hefði þóst hafa of lágan titil, þegar jeg var sendimaður landsins forðum, þá hlýtur það að hafa átt að vera fyndni. Landið hafði þá ekki fengið viðurkent fullveldi sitt.

Sá titill dugði mjer líka, af því hann var óvanalegur og eins góður eins og hægt var að gefa.

En hitt efast jeg ekki um, að þeir menn, sem þá voru á þingi, myndu hafa gefið slíkum sendimanni sendiherratitil, ef þess hefði verið kostur.

Þá hjelt háttv. þm. (P. O.) því fram, að jeg hefði sagt, að ekkert gagn væri að trúnaðarmanninum í utanríkisráðuneytinu. En það hefi jeg aldrei sagt. Og jeg get einmitt borið þann mann því hólinu, sem mest er, því að þegar jeg var sendimaður landsins og var af flestum hjer heima háði leiddur og heiftstöfum, þá var hann sá eini, sem jeg gat trúað.

En þessi maður er nú kominn í alt aðra stöðu.

Háttv. þm. (P. O.) sagði líka, að ráðherrarnir væru svo tíðir gestir í Kaupmannahöfn, að engin þörf væri á sendiherra þar.

En jeg hygg þó, að hæstv. stjórn sitji minstan tímann í Kaupmannahöfn, og hún hefir þar ekkert tækifæri til að kynnast sendiherrum annara þjóða. Að jeg hefði

stungið þessum danska sendiherra í vasa minn, var auðvitað ekki annað en mishepnuð fyndni. Jeg hafði að eins tekið nafnspjald hans með mjer, til að sýna, að jeg færi rjett með titil hans, sem jeg nefndi.

Í sambandi við það, að jeg mintist á B. Th. Melsteð og grein hans, og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), þá skal jeg geta þess, að mjer var það engin aufúsa að tala illa um hann, enda var það ekki hann sjálfur, heldur grein hans, sem háttv. þm. (S. S.) vitnaði í, sem jeg talaði um. Virtist háttv. þm. hafa fallist á það alt, sem þar var rangt sagt. (*S. S.*: Það sagði jeg aldrei.) Því get jeg ekki við gert, að hann þorir nú ekki annað en ganga frá því aftur. (*S. S.*: Háttv. þm. hefir reyndar ekki hrakið neitt af því, sem í greininni stendur.) Vissi jeg ekki, að renna myndi vatn úr Miklavatnsmýri, en hitt kom mjer á óvart, að það rynni upp í móti.

Þá sagði hann, að ekki væri skylda að svara hæversku annara þjóða í sama tón. Hafði hann rangt eftir mjer það, sem jeg sagði um viðurkenninguna á fullveldi Íslands.

Jeg sagði, að það væri einmitt viðurkent með því, að aðrar þjóðir sendu hingað sendiherra og byrjuðu ríkjaviðskifti hjer, eins og við hvert annað fullvalda ríki. Og nú hafa Danir einmitt sýnt okkur þá viðurkenningu fyrstir manna, með því að senda hingað sendiherra.

Þá hjelt hv. þm. (S. S.) því fram, að við hefðum ekki sendiherra hjá öðrum þjóðum en Dönum. En það er rangt; þar sem Danir fara með utanríkismál Íslands og hafa sína sendiherra í öðrum löndum, þá eru þeir um leið sendiherrar Íslands.

Menn verða að skilja þetta. Svo var líka til ætlast í sáttmálanum, og væri þá undarlegt, ef Danir væru settir hjá og enginn sendiherra væri hjá þeim fyrir Íslands hönd. En það er eins og að tala um kringlóttan ferhyrning að segja, að þeir fari með umboð okkar hjá sjálfum sjer.

Þá var mjer borið á brýn, að jeg hefði sagt rangt frá um sparnaðinn, sem sagt hefir verið að mundi vera að því, að hafa skrifstofu í Höfn, en ekki sendiherra.

Jeg býst nú við, að ekki mætti ætla skrifstofustjóra þar minni laun en 10,000 kr., eftir launum þar nú, og reyndar samkvæmt launalögunum hjer. Fulltrúi hans mundi ekki hafa minna en 6000 kr., og skrifarar 2, segjum annar 2000 kr., en hinn 1500 kr. Þar eru þá komin launin, og nema þau samtals 19,500 kr.

En þá er þess að gæta, að hingað til hefir íslenska stjórnarskrifstofan í Kaupmannahöfn haft ókeypis húsnæði. Nú mundi það ekki lengur verða. Hún yrði því að leigja 2—3 herbergi á sæmilega góðum stað, og mundi það ekki geta kostað minna en 200 kr. á mánuði, eða 2400 kr. á ári. Kostnaður er þá orðinn því sem næst 22,000 kr. En auk þess má reikna pappír og margt og margt, sem þarf á skrifstofuna, og sje það nú lagt við 22,000 kr., verður munurinn ekki meiri en nefndur hefir verið.

En það er engin blekking hjá hæstv. stjórn, þótt hún taki ekki til hærri húsaleigu en 2000 kr. fyrir sendiherrann í Kaupmannahöfn, því að auðvitað er til þess ætlast, að hann greiði af launum sínum, ef á vantar.

Þessar ákúrur allar eru því gripnar úr lausu lofti, og sparnaður þessi mundi alls ekki nema meiru en 4000 kr., eins og jeg hefi áður sagt.

Þá var því haldið fram, að jeg teldi það sama og fullveldi landsins væri strikað út, ef þessi maður yrði ekki sendur Það sagði jeg aldrei. En hitt þykir mjer líklegt, að aðrar þjóðir gleymi fljótlega fullveldisyfirlýsingunni, ef haldið verður áfram stefnu þessara tillögumanna.

Jeg stend líka við það, að jeg er sann-

færður um, að meiri hluti hv. þm. í fyrra var með þessu fyrirkomulagi, þótt ekki verði fullyrt um einstöku menn.

Þá var það sagt, að ekki mundi hjálpa mikið, þótt íslenskur fullveldisfáni blaktaði á höllum úti í heimi, sem reistar væri fyrir síðasta skilding þessa fullvalda ríkis, eða eitthvað á þá leið. En við hvern er verið að tala? Það eina, sem jeg sagði, var, að íslenskur fáni ætti að blakta á sendiherrahöllum, sem Danir hafa reist, þar sem búa sendiherrar þeirra, sem um leið eru sendiherrar Íslands. Annars er það undarlegt, að menn skuli taka þetta svo sárt, að sendimaður Íslendinga í Danmörku skuli heita sendiherra. Það er þó til að sýna öllum heiminum, að Íslendingar hafa rjett til þess að fara með utanríkismál sín og hafa sendiherra hvar sem þeim líst. Og það er enn undarlegt, að menn skuli ekki vilja kosta til þess 3—4000 kr., að sá maður, er hið unga fullvalda ríki hefir fyrir sig í Danmörku, skuli hafa aðgang að öllum sendiherrum annara þjóða, en það hefir „generalkonsul" ekki. Háttv. þm. fullvalda þjóðar vilja ekki eyða nokkrum þúsundum til þess að auglýsa fyrir öllum þjóðum fullveldi vort, en einstaka verslunarfjelög eyða miklu meira fje í sendimenn, er auglýsa og útbreiða þekkingu á verslun sinni. Slíkan hugsanaferil get jeg ekki skilið, og er mjer nær að halda, að ef þessir háttv. þm. hugsa sig um, þá muni þeir taka aftur þessa brtt.

Frsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Jeg vil láta þess getið, að jeg ætla mjer að geyma að svara hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), þar til næsti kafli fjárlaganna kemur til umræðu, því að í þeim kafla eru ýms atriði, sem jeg hlýt að komast inn á um leið og jeg svara honum.

Jeg ætla ekki að blanda mjer í deiluna um sendiherrann, en þó vil jeg geta þess, að mjer virðist sumir hverjir þeirra, sem samþyktu með glöðu geði í fyrra fullveldið, þora nú ekki að horfa framan í það og þau auknu útgjöld, sem hljóta að leiða af því.

Sigurður Sigurðsson: Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd út af reikningi háttv. þm. Dala. (B. J.) um kostnað við sendiherrann í Kaupmannahöfn. Reikningur hans leit þannig út, að yrði sendiherranum slept, en haldið áfram skrifstofunni, þá yrði kostnaðurinn 18 þús kr., eða 10 þús. kr. til skrifstofustjóra, 6 þús. kr. til þess, er gengi honum næstur, og 2 þús. kr. í húsaleigu. Niðurstaða hans var því sú, að ekki sparaðist nema 4 þús. kr. við að hafa skrifstofu í stað sendiherra.

Þessi reikningur finst mjer vægast sagt vitlaus. Jeg heyri það koma glogt fram, að sendiherrunum í Danmörku sjeu ætlaðar 15 þús. kr. í laun. Og jeg heyri það einnig tekið fram, að launa ætti þessum íslenska sendiherra með 15 þús. kr. Sendiherrann hefir einnig undir sjer skrifstofuþjóna, og þótt því ekki sje áætlað hjermeira en 40 þús. kr. til þessa alls, þá er mjer nær að ætla, að eftir nokkurn tíma verði upphæðin orðin 50 þús. kr. og jafnvel enn hærri.

ATKVGR.

um 1.—11. gr.

1. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 385, a.—d. samþ. í e. hlj.

— 2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

— 462,1. samþ. án atkvgr.

6.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

— 462,2. samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 462, 3.—5. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 496 feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. K., B. St., E. Árna., E. J., Ó. B.

nei: H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. Þ., Þór. J., B. Sv., B. J., E. A., G. Sv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Eins og jeg gat um áðan, þá ætla jeg við umr. um þenna kafla fjárlaganna að svara nokkru ræðuhæstv. fjármálaráðherra (S. E.). Hana mátti fyrst og fremst skilja svo, að allur væntanlegur halli á fjárlögunum væri að kenna fjárveitinganefnd.

Jeg held, að við úr fjárveitinganefnd og stjórnin getum komið okkur saman um að skifta jafnt á milli okkar hallanum, og meira að segja er það ekki of mikið, þótt stjórnin taki helminginn á sitt bak. Það er ekki að marka, þótt í fjárlögum stjórnarinnar hafi upphaflega ekki verið nema 300 þús. kr. tekjuhalli, því hún bar jafnframt fram frv. það til launalaga, sem gert er ráð fyrir að auki útgjöldin um nálægt 2 miljónir. Stjórnin hefir því í raun og veru skilað frv. til þingsins með nærri 2½ milj. kr. tekjuhalla, að minsta kosti ef teknar eru með hækkanir á áætlunaruppháðum og till., sem nefndin tók upp samkvæmt ósk stjórnarinnar.

Jeg þykist vita, að stjórnin hafi þóst bæta úr skák með því, að koma fram með tekjuaukafrv. Það er að vísu rjett, að hún hafi komið fram með þau, en þau nema ekki meiru en rúmri 1 milj. Stjórnin á því enn eftir að jafna um 1 milj. kr. halla, sem hún sjálf er valdandi að samkv. tillögum sínum. Á þetta vil jeg benda hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), svo að hann sjái sök sína, að tekjuhallinn er ekki eingöngu að kenna örlæti fjárveitinganefndar.

Þá komst hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) að þeirri niðurstöðu, að það væri óvarlegt af fjárveitinganefnd að skila fjárlögunum svona af sjer. Jeg benti á, að fjárveitinganefnd gat ekki gert annað eða farið öðruvísi að, og jafnframt að eina leiðin til að bæta úr þessu væri að afla ríkissjóði meiri tekna. Framkvæmdirnar á ekki og má ekki takmarka. Vona jeg, er um þennan kafla er að ræða, að hann (S. E.) bendi á, hvaða till. fjárveitinganefndar ætti og mætti sleppa, úr því hann er þeirrar skoðunar, að of langt sje gengið.

Hæstv. fjármálaráðh. mintist að eins á, hvort ekki mætti spara eitthvað af vegafjenu, og spurði, hvort þörf væri á að framkvæma svo mikið á þessu sviði. Það hefir nú gengið svo um þessar vegabætur, að þær hafa orðið að lúta mjög svo í lægra haldi þessi stríðsárin, en þó er því svo farið um vegabætur, að þótt þær gefi ekki beinan arð af sjer, þá er svo mikill óbeinn hagnaður af þeim fyrir landbúnaðinn og allar samgöngur á landi, að ókleift má heita að láta þær sitja á hakanum. Nú á tímum er altaf verið að tala um, að spara verði vinnukraftinn í landinu; eitt ráðið til þess er, að bændur fái sem besta vegi og eigi sem auðveldast með flutninga til sín. Eins og sjá má af nefndarálitinu og fjárlagafrv., er svo langt frá, að stjórnin hafi hugsað sjer nokkrar framfarir á vegagerðum, að á síðustu 10 árum hefir aldrei verið gert ráð fyrir jafnlitlum framkvæmdum á því sviði og stjórnin gerði í frv. sínu. Jeg vona, að þetta hafi verið misskilningur hjá hæstv. stjórn, því jeg get ekki trúað, að hún ætli að láta vegina gjalda þess, þótt útgjöldin aukist til muna, meðfram vegna hins nýja fullveldis.

Þá var hæstv. fjármálaráðh. að tala um það, að ekki mætti að eins hugsa um það

eitt, sem þyrfti að framkvæma, heldur ætti að hugsa um það, hvað væri bráðnauðsynlegt að framkvæma. Þetta er alveg rjett, en jeg held, að tekjuhallinn væri dálítið stærri, ef nefndin hefði tekið alt upp í fjárlögin, sem þyrfti að vera þar. Hún tók ekki nema það eitt,sem hún taldi bráðnauðsynlegt og ekki þyldi neina bið, svo framarlega, sem ekki ætti að kippa fótunum undan öllum framkvæmdum, svo sem vegagerð, símalagningu, brúargerð o. fl., sem ráðgert hafði verið fyrir stríð.

Þá mintist hæstv. fjármálaráðh. á, að nýir skattar væru óvinsælir hjá þjóðinni; það er að vísu satt, en þó hygg jeg, að alþýðu manna þætti enn verra, að heftar yrðu allar þær framkvæmdir, sem gætu komið atvinnuvegunum að liði.

Svo virtist, sem hæstv. fjármálaráðh. þætti varhugavert,að lánaleiðin væri farin. Jeg skal þá strax, úr því jeg mintist á þetta, fara nokkru nánar inn á það atriði, þó jeg eiginlega ekki sje komin að því, ef farið væri eftir rjettri röð frv. Eins og oft hefir verið um getið, sá nefndin, að eftir því, sem skattamálum og tekjum ríkisins er nú sem stendur komið, var ekki unt að framkvæma af tekjum eins fjárhagstímabils eins mikil verk eins og nauðsynlegt var til þess, að ekki yrði afturhald frá því, sem var á eðlilegum tímum. Virtist þá eina ráðið að láta framkvæma nokkuð fyrir lánsfje, til þess að dreifa útgjöldunum á fleiri ára bil. Og þar sem hjer er um þær framkvæmdir að ræða, svo sem brýrnar, sem eru þannig gerðar, að þær geta, eða eiga að geta, staðið svo að segja um aldur og æfi, þá virðist vera mjög eðlilegt, að eftirkomendurnir beri einnig að nokkru gjöldin við þær framkvæmdir, því þeir hafa engu síður þeirra not, og með þeim er verið að búa í haginn fyrir framtíðina.

Þessi aðferð er heldur ekkert nýmæli. Þingið hefir farið þessa leið með símalögunum, og á síðasta þingi kom fram svipuð till. um vitagerðir. Hún náði að vísu ekki fram að ganga, en það var ekki fyrir þá skuld, að þingið væri stefnunni mótfallið.

Jeg get þess vegna ekki sjeð, að hjer sje um neinar hliðargötur að ræða, þó að haldið væri áfram á þessari braut, sem þingið áður er komið inn á.

Sama má segja um húsagerðirnar, sem ætlast er til að framkvæmdar verði með lánum. Mjer finst líkt komið á með þær og brýrnar í framtíðinni. Hvorttveggja er tryggingarráðstöfun fyrir eftirkomendurna.

Út af þessu, og framkomu hæstv. fjármálaráðh. gagnvart nefndinni í þessum atriðum, jeg skjóta þeirri spurningu til stjórnarinnar, hvort henni virkilega þyki betra að taka stóra fjárhæð upp í fjárlagafrv. til bygginga heldur en að velja þá leið að taka lán; því það hefði orðið að gera, ef nefndin hefði orðið við tilmælum stjórnarinnar, og þessu til sönnunar skal jeg geta þess, að komið hefir fram ósk um að byggja viðbót við hælið á Kleppi. Þetta mundi kosta um ½ milj., og erindi um þetta sendi stjórnin þó með sínum bestu meðmælum, till. um ½ milj. kr. gjaldauka. Ekki var þetta fjárveitinganefndin, og má nú hæstv. stjórn stinga hendinni í sinn eigin barm.

Þá var einnig till. um að byggja upp íbúðarhús á Hvanneyri, sem öllum kemur saman um að verði að byggja. Ef nefndin hefði haldið þessu hvorttveggja innan ramma fjárlaganna, þá hefði tekjuhallinn orðið 600 þús. kr. meiri en raun er á, og skil jeg ekki í hæstv. fjármálaráðh., ef hann teldi þá leið betri en lánaleiðina, sem nefndin vill fara.

Hæstv. fjármálaráðh. gat þess, að sterkasti bakhjarlinn til þess að halda fullveldi landsins væri góður fjárhagur. Þetta er vitanlega alveg rjett. En öflugasta og

eina stoðin og sterkasti bakhjarl góðs fjárhags er *efling atvinnuveganna*. Þetta var nefndinni ljóst. Ef skynsamlega væri að farið og vel stjórnað, ættu þessar framkvæmdir, sem nefndin vill að gerðar sjeu fyrir lánsfje, ekki að verða á aðra lund en þá er bændur taka lán til þess að bæta jarðir sínar, til þess að búið beri sig því betur, til þess að búið gefi honum betri arð. Efling atvinnuveganna er á sama hátt til þess að auka tekjur landssjóðs, til þess að þjóðarbúskapurinn beri sig betur.

En stjórnin óttast, að við getum ekki fengið lán erlendis. Jeg skal ekki segja um, hvort þetta er rjett. Hæstv. fjármálaráðh. ætti að vita gerst um það. En kynlegt þykir mjer það, að ríki, sem ekki skuldar raunverulega meira en sem svarar tekjum eins árs, skuli ekki geta fengið lán til nauðsynlegra og arðvænlegra framkvæmda. Fyr má nú vera vantraust á lántraust landsins. Jeg held, að jeg þurfi svo ekki að fjölyrða frekar um ræðu hæstv. fjármálaráðh. að þessu sinni.

Þá skal jeg snúa mjer að brtt. nefndarinnar. Jeg þarf ekki að tefja við smábrtt. hennar við 12. gr.; það er gerð grein fyrir þeim í nál.

En þá er 15. brtt. við 12. gr., um að hækka styrkinn til Röntgenstofnunarinnar. Þessi liður er einn af þeim, sem hlaut að hækka. Starfrækslan hefir kostað á sjöunda þúsund. En stjórnin hafði áætlað einar 1600 kr. Þessu vildi nefndin kippa í lag, til þess að ekki væri verið að sýna rangar tölur.

Jeg held, að jeg sleppi að tala um fleiri brtt. við 12. gr. í þetta skifti. Jeg vonast til, að menn sýni nefndinni þá kurteisi, að koma fram með athugasemdir við þær, ef þeim fullnægir ekki greinargerðin í nál. Og ef einhverjir hafa sjerstaklega á móti þeim, vænti jeg, að þeir geri nefndinni viðvart um það, áður en þeir drepa þær.

Næstar eru brtt. við 13. gr. A., um póstmálin. Þessi brtt. fer fram á, að liðurinn hækki um 500 kr. Nefndinni þótti skrítið að sjá það, að stjórnin skyldi klípa 500 kr. af þessum 11 þús. kr. lið, sem póstmeistari hafði áætlað. Þetta gat nefndin ekki skilið. Eins og öllum þm. er kunnugt, er póstmeistari einn af þeim mönnum, sem ekki gerir till. til stjórnarinnar í óhófi. Hann er ekki vanur að fara fram á meira en brýnasta nauðsyn býður.

Þá kem jeg að brtt. við 13. gr. B., um vegamálin. Skal jeg minnast fyrst á 28., 29., 30. og 31. brtt., sem ekki fela í sjer verklegar framkvæmdir.

Meðal þeirra liða, sem nefndin hefir lagt til að hækkaðir verði, er ferðakostnaður vegamálastjóra. Nefndin hefir hækkað hann um 500 kr., eftir áætlun hans. Nefndin leit svo á, að honum væri því meiri nauðsyn á að ferðast, sem framkvæmdir í vegamálum ykjust, og vildi síst láta þennan lið benda til þess, að vegamálastjórinn ætti ekki að ferðast eftir því, sem hann teldi nauðsynlegt.

Þá er hækkunin til verkfróðra aðstoðarmanna. Hún er gerð eftir till. vegamálastjóra. Hann kvaðst ekki geta komist af með minna en 8000 kr. til aðstoðarmanna, og er þó ætlast til, að aðstoðarverkfræðingnum verði ekki borguð laun af þessari upphæð.

Þá er gert ráð fyrir, að athugasemdin aftan við þennan lið falli burt, af því að þessar vatnsveituframkvæmdir hverfa nú undir búnaðarfjelagið. Þó má ekki skilja þetta svo, að nefndin geti ekki gert sjer í hugarlund, að komið geti til greina, að vegamálastjóri hefði eftirlit með einhverjum slíkum mannvirkjum, sem byrjað er þegar á undir hans forsjá.

Þá hefir nefndin lagt það til, að skrifstofukostnaður vegamálastjóra yrði hækkaður. Það er nauðsynlegt, að verkfræðingarnir þurfi ekki að gefa sig að almennum skrifstofustörfum, eins og óbreyttir skrif-

arar; er það því búhnykkur að hækka liðinn, svo hægt sje að fá fólk á skrifstofuna, og vegamálastjóri kveðst ekki geta fengið aðstoð fyrir minna en nefndin hefir áætlað.

Þá eru flutningabrautirnar. Jeg skal geta þess, að jeg sje enga ástæðu til að tala um einstaka liði, því að enginn er öðrum fremri. Þeir eru teknir upp eftir tillögum vegamálastjóra, og nefndin vill gera þeim öllum jafnhátt undir höfði.

Þá er viðhald flutningabrauta, og skal jeg gera dálítið nánar grein fyrir þeirri till.

Hingað til hefir fje verið veitt af skornum skamti til viðhalds flutningabrauta. En eftir till. vegamálastjóra til stjórnarinnar var gert ráð fyrir 29 þús. í þessu skyni. En í frv. stjórnarinnar er þessi fjárhæð færð niður í 25 þús. kr. fyrra árið, og 20 þús. kr. síðara. Nefndin hefir getað fallist á það, að ókleift sje að framkvæma nauðsynlegt viðhald fyrir þetta fje. Annars gerir vegamálastjóri grein fyrir, hvernig hann hugsar sjer að verja tillaginu. Til Suðurlandsbrautarinnar hefir hann áætlað 20 þús. kr., til Þingvallavegarins 6 þús. og 3 þús. til Fagradalsbrautarinnar, sem landssjóður hefir haldið við að ⅓ hluta, og á að halda við. En síðan vegamálastjóri gerði þessa áætlun hefir hann komist að þeirri niðurstöðu, að þessi fjárhæð var allsendis óviðunandi, vegna hækkunar á vinnulaunum, og lagði hann það til við nefndina, að hún hækkaði tillagið frekar. Hann gerði og ráð fyrir því, að ef hægt væri að framkvæma eitthvað meira, en gert er ráð fyrir, þá hyrfi það til Suðurlandsbrautarinnar. Eins og kunnugt er, er þessi vegur orðinn mjög slitinn, einkum elsti kafli hans, frá Reykjavík til Ingólfsfjalls. Og er það tilætlun vegamálastjóra að framkvæma viðgerð á veginum, og að þessi viðgerð verði ekki að eins viðhaldsviðgerð, eins og venjulega á sjer stað, heldur ætlar hann að gera veginn að nýju á nokkrum kafla, og jafnvel flytja hann úr stað á dálitlu svæði.

Þá er næsta till., sem jeg býst við að deildinni þyki nokkuð nýstárleg, því að þar er farið inn á nýja braut, sem oft hefir verið þráttað um. Þessi till. er um endurbyggingu og viðhald Flóabrautarinnar. En eins og bent er á í nál., þá er málinu svo komið, að sýslunni er ókleift að hafa viðhaldið í svo góðu lagi, sem nauðsynlegt er, og taldi nefndin því þörf á að hlaupa hjer undir bagga. Og það því fremur, sem viðhald sýslunnar hefir verið ófullkomið. Hjer er líka um að ræða einhverja elstu brautina á landinu, sem er þess vegna ekki eins vel gerð eins og brautir þær, sem lagðar hafa verið á síðari árum. Og jeg skal taka það fram, að það er ekki nein nýung hjer í þinginu, að landssjóður greiði ⅔ hluta af viðhaldskostnaðinum í nokkuð líkum tilfellum. Á þingi 1917 var tekinn upp sá siður, að landssjóður skyldi greiða ⅔ af endurbyggingarkostnaði á gömlum trjebrúm á flutningabrautum. Jeg býst við, að háttv. deildarmenn hafi lesið það, sem sagt er um þennan lið nál., og kynt sjer þá sundurliðun, sem þar er gerð, svo að jeg þarf ekki að endurtaka það hjer. Jeg skal geta þess, að nefndin áleit, að þessar 50 þús., sem gert er ráð fyrir að komi frá Árnessýslu, geti ekki orðið henni þungbærari en þó ekkert væri við veginn gert og hún þyrfti að verja miklu fje árlega í þýðingarlítið viðhaldskák, þar sem hún á þennan hátt fær góðan og viðhaldsljettan veg. Og nefndin hafði síst gert ráð fyrir, að sýslubúar yrðu ekki ánægðir með þessi úrslit. Nefndin bjóst við lofræðu og þakklætisræðu frá háttv. þm. Árn. fyrir rausnina. En það lítur ekki út fyrir, að þeir sjeu ánægðir. Eða mikið vilji enn meira. Jeg skal þegar geta þess, að það mun aldrei koma til mála, að nefndin mæli

með till. þm. Árn. Virðist hún svo mikil firra, ekki síst þegar þess er gætt, að landssjóður kaupir áhöld til þessarar brautar fyrir 30 þús. kr., alveg upp á eigin spýtur, að mjer þykir leiðinlegt, að þm. skuli hafa látið fá sig til að flytja hana.

Þá kem jeg að þjóðvegunum, og skal jeg ekki heldur tala þar um einstaka liðu. Þeir eru allir jafnrjettháir, svo framarlega sem deildin gengur inn á stefnu nefndarinnar í vegamálum.

Þá er sú brtt. nefndarinnar, að nema burt tillag til brúargerða.Það gat ekki komið til mála, að þær stæðu lengur í fjárlögunum, úr því búið er að samþ. að gera þær fyrir lánsfje. Sá kvíðbogi, sem komið hefir í ljós hjá sumum, sem beðið hafa um brýr, er alveg ástæðulaus. Þeir hafa óttast, að þetta mundi leiða til þess, að brýrnar yrðu ekki gerðar eins fljótt. Jeg skal, og mun jeg síðar nefna það atriði, geta þess, að nefndin ætlast til, að þessi lán geti orðið innanríkislán í víðustu merkingu. Hún gerir ekki ráð fyrir, að leitað verði strax til banka, heldur að seld verði ríkisskuldabrjef út um land. Þetta gæti vel komið til mála. Og þau hjeruð mundu verða fúsust til kaupanna, sem væru látin sitja fyrir framkvæmdunum, og ætti að verða auðveldara að fá ríkisskuldabrjefin seld, ef þessu væri haldið að mönnum.

Auk þess er á það að benda, að gert er ráð fyrir, að þessi lán verði tekin smátt og smátt, eftir því sem bygt verður, en ekki alt í einu. Jeg skal líka geta þess, að það var tilætlun bæði vegamálastjóra og eins nefndarinnar, að allar þær brýr, sem standa í fjárlagafrv. stjórnarinnar, verði bygðar á næsta fjárhagstímabili, og þar að auki eru nokkrar aðrar brýr,sem meiningin er að bygðar verði á næstu árum, en það eru brúin á Hómsá og Eyvindará og brýrnar á Elliðaánum.Um viðhald þjóðvega vildi jeg geta þess, að ástæðan fyrir því, að þessi liður hækkaði svo mikið,var sú, að nefndin vildi fara eftir tillögum vegamálastjóra til stjórnarinnar. En hann lagði til 25 þús. kr. Síðan hefir nefndin bætt við 7,500 kr. hvort árið, sem ætlaðar eru til viðgerðar og viðhalds Hafnarfjarðarveginum gamla. Jeg býst við, að flestum háttv. þm. sje kunnugt um nýja Hafnarfjarðarveginn, sem nú er hætt við, og þegar hefir verið lagt í 130 þús. kr. — Vegamálastjóri hefir ekki sjeð sjer fært að leggja það til við stjórnina, og hún aftur ekki sjeð sjer fært að leggja það til við þingið, að þeirri vegagerð verði haldið áfram. Það er gert ráð fyrir, að það, sem eftir er af veginum, muni kosta kringum 270 þús. kr. Þó er það ekki alt til vegarins sjálfs,því í sambandi við þann veg er gert ráð fyrir, að Suðurlandsveginum austur verði brevtt dálítið, og að brýrnar á Elliðaánum verði fluttar ofar, og er áætlað, að það muni kosta 85 þús. kr. Nefndin sá ekki neinn möguleika til þess að taka upp veitinguna til þessa vegar. Henni var fullljóst, að hve nær sem það yrði gert má það ekki verða á kostnað annara vegagerða í landinu. Þess vegna leggur nefndin það til, að gamla veginum verði haldið við. Jeg veit, að sumum mun þykja það hart að leggja mikið fje í gamlan veg, sem á að leggja niður eftir stuttan tíma. En annars er ekki kostur, eins og nú standa sakir, þar sem ekki er viðlit að halda áfram með nýja veginn. Svo það er ekki með glöðu geði, að nefndin leggur þetta til, en hún álítur, að nauðsyn brjóti lög undir þessum kringumstæðum. — Auk þess eru ekki öll kurl komin til grafar með viðhald á þessum vegi, því á honum eru 4 smábrýr, sem nú eru orðnar ónýtar, og verða bygðar samkvæmt lögunum um brúargerð.

Þá hefir nefndin líka hækkað upphæðina til áhaldakaupa. Hún leggur áherslu á það, að útveguð verði ný áhöld, og gerðar verði tilraunir með þau áhöld, sem talið er líklegt að komi til bóta.

Jeg verð að biðja hæstv. forseta að safna þm. saman; mjer finst vera ærið fátt af hv. þm. viðstaddir.

Jeg fer yfir þetta að eins í stórum dráttum, til að vera stuttorður, og finst mjer, að hv. þm. ættu að hafa hug á að setja sig inn í það í aðalatriðunum, þar sem um stórframkvæmdir og stefnur er að ræða. Eins og jeg tók fram áðan, leggur nefndin áherslu á, að ekki verði sparað til þessara liða. Eins og kunnugt er, þá er vinna mjög dýr nú, og því áríðandi að finna þau áhöld, sem geta sparað vinnukraftinn. Þetta hjelt nefndin að gæti orðið búhnykkur í framtíðinni.

Þá er till. um mikla hækkun á 50. lið, sem sje, að tillag til akfærra sýsluvega verði hækkað upp í 50 þús. kr. á tímabilinu. — Þrátt fyrir það, þó að raddir hafi heyrst hjer á þingi um það, að hægt væri að láta nægja minni aðgerðir á vegum, þá er alt annar tónninn úti um landið.— Þar vilja menn leggja á sig talsvert þungar byrðar til þess að gera vegi sína sæmilega. Og mun þó síður en svo, að sýslufjelög alment hafi safnað fje á ófriðarárunum, fremur en ríkið. Þegar nefndin sá þennan brennandi áhuga manna, fanst henni óverjandi annað en hlynna að honum eftir megni. Hún hefir því lagt til, að tillagið verði hækkað um helming, eða úr 25 þús. upp í 50 þús. kr., til að liðsinna þeim sýslufjelögum, sem vilja legga eitthvað á sig fyrir vegina. — Þetta er auk þess í samræmi við, að í fjáraukalögunum var samþ. 22 þús kr. upphæð, sem skyldi varið í líku augnamiði. Með fram þess vegna áleit nefndin, að þessi stefna væri ekki í ósamræmi við vilja þingsins.

Þá skal jeg geta þess í stuttu máli, viðvíkjandi brtt. frá samvinnunefnd samgöngumála, við 13. gr. c. I og c. II, að fjárveitinganefnd mun fallast á þær flestar. Þó er þar ein till., sem er athugaverð, og samvinnunefnd sjálf er tvískift um; það er um styrkinn til ferða um Faxaflóa. Nefndin ætlar sjer ekki að fara í deilur út af þessu atriði; þó vil jeg geta þess, að meiri hluti þeirrar nefndar er hlyntur lægri tillögunni. Enn fremur vildi jeg geta þess, viðvíkjandi seinni hluta þessarar till., að nefndin var engan veginn hlynt sumum af þessum smábátastyrkum; þó hafði hún einkum á móti síðasta eða 8. liðnum, styrk til vjelbátsferða meðfram Mýrasýslu, og jafnvel þeim næstsíðasta líka. Það heyrðust raddir um það í nefndinni, að ef ætti að fara að styrkja þessar bátaferðir, svo að segja heim á hvern bæ, þá mætti búast við, að fram kæmu fleiri beiðnir, ekki einungis um það, heldur líka um styrk til flutninga á flutningabrautum. — Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þessar till., því þær koma mjer eiginlega ekki við.

Þá er brtt. við 13. gr. D. Jeg skal alveg sleppa að minnast á einstakar smærri brtt., því þetta eru alt áætlaðir liðir, nema 52. brtt., sem er nýr liður. Og er gerð grein fyrir henni í nál.

Næsti liður er áætlaður liður, sem nefndin taldi óhjákvæmilegt að hækka, og fór hún þar eftir till. landssímastjóra.

Þá kem jeg að þessu nýmæli, að símalínurnar skuli teknar út af fjárlögunum og lagðar fyrir lánsfje, Það er þó að vísu ekki nærri eins mikið nýmæli og hitt, að eftir till. stj. skuli nokkrar símalínur teknar upp í fjárlögin, sem samkvæmt símalögunum hafa hingað til verið lagðar fyrir lán. Þó er ein undantekning frá því, með loftskeytastöðinni í Flatey. — Það virðist líka undarlegt, ef taka ætti upp þann sið nú, að leggja þessar nýju línur fyrir tekjuafgang af landssímanum. Það mundi leiða til þess, að þær aukalínur, sem mest hafa tafist og eru bráðnauðsynlegar, yrðu enn látnar sitja á hakanum. En nefndin vill mæla móti því, að þessar línur tefjist fyrir þetta. Sjerstaklega væri það ekki sparnaður að tefja framkvæmdir á þessu

sviði. Það ætti ekkert að geta hindrað þær framkvæmdir, nema skortur á vinnukrafti. Því jeg hygg, að ekki þurfi að óttast það, að lán fáist ekki til að leggja þær aðallínur, sem á að leggja, þó hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) virðist hræddur um það. Og þetta eru ómótmælanlega þær framkvæmdir, sem gefa landinu einna mestar tekjur, og er því hagur að gera sem mest að. — Nefndin vill leggja áherslu á það, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, að til þess, að aukalínur þessar geti komið að fullum notum og gefið sem mestan arð, þarf að fullkomna stofnlínurnar, svo að þær geti fullnægt afgreiðsluþörfinni, þó nýjar aukalínur bættust við.— Um þessar nýju aukalínur, sem nefndin leggur til að verði lagðar, þarf jeg ekki að fjölyrða. Það er gerð grein fyrir þeim í nál. Þó skal jeg taka fram um línuna milli Blönduóss og Kálfshamarsvíkur, að hjeraðsbúar sýna óvenjumikinn áhuga fyrir að fá línuna. Auk þess, að þeir ætla að taka á sig þær 4000 kr., sem skylt er að komi frá hjeraðinu, þá bjóðast þeir til að annast allan flutning á efninu frá næstu höfn, að kostnaðarlausu fyrir ríkissjóð. Enn fremur lofa þeir að útvega duglega menn til símalagningarinnar fyrir sanngjarnt kaup. En auk alls þessa stendur sjerstaklega á með þessa línu. Það er ekki einungis, að þörfin á henni sje mikil fyrir hjeraðsbúa, heldur hafa líka komið kröfur um, að þessi lína verði lögð frá veiðistöðvunum norðanlands. Síðan nefndarálitið var skrifað hefir komið símskeyti frá mörgum stórútgerðarmönnum, þar sem þeir skora á þingið að sjá um, að þessi lína verði lögð sem allra fyrst. Skeyti þetta kom frá Siglufirði, og eru margir ágætir menn þar undir, þar á meðal forstöðumenn síldarstöðvanna þar. — Um næstu línu — frá Hólmavík til Reykjarfjarðar — vil jeg geta þess, í viðbót við það, sem stendur í nefndarálitinu, að þótt hún sje komin til Reykjarfjarðar, þá er henni ekki fulllokið, því það er ætlast til, að hún nái alla leið til Ingólfsfjarðar. Það mun nú orðið öllu meiri útgerð frá Ingólfsfirði heldur en Reykjarfirði, og þykir útgerðarmönnum þar ilt, að línan skuli ekki ná þangað, svo þeir losni við að senda langar leiðir til að síma. Kostnaður við þessa viðbót mun ekki vera mjög mikill, líklega kringum 38 þús. kr. Nefndin sá sjer ekki fært að leggja frekar til um þetta, en þó mun málið verða tekið til yfirvegunar síðar. Og jeg vil geta þess í þessu sambandi, að jeg tel það siðferðislegá skyldu þessa þings, sem hefir lagt svo þunga skatta á sjávarútveginn, og þó sjerstaklega síldarútveginn, að gera alt, sem því er unt, til að hlynna sem best að honum, svo hann geti risið undir þessum skattaálögum. Útgerðarmenn eiga sanngirniskröfu til þess, að þingið geri það. Auk þess tel jeg vafalaust, að þessi lína yrði ein af þeim allra arðvænlegustu línum í símakerfinu; þegar þeir, sem gera þarna út, vilja vinna það til að sækja dagleið til Hólmavíkur til að ná í síma, og senda alt að 50—60 símskeyti annanhvern dag, auk allra símtala, þá má nærri geta, hvort notkunin yrði ekki miklu meiri, ef síminn væri við höndina. Því eins og gefur að skilja, kostar allmikið að senda til Hólmavíkur, og mun því ekki gert nema í ítrustu nauðsyn. — Þriðja línan, sem gert er ráð fyrir að lögð verði, er byrjunin á hinni margþráðu og margtöfðu Barðastrandarlínu. Jeg skal geta þess viðvíkjandi þessum línum, að það er hugsanlegt, að landssímastjórinn hafi ekki nægilegt verkafólk til að framkvæma alt það, sem ætlast er til á fjárhagstímabilinu. Það er einmitt það, sem vakað hefir fyrir Húnvetningum, þá er þeir buðust til að útvega vinnukraft og annað, til þess að hægt væri að hefja framkvæmdir. Þess vegna er því skotið fram í nál., að eigi

sje rjett að ganga fram hjá hjeruðunum, án þess að gefa þeim kost á að leggja til vinnukraft, ef landssímastjóri getur það ekki sjálfur. Það gæti vel farið svo, að hjeruðunum yrði betur til manna við vinnu þessa en landssímastjóranum, ef hann ætti að útvega fólkið. Að minsta kosti geta þá hlutaðeigandi hjeraðsbúar kent sjálfum sjer um, ef á þessu strandaði.

Jeg á nú eftir 5 mínútur, og ætti það að vera nóg til að tala um brtt. nefndarinnar við 13. gr. E. Það eru að eins fáar brtt. Eru það áætlunarupphæðir, og eins og við vill brenna um 13. gr., hefir nefndin talið þörf á að hækka ýmsa liði frá því, sem stjórnin hefir lagt til.

Að eins einum vita leggur nefndin til að bætt verði inn í fjárlögin. Er það samkvæmt tillögum vitamálastjóra, er lágu fyrir stjórninni. Eftir þessum till. vitamálastjóra er ætlast til, að þessi viti, Hríseyjarviti á Eyjafirði, sje bygður á undan Austfjarðavitunum. Nefndin gat fallist á þessa till. vitamálastjóra, einkum þar sem ekki þyrfti að vera mikill reipdráttur milli Austfjarðavitanna og þessa vita, því að með þeim er líkt á komið, þar sem hvorirtveggja eru bundnir því skilyrði, að hlutaðeigandi hjeruð leggi nokkuð af mörkum. Er óhætt að segja það um Eyjafjarðarhjeruðin, að þau vilja leggja mikið á sig á móti. Það liggur fyrir brjef frá sýslumanni Eyjafjarðarsýslu, þar sem skýrt er frá, að hjeruðin hafi ákveðið að byggja tvo vitana, á Svalbarðseyri og Hjalteyri, ef landssjóður kosti Hríseyjarvitann og taki að sjer rekstur og viðhald allra vitanna á eftir.

Stærsta hækkunin er á síðasta lið, sem nefndin leggur til að hækki um 2000 kr. Þykir nefndinni stjórnin heldur smátæk þar, þar sem upp í þennan lið verða tekin ýms ný útgjöld til vitanna, og enn fremur útgjöld, sem staðið hafa á öðrum liðum, en einkum þó þar sem gert er ráð fyrir að taka nokkuð af fjenu í styrktarsjóð vitavarðanna. En það skal tekið fram, að nefndin ætlast ekki til þess, að þetta tillag fari fram úr því, sem þeir leggja sjálfir fram. Sjóður þessi er ekki eftirlaunasjóður, heldur tryggingarsjóður gegn sjúkdómum og slysum.

Jeg held, að jeg verði nú að hætta að svo komnu, og vona sem sagt, að hv. deildarmenn afsaki, að jeg fer ekki út í einstakar brtt., og geri það, sem jeg fór fram á, að láta mig vita, ef þeir hafa á móti einhverri þeirra. Færi jeg þá ef til vill nánar út í þær.

Frsm. samvinnunefndar samgöngumála (Björn R. Stefánsson): Samgöngumálanefnd hefir lagt til að gera allverulegar brtt. við 13. gr. C. fjárlaganna að þessu sinni, og verð jeg að gera nokkru frekari grein fyrir þeim en gert er í nál.; þó ætla jeg mjer ekki að flytja neinn fyrirlestur almenns eðlis um það, hvaða þýðing samgöngur hafi yfirleitt. Jeg vil forðast þann hjegóma, sem hjer bryddir nokkuð á, er menn halda langar ræður um málefni, og hafa það eitt að segja, sem allir geta sagt sjer sjálfir.

Til strandferða í ár eru veittar 155,700 kr., en þar við bætist væntanlegt tap á ferðum Sterlings, sem ekki er hægt að segja hve miklu muni nema. Síðastliðið ár var tapið á þeim ferðum 196 þús. kr. En að auki er ófært inn á þann reikning, eftir því, sem jeg hefi alveg nýlega fengið að vita hjá Nielsen framkvæmdarstjóra, nálægt 50 þús. kr. í rentur, svo að alls mundi tapið nema nálægt 240 þús. kr.

Það má nú tæpast gera ráð fyrir minna tapi af ferðum Sterlings í ár en í fyrra. Þess ber að gæta, að í fyrra sigldi Sterling jafnan með fullri „fragt" til og frá Reykjavík. En í síðustu ferðunum hefir skipið nálega verið tómt til Reykjavíkur. Auðvitað hefir kolaverð lækkað, svo að

stórfje sparast við það, en þess ber þá að gæta, að farmgjöld hafa verið mjög færð niður, líklega sem svarar nálægt 25%. Þegar hjer við bætist það, að skipið siglir oft með hálfa „fragt" eða ekki það, þá virðast engar líkur til þess, að tapið verði minna en í fyrra, enda er það álit herra Nielsens, að svo muni reynast. Við getum því sagt, að ferðir þær, sem hjer um ræðir, kosti nú 350—390 þús kr. á ári.

Till. stjórnarinnar um fje til strandferða 1920 og 1921, 154,450 kr. fyrra árið og 140,950 kr. síðara árið, nær ekki nokkurri átt. Hæstv. stjórn áætlar ekki nema 50 þús. til strandferða (þ. e. Sterlingsferða), en fyrir fengna reynslu af ferðum Sterlings hefir stjórnin með engu móti getað áætlað minna en 150 þús. kr. eingöngu til þeirra ferða, því ekki er annað sjáanlegt af frv. stjórnarinnar en að hún hafi gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi um ferðirnar framvegis sem nú er.

Stjórnin hefir og tekið upp sömu bátana sem áður, en með lægri styrk, en felt þó niður einn bát, sem nú hefir 12 þús. kr. styrk. Af þessu má sjá, að hún hefir ætlast til þess, að hafður væri sami skipastóll og sama fyrirkomulag sem áður, og hefir þó lækkað styrkinn til ferðanna frá því, sem hann er. En nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að ómögulegt sje að færa styrkinn til bátanna niður, því að þótt t. d. olía falli, þá hækkar aftur annað, eins og t. d. afgreiðslugjald og vinnukaup, og eftir því, sem beinar milliferðir milli útlanda og hinna ýmsu hafna landsins eykst, eftir því verður minna um það, að Reykjavík verði notuð að millistöð, en við það minkar það, sem bátarnir fá til flutnings. Á þessari skoðun er Nielsen einnig.

Fyrirkomulagið eftir till. samgöngumálanefndar telur hún munu kosta 219,200 kr., og mun það vera 130—180 þús. kr. minna en þær kosta í ár. Og er þó fyrirkomulag nefndarinnar miklu hagkvæmara að dómi hennar.

Aðalbreytingin, sem nefndin leggur til að gerð verði, er sú, að höfð verði tvö strandferðaskip, í staðinn fyrir eitt. Fyrst og fremst Sterling, með þeirri breytingu þó, í samráði við herra Nielsen, að hún fari 2 ferðir til útlanda og fækki viðkomustöðum sínum í strandferðunum. Við þetta heldur nefndin að svo mikið vinnist, að ekki verði nema 50 þús. kr. tap á ferðum Sterlings.

Strandferðir frá Ísafirði til Seyðisfjarðar leggur nefndin til að hafa svo, að tekið verði tilboði Þorsteins Jónssonar & Co. og því fjelagi veittar 100 þús. krónur til strandferða um nefnt svæði aðallega, þó svo, að skipið skreppi til Reykjavíkur við og við. En jafnframt fellur þá niður styrkur til 4 vjelbáta, sem til flutninga hafa verið á nefndu svæði. Verða þessar samgöngur að sjálfsögðu miklu betri en þær, sem verið hafa, og einmitt við það, að taka þessu tilboði, getum vjer sparað kostnað við Sterling að svo miklum mun, sem áður er bent á.

Skilyrðin fyrir því, að þessi styrkur sje veittur, eru talin upp í a—e-lið undir I. 2. lið á þgskj. 461. Þess skal getið um stærð skipsins, að í tilboði Þorsteins er miðað við 300 smálesta skip, en hann baðst þó undan því, að haldið væri svo fast við þetta stærðartakmark, að ganga þyrfti frá að kaupa eða leigja skip, sem bjóðast kynni, þótt það væri einhverja vitund minna en þetta. Fyrir því hefir nefndin sett 250 smál. minst í aths., að hún vill heimila stjórninni að taka gilt skip, sem ekki væri stærra en þetta, ef ástæður mæla með því, en neðar má hún ekki ganga hvað stærðina snertir, því tilætlunin er sú, að skipið verði ekki undir 300 smál.

Geta skal þess, að formaður þessa fjelags, Þorsteinn Jónsson, mæltist til þess, að þeir fengju sjálfir að flytja kol handa skipinu að einhverju eða öllu leyti, og er nefndin því meðmælt, þótt ekki sje það nefnt

í skilyrðunum. Telur hún stjórninni heimilt að veita slíka undanþágu, ef ástæður mæla með, að svo sje gert.

Þá skal jeg snúa mjer að bátaferðunum, og þá fyrst að Faxaflóabátnum, sem valdið hefir nefndinni mestri töf. Snemma þingtímans fjekk nefndin tilboð frá Eimskipafjelagi Suðurlands, sem bauðst til þess að taka að sjer Faxaflóaferðirnar, og jafnframt nokkrar ferðir til Breiðafjarðar og Vestmannaeyja, fyrir 75—80 þús. kr., og hjetu forstjórar þess fjelags góðu skipi til ferðanna. Nefndin ljet vel yfir, að tilboð kæmi í þessar ferðir, því þar væri strax um úrræði með þær að ræða, en tók það skýrt fram, að um upphæð styrks gæti hún ekkert sagt að svo stöddu. Nokkru síðar fjekk nefndin annað tilboð, frá h.f. Eggert Ólafsson, sem bauðst til þess að halda uppi ferðunum fyrir 30 þús. kr. árlega, en skip þess fjelags var minna en skip hinna. Þegar nefndin fór að velta fyrir sjer, hvað haganlegast væri að gera í þessu efni, þóttist hún sjá, að lítil ástæða væri til þess að styrkja úr ríkissjóði sjerstakan bát til Vestmannaeyja, og Breiðafjarðar (annan en Breiðafjarðarbátinn). Taldi hún líklegt, að rætast mundi sæmilega úr með samgöngur til þessara staða án þess, og þótti því rjett að strika þær ferðir út úr áætlun Faxaflóabátsins, en við það taldi nefndin, að komist yrði af með minna fje til Faxaflóabátsins. Niðurstaðan varð svo sú, í stuttu máli, að h.f. Eggert Ólafsson færði niður tilboð sitt í 20 þús. kr., með hliðsjón af þessu, og samþykti meiri hluti nefndarinnar að taka því tilboði, þó svo, að ef mönnum þykir ekki skip h.f. nógu fullkomið, sje kostur að taka varatill. nefndarinnar, sem sje 30 þús. kr. til ferðanna handa Eimskipafjelagi Suðurlands. Meiri hluti nefndarinnar leit svo á, að með tilboði h.f. Eggerts Ólafssonar og styrktill. sinni til þess fjelags væri sjeð fyrir ferðum þessum, að svo miklu leyti, sem telja má ríkinu skylt. Meiri hl. nefndarinnar neitar því ekki, að hitt skipið er betra og fullkomnara, að því leyti, sem það er stærra, en munurinn á tillagi, þriðjungsmunur, er svo mikill, að meiri hl. getur ekki aðhylst tilboð þess fjelags.

Jeg skal geta þess, að till. nefndarinnar eru allar lægri en till. Nielsens um fjarðabátana. Nefndin ætlar til Faxaflóabátsins 20 þús. kr., en Nielsen hafði áætlað 26 þús. kr. Til Breiðafjarðarbátsins áætlar nefndin 18 þús. kr. en Nielsen 20 þús. kr. Til Skaftfellings vill nefndin einnig veita 18 þús. kr., en Nielsen hafði áætlað til hans 22. þús. kr. Annars hafði þó fjelag það, sem gerði út Breiðafjarðarbátinn, farið fram á 25 þús. kr. styrk, svo að ætla má, að ekki þykist það hafa sloppið vel frá ferðunum, og ekki er það bending um, að fært sje að lækka þessa styrki, frá því sem nú er, eins og hæstv. stjórn leggur til.

Til Ísafjarðarbátsins leggur nefndin til að veittar sjeu 9 þús. kr. Það er að vísu nokkuð lægri upphæð en sótt hefir verið um til þess báts, en þó ekki eins mikið af dregið eins og af styrkbeiðni Breiðfirðinga, svo hjer er ekki um það að ræða, að hann verði harðar úti hjá nefndinni, en aðrir bátar, þó hinn umbeðni styrkur sje ekki allur veittur.

Frá öðrum bátum, eða útgerðarmönnum þeirra, liggja ekki fyrir skriflegar umsóknir um ákveðinn styrk, en það mun af því stafa, að hlutaðeigendur hafa ætlað þm. sínum að gæta rjettar síns, og falið þeim að komast svo langt, sem fært væri í því efni, því það, að hafa sem allra bestar samgöngur, er öllum hjeruðum áhugamál, og flestra von mun það, að þær muni í framtíðinni skána frá því, sem er, og það telur nefndin, að verði um alt land, með ströndum fram, með þeirri tilhögun, sem hún hjer mælir með. Mælir hún því sem best með því, að háttv. deild fallist á till. hennar, einkum þar sem kostnaður ætti að minka, en ekki vaxa, frá því sem nú er.

Um aðra báta eru upphæðir nefndarinnar hinar sömu og stjórnarinnar. Um Lagarfljótsbátinn vil jeg geta þess sjerstaklega, að það er hógværð af oss Austfirðingum að fara ekki fram á hærri styrk til hans, því í fyrra sökk hann og ónýttist, svo kaupa þurfti í vor nýjan bát til ferðanna. Var þetta fjelaginu, eins og nærri má geta, stórtjón, og það er ekki óvenjulegt þegar slík óhöpp ber að, að hið opinbera sje beðið að hlaupa undir bagga. Þetta ætti því að nægja til að sýna, að rjett sje og sjálfsagt að láta hann halda því, er nefndin leggur til.

Nefndin hefir bætt við vjelbát fyrir Mýramenn. Taldi það sanngirni að greiða einnig fyrir þessu hjeraði, einkum af því hún telur, að samgöngurnar sjeu bættar kring um alt land.

Nefndin hefir slept vjelbátnum á Hvítá, þótt hann stæði í frv. stjórnarinnar, því eftir upplýsingum þeim, er nefndin fjekk, er hann lítið til almenningsnota

Að öðru leyti geymi jeg rjett minn til að ræða aðrar breytingar, og brtt. mun jeg ekki bera fram sjálfur fyr en við 3. umr., eftir að jeg sje, hvað fram gengur við þessa umr.

Atvinnumálaráðherra (S.J.): Að vonum og venju verða langar umr. um þennan bálk fjárlaganna, en jeg mun að sinni ekki lengja þær mikið.

Jeg fyrir mitt leyti er ánægður með flestar brtt. nefndarinnar, þótt þær miði flestar til hækkunar frá því, er stjórnin treysti sjer að leggja til á þeim tíma, er frv. var albúið. Það kann nú að furða einhvern, og hann líti svo á, að það sje ósamræmi í því, að atvinnumálaráðh. sje ánægður með hækkanir frá því, er hann sjálfur hefir lagt til, en til þess liggja ýmsar ástæður. Önnurskrifstofa útvegaði sjer tillögur um þessi mál frá þeim, er með þau fara, svo sem vegamálastjóra, landssímastjóra o. s. frv., og hún lagði í aðalatriðum þessar tillögur fram ásamt meðmælum sínum. En þegar farið var að útbúa frv., var það sýnt, að draga varð úr útgjöldunum, til þess að halli yrði ekki ofmikill, og því varð að slaka til á þessum greinum, sem öðrum fleiri. En síðan hefir ýmislegt breyst, kaupgjald hækkað og verkin orðið því dýrari, en líka samþykt ýms tekjufrv., svo hægra er nú með útgjöld. En rjett og sjálfsagt tel jeg, að varfærni sje sýnd, og því gleðst jeg fremur yfir, að nefndin hefir treyst sjer til að hækka þetta, eins og raun er á orðin.

Þá skal jeg líta nær till. nefndarinnar.

Flestar brtt. nefndarinnar um póstmálin eru litlar, en rjett tel jeg að hækka laun brjefhirðingamanna, því þau eru lítil, en þeir oft bundnir við störf sín.

Jeg er samdóma nefndinni um, að nauðsyn sje, að vel sje hugsað um viðhald flutningabrautanna; þær eru dýr mannvirki, og enginn sparnaður er verri nje dýrari en að halda illa við dýrum mannvirkjum. Annars hefi jeg ekkert að athuga við till. nefndarinnar um þjóðvegina eða sýsluvegina. Það er mjög eðlilegt, þegar aðalbrautirnar eru komnar, að menn vilji fá sem flestar álmur frá þeim, og hliðarlínunum fjölgi með ári hverju.

Samgöngumálanefndin hefir mikið bylt og breytt till. stjórnarinnar, en mjer hefir ekki enn unnist tími til að grandskoða tillögur hennar, og verður það því að bíða seinni tíma; að eins skal jeg geta þess, að stjórnarráðið hafði ekki neinar tillögur um þetta frá forstjóra útgerðarinnar, þegar fjárlögin voru útbúin; þær komu síðar. Enn fremur vil jeg benda á, að kolaverð hefir lækkað, og loks vil jeg taka það fram, að jeg legg sama skilning í styrkinn til flóabátanna og frmsm. (B. St.), um að þeir flytji að sjálfsögðu póst, svo sem verið hefir, milli Reykjavíkur og Borgarness.

Sigurður Sigurðsson: Jeg á hjer, ásamt

öðrum góðum mönnum, þrjár brtt. við þennan kafla fjárlaganna, og vil jeg með fáum orðum víkja að hverri þeirra.

Brtt. á þingskj. 597 fer fram á það, að Þingvallahreppi verði veittur 200 kr. ársstyrkur til að vitja læknis. Eins og hv. þm. mega vita, þá er Þingvallahreppur illa settur hvað læknishjálp snertir. Læknir hreppsins er búsettur í Skálholti, en þangað er langur vegur, og auk þess yfir vatnsfall að sækja. Er oft hægara og betra að vitja læknis til Reykjavíkur. Að sumri til má segja, að ekki sjeu vandræði að þessu, en öðru máli er að gegna að vetri. Það er snjóþungt á þessum slóðum og oft illkleift að leita læknis, hvort heldur er til Reykjavíkur eða Skálholts. Það má segja, að hjer sje líkt ástatt og um Kjósarhrepp, sem veittur er styrkur í þessu skyni í fjárlögunum, og jeg vænti því, að hv. þm. samþykki brtt. Hún er sanngjörn.

Þá er brtt. á þingskjali 616, um Ólaf lækni Ísleifsson í Þjórsártúni. Sú till. er um, að hann fái 1500 kr. á ári fyrir að sinna læknisstörfum og aðstoða hjeraðslæknana í Árnes- og Rangárvallasýslum, er þeir kunna að óska þess. Það er kunnugt, að hann er góður læknir, þótt hann sje ekki háskólagenginn, og hann hefir hjálpað sjúkum, er hans hafa vitjað. Þetta geta nágrannar hans og sýslungar borið. Og þm. er það væntanlega ljóst, því frammi á þestrarsal þingsins hafa legið skjöl, þar sem honum er lýst og högum hans, og þess er óskað, að þingið veiti honum ársstyrk. Hann er mjög mikið sóttur, og í vetur, þegar kvefpestin gekk, lagði hann mjög mikið á sig. Í sambandi við þetta mætti líta á það, að hann er ódýr og vanalega undir læknataxtanum. Auk þess gefur hann oft fátækum mönnum hjálp sína. Læknarnir á Eyrarbakka og Stórólfshvoli hafa oft leitað til hans, þegar þeir hafa þurft að gera stóra skurði á mönnum. Hv. framsm. (M. P.) mintist ekkert á þessa brtt., en mjer væri kært að heyra álit hans og nefndarinnar. (*M. P.*: Sjálfsagt.)

Þá á jeg brtt. á þgskj. 601, ásamt hv. samþingismanni mínum (E. A.).

Þegar hv. frsm. (M. P.) var að skýra frá till. nefndarinnar um þetta atriði — Flóaveginn —, þá gat hann þess, að þingmenn Árnesinga mættu vera þakklátir nefndinni fyrir undirtektir hennar, og má vera að svo sje, þar sem hún vill láta endurbyggja veginn. En mjer dylst ekki, að samkvæmt till. fylgir henni talsverður dilkur, og hann erfiður fyrir sýsluna, þar sem hún á að leggja fram ⅓ af kostnaðinum. Það er satt, að haust og vor og í rosatíð er vegurinn lítt fær, og langir kaflar gersamlega ófærir. En þar sem þetta er þjóðbraut Suðurlands og meiri umferð um hann en nokkurn annan veg á landinu, þá sjá allir, hversu það kemur sjer illa, að vegurinn skuli ekki vera góður, að minsta kosti sæmilegur, yfirferðar. En þó að það megi segja, að vegurinn sje tíðast slarkfær fyrir lausríðandi menn, þá er hann oft mjög slæmur fyrir vagna og bíla. En sú umferð er orðin aðalumferðin. Það er því ekki vanþörf á, að Flóavegurinn sje bygður upp að nýju.

Út af þessu máli, sem er í raun og veru stórmál og varðar Árnessýslu mjög mikils, var haldinn aukafundur í sýslunefndinni, til að ræða um þetta vegamál. Kom þar fram álit nefndarinnar um það, að hún taldi að vísu nauðsyn á endurbótum á vegi þessum, og munu allir, sem kunnugir eru, sammála henni um þá þörf. Hins vegar heldur sýslunefndin því fram, að landssjóði beri skylda til að endurbyggja veginn, samkvæmt 7. gr. vegalaganna frá 22. nóv. 1907, en þar stendur: „Flutningabrautir skal fullgera á kostnað landssjóðs ....“

Þó að flutningabrautum sje skilað til viðhalds til sýslna, geri jeg ráð fyrir, að það komi fyrir, fyr eða síðar, að þær þurfi að endurbyggja. Hver á að bera kostnaðinn af því?

Þó að viðhaldið sje gott, þarf engu síður að endurbyggja brautina, fyr eða síðar. En aftur á móti hefir gott viðhald þær afleiðingar, að endurbyggingin þarf seinna að fara fram en þar, sem viðhaldið er ljelegt. Það, hversu fljótt þarf að endurbyggja braut, fer einnig eftir því, hvernig vegarstæðið er, ofaníburður o. fl.

Flóavegurinn var upphaflega ekki vel gerður og vegstæðið ekki gott. Ofaníburður var lítill og afarljelegur. Og sumstaðar skemmist vegurinn af vatnsrensli, og nú er hann svo kominn — þrátt fyrir stór kostnað af sýslunnar hálfu —, að hann getur ekki talist fær til almennra nota.

Í þriðja lagi lagði sýslunefndin áherslu á, að hún treysti sjer ekki til að leggja fram fje til endurbyggingar vegarins, ofan á alt annað, sem hún hefir á sinni könnu.

Það fje, sem sýslan þarf að nota til viðhalds gömlum vegum og byggingar nýjum, fer sívaxandi. Má í því sambandi minna á, að í haust eða á næsta ári fær hún afhentan mikinn hluta Grímsnessbrautarinnar, eða um 30 km. Þó að mjög sje þörf á þeim vegi, eru þó ýmsir kaflar hans miður gerðir og munu því þurfa viðgerðar þegar á fyrsta ári.

Af því, sem tekið hefir verið fram, sjest, að sýslan hefir þegar mjög mikil þyngsli af vegum, þó að hún losni við að greiða ⅓ af endurbyggingarkostnaði Flóabrautarinnar. Má enn fremur benda á það, að sýslan ætlar nú í haust, eða á næsta ári, að taka 50 þús. kr. lán til verkfærakaupa, eða verkvjela til vegagerðar. Og þó að það sennilega borgi sig með tímanum, bindur hún sjer þungan útgjaldabagga með þessu um langt skeið.

Jeg skal nú ekki orðlengja meira um þetta atriði; hefi jeg nefnt ástæðurnar fyrir því, að sýslunefndin treystir sjer ekki til að taka að sjer ⅓ af kostnaðinum við endurbyggingu Flóabrautarinnar.

Áður en jeg sest langar mig til að gera örlitla athugasemd við 13. gr. C., sem ræðir um strandferðirnar.

Jeg var að líta á áætlanir þær, sem útbýtt var hjer í deildinni í dag, um ferðir „Sterlings“ og skips Þorsteins Jónssonar & Co.

Þar er gert ráð fyrir, að Sterling komi að eins tvisvar á Eyrarbakka og Stokkseyri, í fyrra sinn í apríl, en í seinna sinn í ágúst.

Mig undrar, hve sjaldan skipið skuli eiga að koma þar við, og enn meir, að ekki skuli vera valin önnur en 3. og 7. ferð. Í ágúst er jafnvel minst þörf á skipi til þessara hafna. Hins vegar er mikil þörf á skipsferð í apríl — eins og áætlunin tiltekur —, maí og september. Ef skipið væri látið koma við á þessum höfnum þrisvar á ári og þá auðvitað í þeim mánuðum, sem mest þörfin er, væri það nær lagi.

Það lítur annars út fyrir, að þessi bygðarlög sjeu hálfgerð olnbogabörn hv. samgöngumálanefndar hvað samgöngum á sjó viðvíkur.

Skip Þorsteins Jónsonar & Co. hefði líka mátt koma við á Stokkseyri og Eyrarbakka í einhverri ferð þess, og virðist mjer það hafa legið eins nærri og að láta skipið koma við t. d. í Keflavík. Jeg bendi að eins á þetta til athugunar og vona, að hv. samgöngumálanefnd sjái sjer fært að laga þetta, sjerstaklega hvað Sterling snertir.

Jeg skal ekki mæla meira að þessu sinni. Hv. frsm. (M. P.) óskaði, að þm. gerðu sjer aðvart um það, sem þeir væru mótfallnir í 12. og 13. gr. Jeg hefi ekkert sjerstakt að athuga við aðra liði þeirra greina en jeg hefi þegar bent á. Jeg get tekið undir það með hv. frsm., að mikið

ríði á, að bæta sem mest samgöngur á sjó og landi.

Björn Kristjánsson: Eins og sjest á nál. á þgskj. 460, hefi jeg undirritað það með fyrirvara. Skal jeg nú í fáum orðum gera grein fyrir, hvers vegna jeg gerði það. Fyrirvarinn snertir till. á þgskj. 461, um styrk til ferða um Faxaflóa. Eins og hv. deildarmenn sjá, gengur aðaltillaga nefndarinnar í þá átt, að h.f. Eggert Ólafssyni sjeu veittar hvort árið 20 þús. kr. til að halda uppi ferðum við Faxaflóa. Varatillagan gengur í þá átt, að Eimskipafjelagi Suðurlands verði veittar 30 þús. kr. hvort árið til sömu ferða.

Jeg var þeirrar skoðunar, og sama er að segja um fleiri nefndarmenn, að heppilegra væri að semja um strandferðir við það fjelag, sem betra skip hefði að bjóða, og auk þess hafði trygt sjer meiri flutning. Eimskipafjelag Suðurlands er stofnað af kaupmönnum og ýmsum fleirum, sem flytja þurfa vörur innan Faxaflóa og til Eyrarbakka, eingöngu í þeim tilgangi að annast fólks- og vöruflutning. Það fjelag hefir betra skip að bjóða en h.f. Eggert Ólafsson, sem annast hefir ferðir þessar undanfarið, eins og kunnugt er, með „Skildi", sem er svo ljelegt skip til slíkra ferða, að ekkert annað en neyðarástand styrjaldarinnar getur rjettlætt, að það hefir verið notað. „Skjöldur" er mjög lítið skip, og það sem lakara er, hefir hann ekkert skýli fyrir farþega, svo meiri hluti þeirra verður að standa uppi á þilfari, hvernig sem viðrar. Skipið er auk þess mjótt og gengur vel, en af því leiðir aftur, að það er ágjöfult, og er slíkt ekki þægilegt fyrir farþegana. Skip Eimskipafjelags Suðurlands er aftur á móti þrefalt stærra en „Skjöldur", eða um 250 smálestir. Auk þess er það betur lagað til að flytja farþega, er þarfnast skýlis. Jeg fyrir mitt leyti tel heppilegra að taka tilboði þess fjelags, sem betra skip hefir að bjóða, en hins, hversu lágt sem það væri.

Meiri hluti nefndarinnar hefir aftur á móti gert að tillögu sinni, að tilboði h.f. Eggerts Ólafssonar verði tekið, og er honum það vorkunn, því svo mikil samkepni var milli þessara fjelaga um að undirbjóða hvort annað við strandferðirnar, að ekki er annað sjáanlegt en tap hljóti að verða af ferðunum, eigi þær að vera í nokkru lagi, hvort fjelagið sem fær styrk til þeirra. Mjer finst því — ef ekki væri annað atriði til afsökunar — hv. meiri hluti nefndarinnar hugsa meira um sparnað en að strandferðirnar komi að hæfilegum notum. Eimskipafjelagið áskildi sjer nefnilega rjett til að draga stærra skipið út úr einstaka ferðum, þegar það kom með svona lágt tilboð, og setja smærra skip í þess stað. Mun þessi fyrirvari hafa gert það að verkum, að hv. meiri hluti gerði að aðaltillögu sinni, að h.f. Eggert Ólafsson væri veittur styrkurinn, þar sem tilboð þess var þó ákveðið. Hefir hann ef til vill óttast, að Eimskipafjelag Suðurlands ljeti mótorbáta fara þær ferðir, sem aðalskipið var undanþegið að fara.

En nú er komið brjef frá Eimskipafjelagi Suðurlands, er jeg vil leyfa mjer að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Brjefið er svo hljóðandi: „Að gefnu tilefni viljum vjer taka það fram, að það er tilætlun vor, að eimskipið ‚Suðurland' (áður nefnt ‚M. Davidsen') fari allar áætlunarferðir að vetrarlaginu, er um ræðir í síðasta tilboði voru til háttvirtrar samgöngumálanefndar, en hins vegar viljum vjer hafa leyfi til að láta annað skip fara einstöku ferðir að vor- og sumarlaginu, en skuldbindum oss þó jafnframt til, að það skip sje eigi lakara en e.s. ‚Skjöldur'."

Þetta ætti að vera fullnægjandi, og er jeg viss um, að ef það hefði legið fyrir nefndinni áður en nál. var samið, hefði aðaltillaga hennar gengið í þá átt, að veita

Eimskipafjelagi Suðurlands styrkinn, er jeg geri ráð fyrir að fullnægi ferðunum að öllu leyti, en að hitt skipið haldi uppi strandferðum tel jeg neyðarúrræði.

Að vísu hafa jafnvel mótorbátar verið styrktir til að halda uppi strandferðum síðustu ár, en slíkt hefir helgast af neyðarástandinu, en sem betur fer er það nú að mestu um garð gengið í þessum efnum.

Þar við bætist, að starfsemi h.f. Eggert Ólafsson er að reka fiskiveiðar, en ekki vöru- nje farþegaflutning, og tel jeg líklegt, að svo fari, að ef tap verður á strandferðunum næstu tvö ár, muni það selja skip sitt að þeim tíma liðnum, eða gera það út á fiskiveiðar, og er þá engin vissa fengin fyrir því, hvað við tekur. Hitt fjelagið má aftur á móti búast við að haldi áfram að starfa að strandferðum, og geti því orðið til frambúðar.

Eins og jeg benti á áðan, er styrkveiting sú, er hv. fjárveitinganefnd leggur til, ónóg, ef sjá á fyrir sæmilegum samgöngum á Faxaflóa, og álít jeg, að það muni margborga sig til frambúðar, að hækka hann, hvort fjelagið sem fær hann. Verði tap á ferðunum þetta fjárhagstímabil, má búast við, að fjelögin annaðhvort dragi sig til baka, eða krefjist styrkauka næsta fjárhagstímabil, sem svarar tapinu.

Hv. frsm. (M. P.) sagði, að með þessum styrk væri sjeð fyrir þeim ferðum, sem ríkissjóði væri skylt að annast. Mjer er ekki ljóst, hvað hv. frsm. meinar með þessu. Jeg tel ríkissjóði skylt að fullnægja samgönguþörfinni Og nú skulum við athuga, hvort þessi upphæð sje nægileg til þess.

Fjelög þessi hafa gert ráð fyrir að fara 10 ferðir um sunnanverðan Faxaflóa. Má til samanburðar nefna, að meðan „Reykjavíkin" var hjer fór hún 20 ferðir. „Ingólfur" fór 25 ferðir milli Reykjavíkur og Borgarness.

Í minsta lagi þarf að fara 3 ferðir suður á mánuði yfir sumartímann, og 2 ferðir á mánuði yfir vetrartímann. Og þegar litið er til þess, að „Ingólfur" fjekk 14 þús. kr. styrk á ári fyrir stríðið, hvernig heldur þá hv. deild að „Skjöldur", þó að hann sje ekki stærri en hann er, geti komist af með 20 þús. kr. nú?

Mjer finst hv. frsm. (M. P.) hafa hlíft við að geta þess, að brjef það, er jeg las upp áðan, kom frá Eimskipafjelagi Suðurlands, svo nú liggur fyrir fastákveðið tilboð.

Jeg lýk máli mínu með að vona, að brjefið komi bæði hv. meiri hluta fjárveitinganefndar og hv. deild til að semja við það fjelag, sem betra skip hefir á boðstólum, enda þótt það verði nokkru dýrara en hitt tilboðið.

Fjármálaráðherra (S. E.): Þótt greinar þær í fjárlagafrv., sem hjer eru til umr., heyri ekki sjerstaklega undir mig, neyðist jeg til að koma fram með nokkrar athugasemdir út af ræðu háttv. frsm. (M. P.).

Hann tók það fram, að fjárveitinganefnd ætti ekki ein sök á þeim halla, er yrði á fjárlögunum, heldur ætti stjórnin sök á þeim halla, er t. d. launalögin hefðu í för með sjer.

Það er rjett, að stjórnin lagði til, að launafrv. yrði samþykt, og á þess vegna sök á þeim halla, er af þeim leiðir. En hitt hygg jeg, að ef fjárlagafrv. hefði gengið í gegnum þingið eins og það kom frá stjórninni, og tekjuaukafrv. hennar verið samþykt, hefði ekki orðið mikill halli á þeim, þó að útgjöldum þeim, er launafrv. hefir í för með sjer, væri bætt við.

Jeg gat þess, er jeg lagði fram fjárlagafrv., að ef háttv. fjárveitinganefnd kæmi fram með tillögur, er hefðu mikil aukin útgjöld í för með sjer, væri nauðsynlegt að koma fram með tekjuaukafrv. til að vega upp hallann. Mæltist jeg í því sambandi til þess, að formaður fjárveitinga-

nefndar gerði mjer aðvart um slíkt, svo jeg yrði við því búinn, að koma með tekjuaukafrv., ef á þyrfti að halda.

Jeg bið háttv. frsm. (M. P.) að gæta þess, að það, sem jeg hefi haft á móti tekjuhalla, er ekki sprottið af því, að jeg sje á móti framkvæmdum þeim, sem útgjöldunum er varið til, ef sjeð hefði verið samhliða fyrir tekjuauka. En hitt hefi jeg sagt, að væri um tvent að velja, annaðhvort að fjárlögin færu út úr þinginu með halla, eða að dregið yrði úr framkvæmdum, þannig, að þau yrðu samþykt hallalaus, vildi jeg skýlaust minka framkvæmdirnar og draga úr hallanum. Jeg hygg, að ef stefnt er inn á þá braut, að halli á fjárlögunum sje greiddur með lánum, muni reka að því, að erfitt muni að fá þau lán. Varð jeg var við það í utanför minni, að miklu erfiðara var að fá lán til beinnar eyðslu en til framkvæmda.

Jeg er ekki í vafa um, að landið hefir nú gott lánstraust, en skilyrðin fyrir því, að það sje ekki eyðilagt, er að farið sje varlega í fjármálunum.

Háttv. frsm. (M. P.) sagði, að jeg hefði ekki bent á neina einstaka liði, sem mætti fella burtu. Jeg benti þó hjer í þessum kafla á fjárveitingar, sem nema um 300 þús. kr., en fjárveitingar til vega hafa verið hækkaðar um þessa upphæð frá stjórnarfrv. Mætti nefna þar á meðal fjárveitinguna til viðhalds Flóaveginum, sem ríður í bága við það fyrirkomulag, sem lögin ákveða um viðhaldið, og væri því rjettast að gera breytingu á lögunum fyrst.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) tekst ekki að sannfæra mig eða aðra um, að Árnessýsla sje og hafi verið olnbogabarn þingsins. Það hefir hún ekki verið og á heldur ekki að vera. Í sjálfu sjer er jeg ekki að mótmæla því, að viðhald þessara vega sje yfirfært á landssjóðinn, en það á að gilda jafnt fyrir alla. Má t. d. benda á, að vegaviðhaldið í Mýrasýslu er alveg óþolandi. En þegar svo stendur á, sem nú, um fjárhag landsins, þá verður að skera margt niður, sem í sjálfu sjer er gagnlegt, eða þá að herða á sköttunum. En jeg veit ekki, hvort menn eru undir það búnir að taka þeim afleiðingum af eyðslu sinni. Ef hækkanirnar verða samþyktar, mun jeg hiklaust koma fram með nýja tekjuauka, sem jeg geri þá kröfu til, að verði vel tekið. Það er ekki hægt að taka á skattamálunum með silkihönskum, ef þessu vindur fram. Háttv. frsm. (M. P.) hefir líka sagt, að þjóðin vilji heldur þann kostinn en að dregið sje úr framkvæmdunum.

Eitt vildi jeg athuga. Það virðist yfirleitt vera skoðuð sem ófrávíkjanleg sönnun fyrir nauðsyn fjárveitinganna, ef vegamálastjóri, vitamálastjóri, símastjóri o. s. frv. óska eftir þeim. En það er ekki nema sjálfsagt, að þeir vilji altaf sem mest fjeihver um sig til ýmsra framfara, hver á sínu sviði. Stjórn og þing verða því að taka tilmælum þeirra með gætni og umhugsun, og gæta sín að samþykkja ekki meira en fjárhagurinn leyfir. Menn fara jafnvel svo langt í því, að hlaupa eftir tillögum þessara stjóra, að háttv. frsm. (M. P.) taldi það „reglulegan búhnykk" að hækka skrifstofufje til eins þeirra. Jeg býst við, að flestir starfsmenn landsins mundu þiggja samskonar „búhnykk", og landinu yrði auðvelt að græða, ef ekki þyrfti annað til.

Fjárlögin hafa hingað til verið aðalgatan í fjármálum þjóðarinnar. En nú er farið að leggja aukagötur út frá þeim; jeg á við frv. um brúa- og húsabyggingar. Þau skapa nýjar miljónaskuldir. Þessu fylgir stór hætta. Mönnum hættir við að gleyma því, sem er fyrir utan fjárlögin. En með þessu móti verða þau ekki lengur neinn mælikvarði á fjárhagsástandið. Það verður því að fara þessar hliðargötur með mestu varfærni.

Annars er það alveg rjett um bygging-

arnar, t. d. landsspítala, að ekki er hægt að ráðast í þær nema með því að taka lán. En þar fyrir verður að hafa mestu gætni í þessum sökum.

Háttv. frsm. (M. P.) vjek að því, að rjett væri að taka lán innanlands til brúargerðanna. Jeg ímynda mjer, að það væri þess vert að gera tilraun til þess. Sjórnin hefir haft þetta í huga, og fengið ýmsar tillögur um þau efni frá sjerfróðum mönnum. Þau skjöl get jeg sýnt háttv. framsm. (M. P.), ef hann óskar þess.

Jeg sje, að ekki muni sparast fje á þessari grein, og svo bregðast krosstrje sem önnur, því hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) virðist gleypa við tillögum nefndarinnar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get verið þakklátur háttv. nefnd fyrir, hvernig hún hefir tekið í till. stjórnarinnar. Jeg sje ekki ástæðu til að vera margorður um till. nefndarinnar og skal að eins geta tveggja þeirra.

Jeg vil sjerstaklega láta þess getið, að það er heppilegt, sem nefndin hefir tekið upp, að launa aðstoðarlækni á Vífilsstöðum. Það er alveg nauðsynlegur hlutur. Nú hafa bæst við ljóslækningarnar og barnahælið, sem eykur stórum starf læknisins.

Sömuleiðis vil jeg láta þess getið, að vel sje til fallið að veita Grímseyingum styrk til læknisvitjana. Hvergi mun slíkur styrkur koma rjettlátlegar niður Það má annars vel vera, að ástæða sje til slíkra styrkja á einstaka stað annarsstaðar. En það er hættulegt að fara langt út á þá braut, því að í flestum tilfellum mun örðugt að gera upp á milli sveitarfjelaga að þessu leyti. Það má vel vera, að nokkur ástæða sje til að veita Þingvallasveitarbúum slíkan styrk. En jeg held að mjer sje óhætt að segja, að til sjeu læknishjeruð, þar sem hver hreppur út af fyrir sig, að undanteknum þeim hreppi, sem læknirinn býr í, á fult eins örðugt með læknisvitjanir og Þingvallasveitarmenn. Jeg get t. d. nefnt Hróarstungulæknishjerað. Þessu heini jeg þó ekki sjerstaklega til háttv. nefndar. Frv. stjórnarinnar var ekki laust við samskonar galla. Það ætti að vera hrein undantekning, að styrkur til að vitja læknis væri veittur.

Þá skal jeg minnast á eina till. nefndarinnar um styrkveitingu. Ekki vegna þess, að jeg vilji mæla á móti henni í sjálfu sjer, heldur að eins til samanburðar. Nefndin leggur til, að hærri styrkur verði veittur til utanferðar lækni, sem ekki er í landsins þjónustu, en veittur er þjónandi læknum. Það er ekki ráðlegt að fara í þessari styrkveitingu lengra en í samskonar veitingu til hjeraðslækna. Það væri því rjett að lækka liðinn reglunnar vegna, en ekki vegna þess, að það muni ríkissjóð nokkru sem nemur. Einnig mætti fara þá leið, að hækka styrkinn til hjeraðslækna. 250 kr. á mánuði er í rauninni altof lítið.

Jeg er alveg samdóma nefndinni um fjárveitinguna til Flóabrautarinnar. Sú fjárveiting er ekkert brot á reglunum um viðhald sýsluvega. Bílferðirnar eru fullkomin ástæða fyrir fjárveitingunni. Jeg er að eins hræddur um, að þessi endurbót reynist ekki nægileg. Menn vita ekki enn hjer á landi, hve vel þarf að gera við vegi til þess, að þeir standist bíla- og vagnaumferð. Það er víða í öðrum löndum farið að byggja sjerstakar brautir fyrir flutningavagna, og þær þá sementaðar. Það er því varasamt að leggja mjög mikið fje í vegi hjer, áður en nokkur reynsla er fengin um, hvernig á að gera þá, en 200 þús. kr. kalla jeg mjög mikið, þegar þær eru veittar til að gera fárra kílómetra spotta. Það er einnig óvíst, hvort það borgar sig að leggja mjög dýra bílvegi hjer, þar sem ekki er hægt að nota bíla til flutninga hjer, nema lítinn hluta

ársins. Jeg er þeirrar skoðunar, að eigi sje skynsamlegt að leggja neinn veg austur í sveitir, nema járnbraut. Jeg held, að hún yrði ódýrust af öllum vegum, og að rjett væri að snúa sjer þegar að járnbrautargerð. Það hlýtur líka að því að draga, og þá höfum við ekki ráð á að kasta út stórfje til annara dýrari vega. Þessar athugasemdir vildi jeg gera, án þess að jeg vildi með því spilla fyrir fjárveitingunni, því það er sannast að segja, að vegurinn milli brúnna er nú því nær ófær.

Jeg skal ekki neita, að mjer hefði fundist eðlilegast, að bifreiðarnar borguðu sjálfar vegi sína. Þessi vegur er ekki lengur ur sjerstaklega fyrir austursýslurnar; hann kemur nú orðið eins mikið Reykjavík til góða.

Þá hefði jeg og kosið, að háttv. nefnd, í samráði við vegamálastjóra, hefði rannsakað, hvort ekki væri ástæða til að halda áfram Hafnarfjarðarvegimum. Því var haldið fram, að hann yrði dýr, en jeg held, að hann verði ekki tiltölulega dýrari en aðrir vegir, ef hann verður bygður áfram eins og byrjað var á honum. Væri gott að fá reynslu fyrir, hvort sementvegur væri ekki einmitt heppilegur fyrir bíla. Auðvitað getur háttv. nefnd, sem hefir íhugað þetta mál, sagt, að mjer komi atvinnumálin ekkert við. — En þó járnbraut yrði lögð, yrði samt að hafa góðan veg á þessari leið, og sá vegur yrði að liggja nálægt Vífilsstöðum, því annars yrði að byggja annan veg þangað. Eins og vegurinn er nú, er hann alt of mjór.

Um þennan kafla hefi jeg ekki annað að segja; að eins vil jeg taka fram, að hvað snertir samgöngur á sjó, mun jeg greiða atkv. með meiri hluta nefndarinnar.

Hefi jeg hjer með gert grein fyrir atkv. mínu.

Stefán Stefánsson: Við erum tveir flutningsmenn að brtt. á þskj. 609, um að veittur verði styrkur til aðgerðar sjúkrahúsinu á Akureyri.

Aðsókn að þessu sjúkrahúsi hefir aukist svo mjög á síðustu árum, að jafnvel oft og tíðum hefir orðið að neita sjúklingum um pláss þar. Til að ráða bót á þessum vandræðum hafa komið fram ýmsar till. um stækkun á sjúkrahúsinu. Tilmæli þessu viðvíkjandi hafa komið til háttv. Alþingis frá stjórn sjúkrahússins, en þar eð háttv. frsm. (M. P.) hefir ekki minst á þær, veit jeg eigi, hvernig nefndin tekur í þetta mál.

Aðsóknin stafar, óefað, mjög mikið af því, að hjeraðslæknirinn, sem líka er læknir við sjúkrahúsið, hefir mjög gott orð á sjer, sjerstaklega sem skurðlæknir. Aðsóknin er því eigi eingöngu úr bænum og sýslunni, heldur eru full 30% sjúklinga annaðhvort úr öðrum sýslum eða þá útlendingar, og mjög miklar líkur eru til, að aðsóknin aukist enn að mun, því nú hafa hjeraðsbúar lagt fram fje til að kaupa ljóslækningatæki, og er læknir sestur þar að, sem sjerstaklega hefir lagt fyrir sig berklasjúkdóma og ljóslækningar. Fáist því eigi einhver styrkur til aðgerðarinnar, er eigi sjáanlegt, að tækin geti orðið notuð.

Meðan landið á ekkert sjúkrahús, sem menn, nokkuð alment, geta leitað til, verður eigi með nokkurri sanngirni neitað um styrk til sjúkrahúss, sem svo er aðsótt, bæði úr ýmsum hjeruðum landsins, og af útlendum sjómönnum, sem sjúkrahúsið er á Akureyri.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni. Jeg hygg, að nokkur hluti nefndarinnar sje þessu máli fylgjandi, og vona, að háttv. deildarmenn greiði atkv. með till.

Gísli Sveinsson: Jeg er svo heppinn að eiga enga brtt. við þennan kafla fjárlaganna, og þarf því eigi að biðja mjer at-

kvæðis. En jeg ætla að segja nokkur orð um Faxaflóaferðirnar.

Samvinnunefnd samgöngumála hefir skifst um það atriði. Það hafa komið fram 2 tilboð. Annað er frá h.f. Eggert Ólafsson, er býðst til að taka ferðirnar að sjer fyrir 20 þús. krónur, en hitt fjelagið, Eimskipafjelag Suðurlands, býðst til að taka þær að sjer fyrir 30 þús.

Mun rjett vera, að lægra tilboðið sje eingöngu komið fram til að keppa við Eimskipafjelag Suðurlands. En jeg held, að meiri hluti nefndarinnar, sem vildi taka því boði, fari villur vegar. Þótt ferðirnar sjeu jafnmargar, er ólíku saman að jafna.

Eggert Ólafsson ætlar að halda ferðunum uppi með „Skildi", en þó að um þann farkost sjeu skiftar skoðanir, held jeg að allir sjeu sammála um, að hann sje algerlega ófullnægjandi. H.f. Suðurland er stofnað með tilstyrk þeirra manna, sem þetta mál kemur mest við. Er það stofnað fyrir tillög frá kaupfjelögum og kaupmönnum, og einnig búandmönnum, hjer. í Borgarfirði og austan fjalls, alt til Vestmannaeyja. — Skip það, sem þetta fjelag hefir aflað sjer, er tiltölulega stórt og gott, og ætlað að fara austur með Suðurlandi, alt til Vestmannaeyja, og lengra ef vill. Kauptúnunum á þessu svæði — Stokkseyri og Eyrarbakka — er alls eigi fullnægt með þeim áætlunum, sem fyrir liggja. Báturinn „Skaftfellingur" hefir eigi getað, og getur enn síður nú, fullnægt Árnessýslu, enda hefir hann Skaftafellssýslur og Rangárvallasýslu aðallega. Meiri hlutinn fjelst eigi á að veita Eimskipafjelagi Suðurlands styrkinn, sem þó er eina fjelagið, sem ætla má að geti fullnægt þörfinni. Meiri hlutinn vildi einnig að eins styrkja Faxaflóaferðirnar, þó að utan Faxaflóa sjeu hjeruð, sem hjer koma til mála, og eru út undan. Ýmsum nefndarmönnum duldist samt ekki, að hjer er engin samjöfnuður, á milli þessara fjelaga eða skipa þeirra. „Skjöldur" getur alls ekki fullnægt þörfinni á þessu svæði, og var upprunalega tekinn út úr neyð, af því að ekkert annað skip var til taks, sem gæti tekið að sjer ferðirnar. Þetta fjelag, sem er nýstofnað, hefir aflað sjer þessa skips til að fara ferðirnar allan veturinn og mestan hluta sumarsins, og skipið er vitanlega langt um betra en hitt. Auk þess ætlar það að hafa annað minna skip til ferðanna við og við. Jeg býst við, að háttv. meiri hluti hafi eingöngu litið á, hvor upphæðin var minni, og svo hallað sjer að þeirri. Það er að vísu góð regla að spara, en sparnaður getur líka orðið nokkuð dýr, ef hann er keyrður úr hófi fram. Mjer er kunnugt um, að háttv. fjárveitinganefnd hefir eigi haft í höndum gögn þessa máls. Til eru ítarleg brjef um þetta mál, sem nefndin hefði átt að fá í hendur, áður en hún ákvað að fallast á lægri fjárhæðina.

Jeg tel illa gengið frá þessu máli, ef sú lægri upphæðin er tekin, eingöngu af því, að hún er lægri á pappírnum. Finst mjer, að í þesu máli megi ekki eingöngu líta á tölurnar, heldur líka á hina verulegu hagsmuni og hvað að haldi kemur.

Lægra tilboðið er enn fremur eingöngu komið fram vegna þess, að nýja fjelagið vildi ekki kaupa skipið, sem eldra fjelagið hafði til ferðanna og vildi losna við, sem sje „Skjöld". Og það hefir berlega komið fram, að lægra tilboðið var eingöngu gert í því skyni, að keppa við nýja fjelagið og þannig útiloka það frá styrknum, enda bauðst h.f. Eggert Ólafsson upprunalega til að halda ferðunum uppi fyrir 30 þús. kr., og lækkaði tilboðið fyrst niður í 20 þús. kr., er nýja fjelagið hafði boðið sömu kjör.

Jeg skal ekki leggja neinn dóm á það, hvort h.f. Eggert Ólafsson sje fært um að halda uppi ferðunum, en skipið „Skjöldur" er ljelegt og getur aldrei fullnægt kröfunum.

Það væri illa farið, ef þingið tæki þá

stefnu, að samþ. till. meiri hluta nefndarinnar, því að mjer finst aðalatriðið hljóta að vera, hvernig ferðirnar eru. Bæði jeg og aðrir hafa bent á, að í því efni getur enginn samanburður átt sjer stað milli þessara tveggja. Skip Eimskipafjelags Suðurlands er ágætisskip, en það kvað alment vera kvartað undan hinu skipinu.

Til þessa fjelags hafa og þeir menn stofnað, sem mest þurfa ferðanna með. Og yrði þeim mun óskiljanlegra, hvernig fjelagið Eggert Ólafsson gæti haldið ferðunum uppi fyrir þenna styrk, er áreiðanlegt má telja, að rjett allur varningur muni verða futtur með skipi Eimskipafjelags Suðurlands.

Það er sem sje víst, að ferðir „Skjaldar" eru svo lakar, að ekkert viðlit er, að þær verði til frambúðar. Það, að veita „Skildi" upphæðina, yrði því að eins til þess, að gera hinu betra fjelaginu óþarfan leik.

Pjetur Þórðarson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að minnast á mörg atriði þessa máls. Jeg ætlaði aðallega að tala um þann lið, sem hv. þm. V.-Sk. (G.Sv.) gerði að umræðuefni, og hefi jeg þó ekki mörgu við það að bæta, sem hann sagði. Þó vildi jeg drepa á fátt eitt, sem ekki kom fram í ræðu hans.

Það er vitanlegt, að „Skjöldur" var í fyrra tekinn til þessara ferða út úr neyð, og fyrirfram vitanlegt, að hann gat ekki fullnægt og fullnægir hvergi nærri flutningsþörfinni. Jafnframt voru líka í alt fyrra sumar notaðir tveir vjelbátar, hvor hjer um bil 36 smálestir að stærð, og fóru þeir milli Reykjavíkur og Borgarness annanhvern dag um lengri tíma framan af sumri og öðru hvoru fram á haust. Sömuleiðis gekk „Skaftfellingur" á milli allofi og ætíð með nægum flutningi, auk ýmsra annara báta, sem öðru hvoru voru á ferðinni þessa sömu leið. Og það segir sig sjálft, hvort menn eru að fara allar þessar ferðir að þarflausu. Jeg bendi á þetta til að sýna fram á það, hvað flutningaþörfin er miklu meiri en svo, að „Skjöldur" geti fullnægt henni. En auk þess er annað, sem eigi þarf síður að athuga. Nú er jafnvel miklu meiri vandkvæðum bundið en áður fyrir *fólk* að fara á milli, vegna þess, að „Skjöldur" er svo lítið skip fyrir farþega, að litlu munar á farrými á honum og vænum mótorbát. Og í hvert skifti, sem minst er á þau fargögn, sem nú eru notuð, og fólkið er neytt til að nota á ferðum um Faxaflóa, þá heyrir maður sárar kvartanir yfir því, hve úrræðaleysi þings og stjórnar í þessu efni sje átakanlegt, kvartanir frá einhverjum, ekki síst háttvirtum Reykvíkingum og öðrum, sem vanir eru sæmilegum lífsþægindum, og helst vildu ekki þurfa að sæta fari með slíkum veltidöllum. Það virðist þess vegna full ástæða til þess að reyna að fara að sjá Flóanum fyrir skipi, sem nokkurn veginn sje siðuðum mönnum samboðið. Mjer er þessvegna alveg óskiljanlegt, hvernig það hefir getað komist inn í skilning hv. meiri hluta samgöngumálanefndar, að ætla sjer enn að fullnægja öllum þessum þörfum með sama ómyndarfarkostinum sem í fyrra. Og enn þá óskiljanlegra verður þetta, þegar gætt er þeirra gagna, sem nefndin hefir haft fyrir sjer.

Ef þessi styrkur verður veittur h.f. Eggert Ólafsson, má gera ráð fyrir því, að fyrir hann fáist að eins póstflutningur einn. Því auðvitað fær hitt skipið, sem er stærra og betra, mest af mann- og vöruflutningnum, ekki síst þegar þess er gætt, að að því standa einmitt þeir menn, sem mest þurfa að fá flutt, alkunnir dugnaðarmenn beggja megin hinnar nú svo fjölförnu sjóferðalínu, sem nú hafa hafist handa til þess að bæta úr knýjandi þörf.

Jeg held því, að vægast sagt megi kveða svo að orði, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að hv. fjárveitinganefnd hafi farið lauslega

yfir málið, ef hún ætlar að halda til streitu þessum skilningi sínum.

Svo vildi jeg leyfa mjer að minnast örlítið á brtt. á þgskj. 461, II. 8. Jeg er hv. samgöngumálanefnd mjög þakklátur fyrir undirtektir hennar undir þá litlu fjárveitingu, sem þar er um að ræða og jeg á hlut að, sem sje styrkinn til vjelbátaferðanna með ströndum fram í vestur frá Borgarfirði. Það stendur sem sje svo á, að mjög örðugt er að fara á stóru skipi um þessar slóðir. Þó eru þarna tvær löggiltar hafnir. En það borgar sig ekki að láta Flóabátinn koma þar við svo oft sem þarf, og hefir þess vegna fyrir löngu verið horfið frá því, og er miklu rjettara og tiltækilegra að styðja samgöngurnar þar með styrk til vjelbátaferða. En það er ekki rjett hjá háttv. frmsm. fjárveitinganefndar (M. P.), að hjer sje verið að fara inn á nýja braut fjárveitinga, þar sem það er vitanlegt, að slíkir smábátastyrkir hafa staðið í fjárlögunum í mörg ár.

Jeg vona svo, að hv. fjárveitinganefnd fari ekki að amast við þessu smávægi, þegar til atkv.greiðslunnar kemur, og vonandi fer ríkissjóðurinn ekki á hausinn fyrir það, þó hann sýni okkur á Mýrunum þessa samgirni. Annars býst jeg ekki við því að hafa áhrif á hv. deildarmenn í þessu máli, aftur eða fram, og væntanlega ókyrrir það ekkert samvisku þeirra, hvort sem þeir fella þetta eða samþykkja.

Mun jeg því ekki segja meira til meðmæla þessum lið, og er líklega rjett að láta við svo búið standa.

Frsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Jeg vildi helst mega mælast til þess, áður en jeg byrja, að menn hætti öllum þessum einkafundum meðan jeg tala, enda býst jeg ekki við að tala aftur.

Jeg vil byrja á því, að þakka hæstv. atvinnumálaráðherra undirtektir hans undir brtt. okkar. Þeim bjóst jeg, sannast að segja, tæpast við, því mest var raskað þeim fjárlagaliðum, sem honum viðkemur, Skildi jeg ræðu hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) svo, sem hann væri að þakka nefndinni fyrir, að hún hefði rjett hluta hans gagnvart embættisbræðrum hans, og eftir því, sem fram er komið, þá skýtur að minsta kosti nokkuð skökku við um ræðu hans og hæstv. fjármálaráðh. (S. E.).

Þá skal jeg leyfa mjer að víkja nokkuð að hv. 1. þm. Árn. (S. S.), og sjerstaklega að brtt. hans á þgskj. 597, um lækningastyrk til Þingvellinga. Nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að mæla með þessu, af sömu ástæðu og hæstv. forsætisráðherra tók fram, sem sje þeirri, að ef þetta yrði samþ., mundu miklu fleiri koma á eftir. En öllum væri ókleift að veita slíkan styrk. Og þótt segja mætti með nokkrum sanni, að eitt svipað dæmi væri til áður, þá er því þar til að svara, að það er komið fram á móti vilja fjárveitinganefndar. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) gat þess, till. sinni til styrktar, að torfæra mikil hamlaði læknissókn á þessu svæði. Vil jeg nú spyrja, hvort hann eigi hjer við Brúará. (*S. S.*: Já — akkúrat!) Já — en ef svo er — þá get jeg huggað hv. þm. á því, að sú torfæra er nú að hverfa, því áin verður brúuð „akkúrat" á næsta ári.

Þá hefir nefndin ekki getað fallist á það að veita Ól. Ísleifssyni lækningalaun. Hún telur það varhugaverða stefnu að taka próflausa menn á föst laun. (*S. S.*: Hann hefir lækningaleyfi.) Já—en hann hefir að eins takmarkað leyfi — og það hefir komið fram óánægja gegn því, að slíkir menn „praktiseruðu" mikið, og engin ástæða fyrir hið opinbera til þess að hlaða undir þá hálflærðu starfsemi, eða setja slíka menn á föst laun.

Þá er þriðja og stærsta brtt., og þarf jeg litlu við það að bæta, sem jeg hefi áður sagt um hana. En mjer er óskiljanlegt, að lagaskýring sýslunefndanna um þennan Flóaveg sje rjett. Auðvitað hefir vegur-

inn á sínum tíma verið afhentur sýslunni sem fullger, og ber henni því að hafa allan veg og vanda af viðhaldi hans. Eða hvað skyldi ekki mega hlaða miklu vegaviðhaldi sýslusjóða á ríkið, ef þessi yrði samþykt? En þrátt fyrir alt þetta hefir nefndin ekki viljað nota sjer leyfi þingskapanna til þess að stemma nú þegar stigu fyrir framgangi þessarar Flóavisku, en telur sjálfsagt, að hv. deild sýni Flóamönnum alla kurteisi, engu síður en öðrum. En þó virðist skörin farin að færast upp í bekkinn, þegar, þrátt fyrir alt þetta, er kvartað yfir því af hv. þm. Árn., að Árnessýsla sje, og hafi verið, olnbogabarn ríkissjóðs í vegamálum. Jeg vil í því sambandi benda á það til skýringar, að á árunum 1886–1916 hefir þessi sýsla hlotið til vegagerða 603 þús. kr., eða nærri $^1/_5$ alls þess, sem til slíkra framkvæmda hefir verið veitt. Ef þetta er að hafa Árnesinga fyrir olnbogabörn, þá hefði jeg gaman af að vita, hvaða eymdarnafni sumar aðrar sýslur ættu að heita. (*S. S.*: Jeg hefi ekki sagt þetta).

Næst vil jeg snúa mjer að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.). En þar skal jeg ekki vera langorður. Það yrðu að eins þreytandi endurtekningar, ef við hjeldum mikið áfram orðasennu okkar. Hann var enn þá að segja, að ef fjárlagafrv. hefði komið frá nefndinni, eins og stjórnin gerði ráð fyrir því, þá hefðu fjárhagshorfur ríkisins verið góðar. En hann hlýtur að vita það, að þetta var ómögulegt. Að minsta kosti hefðu launalögin gert allmikinn halla, auk ýmislegs annars. (*Fjármálaráðh.*: Jeg gerði ráð fyrir þeim).

Auk þess, er jeg tók fram um launalögin, er enginn vafi á því, að frv. gat ekki gengið að öðru leyti fram eins og það kom frá stjórninni. Fyrst og fremst hefir verið reiknað út, að þær áætlunarupphæðir, sem nefndin hefir lagt til að hækka, nema um 170 þús. kr. Geri jeg ráð fyrir, að þingið líti svo á, að hjá þessari 170 þús. kr. hækkun hafi eigi verið unt að komast, og að hún sje til orðin af því, að gjaldaáætlun hæstv. stjórnar hafi verið of lág. Enda kemur það heim við það, sem hæstv. atvinnumálaráðherra sagði, að hann hefði viljað hafa sínar áætlanir hærri en raun varð á, þegar aðrir tóku þar í taumana.

Hæstv. fjármálaráðherra talaði um, að það, sem hann hefði á móti, væri, að það yrði framvegis stefna þingsins að skila fjárlögunum með tekjuhalla. Jeg margtók það fram í dag, að langt væri frá því, að fjárveitinganefndin teldi slíkt eiga að vera í framtíðinni, en að það væri að eins afleiðingar ófriðarástandsins í þetta skifti, og afleiðing af því, að ekki hefir unnist tími til að koma skattamálunum í rjett horf. Jeg brýndi það fyrir stjórn og þingi, að framvegis mætti þetta ekki svo til ganga; skattamálunum yrði að koma í betra horf, ef jöfnuður ætti að komast á. Þesskonar stefnu vildum við láta þingið marka nú, hvað miklar tekjur landið þyrfti í framtíðinni, til þess að sæmilegar framkvæmdir geti orðið í landinu.

Annars þótti mjer skrítið að heyra hæstv. fjármálaráðherra detta ofan á það að nefna vegagerðir, sem þann lið fjárlaganna, er helst mætti spara, einkum þó þegar þess er gætt, að aldrei síðan 1907 hefir verið gert ráð fyrir eins litlum framkvæmdum í vegabótum og í fjárlagafrv. stjórnarinnar nú, og er þess er jafnframt gætt, að á þessum kafla er ekki mikil hækkun af nefndinni frá frv. stjórnarinnar. Það er ekki meira en um 80 þús., sem er hækkun frá till. stjórnarinnar (*Fjármálaráðh.*: Ekki rjett!) Nú eru í frv. stjórnarinnar veittar rúmar 610 þús. kr. á þessum kafla. En samkvæmt till. fjárveitinganefndar verða það 692 þús. kr., sem veittar eru til vegamála. Hækkanir á þessum kafla eru ekki meiri. En auðvitað hafa verið teknar út úr frv. þessar brúabyggingar, framkvæmdir, sem hæstv. fjármálaráðherra var

ekki á móti og þingið samþ. að fram skuli fara. En nefndinni hefði ekki dottið í hug að nema þesar brýr út af fjárlögunum, ef ekki hefði aftur verið meiningin, að láta vegina njóta þess.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) talaði einnig um lánstraust landsins, að þótt það væri gott í svipinn, þá gæti það ekki batnað við það, að hvað eftir annað væri leitað lána, til að borga með tekjuhallann. Þetta er auðvitað rjett og í samræmi við það, sem jeg hefi áður sagt, að það er ekki meiningin, að þetta sje til frambúðar. En nú vil jeg geta þess, að það getur aldrei spilt lánstraustinu, þótt það sjáist, að þingið vill verja fje til framkvæmda í landinu. Hitt myndi miklu fremur spilla lánstraustinu, ef það sæist, að stefna þingsins væri sú, að marka kyrstöðu í framkvæmdum.

Hæstv. fjármálaráðherra þekti einn veg, sem hann áleit að vel mætti bíða. Það var Norðurárdalsvegurinn. (*Fjármálaráðherra*: Jeg nefndi fleiri.) Jeg þekki veginn vel og veit, að svo framarlega sem fjárveiting til þessa vegar verður skorin við neglur sjer nú, þá verður ekki hægt að nota það, sem við hann hefir verið bætt. Hann endaði þá í ófæru og verður gagnslaus, þar til hann kemst upp að Hraunsnefi. Veit jeg, að hæstv. fjármálaráðherra kannast við það. Hann liggur yfir flóann fyrir ofan Gröf, og er ekki hægt að nota hann, nema honum sje komið upp fyrir allar ófærur.

Hæstv. fjármálaráðherra hjelt því fram, að annaðhvort yrði að gera, skera niður eitthvað af till. nefndarinnar, eða herða á sköttum. Jeg hefi ekki sýnt neinn mótþróa skattafrv. stjórnarinnar og öðrum, sem fram hafa komið á þingi. En jeg get ekki talið það hlutverk fjárveitinganefndar að sjá við því, þótt tekjur landsins sjeu of litlar. Hæstv. fjármálaráðherra gerði ráð fyrir, að þingið myndi fúst til að samþykkja ýmsa tekjuauka, sem hann hefði í hyggju að flytja frv. um, ef till. nefndarinnar yrðu samþyktar. Jeg fyrir mitt leyti get ekki lofað því, að samþykkja hverjar þær tekjuaukatillögur, sem bornar væru fram. En ekki er ólíklegt, að takast mætti að finna þá tekjuauka, er mætti samþykkja. Vona jeg, að t. d. á næsta þingi komi fram tekjuaukatill., er komi jafnvægi á og jafni upp hallann, sem nú er á, að minsta kosti að einhverju leyti.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði, að það hefði verið ófrávíkjanleg regla nefndarinnar að fara eftir till. allra „stjórannaˮ. Það er satt, að fjárveitinganefnd hefir gert sjer að góðu að taka við bendingum sjerfræðinga í hverri grein, því að hún er ekki svo mönnum skipuð, að hún geti haft sjerfræðinga í öllum þeim greinum, er til hennar kasta koma. En viðvíkjandi vegagerðunum skal jeg taka það fram, að till. um það í heild sinni eru fram komnar eftir hvötum fjárveitinganefndar sjálfrar. Um leið og nefndin ljet brýrnar falla úr vildi hún taka eitthvað af nauðsynlegustu framkvæmdum upp í fjárlögin í staðinn. Fór hún þá til vegamálastjóra og spurði hann, hvað hún ætti að setja í stað þess fjár, er við þetta sparaðist í fjárlögunum. (*Fjármálaráðherra*: Það var skrítið!) Jeg vona, að hæstv. fjármálaráðherra fari ekki að hártoga það.

Ekkert skil jeg í því, að hæstv. fjármálaráðherra skuli þykja undarlegt, þótt nefndin telji það búhnykk að hækka skrifstofufje vegamálastjóra. En jeg hygg rjett, að það sje búhnykkur að nota ódýrari vinnukraftinn til skrifstofustarfanna, heldur en að láta verkfræðingana sjálfa, sem nóg hafa að gera á sínu sviði, sitja við skrifstofustörf, sem allir almennir skrifarar geta leyst af hendi.

Hæstv. fjármálaráðherra beiddist þess, að honum væri gert aðvart um, hve miklu tekjuhallinn myndi nema, er nefndin hefði

lokið störfum. Fjárveitinganefnd gat ekki gefið upp neitt um það fyr en allar brtt. hennar voru tilbúnar. Þá fyrst var hægt að semja fullnaðarskýrslu um það. En það var ekki fyr en daginn, sem fjárlögin voru til framhalds 1. umr. Þá var þetta gert upp, og árangurinn kom fram í ræðu hv. framsögumanns fjárhagsnefndar (M. G.). Bjóst nefndin ekki við, að hæstv. fjármálaráðherra þyrfti aðra tilkynningu um það atriði.

Jeg vil að lokum, áður en jeg skil við hæstv. fjármálaráðherra, geta þess, að það mátti skilja ræðu hans svo, að þessar framkvæmdir í vegagerðum væru óvenjulega miklar. En það er langt frá því, að svo sje. Það eru hjer um bil jafnmiklar framkvæmdir og gert var ráð fyrir á síðasta þinginu fyrir ófriðinn. Þá var gerð fyrirætlun um framkvæmdir vegagerða í framtíðinni. Þar var áætluð sú upphæð, er þingið 1913 gerði ráð fyrir að hæfileg yrði næstu ár. Það er því síður en svo, að nefndin hafi viljað ganga svo langt, að bæta þann halla, er framkvæmdir í landinu hafa beðið við ófriðinn. Hún vildi ekki fara hærra en á venjulegum tíma.

Þá var það hæstv. forsætisráðherra, er mintist á styrkinn, sem ætlaður er hjeraðslæknum, í sambandi við þann styrk, er fjárveitinganefndin hefir ætlað Halldóri Hansen lækni. Það var rjett athugasemd, og vona jeg, að nefndin athugi það til næstu umr., hvort ekki sje hægt að gera þetta samræmilegt, með því annaðhvort að hækka styrkinn til utanfarar lækna, eða færa hina upphæðina niður.

Þá var brtt. frá hv. þingmönnum Eyfirðinga, um styrk til aðgerðar sjúkrahússins á Akureyri. Nefndin, eða meiri hluti hennar, vill heldur mæla með, að þessi till. nái fram að ganga. Það er víst enginn vafi á því, að þörfin er mikil, eins og hv. flm. (St. St.) skýrði frá. Sjerstaklega er nefndinni kunnugt um það, að einstakir menn í hjeraðinu hafa lagt mikið á sig til að afla sjúkrahúsinu nauðsynlegra tækja og þvílíks.

Það var víst hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem ljet á sjer skilja, að fjárveitinganefndin myndi í hugsunarleysi og án þess að hafa gert sjer ljósa grein fyrir skilríkjum og athugað þau stutt till. samgöngumálanefndar, af því að það hafi verið sparnaðartill., og líklega sú eina í þá átt. Ætti síst að lasta það, að þarna er þó einn ljósdepill í gerðum fjárveitinganefndar, heldur ætti samgöngumálanefnd að þakka sjálfri sjer það, að hafa komið henni á rjetta braut.

Annars skal jeg geta þess, að fjárveitinganefnd fjekk þannig lagaða skýrslu frá samgöngumálanefnd, að hún sendi einn mann til fjárveitinganefndar, sem átti að veita henni upplýsingar. En svo býst jeg ekki við, að fjárveitinganefnd sje svo bundin með atkvæði sínu, að hún geti ekki tekið fult tillit til þess, sem upplýsast kann, og metið öll þau rök, sem fram koma, og er því hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) óhætt að færa fram öll þau rök, er hann hefir til, vegna þessa.

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttvirtur frsm. (M. P.) talaði um það, að þótt frv. hefði verið samþ. í nefndinni eins og það kom frá stjórninni, hefði halli orðið eins fyrir það. Þetta getur verið, en hann hefði þó áreiðanlega orðið stórum minni.

Hann sagði, að jeg vildi sjerstaklega spara útgjöldin til veganna, og kvaðst furða sig á því, þar sem útgjöldin til þeirra væru þau sömu hjá fjárveitinganefnd og stjórninni. En hann gleymir þar alveg 300,000 króna upphæðinni, sem framyfir er hjá fjárveitinganefnd, því hún hefir tekið brýrnar úr stjórnarfrumvarpinu og ætlar að láta byggja þær fyrir lánsfje, en í stað þeirra hefir hún sett ýmsar vegabætur inn í fjárlögin; en allir

sjá, hvað sparnaður fjárveitinganefndar vegur mikið, þegar upphæðin, sem út er dregin úr fjárlögunum, á samt að brúkast. En sannleikurinn er sá, að hv. frsm. (M. P.) hefir verið hræddur um að verða ekki álitinn nógu mikill framkvæmda- og framfaramaður af kjósendum sínum, ef hann ekki jysi nógu út, sjerstaklega til vegamálanna. En hann gáir ekki að því, að verið er að ráðast í stórfyrirtæki utan fjárlaganna Nú er á leiðinni bæði brúarfrumvarp, húsabyggingafrumvarp, sem kemur til með að kosta miljónir, ef verður að lögum, og auk þess er í ráði hafnargerð í stórum stíl, og að koma á fót strandvörnum. Þingið er samanlega, eftir atvikum, afarstórstígt í framkvæmdum.

Hv. þm. (M. P.) mintist á Norðurárdalsveginn. Það var nú ekki aðallega hann, sem jeg mintist á. En jeg er honum kunnugur og veit, að þeir, sem þar eiga hlut að máli, mundu verða þakklátir fyrir að fá hann, og vitanlega eiga þeir að fá hann; en þó að eitthvað hefði verið dregið úr útgjöldum, einnig til hans, þá veit jeg, að engin hætta var á ferðum.

Það lítur út fyrir, að hv. þm. (M. P.) álíti það ekki svo hættulegt, að veita fje svona, jeg vil næstum segja í óhófi, meðan hægt sje að fá lán. En einhverntíma kemur að skuldadögunum.

Eftir því, sem jeg frjetti rjett nú, hafði fjárveitinganefnd ekki athugað neitt, hve hallinn mundi verða mikill á fjárlögunum, heldur bætt athugasemdalaust við útgjöldin. Það var fyrst þegar farið var að leggja saman eftir á, að henni varð hallinn ljós. Það var því ekki von, að vel færi.

Hv. frsm. (M. P.) er því alveg óhætt að vera með mjer í því, að draga úr ýmsum framkvæmdum, eins og nú er ástatt. Þetta þing verður samt talið eitthvert hið mesta framkvæmdaþing. Fjárlögin hafa hingað til verið þjóðvegirnir, sem fjárveitingarnar hafa farið eftir, en nú er farið inn á hliðarvegi ýmsa í fjárveitingum, eins og jeg hefi tekið fram, og má vara sig á því, að þeir verði ekki að villigötum út í fenið.

Pjetur Jónsson: Það er út af vegamálunum, sem jeg stend upp, og þá sjerstaklega út af Flóaveginum. Jeg var á fundi sýslunefndar Árnessýslu, þegar hún ræddi málið á fundi sínum. Auðvitað lagði jeg þar ekkert til mála, en jeg veitti því athygli, sem fram fór og haldið var fram í einu hljóði í sýslunefndinni. Hún hjelt því fram, að það væri skylda landsstjórnarinnar að endurbyggja veg þennan. Á borðinu fyrir framan sig hafði oddviti kort yfir sýsluna, þar sem sýndir voru vegirnir, sem um hana liggja. Mjer datt í hug, að æskilegt hefði verið, að þar hefði verið kort af Íslandi öllu í staðinn, og að komið hefði sjer vel, ef þeir hefðu verið markaðir með rauðu þeir landssjóðsvegir, sem búið er að leggja, en hinir með svörtu, sem enn eru ekki til neinsstaðar, nema í vegalögunum. Jeg vil bæta því við, að það hefði komið sjer vel líka fyrir þm. að hafa slíkt kort fyrir framan sig nú, þegar um vegina er að ræða. Vegalögin eru nú orðin 25 ára gömul, og þegar þess er gætt, að strax var byrjað að leggja suma þá vegi, sem fyrir var mælt um í lögunum, þá er engin furða, þótt fólki sje farið að lengja eftir þeim vegum, sem enn eru einungis á pappírnum. Og eitt ætti nú a. m. k. að vera orðið mönnum ljóst, að það, sem lagt var til veganna ár eftir ár, oftast þetta 150.000 krónur á ári, var ekki of mikið til þess að koma upp þeim vegum, sem í vegalögunum stóðu, á skaplegum tíma, þótt ekki væri tekið af því sífelt meira og meira til viðhalds á vegunum og jafnvel endurbyggingar. Og nú vil jeg þá leyfa mjer að benda á, hvað

eftir er að byggja af þessum landssjóðsvegum.*)

Yfir höfuð er mjög mikið eftir af þeim vegum, sem sjálfsagt er að gera akfæra.

Samkvæmt þessu sjá menn, að það er að eins til að tefja fyrir því, að menn fái sína langþráðu vegarspotta, ef sífelt á að kippa af vegafjárveitingunni því, sem þarf til viðhalds og endurbyggingar hinum fengnu vegum, því þá fá sum hjeruð aldrei sína vegi. Mjer datt í hug að gefa þetta yfirlit í sambandi við Flóaáveituveginn. Jeg er ekkert á móti því, að landssjóður leggi fje til þessa vegar á móti hjeraðinu, ekki af því, að honum beri lagaskylda til þess, heldur af hinu, að upphafleg bygging vegarins hefði eigi reynst svo vel, sem flutningamagn á þessum vegi heimtar. Skil jeg ekki annað en að hjeruðin megi vera fegin að fá þessa hjálp úr landssjóðnum, með hinni fyrirhuguðu endurbyggingu á þessum vegi. Ætti upp úr því að vera mjög viðráðanlegt fyrir sýsluna að sjá um viðhaldið á honum.

Loks vil jeg benda á það, að skattálögurjettur sýslnanna er svo takmarkaður, að ekki hefir verið hægt að útvega nægilegar tekjur til að standast þann byggingar- og viðhaldskostnað vega, sem til hefir þurft. Mjer finst liggja miklu nær að reyna að kippa þessu í lag en að kippa viðhaldinu alveg af sýslunum.

Frsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) neyðir mig til að standa upp, til að gefa stutta skýringu á tveimur eða þremur atriðum.

Hann sagði, að fjárveitinganefnd hefði ekki hugsað út í, hvað hún var að gera, fyr en á síðustu stundu. En þetta er ekki rjett. Nákvæmt yfirlit gat nefndin ekki gert fyr en allar brtt. voru fram komnar. En fjármálaráðherra spurði mig oft, hvað jeg hjeldi að tekjuhallinn mundi verða mikill, og sagðist jeg ekki vita það fyrir víst, en sennilega mundi hann verða ca. 1 miljón.

Það kom illa heim hjá hæstv. fjármálaráðherra, að jeg væri að vinna mjer sjerstakt fylgi kjósenda með starfi mínu í nefndinni. Því jeg hvorki vann þar nje tala hjer fyrir brtt. nefndarinnar sem þm. Strandamanna eingöngu, heldur fyrst og fremst sem framsögumaður fjárveitinganefndar.

Hafnargerðanna, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) talaði um, hefir nefndin ekkert tillit getað tekið til, vegna þess, að hún hefir enn ekkert haft með þær að gera. Það hefir engu slíku verið skotið til hennar enn.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg veit, að fjárveitinganefnd háttv. Ed. hefir fallist á frv. sjávarútvegsnefndar. Mjer þykir einkennilegt, að háttv. frsm. (M. P.) virðist ekki vera þetta ljóst, því jeg bjóst við svo mikilli samvinnu og sambandi milli nefndanna, að önnur samþykti ekki miljónafyrirtæki án þess að láta hina vita.

Jeg man ekki eftir, að háttv. frsm. (M. P.) hafi tilkynt mjer um þennan 1 milj. tekjuhalla, og jeg endurtek það, að jeg hygg, að háttv. nefnd hafi ekki gert sjer fyllilega ljóst, hvert stefndi.

Það virtist koma hálfilla við háttv. frsm. (M. P.), að jeg talaði um kjósendur í sambandi við framsóknarhug hans. Þetta voru engin lastmæli, því allir viljum við þóknast kjósendum okkar sem best. En háttv. frsm. (M. P.) vildi skifta

*) Síðan var gerð grein fyrir þeim vegaköflum, samkvæmt vegalögunum, sem eftir er að byggja, og þeir flestir taldir upp.

P. J.

sjer í tvent og reka burt háttv. þm. Stranda. meðan háttv. frsm. talaði. Jeg er hræddur um, að þingmaðurinn og framsögumaðurinn hafi fylgst að.

Einar Jónsson: Það lítur út fyrir, að menn hafi gaman af að vaka fram á nótt hvað eftir annað við mal og málæði. Það er haft að máltæki, að betra sje, að 10 sekir sleppi, en að 1 saklaus sje sakfeldur. Jeg beini þessum ásökunum þess vegna ekki að neinum sjerstökum, því einhver kann að vera saklaus, þótt lítill munur hafi verið á málæði manna. Jeg er ekki vanur að tala lengi eða oft; jeg hefi yfirleitt viljað hlífa mönnum við löngum ræðum. En nú sje jeg ekki ástæðu til þess; háttv. deild á það ekki skilið, og ætla jeg þess vegna að verða langorður. Jeg veit vel, að langar ræður hafa lítil áhrif á atkvæði manna, nema að þær sljófga menn og draga úr dómgreind þeirra. Það er líklega af þeirri ástæðu, að oftast er skynsemisminst atkvgr. um þau mál, sem lengst eru þvæld. Hjer hafa verið haldnar hálftíma til klukkutíma ræður, og veit jeg ekki, hvort tilgangurinn er sá, er jeg nú hefi lýst. Jeg á þó ekki við háttv. frsm. (M. P.), því hann hefir reynt eftir megni að halda sjer innan skynsamlegra takmarka. en jeg get ekki gefið öllum háttv. ræðumönnum sama vitnisburð. (*E. A.*: Hverjir eru þeir þá?). Jeg er að hugsa um að taka upp sið háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), að svara ekki þessum háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem gerir sjer leik að því, að grípa fram í fyrir mönnum og reyna að trufla þá. Jeg treysti mjer að vísu til að varðveita ró *mína* og láta ekki standa á svari, en það verður ekki sagt um alla, og því held jeg, að best væri að taka alment upp þennan sið, sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) byrjaði á.

Jeg veit ekki, hvort vökurnar, umræðurnar eða eðlisgallar valda því, að farið er að grauta ýmsu saman nú í seinni tíð. Fjárlagafrv. og launafrv. hafa verið hrærð saman, og er orðinn úr sá grautur, sem þinginu er lítill sómi að bjóða kjósendum. Sumir hafa nú tvöföld laun, bæði eftir fjárlögum og launalögum, og get jeg ekki aðhylst það fyrirkomulag. En í þeirri von, að þetta verði lagað við 3. umr., ætla jeg að láta það liggja á milli hluta nú, en snúa mjer heldur að þeim brtt., sem jeg á.

Jeg er svo heppinn, að brtt. mínar eru fáar, en þó hefi jeg ekki komist hjá að gera brtt. við 12. gr. Jeg ætla að minnast lítillega á þetta, ekki síst þegar háttv. frsm. (M. P.) hefir sýnt því þann sóma, að geta þess, þó minni sómi væri að, hvernig hann gerði það. Ummæli hans hljóta að vera sprottin af misskilningi og ókunnugleika á manninum, sem hjer um ræðir. Jeg sje mjer því ekki annað fært en að reyna að reifa málið. Eins og kunnugt er, koma óskir um það úr öllum áttum að fjölga læknum. Þeim er flestum hafnað með því, að læknar verði ekki fáanlegir í nýju hjeruðin. Hjer er ekki um slíkt að ræða. Læknirinn stendur til boða; hann hefir læknisleyfi og kunnáttu á við marga aðra, þó eigi hafi hann tekið próf. Manninum hefði ekki verið veitt leyfið nema að hann væri til þess hæfur. Hann hefir einnig alment orð á sjer fyrir kunnáttu og lægni, og sýna það vottorð þau frá Árnes- og Rangárvallasýslu, sem hafa legið frammi á lestrarsal og menn hefðu getað kynt sjer, ef þeir hefðu nent. Hjeraðslæknir Rangæinga, sem er einhver besti læknir landsins, hefir gefið honum vottorð, og getur læknirinn talað af reynslu, því hann hefir oft þurft á hjálp hans og aðstoð að halda. Það er sama hvert farið er, alstaðar er Ólafi Ísleifssyni gefið sama vottorðið um kunnáttu, lægni og hjálpfýsi, og vilja menn ekki missa hann sem lækni. Ef hann fær ekki þann styrk, sem

hann sækir um, verður hann að láta af lækningum, og ætti Alþingi að athuga þetta vel. Margir mundu sakna Ólafs, því margir eiga honum heilsu og líf að þakka. Sjerstakt orð fær hann fyrir að hjálpa konum í barnsnauð og hefir tekist vel. (*G. Sv.*: Það geta fleiri). Einhverjir geta það fleiri, en jeg er viss um, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) getur það ekki. Jeg hefi að minsta kosti aldrei heyrt getið um það, að hann hafi hjálpað konum í barnsnauð.

Till., sem jeg á á þgskj. 616, fer fram á smáar upphæðir, og má vel á það minnast, að eftir 12. gr. sitja sumir í sömu launum og áður, þótt nú sje búið að hækka laun annara. (*M. P.*: Þetta verður alt lagað síðar). Jeg er ekki spámaður og veit ekki, hvað fram kann að koma eða gert verður. Það er alt dulið, sem fram undan er, og læt jeg útrætt um þetta atriði.

Jeg á bágt með að trúa því, að háttv. deild verði svo skammsýn, að auka hjeraðslækni erfiði og lífi og heilsu manna hættu með því að neita um þennan styrk. Nú verður stofnað nýtt læknishjerað í Árnessýslu, og verður þá þeim lækni hafnað, sem í boði er. Það er undir hælinn lagt, hvort læknir fæst eða ekki, og er það spá mín, að hann fáist ekki.

Jeg ætla að minnast á aðra brtt., á þgskj. 601, og að því loknu skal jeg gefa deildinni ró og tefja ekki lengur. Árnessýslu er nú gert að skyldu að leggja fram $^2/_3$ af viðhaldi vega. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) talaði um, að vegirnir kæmu ekki að fullum notum fyr en járnbraut væri komin austur. Jeg er alveg á sama máli og hann um járnbrautina, en jeg get ekki fallist á, að fresta eigi vegagerð og vegaviðhaldi þangað til hún kemur, því dráttur getur orðið á því. Jeg býst við því, að ekkert yrði gert á þessu þingi í því máli, þótt áskoranir bærust á skrautrituðu skjali. Vegunum verður að halda við og líta á það, hvar þörfin er mest. Nú er verið að leggja veg, sem jeg tel gagnslítinn og illa fyrir komið. Það er vegurinn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Í hann eru nú komnar 530 þús. og von á meiru. (*Margir þingmenn*: 130 þús.) Það getur verið, að það sjeu að eins 130 þús., en það kemur út á eitt. Þegar stórum upphæðum er eytt til einskis, þá munar minstu, hvort það er 130 þús. eða 530 þús. Þá hafa farið 15 þús. í að lappa upp á gamla veginn, en mig getur mismint, ef til vill eru það að eins 5 þús. Það á ekki að ákveða, að leggja skuli vegi fyrir svo og svo mikið án þess að athuga, hvar þeir eru lagðir og hvar þörfin er mest. Sama er að segja um brýrnar. Þær hafa verið teknar upp á skrá, eg eru þar þarfar og sjálfsagðar brýr innan um óþarfar. Það veit enginn, hvað langt verður þangað til þær brýr verða bygðar, og getur orðið dráttur á því, sem svo mörgu öðru. Það er óheppileg stefna, að strika þetta alt út af fjárlögunum og taka það þannig undan eftirliti þingsins. Jeg efast um, að forsvaranlegt sje að greiða þannig atkv. Við svíkjum kjósendur okkar með því og smeygjum sjálfum okkur undan ábyrgð.

Jeg ætla ekki að tala lengra, því þótt mátulegt væri á háttv. deild, að jeg hjeldi henni vakandi lengur, þá vil jeg nú lofa þeim að fara að sofa úr þessu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg gleymdi alveg að minnast á brtt. á þgskj. 616, sem hv. 2. þm. Rang. (E. J.) hefir nú talað um. Jeg legst ekki á móti málinu af því, að jeg telji ekki manninn alls góðs maklegan, heldur af því, að hjer er um skakka stefnu að ræða. Það á að stofna læknisembætti handa ólærðum manni, próflausum. Jeg vil benda á, hvort eigi mætti fara þá leið, að veita þessum manni viðurkenningu eitt skifti fyrir öll. Jeg tel hann þess

verðan, og væri þeim peningum ekki illa varið, en hitt get jeg ekki fallist á, að stofna nýtt embætti handa þessum manni.

Frsm. samvinnunefndar samgöngumála (Björn R. Stefánsson): Jeg gat þess til, þegar jeg talaði síðast um Faxaflóabátinn, að jeg mundi ekki komast hjá því, að taka aftur til máls. Jeg hafði þó hugsað mjer að sleppa orðinu, en háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafa neytt mig til að standa hjer upp aftur. Jeg segi þetta af því, að jeg álít, að enginn geti staðið upp án þess að afsaka sig, svo mjög sem áliðið er. En um leið og jeg skýri frá þessu, lofa jeg að vera stuttorður.

Það gleður mig, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) er kominn í sæti sitt, því jeg vildi beina máli mínu að honum. Annars reyni jeg að taka mótbárurnar sem mest sameiginlega, til þess að spara tíma, en ekki snúa máli mínu sjerstaklega að hverjum andmælanda, sem haldið hefir svipuðu fram. Báðir háttv. þm. (B. K. og G. Sv.) hafa lagt áherslu á það, að ef boði Eimskipafjelags Suðurlands væri tekið, þá væri betur fullnægt flutningsþörfinni. Og þessir hv. þm. vilja líta á meira en þörfina, þeir gera líka kröfu til þæginda. Jeg hefi tekið það fram, að jeg viðurkendi, að þörf og þægindum yrði ekki fullnægt að öllu leyti, hvorki hjer nje annarsstaðar. Það eru hvergi á landinu eins tíðar og góðar samgöngur og frekast væri hægt að æskja eftir. Það er ekki hægt að líta á annað en brýnustu þörfina og hvað geta landsins nær langt. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði eitthvað á þá leið, að hann vissi ekki, hvað átt væri við, þegar talað væri um þarfir, sem ríkið ætti ekki að reyna að fullnægja. En það verður að líta á það, hverju ríkið getur fullnægt, og sníða sjer stakk eftir vexti. Jeg lít svo á, að helst eigi að sjá fyrir póstflutningi og fólki og flutningi þess. Nú þegar lag fer að komast á, ætti það að nægja. Jeg veit, að á ófriðarárunum hefir ríkið orðið að taka mikinn vöruflutning á sínar herðar, en það er að eins vegna óeðlilegs ástands, og þegar rætist úr, þá ætti ríkið að losna við að verja stórfje til vöruflutninga fyrir kaupmenn og kaupfjelög, og þetta hjerað getur ekki, fremur en önnur, heimtað að svo sje gert.

Jeg fæ ekki sjeð, að Faxaflói hafi orðið út undan; hann hefir meira að segja verið tiltölulega vel settur. Frá 1. sept. 1918 til 1. sept. 1919 hafa verið farnar yfir 80 landssjóðsstyrktar ferðir milli Reykjavíkur og Borgarness. Þó að þeir menn, sem þessar ferðir nota, telji þetta ekki fullnægjandi, þá er ekki að miða við það. Hjer er þó um margfalt greiðari samgöngur að ræða en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu. Eins og kunnugt er, hafa aðrir landshlutar orðið að sætta sig við mest 10 landssjóðsstyrktar ferðir, frá og til Reykjavíkur. Borgarnes hefir fengið rúmar 50 ferðir, eins og jeg gat um áðan, en þó eru þeir óánægðir og þykjast vera hafðir út undan. Vöruflutninga tel jeg ríkinu ekki skylt að styrkja, fremur hjer en annarsstaðar, enda í mörg horn að íta, ef út á þann ís ætti að leggja.

Þá hefir verið talað um það, að tilboðið væri komið fram vegna óeðlilegrar samkepni. Jeg get ekki lastað samkepnina, eða talið hana óeðlilega, enda nýtur landssjóður hennar nú. Ef hún hefði ekki verið, þá hefðu kostirnir orðið óbilgjarnari og verri í alla staði, og þarf ekki annað en minna á árið 1917 í því sambandi. Þá var ekki nema eitt fjelag, sem halda vildi þessum ferðum uppi. Gerði það mjög miklar kröfur, því að auk þess, sem fjelagið heimaði háan styrk til að halda ferðunum uppi, heimtaði það líka kol á niðursettu verði. Þess vegna tók jeg því með fögnuði, er jeg varð þess var á þessu þingi, að við mundum ekki þurfa að neyðast til að sætta okkur við afarkosti

eins einasta fjelags, heldur mundu fleiri koma með tilboð. Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) talaði um, að jafnlágur styrkur og hjer væri um að ræða mundi ekki nægja, og að ferðirnar gætu ekki borið sig með honum; væri því ekki nema um tvent að gera. Annaðhvort mundi fjelagið hætta ferðunum, eða færa sig upp á skaftið og heimta hærri styrk. Þessu þarf eiginlega ekki að svara, því að hv. þm. (B. K.) sagði sjálfur, að á bak við fjelagið stæðu efnaðir kaupmenn; ættu þeir hvorki að þurfa að hætta ferðunum, þótt þeir biðu halla, nje þingið að bæta þeim hann upp eftir á, þar sem hjer er um ákveðna samninga að ræða. Þá mundi og h.f. Eggert Ólafsson ekki síður vísað á bug, nema fremur yrði, ef það færi eftir á að koma með uppbótarbeiðni. (*B. K.*: Þetta er alt misskilningur á orðum mínum. Það hefir töluvert verið talað um, að Eimskipafjelag Suðurlands væri þjóðnytjafyrirtæki, sem skylt væri að styrkja. Þingið mundi því fremur kynoka sjer við að veita slíku fjelagi styrk, um fram samninga og beina skyldu, ef það biði halla af ferðunum, en hinu fjelaginu, sem er alveg prívatmanns eða manna eign; því munduna við fremur vísa frá okkur með köldu blóði og styrkbeiðslum þess; og það því fremur, sem það ber sig nú svo borginmannlega, að það telur sig örugt um að geta staðið straum af ferðunum, sjálfsagt hvernig sem fari; það sje þannig fjárhagslega statt. Jeg er sammála hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) um, að hæpið sje, að Eimskipafjelag Suðurlands geti að skaðlausu haldið ferðunum uppi, ekki síst með jafnstóru skipi, sem „Suðurland" er. Þetta er trúlegt, og eins hitt, að því mundi fjárhagslega betur borgið með að binda sig ekki við fastar ferðir, fyrir ekki hærri styrk en hjer er tilætlað.

Nefndinni var ekki kunnugt um brjef það, sem hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) las upp áðan, en það hefir nú ekki haft áhrif á mig, því þótt fjelagið geti þess, að ætlun þess sje að hafa stærra skip í förum þessum, þá er ekki full trygging fyrir, að svo verði; það getur altaf hætt við þá fyrirætlun eða breytt henni. Þegar háttv. þm. (B. K.) var að bera saman skipin, gat hann þess, að á „Skildi" væri ekki skýli fyrir farþega á þilfari. En hann nefndi það ekki, að þar er skýli undir þiljum fyrir 50 farþega. Á sunnudaginn var tók jeg mjer ferð á hendur vestur í „Slipp", þar sem „Skjöldur" stóð uppi til aðgerðar, til þess að geta dæmt um það af eigin sjón, hvernig skipið kæmi fyrir sjónir, og stend jeg við það eftir þá skoðun, að þar geti 50 manns legið og setið undir þiljum, þótt það hafi verið rengt. Og þótt segja megi, að vistin sje þar ekki sem best fyrir svo marga, þá er hún vel viðunandi, jafnstuttan veg sem hjer er að ræða um, og betri en á mótorbátum þeim, sem ganga fyrir Norðurlandi og Austurlandi og fólk þarf að vera með dögum saman. Það var talað um, að skiftar væru skoðanir um, hvað góður farkostur „Skjöldur" væri. Það er eðlilegt, því að lýsingarnar á honum hafa verið svo mismunandi. Eins og jeg sagði áðan, skoðaði jeg skipið nú nýlega. Það er að vísu lítið, en prýðilega haldið, bæði utanborðs og innan, og eru það góð meðmæli með því. Það hefir verið sagt, að skipið væri gamall skrokkur. Slíkt er gagnstætt því, sem stendur í skoðunargerð skipsins 1918. Hana framkvæmdu þrír ábyggilegir menn með gott skynbragð á síkum hlutum, og var einn þeirra Jessen, forstöðumaður vjelstjóraskólans. Segir í skoðunargerðinni, að alt sje í góðu standi á skipinu.

Þess var áðan getið, að tilboðið frá hlutafjelaginu Eggert Ólafssyni væri komið fram af því, að Eimskipafjelag Suðurlands hefði ekki viljað kaupa „Skjöld". Þetta skiftir mig engu; jeg vil semja við það fjelagið, sem jeg tel gera álitlegra tilboð, hvernig sem á því tilboði stendur. Eftir öllu, sem farið hefir á milli

nefndarinnar og hins samningsaðilja, hallast jeg hiklaust að því, að hagkvæmast muni vera að taka tilboðinu um „Skjöld".

Það má gera ráð fyrir, að „Skjöldur", sem er minna skip en hitt, geti staðið sig við að fara fleiri aukaferðir en það, og mun það hentugra, bæði fyrir nágrannahjeruðin og ferðamenn lengra að. Hjer er um svo stuttan veg að ræða, milli Reykjavíkur og Borgarness, að ekki er verulegur munur á, þótt skipið sje minna; það verður hvort sem er varla lagt af stað nema í allgóðu veðri og útliti, og naumast að veður breytist mjög á meðan á ferðinni stendur. Auk þess er það haft eftir kunnugum mönnum, að „Skjöldur" fari vel í sjó og sje ganggóður.

Jeg hefi reynt að tala alveg hlutdrægnislaust um bæði tilboðin. En háttv. minni hluti hefir talað mjög einhliða móti öðru þeirra.

Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) var að vorkenna meiri hlutanum að hafa komist að þeirri niðurstöðu, sem nál. sýni. Jeg frábið mjer þá vorkunnsemi hans; því að tillögur nefndarinnar um þetta eru í fullu samræmi við tillögur hennar um samgöngur annarsstaðar: hún hefir hvarvetna lagt til, að reynt væri að uppfylla hinar brýnustu þarfir hjeraðanna og þær skyldur, sem á ríkinu hvíla um þessar ferðir; lengra hefir hún ekki sjeð sjer fært að fara, og við, sem erum í meiri hlutanum, teljum enga ástæðu til að bjóða út fje umfram það, sem þarf. Okkur finst fjárhagurinn ekki svo glæsilegur, að okkur farist það.

Jeg hefði haft ástæðu til að minnast á fleira í þessum kafla fjárlaganna, en sleppi því þó, með því að svo er orðið áliðið nætur, sem nú er.

Björn Kristjánsson: Jeg verð að leyfa mjer að gera fáeinar athugasemdir út af ræðu hv. 2. þm. S.-M. (B. St.). Hv. þm. var að reyna að skýra, hvað hann teldi ríkinu skylt að ganga langt í því, að sjá fyrir samgöngubótum á sjó, og þóttist með því hafa svarað fyrirspurn minni. Hann vildi halda því fram, að ríkinu væri ekki skylt að styrkja vöruflutninga á sjó. Þrátt fyrir þetta veit jeg ekki betur en að hingað til hafi ríkið styrkt mótorbátaferðir um firði og flóa, báta, sem mjög hafa verið notaðir til vöruflutninga; hefir þetta einkum verið á þeim stöðum, sem millilandaskipin hafa ekki haft viðkomustaði. Eins er því háttað hjer, að millilandaskipin hafa ekki haft áætlunarferðir, hvorki til Borgarness nje Keflavíkur; en ríkið hefir stutt flóabáta til að koma vörunum úr millilandaskipunum á þessa staði og til þess að flytja íslenskar vörur þaðan; og hefi jeg ekki orðið þess var, að enn sje alment horfið frá þessari stefnu; má því ætla, að háttv. þm. (B. St.) standi nokkurn veginn einn uppi með skoðun sína. Það er brýn þörf fyrir flutninga á fólki og vörum, eigi síður hjer en annarsstaðar. En til fólksflutninga eru mótorbátar óhæfir, og ætti að vera bannað að hafa þá til þess.

Hv. þm. (B. St.) hjelt því fram, að jeg hefði sagt, að bæta yrði upp fjelaginu, sem ferðunum hjeldi uppi, ef það biði tjón af því. Það sagði jeg ekki, en hitt sagði jeg, að er það færi að gera samninga að nýju, mundi það setja ferðirnar svo hátt, að það gæti náð upp halla sínum á þeim.

Hv. þm. (B. St.) sagði, að brjefið, sem jeg las upp, hefði ekki haft nein áhrif á sig. Það skil jeg vel, þegar athugað er, hvernig hv. þm. hefir talað í kvöld. Það yrði líklega fátt, sem fengi hann til að hverfa frá „Skildi" sínum. Það er ekki rjett, að ekki sje góð trygging fyrir efndum á því, sem fram er boðið í brjefinu. Framboðið er skilyrðislaust, og flestir munu telja, að full trygging sje í mönnum þeim, sem á bak við tilboðið standa.

Hv. þm. (B. St.) kvað vera rúm fyrir 50 farþega í „Skildi" undir þiljum. Það má vera, að svo sje, ef hann ætlast til, að þeim sje hlaðið hvorum ofan á annan, eins og vörupokum; öðruvísi er það ekki hægt. Þá las hv. þm. (B. St.) upp skoðunargerð á „Skildi", þar sem sagt er, að alt væri í „góðu standi" í skipinu. Jeg hefi líka sjeð litla skútu, þar sem alt var í „góðu standi", en hún þó óhæf til fólksflutninga.

Það var rjett hermt hjá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að nefndarmenn meiri hlutans voru óbundnir með atkvæði sitt, þótt hann hallaðist í heild sinni fremur að ódýrara tilboðinu. En jeg vona þó, að eftir þær upplýsingar, sem nú eru komnar fram, muni nefndin hallast að betra tilboðinu, að varatillögunni.

Pjetur Ottesen: Jeg verð að minnast nokkuð á Faxaflóaferðirnar, því að þær snerta kjördæmi mitt, og af því að jeg er kunnugur málavöxtum. Jeg verð að segja, að jeg er ánægður með meðferð hv. meiri hluta samgöngumálanefndar á málinu; og jeg veit ekki, hvers samgöngur um Faxaflóa eiga að gjalda hjá hv. nefnd. Annarsstaðar hefir styrkur til samgangna verið hækkaður, og gert ráð fyrir betri skipum en menn hafa undanfarin ár, út úr neyð, orðið að sætta sig við til að annast þær. En hjer er lagt til að taka lægra tilboðinu og þiggja skip, sem er allsendis ófullnægjandi og óboðlegt, þegar annars er kostur, til að annast Faxaflóaferðirnar. Síðastliðið ár voru lagðar 36,000 kr. til ferða þessara, sem vitanlega voru afarkostir, með tilliti til þess, sem á móti kom, þó að bót væri það frá því, sem fyrir var, mótorbátunum; en nú vill meiri hluti hv. nefndar láta þetta hjakka í sama farinu með farkostinn og taka þessu lægra — og allsendis ófullnægjandi — 20,000 kr. tilboði. Ef annað betra hefði ekki staðið til boða, þá hefði ekkert verið um að ræða. En nú er boðið fram ágætt skip, með góðum kostum, til ferða þessara, en því er ekki sint. Það er því undraverðara, að boði þessu skuli vera hafnað, þar sem það kemur frá mönnum, sem einkum eiga að njóta ferðanna, mönnum, sem hafa sýnt lofsverðan áhuga á að leggja fram fje til að kaupa fyrir skip til að bæta úr samgönguþörfunum, sem þeir að undanförnu hafa tilfinnanlega orðið varir við að ekki hefir orðið gert með þeim skipakosti, sem fyrir hendi hefir verið. Þingið ætti miklu fremur að styrkja slíka viðleitni heldur en að draga úr henni með óheppilegum ráðstöfunum, og það kalla jeg að það gerði, ef það hafnaði tilboði þeirra manna, sem þetta hafa lagt í sölurnar, en gleypti við tilboði, sem vitanlega er sett til höfuðs nýja fjelaginu, af ástæðum, sem kunnugir munu renna grun í hverjar voru. Með því að taka lægra tilboðinu er fyrirbygt, að jafngott og tryggilegt tilboð fáist til frambúðar, því að eftir því, sem alt er í pottinn búið, má gera ráð fyrir því, að hlutafjelagið Eggert Ólafsson kasti frá sjer ferðunum, þegar samningstíminn er á enda. Þess ber að minnast, að 1917 voru settir harðir kostir með ferðirnar, af hendi eiganda gufubátsins „Ingólfs", og 1918 varð stjórnin þó að sæta enn meiri afarkostum með ferðirnar, af hendi eiganda „Skjaldar", og við hinu sama má búast eftir 2 ár, ef samið er við fjelag nú, sem gera má fyrirfram ráð fyrir að ekki vilji halda ferðunum áfram, með sömu kostum sem það býður nú, nema það tímabil, sem tilboðið er miðað við. En verði tekið tilboði Eimskipafjelags Suðurlands, þá er tryggilega sjeð fyrir ferðum þessum til frambúðar. Jeg vona því, að hv. deild hverfi ekki að því óhapparáði, að hafna tilboði Eimskipafjelags Suðurlands, en taka hinu.

Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) mintist á þá fjarstæðu hv. 2. þm. S.-M. (B. St.), er

hann hjelt því fram, að ríkinu bæri ekki að veita styrk til vöruflutninga með ströndum fram, og þarf jeg ekki að fara frekara út í það.

Það sýnir ókunnugleik hv. þm. (B. St.), að hann hyggur, að skip það, sem Eimskipafjelag Suðurlands hefir keypt, geti ekki siglt til Borgarness, og er það óheppilegt, að jafnókunnugur maður öllum atvikum hjer hefir orðið til þess að beita sjer eins á móti þessu fjelagi og hv. þm. (B. St.) gerir. Hann hefir sjálfsagt ekki gengið í þann heppilegasta skóla, til að fá fræðslu um þessi mál, því það sætir undrum, hvað hv. þm. er einhliða og blindaður í þessu máli. Væri hann kunnugri en hann sjálfsagt er, mundi hann t. d. ekki láta sjer detta í hug að leyfa sjer að bera brigður á það, að forstöðumenn Eimskipafjelags Suðurlands mundu standa við loforð sín um að uppfylla þá samninga, sem þeir gengju að. Jeg þekki þá svo vel, að jeg frábið þeim allar slíkar getsakir og tel þær í mesta máta ósæmilegar. Væri hv. þm. (B. St.) jafnkunnugur flutningaþörf hjer og staðháttum sem jeg, hlyti hann að verða á sömu skoðun og jeg, að „Skjöldur" sje of lítill bátur og ófullnægjandi til Faxaflóaferða; hann ber ekki meira en 20 tonn af vörum; og í hæsta lagi er þar rúm fyrir 30 farþegа undir þiljum, og er þar með talið skýli það, sem er á þiljum uppi; hitt nær engri átt, að þar sje rúm fyrir 50 manns; það er ekki einu sinni hægt, þó að hverjum væri hlaðið ofan á annan. Á þiljum uppi er ekki nema eitt lítið skýli, og farþegar því þar engu betur farnir en á mótorbátum, að öðru leyti en því, að báturinn er fremur fljótur í förum.

Jeg vil endurtaka það, að þótt það mætti telja sæmilega úrlausn á því öngþveiti, sem menn voru komnir í með þessar ferðir í fyrra, að taka „Skjöld" til ferðanna, þá er það jfansjálfsagt nú að hafna því boði og taka hinu, sem betra er.

Sveinn Ólafsson: Jeg á enga brtt. við þennan kafla fjárlaganna, og þarf því ekki að tala lengi. En af því að allir, sem mælt hafa móti till. háttv. fjárveitinganefndar, hafa gengið fram hjá einu atriði, sem mjer þykir athugavert, þá gat jeg ekki orða bundist.

Það kann að orka tvímælis, hvort nefndin hefir ekki verið full örlát á fje, en ekki skal jeg álasa henni fyrir þennan kafla, því að þar sem hann lýtur aðallega að verklegum frmkvæmdum, framkvæmdum, sem óumflýjanlegar eru, get jeg sjeð í gegnum fingur með henni, þótt ríflega sje veitt.

En það er eitt atriði, sem ekki á hjer heima. Það er í 12. gr. 17. h., b-liðurinn, styrkur til sjúkrasjóðs Maríu Össurardóttur, 1000 kr. í eitt skifti. Þetta er að vísu ekki stór upphæð, en hún á alls ekki við hjer og er gersamlega óþörf.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um látna sæmdarkonu, og er það ekki nema fallega gert að halda uppi minningu hennar. En jeg get ekki sjeð, að við höfum ráð á að veita fje til slíkra hluta. Þess ber að gæta, að hjer kallar engin nauðsyn að. Sjóðurinn er orðinn um 1300 kr. og tekur til starfa þegar hann nær 2000 kr. Honum á að verja til hjúkrunarstarfa í hreppi sem er líklega betur staður en nokkur annar hreppur landsins, Mosvallahreppi í Önundarfirði.

Hreppur þessi þáði fyrir fáum árum stórhöfðinglegar gjafir af auðmanni einum, og eru af þeim stofnaðir sjóðir, sem standa undir fátækraframfæri hreppsins og vegaviðhaldi. Hreppurinn kemst því miklu ljettar frá öllum sveitargjöldum en aðrir hreppar landsins og hefir því öðrum fremur hæg tök á því, að efla þennan

styrktarsjóð þegar hann vill. Nær hvarvetna á landinu mundu hreppamir hafa meiri þörf slíkrar hjálpar en þarna.

Það lítur helst út fyrir, að þessum minningarsjóðsstyrk sje smeygt inn í till. nefndarinnar af því einu, að hreppur þessi liggur í hjeraði eins af háttv. nefndarmönnum.

Jeg gæti látið hjá líða að minnast á fleiri liði, þótt jeg raunar finni ýmsar misfellur. Samt vil jeg minnast á einn lið enn, þótt ekki sje það til að áfella nefndina.

Það er 64. liður í till. hennar, athugasemdirnar um vitabyggingarnar fyrir austan. Þessi till. nefndarinnar er að eins til þess að leiðrjetta mistök, sem orðið hafa í stjórnarfrv.

En þar sem hjer er um heilan flokk vita að ræða, sem þó hafa mismunandi mikla þýðingu, þá þykir mjer það miður, að þeim skuli vera skotið á frest til síðari hluta fjárhagstímabilsins, sem brýnust er þörfin á. Jeg á hjer við Berufjarðarvitana.

Það er enginn efi á því, að þær vitabyggingar mundu borga sig fljótt, og mun jeg til 3. umr. koma með brtt. um, að þeir verði færðir yfir á fyrra árið.

Annars mun fæstum háttv. nefndarmönnum kunnugt um það, hvernig til hagar þar eystra; ella vænti jeg, að þeir hefðu betur skilið nauðsyn vitabygginga þarna. En þeir, sem til þekkja, vita, að Berufjörður er þar þrautalending, og þó mjög hættuleg að vetrarlagi vegna skerjóttrar innsiglingar, en án þess að eiga þar nokkurn veginn vísa höfn með auðrataðri siglingaleið er tæpast hægt að byggja á vetrarvertíð fyrir Austfirðinga eða hættulitlum strandferðum fram með þessum hluta strandarinnar að vetrarlagi. Vitalýsing þar ætti því ekki að dragast árinu lengur.

Þórarinn Jónsson: Það var að eins örlítil skýring, af því að mönnum virðist ekki ljóst um tilboðið frá Suðurlandsfjelaginu viðvíkjandi Faxaflóaferðunum.

Eins og kunnugt er, bauðst fjelagið til að reka gufuskipaferðir hjer um Faxaflóa og til Breiðafjarðar, Vestmannaeyja, Eyrarbakka og Stokkseyrar. Bauðst það til að hafa í stærri ferðirnar skip, sem bæri 200 smálestir, en til Borgarnesferða minna skip, annaðhvort mótorbát, eða ámóta stórt skip og Skjöldur er.

Eftir tilboði því, sem nefndin fjekk á fyrsta fundi sínum, vildi fjelag þetta taka að sjer ferðir þessar fyrir 75—80 þús. kr.

Það, sem þá lá fyrst fyrir nefndinni, var það, hvort mögulegt væri að taka undan Breiðafjarðarbátinn og ef til vill líka ferðir Skaftfellingabátsins til Eyrarbakka og Stokkseyrar. En það var ekki hægt.

Nefndin sá sjer því ekki fært að ganga að þessu tilboði og auka með því kostnaðinn um alt að 50 þús. kr.

Þá lá fyrir tilboð frá h.f. Eggert Ólafsson um Faxaflóaferðir, fyrir 30 þús. kr., og ferðir til Borgarness þar í, svipaðar og voru meðan Ingólfur gekk þangað.

Farkostir eru taldir alt eins góðir nú og þá var, en hitt má auðvitað deila um, hvort skip þetta fullnægi flutningaþörfinni.

En þegar Skjöldur byrjaði, var jafnframt haldið uppi mótorbátaferðum til vöruflutninga, og sýnir það, að hjer voru þó til farartæki, sem notast mátti við. Það var því síður ástæða til að ganga að tilboði Suðurlandsfjelgsins, enda hjelt það, að ekki gæti borið sig að láta stórt skip halda uppi Borgarnesferðunum einum. En það væri óðs manns æði að ætla sama skipinu að halda þeim ferðum uppi, þar sem það á að ganga á svo stóru svæði.

Það er því betra að hafa skip þetta laust

frá þessum ferðum til annars, enda hefir fjelagið aldrei viljað taka þær ferðir að sjer fyrir þennan styrk, nema með því móti, að Alþingi metti, hve mikið skyldi greiða því í ofanálag fyrir það.

Nefndinni var því ekki sárt um það, þótt h.f. Eggert Ólafsson byði styrkinn niður, jafnvel svo, að tap yrði á.

Nefndin vissi líka, að hægt var að fullnægja flutningaþörfinni, þótt ekki væri stærra skip en verið hefir.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) vildi, að styrkurinn væri ákveðinn 50 þús. kr., svo að ugglaust væri, að fjelagið tapaði ekki, en þess er engin þörf, þar sem nefndin hefir ákveðið tilboð frá Eggert Ólafssyni, og verður aldrei hægt að krefjast uppbótar á því.

Þá er annað atriði, sem mjög hefir verið deilt um. Það eru ferðirnar hjer suður með sjó. En það hefir komið fram hjá öllum þeim, sem þær ferðir hafa rekið, að þar sje aldrei um neinn verulegan flutning að ræða

Þess vegna voru þessar ferðir altaf mesti þyrnir í augum Ingólfsfjelagsins, og vildi það aldrei binda sig við þær.

Það væri því mesta fjarstæða að binda sig við það, að þetta stóra skip gengi bæði suður með sjó og til Borgarness. Nefndin gat því ekki forsvarað það að kasta lægra tilboðinu, og hefir því meiri hluti hennar viljað ganga að því. En ekki mun það verða gert að neinu kappsmáli.

Jeg vildi að eins skýra frá þessu, en skal ekki fjölyrða um það meira.

Það hefir komið fram, að ekki þurfi merkilegt skip til að jafnast á við Skjöld, en ef svo er, má nota mótorbát, eins og verið hefir, og geta þá Borgfirðingar haldið áfram að „konkurrera“ við Skjöld.

En sje svo ekki, er það þar með viðurkent, að Skjöldur sje betri, og allir telja hann þægilegri til fólksflutninga en Ingólfur var.

Hjer er því ekki um neina afturför að ræða hjá samgöngumálanefndinni.

Þá vildi jeg drepa á eitt atriði í ræðu hæstv. fjármálaráðherra (S. E.). Hann mintist á fjárveitingu til eins vegar, sem hann taldi óþarfa.

Jeg skil það, að hann talar fyrir stefnu stjórnarinnar, en það þótti mjer undarlegt, að hann skyldi ekki geta fallist á skoðun nefndarinnar í þessum málum. Og jeg verð að líta svo á, að sumar af ástæðum hans sjeu naumast frambærilegar, eins og t. d. það, að ef þessu hjeldi áfram, þá mundi landið með því spilla lánstrausti sínu.

Það væri alveg sama og ef peningamaður lánaði aftur og aftur fje öðrum manni, sem ekkert gerði við peningana, en þegar sá maður færi að nota þá til einhverra framkvæmda, þá hætti peningamaðurinn að þora að lána honum. Þetta eru alveg hliðstæðar fjarstæður Einmitt frmkvæmdirnar eru fyrsta skilyrðið fyrir lánstraustinu. Og þótt arður sjáist ekki strax, þá miða þó allar framfarir að því, að efla gjaldþolið.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sagði, að Langadalsvegur hefði mátt bíða. Það stæði þó nær hæstv. fjármálaráðherra að vita betur um þennan veg en raun virðist á vera.

Þessi vegur hefir áður valdið miklum ágreiningi frá ábúendum þeim, sem búa meðfram veginum, og hefir hann legið fyrir stjórnarráðinu. Hlutaðeigendur kunna því illa, að áframhald verði á því, að farin sjeu tún og engjar þeirra. Og enn hefir það bæst við, að mikið af veginum má nú heita með öllu ófær, og hafa póstar afsagt að fara um hann. Hafa skriður fallið á hann og eyðilagt.

Það, sem hæstv. stjórn vildi til hans leggja, var sama og ekkert, þar sem þetta var þjóðvegur, og er nú svo kominn, að hann stöðvar póstflutninga.

Vildi jeg að eins benda hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) á þetta, þar sem hæstv. stjórn var það skylt að halda uppi vegi þessum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg veit, að það er ekki vinsælt verk hjer á Alþingi að vinna að því, að minka tekjuhallann á fjárlögunum, enda hefi jeg orðið þess var.

Rangt er það hjá háttv. þm. (Þór. J.), að jeg hafi sagt, að með þessu væri verið að eyðileggja lánstraust landsins. En hitt má telja víst, að erfitt verði að fá lán til þess að greiða tekjuhallann. Hitt mundi ganga betur, að fá lánið, ef það væri til álitlegra fyrirtækja.

Að því er snertir veg þann, sem háttv. þm. (Þór. J.) talaði um, þá er hann í kjördæmi háttv. þm., og er það altaf dýrmæt ástæða. Það getur meira en verið, að vegur þessi sje torfær á vetrum, en ekki get jeg sjeð, að neitt sjerstaklega standi á um hann, frekar en aðra vegi, sem laga þarf.

Gísli Sveinsson: Það voru að eins fá orð út af ræðu háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.). Mjer finst, að við ættum ekki að bera þá umhyggju fyrir fjelagi þessu, að við þurfum að vera að íhuga sjerstaklega, hvort það græðir eða tapar,—að eins ef það getur rekið ferðirnar sæmilega.

Annað var, sem háttv. þm. (Þór J.) talaði um, hvað fjelagið hefði boðið, meðan það hafði alt stóra svæðið undir. En á það ber ekki að líta, heldur hitt, hvað það býður nú, á hinu minna svæði.

Og nú býður það að halda uppi öllum vetrarferðum og sumarferðum, að mestu með stóru skipi, og að auki með skipi ámóta við „Skjöld".

Háttv þm. (Þór. J.) sagði, að það væri vitanlegt, að með slíku skipi sem „Skildi" væri fullnægt flutningaþörfinni, en það er alls ekki rjett. Flutningaþörfinni er alls ekki fullnægt enn í dag með slíku skipi.

Háttv þm. (Þór. J.) sagði líka, að Eimskipafjelag Suðurlands hefði aldrei ætlað sjer að láta stærra skip annast Borgarnesferðirnar. En það er ekki heldur rjett.

Fjelagið hefir einmitt boðist til að annast allar ferðirnar að kalla má, með þessu stærra skipi, svo sem jeg gat um.

Matthías Ólafsson: Örfá orð út af ummælum hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) um styrkinn til Minningarsjóðs Maríu Össurardóttur.

Þessi tillaga er alveg sama eðlis og till. undir tölulið 23 b. Þætti mjer gaman að sjá, hvort hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) getur gert nokkurn mun á þessari tillögu og þeirri næstu fyrir ofan. Hvort þessi sjóður á að gjalda þess, að hann er stofnaður til minningar um konu, mjög mæta, sem unnið hefir mörg líknarverk, það skal jeg ekki um segja, en svo ætti að minsta kosti ekki að vera.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) kemur með sögu um það, að þessi hreppur sje með efnuðustu hreppum á landinu. Það er satt, að hreppurinn á nokkra sjóði, sem Ellefsen gaf honum, en þeir eru allir ætlaðir til vissra verka, og má því ekki nota þá nema í sjerstökum kringumstæðum, svo að því fje ræður hreppurinn ekki yfir, nema að litlu leyti. Þessum sjóði er aftur á móti svo varið, að hann má ekki taka til starfa fyr en hann er orðinn 2000 kr.; nú er hann 1300 kr., og hefir því stjórn hans farið þess á leit við hv. Alþingi, að það veitti sjóðnum þessa upphæð í eitt skifti fyrir öll. Fjárveitinganefnd fanst ekki nema sjálfsagt að verða við þessari bón þessara heiðurskvenna, sem honum stjórna, einkum þar sem sjóðurinn starfar í svona göfugum tilgangi. Það telur enginn eftir styrkinn í slysasjóð verkamanna-

fjelagsins „Dagsbrún", eða til fjelagsins „Líkn", og vona jeg, að sama verði hjer uppi á teningnum. Vænti jeg, að menn sýni það nú við atkvæðagreiðsluna, að þeir taki ekki ræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) til greina.

Þorleifur Jónsson: Jeg vil að eins segja nokkur orð út af tillögum samgöngumálanefndar um strandferðirnar. Leggur hún til, að hinir 4 flóabátar verði lagðir niður, sem nú ganga fyrir Norður- og Austurlandi, en í stað þeirra verði fengið gufuskip. Þetta má telja samgöngubót á sumum svæðunum, sjerstaklega þó á svæðinu frá Ísafirði til Seyðisfjarðar, því skipið, sem koma á með „Sterling", á aðallega að ganga á þeim slóðum. Nú hefi jeg verið að athuga áætlun þessara skipa, og hefi komist að þeirri niðurstöðu, að Hornafjörður verður æðimikið út undan. Jeg veit, að nefndin hefir átt erfitt með að bæta þar úr skák, enda eru samgöngur þangað mjög litlu betri heldur en þær hafa verið. Þetta fyrirhugaða strandferðaskip á að koma við á Hornafirði fjórum sinnum á leið til Reykjavíkur, og tvisvar í austurleið, og er að vísu dálítil bót að því, að fá beinar vissar ferðir til Reykjavíkur með skipi, sem getur komið inn á fjörðinn. En þetta eru samt mjög ófullkomnar samgöngur, og vil jeg láta þess getið t. d., að strandferðaskip kemur aldrei á Hornafjörð frá 26. júní til 19. sept. Þetta er með öllu óviðunandi, og vil jeg skora á nefndina að bæta úr þessu. Sterling hefir haft áætlun á Hornafjörð, en hann hefir að vísu ekki komið nema að ósnum. Nú sje jeg, að þessar ferðir hafa verið feldar niður. Jeg hefði nú álitið það skárra en ekki neitt, ef Sterling hefði verið látin hafa áætlun á Hornafjörð 1. júlí og 12. ágúst. Vil jeg nú víkja því til samgöngumálanefndar, hvort hún vill ekki breyta áætlun „Sterlings" á þessa leið, því þótt skipið komi ekki inn á ósinn, getur verið bót að því fyrir farþega að komast með, ef svo gott er í sjó, að hægt sje að fara út í skipið.

Þá vil jeg einnig benda á það, að betra væri en ekki neitt, að „Skaftfellingur" væri látinn fara austur á Hornafjörð eina eða tvær ferðir. Vík jeg þessu sjerstaklega til hv. frmsm. (B. St.), og vildi fá svar frá honum.

Jeg hjó eftir því, þegar hv. þm. Borgf. (P. O.) var að tala um strandferðir, að þá sagði hann, að Eimskipafjelag Suðurlands væri fúst að fara nokkrar ferðir austur í Hornafjörð; þætti mjer gaman að vita, hvort þetta hefði legið fyrir nefndinni. Veit jeg að vísu, að samgöngumálanefnd hefir haft úr vöndu að ráða, en eitthvað verður að gera frekar fyrir Hornafjörð en nú er, og finst mjer, að það mætti ofurlítið bæta úr samgönguleysinu með því að ætla „Skaftfellingi" eina eða tvær ferðir austur. Og vænti jeg, að hv. samgöngumálanefnd taki þetta alt til rækilegrar yfirvegunar á ný.

Pjetur Ottesen: Jeg mótmæli því algerlega, sem hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði, að það hefði aldrei verið tilætlunin fyrir Eimskipafjelagi Suðurlands að láta stærra skipið ganga til Borgarness. Þetta er allsendis rangt, enda hefir það hvergi komið fram í skjölum þessa máls, sem jeg hefi haft með höndum og fengið lánað hjá samgöngumálanefnd. Þetta stærra skip átti að ganga til Borgarness, eftir því sem flutningaþörfin krefði, en smærra skipið, sem aldrei hefir komið til mála að væri annað en gufuskip, átti að fara smærri ferðir, t. d. inn í Hvalfjörð, suður með sjó og svo til Borgarness, þegar minna væri að flytja. Ferðum stærra skipsins til annara hafna, vestur á Breiðafjörð og til Vestmannaeyjum og Austurlandsins, átti að haga að miklu leyti eftir flutningaþörfinni til Borgarness. Þá kem jeg að því, sem hv.

1. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði um mótorbátaferðirnar upp í Borgarnes, samhliða „Skildi". Svo stóð á, er „Ingólfur" bilaði, að þá var ekki í annað hús að venda en að fá mótorbáta til ferðanna. Því var það, að ráðinn var stór mótorbátur til þessara ferða, sem einnig átti að flytja póstinn, og naut því nokkurs styrks. En þetta var neyðarráðstöfun, því þessi bátur var alt of lítill, og auk þess eru vjelbátar allsendis ótryggir til fólksflutninga, og þá ekki hvað síst á jafnháskalegri siglingaleið og er í Borgarnes, þar sem ekkert má út af bera: þá er dauðinn vís.

Það kom því, sem von var, brátt fram megnasta óánægja út af þessu ástandi. Jeg reyndi því að bæta úr þessu á aukaþinginu í fyrra, með því að fá heimild fyrir stjórnina til að hækka styrkinn til Faxaflóaferðanna frá því sem var, í von um, að þá fengist betri farkostur. Hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) var þá frmsm. samgöngumálanefndar og mælti eindregið með þessu þá.

En þegar til kom, var ekki um auðugan garð að gresja með skipakostinn, því ekkert gufuskip var fáanlegt til ferðanna nema „Skjöldur". „Ingólfur" lá í lamasessi, óviðgerður, og enginn vissi, hve nær úr rættist með hann.

„Skjöldur" var því tekinn, og var það skársta úrlausnin þá. Það sem olli því, að mótorbátar gengu fyrst samhliða „Skildi" til Borgarness, var það, að ráðningartími mótorbátsins, sem gekk í millibilinu, var ekki úti fyr en síðla sumars, og svo hitt, að „Skjöldur" var allsendis ófullnægjandi til að uppfylla flutningaþörfina, að því er að þungavöru laut. Og meðan Skjöldur er hafður til þeirra ferða verða menn í viðkomandi hjeruðum að sjá sjer fyrir flutningum á annan hátt, og það því meir, sem bættar og greiðari samgöngur við önnur lönd, og á öðrum sviðum, auka samgönguþörfina hjer.

Því er það, að jeg trúi því ekki fyr en jeg þreifa á því, sem jeg vona að komi ekki til, að hv. deildarmenn taki ekki því tilboðinu, sem fullnægir flutningaþörfinni, ekki einasta nú, heldur einnig í framtíðinni.

Út af fyrirspurn hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) þá vil jeg taka það fram, að það var í ráði, að skip þetta færi eitthvað til Hornafjarðar, og mun hafa komið fram ósk um það einmitt frá Þórhalli Daníelssyni kaupmanni þar.

Frsm. samvinnunefndar samgöngumála (Björn R. Stefánsson): Jeg kemst ekki hjá að standa upp og svara fyrirspurn hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.). Hann var að mótmæla því,að nú væri svo gengið frá strandferðum hjer við land, að Hornafjörður væri betur settur en áður. Áður voru þó „Sterling" að eins ætlaðar þrjár ferðir að ósnum, en nú er góðu skipi ætlað að koma þar sex sinnum inn á fjörðinn. Hvað snertir ferðir Eimskipafjelags Suðurlands, þá liggja fyrir tillögur um það hjá nefndinni, og hefi jeg athugað þær nokkuð, þótt jeg hafi ekki enn getað komið með ákveðnar áætlanir um þær.

Hv. formaður samgöngumálanefndar (Þór. J.) hefir svarað því, sem svaravert var í ræðum þeirra hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) og annara þeirra, sem styðja hv. minni hl. Jeg skal því alveg sleppa þeim.

ATKVGR.

um 12. og 13. gr.

Brtt. 462,9. samþ. með 18 : 1 atkv.
— 462,10. samþ. án atkvgr.
— 462,11. samþ. með 22 shlj. atkv.
— 462,12. samþ. án atkvgr.
— 597. feld með 13 : 6 atkv.
— 462,13. samþ. án atkvgr.
— 462,14.a. samþ. með 23 shlj. atkv.
— 462,14.b. samþ. með 14 : 6 atkv.
— 462,14.c. samþ. með 16 :10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S.

St., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. J., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J.
nei: P. O., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorst. J., B. K., B. St., E. J., J. M., Ó. B.

Brtt. 462,14.d. samþ. án atkvgr.
— 462,15. samþ. með 19 : 1 atkv.
— 616. tekin aftur.
— 462.16. samþ. með 14 : 1 atkv.
— 462.17. samþ. með 18 : 1 atkv.
— 609. samþ. með 15 : 3. atkv.
— 462,18. samþ. án atkvgr.
— 462,19. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 462.20. — — 21 — —
— 462,21. — — 21 — —
— 462,22.a. — — 16 — —
— 462,22.b. — — 17 — —
— 462,23.a. — — 18 — —
— 462,23.b. — — 14 : 4 atkv.
— 462,23.c. — — 20 shlj. atkv.
— 462,23.d. — — 21 — —
12. gr., svo breytt, samþ. með 22. shlj. atkv.

Brtt. 462,24. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 462,25. — — 15 : 1 atkv.
— 462,26. — — 18 shlj. atkv.
— 462,27. — — 18 — —
— 462,28. — — 14 — —
— 462,29. — — 16 — —
— 462,30. — án atkvgr.
— 462,31. — með 18 : 2 atkv.
— 462,32. — — 17 shlj. atkv.
— 462,33. — — 19 — —
— 462,34. — — 18 — —
— 462,35. — án atkvgr.
— 462,36. — með 17 shlj. atkv.
— 601. feld með 16 : 6 atkv.
— 462,37. samþ. með 14 : 2 atkv.
— 462,38. — — 15 shlj. atkv.
— 462,39. — — 17 — —
— 462,40. — — 16 — —
— 462,41.a. — — 15 — —

Brtt. 462,41.b. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 462,41.c. — — 18 — —
— 462,41.d. — — 15 — —
— 462,41.e. — — 15 — —
— 462,41.f. — — 14 — —
— 462,41.g. — — 15 — —
— 462,42.—46. samþ. án atkvgr.
— 462,47. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 462,48. — — 17 — —
— 462,49,1.–2. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 462.50. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 461,I,1. — — 21 — —
— 461,I,2.a.–c. samþ. með 20 shlj. atkv.
— 461,II,1. (aðaltill.) samþ. með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. St., E. Árna., E. J., H. K.
nei: P. O., P. Þ., S. S., S. St., B. K., E. A., G. Sv., Ó. B.

Brtt. 461,II.1. (varatill.) kom því ekki til atkv.
Brtt. 461,II.2 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 461,II.3. — — 14 — —
— 461,II.4. — — 20 — —
— 461,II.5. — — 19 — —
— 461,II.6. — — 15 — —
— 461,II.7. — — 17 — —
— 461,II.8. — — 15 : 3 atkv.
— 461,3. samþ. án atkvgr.
— 459,1.a. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 459,1.b. — — 16 — —
— 459,1.c. — — 14 — —
— 459,2.–3. — — 15 — —
— 462,51. — — 14 — —
— 462,52. — — 14 — —
— 462,53. — — 14 — —
— 462,54. — — 14 : 3 atkv.
— 462,55. — — 15 shlj. atkv.
— 462,56. — — 16 — —
— 462,57. — — 17 — —

Brtt. 462,58. feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., S. St.

nei: St. St., Sv. Ó., B. Sv., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., H. K., M. G., P. O., P. Þ., S. S., Ó. B.

Brtt. 462,59. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 462,60. — — 14 — —
— 462,61. — — 17 — —
— 462,62. — án atkvgr.
— 462,63. — með 16 shlj. atkv.
— 462,64, — án atkvgr.
— 462,65. — með 14 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. sept., kl. 1 miðdegis, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 522, 459, 462, 508, 537, 598, 599, 600, 610, 611, 612, 613, 614, 615, 617, 618, 619, 620, 646, 647.)

Frsm. fjárveitinganefndar (Bjarni Jónsson): Eins og menn hafa eflaust tekið eftir, hefir nefndin farið fram á lítils háttar hækkun á gjaldalið fjárlaganna. En hún hefir líka klipið af, og til þess að háttv. deildarmenn geti gert sjer ljósari grein fyrir þessu, vil jeg nefna nokkrar tölur til skýringar þessum hluta fjárlaganna, sem jeg er framsögumaður í.

14. gr. Hækkanir: Fyrra ár 56,250 kr., síðara ár 42,850 kr. Lækkanir: Fyrra ár 11,850 kr., síðara ár 7,850 kr. Hækkanir alls: Fyrra ár 44,400 kr., síðara ár 35,000 kr.

15. gr. Hækkanir: Fyrra ár 128,850 kr., síðara ár 55,450 kr. Lækkanir: Fyrra ár 600 kr., síðara ár 600 kr. Hækkanir alls: Fyrra ár 128,250 kr., síðara ár 54,850 kr.

16. gr. Hækkanir: Fyrra ár 230,700 kr., síðara ár 189,600 kr. Lækkanir: Fyrra ár 18,000 kr., síðara ár 18,000 kr. Hækkanir alls: Fyrra ár 212,700 kr., síðara ár 171,600 kr.

18. gr. Hækkanir: Fyrra ár 11,447 kr., síðara ár 8,447 kr. Lækkanir: Fyrra ár engar, síðara ár engar. Hækkanir alls: Fyrra ár 11,447 kr., síðara ár 8,447 kr.

14. gr., 15. gr., 16. gr. og 18. gr. hafa hækkað alls: Fyrra ár 396,797 kr., síðara ár 269,897 kr., bæði árin 666,694 kr.

Jeg hefi leyft mjer að lesa upp þessar yfirlitstölur háttv. þm. til ánægju og hressingar, því að jeg veit, að þá hefir tekið að syfja eftir strangt starf og langar vökur. Þótt einhver kunni að hafa gerst vondur í skapi undir upplestrinum, vona jeg, að hann láti ekki geðvonsku sína koma niður á fjárlagaliðunum við atkvgr., en velkomið er, að það bitni á mjer í ræðum manna.

Þá sný jeg mjer fyrst að 14. gr. Tel jeg þar rjettast að vísa háttv. þingdm. til nál. Það er að vísu stuttort, en þó drepur það á till. nefndarinnar, svo að ef háttv. þingdm. hafa lesið það með athygli í gærkvöldi, áður en þeir fóru að sofa, þá munu þeir hafa getað gert sjer nokkra grein fyrir, hvert till. stefna.

Jeg skal geta þess, að nefndin hefir látið allar launaupphæðir standa óbreyttar eins og þær eru í frv. stjórnarinnar; þær eru flestar teknar upp í launafv. stjórnarinnar, og sá nefndin ekki til neins að taka þær til meðferðar að svo stöddu, á meðan alt er óútkljáð með launafrv. Að öðru leyti mun nefndin taka til íhugunar til 3. umr. þá menn, sem eigi eru teknir upp í launalögin, en eiga að taka laun sín eftir 14. gr., svo sem er háskólaritarinn og

einhverjir fleiri. Jeg bið menn því að kippa sjer ekki upp við það, þótt þessir menn sýnist verða hart úti, bornir saman við þá, sem eiga að fá launabætur eftir launalögunum.

Kem jeg þá að 66. brtt. nefndarinnar, að aftan við 4. gr. A, b. 2 komi nýr liður, til Björns prests Stefánssonar, uppbót á húsabótarkostnaði, 1200 kr. Jeg vænti þess, að háttv. þingdm. hafi kynt sjer skjölin um málið. Styrkur sá, sem presturinn fjekk áður í þessu skyni, reyndist allsendis ónógur, er alt hækkaði svo stórum í verði; og er því sanngjarnt, að hann fái viðbót þessa. Sama er að segja um annan nýjan lið, styrkinn til Jónmundar prests Halldórssonar. Hann er einskonar uppbót fyrir það, að hann hefir sýnt fádæma dugnað í því, að húsa upp gerfallinn stað, og lagt ærið fje fram til þess. Þessar 10.000 kr., sem lagt er til að honum sjeu veittar, eru í raun rjettri ekki annað en að landið leggur fje þetta fram til þess að húsa stað, sem það á sjálft. Húsabætur þær, sem hjer ræðir um, eru virtar á 19,500 kr. Gegn þessu 10,000 kr. framlagi úr landssjóði er þess krafist af prestinum, að hann skili þessum húsum öllum sem jarðarhúsum, er hann hverfur frá staðnum. Er það þá sama sem að presturinn leggi mismuninn, 9500 kr., fram frá sjálfum sjer. En til þess að gera prestinum auðveldara með að bera þennan kostnað, gerir nefndin ráð fyrir, að hann fái prestakallalán, er hvíli á honum og eftirmönnum hans til afborgunar, uns lokið er. Jeg geri ráð fyrir, að háttv. deild muni þykja þetta vel ráðið og sanngjarnlega til lagt, eftir því sem atvik standa til. Brauðið er afskekt, en bújörðin talin ágæt. Það má telja rjett að styrkja jafnmikinn dugnaðarmann sem prestur þessi er, því að vænta má þess, að hann geti orðið forgöngumaður og fyrirmynd bænda í þessari afskektu sveit.

Við 14. gr. B. hefir nefndin orðið að gera margar breytingar. Fyrsta breytingin er sú, að nefndin leggur til, að liðurinn B. I. c. 2 falli niður. Stendur sú till. í sambandi við aðra brtt., sem jeg kem síðar að.

Þá leggur nefndin til, að þóknunin til kennarans í lagalæknisfræði sje hækkuð úr 300 kr. á ári upp í 500 kr. Er það meira af handahófi gert en að vissa sje fyrir, að nokkur fáist til að kenna þessa grein fyrir þessa þóknun. Læknir sá, sem kent hefir greinina að undanförnu, hefir neitað að halda kenslunni áfram.

Þá leggur nefndin til, að þóknunin til kennara í dönsku við Háskólann falli niður. Þegar Danir sendu hingað sendikennara, þótti það hæverska að borga honum af landsfje jafnt sem öðrum sendikennurum. En með því að þessi kennari er nú farinn af landi, og ekki hefir heyrst, að annar eigi að koma í hans stað, þá mun auðfengið hjá háttv. deild að láta þennan lið falla niður.

Við 14. gr. B. I. d. hefir nefndin gert allmiklar breytingar. Í stjórnarfrv. er þar úrfelling mikil, sem verður að skoða að annaðhvort sje prentvilla eða skrifvilla. Í stjórnarfrv. er d-liðurinn þannig orðaður: „Til annara gjalda, þar með talið styrktarfje nemenda, ljós, hiti o. fl., 15,000 kr.“. Þessi upphæð er alt of lág, og nefndin sá sjer ekki annað fært en að taka upp alla þá liði, sem fallið hafa niður í stjórnarfv., og gera tillögur um þá. Nefndin leggur til, að námsstyrkurinn sje ákveðinn 15,000 kr. á ári og húsaleigustyrkurinn 7000 kr., og að hámark húsaleigustyrksins handa nemanda sje 175 kr. um árið, en námsstyrksins 560 kr. Þetta er ekki nema hæfileg hækkun, og varla þó, þegar tekið er tillit til verðfalls peninga.

Nefndin varð og að taka upp styrk til læknadeildarinnar, til þess að kaupa kensluáhöld 800 kr. á ári, og til umbúða við ókeypis „klinik“ 200 kr. á ári.

Þá kemur liður um 2000 kr. tillag á ári til gerlarannsókna og kenslu í efnafræði. Stefán Jónsson, sem er aukakennari við háskólann, hefir verið fenginn til að fást við sóttkveikjurannsóknir fyrir háskólann og landið. Þetta er honum þó ekki skylt að gera; það heyrir ekki til hinum eiginlegu embættisstörfum hans, og hefir honum verið borgað sjerstaklega fyrir starf þetta, enda eru laun hans svo lág, að lífvænleg geta eigi talist. Maður þessi er hinn duglegasti læknir, og gæti að sjálfsögðu haft meira upp úr sjer með því að gefa sig við lækningum en hann fær fyrir rannsóknirnar. Honum hefir og boðist erlendis betur launuð staða en hjer. Jafnframt öðrum störfum hefir Stefán læknir tekið að sjer kenslu í efnafræði við læknadeild háskólans, og er þar ekki öðrum á að skipa nú sem stendur. Fyrir hvorttveggja þetta starf ætlast nefndin til að hann fái 2000 kr., og skil jeg ekki í, að nokkrum háttv. þingdm. muni þykja það ofrífleg borgun.

Þá kemur liður um hita, ljós, ræsting og vjelgæslu við háskólann, og eru ætlaðar til þess 1500 kr. á ári. Athugavert við þann lið er, að þar er bætt inn í vjelgæslu. Hingað til hefir, þótt undarlegt sje, dyravörður háskólans orðið að borga vjelgæsluna úr eigin vasa af launum sínum. Þetta þótti nefndinni ekki viðeigandi, og hefir því fært vjelgæsluna yfir í þennan lið. En sannast að segja eru þessar 1500 kr., sem hjer eru ætlaðar til alls þessa, alt of lág upphæð. Jeg hefi heyrt sagt, að miklu hærri upphæð hafi gengið til útgjaldanna á þessum lið, og að ekki mundi af veita, að þau væru sett 6500 kr. Þarf því að taka þetta til nýrrar athugunar.

Þá koma laun háskólaritarans. Ættu þau í sjálfu sjer að hækka, eins og laun annara starfsmanna, en eins og jeg gat um áðan, hefir nefndin látið þau óbreytt að sinni.

Dyravarðarlaunin ljet og nefndin halda sjer, 1600 kr., sem áður. En komið hefir til orða, að Ólafur Rósenkranz, sem nú gegnir dyravarðarstörfunum, muni ætla að láta af leikfimiskenslu í mentaskólanum eftir 43 ára ágætt starf, og þótti nefndinni ekki annað hlýða en að hann hjeldi áfram óskertum þeim 1200 kr., sem hann hefir haft fyrir kensluna. Þó lætur nefndin standa óbreyttar 1200 kr. handa leikfimiskennara við mentaskólann, og bætir því við, að hann skuli kenna leikfimi og líkamsfræði í kennaraskólanum. En nefndin hefir ekki breytt þessari upphæð, fremur en öðrum launaupphæðum, sem í launalögunum standa. Ætlast nefndin til, að sá maður, sem starfið fær, fái full kennaralaun fyrir kensluna í báðum skólunum, en embættið sje látið heyra undir mentaskólann. Í sambandi við þetta stendur það, að nefndin leggur til, að styrkurinn til Björns Jakobssonar fimleikakennara falli niður, af því að ætlast er til, að hann taki við kenslunni í báðum skólunum, ef Ólafur Rósenkranz lætur af kenslu.

Næst kem jeg þá að mentaskólanum. Þar leggur nefndin til, að veittar sjeu 200 kr. til bókasafns skólapilta, og býst jeg við, að enginn fetti fingur út í þessa örlitlu styrkveitingu. Nefndin leggur til, að þær 4000 kr., sem ætlaðar eru föstum aukakennurum við mentaskólann, falli niður. Það er af því, að stjórnin ætlast til, að þessir tveir föstu aukakennarar sjeu teknir upp í launalögin, á sama hátt og aðrir fastir kennarar skólans, og hefir sett þá þar. Jeg skal ekki segja um, hvort stjórnin muni þykjast þurfa aðra lagaheimild til þessa en þá, sem er í athugasemdum við launalögin. En fjárveitinganefnd hefir að sínu leyti fallist á þessa

athöfn stjórnarinnar og því látið liðinn falla niður.

Um sjómannaskólann er þess að geta, að nefndin hefir lagt til, að veittar væru 2000 kr. hvort árið til að gefa út handa honum kenslubók í siglingafræði á íslenskri tungu. Það liggur í augum uppi, hvílíkt skaðræði það er fyrir tungu vora og þjóðerni, að í heilum flokkum atvinnugreina venjist menn á að nota útlend nöfn á fjölda hluta og athafna, er snerta atvinnugreinina, en þekki engin nöfn á slíku á sínu orðauðga móðurmáli. Það má alment segja um alla skóla, að það sje skemd á tungunni, að nemendur sjeu látnir læra og lesa þær bækur á útlendum tungum, en einna helst nær þetta þó til sjómannaskólans; í hann ganga að jafnaði menn, sem áður hafa átt lítinn kost á að afla sjer staðgóðrar undirstöðuþekkingar í móðurmálinu, og í þeim skóla lítill kostur á að veita hana. Hins vegar hefir slæðst inn í íslenska sjómannamálið fjöldi af útlendum orðum, svo að hvergi er meiri þörf á málhreinsun en einmitt þar. Því er hin mesta þörf á, að bókin sje samin á góðri íslensku, og nefndin hefir hugsað sjer, að það sje sett sem skilyrði fyrir styrkveitingunni, að gott mál sje á bókinni, svo að hún geti orðið til að bæta mál sjómanna, og að skólinn leggi einmitt áherslu á það.

Jeg sje ekki ástæðu til að rekja allar brtt., sem fram hafa komið hjá nefndinni og öðrum, en drep að eins á fáeinar þeirra.

Skal jeg þá fyrst minnast á styrkinn til iðnfræðslu. Þar vill nefndin, að bætt sje við því skilyrði fyrir styrkveitingu til hennar, að skólar þessir sendi stjórnarráðinu skýrslu, og að það staðfesti stundaskrá skóla þessara. Gerir nefndin ráð fyrir, að í skólum þessum sjeu aðallega stundaðar þær námsgreinar, er snerta atvinnuveg iðnnema, og þeim síðan að mestu haldi koma við rekstur iðna; en vill ekki, að skólarnir snúist upp í gagnfræðaskóla, eins og brytt hefir á um suma þeirra.

Þá er tillaga nefndarinnar að hækka laun hinna þriggja yfirsetukvenna í Reykjavík, sem leiðbeina yfirsetukvennaefnum, úr 600 kr. upp í 900 kr. Um þetta þarf jeg ekki að fara mörgum orðum. Konur þessar sjá sjer ekki fært að halda áfram starfinu, nema að kaup þeirra sje hækkað, sökum þess, hve mjög peningar hafa lækkað í verði síðan kaupið var ákveðið.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til kvennaskólans í Reykjavík sje hækkaður dálítið. Í stjórnarfrv. er hann 12,000 kr., en kvað vera prentvilla, í staðinn fyrir að þar hafi átt að standa 11,000 kr. Þessa upphæð hefir nefndin fært upp í 14,000 kr. Forstöðunefnd skólans hefir skýrt nefndinni frá, að þessi hækkun væri nauðsynleg, meðal annars af því, að húsaleiga skólans hefði hækkað því sem næmi þessari upphæð, frá því sem áður var hún. Margir ágætir menn og konur hafa lagt á sig mikið erfiði fyrir skóla þennan og látið sjer einkar ant um hann. Taldi nefndin því viðurkvæmilegt að verða við málaleitan þeirra og styðja að því að sínu leyti, að skólinn gæti haldið áfram í líku horfi og verið hefir, þangað til föst skipun kemst á skólamál vor; og gagnfræðaskólum verði þá meðal annars komið í fast horf og kveðið á um, hve margir þeir skuli vera.

Þá kem jeg að 14. gr. B. XIII. 3. Þar vill nefndin skýra athugasemdina og bæta inn í orðunum: „í kauptúnum og sjávarþorpum og heimavistarskóla í sveitum".

Það er sett til þess að sýna, að þingið vilji ekki, að reistir sjeu aðrir skólar í sveitum en heimavistarskólar.

Nefndin vill ekki hafa það á samviskunni að verða þess valdandi, að börn geti orðið úti að vetrarlagi, ef langt eiga að sækja til

skólans. Auk þess er ekki hægt að veita þeim nauðsynlega aðhlynningu þegar illa viðrar, í öðrum skólum en heimavistar, og heilsu þeirra getur því verið búið tjón. En í veg fyrir þetta vill nefndin koma með þessari breytingu.

Þá er utanfararstyrkurinn handa barna- og unglingakennurum. Hann vill nefndin hækka úr 1600 kr. upp í 2500 kr., og er það sú minsta hækkun, sem verið getur.

Auk þess vill nefndin bæta fyrir þessum mönnum, með því að nema burtu það, sem þeim hefir verið gert að skyldu áður, sem er það, að þeir eigi að gefa út prentaða skýrslu um ferð sína, 1 örk minst, og senda hana ókeypis öllum starfandi barna- og unglingakennurum á landinu.

Jeg býst nú við, að þótt einn maður fengi allan styrkinn, þá yrði ekki mikill afgangur, þegar hann væri búinn að standa straum af þeirri útgáfu. Auk þess er það hreinasta fjarstæða að gera hverjum manni að skyldu að skrifa bók um þessa för sína. Segjum, að í ár færi lærðasti og besti kennarinn. Hann gefur út þetta rit og sendir. Að ári fer svo lakasti kennarinn. Hann á þá að fara að kenna þeim, sem síðast fór, eins og öllum hinum, þegar heim kemur.

Þetta er hreinasti hjegómi, og full sanngirni í því að ljetta þessum heimskulegu kröfum af.

Þá kemur nýr liður, sem er 800 kr. styrkur til Skólablaðsins.

Það mun nú þykja nýstárlegt að veita styrk til blaðaútgáfu, og halda menn, ef til vill, að hjer muni fleiri á eftir fara, svo sem styrkur til „Tímans“ og „Ísafoldar“, „Vísis“ og „Morgunblaðsins“ og fleiri dagblaða.

En jeg vil benda mönnum á, að það er af tilviljun, að rit þetta heitir blað. Það er í rauninni tímarit, og er það ekkert sjaldgæft, að tímarit um uppeldismál fái styrk. Auk þess er það öllum kunnugt, að útgefandi ritsins er áhugamaður hinn mesti og alls góðs maklegur.

Þá kem jeg að 14. gr. B. XIII. 8. b., um ferðakostnað fræðslumálastjórans. Það tekur auðvitað engu tali, að honum geti dugað 600 kr., ef hann á annað borð ferðast nokkuð. 1000 kr. eru að vísu lítið, en þó nær sanni. En auðvitað er heimilt að greiða meira, ef svo stendur á.

Þá koma lýðskólarnir. Hjer varð talsverður meiningamunur um upphæðir þessar, og án þess, að jeg leggi áherslu á upphæðirnar fyrir sig, vil jeg þó vara menn við því að breyta þeim, þar sem þær eru fram komnar með nokkurskonar samningum í nefndinni. Það mun því best fyrir skóla þessa, að ekki verði hreyft við þeim, því að ekki er sagt, að jafngott samkomulag fáist í annan tíma.

Það er mjer ánægja, að styrkur þessi hefir nú verið hækkaður, svo að talsverður munur er að fyrir suma þá skóla, sem hans eiga að njóta. Að vísu eru sumir hræddir um, að lítið verði eftir handa þeim, sem ekki eru hjer nefndir, en um þá skóla er ekkert víst, og verður ekki einu sinni vitað, hvort þeir starfa næsta vetur.

Þá er um Flensborgarskólann hið sama að segja og jeg sagði um kvennaskólana.

Þótti nefndinni rjett að halda hann svo, að hann kæmist af meðan þetta skólafyrirkomulag helst. Þó vill nefndin tilskilja það, að af fje þessu, sem honum er ætlað, verði skólastjóranum bætt svo upp, að laun hans verði sæmileg. Hefir hann nú um langt skeið lifað við sultarlaun, en er góður og gegn maður í stöðu sinni.

Þá er styrkur til alþýðukenslubóka. Er hann færður upp til helminga, og byggist það á því, að verðhækkun hefir orðið svo mikil á bókaútgáfu allri.

Um næstu brtt. þarf jeg ekki neitt að segja; það er að eins leiðrjetting, því að það er ekki rjett, að fólkið í málleysingja-

skólanum þurfi að borga kenslukostnað. Það er viðurværiskostnaður, en kenslan er ókeypis. Þetta er því að eins orðabreyting, og geta menn látið hana sjer í ljettu rúmi liggja.

Þá leggur nefndin til, að hækkaður verði styrkur til sundkenslu utan Reykjavíkur og mun þess full þörf, þar sem sú kensla hefir orðið að leggjast niður vegna fjárskorts.

Styrkhækkun til Ingibjargar Guðbrandsdóttur er ekki mikil. Hins vegar er það víst, að hún mun nota vel þessa litlu upphæð, og er því sjálfsagt að samþ. hana.

Styrkurinn til Björns Jakobssonar er feldur niður, vegna þess, að hann á nú að taka við kenslu í mentaskólanum, ef núverandi fimleikakennari segir af sjer, og auk þess á hann að hafa á hendi þá kenslu í kennaraskólanum.

Þá er síðasta breytingin við 14. gr., að Stefán Eiríksson fái 1500 kr., í stað 1000 kr.

Hefir hann, eins og kunnugt er, lengi haldið uppi kenslu í trjeskurði, og hafa margir snillingar í þeirri list frá honum komið. En styrkauka hefir hann aldrei fengið. En uppbót þessi er svo lág, að um minna getur ekki verið að ræða.

Jeg gleymdi að geta þess við 14. gr., að nefndin hefir geymt sjer til 3. umr. till. um verslunar- og samvinnuskóla. Mun verða gerð grein fyrir því þá.

En þá kem jeg nú að 13. gr., sem jeg svo kalla, þar sem hún er vegabótagreinin í þessum kafla. Þar hefir talsverð hækkun orðið, þó ekki sje tekið upp nema sem svarar ¼ af því, sem um hefir verið sótt.

Þótti sumum helst til mikið um umsóknir til námsiðkana og fleira, og var af sumum jafnvel kvartað yfir því.

En á það lít jeg alt öðrum augum. Jeg tel það góðs vita, að svo miklar andlegar hræringar eru í landinu og löngun til að afla sjer þekkingar, bæði á sviðum vísinda og lista.

Því skyldi enginn trúa, sem les það, sem hjer er daglega gefið út, að slíkar hræringar sjeu til með þjóðinni.

Og jeg tel þetta því fremur góðs vita, þar sem það er víst, að engin af öllum þessum umsóknum, að undanskildum tveimur, frá andlega veikluðum mönnum, er svo, að ekki hefði þurft að taka hana til greina. Þetta tel jeg vott um vorgróður í hugsunarlífi þjóðarinnar.

En því miður sá nefndin sjer ekki fært að verða við öllum þessum styrkbeiðnum. Hún hefir því valið þær úr, sem hún telur sjálfsagðastar í bili.

Jeg skal þá fyrst geta þess, að það var eftir ósk stjórnarinnar, að tekinn var upp í 15. gr. nýr liður eftir 2. d., að veita 1500 kr. til að afrita og ljósmynda skjöl, er varða Ísland, í erlendum söfnum. Þetta hefir fallið niður af eðlilegum ástæðum, á meðan stríðið stóð yfir, en þar sem þetta er nauðsynsynjaverk, er sjálfsagt, að það verði nú aftur upp tekið.

Þá hefir nefndin lagt til, að veittar verði 5000 kr. til aðgerða á Þingvöllum.

Háttv. þingm. er það nú kunnugt, af umræðum hjer fyrir skömmu, hve þar er háttað, að þar hafa ómildar hendur gengið að verki.

Almannagjárbarmurinn hefir verið sprengdur og rifnar búðir og fyltar mold, og lagður alfaravegur yfir þveran hinn helga stað. Hafa þa verið framin slík hermdarverk, að líkast er því, sem útlendir víkingar og ræningjar hafi að unnið.

Þó nefndin hallist nú að því, að friða skuli stað þennan með öllu og fytja veginn niður undir vatnið og brúa sömuleiðis, þá hefir hún nú samt ekki treyst sjer til að leggja meira fram í þetta skifti, og er það að eins til bráðustu viðgerða og til þess að sjá um, að staður þessi verði ekki saurgaður meira en orðið er.

Um styrkinn til Bókmentafjelagsins

þarf jeg ekki að fara mörgum orðum. Hann er lítið hækkaður, og oflítið, ef til þess er ætlast, að gefið sje út jafnmikið og verið hefir. En líkindi eru til þess, að bókaútgáfa þess fjelags verði að minka.

Um Fornleifafjelagið og Sögufjelagið er hið sama að segja og Bókmentafjelagið. Þar er líka hækkað nokkuð, því að veita jafnmikið til hverrar arkar og verið hefir getur ekki náð nokkurri átt. Sama er einnig að segja um næstu 2 liði, Landsyfirdóma og Dómasafnið.

Þá hefir meiri hluti nefndarinnar orðið ásáttur um að fella niður liðinn til þýðingar íslenskra skáldrita, en setja í staðinn 1000 kr. til Dansk-Islandsk Samfund, og þarf ekki að ræða þá breytingu.

Þá er um Fræðafjelagið hið sama að segja og um Bókmentafjelagið. 600 kr. er sama og enginn styrkur, og hefði þurft að hækka meira en upp í 1000 kr. til þess, að vel væri.

Þá hefir nefndin felt niður liðinn um greiðslu til Bernarsambandsins. Hefir sá liður verið settur í fjárlögin um nokkurt skeið, án þess að Ísland kæmist nokkurn tíma í sambandið, og hefir fjeð því aldrei verið greitt.

En þar sem gera má ráð fyrir, að íslenskir rithöfundar missi nokkurs í við að vera ekki í sambandinu, vegna þess að þýðendur telji sjer ekki skylt að greiða þeim ritlaun, þá hefi bæði jeg og aðrir lagt það til, að ríkissjóður greiddi rithöfundum þessum skaðabætur. Til þess mundi nú sjaldan koma, en með því væri þeirra rjetti engu síður borgið.

Sumir vilja telja það ræningjahátt að ganga í heimsbókmentirnar og velja úr. Þó munu útlendingar ekki hafa gert sjer að fjeþúfu þær þýðingar, sem gerðar hafa verið á íslensku. Jeg get sagt fyrir mig, að þegar jeg hefi þýtt eitthvað, hefi jeg venjulega skrifað höfundinum og sagt honum fyrirfram, að hjer gæti ekki verið um nein ritlaun að ræða, og hefi jeg fengið þau svör, að öllum væri kært að fá rit sín þýdd á þetta fornfræga mál, en ekki væri ætlast til borgunar.

Þá kemur styrkurinn til skálda og listamanna, og hefir nefndin hækkað hann nokkuð. En eftir því, sem hagað hefir verið úthlutuninni fram að þessu, hefir styrkur þessi næstum orðið að engu. Í síðasta sinn var honum skift milli 16 manna. Voru sumir þeirra skáld, aðrir aftur listamenn, og sumir þeirra fullnuma í sinni grein. Verður því erfitt að skilja, eftir hvaða reglum farið hefir verið um úthlutunina.

Fjárveitinganefndin hefir nú hugsað sjer að láta standa í fjárlögunum 22000 kr., til þess að fylla þessar rjettmætu þarfir.

Er þó ekki bundið við að borga alla þá fjárhæð út að svo komnu; mætti t. d. borga meira út annað árið.

Nefndin álítur ekki rjett að láta fullnuma listamenn hafa árlegan styrk, nema þegar sjerstaklega stendur á. Annars eigi fjárveitingin til þeirra að koma fram í öðrum lið, til að kaupa fyrir af þeim listaverk, sem þeim er bæði gagn og sómi að, ef landið kaupir þau og geymir.

Svo er annað atriði, að efnilegir listamenn fái styrk til að ferðast og sjá sig um. Er þá helst að leita þangað, sem listin hefir hæst komist, til Rómaborgar. Er þeim holt að sjá, hve hátt listin stóð hjá Rómverjum hinum fornu fyrir 2000 árum og meira, svo að ekki ofmetnist þeir af sínum eigin verkum, þótt góð sjeu. Þar geta þeir gengið upp á Kapitolium og sjeð svo fögur listaverk, að ekki getur fegri; minnist jeg sjerstaklega eins, þar sem er skínandi hvítur vagn, með tveim skínandi hvítum hestum fyrir. Jeg tel sjálfsagt fyrir landssjóð að styrkja þessa menn til að fá listamannseðlinu fullnægt. Brautin, sem þeir verða að ganga, er löng og erfið. Þeir vinna ekki fyrir

sjálfa sig, safna ekki fje, heldur vinna þeir fyrir þjóðina. Þeirra ríki er ekki af þessum heimi

Nú þætti nefndinni hæfilegt að ætla 6000 kr. á ári í þennan ferðastyrk. Það hafa þegar fjórir menn sótt um styrkinn, og mundi þessi upphæð duga nokkuð til þess, að þeir gætu farið þessa fyrirhuguðu för sína. En í framtíðinni væri óhætt að gera ráð fyrir því, að styrkurinn gengi ekki upp allur; væri þá afgangurinn eftir og kæmi aldrei til úthlutunar neinum.

Um skáldastyrkinn er það sama að segja, að nefndin hefir áætlað hann 6000 kr. hvort árið. Eftir beiðni sjera Valdimars Briems sjálfs hefir hann verið fluttur úr 16. gr. í 18. gr.

Annars eru nú þrjú góðskáld okkar dáin, hvert eftir annað, fyrst þeir nafnarnir Guðmundur Magnússon og Guðmundur Guðmundsson, og nú síðast Jóhann Sigurjónsson. Er gott til þess að vita, að ekki skuli vera hægt að telja eftir þeim styrk lengur, en mikill skaði var að þeim öllum. Nú hefir nefndin ætlast til þess, að þessi skáldastyrkur yrði ekki bitaður niður á marga, heldur væri honum skift niður á þrjú góðskáld, eða þá tvö, og einhverjir fleiri en þau fengju svo minni styrk. Þá er enn fremur námstyrkur til listamanna, og er ekki nema sjálfsögð skylda landsins að veita styrk til kenslu í þeirri grein, eins og öðrum.

Einn mjög efnilegur söngmaður, Eggert Stefánsson, hefir sótt um styrk til Ítalíufarar. Hann sótti um 5000 krónur, en mundi eflaust láta sjer þykja vænt um, þótt styrkurinn yrði minni. Svo hafa aðrir tveir efnilegir söngmenn sótt um minni styrk. Væri vel, ef þeir gætu fengið þann styrk, því allir, sem sótt hafa, eru mjög góðs maklegir.

Þá hefir nefndinni dottið í hug að hafa nokkuð af styrknum til verðlauna. Ef verðlaun eru veitt fyrir einstök snildarverk, gæti það orðið mönnum hvöt til að gera sem best. Það er eins um þessa upphæð eins og þá fyrstu, að ekki þarf að vera ástæða til að veita á hverju ári þessar 2000 krónur til verðlauna.

Að síðustu er lagt til, að einum fullnuma listamanni, Einari Jónssyni, væri veittar 2000 kr. hvort árið. Hann hefir þegar gert landinu og þjóðinni mikinn sóma með verkum sínum, og að síðustu gefið því öll sín verk, mörg og góð.

Þá kem jeg að 22. lið í 15. gr., þar sem nefndin leggur til, að fjárveitingin til íslensku orðabókarinnar, sem verið er að semja, hækki úr 6000 upp í 9000 kr. hvort árið. Jeg fyrir mitt leyti álít, að þessa fjárveitingu ætti að hækka meira. En jeg deili ekki við meiri hluta nefndarinnar um það, fyr en jeg heyri ástæður hans.

Næst er farið fram á hækkun úr 4000 kr. upp í 15000 kr. til dansk-íslenskrar orðabókar. Nefndin var öll sammála um að ganga að tilboði Sigfúsar Blöndals og veita honum fje þetta til lúkningar orðabókinni. Má sjá nánar um þetta í nál. Hann bauð, að handritið skyldi verða eign íslensku orðabókarinnar, og er það mikils virði. Andvirði bókarinnar á að bera sig sjálft og renna í sjóð, til nýrrar útgáfu.

Þá er orðabók Geirs T. Zoëga. Hefi jeg leyft mjer að setja í nál. nafn þess manns, sem næga sönnun þess, að sú fjárveiting sje rjettmæt.

Þá hefir nefndin ekki talið semilegt að láta lækka styrk Helga Pjeturssonar, heldur hækkað hann upp í 2500 krónur. Nefndinni fanst ekki rjett að draga af honum, eins og hún væri með því að gefa í skyn, að hann væri síður vinnufær nú en áður, og hryggja hann með því.

Nefndin hefir lagt til, að tveir nýir liðir bætist við 27. lið, um styrk handa tveim mönnum til jarðfræðisrannsókna. Sá fyrri er þegar allmikið kunnur fyrir þær rannsóknir, ekki að eins hjer á landi, heldur

erlendis, og hefir skrifað merkilega ritgerð um það efni, sem hlotið hefir lof vísindamanna. Hinn maðurinn, Frímann Arngrímsson, hefir sagt nefndinni, að þær 600 krónur, sem hann hafði, sjeu sjer ófullnægjandi, sem og skiljanlegt er, þar sem hann hefir mikil ferðalög, og þar af leiðandi talsverðan tilkostnað við þessar rannsóknir sínar. Hann hefir fullkomlega unnið fyrir þeim styrk, sem hann hefir haft. Því starf hans er nytsemda starf, hvort sem það leiðir til þess að uppgötva nýtileg efni í landinu eða ekki. Því kæmi það fram, að engin nýtileg efni væru í landinu, ættu menn síður á hættu, að fjeglæframenn færu um og seldu námur, sem svo reynast ónýtar, og spiltu með því áliti landsins og þjóðarinnar út á við.

Um styrkinn til Pjeturs Zophoníassonar, til að lúka við sjóðarannsóknir Jóhanns Kristjánssonar, skal jeg ekki fjölyrða, tel hann svo sjálfsagðan, að óþarfi sje orðum um það að eyða.

En svo er hjer farið fram á dálítinn styrk til frú Önnu Thorlacius, sem um langt skeið hefir staðið fyrir veðurathugunum, og auk þess safnað mjög miklu og merkilegu um háttu og siðu manna fyrrum. Er mikill fróðleikur þar saman kominn, og ætti enginn að sjá eftir þeim 800 kr. hvort árið, sem nefndin vill veita henni í viðurkenningarskyni fyrir þetta starf hennar.

Þá eru veðurskeytin í 15. gr., 35. tölulið. Jeg býst við, að háttv. þingdeildarmenn hafi tekið eftir því, að þetta er töluvert há fjárveiting, sem hjer er farið fram á. En hún er ekki eingöngu verk nefndarinnar, heldur er hún fram komin eftir till. stjórnarinnar og sprottin af þeirri nauðsyn, sem knýr ríkið til að láta ekki þessar athuganir liggja niðri. Tillagið er hærra fyrra árið, vegna þess, að kaupa verður öll tæki til stöðvarinnar, annaðhvort hjá veðurathugunarstöðinni í Kaupmannahöfn eða annarsstaðar. En árlegur rekstrarkostnaður, 18,800 kr., felst í síðasta liðnum.

Þá er b.-liður sömu greinar, um jarðeðlisrannsóknir í sambandi við norðurför Roalds Amundsens. Hjer er einnig allmikill mismunurinn á tillaginu hvort árið, sem stafar af því, að kaupa verður sjerstök verkfæri til rannsóknanna. En verkfæri þessi verða ekki ónýt að rannsóknunum loknum; þau eru góð eign til segulmagnsmælinga. Rannsóknirnar fara fram á ákveðnum tíma, svo að Amundsen geti gert rannsóknir á sama tíma. Samanburður á niðurstöðu rannsóknanna mundi verða mjög fróðlegur, og með öllu ófært að þennan lið vantaði í athuganirnar. Nefndin taldi sjálfsagt að verða við tilmælum frænda vorra, Austmanna, um þetta, og býst við, að háttv. deildarmenn hafi þann skilning á málinu, að þeir taki því vel.

Þá kemur fjárhæð, sem nefndin leggur til að veitt verði mönnum til þess að sækja olympisku leikana árið 1920. Þessi liður nemur 20 þús. Þetta mál hefir að vísu tvær hliðar. Það er ekki skemtilegt að veita mönnum stórfje til þessarar farar, ef þeir yrðu síðan lakastir allra, þegar á mótið kæmi. En fjárveitingin mundi þó knýja þá til fararinnar og hvetja þá til að æfa sig sem allra best undir hana, og niðurstaðan yrði ef til vill sú, að íslensku íþróttamennirnir yrðu ekki lakastir. Og ef niðurstaðan yrði sú, að íslensku íþróttamennirnir vektu eftirtekt, væri mikið unnið. Það mundi verða til þess að hvetja þá og þjóðina til íþróttaiðkana. En íþróttirnar efla fegurð líkamans og styrkja gáfur og sanna lífsgleði. Nægir að benda þar á Forn-Grikki sem fyrirmynd. Hjá þeim rann saman fegurð líkamans, íþróttagleði og annálaðar gáfur. Jeg hygg þess vegna, að rjettast sje að eiga það á hættu, að veita íþróttamönnum vorum þennan styrk, því að úrslitin geta þó aldrei orðið verri en svo, að íþróttum vorum aukist styrkur og þekking.

Þá er utanfararstyrkur til nokkurra efnilegra manna, sem fást við kenslu og vilja afla sjer frekari mentunar í kenslugreinum

sínum, og sjá siðu annara þjóða*) .... Og þetta þótti vel fara á Odyseifi. Það er kunnugt, að kennarar þurfa að sjá siðu og kanna hugi annara þjóða. Og orsökin til þess, að jeg mæli glaður með þessum mönnum, er, að jeg þekki þá báða. Jeg veit, að þeir eru svo vel mentaðir, að þeir apa ekki eftir erlenda sníkjumenningu, þegar heim kemur heldur veita þjóðinni það, sem henni má að gagni verða.

Hina kennarana þekki jeg ekki. En að almannadómi eru þeir góðir menn og gegnir. Lítið eitt kenni jeg þó Guðmund Ólafsson, og Norðlendingar, sem jeg hefi átt tal við, segja, að hann sje góður maður og gáfaður.

Þá er styrkur til Guðmundar Jónssonar teiknikennara, sem er mjög ástundunar samur maður og ágætur kennari.

Jeg vona, að hæstv. deild verði tillögum þessum hlynt. Styrkirnir eru að vísu ófullnægjandi, en þá mætti síðar tiltaka, ef á þyrfti að halda öðru sinni.

Þá koma 3 nýir liðir. Er þar fyrst styrkur til Eyjólfs Bjarnasonar til raffræðináms í Gautaborg. Þetta er efnilegur maður, sem hefir tekið óæðra próf, en langar til að ljúka æðra prófi. Býst hann við að geta lokið því á 2 til 3 árum. Hann hefir ágætan vitnisburð frá skólanum, sem nefndin hefir haft til meðferðar.

Þá er styrkur til Jóns Eyþórssonar til veðurfræðisnáms í Kristjaníu, 2000 kr. á ári. Nefndinni þótti sjálfsagt að veita þennan styrk, til þess að hann gæti lokið náminu og tekið við veðurfræðisstöðinni hjer að náminu loknu.

Í þriðja lagi er styrkur til Sigurðar Sigurssonar frá Hoffelli, til þess að kynna sjer samvinnufjelagsskap í Englandi. Þetta er mjög efnilegur maður og hefir áhuga á samvinnufjelagsmálum. Nefndinni virtist sjálfsagt að veita honum styrkinn, svo að menn gætu orðið sem fróðastir um þetta mál.

Þá hefi jeg lokið við 15. gr., og vænti jeg, að deildin taki henni vel og fallist á till. nefndarinnar. Greinin felur að vísu í sjer dálitla hækkun, en þó svo litla, sem frekast mátti. Mönnum má ekki þykja það neitt óeðlilegt, þó að nefndin hafi hækkað útgjöldin dálítið frá því, sem gert var ráð fyrir í frv. stjórnarinnar. Því að nefndinni hefir borist flóð af umsóknum, sem stjórnin hefir ekki sjeð, en mundi sjálfsagt hafa tekið vel, ef þeim hefði verið beint til hennar. Það er því mjög eðlilegt, að útgjöldin hafa hækkað í fjárlögunum, þar sem óskir landsmanna koma ekki fram fyr en í þingbyrjun.

Þá kem jeg að 16. gr., og verður þar fyrst sá liðurinn, sem mestu máli skiftir, en það er styrkur til landbúnaðarins. Jeg verð að dýrgja þá synd, að minnast enn þá einu sinni á það, að land sem Ísland er dauðadæmt, ef það hefir ekki bændastjett. Annars verður þjóðin skrælingjaþjóð. Vjer þurfum ekki annað en bera saman, hvar íslensk menning heldur sjer best, hvort það er í sveitunum eða bæjunum, þar sem ægir saman lýð úr öllum áttum; sumir eru þar að vísu þjóðlega mentaðir, en aðrir eru uppskafningar, sem flytja inn í landið erlenda sníkjumenningu; en hún fer illa á gamalli menningarþjóð. Vjer vitum allir, að margskonar hætta steðjar að landbúnaðinum hjer á landi. Allir þekkja samkepnina við sjávarútveginn, sem legst mjög þungt á, af því að þessi atvinnuvegur hefir ekki vaxið í hlutfalli við fólksfjölgunina. Þess vegna verður þingið að leggja kapp á að ljetta undir með landbúnaðinum. Honum er nú að vísu minna íþyngt með gjöldunum en sjávarútveginum, en það er fólkseklan og dýr vinnukraftur, sem stendur honum mest fyrir þrifum. Það verður

*) Hjer hefir ræðuritarinn (Þórb. Þ.) slept setningu á grísku.

því að koma honum í það horf, að sem mest verk verði unnið með sem fæstum höndum. Jeg segi ekki, að gagngerð breyting þurfi að verða á landbúnaðinum. Þúsund ára reynsla sýnir og sannar, að það verður aldrei og getur aldrei orðið. En það þarf að verða gerbreyting á verkfærunum. Nú leggur nefndin til, ásamt systurnefnd sinni í Ed., að veitt verði mikið fje til eflingar landbúnaðinum. Höfuðstefna nefndanna var þó ekki sú, að styrkja sjálfan atvinnuveginn, því að ef hann ber sig ekki sjálfur, getur hann ekki borið landið. En þær vildu hjálpa honum til þess að ryðja brautina til nýrra framkvæmda, svo sem vatnsveitu í stórum stíl, kaupa á dýrum verkfærum og reynslu á þeim. Því að auðvitað er nauðsynlegt að reyna fyrst verkfærin, svo að ekki sje kastað út ógrynni fjár í blindni fyrir áhöld, sem síðar reynast ef til vill einskis nýt, líkt og átti sjer stað með manndrápsbollana, sem menn keyptu hjer á árunum. Menn geta verið óhræddir um, að styrknum verður að mestu leyti varið eins og nú hefi jeg sagt, enda verður hann undir eftirliti búnaðarfjelagsins, sem hefir einmitt tekið þessa stefnu. Eins og sjá má á brtt. nefndarinnar, hefir hún lagt það til, að veittar yrðu 180 þús. kr. til landbúnaðarins, í stað 60 þús., sem stjórnin hafði áætlað. En þessi hækkun nemur ekki meiru en samsvarar verðfalli peninga, og því ekki að vænta, að framkvæmdirnar geti orðið meiri en fyrir stríðið. En sennilega verður fjárhæð þessari sjerstaklega varið til þess að gera tilraun með verkfæri.

Með sama formála hefir nefndin hugsað sjer fjárveitinguna til búnaðarfjelaga. Nefndin hefir ekki hugsað sjer, að fjárhæðinni væri skift til einstakra manna, eins og átt hefir sjer stað, heldur væri henni úthlutað eftir samanlagðri dagsverkatölu fjelaga innan sambandsins, verði með öðrum orðum varið til smærri framkvæmda innan einstakra fjelaga, líkt og búnaðarfjelagið gerir í stærri stíl. Nefndin leggur til, að vatnsveitustyrkurinn falli niður, af því að vatnsveitan hverfur undir starfssvið búnaðarfjelagsins.

Þá er nýr liður til áveitu í Óslandshlíð í Skagafirði. Það mun hafa verið farið fram á styrk, sem samsvaraði ¼ hluta af áveitukostnaðinum, en hann er áætlaður 20 þús. kr., og gæti komið til tals að athuga þetta síðar.

Þá eru 3000 kr. til uppbótar á samningsvinnu við skurðgröft í Mikavatnsmýri. Botninn í skurðinum reyndist miklu harðari en gert hafði verið ráð fyrir, og vinnan varð þar af leiðandi miklu dýrari en áætlað hafði verið. Telur nefndin rjett að veita þessa uppbót.

Um sandgræðsluna þarf jeg ekki að fjölyrða.

Þá er garðyrkjufjelagið. Fjelag þetta vill vinna af kappi að garðyrkju, í minningu þess, að Ísland er nú aftur orðið fullvalda ríki, og fer fram á að fá sjerstakan garðyrkjustjóra, með 5000 kr. launum. Þetta gat nefndin fallist á og taldi rjett að ljetta stjórninni af búnaðarfjelaginu, sem hefir ærið að starfa, því að ekki þarf altaf sömu mennina til hvorttveggja, og það hefði ekki kostað minna, þó að búnaðarfjelagið hefði haldið garðyrkjustjórann.

Þá eru næst aðallega ýmsir smástyrkir, sem óþarft er að fjölyrða mikið um. Þó skal jeg nefna 1000 kr. til þess að kaupa málmbræðsluofn, í því skyni að rannsaka, hvort það borgaði sig að vinna málma, ef þeir fyndust.

Þá er 500 kr. styrkur til manns, er leiðbeini almenningi um raforkuveitu. Styrkur þessi er veittur Guðmundi Jónassyni Hlíðdal.

Nefndin hefir lagt til, að styrkurinn til

íslenskra samvinnufjelaga falli niður, af því að nefndin hefir hugsað sjer að athuga nánar fyrir 3. umr. tillögu um verslunarskóla í sambandi við þennan lið.

Þá er styrkur til fiskifjelagsins. Við þennan lið er þess að geta, að nefndin hefir ætlast til, að sendimaður fjelagsins fengi kaup sitt og ferðakostnað greitt af styrknum. Þó að sendimaðurinn fái 12 þús. kr. laun, þá er honum ekki fært að borga ferðakostnað af þeirri fjárhæð, og því hefir nefndin talið fjelaginu skylt að greiða honum ferðakostnað aukreitis.

Þá er 200 kr. uppbót til Jakobs Björnssonar. Þetta eru gamlar leifar af utanfararkostnaði, og þótti nefndinni sanngjarnt að veita þetta. Tel jeg óþarft að eyða að þessu fleiri orðum.

Þá eru 2000 kr. til skipverjanna af „Gullfaxa". Skipið hafði komist inn á ófriðarsvæðið í grend við Færeyjar og verið sökt þar. Skipverjar komust naumulega undan, en mistu allan farangur sinn. Þótti nefndinni rjett að veita þessa skaðabót.

Þá kemur till. til heimilisiðnaðar. Nefndin telur það illa farið, ef heimilisiðnaður skyldi leggjast niður.

Þá kem jeg að vörumerkjaskrásetjaranum. Það er víst, að þessi maður hefir haft of lítið fyrir vinnu sína. Vill nefndin því bæta honum það upp með 600 kr. fyrir liðinn tíma, en síðan á hann að fá 800 kr. fyrir að rækja starfið. Hann var skipaður árið 1904 og átti þá að hafa 360 kr. í laun. Hann hefir nú unnið að þessu starfi í samfleytt 15 ár og aldrei fengið neina launauppbót. En auk þess hefir hann orðið að leggja sjálfur til ljós og hita til skrifstofunnar, því honum er gert að skyldu að hafa hana opna 1 kl.tíma hvern virkan dag. Nú er auðsætt, að starfið mun aukast talsvert, þegar viðskifti komast í samt lag aftur, svo að launin mega ekki minni vera en hjer er tiltekið. Þessi maður skrásetur vörumerki frá Danmörku, Noregi, Bretlandi og fleiri löndum. Allir hljóta að sjá, að það er ekki lítið starf. Enda býst jeg ekki við, að neinn hafi á móti þessari hækkun.

Jeg þarf ekki að orðlengja um Tvískerjabóndann nje heldur Fornahvammsbóndann.

Um brimbrjótinn í Bolungarvík get jeg látið mjer nægja að vitna til þess, sem áður er sagt um hann hjer í hv. deild. Það er hið mesta nauðsynjafyrirtæki, eins og öll hafnarvirki eru. Enda var nefndin á einu máli um, að hækka þennan lið úr 5 þús. upp í 10 þús. kr.

Þá er næst endurveiting.

Svo er veiting til bryggjugerðar á Blönduósi, 18 þús. kr., en þó eigi yfir þriðjung kostnaðar. Það hefir lengi verið erfitt að finna hæfilegt bryggjustæði á þessum stað. En nú er sagt, að sje fundinn góður staður. Það er stór klöpp, sem talið er að megi steypa bryggju ofan á. Og hún er þeim megin árinnar, sem kauptúnið er, svo að ekki þarf að fara yfir ána eftir á.

Bryggjan í Stykkishólmi hefir skemst fyrir skömmu, og mun þurfa viðgerðar. Vill nefndin því leggja til, að gefnar verði eftir 8,800 kr. af óborguðu láni.

Þá kem jeg að 18. gr. frv. Um hana er ekki mikið að segja, annað en að hún stækkar altaf og vex. Jeg vil benda þeim hv. þm. á það, sem voru mjer andvígir í stjórnarskrárumr. um þurfalinga. Þingið vildi ekki ganga inn á brtt. mína, enda þótt fleiri fylgdu mjer að málum nú heldur en síðast. Af því leiðir aftur, að því fólki fjölgar altaf í 18. gr. fjárlaganna, sem þinginu finst viðurhlutamikið að svifta öllum mannrjettindum, ef það hefir einhvern tíma þegið fátækrastyrk, enda þótt það hafi þjónað ríkinu vel og dyggilega árum saman. Menn ættu ekki að verða hissa á því, þó að talsvert bætist

við í þessa 18. gr. Þeir geta sjálfum sjer um kent.

Um Olivu Guðmundsson og Stefán Stephensen er ekki annað að segja en að veitingin til þeirra er leiðrjetting á vantöldum eftirlaunum. Þá koma prestsekkjur, sem bætt er við. Um Hlíf Bogadóttur skal jeg geta þess, að hún er bláfátæk og er með mörg börn í ómegð. Auk þess er eitt af þeim veikt, þannig að það fær aldrei fulla heilsu. Bóndinn var brjóstveikur, svo að hann gat ekki fengið sig vátrygðan, til þess að ljetta undir með ekkjunni, þegar hans misti við. Nefndin leggur því til, að þessi fátæka ekkja fái 150 kr. með hverju barni, sem er í ómegð. Líkt má segja um ekkju Lárusar Halldórssonar. Nefndin hafði gleymt að taka hana inn í fjárlögin við 2. umr., en hún var hækkuð í fjáraukalögum. Mun jeg því sjá um, að hún gleymist ekki til 3. umr. Annars mun jeg ekki þurfa að ræða um einstaka menn hjer; sumir hv. þm. eru því sjálfsagt eins kunnugir og jeg. Þó vil jeg taka fram, að nefndin áleit rjett, að Elínu Briem yrði veittar 600 kr. á ári. Henni hefir áður verið veitt heiðurslaun. En eins og menn vita, þá er mikil dýrtíð, svo efni hennar eru gengin til þurðar. Hins vegar mun þessi kona ekki síður virðingarverð í alla staði en aðrar mætar forstöðukonur kvennaskólanna. Á hún fyllilega skilið, að hún fái þessar 600 kr. framvegis. Sama er að segja um góðan en gamlan barnakennara. Pjetur Guðmundsson, sem nú er orðinn heilsulaus. Hann hefir verið ágætur kennari í mörg ár og slitið sjer út, með því að gegna því starfi af alúð og trúmensku. Nú er hann orðinn alveg heilsulaus og getur ekki unnið lengur, svo afkoma hans sjálfs og heimilisins hvílir eingöngu á einum uppkomnum dreng, sem hann á. Nefndinni þykir ekki sæma að neyða slíkan mann til að þiggja fátækrastyrk, svo að hann missi öll mannrjettindi á gamals aldri, eftir að hafa sjeð betri daga fyr á æfinni.

Það hafði komið áskorun, frá mörgum kvenmönnum þessa bæjar, um að þingið veitti Bríeti Bjarnhjeðinsdóttur fjáruppbæð í viðurkenningarskyni. Hún hefir, eins og menn vita, unnið kvenna best að því, að menta kvenþjóðina og bæta kjör hennar að mörgu leyti. Fanst nefndinni því sanngjarnt, að henni verði veittar 2000 kr.

Næsti liður er 1000 kr. veiting til Þorvarðs Bergþórssonar, í viðurkenningarskyni fyrir 50 ára hreppstjórn. Auk þess hefir hann komið upp 20 börnum, og ætti það að vera góðra gjalda vert hjá jafnfámennri þjóð. Þetta var felt hjer áður, en nefndin tekur það nú upp aftur og vill, að hann fái 1000 kr. Það er gert með tilliti til þess, að fyrir skömmu varð sonur hans, sem er bóndi, fyrir því óhappi, að skriða fjell á jörðina. Misti hann þar fje og eignir og varð að yfirgefa jörðina. Og faðir hans, sem hjer á að styrkja, varð að fara til annara. Þetta ætti að verða nóg hvöt fyrir menn til að samþykkja þennan lið.

Um aðra liði þykist jeg ekki þurfa að tala. Sömuleiðis hefi jeg fátt að segja um brtt. einstakra þingmanna.

Þó vildi jeg minnast á eina till., sem mjer sást yfir áðan. Það er till. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), um styrk til Jóns Dúasonar. Nefndin hafði ætlað að veita þessum unga og efnilega manni 12000 kr., til að fullkomna sig í fræði sinni um bankamál, í Vesturheimi. Nú fer till. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fram á, að honum verði veittar 6000 kr., en auk þess heimilist stjórn Landsbankans að greiða til sama 6000 kr. árið 1920. Nefndin hefir fallist á þessa brtt., og telur það tryggingu fyrir því, að hún verði samþykt.

Þá hefir nefndin og fallist á brtt. á þgskj. 599, um 1000 kr. til Halldórs Briem til þess að fullgera íslenska málfræði.

Næst kem jeg að brtt. á þgskj. 615, frá hv. 1. þm. Árn. (S. S.). Fyrsti liður er, að athugasemdin við listamannaliðinn falli burtu. Það vill nefndin ekki fallast á. Þá er næsti liður brtt., sem jeg skil ekki, hvað átt er við með. Það er þýðing eftir einhvern Guðjón eða Gísla Faust. Það stendur ekkert í till. nefndarinnar um þennan mann. Og jeg á ekki svo gott með að ræða um þetta, af því að jeg þekki engan mann með þessu nefni, nje hefi heyrt hans getið. Mjer er ekki kunnugt um, að neinn með þessu nefni hafi verið styrktur til að þýða eitthvað, og ekki kannast heldur aðrir við það, sem jeg hefi talað við. Síðasta lið brtt. getur nefndin fallist á, að því tilskildu, að Búnaðarfjelag Íslands veiti styrkinn í staðinn.

Að öðru leyti geymi jeg mjer að tala um aðrar till., þangað til jeg þarf að svara einhverja, þó að jeg hins vegar búist ekki við, að það verði mikið. Skal jeg svo leyfa öðrum hv. þm. að komast að. Geta þeir nú stigið á bak sínum mælskufákum og látið þá renna með sig í kvöld, enda eru hjer margir gæðingar saman komnir.

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki vera margorður, enda mun verða fundarhlje kl. 7.

Eftir því, sem nú er fram komið, þá mun hækkun hv. fjárveitinganefndar á fjárlagafrv. nema alt að 1 milj. og 300 þús. kr. Að því leyti, sem hækkun þessi miðar til verklegra framkvæmda í landinu, er ekkert við því að segja. Það er ekki nema eðlilegt, að fjárveitingar til allra framkvæmda aukist og hækki í samræmi við annað. Með þeirri hækkun, sem hjer er farið fram á til framkvæmda í landinu, er þó ekki meira en haldið í horfinu við það, sem var fyrir stríðið. En undanfarin ár hefir verið stór afturför í þessu efni. Alt aðflutt efni hefir margfaldast í verði, og vinnulaun fullkomlega þrefaldast. Þó að fjárhagur landssjóðs sje þröngur nú, þá verður að halda í horfinu með framkvæmdir, og það því fremur, sem það hefir sýnt sig, að einstök sveitar- og sýslufjelög hafa lagt mjög mikið fje fram þessi árin og sýnt mikinn áhuga í því, að hrinda nauðsynlegum framkvæmdum áfram.

Aðalhækkunin í fjárlögunum er nú að vísu fólgin í því, sem jeg hefi nú nefnt — því hækkunin samkv. launafrv. er ekki enn komin til skjalanna —, en auk þessa eru ýmsar aðrar fjárveitingar, sem deildar skoðanir munu vera um. Sumar af þessum till. eiga að sjálfsögðu nokkurn rjett á sjer, en margt er það, sem vafalaust hefði mátt spara, og ekki einasta það, heldur sem sjálfsagt hefði verið að spara, eins og nú stendur. Skal jeg t. d. nefna fjárveitinguna til Olympíu-leikanna. Jeg vil endurtaka það, sem hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) sagði um þetta, er hann gerði grein fyrir fjárhagnum, að það væri að leika sjer með peningana, að ætla að henda 20 þús. kr. út í slíkt. Skal jeg svo ekki fara frekar út í það, en mun sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg lít á þetta, heldur víkja nokkrum orðum að brtt. mínum. Þó get jeg ekki leitt hjá mjer að minnast fyrst lauslega á einn lið; það er 70. liður í brtt. nefndarinnar, við 14. gr. B. 1. d., um styrkinn til háskólans.

Eins og kunnugt er, þá fjekk háskólinn 1 milj. kr. til umráða þegar sambandslögin gengu í gildi. Á hann svo að njóta vaxta af þessari upphæð, og verða það 50 þús. kr. á ári. Það kom berlega fram í frv. stjórnarinnar, að hún ætlaðist til, að fyrir þessa sök ljetti talsvert af útgjöldum til háskólans í fjárögunum. Stjórnin hafði ekki ætlað nema 18 þús. kr. til þess liðar, en nú hefir niðurstaðan orðið sú, að fjárveitinganefndin hefir hækkað hann

upp í 51 þús. kr. Jeg hefi nú hjer fyrir framan mig skipulagsskrá um það, hvernig háskólaráðið hugsar sjer að verja þessum vöxtum, og kemur það í ljós, að þar er ætlast til, að að eins 5,600 kr. sje ljett af fjárlögunum, af tillagi til háskólans; það er til bókakaupa og eitthvað annað. Annars eru það alveg nýir útgjaldaliðir, sem hjer er stofnað til. Mjer hefði þó fundist sanngjarnt og rjett, að einhverju af vöxtum af þessari miljón yrði varið í námsstyrk og húsaleigustyrk til stúdenta. Jeg veit nú ekki, hvort þessi skipulagsskrá, sem jeg nefndi, er staðfest af stjórninni, eða hvort hæstv. stjórn hefir verið kunnugt um hana, þegar hún samdi frv. sitt. Að minsta kosti sýnir fjárlagafrv. stjórnarinnar, hvernig hún hefir litið á þetta mál. Jeg minnist á þetta hjer af því, að það fjellu þannig orð um það hjer á þingi í fyrra, bæði hjá hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. 2. þm. Árn. (E. A.), að vextirnir af þessari miljón mundu ljetta af fjárlögunum miklu af styrknum til háskólans.

Þá vil jeg minnast á brtt. mína á þgskj. 612, við 14. gr., um athugasemdina við styrkinn til lýðskólanna. Jeg sje, að fjárveitingarnar til þeirra hafa verið hækkaðar talsvert mikið, og er jeg þar sammála nefndinni, að eigi verði hjá því komist. Það ber mikil nauðsyn til að styrkja þá skóla, svo að þeir, sem að þeim standa, geti haldið uppi kenslu áfram. Jeg sje, að skólinn á Núpi í Dýrafirði á að njóta 500 kr. hærri styrks heldur en Hvítárbakkaskólinn. Þetta get jeg ekki felt mig við. Jeg hefði að minsta kosti talið æskilegt, að nefndin hefði ekki gert upp á milli þessara skóla, heldur gert þeim jafnt undir höfði, þó að Hvítárbakkaskólinn hafi til þessa notið hærri styrks, og það með fylstu sanngirni, sökum þess, hve fjölsóttur hann er og miklu til hans kostað. Það er öllum vitanlegt, sem til þekkja, að skólastjórinn við Hvítárbakkaskólann hefir verið brautryðjandi á þessu sviði hjer. Hann hefir bygt stórhýsi handa skólanum og haldið honum uppi í mörg ár með miklum dugnaði, enda er hann orðinn þjóðkunnur fyrir áhuga sinn á alþýðumentun og hefir unnið stórgagn á því sviði. Núpsskólinn er auðvitað alls góðs maklegur, en jeg verð að telja það miður sanngjarnt að taka Núpsskólann fram yfir hinn. Þess vegna hefi jeg flutt hjer brtt. um að gera báða skólana jafna, en jafnframt sett hjer varatill., um að lækka styrkinn til Núpsskólans niður í 3,500, ef svo skyldi fara, að aðaltill. yrði ekki samþ.

Þá á jeg hjer aðra brtt., á þgskj. 610, við 15. gr., um að styrkurinn til Bræðrasjóðs falli niður. Eins og menn sjálfsagt muna eftir, þá var reipdráttur um það hjer á þingi 1917, hvort styrkja ætti Stórstúku Íslands áfram. Mæltu margir móti því, að svo yrði gert, og varð það að niðurstöðu, að styrknum var komið á Bræðrasjóðinn. Nú er svo ástatt, að aldrei hefir verið sótt um þennan styrk; finst mjer því langrjettast, að hann falli nú niður.

Þá hefi jeg enn fremur flutt brtt. á þgskj. 611, við 18. gr., þar sem taldir eru upp styrkir, veittir í viðurkenningarskyni. Þar vil jeg, að bætt sje við 1 lið, til Sigurðar Jónssonar, smáskamtalæknis frá Litla-Lambhaga, í viðurkenningarskyni fyrir læknisstörf hans, 500 fyrra árið. Jeg fór fram á það á þingi 1917, að honum væri sýnd viðurkenning, en það náði þá ekki fram að ganga. Jeg skýrði þá frá starfi þessa manns, að hann hefði lengst af ævi sinnar stundað smáskamtalækningar og reynst sjerstaklega heppinn og hjálpsamur á því sviði. Enda hefir hans verið leitað víðs vegar að, og er hann nú orðinn útslitinn af ferðaögum.

Enn þá fæst hann nokkuð við læknisstörf, en lítt fær er hann nú orðinn til

ferðalaga, enda hniginn hátt á efri aldur. Hann er þess vel maklegur, að Alþingi viðurkenni starfsemi hans og fórnfýsi.

Jeg vona því, að þessari málaleitun verði vel tekið, og læt að svo mæltu staðar numið.

Sigurður Sigurðsson: Jeg á hjer nokkrar brtt. En fyrst skal jeg þó minnast á styrkinn til Búnaðarfjelagsins, þó jeg hafi ekki komið með neina brtt. við hann. Jeg geri ráð fyrir, að hv. fjárveitinganefnd hafi fundist hún sýna rögg af sjer með því að leggja til, að styrkurinn verði 180 þús. kr. hvort árið, og eftir atvikum ætti jeg víst að vera þakklátur fyrir. En hins ber að gæta, að 180 þús. kr. nú er ekki meira en 60 þús. kr. styrkurinn, sem Búnaðarfjelagið hafði fyrir stríðið. (*S. St.*: En embættin öll?) Embættismannalaunalögin eru ekki til umr. nú. Jeg skal að eins láta þess getið, að jeg hefi ekki sjeð mjer fært að koma með brtt. um hækkun á styrknum, því hv. fjárveitinganefnd er öll á einu bandi í þessu máli, og eins og kunnugt er, hefir hún altaf ótal stjörnur í halanum. Hv. framsögumaður (B. J.) sagði, að Búnaðarfjelagið væri í raun og veru að eins skrifstofa í stjórnarráðinu, en það er ekki rjett. Búnaðarfjelagið er sjálfstætt fjelag, óháð stjórnarráðinu. Hitt er annað mál, að æskilegt er, að sem best samvinna ríki milli stjórnarráðsins og Búnaðarfjelagsins, enda leitar stjórnarráðið oft álits og umsagnar Búnaðarfjelagsins í ýmsum málum. Þegar styrkurinn til Búnaðarfjelagsins er nú hækkaður, hefði jeg óskað þess, að skipulaginu með þennan styrk í fjárlögunum hefði verið eitthvað breytt frá því, sem verið hefir. En jeg skal ekki fara út í það að þessu sinni.

Jeg á á þgskj. 614 brtt., er snerta Búnaðarfjelagsskapinn.

Fyrsti liðurinn fer í þá átt, að styrkurinn, sem ætlaður er búnaðarsamböndunum, sje greiddur Búnaðarfjelagi Íslands, sem svo skifti styrknum eftir framkvæmdum búnaðarfjelaganna, og að honum verði svo varið eftir tillögum Búnaðarsambandanna. Án þess, að jeg vilji segja neitt misjafnt um búnaðarsamböndin, þá álít jeg meiri tryggingu fyrir því, að styrknum sje vel varið, að hann sje fenginn Búnaðarfjelagi Íslands til ráðstöfunar. Á síðasta búnaðarþingi var samþykt áskorun til Búnaðarfjelagsstjórnarinnar um að koma betra skipulagi á hin einstöku búnaðarfjelög og meira samræmi á lög þeirra. Búnaðarfjelag Íslands á að rjettu lagi að vera aðalfjelagið, sem fer með yfirstjórn landbúnaðarmála. Í samræmi við þetta væri rjettast, að Búnaðarfjelagi Íslands væri fenginn styrkurinn til útbýtingar. Jeg geri ráð fyrir, að hagnýting styrksins verði nokkuð önnur en hingað til. Hingað til hefir búnaðarfjelögunum verið útdeildur styrkurinn eftir dagsverkatölu þeirra, og svo hafa þau skift honum milli fjelagsmanna eftir sömu reglu. Nú ætlast jeg til, að styrknum verði varið til stærri framkvæmda, innan hvers fjelags, áhaldakaupa o. fl. Það er meiri trygging fyrir, að styrknum yrði varið á þennan hátt, ef Búnaðarfjelag Íslands fengi að hafa hönd í bagga með úthlutun hans. Fjelagið er gamalt og bygt á fastari grundvelli en Búnaðarsamböndin. Jeg vil minna á í þessu sambandi, að hingað til hafa búnaðarfjelögin sent stjórnarráðinu skýrslur um framkvæmdir sínar, og úr þessum skýrslum hefir svo hagstofan unnið, og birt skýrsluútdráttinn í hagskýrslunum. Þessar skýrslur fjelaganna hafa staðið í sambandi við styrkinn til þeirra. Verði nú brtt. nefndarinnar samþ., má búast við, að lítið lag verði á skýrslugerðinni. Mælir það, sem annað, með, að brtt. mín verði samþ. Það er ekki óverulegt atriði, hvernig styrknum er varið, og að skýrslur verði gefnar um framkvæmdir fjelaganna.

Í 2. tölulið á þgskj. 614 er farið fram á,

að veittar sjeu 25 þús. kr., hvort árið sem styrkur til áveitu. Er ætlast til, að stjórnin úthluti styrknum til stærri áveitufyrirtækja, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands. Nefndinni hafði borist áskorun um þetta frá Búnaðarfjelaginu, en hún hefir ekki tekið hana til greina, og var það illa farið. Hjer er um nauðsynjamál að ræða. Ríkissjóður hefir áður styrkt Skeiðaáveituna með ¼ kostnaðar, og skuldbundið sig með lögum til að styrkja Flóaáveituna á sama hátt, þegar til kemur. Till. mín og umsókn Búnaðarfjelagsins fer því ekki aðra vegi en þá, sem áður hafa verið ruddir. Jeg sje, að nefndin vill veita styrk til áveitu í Óslandshlíð í Skagafirði, og er það að vissu leyti í samræmi við umsókn Búnaðarfjelagsins. En það eru aðrar áveitur, sem ekki er síður sjálfsagt að styrkja og flýta fyrir. Mælingar er þegar búið að gera í Staðarbygðarmýrum í Eyjafirði. Einnig í Staðar- og Víkurmýrum í Skagafirði; þar er um stórfyrirtæki að ræða. Þá gæti jeg nefnt fleiri áveitufyrirtæki, sem að eins bíða þess, að hafist sje handa og fje útvegað til framkvæmdanna. Í stuttu máli eru nú á döfinni 5—10 stærri og smærri áveitufyrirtæki, sem nauðsynlegt verður að styrkja. Í sambandi við þessa till. mína legg jeg til, að styrkurinn til Óslandshlíðaráveitunnar falli niður. Kemur sú áveita til greina, eigi síður en aðrar, þegar farið verður að skifta áveitustyrknum, samkvæmt minni brtt. Rjettara er að veita *eina* ákveðna fjárhæð í þessu skyni, er stjórnin úthlutar eftir till. Búnaðarfjelags Íslands, heldur en að veita til hvers einstaks áveitufyrirtækis í hvert sinn í fjárlögunum. Jeg skal nú ekki segja fleira um brtt. á þgskj. 416. En þær fara í rjetta átt, og færi betur, að þær hlytu samþ. deildarinnar.

Þá á jeg brtt. á þgskj. 617, um styrk til Jóns A. Guðmundssonar ostagerðarmanns. Maður þessi hefir stundað gráðaosta- nú um nokkurt skeið, fyrst á Þorfinnsstöðum í Önundarfirði og síðan 2 sumur í Ólafsdal. Og nú hefir hann keypt Sveinatungu í Norðurárdal og rekur þar sauðfjárbú og ostagerð. Hann hefir í huga að reka iðnað sinn í stórum stíl og taka til kenslu bæði pilta og stúlkur, og útbreiða þannig ostagerðarkunnáttu í landinu. Ostar hans hafa gefist vel og hlotið maklegt lof. Þykja þeir einhver besta efirlíking á Rochefortostinum, sem gerð er á Norðurlöndum. Nú langar hann að fara utan og fá „nýtt loft í lungun“ og fullnuma sig í sinni ment. Hjer er um framtíðaratvinnugrein að ræða fyrir landsmenn, og vona jeg, að hv. deild taki vel í till. Aðaltill. er að veita Jóni 3000 kr., en til vara 2500 kr. Jeg vona, að aðaltill. verði samþ.

Þá á jeg brtt. á þgskj. 598, við 16. gr., um styrk til útgáfu dýralækningabókar. Bók þessi var alveg tilbúin fyrir stríðið og hefir síðan legið í handriti hjá höfundinum, Magnúsi Einarssyni dýralækni. Þá var og veittur styrkur til að gefa bókina út, en þegar til hans átti að taka, hafði alt hækkað svo í verði, að hætt var við útgáfuna að sinni. Síðan hefir verðið á pappír og prentun farið sífelt hækkandi. Lengi stóð styrkurinn til útgáfunnar í fjárlögunum, en í núgildandi fjárlögum er honum slept. En nú má þetta ekki dragast lengur, að bókin verði gefin út. Jeg get búist við, að einhver segi, að útgáfan muni kosta meira en hjer er farið fram á. Það má vel vera, að svo reynist. En gera má ráð fyrir, að á næstu árum lækki verðið á pappír. En vitanlega er ætlast til með styrknum, að ekki þurfi að selja bókina óhæfilega dýrt. Bókin mun verða um 30—40 arkir og kosta 8—10 kr. ef þessi styrkur verður veittur til hennar. Þegar frv. um fjölgun dýralækna var hjer til meðferðar í deildinni, töldu sumir andmælendur þess, að dýralækningabók myndi gera meira gagn en þó að dýralæknum yrði fjölgað. Nú er tækifærið til að koma út

slíkri bók, eftir lærðasta og elsta dýralækni okkar. Vona jeg þá, að þeir hinir sömu styðji þessa till. mína, og að hún verði samþ.

Skal jeg þá víkja að andlegu hliðinni, eða bókmentahliðinni, á till. mínum. Býst jeg við, að jeg verði í þessu sambandi mintur á, „að maðurinn lifir ekki á einu saman brauði", og má það til sanns vegar færa.

Fyrsta tillagan er um að fella burtu athugasemdina um skáldastyrkinn. Nefndina, sem talað er um í athugasemdinni, skipa að vísu góðir menn, einn útnefndur af Háskólanum, annar af Bókmentafjelaginu og þriðji af Stúdentafjelaginu. Þess er þó ekki að dyljast, að hingað til hefir nefndinni ekki auðnast að deila út styrknum svo, að allir væru á eitt mál sáttir um þá úthlutun; öðru nær.

Jeg hefi áður viljað, og vil enn, að nefnd þessi hverfi úr sögunni, og að stjórnin sjálf skifti styrknum. En fyrst jeg minnist á athugasemdina, liggur nærri að minnast um leið á brtt. nefndarinnar um að hækka skálda- og listamannastyrkinn úr 12 þús. krónum upp í 22 þús. krónur. Þessi hækkun er óneitanlega nokkuð há, og mun jeg ekki greiða atkv. með henni óbreyttri.

Það mundu margir hafa kosið að fara meðalveginn í þessu efni og veita í þessu skyni 18 þús. krónur. Meðan úthlutun styrksins ferst jafnóhönduglega og raun ber vitni um, er engin ástæða til að veita hærri styrk en þetta.

Um hitt er jeg samdóma háttv. nefnd, að það eigi ekki að bíta styrkinn jafnsmátt niður og gert hefir verið, heldur sje bestu mönnunum veittur sæmilegur styrkur. Háttv. framsögumaður (B. J.) kvað vera sjerstaklega mikla þörf á styrk nú, meðal annars vegna fyrirhugaðra ferða suður í lönd. Hjelt hann, að síðar mætti komast af með minna fje. En jeg hygg, að það muni reynast erfitt að lækka aftur þennan lista og skáldastyrk, og því varhugavert að fara nú að hækka hann, í þeirri von, að auðið muni að lækka hann síðar.

Um 2. liðinn í brtt. er það að segja, að jeg ætlast ekki til, að sá liður komi til atkvæða að þessu sinni. Enda þottist frsm. (B. J.) ekki skilja, við hvað átt væri með honum.

Þá er tillaga um það, að fella niður styrkinn til að semja íslenska orðabók. Veit jeg, að það er mörgum viðkvæmt mál, og þykir mjer það því undarlegra, sem öllum er kunnugt, hvernig sá styrkur er undir kominn. Hann var upprunalega pólitiskur bitlingur og hefir haldið áfram að vera það.

Það er álit þeirra manna, sem vit hafa á þessu máli, að þetta verk sje margra ára starf fyrir marga menn. Málið er alveg óundirbúið og ekkert vit í að halda áfram á þessari braut. Styrkur þessi má gjarna bíða, því margt annað nauðsynlegra kallar að. Jeg get tekið fram, að þetta er ekki eingöngu mitt álit, heldur og margra annara, sem betur hafa vit á þessum hlutum. Get jeg þar tilnefnt þá prófessorana Finn Jónsson og Sigurð Nordal. Annars er jeg enginn málfræðingur. En jeg hefi jafnan verið á móti þessari styrkveitingu, meðal annars af því, að jeg vissi, hvernig hún var til komin og hvernig hún var notuð. Og þar sem lagt er til, að þessi styrkur verði hækkaður, hlýt jeg að verða á móti því.

Um 4. lið er ekki annað að segja en að það sýnist ekki vera nokkur ástæða til að halda þeim lið í fjárlögunum.

Þá er það 5 liður, að styrkurinn til Sigurðar Einarssonar falli niður. Er það vitanlega gert með það fyrir augum, að Búnaðarfjelagið styrki manninn, ef hann er

styrks verður. Háttv. frsm. (B. J.) fjelst á, að Búnaðarfjelaginu bæri að hafa veg og vanda af námi slíkra manna.

Auk þessa eru ýmsir liðir í brtt. nefndarinnar við 15. gr., sem jeg er á móti, en hirði eigi um að nefna. Að eins skal jeg nefna 84. lið. Það er tillagan um að veita Skólablaðinu 800 króna styrk. Það er eigi svo að skilja, að jeg sje að amast við Skólablaðinu. Það er síður en svo. En mjer finst þessi braut, að fara að styrkja einstök blöð, ærið viðsjál. Háttv. framsm. (B. J.) vildi ekki telja það blað, heldur tímarit. En það er blað, sem kemur út mánaðarlega. Og ef farið er að styrkja það, munu fleiri koma á eftir. Má þá búast við umsóknum frá Merkúr, Ægi, Frey og fleirum. Jeg álít því viðsjált að veita þennan styrk. Blaðið er efalaust gott blað, en það er varhugavert að ganga inn á slíka braut. Svo gæti farið, að jafnvel pólitisku blöðin sæktu um styrk.

Um styrk til einstakra manna skal jeg geta þess, að jeg tel því fje vel varið, sem veitt er til að styrkja unga og efnilega menn, sem eru að búa sig undir lífsstarf sitt. Og sumir af þessum mönnum, sem lagt er til að veittur verði styrkur, eru efnilegir menn, sem mikils má af vænta, ef líf og heilsa endist. Tel jeg flesta þessa styrki sjálfsagða

Loks ætla jeg að þakka háttv. nefnd fyrir styrkveitinguna til Pjeturs Guðmundssonar. Sá styrkur er áreiðanlega verðskuldaður og kemur sjer einkar vel. Pjetur hefir verið ágætur kennari og hefir slitið sjer út við það starf og önnur störf. Hefir hann oft átt við erfið kjör að búa, giftist nokkuð aldraður, og barnahópurinn er því enn á unga aldri, en heilsan er biluð. Nú er hann farinn að heilsu og kröftum og því eigi fær um að halda áfram starfi sínu. En börnin eru ein 4 eða 5 innan við fermingu. — Vona jeg, að háttv. deild sje á sama máli og háttv. nefnd í þessu máli.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg gæti má ske sparað mjer að standa upp við þennan kafla fjárlaganna. Jeg hefi lítið að athuga við álit nefndarinnar. Þó finst mjer, að háttv. nefnd hafi í sumum greinum verið helst til ör.

Jeg ætla að leyfa mjer að minnast á brtt. við B. 1. lið, sem háttv. framsm. (B. J.) talaði um. Það er rjett, að stjórnin hafði þá fjárveitingu í einu lagi. Meining mín var, að hún yrði 18 þús. kr., og er mjer eigi kunnugt um, af hverju hún varð lægri. Stjórnin bjóst við, að það yrði tekið meira af vöxtum Háskólasjóðsins til styrktar fátækum stúdentum en orðið hefir. Er, mjer vitanlega, hvergi neitt til fyrirstöðu, að sjóðurinn sje brúkaður í þarfir Háskólans. Á hinn bóginn skal jeg játa, að það hefir mikið til síns máls, að Alþingi veiti ríflara fje til Háskólans en stjórnin ætlaðist til. Jeg get þessa eingöngu til skýringar á mismuninum, sem er á frumv. stjórnarinnar og áliti nefndarinnar.

Þá ætla jeg að minnast á viðbótarstyrkinn til byggingar á Bergsstöðum. Geng jeg út frá því, að háttv. nefnd hafi góða og gilda ástæðu fyrir þeirri veitingu og að kostnaðurinn hafi orðið meiri en búist var við, er prestinum var veitt fje til húsabóta. Sömuleiðis hygg jeg, að full ástæða hafi verið til að veita síra Jónmundi Halldórssyni 10 þús. kr. til að byggja hús á staðnum. Það mun vera rjett hjá háttv. framsögumanni (B. J.), að síra Jónmundur kom að jörðinni niðurníddri og föllnum húsum, svo hann varð að byggja. En við þetta er að athuga, að það kemur ekki vel heim við reglurnar um byggingar á prestssetrum. Eru til nákvæmar reglur fyrir því, hvernig fara

skuli með styrk til slíkra bygginga. Býst jeg við, að sumir prestar þykist afskiftir. Að vísu munu ekki dæmi til, að prestar hafi komið að svo niðurníddri jörð, en áreiðanlegt er, að svo hár styrkur hefir aldrei áður verið veittur.

Jeg heyrði eigi háttv. frsm. (B. J.) færa fram neinar ástæður fyrir því, að nefndin vill fella burt fjárveitinguna til þess að laga lóð Mentaskólans. Jeg býst við, að ástæðan sje sú, að ekki er sementað kring um hann. En jeg held, að ekki væri hættulegt, þó fje væri veitt til þessa.

Um aðrar tillögur sje jeg ekki ástæðu til að tala. Býst jeg við, að þær sjeu allar á rökum bygðar. Spurningin er að eins, hvort sumar fjárveitingarnar eru ekki fremur sprottnar af viljanum til að gera góðverk, og gerðar í gustukaskyni, en því, að nægilega ríkar ástæður sjeu fyrir hendi til að veita fjeð úr ríkissjóði. Það er sjerstaklega ein, sem jeg vildi minnast á, ekki af því, að jeg sje á móti henni, heldur af því, að það er vafamál, hvort brautin er heppileg. Það er styrkurinn til Pjeturs Guðmundssonar barnakennara. Jeg er sannfærður um, að hjer er gert góðverk, en mjer finst, að það standi næst þeirri sveit, sem hann hefir unnið fyrir, að veita honum laun. Mjer finst vafasamt, hvort það sje rjett að taka af sveitunum skylduna til að veita mönnum styrk, þegar þeir eru ekki lengur færir um að vinna fyrir sjer. Vona jeg þó, í þessu tilfelli, að ummæli mín verði eigi til þess, að honum verði neitað um styrkinn. En jeg vil að eins benda á, að hjer er verið að komast inn á hættulega braut. — Reglan á að vera, að ef maður ekki getur lengur unnið fyrir sjer og ekki er í neinum tryggingarsjóði, skuli vinnuveitandi hans sjá fyrir honum. Og í þessu tilfelli er hreppurinn, sem hann hefir unnið fyrir, vinnuveitandi.. Skal jeg svo eigi tala frekar um þessa tillögu nefndarinnar.

Þá ætla jeg lítillega að minnast á nokkrar brtt. frá einstökum þingmönnum. Skal jeg þá fyrst minnast á brtt. 615. Hygg jeg, að ekki sje ástæða til að fella burt ákvæðið um listamannastyrkinn. Er ekki víst, að mönnum finnist stjórninni farast það mál betur úr hendi. (*S. S.*: Hún þorir ekki að taka á sig ábyrgðina). Ábyrgðin er ekki svo mikil.

Þá verð jeg að geta þess um þriðja liðinn á brtt. á þgskj. 615, að ekki getur komið til mála að samþykkja hann, og það þó ekki væri af neinni annari ástæðu en þeirri, að þegar hefir manni, sem tekinn var úr öðru embætti, verið veittur styrkur til að starfa að orðabókinni, og hann væri þess vegna gabbaður, ef hætt yrði nú við verkið. Sami hv. þm. hefir einnig lagt til að fella niður styrkinn til ísl. guðsþjónustu í Khöfn. Þetta er reyndar svo lítill styrkur, að jeg skil ekki, að hv. þm. skuli vera að leggja sig í framkróka til þess að berjast á móti honum. Málið er þannig vaxið, að einn íslenskur prestur hefir um allmörg undanfarin ár verið að berjast við það, að halda uppi ísl. guðsþjónustu í Khöfn, af litlum efnum, og virðist ekki nema sanngjarnt að sýna því starfi einhverja viðurkenningu.

Þá vil jeg einnig þakka hv. nefnd fyrir það, að tekinn hefir verið upp styrkur til Dansk-Islandsk Samfund. Að minsta kosti allir þeir, sem til Hafnar hafa komið, munu kannast við starfsemi fjelagsins og góðvilja í garð Íslands, auk þess sem alkunnugt er, að það hefir unnið mikið að því að útbreiða þekkingu Dana á Íslandi.

Loks vil jeg, að endingu, bæta hjer við nokkrum orðum um einn lið í till. hv. nefndar. Hún hefir sem sje gert ráð fyrir því, að nokkru af listastyrknum yrði árlega varið til verðlauna afburðalista-

verka. En jeg teldi rjettara, að þetta yrði geymt, og efast enda um, að auðvelt yrði að veita þessi verðlaun, svo að gagni kæmi. Listaverkin mundu sjálfsagt verða mörg, en ekki að sama skapi efalaust, hvort þau væru ávalt verðlaunaverð. Hv. frsm. (B. J). gat þess að vísu, að mörg ár mundu sennilega koma svo, að verðlaunin yrðu ekki veitt. En jeg er hræddur um, að svo yrði ekki, ef fjeð væri á annað borð fyrir hendi. Jeg efast líka um, að við sjeum komnir svo langt í þessum efnum, að ástæða sje til þess að fara að veita hjer nokkurskonar grand prix, eins og venja er t. d. í París, þó að jeg vilji með þessu auðvitað ekki varpa skugga á ísl. list, eða leggja stein í götu hennar. Jeg álít samt, að öllu athuguðu, heppilegra að bæta þessari upphæð t. d. við þá fjárveitingu, sem ætluð er til þess að kaupa fyrir listaverk handa landinu, eða þá til þess að láta listamennina keppa um eitthvert ákveðið verk. En hvað sem þessu líður álít jeg, að eins og nefndin ætlast til að þessi upphæð verði notuð, muni hún koma að fremur litlu haldi.

Önnur atriði þykist jeg ekki þurfa að tala um og býst heldur ekki við að taka aftur til máls.

Sveinn Ólafsson: Mjer heyrðist hv. frsm. fjárveitinganefndar (B. J.) skýra frá því í upphafi ræðu sinnar, að útgjaldaaukinn, sem nefndin gerði ráð fyrir á þessum köflum, væri 666 þús. kr. Þetta væri góð og mikilsverð upplýsing, ef þá væru öll kurlin til grafar komin; en svo mun ekki vera. Hjer er ekkert tillit tekið til þeirra auknu embættislauna, sem nú eru á döfinni, og geri jeg ráð fyrir, að tvöfalda megi margar upphæðirnar í 14. gr. fjárlaganna, áður en lýkur. Þess vegna er þessi mynd fjárlaganna, sem hv. frsm. lýsti, í raun og veru að ein spjemynd.

Jeg hefi nú samt sem áður hvorki komið með breytingartill., sem auka eða minka tekjur eða gjöld; veit sem er, að torvelt er hjer um að þoka nokkru. En jeg hefi leyft mjer að flytja nokkrar brtt., sem þoka svolítið til ýmsum liðum, þar sem mjer finst nefndin hafa horft sjer nokkuð nærri.

Fyrst vil jeg leyfa mjer að geta brtt. við 14. gr. á þgskj. 618, um unglingaskólana. Fjárveitinganefnd hefir fært upphæðina til þeirra úr 15 upp í 25 þús. kr., án þess þó, að með þessu sje öllu betur sjeð fyrir unglingaskólunum flestum en gert var eftir stjórnarfrv., því að þessari 10 þús. kr. hækkun er skift milli örfárra skóla þannig, að 6 þeirra eiga að fá 16,500 kr., en allir hinir til samans eiga að lifa á því, sem þá er eftir — eða 8,500 kr. Mín till. fer því fram á það, að lækka styrkinn nokkuð til þessara nefndu forgangsrjettarskóla nefndarinnar, en jafna að öðru leyti fjenu á skólana. Ýmsir unglingaskólar, sem nefndin nefnir ekki, eiga við þröngan kost að búa, og eru engu síðri skólar en þeir, sem hún tiltekur. Skólarnir á Núpi, Hvammstanga og Hvítárbakka hafa ekki þá yfirburði yfir aðra unglingaskóla, að þeir verðskuldi þrefaldan eða fjórfaldan styrk á við samskonar skóla í öðrum hjeruðum, sem þó eru sumstaðar alt eins fjölmennir. Má vera, að hjer fari sem fyr, að hjeraðametingur ráði og nefndin hafi sitt fram. Hún er fjölmenn í deildinni og á óeðlilega mörg ítök. En fari svo, að brtt. mín um þessa tilfærslu frá Núpsskóla, Hvammstanga- og Hvítárbakkaskóla verði feldar, þá mun jeg greiða atkv. með stjórnarfrv. og móti allri hækkun nefndarinnar á þessum lið.

Önnur brtt., sem jeg hefi leyft mjer að flytja, er við 15. gr. Fjárveitinganefnd hefir lagt til að hækka styrk Bókmentafjelagsins úr 2000 kr. upp í 3500 kr., og

tel jeg ekkert að því. En jeg legg til, að þessi styrkauki sje þeim skilyrðum bundinn, að honum verði varið til þess að flýta útgáfu Íslandslýsingar prof. Þorv. Thoroddsens. Það er bók, sem mörgum manni, ekki síst uppi um sveitir, er ant um og kærkomið að fá. Höfundurinn er nú við aldur og hefir unnið að þessu ágæta riti mikinn hluta æfinnar. Honum er mikið áhugamál, að ritið komi sem fyrst út og áður en hann flytur yfir landamæri ókunna landsins, enda á bókin brýnt erindi til alþýðu manna. Jeg hef átt kost á að sjá handritið og býst við, að mörgum mundi þykja girnilegt til fróðleiks að fá nokkuð yfirlit yfir efni kaflanna í því, sem óprentað er. Jeg skal því geta um nokkra liði í því efnisyfirliti. Þar er t. d. kafli um hesta, hestarækt og notkun hesta á ýmsum tímum, og annar um önnur alidýr. Fjölþættur kafli er þar um garðyrkju. Þá er rækilega skýrt frá akuryrkju fyr og nú og kornræktartilraunum að fornu og nýju. (*B. J.*: Er það nokkuð nákvæmara en það, sem Ólsen skrifaði?) Þar er skýrt frá byggnotkun, byggbrauði, malti, mungát, öli og bjór, melkorni, hör og hampi. Þá er kafli um grasnytjar, svo sem fjallagrös, hvannir, söl og þara. Þá er enn einn kafli um landbúnaðarvinnu, yfirlit yfir sveitavinnu á ýmsum árstímum, um verkamenn og lausafólk á ýmsum öldum og loks um tilraunir til búnaðarframfara á 19. og 20. öld. Jeg vona nú, að af þessu örstutta yfirliti geti menn sjeð, hver fengur íslenskri búnaðarsögu er að þessu riti, og sjeu því fúsir að stuðla að útkomu þess.

Þá vil jeg víkja að fáum brtt. annara. Till. hefir komið fram um það, að fella niður 33. liðinn í 15. gr., eða 1000 kr. styrk til Bræðrasjóðs. Hann komst inn fyrir slysni 1917, og vil jeg veita mitt lið til þess að koma honum á braut.

Frá hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir komið till. um það að veita ostagerðarmanni einum utanfararstyrk, 3000 kr. Hv. þm. sagði reyndar, að hann væri eini maður hjerlendis, sem þessa íþrótt kynni, og væri fullnuma í henni, en þyrfti utan til þess að fá sjer nýjan þrótt og loft í lungun. Nú getur sá, sem er *fullnuma* í einhverri list, aldrei orðið meira, og er því ekki hjer að ræða um frekara nám, enda sagði hv. þm. (S. S.), að gráðaostur þessa manns væri ágætur. (*S. S.*: Svo lengi lærir, sem lifir.) En ef það er að eins til þess að fá loft í lungun, sem maðurinn ætlar utan, þá held *jeg langt um hyggilegra* að senda hann norður á Kjalveg eða Kaldadal, jafnvel þótt landssjóður þyrfti að kosta reiðskjótann. Loftið þar nyrðra er vissulega heilsusamlegt hverjum þeim, sem lengi hefir fengist við gráðaostagerð. (*S. S.*: Svona hjelt jeg ekki að Sveinn í Firði væri; það veit sá, sem alt veit!) En nú skal jeg bæta hv. 1. þm. Árn. (S. S.) vonbrigðin um þetta, með því að láta hann vita, að jeg styð brtt. hans við 15. gr. fjárl. (*B. J.*: Er það Gvendur Faust? (*S. S.*: O — hann er nú ekki alveg dauður, heldur sefur hann.) Já, ef jeg kæmist að fyrir hnippingum þessara hv. þingmanna, þá ætlaði jeg að lýsa því yfir, að jeg tel sjálfsagt að greiða atkvæði með till. hv. 1. þm. Árn. (S. S.), um afnám þessa óþarfa bitlings í 15. gr., 19. lið, fyrir þýðinguna á Faust. (*S. S.*: Já, nú þekki jeg Svein minn aftur. *B. J.*: Sækjast sjer um líkir — saman níðingar skríða.)

En fyrst hv. þm. Dala. (B. J. er altaf að grípa fram í, er best að jeg kvitti fyrir með nokkrum orðum. Honum virðist hafa orðið nokkuð bumbult af breytingartillögum hv. 1. þm. Árn. (S. S.), og má marka það af ókyrð hans og harmatölum um lítinn skáldastyrk og listamanna. Sjálfur ríður hann þessari Faustþýðingu sinni þing eftir þing, en lætur vanþakkir dynja á þingmönnunum fyrir fastheldni þeirra á fje við skáldin.

Nú er það kunnugt, hvert afhroð vjer höfum beðið á skáldum undanfarið. Ekki færri en þrjú þeirra hafa horfið af sjónarsviði lífsins á síðustu mánuðum, og þarfnast þeir eigi lengur skáldastyrks. En hv. þm. Dala. (B. J.) hefir í mín eyru talað þau orð, að skáld þessi hafi sennilega dáið af styrk þeim, sem Alþingi hefir veitt þeim, og fer þá að orka tvímælis um velgerning þann, að veita fjeð. En hvernig sem þessu kann að vera farið, þá vil jeg ekki eiga það á hættu, að styrkurinn til Faustþýðingarinnar verði banabiti hv. þm. Dala. (B. J.), ef eitthvað skyldi hæft vera í tilgátu hans um banvæni skáldastyrksins. Vjer megum vissulega ekki við að missa þennan hv. þm. svo voveiflega. (*B. J.*: Þing-Sveinn hefir lengi höfðingi verið).

Matthías Ólafsson: Út af brtt. á þgskj. 612 og 618 vildi jeg segja nokkur orð.

Það er vorkunn, þótt hv. þm. Borgf. (P. O.) sárni það, að Hvítárbakkaskólinn hefir ekki verið settur með sama styrk og Núpsskólinn. Ef jeg hefði mátt ráða, hefði þeim báðum verið ætluð sama upphæð, en hv. nefnd sýndist annað. Var það sjerstaklega af þeim ástæðum, að forstöðumaður Núpsskólans er talinn mjög merkur maður; hann eigi skólahúsið, og hafi komið því upp ásamt góðri gróðrarstöð. En jeg vil gera þá jafna og færi þar til þá ástæðu, að Hvítárbakkaskólinn er eldri og stærri, og vinnur með því upp það, sem hinn þykir fullkomnari, það sem hann nær. Jeg hefi óbundið atkvæði í nefndinni og mun greiða atkv. með aðaltill. hv. þm. Borgf.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) talaði um, að allir unglingaskólar væru þess maklegir, að fá styrk, og jafnmaklegir og þessi. Hann talaði líka um, hve mikið fje búið væri að taka handa þessum skóla, en hve lítið hinir hefðu fengið. En þetta eru nokkrir skólar, sem hvergi eru nefndir, og erfitt er að segja hvernig eru, því að þeir gefa enga skýrslu. Það eru unglingaskólar, sem starfa part úr vetri, og skýrsla um starfsemi þeirra kemur aldrei opinberlega fram.

En hvað snertir þann skóla, sem er þyrnir í augum hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), þá hefir hann alstaðar getið sjer gott orð. Nemendur hans eru taldir mjög vel að sjer, er þeir koma þaðan, og líklegir til framhaldsnáms, vel mannaðir og siðprúðir menn, hvar sem þeir koma fram. (*Sv. Ó.*: Hreppapólitík!) Ef hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fylgir ekki fram meiri hreppapólitík en jeg, getur hann haft glaða samvisku. Togi hann ekki sinn skækil meira en jeg hjer á þingi, getur hann verið rólegur. En hans vegna sjálfs vil jeg ráða honum til að bregða mjer ekki, saklausum, um hreppapólitík, því að ella kynni samviskan að stinga hann í næsta skammdegi, og þá líður honum ekki vel. En að öðru leyti vil jeg ráða honum, jafngömlum manni, til að leyfa mönnum að tala í friði, án þess að gjamma fram í. Hann er of gamall maður til þess að kunna ekki mannasiði.

Jeg verð að taka það fram um Núpsskólann, að fái hann ekki þennan styrk, eru allar líkur til þess, að hann geti ekki starfað næsta vetur. Hann gat ekki starfað í fyrravetur. Fór þá frá honum kennari, vegna þess að honum buðust góð kjör annarsstaðar. Er mjer kunnugt um, að sá maður er mjög nauðsynlegur skólanum. Enn fremur veit jeg, að hv. þm. Borgf. (P. O.) er kunnugt um, að hann er afbragðskennari, því að honum voru einmitt í hans kjördæmi boðin mjög góð kjör. En forstöðumanni skólans virðist skólinn einmitt ekki geta komist af án hans. Hann var lífið og sálin í skólanum. Auk þess hefir alt vaxið í verði, og hins vegar hugsar forstöðumaðurinn sjer, að alt verði fullkomnara en áður, einkum aðbúð öll og aðhlynning nemenda. Forstöðumaðurinn hefir því sjálfur farið fram á þessa fjár-

hæð. Enn fremur hefir fjárveitinganefnd borist umsögn úr öllu kjördæmi mínu. Óska þeir alstaðar sjerstaklega, að styrkur verði veittur til þess arna. Þeim er þessi stofnun sjerstaklega kær, og myndi þykja það mjög leitt, ef þessari fjárbeiðni yrði ekki fullnægt. Og ef menn athuga vel, sjá þeir, að það er t. d. ekki veitt fje til einnar einustu brúar í kjördæmi mínu og hv. sessunauts míns, þm. N.-Ísf. (S. St.), ekkert fje til vega. Yfirleitt ekkert nema 200 kr. til læknisvitjunar og 1000 kr. til styrktarsjóðs sjúklinga. Er þá upp talið alt, sem mitt kjördæmi fær. En þetta er ekki svo að skilja, að við sjeum öfundsjúkir. Nei! Það stendur svo á, að við erum svo hepnir, að þurfa þessa ekki, og unnum öðrum þess vel að fá fje til vega, brúa og annars. Og jeg tel mig alls ekki þrælbundinn við mitt kjördæmi, heldur verð jeg að líta á mig sem fulltrúa alls landsins, eftir því sem jeg hefi vit og krafta til. Tel jeg mig því eiga að líta eftir þörfum annara líka, jafnframt því, sem jeg vinn það, sem kjósendur mínir fela mjer, eftir bestu samvisku og sannfæringu.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vildi áður en atkvgr. fer fram um þennan kafla fjárlaganna, gera örfáar stuttar athugasemdir. Það, sem eiginlega heyrir undir mig, er tekjuhliðin, hagstofan, og svo sú almenna hlið málsins, hver niðurstaðan verður. Undir næsta kafla á undan hefi jeg talað nokkur orð um almennu hliðina, og hefi þar ekki miklu við að bæta, enda mun það ekki hafa neitt að þýða. Jeg benti á tvær leiðir til að draga úr þeim mikla, nær óverjandi, tekjuhalla. Önnur leiðin er sú, að minka útgjöldin, hin leiðin sú, að bæta hallann upp með auknum, nýjum tekjum. Af atkvgr., sem fór hjer fram í dag, fjekk jeg fullvissu fyrir því, að þessi hv. þingdeild þykist ekki sjá sjer fært að skera neitt af fjárveitingum þeim, er hv. fjárveitinganefnd hefir lagt til að veita. Hv. deild sá ekki tök á því, að draga úr fjárveitingum þeim til vegagerða, sem jeg er sammála deildinni um að eru í sjálfu sjer nauðsynlegar, en taldi hins vegar rjett að draga úr. En þar sem svo fór atkvgr. um þessi atriði, er því síður ástæða til að ætla, að hv. deild muni draga úr hjer. Því að meðal fjárveitinga í þessum lið eru ýmsar upphæðir, sem ótvírætt eru eins nauðsynlegar, og að mínu áliti nauðsynlegri en jafnvel vegafjeð, og skal jeg þar telja styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands og búnaðarfjelaganna, sem er aukinn, og styrkinn til Fiskifjelagsins. Hækkanir á þessum upphæðum nema 300 þús. kr., eða hjer um bil helmingnum af hækkuninni á þessum hluta fjárlaganna, sem er um 660 þús. kr. Jeg geng nú út frá því, að hv. fjárveitinganefnd muni ekki vilja draga neitt úr þessum liðum, úr því hún vildi ekki skera meira af fyrri kaflanum.

Þá eru aukin útgjöld til kvennaskólans, Blönduósskólans, bændaskólanna, lýðskólanna, Flensborgarskólans, háskólans, og nokkrir fleiri liðir, sem samtals nema um 60 þús. kr. Nú er það svo um þessa liði, að þeir mega teljast mismunandi þarfir. En eftir atkvgr. í gær að dæma má gera ráð fyrir, að hv. þingdeild muni skipa þeim í líka röð og ekki draga úr. Þetta sýnist næg bending um, að hv. deild ætlar alls ekki að draga úr hallanum á fjárlögunum.

En þá liggur í hlutarins eðli, að það er lítt verjandi, að hallinn verði svo mikill. Verður þá að snúast á hina sveifina, að reyna að auka tekjurnar með nýjum sköttum. Vona jeg, að hv. þingdeild leggi ríka áherslu á þetta atriði og verði mjög fylgjandi þeim tekjuaukafrv., sem borin kunna að verða fram. Annars mun samviska hv. deildar ekki vera mjög góð, um það er

þessu þingi lýkur. Þetta voru nú þær almennu athugasemdir um málið.

Þá skal jeg minnast lítillega á það, að hv. frsm. (B. J.) sagði, að fallið hefði úr fjárlagafrv. upphæð til háskólans, líklega af vangá. Hæstv. forsætisráðherra hefir nú skýrt frá því, að það hafi ekki verið af vangá, heldur hafði stjórnin gert ráð fyrir, að ofurlitlu af miljónarsjóðnum yrði varið til þess að ljetta af landssjóði byrði þeirri, er háskólinn leggur á hann. Jeg vil segja, að mjer þótti þetta ekki óeðlilegt, því að enda þótt jeg þykist vilja háskólanum alt hið besta, þá lít jeg svo á, að þótt einhverju af miljónarfjenu sje varið til þessa, þá sje þó sæmilega gert til háskólans. En annars heyrir þetta atriði ekki undir mína deild, og fer jeg því ekki út í það.

Jeg get ekki elt uppi alla þá liði, sem jeg vildi gjarnan minnast á. En ekki get jeg neitað því t. d., að þótt jeg vilji Íþróttasambandi Íslands alt hið besta, þá þykir mjer þó hv. fjárveitinganefnd mjög ríf í tillögum sínum, er hún leggur til að veita 20 þús. kr. til Olympíufarar.

Þá er enn 136. brtt. nefndarinnar, um 8800 kr. eftirgjöf á láni til Stykkishólmsbryggju. Jeg minnist þess ekki, að fram hafi komið fullnægjandi skýring frá hv. frsm. (B. J.) um það, hvernig stæði á þeirri eftirgjöf. Yfirleitt álít jeg það hollast Alþingi að gera ekki mikið að því að gefa eftir lán. Það getur dregið þann dilk á eftir sjer, að fleiri komi á eftir og krefjist hins sama.

Þá eru enn teknar hjer upp 5000 kr. til heimilisiðnaðar. Gerir hv. fjárveitinganefnd það að skilyrði, að skipaður sje sameiginlegur framkvæmdarstjóri fyrir þennan heimilisiðnað. Jeg veit nú ekki, hvort hann er beint nauðsynlegur, eða hvort það hefir nokkuð sýnt sig, að styrkur sá, sem til þessa hefir verið veittur undanfarið, hafi borið nokkurn góðan árangur. En ef þessi framkvæmdarstjóri á að fá nokkur laun að ráði, þá fer að verða heldur lítið úr þessari fjárupphæð, þegar þau hafa verið dregin frá. Þá er enn fremur gert ráð fyrir sjerstökum garðyrkjustjóra, er hefir 5000 kr. hvert ár. Jeg hefði talið rjettara að láta þetta heyra undir Búnaðarfjelagið. Það er nú svo mikilvirkur og starfhæfur maður orðinn forseti Búnaðarfjelagsins, að jeg ímynda mjer, að ekkert hefði verið því til fyrirstöðu, að hann hefði þetta starf einnig með höndum í sambandi við ráðunauta sína.

Þá hefir nefndin borið fram brtt. um að fella burtu athugasemdina við listamannastyrkinn. Jeg man, að það var jeg, sem fyrst kom þessu ákvæði inn í fjárlögin, og er jeg enn alveg sömu skoðunar og jeg var þá, að ekki sje rjett að fella þessa athugasemd burtu. Jeg verð að líta svo á, að þessi nefnd hafi, og hljóti að hafa að öllum jafnaði, meira vit á listaverkum en stjórnir þær, er sitja í hvert skifti. Vil jeg því mæla með því, að þessi brtt. verði ekki samþ.

Þá er enn ein brtt., sem jeg vildi koma örlítið inn á. Það er þessi brtt. um svokallaðan „Gvend Faust“. Hún hefir nú verið tekin aftur, og vænti jeg, að það sje fyrir fult og alt. Það er sannleikur, að þessi styrkur hefir staðið nokkur ár í fjárlögunum. (*G. Sv.*: Hvaða styrkur?) Jeg veit hvað við er átt, og það vita allir. Þessi veiting til þýðingar á Goethes Faust, sem Bjarna Jónssyni frá Vogi hefir verið falin, hefir staðið nokkur ár í fjárlögunum. Nú er það vitanlegt, að enginn maður hjer á landi gæti unnið þetta verk nema Bjarni Jónsson frá Vogi. Þetta er ekkert oflof, heldur það eitt, sem alþjóð veit, að hann er allra manna snjallastur þýðari úr útlendum málum. (*S. S.*: Um þetta eru allir sammála. *E. J.*: Hvað líður þýðingunni?) Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) er mjer líka sammála um þetta. En þar sem nú Bjarni

Jónsson frá Vogi er þegar byrjaður og búinn að þýða allmikið af þessu verki, hvaða vit væri þá í því, að kippa að sjer hendinni nú? (*S. S.*: Margt hefir nú verið hætt við hálfgert, sbr. Hafnarfjarðarveginn). Jeg hefi nýlega komið heim til Bjarna Jónssonar frá Vogi, og hefir hann lesið upp fyrir mjer langan kafla, ljómandi fagran, í hinum íslenska búningi. Verð jeg að álíta það stórsynd gagnvart íslenskum bókmentum, ef hætt væri að vinna að þessu góða verki.

Mjer er annars, satt að segja, alveg óskiljanlegt, hvers vegna slík till. er fram komin. Kann að vera, að flutningsmaður hennar eigi eitthvað útistandandi við höfundinn. En jeg veit, að þessi þjóð á ekki það útistandandi við Bjarna Jónsson frá Vogi, að hún muni kunna nokkrum þingmanni þakkir fyrir flutning slíkrar till. Enda mun það sýna sig, er saga þessa lands verður rituð, að margir myndu þá vilja aldrei kastað hafa hnútum þeim að Bjarna frá Vogi, sem mragir telja nú skyldu sína að gera. Skal jeg ekki orðlengja þetta frekar, en þetta verður að segjast hjer á Alþingi.

Skal jeg nú ekki fara inn á fleiri brtt. að sinni. Mjer þykir leiðinlegt, að hv. þingdeild vill ekki gera neitt til að draga úr hinum mika halla á fjárlögunum. En einhvern tíma fær hún orð úr horni fyrir það.

Gísli Sveinsson: Jeg hefi leyft mjer að bera hjer fram fáeinar brtt. Fyrst er þá brtt. á þgskj. 599. Hljóðar hún um nýjan lið, til Halldórs bókavarðar Briems, til að semja og fullgera íslenska málfræði (nútíðarmálsins). Fyrir hv. fjárveitinganefnd lá erindi frá Halldóri Briem um þennan styrk, sem hjer er lagt til að veita — 1000 kr. Maðurinn fór fram á þetta fje í þeirri veru, að það myndi vafalaust nægja til að fullgera þetta verk, sem hann hefir unnið að um hríð.

Jeg hafði nú búist við því, að hv. nefnd myndi þegar í stað taka þessa fjárveitingu upp í sínar till, en svo fór þó ekki. En nú hefir hv. nefnd gert bragarbót, því að eftir orðum hv. frsm. (B. J.) að dæma hefir hún fallist á brtt. mína.

Þetta mál er þannig vaxið, að það er miklu sjáfsagðara en margt það, er hv. nefnd leggur til. Það er engum vafa bundið, að slík málfræði er miklu meir áríðandi og kemur fyr í góðar þarfir en orðabækur ýmsar, sem verið er að styrkja, og vitanlegt er um að ekki geti komið út fyr en eftir mörg ár, jafnvel tugi ára. Það er annars merkilegt, hve þolinmóðir vjer Íslendingar höfum verið, svo hreyknir sem vjer erum yfir vorri fögru og frægu tungu, að hafa nú staðið uppi málfræðilausir svo að segja alla tíð. Það má svo heita, að til sje engin fullkomin málfræði íslenskrar tungu, skrifuð af Íslendingi. Málfræði sú, sem kend er hjer í Mentaskólanum, er skrifuð af Wimmer, dönskum manni, á dönsku, og síðan þýdd á íslensku. Maður þessi hefir verið mjög vel að sjer í norrænum fræðum, en bók hans er nú mjög úrelt orðin og vandasöm mjög til kenslu, þar sem hún miðar eingöngu við eldra málið.

Hjer vantar því nú fullkomna málfræði, er allir, jafnt leikir sem lærðir, geti haft fult gagn af. Nokkur málfræðiágrip stutt hafa verið samin, sem menn hefir greint á um hve hæf hafa verið. En eitt af þessum ágripum ber öllum lærðum mönnum saman um að sje best og hentugast við íslenskunám. En það er málfræðiágrip Halldórs Briems. Það hefir hlotið bestan orðstír meðal lærða manna, sem kent hafa íslensku.

Jeg skal í þessu sambandi minnast á, að með umsókn H. Br., sem legið hefir bæði fyrir Alþingi og nefndinni, fylgdu

vottorð frá tveimur lærðum mönnum, sem kunnugt er um það, sem þessi maður hefir áður unnið í þessari grein. Önnur meðmælin eru frá magister Sigurði Guðmundssyni, sem er kennari við Mentaskólann í íslensku og er álitinn mjög fær kennari og ágætur. Segir hann um málfræðiágripið sem kenslubók: „Þykir mjer ágrip þetta langhentugasta kenslubókin, sem kostur er nú á í frumatriðum móðurmáls vors. Hún er hæfilega löng, skilgreiningar á höfuðhugtökum málfræðinnar skýrar og gagnorðar.“ Sömuleiðis segir Sigurður Nordal prófessor um þetta ágrip, sem auðvitað er ekki nema lítið brot, í samanburði við þá bók, sem í smíðum er: „Hann má vafalaust að öllu samantöldu telja skýrasta og besta kenslubók í þeirri grein handa alþýðuskólum.“ Þessir tveir vitnisburðir nægja til að sanna, að það, sem þessi maður hefir þegar gert, hefir hlotið einróma lof þeirra, sem þurft hafa á bók hans að halda og þar af leiðandi eru málinu kunnugastir. Nú er tilætlunin sú, að hin nýja bók verði svo fullkomin, að hana megi nota við æðri skóla, svo sem mentaskólann. Ætti hún þar að koma í stað „Wimmers“, sem nú er kendur þar.

Þessi bók Halldórs Briems á að innihalda það, sem flestar málfræðisbækur ella greina, svo sem hljóðfræði, orðfræði og orðmyndunarfræði. Stærð hennar er áætluð um 30 arkir. Það þarf enginn um það að efast, að þessi maður muni vera með þeim færustu til þessa af þeim, sem völ er á. Hefir hann iðkað málfræði um mörg ár og hefir sjerstakan áhuga á að gera bókina hvorttveggja í senn, vísindalega og alþýðlega; byggingin verður á vísindalegum grundvelli, en svo ætlast hann til, að framsetningin verði svo alþýðleg, að hver sæmilega þroskaður maður geti haft not af henni, ef hann óskar þess Þykist jeg af töldum ástæðum vita, að þessi till. mín muni fá góðar undirtektir í hv. deild.

Þá kem jeg að brtt. minni á þgskj. 600. Fer hún fram á að hækka styrkinn til Freysteins Gunnarssonar úr 2000 kr. upp í 4000 kr. Þessi maður, sem er kandidat í guðfræði og er einnig hv. þm. að nokkru kunnur, þar sem hann hefir starfað hjer í nokkur ár við þingið, sótti hingað um utanfararstyrk, 3000 kr. hvort árið, eða 6000 kr. yfir fjárhagstímabilið. Það, sem hann ætlast fyrir, er að nota 2 ár til að ferðast um, fyrst um Norðurlönd og þá í Bandaríkjunum, og kynnast alþýðumentun og skólafyrirkomulagi. Það mætti nú virðast svo, sem við Íslendingar hefðum eitthvað af þess háttar mönnum úr að moða, sem vel væru að sjer í kenslumálum, og má það vel vera; en hitt er víst, að þeir munu fleiri vera, sem þykjast vera það, heldur en þeir, sem í raun og sannleika eru það. En um þennan mann er mjer óhætt að segja, að jeg hygg hann vera mann, sem fremur vilji vera en þykjast. Það sýnir hans fortíð og meðmælin frá kennurum hans, og er þó maðurinn enn ungur. Hann hefir í langan tíma haft brennandi áhuga á þessum málum. Auk þess, að hann hefir nú lokið prófi hjer við háskólann með góðum vitnisburði, hefir hann áður gengið í gegnum kennaraskólann og lokið prófi við hann með miklum orðstír. Hefir hann lagt á sig alt þetta erfiði með það eitt fyrir augum, að geta síðar meir frætt aðra og miðlað þeim af þekkingu sinni. Hann hafði aldrei ætlað sjer að ganga mentaveginn til þess eins, að hljóta síðar embætti, heldur til þess að verða færari sem fræðari annara. Jeg leyfi mjer að vísa til meðmæla, sem um nokkurn tíma hafa legið frammi í lestrarsal og eru frá valinkunnum mönnum, svo sem sjera

Magnús Helgason o. fl. Hann segir meðal annars, um leið og hann bendir á, að til slíkra manna þurfi vel að vanda, og að til slíkrar farar þurfi að velja menn, sem bæði hafi vit og vilja: „Frá því sjónarmiði er mjer sjerstaklega ljúft að mæla með Freysteini, því að jeg þekki hann vel og tel hann einkar vel til fallinn, fyrir margra hluta sakir". Hann getur þess, þessi kennari, að Freysteinn sje af alþýðubergi brotinn og kunnugur bæði sveit og kaupstað. Hann getur þess líka, að hann hafi þá bestu undirbúningsmentun til þess starfs, sem völ er á hjer, og hann bendir líka á, að hann sje námsmaður ágætur. Enn fremur segir hann, að kenslustörf láti Freysteini einkar vel, enda hafi hann altaf kent, jafnframt því, sem hann sjálfur stundaði nám, og unnið þannig fyrir sjer. Nú vil jeg leyfa mjer að lesa upp það, sem sjera Magnús Helgason enn segir: „Frá því, er hann var hjer á kennaraskólanum, hefir hann stöðugt að því marki stefnt, að gefa sig allan við kenslumálum, og því jafnan síðan lagt mestu stund á þau fræði, er þar koma best að haldi, íslenska tungu, uppeldisfræði, sálarfræði og siðafræði". Hann telur áfram, að samkvæmt sinni þekkingu megi óhikað mæla með Freysteini, því að hvar sem hann hafi dvalið hafi hann „getið sjer traust manna og vinsældir fyrir góðgirni sína og siðprýði." Væntir þessi mentaði maður, að þingið veiti Freysteini þann styrk, sem hann biður um.

Auk þessara meðmæla fylgja einnig meðmæli frá Ágústi Bjarnasyni, prófessor, og segir þar meðal annars: "Freysteinn er ágætlega vel gáfaður maður og athugull, vandaður, stiltur og viðmótsþýður; svo að hann að eðlisfari er vel til þess fallinn að verða leiðtogi og fræðari ungra manna". Mælir þessi maður og mjög með því, að hann fái nú að fræðast betur, og telur það mundi verða alþýðufræðslu á Íslandi að miklu haldi.

Þá fylgja og enn meðmæli frá Ögmundi skólastjóra Sigurðssyni í Flensborg. Þar hafði Freysteinn verið við kenslu síðastliðinn vetur, eftir að hann útskrifaðist af háskólanum, og getið sjer hinn besta orðstír. Þar segir meðal annars: „Og mjer er ljúft að geta þess, að hann hafði eigi að eins mikla og staðgóða mentun, en var auk þess æfður kennari, með ágætum kennarahæfileikum, prúður og þýður í viðmóti, hafði einkar gott lag á því, að halda vakandi eftirtekt nemenda sinna, og þess vegna gott vald yfir þeim".

Jeg hefi nú, eins og áður segir, lagt það til, að styrkurinn, sem nefndin áætlar 2000 kr., í stað 6000 kr., er Freysteinn fór fram á, verði nú hækkaður upp í 4000 kr. og veittur að eins annað árið. Jeg fer hjer hinn gullvæga meðalveg og þykist vita, að hv. þm. muni fylgja mjer að málum þá leið. — Það gefur auðvitað að skilja, að þessi styrkur, þótt veittur væri, eins og um var beðið, er ekki nærri nógu mikill, en umsækjandi hefir von um að geta aflað sjer til viðbótar nokkurt fje á annan hátt. En hvað viðvíkur þessum 2000 kr., þá gera þær lítið gagn, og koma 4000 kr. þó fremur að haldi.

Það, sem Freysteinn stefnir að, er ekki að eins að kynnast kenslumálum, heldur hefir hann annað fyrir augum, og er það, að ef stofnaður yrði hjer á Suðurlandi fyrirmyndaralþýðuskóli, sem líklegt þykir, þar sem slíkir skólar eru nú komnir upp í öðrum fjórðungum, þá hefir hann í hyggju að gefa kost á sjer sem kennara við þann skóla. Það er fullreynt, að ekki þýðir að hugsa til að stofna slíka skóla nema hægt sje að fá vel hæfa menn til þeirra. Það verður því í þessu, sem öðru, að vera eitt af okkar aðaláhugamálum að ala upp menn, sem geta tekist hin vandasömustu störfin á hendur. — Jeg tel það alkunnu, að hjer á Suðurlandi er hugsað um að stofna slíkan skóla; aðrir fjórðungar hafa

fengið þá, og virðast þó skilyrðin ekki vera verri hjer syðra en þar. Býst jeg við, að þeir, sem hjer eiga hlut að máli, vildu mikið til vinna,að fulltrúar þeirra styddu þennan mann til frama, er sjerstaklega hefði í hyggju að helga krafta sína þessum skóla. Þá má og ætla, að skólinn yrði ekki að eins fyrirmyndarskóli í orði, heldur og á borði. Vona jeg, að hv. þm. sjái, að hjer er um nauðsynlegt mál að ræða, og jeg vona, að hv. þm. úr öðrum fjórðungum álíti, að þótt hjer sje aðallega um Suðurland að ræða, þá hljóti alt landið gagn af framgangi slíkra skóla. Þetta snertir framtíð landsins í víðtækari skilningi, og á því ekki við að synja um lítilfjörlega fúlgu til þessa manns.

Þá á jeg enn litla brtt. við fjárlagafrv. Er hún um styrk til Páls Þorkelssonar. Hæstv. stjórn ætlar þessum manni 400 kr. hvort árið, til þess að vinna áfram að málsháttasafni sínu. Það gefur að skilja, að 400 kr. er lítið sem ekki neitt fyrir slíkt starf. Þetta er ekki meira en á annað hundrað krónur fyrir stríðið, eftir þeim mælikvarða, sem við leggjum á krónuna, og þótti slík upphæð ekki há þá, og býst jeg því við, að hún þyki það ekki enn. Þetta verk hefir bæði menningarlegt og málfræðilegt gildi, því að þessi maður vinnur ekki að eins að því að safna sem flestum samstæðum málsháttum úr mörgum tungumálum,heldur og að hinu, að gera skyldleika þeirra skýran. Jeg hefi því lagt til, að þessum manni yrðu veittar 1000 kr. hvort árið, og til vara 800 kr. — Jeg vona, að hv. þm. styðji þessa brtt., þótt hún miði til nokkurs útgjaldaauka, sem þó verður aldrei meiri en örfá hundruð.

Nú vil jeg nokkuð minnast á síðustu brtt. mína, og miðar hún að því, að bæta upp það, sem hv. þm. kynni að finnast jeg hafa syndgað með hinum brtt. Í þessari brtt. er sem sje farið fram á að spara 6000 kr. fyrir ríkissjóð, án þess þó að sá missi nokkurs í, er styrkinn á að fá, því að það, sem hann misti við þessa brtt., er honum ætlað að fá úr öðrum stað. Á þessa brtt. hefir nefndin fallist, og á hún þakkir skilið fyrir það.

Till. þessi fer fram á, að í stað þess að veita cand. polit. Jóni Dúasyni 6000 kr. hvort árið úr ríkissjóði, til þess að kynnast bankamálum erlendis, komi, að hann fái 6000 kr. úr ríkissjóði, en svo greiði Landsbankinn honum aðrar 6000 kr. frá sjer.Þessi maður fær því sömu upphæð, en þó sparar ríkissjóður á þessu sem sagt 6000 kr. Sá ungi maður, sem hjer um ræðir, hefir nýlega lokið hagfræðisprófi við Hafnarháskóla, og hefir hann lagt þar mesta stund á bankamál; er það vafalaust eitt af þeim málum, sem okkur kemur best að mannast í. Eftir því, sem jeg hefi sannfrjett, er þessi maður duglegur til náms og sjerstaklega ástundunarsamur. Hefir hann og, eins og kunnugt er, sýnt áhuga talsverðan á almennum málum, og þótt misjafnir hafi verið dómar manna um skoðanir hans, og jeg sje honum ekki sammála, vil jeg þó viðurkenna þennan áhuga hans Þá hefir og þessi maður, síðan er hann kom heim, látið sjer sjerlega ant um Landsbankann. Eins og kunnugt er, var hjer í hv. deild fyrir skömmu á ferðinni deilumál, sem þó hefði ekki átt að vera deilumál, er snerti talsvert Landsbankann. Var það málið um seðlaútgáfurjett honum til handa. Þessi ungi maður tók þegar þátt í deilunni, og skrifaði meðal annars um málið í opinberu blaði, enda hefir það frjest, að hann muni hafa verið aðalráðunautur Landsbankastjórnarinnar í þessu. Jeg var ósamþykkur þeirri niðurstöðu, sem hann komst að, sem sje, að því er virtist, að lítið væri í seðlaútgáfurjettinn varið, og tel jeg, að hann hafi farið þar mjög villur vegar, og finst mjer, að því fremur sje þörf, að hann afli sjer meiri þroska og

þekkingar í þessu máli. Hitt efast jeg ekki um, að hann hafi gert þetta með það eitt fyrir augum, að vilja styðja Landsbankann og vernda hann frá því, sem hann taldi hættulegt, og má því ekki telja áhuga hans í þessu máli lastsverðan. Af því, sem sagt hefir verið, tel jeg sjálfsagt, að styrkurinn verði honum veittur, og geri jeg ráð fyrir, að hann, að aflokinni utanferðinni, gangi í þjónustu landsins eða Landsbankans.

Sparnaðurinn, sem verður við þessa till., ef hún verður samþykt, gerir meira en að vega upp á móti þeim útgjöldum, sem hinar till. valda, og vænti jeg því þess, að þær verði allar samþyktar.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Nd., fimtudaginn 4. sept., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 522, 459, 462, 508, 537, 598, 599, 600, 610, 611, 612, 613, 614, 615, 617, 618, 619, 620, 646, 647.)

Sigurður Stefánsson: Jeg vil segja nokkur orð út af brtt. um byggingarstyrk til Jónmundar prests Halldórssonar að Stað í Grunnavík. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) þótti þessi styrkur vera of hár, og get jeg ekki láð honum eða þdm., sem ekki þekkja tildrögin, þótt þeim vaxi þetta í augum, því þetta er sá hæsti byggingarstyrkur, sem veittur hefir verið nokkrum presti. Býst jeg við, að deildinni þyki ótrúleg saga þessa máls, en ef þeir rengja hana, get jeg fært orðum mínum stað. Prestinum er veitt kallið í fardögum 1918. Aðkoman var þannig, að ekkert hús stóð uppi, nema kirkjan. Túnið, sem áður var gott, er nú komið í mestu órækt, og má heita, að það sje óræktaður melur. Þangað kemur nú presturinn. Þar er ekkert hús inn í að skríða, og verður hann að hýrast með fjölskyldu sinni á hesthúslofti á einni hjáleigu staðarins, og hafðist hann þar við yfir sumarið, á meðan hann var að koma upp húsi heima á staðnum. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði, að hann hefði átt að fá prestakallalán. En þessu er því að svara, að til þess að fá þesskonar lán þarf töluverðan undirbúning, sem oft kostar ærinn tíma og stundum vafning; það þarf uppdrátt af hinu fyrirhugaða húsi, sem svo landsstjórnin verður að samþykkja, og fleira og fleira. Ef presturinn hefði farið þessa leið, gat hann ekki lokið byggingunni fyrir haustið. Hann varð að hefjast handa þegar í stað, og honum tókst að byggja yfir sumarið íbúðarhús, sem kostaði 15,000 kr., eftir mati virðingarmanna. En hann vantaði fleiri hús; hann vantaði öll peningshús, og hann vantaði hlöður. Hann varð því að ráðast í að reisa þessi hús þegar um sumarið, og honum tókst að koma upp fjósi, er kostaði 1000 kr., og hlöðu, sem kostaði 2000 kr. Sömuleiðis girti hann túnið, og kostaði það 2000 kr. Einhver skýtur því að mjer, að áður hefði verið girt, en svo var ekki. Að vísu fjekk presturinn, sem fyr var á staðnum, girðingalán, en fyrir það lán hafði hann ekkert girt. Það geta nú allir sjeð hina miklu örðugleika, sem presturinn hefir orðið að glíma við, og þar við bættist, að áður en hann fór úr Reykjavík varð hann að taka 10,000 kr. lán, til þess að geta byrjað þegar í stað.

Deildarmenn hljóta allir að dást að dugnaði þessa prests, enda mun hann eins dæmi. Jeg ætla að staðfesta orð mín með útdrætti úr úttekt staðarins, dags. 14. júní 1917, staðfestri af hjeraðsprófasti. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa það upp:

> „Hús staðarins hefir presturinn fyrir nokkrum árum rifið niður, svo á staðnum heima er nú ekkert hús uppistandandi.“

(*P. O.*: Hvaða prestur var þetta?) Jeg vil ekki tilgreina nafn hans hjer, enda skiftir það ekki máli. Þetta er heiðursmaður að öllu leyti, þó að eigi hafi honum lánast búskapur. Hús þau, er prestur hafði rifið niður, voru virt á 2000 kr. Það mætti ætla, að sjera Jónmundur hefði fengið andvirðið, en þó vantaði 338 kr. upp á, og af fráfarandi presti var ekkert að hafa.

Aðkoman var því ekki glæsileg, og segir prófastur um ástæður prests og byggingar hans, í brjefi dags. 7. maí þ. á., þar sem hann mælir með, að presturinn fái prestakallalán:

„Presturinn hefir lagt svo ótrúlega mikið á sig, til að koma upp byggingum þeim, sem þegar eru að mestu eða öllu leyti fullgerðar, að jeg get ekki annað en lagt mín allra bestu meðmæli til þess, að svo vel verði greitt úr fyrir honum, sem mögulegt er, með lánveitingu upp á prestakallið. Staðurinn var, er hann tók við, algerlega húsalaus, og í þessari vandræðadýrtíð hefir presturinn brotist í að byggja hann upp, að sögn mjög myndarlega og sómasamlega. Með því að maðurinn mun bláfátækur, getur mig ekki annað en furðað á, að hann skyldi færast þetta í fang, og þó enn meira á því, að honum skyldi takast að framkvæma það. Tel jeg hann svo góðs maklegan fyrir dugnaðinn, að skylt sje að styðja hann, svo sem framast er auðið. Og þykist jeg vita, að kirkjustjórnin muni mjer samdóma um þetta, og greiða úr, svo sem hún sjer sjer fært."

Þetta hlýtur að nægja til að sanna sögu mína um framkvæmdir prests; þær eru fram yfir allar vonir, og aðstaðan verri en tíðkast hjá prestum, er þeir taka við brauði. Maðurinn er með afbrigðum duglegur, og má telja hann þriggja til fjögra manna maka. Mikið hefir hann bygt sjálfur; hann hefir að vísu haft smiði sjer til aðstoðar, en þó hefir hann sjálfur gengið að verki og haft forsögn á því.

Auk þess, sem prestur hefir gert á staðnum, hefir hann bygt á hjáleigunni, sem áður er nefnd, yfir steinhústóft til geymslu, og er það 4 þúsund króna virði. En það kemur ekki hjer til greina, en þó má geta þess.

Eins og heyrðist á hæstv. forsætisráðherra (J. M.), hefði sú rjetta boðleið verið að fara eftir lögunum frá 13. nóv. 1907. En því var ómögulegt að hlíta. Stjórnarráðsleiðin er oft seinsótt, en presti var lífsnauðsyn að byrja þegar í stað. Til sönnunar því, hvað slíkt gengur fljótt, get jeg nefnt, að þessi prestur sótti um prestakallalán seinni hluta síðasta vetrar, en jeg veit ekki til, að svar sje komið enn, og óvíst, hvort hann fær það. (*Forsætisráðherra*: Það er ómögulegt, að veita það.) Fyrst svo er, þá verður prestur að bera sínar byrðar, án prestakallaláns, og ætti það heldur að mæla með þessu máli en móti.

Íbúðarhúsið hefir verið metið á 15 þús kr., með virðingargerð 19. maí 1919. Það má segja, að það sje fullstórt, en þó er það fyllilega við hæfi jarðarinnar. Þó að jörðin sje heldur í niðurníðslu nú, þá er hún þó einhver besta jörð á Vesturlandi að eðliskostum. Á engjum má þar heyja um 2 þús. hesta, og gras bregst aldrei, því að snjór liggur þar allan vetur, og kemur jörðin græn undan honum á vorin. Það er haft eftir Torfa í Ólafsdal, að fáar jarðir á Vesturlandi hefði honum litist betur á. Þegar tekið er tillit til þess, hvílíkur dugnaðarmaður sjera Jónmundur er, þá er hægt að ganga að því vísu, að hann kemur þarna upp stórbúi. Þegar hann kom, hafði hann enga skepnu, en þó setti hann á 150 fjár síðastliðinn vetur, sem hann aflaði sjer yfir sumarið. Hann fór þannig að því, að hann ferðaðist í

kringum Djúpið og keypti eina og eina kind af bændum, og rak þær sjálfur heim til sín.

Prestur hefir gert ótrúlega mikið á stuttum tíma og í erfiðum kringumstæðum, og hefir þetta kostað hann 23,500 kr., og þar í er ekki talið annað en það, sem hann hefir gert á prestsetrinu sjálfu. Þegar við þetta bætist, að maðurinn er blá-fátækur og fær ekkert prestakallalán, þá er þess að vænta, að háttv. deild taki málinu með samngirni og greiði atkv. með þessum styrk, sem þó er ekki helmingur af þeirri upphæð, sem prestur hefir látið í fyrirtækin.

Landssjóður á þessa jörð, og er skylt að húsa hana sæmilega. Hjer er að ræða um aðstöðu landsdrottins til leiguliða, og er þá rangt að láta prest gjalda þess, að fyrirrennari hans hefir skilið við jörðina húsalausa.

Það má líka geta þess, að bygðarlaginu er stór gróði að þessum manni. Hjeraðið er kostasveit af náttúrunnar hendi, en óhöpp hafa elt það, og það hefir mist í sjóinn sína bestu bændur og mestu framtaksmenn, hvern af öðrum. Nú er lítið eftir, nema fátækir og framtakslitlir menn, og væri þeim ómetanlegur hagnaður að fá annan eins dugnaðar- og kjarkmann og sjera Jónmund. Enda veit jeg til þess, að sóknarbörn hans líta alment upp til hans, því að auk dugnaðarins er hann líka góður og skyldurækinn prestur. Jeg veit, að misjafnar sögur hafa gengið um þennan mann, og þó að eitthvað kunni að vera hæft í þeim, þá má þó ganga að því vísu, að meira eða minna af því sje logið, eins og altaf er, þegar einstakur maður er lagður í einelti með óhróðurssögum. Jeg veit það, og get borið um það af kynningu og samtali við prestinn, að hann hefir breytt um lífsstefnu og er hættur allri áfengisnautn. Hann er búinn að fá reynslu fyrir því, að hans fyrri stefna leiðir hvorki til álits nje hamingju í lífinu, enda hefir maðurinn margt misjafnt orðið að reyna. Jeg vona, að sjera Jónmundi takist þetta og beiti þar að dugnaði sínum og einbeitni, sem hann hefir í svo ríkum mæli. Jeg vil ekki þreyta hv. deild á lengri ræðu, en vona að eins, að hún líti á málið með samngirni. Hjer er ekki um það að tala að skapa fordæmi; að minsta kosti vona jeg, að það verði sjaldgæft, að eins illa verði skilið við jarðir eins og átti sjer stað í þessu tilfelli.

Jeg gæti sagt fleira um þetta mál, en jeg hygg, að nægi það, sem komið er, og vona, að hv. þm. sjái, að öll samngirni mælir með þessu, og meira en samngirni; þetta er rjettmæt og sjálfsögð krafa á hendur landsdrotni, og er langt frá, að eins mikið sje farið fram á og rjettmætt væri. Það er heldur ekki svo að skilja, að þessir peningar fari úr eign landsins; þeir halda verðmæti sínu í byggingunum.

Það hefir verið samþykt hjer á þingi endurborgun á byggingum presta, og með því er viðurkendur rjettur sá grundvöllur, sem þessi beiðni byggist á.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er ekki fyrir það sjeð, hvað teygjast kann úr þessum umr. Öll meðferð fjárlaganna hefir verið hæg og vafningamikil. Þau voru óvenjulega lengi í nefnd, og eru nú ákaflega mikið rædd, enda skal vel vanda það, sem lengi á að standa. Jeg segi þetta ekki til að ámæla nefndinni; hún hefir reynt að vinna verk sitt vel. Jeg vil ekki tefja málið, og ætla því að eins að minnast á örfá atriði.

Jeg ætla þá fyrst að snúa mjer að brtt. á þgskj. 86, um lýðskólana. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) leggur það til að minka styrkinn til nafngreindu skólanna, svo að meira verði eftir handa þeim ónafngreindu. Jeg hefi haft mikil kynni af ung-

lingaskólum um æfina, og get því borið um, hvað mikið gagn þeir gera, þó að eigi sjeu það fastir skólar. Föstu skólarnir eru svo fáir og litlir, að þeir geta ekki tekið á móti öllum þeim, sem þangað vilja leita. Þeir eru líka svo dýrir, standa svo langan tíma, að mörgum fátækun., en fróðleiksfúsum, alþýðuunglingi er um megn að njóta þeirra. Það er af þessari þörf, að unglingaskólarnir hafa risið upp, og hafa þeir haft góð áhrif og aukið mentun og framsóknarhug æskulýðsins. Margir þessara skóla starfa stuttan tíma, sumir innan við 3 mánuði, en eru þó engu síður þarfir en hinir. Þeir eru hentugir handa þeim, sem ekki hafa tíma, ráð eða hæg heimatök að fara á skólana, sem lengra eru í burtu og standa lengri tíma.

Því hefir verið haldið fram, að heimafræðslan væri hollust og haldbest. Því er nú svo komið, að henni verður ekki komið við, eins og högum manna er háttað nú. En í stað hennar ættu þessir unglingaskólar að koma. Þeir eru oft litlir, taka fáa nemendur, og fáir ungir, fróðleiksfúsir menn koma þarna saman og mynda nokkurskonar heimili. Þar er hægt að hafa fjelagslíf og einlægari umgengni en hægt er að koma við á hinum stærri skólum. En þeir, sem til þekkja, geta víst orðið sammála um það, að þetta hafi ekki minni þroska og mentun í för með sjer en námsgreinarnar, sem kendar eru. Ef mönnum er alvara með það að auka fræðslu æskulýðsins, þá ætti að styrkja þessa skóla.

Jeg held, að það hafi verið háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem tók það fram, að ekki væri kunnugt um, að þessir skólar hefðu fastar reglugerðir eða sendu skýrslur um starfsemi sína. Jeg skal í þessu sambandi benda á það, að skólarnir fá ekki styrk, nema þeir hafi hvorttveggja, enda mun svo vera um flesta. Viðvíkjandi brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) vildi jeg skjóta því til hans, að taka till. aftur og hækka allan styrkinn, svo að þeir ónafngreindu fái hærri styrk, án þess að draga af hinum. Af þessum 25,000 kr. styrk fá þeir ónafngreindu 8,800 kr., og er það alt of lítið, en hins vegar komast hinir ekki af með minna en það, sem þeim er ætlað. Þó að styrkurinn væri ekki hækkaður nema upp í 10,000 kr., þá væri bót að því, og býst jeg ekki við, að nefndin legðist á móti því; að minsta kosti gat jeg ekki heyrt slíkt á hv. frsm. (M. P.).

Þá er brtt. um Búnaðarfjelag Íslands, að styrkur til þess hækki úr 60,000 upp í 180,000, eða þrefaldist. Þetta er einhver mesta hækkunin í fjárlögunum, en því hefir ekki verið á móti mælt, að styrkurinn sje í raun og veru ekki meiri en áður; þetta sje að eins fyrir verðfalli peninganna. Stjórn fjelagsins sótti um meiri styrk, en hvorki stjórnin nje nefndin hafa sjeð sjer fært að verða við því. Í stjórn fjelagsins eru nú nýir menn, sem vilja fara að starfa og framkvæma meira en áður var, og verður svo oft um nýjar stjórnir. Nú verður bráðlega skipuð ný landsstjórn, og ef henni verður líkt farið, þá má ætla, að þessar tvær stjórnir fallist í faðma að framkvæmd og dugnaði. Jeg ætla ekki að segja neitt um það, en ekki þykir mjer ólíklegt, að till. komi fram um að hækka þennan styrk.

Þá er till. um uppbót til Miklavatnsmýrarinnar. Það hefir margt farið á milli atvinnurekendanna og stjórnarinnar, og sá stjórnin sjer ekki fært að veita þessa uppbót án samþykkis þingsins, en mjer finst sanngjarnt, að hún sje veitt. Sama get jeg sagt um uppbótina til Jakobs Björnssonar. Hún er búin að koma hingað svo oft, og þykir mjer rjett að verða nú við henni.

Þá vil jeg minnast á brtt. á þgskj. 617, frá hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að veita Jóni Guðmundssyni utanfararstyrk, til að fullkomna sig í ostagerð. Jeg vona, að hv.

deild samþykki till. þessa. Hjer er um það að ræða að ryðja nýja braut í landbúnaðinum, eða einni grein hans. Maður þessi mun fyrir nokkru hafa fengið lítils háttar styrk hjá Búnaðarfjelagi Íslands, til að kynna sjer ostagerð erlendis. Gerði hann það fyrst á Norðurlöndum, en fór síðan til Frakklands og kom sjer þar í vinnu hjá fjelagi, sem bjó til Rochefort-ost. Lærði hann þar svo mikið í ostagerð þessari, að þegar heim kom, rjeðist hann í að fara að búa til osta þessa. Hefir það þegar verið tekið fram, hvernig tilraunin hepnaðist. Með frábærum dugnaði og þrautseigju hefir maðurinn ráðist í þetta fyrirtæki og hepnast það prýðisvel. Nú vill hann kynna sjer enn betur ostagerð, bæði á Norðurlöndum, í Hollandi, og þó einkum í Frakklandi. Hjer er, eins og við vitum, mikið hægt að fá af sauðamjólk, og væri mikils um vert, ef mönnum lærðist að gera úr henni jafngóða og dýra vöru sem Rochefortostur er.

Jeg hefi ekki orðið var við, að tillögur um styrkveitingar til utanferða til listanáms og vísinda hafi sætt verulegri mótspyrnu í þessari hv. deild; og eigi mun jeg heldur leggja á móti, að þær fái framkvæmd, hvorki með orðum hjer nje með atkvæði mínu í hv. Ed. Og þá mun jeg því síður leggjast móti því, að efnilegum mönnum sje veittur styrkur til utanfarar, til að frama sig og fullkomna í einni eða annari atvinnugrein; og af því hlýt jeg að vera meðmæltur þessari styrkveitingu.

Jeg man ekki til, að hv. frsm. (B. J.) mintist á tillögu þessa, og er það líklega af því, að fjárveitinganefnd hafi enn eigi tekið afstöðu til hennar, en jeg vona, að hún síðar veiti henni meðmæli sín.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla að minnast ofurlítið á 115. lið í brtt. fjárveitinganefndar, um utanfararstyrk til fjögurra kennara. Einn af þessum fjórum mönnum er Guðmundur Ólafsson frá Sörlastöðum í Fnjóskadal. Af því að jeg er kunnugur þessum manni, líklega fremur flestum öðrum hv. þdm., þá ætla jeg að minnast sjerstaklega á hann. Hann hefir verið 15 ár við barnakenslu og unglinga, þar af tvo vetur við Hvítárbakkaskólann, og hefir hlotið lof fyrir og vinsældir. Hann kendi um stund í minni sveit og gat sjer af því góðan orðstír, þar sem annarsstaðar.

Nú er Guðmundur bóndi í Fnjóskadalnum; en hann hefir jafnan haft svo mikinn hug á kenslu, að hann hefir aldrei getað slitið sig frá henni, þótt hann mundi hafa haft meiri hag af að gefa sig einvörðungu við búskap; og enn er áhugi hans á kenslumálum svo sterkur, að hann kýs að hverfa frá búi sínu og frama sig enn meir, og hefir síðan í hug að taka að sjer kenslu eða forstöðu unglingaskóla. Styrkurinn, sem nefndin leggur til að veittur sje, er í minna lagi, ef ætlast er til, að hann hrökkvi fyrir öllum kostnaði; og má gera ráð fyrir, að hann og aðrir þessir umsækjendur verði að leggja fram allmikið fje úr eigin vasa, ef þeir haga utanför sinni eins og þeir gera ráð fyrir. En ekki get jeg verið því samþykkur, að einn umsækjandinn sje tekinn út úr og honum veittur hálfu hærri styrkur en hinum, eins og brtt. á þgskj. 600 fer fram á. Sú hækkun mundi draga þann dilk á eftir sjer, að hækka yrði styrkinn til hinna þriggja og aðra samkynja styrki. Jeg álít, að hinir umsækjendurnir eigi að sæta sömu kjörum sem Freysteinn Gunnarsson; þeir eru allir slíkir menn, að honum er enginn vansi að því, að vera skipað á bekk með þeim. Nefndin gerði öllum fjórum umsækjendum jafnt undir höfði, að því undanteknu, að hún leggur til, að Guðmundi Jónssyni sje veittur ofurlítið hærri styrkur en hinum. Má skilja það svo, að nefndin telji velta einna mest á þessum manni, að hann frami sig erlendis í sínum náms-

greinum, þar sem svo tilfinnanlega vantar kennara hjer í Reykjavík, og reyndar í landinu öllu, til að kenna námsgreinar þær, sem hann ætlar að frama sig í, skólateikning og „slöjd". Þetta eitt mælti með því, að nefndin vildi veita honum 500 kr. hærri styrk en hinum.

Eins og gengur, eru nokkrar af tillögum fjárveitinganefndar, sem öll nefndin hefir ekki getað orðið sammála um. Nefndin hefir yfir höfuð tekið upp þær brtt., sem fullkominn meiri hluti fjekst fyrir. Jeg segi þetta ekki til þess að draga úr þeirri ábyrgð, sem nefndin öll á að bera fyrir gerðum sínum, nje til þess að skjóta mjer undan nokkru af þeim dómi, sem hún fær, heldur get jeg þess til þess að láta hv. deild vita, að það eru nokkrar tillögur nefndarinnar, sem jeg get ekki greitt atkvæði með; en fáar eru þær þó.

Jeg skal geta þess, að fyrir mitt leyti er jeg samþykkur brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), um að athugasemd sje sett við styrkinn til bókmentafjelagsins; en jeg man ekki, hvort nefndin gerði nokkra ályktun um hana.

Þá vil jeg og fara nokkrum orðum um brtt. hv. 1. þm. Árn. (S. S.), á þgskj. 614, sem nefndin ætlaðist til að gengi til búnaðarsambanda, en háttv. þm. (S. S.) vill að borgist til Búnaðarfjelags Íslands. Fyrir nefndinni vakti, að best væri, að búnaðarsamböndin tækju við styrk þessum og sæu um, að honum yrði varið til sameiginlegra fjelagsnota í búnaðarfjelögunum innan hvers sambands, en að hann væri eigi bútaður niður til einstakra fjelagsmanna, sem svokölluð verðlaun, miðuð við þá dagsverkatölu, sem hver um sig hefði unnið að jarðabótum. Í sjálfu sjer er ekki hægt að segja, að tillaga hv. þm. (S. S.) sje andstæð þeirri hugsun, því að jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. (S. S.) ætlist til, að Búnaðarfjelag Íslands verji styrk þessum á líkan hátt og fjárveitinganefnd hugsaði sjer að búnaðarsamböndin gerðu; en hann trúir Búnaðarfjelaginu betur fyrir úthlutun styrksins en búnaðarsamböndunum.

Þá kem jeg að öðrum lið brtt. á þgskj. 614, um 25,000 kr. styrkveiting á ári til vatnsveitinga. Það var föst skoðun nefndarinnar, að eigi skyldi styrkur þessi veittur til óákveðinna vatnsveitingafyrirtækja, heldur til ákveðinna. Að sjálfsögðu getur verið víðar jafnmikil ástæða til að veita áveitustyrk eins og í Óslandshlíðinni; en ekki lágu fyrir nefndinni umsóknir um það. Að því er snertir undirbúninginn undir vatnsveituna í Óslandshlíð, skal jeg geta þess, að jeg hefi nýlega, í síma, átt tal við forstöðumann búnaðarskólans á Hólum, Sigurð skólastjóra, um málið. Sagði hann, að undirbúningur undir vatnsveituna væri kominn vel á veg — mælingar og teikningar lágu fyrir nefndinni —, en hann sagði, að hlutaðeigendur mundu fúsir á að gera samþykt um samáveitu. Væri það ef til vill rjettast, að sett væri sem skilyrði fyrir styrkveitingu til samáveitu, að fyrir lægi reglugerð um hana, er tryggði það, að áveitunni yrði haldið við.

Hæstv. fjármálaráðherra var í gærkvöldi að telja upp nokkra liði í þessum kafla fjárlaganna, sem honum þótti settir helst til háir hjá fjárveitinganefnd; var það eins konar syndaregistur nefndarinnar, sem hann þuldi upp. Eitt af því, sem hann nefndi, var styrkurinn til háskólans. Út af þessu leyfi jeg mjer að spyrja hæstv. fjármálaráðherra, hvernig stjórnin hafi hugsað sjer, að háskólinn gæti int af hendi hlutverk það, sem honum er ætlað að vinna, með því fje, sem honum er ætlað í stjórnarfrv. Frá mínu bóndasjónarmiði jafnvel finst mjer nefndin ekki hafa haft góðan grundvöll til að byggja á, þar sem

stjórnarfrv. var. Að öðru leyti mun hv. frsm. (B. J.) svara athugasemd hæstv. fjármálaráðherra um hóskólann.

Það var þó annað atriði í ræðu hæstv. fjármálaráðherra, sem mjer fanst einkum athugavert; það voru ummæli hans um tillögur nefndarinnar um styrk til heimilisiðnaðar. Mjer virtist brydda á því hjá hæstv. ráðherra, að hann efaðist um, að sá styrkur væri að miklu gagni. Enda kemur það í ljós í frv. stjórnarinnar, að sú muni vera skoðun hennar; því að þetta er einn af þeim örfáu liðum í núgildandi fjárlögum, sem stjórnin hefir felt úr fjárlagafrv. sínu. Þetta stafar auðsjáanlega af ókunnugleik, því að jeg er viss um, að ef hæstv. ráðherrar þektu málið eins vel og jeg t. d., þá mundi þeim ekki detta í hug að stuðla að því, að út af lognaðist hin litla hreyfing í heimilisiðnaði, sem nú er að lifna hjer á landi. Heimilisiðnaðurinn hefir á undanförnum öldum haft ekki litla þýðingu fyrir þjóðerni vort og þjóðmenning.

Eins og menn vita er nú svo komið, fyrir rás viðburðanna, að heimilisiðnaðurinn hefir að undanförnu verið að kulna út og hverfa. Áður sátu konur mestan hluta vetrar við rokk sinn og spunnu, og vefstóll var á fjölda bæja, þar sem ofnar voru í voðir handa heimilinu, og jafnvel til sölu, eða fyrir heimilin, þar sem enginn vefstóll var til; gengu menn þá því nær eingöngu í fatnaði úr íslenskum dúkum. En nú er öldin önnur, og engum, sem þekkir ástandið, dettur í hug, að heimilisiðnaður muni aftur komast í sama horf sem áður, eða á heimilunum muni verða spunnir og ofnir dúkar sem fyr. En það er margt annað í heimilisiðnaði, sem kept getur við vjelaiðnað, útlendan og innlendan, svo sem útvefnaður ýmiskonar til heimilisprýði og nota, prjónaskapur og þesskonar. Þá má og nefna margskonar smíðaföndur, sem bæði getur orðið til dægrastyttingar og nytsemdar, því að það liggur í augum uppi, að mikils er um vert, að sem flestir geti orðið búhagir. Í stuttu máli á heimilisiðnaðurinn, eins og nú er til hans stofnað, að geta orðið bæði til gagns og gamans. Enn er ónefnt það, sem einna mestu máli skiftir. Gæti heimilisiðnaður fengið almenna útbreiðslu, þá ætti hann, flestu öðru fremur, að stuðla að því, að gera fólk í kaupstöðum og kauptúnum heimasætnara og iðnara og fá því vinnu í skammdeginu, þegar útivinnutími er stuttur. Gæti heimilisiðnaðurinn náð tökum á æskulýðnum, mundi það gera hann staðfastari, reglusamari og hugsunarsamari en nú þykir víða brenna við. Auk þessa á kappsamlega stundaður heimilisiðnaður að geta gefið þjóðinni mikinn peningahagnað.

Þetta mál er þess vert, að því sje mikill gaumur gefinn, því að það hefir svo mikla uppeldis- og menningarþýðingu fyrir þjóðina.

Hv. frsm. (B. J.) hefir skýrt frá því, hvernig nefndin hugsi sjer að styrknum skuli varið. Það heyrðist á hæstv. fjármálaráðherra, að hann væri hræddur um, að framkvæmdarstjórinn mundi verða hátt launaður, og að styrkurinn mundi mestur ganga til að launa honum. Jeg get fullvissað hæstv. ráðherra um, að svo muni eigi verða. Það er gert ráð fyrir, að kona hafi forstöðuna á hendi og munu laun hennar ekki fara fram úr 1—2 þús. krónum.

Þá ætla jeg að minnast á Stykkishólmsbryggjuna, því að óvíst er, að það nægi, sem í nál. stendur, til að skýra fyrir hv. þdm., hvað fyrir nefndinni vakti með fjárveiting til hennar. Stykkishólmsbryggjan mun hafa verið fyrsta bryggjan, sem styrkur var veittur til úr landssjóði. Var það áskilið, að styrkurinn mætti ekki fara fram úr $^1/_4$ kostnaðar. Nú kostaði bryggjugerðin svo mikið, að landsstyrkurinn nam

miklu minna en fjórða parti kostnaðarins. Þegar fjárveitinganefndin fór nú að athuga málið, sá hún, að þessar 8,800 kr., sem lagt er til að eftir sjeu gefnar af láni landssjóðs til bryggjubyggingarinnar, að viðbættum hinum upphaflega styrk, er eigi meira samanlagt en ⅓ af kostnaðinum við bryggjubygginguna.

Nú hefir það verið venja hin síðari ár að veita ⅓ kostnaðar til fyrirtækja slíkra sem þessa. Þegar til þessa er litið, þótti nefndinni sanngjarnt, að gefnar væru eftir þær 8,800 kr., sem eftir standa af láninu, og það því heldur, sem nú þarf að endurbæta bryggjuna stórum og taka nýtt lán til þess. Þótt þessi eftirgjöf sje veitt, er ekki farið eftir annari regl" en með aðrar bryggjur. Hins vegar þótti nefndinni fara betur á því, að taka þetta upp sem beina fjárveitingu, en sem eftirgjöf á láni.

Hefi jeg svo ekki meira við að bæta það, sem hv. frsm. (B. J.) sagði til skýringar starfi fjárveitinganefndar.

Gísli Sveinsson: Það eru að eins örfá orð, í tilefni af því, sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði. Mjer kom það á óvart, að hann skyldi viðhafa þau orð, er hann gerði um þennan persónustyrk. Jeg hefi ekki ætlað hann svo sýtingssaman, eða gjarnan á að fara út í hreppapólitík, ef hann tekur á sjálfum sjer heilum.

En hjer förlast honum, þar sem hann segir, að af því að hann beri sjerstaklega einn af þessum mönnum fyrir brjóstinu, þá geti hann ekki verið með því, að annar fái hærri styrk.

Það er nú síður en svo, að jeg vilji bera á móti því, að þessi maður, sem háttv. þm. ber fyrir brjósti, sem mun vera Guðmundur Ólafsson frá Sörlastöðum, sje mjög efnilegur maður og þess fyllilega maklegur að fá styrkinn, sem honum er ánafnaður.

En þótt það sje viðurkent, þá er þar með ekki sagt, að rjettmætt sje, að enginn fái hærri styrk. (*P. J.*: Jeg var ekkert að bera saman þessa tvo menn.) Segjum þá, að þessum manni, Guðm. Ólafssyni, nægiað fá 2000 kr., sem jeg hygg að muni rjett vera, þar sem ekki liggur fyrir neitt um það, að hann hafi þannig lagað sjerstakt markmið, að veita þurfi honum þess vegna ríflegri styrk. En jeg sýndi fram á það í gær, að þessi maður, sem jeg flyt brtt. um, hefir það markmið með utanför sinni, að okkur hlýtur að teljast það skylt að styðja að því, að því verði náð.

En það er sitt hvort, að ætla sjer að þroskast eða mentast í kenslumálum að einhverju vissu leyti, eða hitt, að frama sig til fullnustu til víðtækra og vandasamra starfa.

Þetta þóttist jeg hafa bent á í gær.

En nú hefir háttv. þm. ef til vill ekki ætlað sjer að bera saman þessa tvo menn, heldur hina tvo, sem sambærilegri eru, þá kandidatana Ásgeir Ásgeirsson og Freystein Gunnarsson. En það, sem þar munar, er það, að Ásgeir Ásgeirsson er þegar orðinn fastur kennari við kennaraskólann, og ætlar hann, býst jeg við, að eins að bregða sjer utan í nokkra mánuði, í sumarleyfi sínu, til þess að kynnast æfingakenslu og sjá, hvernig sú ákveðna grein er kend annarsstaðar.

En það er nokkuð annað en að ætla sjer að hafa tveggja ára útivist, til að ná yfirsýn og kynnast alþýðuskólafyrirkomulagi í öðrum löndum.

Enda er það fullvíst, að þótt manni þessum verði veittar 4000 kr., þá mun hann þurfa ærinn styrk annarsstaðar að, til þess að geta klofið fram úr þessu.

En ef það er skoðun hv. þm. (P. J.), að ekki megi gera mun á mönnum, þegar um lík mál er að ræða, þá verð jeg að vera því algerlega mótfallinn. Sú stefna

að leggja alla að líku, mun hvorki dæmast rjett hjer nje annarsstaðar. Svo langt er þó ekki enn komið.

Og þess ber hjer enn fremur að gæta, að sjerstaklega stendur á með mann þennan, sem jeg flyt brtt. um, þar sem hann hefir klifið þrítugan hamarinn með þetta ákveðna mark fyrir augum, og hefir í því skyni gengið hjer í gegnum allar mentastofnanir, frá hinni lægstu til hinnar æðstu.

Jeg býst nú ekki við því, að hv. þm. (P. J.) hafi ætlað sjer að blanda „hreppapólitík" hjer inn í þetta mál, þótt hann hefði þessi ummæli, en hins vegar vænti jeg þess, að hv. þingdm. líti ekki á það sömu augum og hann þó gerir, heldur sjái það, að hjer er um undantekning að ræða með mann þennan.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins stutt athugasemd, út af ræðu hv. þm. S.-Þ. (P. J.).

Jeg skildi hann svo, að hann teldi mig líta svo á, að allar upphæðir, sem jeg nefndi sjerstaklega, væru óþarfar.

Það er alls ekki rjettur skilningur á orðum mínum. En jeg sagði, að atkvgr. um kaflana hjer á undan hefði sýnt það, að deildin mundi ekki vilja draga úr útgjöldunum. Taldi jeg upp nokkrar upphæðir í þessum kafla, svo sem styrkinn til Búnaðarfjelagsins o. fl., sem jeg taldi nauðsynlegri en vegastyrkina í hinum köflunum.

Þótti mjer því ekki líklegt, að dregið yrði úr þessum upphæðum.

Þá taldi jeg enn upp nokkra liði, sem jeg setti á bekk með vegastyrknum.

Að öllu þessu athuguðu þóttist jeg mega ganga út frá því, að hv. deild mundi ekki ætla sjer að draga úr útgjöldunum og minka þannig hallann. Vona jeg, að hv. þm. kannist við þetta.

Þá var till. um að hækka við háskólann, frá því, sem gert er í stjórnarfrv.

Í sambandi við það skal jeg taka það fram, að það, sem vakti fyrir stjórninni, var það, að verja mætti nokkru af vöxtum miljónarinnar til að ljetta undir með landssjóði.

Var það í þeirri trú, að háskólinn sæi sjer fært að verja nokkru af þessu fje til styrks handa stúdentum.

Það var því ekkert illa gert til háskólans með þessu.

Það var að eins til að ljetta gjöldin á landssjóði, sem fara vaxandi með ári hverju, því að vitanlega er það skylt að hlúa að háskólanum sem best.

Þá skal jeg minnast á styrkinn til heimilisiðnaðar. Jeg var því ekki fyllilega samþykkur að stryka hann algerlega út. En hins vegar býst jeg ekki við, að hægt sje að sýna mikinn árangur af styrk þeim, sem veittur hefir verið í þessu skyni.

Og þegar nú á að fara að veita 10,000 kr. til þessa, og þar af á að taka laun framkvæmdarstjóra, þá býst jeg við, að lítið verði eftir til framkvæmdanna sjálfra.

Jeg lít líka svo á, að margt gott megi þróast í landinu án fjárframlaga úr landssjóði, og það væri miður holt, ef alt og allir í öllu vörpuðu sjer og áhyggjum sínum á hann.

Auk þess hafa hjer heyrst ámæli til stjórnarinnar fyrir stofnun nýrra embætta, en jeg hygg, að slíkt megi nú ekki síður segja um þingið sjálft. Hjer er til dæmis gert ráð fyrir að mynda garðyrkjustjóraembætti, með 5000 kr. launum, og má það blátt áfram hlægilegt heita, þar sem ekkert er veitt til sjálfrar garðyrkjunnar.

Væri ekki meira vit í að veita þessar þúsundir til hennar, og láta svo t. d. Búnaðarfjelagið sjá um notkun þeirra.

Jeg verð því að segja það, að það er ekki vottur um mikla ráðdeild, ef till. þessi verður samþ., því að hún er vægast sagt ekki viturleg.

Jeg býst því við, að þótt mönnum hjer finnist ekki mikið til um þennan tveggja miljóna halla, þá geti svo farið, að mönnum finnist talsvert um hann utan þings.

Jeg skal líka benda á það, að hjer er von á nýjum útgjöldum, sem ekki eru enn fram komin. Það eru t. d. útgjöldin til hafnargerða, sem nema munu 900 þús. kr. Um það eru frv., sem líkur eru til að verði samþykt. Auðvitað mun jeg ekki leggja á móti þessu. Það eru hafnargerðirnar í Vestmannaeyjum, Ísafirði og Ólafsvík, sem jeg á við.

Jeg skal ekki segja um, hve nær byrjað verður á framkvæmdum þessum, en þar sem þær hafa þegar verið „planlagðar", munu vextir og afborganir brátt verða fastir liðir í fjárlögunum.

Jeg vil að eins minna á þetta til þess að sýna, að þetta þing er mesta framkvæmdaþing, sem hjer hefir komið saman.

Það er því dæmalaust að heyra ræður um það, að hjer sje ekkert gert, þar sem stjórninni er gefinn rjettur til að láta framkvæma það, sem hún sjer sjer fært, meðan vinnukrafturinn leyfir.

Jeg vona því, að háttv. deild sje mjer sammála um það, að hjer sje um svo miklar framkvæmdaráðstafanir að ræða, að engin hætta sje á þeim ákúrum, að atturhaldsstefna hafi verið ráðandi á þessu þingi.

Björn Kristjánsson: Jeg á hjer brtt. á þgskj. 646, um styrk til Magnúsar Einarssonar söngkennara. Þegar jeg leit á stjórnarfrv., tók jeg ekki eftir því, að honum er ætlaður styrkur í 18. gr., þar sem hann hefir undanfarið staðið í 16. gr. Jeg hjelt því, að hæstv. stjórn hefði gleymt honum eða felt hann niður.

En nú hefir mjer verið bent á, að styrkur þessi er tekinn upp í 18. gr., og tek jeg því brtt. þessa aftur.

Svo er önnur brtt., á þgskj. 647. Sú till. fer fram á allmikla fjárhæð til útgjalda, og hefir mjer komið fyr í hug að fara fram á það, sem þar er gert, flaug það jafnvel í hug og vakti máls á því, þegar jeg var í stjórninni, að veitt yrði nokkur upphæð til að kaupa áhöld til námurannsókna.

Byggist það á þeirri trú minni, að vinna megi hjer málma, og þá sjerstaklega gull. Enn fremur er þess að gæta, að einmitt á þessu þingi er þrengt að námulögunum, svo að þröngvað er kosti þeirra manna, ef nokkrir væru, sem leita vilja að námum hjer. Ef það frv. nær fram að ganga, mun það gera menn enn þá ófúsari til þess að leggja fje í slík fyrirtæki, sem altaf verða að teljast hæpin.

Nú er því alt undir því komið, hvað þingið gerir í þessu, hvort það yfir höfuð vill sinna því, að leitað verði að námum hjer.

Er þá það fyrst, hvort þingið vill leita að námum í sínum eigin jörðum, því að það er mjer kunnugt, að fundist hefir gull í landssjóðsjörðum.

Nú er því undir því komið, hvort þingið vill sinna þessu, eða láta þær rannsóknir dragast úr hömlu.

En í öllum öðrum löndum er það talið sjálfsagt að styðja að því, að námur sjeu fundnar.

Í Noregi eru t. d. tvennskonar embættismenn, eiðsvarnir menn og námustjórar, sem í umboði ríkisins leiðbeina þeim, sem leita vilja að námum. Jeg hefi hjer dálítið kver um þetta efni, sem heitir „Norske forekomster af malme, nyttige mineraler og bergarter 1894". Þar segir svo á einum stað um þessa menn: „Án borgunar skulu þeir gefa finnanda og þeim, sem grafa, sem senda þeim sýnishorn, allar upplýsingar um álit þeirra um sýnishornið, sem hægt er að gefa án kemiskrar rannsóknar."

Og enn fremur segir: „Og ef þeir halda, að fundurinn bendi til, að mögulget muni verða að reka námu, sem um munar, þá skulu þeir, á kostnað ríkisins, ferðast þangað, sem fundurinn var framkvæmdur, til þess nánar að rannsaka kringumstæður.“

Ríkið sjer þá um, ef einhver finnur líkindi fyrir námu, að það sje rannsakað af opinberum starfsmönnum. En þetta sýnir, að nágrannaríkin veita mikla hjálp þeim, sem leita að námunum. Þess ber þó að gæta, að í Noregi er miklu meiri auður en hjer, og fleiri auðmenn til að taka þátt í slíkum leitum. Og þess eru lítil líkindi, að Íslendingar verði fúsir til að leggja fje sitt í það, að leita að námum. Það mun vera líkt ástatt hjer og var í Noregi fyrst, að enginn hefir trú á þessa hluti.

Um það segir svo á öðrum stað í þessari sömu bók: „Eigi verður komist hjá að veita því eftirtekt, að innlent fje yfirleitt hefir verið hrætt við og hlífst við að taka þátt í námurekstri — en þær kringumstæður hafa orsakað, að fleiri námustaðir, sem gáfu von um ábatasaman rekstur, hafa legið ónotaðar á meðan tækifærið bauðst“.

Afleiðingin var svo: „að fjöldamargar af okkar þýðingarmestu námum, og oft þær, sem best borguðu sig, hafa verið í höndunum á hinu útlenda fje“.

Þannig hefir afleiðingin orðið sú í Noregi, að námurnar þar hafa lent í útlendum höndum, og vil jeg vona, að ekki fari nú á sömu leið hjer.

En þá verður að styðja þá, sem námanna vilja leita. Landið þarf að eiga verkfæri, sem það getur leigt eða lánað þeim mönnum, sem hafa trú á, að til sjeu námur hjer.

Og jeg hefi nú þá trú, að vinna megi gullnámur á Íslandi. Sá málmur er hjer áreiðanlega útbreiddur, sjerstaklega í brennisteins- og kvikasilfurssamböndum. Og margt bendir á, að ef til vill sjeu hjer fleiri málmar í jörðu. Jafnvel Katla hefir sýnt það, því að í öskunni mátti finna gull og eir, og það jafnvel langt frá gosinu. Landið þarf því að eiga áhöld þessi og helst námufræðing, eins og er í öðrum löndum, þar sem námur eru.

En þó jeg segi þetta nú, ætlast jeg samt ekki til, að atkvgr. fari fram um till. þessa nú við 2. umr., heldur verði hún geymd til 3. umr., svo að háttv. fjárveitinganefnd fái tækifæri til að athuga hana.

En eitt vil jeg benda á, og það er, að þótt jarðfræðingar hafi verið deigir við þetta efni og jafnvel lýst því yfir, að hjer væru engar námur, þá ættu menn varlega að treysta því.

Þeir hafa allajafna ferðast fljótlega um og alls ekki haft tíma til að rannsaka nema yfirborðið, og hefir þeim skjátlast í því, hvernig málmar geta myndast.

Þeir hafa haldið því fram, að þeir mynduðust að eins við það að fjöllin eyddust og flyttu málminn með sjer ofan í dalina. En þau skilyrði eru ekki hjer fyrir hendi, heldur hafa þeir myndast við gas eða uppgufun. En afleiðingin er sú, að dýrari verður leitin, þar sem fara verður niður í jörðina til að finna þá.

En þar, sem aftur á móti málmurinn hefir „oxyderast“, sem kallað er, þar verður hann því fátækari, sem neðar dregur.

Jeg veit nú ekki, hvort háttv. deild hefir áhuga á þessu máli, en vona það þó, þar sem þetta gæti gefið mörgum fátækum mönnum atvinnu, og það jafnvel um þann tíma, sem annars eru hjer allar bjargir bannaðar, því að vinna má víða að námurekstri alt árið um kring.

Skal jeg svo ekki þreyta háttv. deild á lengri ræðu um þetta mál, en vona, að það verði tekið til athugunar.

Sigurður Sigurðsson: Út af nokkrum athugasemdum, sem komið hafa fram við brtt. mínar, verð jeg að segja fáein orð.

Hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) hjelt

því fram um brtt. mína á þgskj. 614, um styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands, að till. nefndarinnar um hann væri óbrotnari og einfaldari til framkvæmda. Þetta held jeg sje misskilningur. Dagsverkatalan er lögð til grundvallar fyrir styrkveitingunum, eftir till. minni, en að öðru leyti skal styrknum varið eftir till. búnaðarsambandanna.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði ekki leggja mikla áherslu á þetta atriði eða till. mína. En eftir henni kemst miklu síður að hreppapólitík við úthlutun styrksins en ella. Út af ummælum hv. þm. S.-Þ. (P. J.) um Óslandsáveituna skal jeg geta þess, að það eru mörg fleiri áveitufyrirtæki, sem þurfa styrks með. Í Húnavatnssýslu er auk þeirra, sem jeg áður hefi getið, stórt áveitufyrirtæki á döfinni. Það er ætlunin að veita vatni úr Hnausakvísl í Eylandið í Þingi, og kemur það verk sennilega til framkvæmda á næsta sumri. Og á það fyrirtæki engu síður skilið að fá styrk en Óslandshlíðaráveitan. Þar eiga hlut að máli áhugasamir dugnaðarmenn. Þar sem bæði þetta verk og fleiri koma til framkvæmda á næsta fjárhagstímabili, verða menn að ákveða einhverja fasta upphæð í þessu skyni.

Þá fór 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) nokkrum orðum um till. mína á þgskj. 617, þar sem jeg legg til, að Jóni Guðmundssyni ostagerðarmanni sjeu veittar 3000 kr. til að fullkomna sig í ostagerð. Hann sagði, að þessi maður væri búinn að læra þetta og þyrfti vart að læra betur, eða fara aftur utan í því skyni, og mundi þetta því verða „lystitúr", eins og hann komst að orði, fremur en námsferð. Það er dálítið einkennilegt að heyra öðru eins haldið fram. Og er engin furða um þá menn, sem álíta, að þeir þurfi aldrei neitt við það að bæta, sem þeir hafa eitthvað lært í áður, þótt þeir eldist fyrir tímann. Hjer á landi er ostagerð í mjög miklum barndómi. Og þeir, sem við hana fást, verða að leita þangað, sem ostagerðin hefir verið rekin á fullkomnari hátt, til þess að fullkomna sjálfa sig. Þessi maður, sem hjer er um að ræða, ætlar ekki að eins að kynna sjer gráðaostagerð, heldur líka mysuostagerð, og komast niður í þeirri „teknik", sem þeirri ostagerð er samfara. Svo hefir hann hugsað sjer að koma á fót hjá sjer mysuostagerð eftir að hann kemur heim.

Um 5000 króna styrkinn til heimilisiðnaðar verð jeg að segja, að mjer finst helst til lítið ákveðið um það, hvernig þeim styrk skuli varið. Þyrfti að kveða nákvæmar á um það, með hvaða skilyrðum styrkurinn sje veittur. Annars kemur hann ekki að tilætluðum notum.

Um fjárveitinguna til að sækja olympisku leikana í Antwerpen 1920 er það að segja, að jeg sje mjer ekki fært að vera með henni, þó um metnaðar- og nauðsynjamál sje þar að ræða fyrir landið og þótt jeg unni íþróttum alls góðs. En mjer finst, að efnamenn landsins og íþróttavinir ættu að taka saman höndum og styrkja þessa för. (*G. Sv.*: Vill þm. ríða á vaðið?) Já, jeg skyldi ekki skerast úr leik með að leggja eitthvað af mörkum af mínum litlu efnum, — og þetta finst mjer vera besta leiðin í þessu máli.

Að endingu vil jeg geta þess, að jeg hefi merkt við margar brtt. nefndarinnar við 14. og 15. gr., sem jeg tel óþarfar. Nemur sú upphæð ca. 100,000 krónum, sem sparaðist með því að fella þær, og mun jeg greiða atkv. á móti þessum brtt. öllum, án þess að orðlengja um það frekar.

Frsm. fjárveitinganefndar (Bjarni Jónsson): Jeg skal reyna að vera sem stuttorðastur og forðast að ýfa mjög reiði manna. En af því að minsta kosti tveir hv. þm. hafa minst á háskólasjóðinn, og það með nokkrum misskilningi á tilætluninni með honum, verð jeg að minnast lítið eitt á það atriði.

Þeir virðast líta svo á, að nema eigi burt úr fjárlögunum ýms þau útgjöld til háskólans, sem áður hafa verið, því renturnar af sjóðnum eigi að koma í staðinn. Gefa þeir í skyn, að stjórnin hafi ekki vitað, hvernig verja ætti rentunum af sjóðnum, þegar hún samdi fjárlagafrv., og þess vegna sje eigi gert þar ráð fyrir námsstyrk og fleiri gjöldum til háskólans, sem eigi að vera þar. En jeg hefi nú fyrir mjer gerðabók háskólans, og samkvæmt fundargerð háskólaráðsins 7. júní síðastl. samdi háskólaráðið reglugerð um, hvernig verja skyldi rentunum af sjóðnum, og sendi síðan landsstjórninni skýrslu um það, og um hverjir stafliðir háskólaráðið ætlaðist til að fjellu úr fjárlögunum. Stjórnin vissi því fullkomlega hver var vilji háskólans.

Samkvæmt áætlun háskólaráðsins, sem jeg hefi hjer bókaða fyrir framan mig í fundargerðinni, eru tekjurnar áætlaðar 48,000 krónur, og skal verja þeim þannig:

Til aukningar sjóðnum	kr.	9,600
Til eflingar sambandi Íslands og Danmerkur	—	4,000
Til vísindarannsókna og safna og rannsóknarstofu háskólans	—	14,800
Bókakaup háskólans	—	4,000
Til útgáfu kenslubóka	—	3,000
Utanfararstyrkur háskólakennara	—	4,000
Utanfararstyrkur kandídata . .	—	6,000
Til stúdentaheimilis, vísir byggingarsjóðs	—	2,000
Ýms útgjöld	—	600
Samtals kr.		48,000

Hjer er, eins og menn sjá, svo langt frá því nokkursstaðar, að um svo mikið sem námstyrk til stúdenta geti verið að ræða. Enda var aldrei sú tilætlunin með sjóðnum, að stytta með honum fjárlögin. Sjóðurinn er til þess að gera háskólanum dálítið færara en áður að vera vísindastofnun. Þetta hafa kennarar skólans líka skilið svo og ætlast til, að 20% af rentunum fari til að auka sjóðinn. Þá eru eftir 39,000 kr., sem ætlast er til að gangi til nauðsynlegra fyrirtækja í sambandi við skólann, og ef menn athuga liðina, sjá menn, að enginn einasti þeirra má missast, og allir eru þeir of lágir. Jeg held því hyggilegast fyrir hv. deildarmenn að hætta að ræða um þetta atriði, en samþykkja þennan lið fjárlaganna, sem jeg nefndi, orðalaust.

Svo er rjett að fara yfir brtt. þær, sem fram hafa komið og nefndin hefir haft til yfirlits.

Jeg hafði áður lýst því yfir, að jeg væri á móti brtt. þeirra þm. Borgf. (P. O.) og 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) um lýðskólana. En svo vil jeg minnast á brtt. á þgskj. 610, frá þm. Borgf. (P. O.), um að styrkurinn til Bræðrasjóðs mentaskólans falli niður. Einhver annar ljet þess getið, að þessi liður mundi vera kominn af misskilningi inn í fjárlögin. En það er ekki rjett. Sjóður þessi hefir verið einn af nytjamestu sjóðstofnunum landsins. Úr honum hafa ungir, efnilegir, en fátækir námsmenn oft fengið góða hjálp, og honum hefir altaf verið útbýtt með „caritas sapientis". Annars er sjóður þessi stofnaður upphaflega af andvirði báts, sem skólapiltar Bessastaðaskóla áttu, en seldu þegar skólinn fluttist til Reykjavíkur. Síðan hefir sjóðurinn notið gjafa og styrks góðra manna. Þegar jeg var í skóla, varð bæði mjer og öðrum mikil hjálp að þeim styrk, sem þessi sjóður veitti, og þær fjárveitingar, sem til hans hafa gengið, hafa aldrei orðið landinu til skaða.

En þar sem þingið hefir algerlega kipt að sjer hendinni með námstyrkinn til lærða skólans, væri fremur ástæða til, að það ljeti þetta af mörkum í Bræðrasjóðinn. Og ef þingið hjeldi áfram að styrkja þennan sjóð, mundi hann bráðlega verða svo stór, að það gæti hætt, með góðri samvisku, að styrkja hann. Jeg hygg, að þetta

sje einhver allra sjálfsagðasti og viturlegasti liðurinn í fjárlögunum, og vildi jeg, að menn sýndu við atkgr., að þeir skildu, hvað þeir væru að gera.

Þá er brtt. á þgskj. 619, frá 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem er athugasemd aftan við styrkaukann til Bókmentafjelagsins. Meiri hluti nefndarinnar hefir fallist á þessa till. En mjer finst varla rjett að láta þessa athugasemd fylgja, því að þótt tillagið hafi verið ofurlítið hækkað, þá er ekkert útlit fyrir, að fjelagið geti gefið út meira af ritum en að undanförnu, sakir dýrleika, sem öll bókaútgáfa hefir nú í för með sjer. Þetta er ekki heldur styrkauki, heldur að eins ljeleg uppbót á styrk. Jeg skal ekki mótmæla meiri hluta nefndarinnar, vildi lýsa yfir því, frá mínu sjónarmiði, að jeg tel þessa athugasemd óþarfa. Hún er einskisnýt, því fjelaginu er ókleift að gefa út meira en það hefir gert að undanförnu, þrátt fyrir þessa litlu uppbót.

Þá er brtt. á þgskj. 614, frá 1. þm. Árn. (S. S.). Nefndin hefir athugað þær og lagst á móti þeim öllum, og hefir hv. þm. S.-Þ. (P. J.) minst á þær áður. Önnur brtt. fer fram á 25 þús. kr. hvort árið til vatnsveitu. Nefndin var í sjálfu sjer ekki á móti því að veita þetta fje, ef málið hefði verið eitthvað undirbúið. En hún vildi ekki snara 50 þús. kr. óákveðið út í loftið, án rannsókna og útreikninga. En þessari beiðni verður vel tekið, þegar fenginn er nægur undirbúningur.

Þá er brtt. á þgskj. 617, frá sama þm., um utanfararstyrk til Jóns Guðmundssonar, ostagerðarmanns. Nefndin átti tal um þennan lið, og eru atkv. nefndarmanna þar óbundin. Jeg vil ekki blanda mjer inn í deilu lærðra manna um þessi efni, en vildi að eins geta þess, að þótt þessi maður hafi einhvern veginn komist upp á að búa til gráðaost, þá hafi hann ekki þar með lært að búa til alla osta.

Hið sama er að segja um brtt. á þgskj. 598, frá sama þm. Nefndarmenn hafa þar óbundin atkv. Þótt jeg sje sammála till.-manni um, að bókin þurfi að koma út, vildi jeg benda honum á, að þetta er líkt og þegar tófan bauð storkinum heim og gaf honum að eta af grunnum diski. Storkurinn náði engu af matnum, en hann galt tófunni líku líkt, með því að bera henni mat í flösku. Það er dálítið svipað að gefa út dýralækningabók, fyrir 50 kr. styrk á örkina. Till.-maður ætti að taka till. út af dagskrá og gera hana betur úr garði fyrir 3. umr.

Nefndin hefir ekki heldur sjeð sjer fært að mæla með brtt. á þgskj. 611, frá háttv. þm. Borgf. (P. O.).

Hins vegar hefir nefndin getað fallist á brtt. á þgskj. 620, frá hv. þm. Barð. (H. K.), um lán til raforku í Patrekshreppi. Í till. stendur „rafveitu“, en þetta er skakt; raf er fastur hlutur, og er því ekki veitt, heldur raforkunni. Nefndinni virtist síðari liður till. vera sjálfsagður. Þarna stendur svo sjerstaklega á, vegna tálmana, sem stríðið hefir haft í för með sjer.

Jeg gleymdi að geta þess síðast, að nefndin hefir tekið upp lítils háttar styrk til ekkju Guðmundar Hjaltasonar, og vænti jeg, að deildin taki því vel; því að ekki er til neins að vísa til hreppsins; því fylgir smán og skömm og missir almennra mannrjettinda.

Þá hefir nefndin gert þá breytingu á 21. gr. 6., að landsstjórninni skuli heimilt að ábyrgjast alt að 300,000 kr. lán til Hólshrepps í Ísafjarðarsýslu, og alt að 100,000 kr. til Búðahrepps í Suður-Múlasýslu, hvorttveggja til raforkuveitu. Heimildin er bundin því skilyrði, að stjórnin hafi vissu um það, að fyrirtækin beri sig, og að

sveitarfjelög þessi sjeu fær um að standa straum af þeim. Stjórnin verður því að vanda til rannsóknanna og gæta þess vandlega, að skilyrðunum sje fullnægt.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) vildi ekki fallast á, að búnaðarfjelagsskrifstofan væri skrifstofa stjórnarráðsins. Þetta er þó svo, og þeir, sem þar vinna, eru embættismenn landsins, og þar á meðal hann sjálfur.

Um þennan nafnfræga Gvend Faust, sem var kunnastur þeirra manna, er hjer voru nefndir í gær, skal jeg ekki fjölyrða.

Um íslensk-íslensku orðabókina vildi jeg segja örfá orð. Það er einkennilegt, að þingið vill veita styrk til allra þeirra orðabóka, sem styrks hafa beiðst, nema til þessarar,af því að hún er íslensk-íslensk. Á hinum orðabókunum þurfa menn þó ekki að halda daglega, en íslensk-íslenska orðabók þarf hver maður að eiga. Það er satt, að það þarf mörg ár til þess að vinna verkið. En það skal líka vel vanda, sem lengi á að standa, og stórvirki verður ekki unnið í flughasti, nema það sje illa unnið. Og það er kynleg ástæða, að verkið geti beðið, af því að það taki langan tíma. Því fyr, sem byrjað er á því, því fyr verður því lokið. Og svo eru menn að vitna í Finn Jónsson. Jeg hefi sjeð, mjer til mikillar undrunar, að hann vill, að orðabókinni sje tvískift eða látin byrja á 15 öld. Jeg hygg, að lærdómur okkar, hvers sem er, nægi til að sjá, að þetta er vitleysa, því að nútíðarmálið er eitt og sama málið og hjer var talað í fornöld. Við getum tekið hverja nútíðarbók sem er og borið hana saman við bók frá ritöldinni, og við munum komast að raun um, að orðin eru hin sömu í báðum, en einstaka orðmyndir dálítið breyttar. Það væri þess vegna ekkert sparað, þó að ritöldinni væri slept, því að öll fornu orðin eru til enn þann dag í dag, að undanskildum 100—200 orðum úr Eddumáli, sem ekki hafa verið notuð í bókmáli síðari tíma. Hvað græðist þá á að sleppa fornöldinni? Saga orðanna missist, og það verður ekki hægt að heimfæra þau undir gullöld og ritöld vora. Það væri undarleg hagsýni að sleppa úr fornöldinni, þar sem þessi kafli bókmentanna er langmest unninn, því að vjer eigum margar orðabækur yfir forna málið. Þetta getur hver athugað og sagt sjer sjálfur, sem vill. Það er miklu vitlegra en að hlaupa eftir því, sem sagt er í blaðagreinum. Jeg veit ekki, af hverju Finni Jónssyni hefir yfirsjest svona hrapallega.

Í annan stað hafa menn vitnað hjer til Sigurðar Nordals um það, að bókin mætti bíða. Jeg hefi aldrei sjeð eða heyrt eitt orð frá honum í þá átt, og hefi jeg þó setið með honum á fundum og talað við hann um bókina. Menn hljóta því að hafa tekið rangt eftir, eða þeir fara þá eftir einhverjum heimildum, sem jeg hefi ekki sjeð, og furðar mig þó á því, því að við sátum báðir á fundi, þegar þetta mál var rætt í háskólanum í vetur. (*S. S.*: Fjellu þá atkvæðin öll á einn veg?). Það voru allir sammála um, að verkinu skyldi haldið fram. Ef einhverjar mismunandi skoðanir komu fram, þá snertu þær alt önnur atriði, sem hjer koma ekki til greina.

Þá skal jeg minnast á Skólablaðið. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) taldi viðsjárvert að styrkja þetta blað, af því að með því væri gengið inn á ískyggilega braut. Bjóst hann við, að hvert stjórnmálablaðið mundi koma á fætur öðru, svo sem Tíminn, Ísafold og Frón, og heimta samskonar styrk. Þm. ætti þó að vita, að Búnaðarritið er gefið út á landssjóðs kostnað, sömuleiðis Ægir, sem fiskifjelagið gefur út, og fær meira að segja sjerstakan styrk til þess að gefa blaðið út. En svo á það að vera að leggja inn á hættulega braut, að styrkja blað, sem fjallar um kenslu- og uppeldismál! Jeg vona, að þvílíkar fjarstæður vinni ekki tiltrú nokkurs manns.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði ýmislegt um háskólann og fjárlagafrv. Því hefir nú verið svarað, og skal jeg ekki endurtaka þau rök aftur. En ef menn vilja

þreyta þetta mál frekar, þá situr sjálfur háskólastjórinn hjerna, og hann mun telja sjer skylt að halda uppi svörum fyrir skólann.

Þá er styrkur til Jónmundar Halldórssonar. Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) talaði heldur á móti þessari styrkveitingu, en var þó ekki strangur. Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir nú svarað honum, svo að jeg þarf ekki að fjölyrða um þetta atriði frekar.

Þá er skólalóðin. Jeg gleymdi að geta þess, að nefndinni þykir það engin umbót, þó að steinsteypa sje gerð í kringum húsið. Það er kunnugt, að vatn festir á steinsteypu, og það mundi ekki verða til neinna bóta fyrir skólapilta að spyrna knetti eða glíma á steinsteypu. Það er víst aldrei svo blautt á blettinum, að piltar geti ekki verið þar að leikum. Enda sje jeg ekki betur en nauðsyn beri til að stækka skólann áður en langt um líður og gera þar húsagarð með íbúð, og er þá tvíverknaður í að rífa aftur upp steinsteypuna. Jeg vona, að þess verði ekki lengi að bíða, að þingið leggi fje fram til breytinga á skólanum. Það er algerlega ótækt, að nemendur þurfi að hírast í herbergiskytru, í kulda og illu lofti, úti í bæ, í stað þess að búa í skólanum og hafa þau andlegu viðskifti, sem þektust á minni skólatíð og bundu okkur traustari böndum en hugsanlegt er um menn, sem varla þekkjast, eins og nú á sjer stað um skólapilta.

Jeg hefi líka talað um styrkinn til Pjeturs Guðmundssonar. Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) talaði um, að það væri skylda þeirrar sveitar, sem hann hefir unnið fyrir, að hlaupa undir bagga með honum. Þetta má til sanns vegar færa. En nefndin vildi forða góðum kennara frá að flýja á náðir sveitarinnar, í þeirri von, að einhver sæi, hvort það ætti að varða rjettinda- og ærumissi að verða fátækur. Það er vitanlegt, að gjöldin í 18. gr. hækka öll þau árin, sem slík rangindi eru í lögum höfð, sem samþ. voru í stjórnarskrárfrv. síðast.

Þá verð jeg að mótmæla skoðun hæstv. forsætisráðh. (J. M.) um verðlaun fyrir listaverk. Þetta er hluti af listamannastyrknum, sem er einskonar loforð um verðlaun. Það er ekki ætlast til, að þetta sje borgað út á hverju ári, heldur að eins þegar slík verk koma út, sem eru verðlauna verð. Mjer heyrðist á hæstv. forsætisráðh., að styrkurinn mundi verða veittur, þó að um ljeleg verk væri að ræða. En þetta er ástæðulaus ótti. Þeir, sem skipaðir eru í nefndina, veita verðlaunin, og þeir munu ekki gera sjálfum sjer þá skömm, að veita verðlaun fyrir ljeleg verk, því að þeir vita, að verkin koma fyrir almenningssjónir. Það er engin ástæða til að óttast, að þeir dæmi öðrum verðlaun en þeim, sem eiga þau skilin. Það má ekki jafna þessu við „Grand prix". Því að það er ekkert kynlegt, þó að þau sjeu veitt á hverju ári. En það þarf samt ekki að eiga sjer stað hjer á landi. Enda hefir spunnist ágæt saga þaðan, af tveim gömlum málurum. Þeir komu á sýningu, en veðjuðu um það áður, hvort ekki mætti villa mönnum sýn. Síðan tóku þeir kúst og bundu aftan í kýrhala og ljetu hana sletta halanum á ljereft. Og þetta þótti ágætt málverk. Það er engin furða, þó að verðlaun sjeu oftar veitt í fjölmennu landi. Annars eru verðlaunin ágæt hvatning. Dæmi upp á það er verðlaunasjóður Jóns Sigurðssonar. Eða hafa ekki öll rit, sem best hafa verið samin hjer á landi um söguleg efni á síðustu árum, fengið verðlaun úr þessum sjóði? Heiðurinn hefir knúið margan til að vinna þarft verk, sem hann hefði annars látið ógunnið. Ef menn trúa ekki nefndinni, sem á að dæma um listaverkin, þá er þeim þó óhætt að trúa þessu.

Því skyldi ekki eins mega trúa nefnd til að útbýta styrk meðal listamanna. Það er

svo með allar slíkar nefndir, að þær gera sig ekki seka í neinni heimsku, frekar en þær hafa gáfur til af hendi náttúrunnar. Þær vita, að þær eiga dóm þjóðarinnar yfir höfði sjer á eftir.

Þá talaði hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) um hallann á 14. gr. Og skildist mjer á honum, að hann yrði margfaldaður með 2 í launalögunum. Þetta er samkvæmt einhverri nýrri reikningsreglu, sem jeg kann ekki. Þori jeg því ekkert um þetta að segja fyr en jeg hefi fengið skýringu hv. þm. á því, hvaða regla þetta er. Það mun hafa verið meining hans, að hallinn í þessari grein fjárlaganna yrði helmingi meiri þegar launalögin kæmust til framkvæmda.

Um Bókmentafjelagið hefi jeg þegar talað.

Jeg ætla mjer ekki að blanda mjer inn í deilur einstakra hv. þm. eða heitingar þeirra út af því, sem mjer kemur ekki við.

En þar sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) ber mjer á brýn, að jeg hefði sagt, að skáldin okkar hefðu dáið af þessum styrk, sem þau hafa fengið, þá sagði jeg aldrei neitt í þá átt. Heldur sagði jeg, að nú væru sum þeirra dáin, og þyrftu ekki lengur að taka móti þessum eftirtöldu aurum, er þau hafa notið. Það er mikil eftirsjá í þessum mönnum fyrir alþjóð, og mun það sýna sig, að eftir-tíminn kann að meta verk þeirra.

Þá talaði hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) um það, að deildin vildi ekki draga úr tekjuhallanum, og mundi hann því koma með ný tekjuaukafrumvörp. Já, því ekki það. Það er ekki nema auðvitað mál, að þegar landssjóður þarf að borga meira en áður í krónutali, þá verður að sjá honum fyrir meiri tekjum að sama skapi. Það væri því langbrotaminst að hækka tekjurnar í krónutali, í hlutfalli við það, sem verðstuðullinn hefir hækkað. Það er t. d. lítið samræmi í því, að bóndi, sem nú fær 100 kr. fyrir ána, gjaldi af henni t. d. 1 kr., eins og þegar hann fjekk að eins 12 kr. fyrir hana. Mjer finst, að menn sjeu að snúast í kringum sjálfa sig, þegar þeir eru altaf að stagast á verðmæti. Því það er ekki sjálft verðmæti hlutanna, sem eykst: að eins þurfum við að borga meira fyrir það sama verðmæti í krónutali. Þess vegna ætti að sníða kaupgjald og annað eftir verðlagi því, sem á hlutunum er, og breytist, eins og vakti fyrir mjer með frv. því, er jeg flutti, en menn vildu ekki sinna.

Um heimilisiðnaðinn talaði hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) líka, og gerði heldur lítið úr. Efaðist hæstv. ráðherra um, að sá styrkur, sem veittur hefir verið undanfarin ár, hefði komið að notum. Það er auðvitað ekki hægt að gera mikið fyrir svo lítinn styrk. En þeir, sem fyrir þessu gengust, lögðu á sig mikið erfiði, og hefir enda orðið vel ágengt, svo að talsverður árangur sjest. Það á ekki að fara að stofna dýrt embætti hjer. En það er duglegur og vel hæfur kvenmaður, sem tekur þetta að sjer og á að standa fyrir framkvæmdum, og er henni vel trúandi til að nýta þennan styrk sem best og ávaxta. Þetta er mjög nytsamlegt fyrirtæki, sem ætti að vera áhugamál okkar, að íslenskur heimilisiðnaður falli ekki alveg úr sögunni, því hann mun nú vera á hverfanda hveli.

Þá lagðist hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) mjög á móti garðyrkjustjóranum, og þykir mjer, og sjálfsagt fleirum, sem eru í garðyrkjufjelaginu, það allundarlegt. Okkur fanst ekki nema sjálfsagt að borga einum manni, sem hefði á hendi garðyrkju og kendi hana öðrum, fyrir það maklega starf. Menn verða að gera sjer ljóst, og hæstv. fjármálaráðherra líka, að garðyrkja er annað en jarðyrkja Búnaðarfjelagsins. Garðyrkja er ekki hvað síst stunduð í bæjum og kaupstöðum, þar sem Búnaðarfjelagið hefir ekkert að gera. Hins vegar mun það hafa nógu öðru að sinna

en garðyrkju annarsstaðar. Því fer fjarri, að jeg vilji mótmæla því, að hinn nýi formaður Búnaðarfjelagsins sje duglegur maður, þó að jeg segi þetta. En hins vegar veit jeg ekki betur en að allir þeir, sem á undan honum hafa verið formenn þessa fjelags, síðastliðin ár, hafi einnig verið dugandi menn, bæði biskupinn, presturinn frá Reykholti, og síðast Eggert Briem, Það efast enginn um, að allir þessir voru ágætir menn í þeirri stöðu, þó má ske sá síðasttaldi hafi ekki getað beitt sjer fyrir framkvæmdum, eins og hann hafði getu til, ef atvik hefði ekki truflað. Jeg ber ekki heldur brigður á, að núverandi formaður sje bæði vitur og góður, en þó er hann ekki alvitur. Og ekki er það sagt honum til lasts, þó að jeg telji hann ekki færan um að stýra garðyrkju. Ef það ætti að heyra undir hans verksvið, yrði hann að fá sjer garðyrkjustjóra, sem hefði sjerþekkingu, og launa honum engu minna en hjer er farið fram á. Og kæmi það þá í sama stað niður. Jeg skil ekki, að nokkur setji sig upp á móti þessu, að hugsuðu máli. Það er auk þess ljettir fyrir Búnaðarfjelagið.

Það var eitt í ræðu hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), sem jeg hjó eftir, þar sem hann sneiddi að nefndinni fyrir það, hve seint henni hefði sóst starfið. Jeg vil minna hæstv. ráðherra (S. J.) á, að það fjellu úr nokkrir dagar í þingbyrjun, sem ekkert var unnið, og mun nefndin því ekki hafa verið lengur að verki en venjulegt er. Svo er og hitt, að altaf vex verkefni nefndarinnar með hverju ári, og má líka taka tillit til þess.

Jeg hygg, að nú sje flestu svarað fyrir hönd nefndarinnar, sem svara þarf. Annars er jeg þakklátur hv. deildarmönnum fyrir, að þeir hafa flestir lofað nefndina fyrir starf hennar, að minsta kosti að einhverju leyti, og enginn hefir kastað á hana þungum steini. Svo vænti jeg þess, að hv. þm. samsinni því með atkvæðum sínum, að hún fór hvergi lengra en nauðsynlegt var og sanngjarnt. Og að þeir fari ekki að stryka út smávægilegar upphæðir, sem lítið munar um í rauninni, þó að þær kunni að nema nokkrum þúsundum króna. Jeg vil geta þess, að endingu, að þó að altaf hafi verið einhver halli á fjárlögunum, þá hefir hann ekki komið fram að lyktum, vegna þess, að tekjurnar hafa farið fram úr því, sem áætlað var, og þannig jafnað upp hallann. Það er því ekki rjett, að skera niður fyrirtæki og nauðsynlegar fjárveitingar, fyrir ímyndaðan halla.

Pjetur Ottesen: Jeg hafði búist við, að hæstv. stjórn gæfi einhverjar skýringar viðvíkjandi styrknum til háskólans. Því það er ekki alllítið, sem þar ber á milli hennar og nefndarinnar. Jeg drap á þetta atriði hjer í gær, því jeg lít svo á, eins og kom í ljós bæði hjá mjer og öðrum fleirum á síðasta þingi, í umræðum manna á milli um þetta mál, að vextir af þessari miljón, sem fjell háskólanum í skaut, yrðu notaðir að einhverju leyti til að ljetta styrk til háskólans af fjárlögunum. Jeg sje auk þess á frv. stjórnarinnar, að hún hefir litið líkt á þetta. Enn fremur þori jeg að fullyrða, að menn, sem standa nærri háskólanum og sæti eiga hjer í deildinni, ljetu falla þannig orð í fyrra. En nú hefir sýnt sig, að þetta hafa ekki verið annað en orðin tóm, og tilætlun fjárveitinganefndar er, að styrkurinn til háskólans sje lækkaður um einar 6,500 kr. En vextirnir af þessari miljón nema 50 þús. kr., sem háskólaráðið hefir bútað niður eftir eigin höfði. Af frv. stjórnarinnar má draga þá ályktun, að hún álíti ekki þá ráðstöfun, sem háskólaráðið hefir gert, bindandi, og hið sama hefir komið fram í umræðum við hæstv. forsætisráðherra um þetta mál.

Auk þess var annað atriði, sem hv. frsm.

(B. J.) hefir minst á, sem sje tillaga mín um að fella niður styrkinn til Bræðrasjóðsins. Eins og menn sjálfsagt rekur minni til, var leikinn nokkurskonar skollaleikur með styrkinn til stórstúkunnar hjer á þingi 1917, og niðurstaðan af þeim skollaleik varð sú, þegar ekki tókst að fella styrkinn niður með öllu, að koma honum yfir á Bræðrasjóðinn. Jeg efast nú ekki um, að ýmislegt gott má segja um þennan sjóð, eins og yfir höfuð aðra slíka sjóði, en eins og þetta er til komið, sje jeg enga ástæðu til að halda því við, enda hefir aldrei verið sótt um styrk handa þessum sjóði, en hann að eins notaður í þetta sinn sem nokkurskonar skálkaskjól fyrir þá, sem höfðu tilhneigingu til að níðast á stórstúkunni. Annars er hv. þm. Dala. nú að síðustu farinn að færa fram rök sín á grísku og latínu, auðvitað til að sýna kunnáttu sína í þeim efnum, og er því ekki gott fyrir leikmenn að henda reiður á því, sem þingmaðurinn hefir fram að bera.

Einar Arnórsson: Jeg hafði ekki ætlað að blanda mjer inn í þetta hið mikla málaæði, sem nú hefir verið um hríð hjer í deildinni. En út af orðum hv. þm. Borgf. (P. O.) vildi jeg gera stutta athugasemd. Hann er eini hv. þm. í deildinni, sem hefir fundið hvöt hjá sjer til að finna að fjárveitingunni til háskólans, í sambandi við miljónarsjóð hans. Jeg skal upplýsa hv. þm. um það, að í fyrrahaust, í októbermánuði, áður en hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sigldi, voru stjórninni sendar tillögur háskólans um það, hver vera skyldu ákvæði um þennan sjóð og hvernig honum skyldi varið. Þessar tillögur hefir stjórnin haft nægan tíma til að athuga, og hefir nú fengið staðfestingu konungs á þeim, óbreyttum að efni til, 29. júní síðastliðinn. Í stefnuskrá sjóðsins er skýrt tekið fram, hvernig honum skuli varið, og er það í 3 liðum, eins og menn geta sjeð. Háskólaráðið hafði, áður en það sendi tillögur sínar til stjórnarinnar, gert áætlun um, hvernig skyldi varið þeim vöxtum, sem fyrst til fjellu. Um það hefir hv. þm. Borgf. (P. O.) talað. Stjórnin hefir nú fengið staðfestingu konungs á þessari stofnskrá, sem er bindandi fyrir háskólaráðið, þing og stjórn, og eftir henni verður auðvitað að fara. Aftur er það misskilningur, að stjórnin hafi lagt samþykki sitt á áætlun háskólaráðsins um fjárhæðir til einstakra atriða ár hvert. Slíkt samþykki þurfti ekki, og hefði líka verið þýðingarlaust. Eftir stofnskránni ræður háskólaráðið *eitt*, hvernig vöxtum sjóðsins er varið. Stjórn eða þing á þar um engan ákvæðisrjett. Ef eitthvað það er í stofnskránni, sem ekki þykir hlýða, þá má breyta því, en til þess að það verði gert, þarf að leita umsagnar og tillagna háskólaráðsins. Enda veit jeg, að enginn ráðherra, og síst hæstv. núverandi forsætisráðherra (J. M.), mundi fremja slíkt gerræði, að fara að breyta stofnskránni, án þess að fá til þess samþykki háskólaráðsins. Ef ætti að greiða bæði húsaleigu- og námsstyrk stúdenta af sjóðnum, mundu allir vextirnir fara í það. En það er ákvæði í stofnskránni, sem mælir svo fyrir, að 20% skuli lagt við innstæðuna árlega. Það er skynsamlegt; því að það má búast við, að peningar falli í verði í framtíðinni. Hugmyndin ætti að vera sú með þessari sjóðsstofnun, að háskólinn gæti staðið á eigin fótum eftir 2—3 mannsaldra, svo að hann þyrfti ekki að leita til höfðingjanna hjer á þingi, sem bæði þykjast hafa úr litlu að spila, og auk þess telja alt eftir, sem veitt er til vísinda og kenslumála. Hjer ráða menn því auðvitað sjálfir, hvað þeir sjá sjer fært að veita til húsaleigu- og námsstyrks stúdenta, en verði af því klipið, þá kemur það niður á fátækum, ungum og sumum efnilegum námsmönnum. Sumir þykjast má ske hafa gert svo vel við em-

bættismenn nú, að ekki þurfi lengur að styrkja unga menn til náms. En þó hygg jeg, að margir muni líta svo á, að slíkt sje ekki óþarfi. Því að reynslan mun vera sú, að meiri hlutinn af okkar góðu og gáfuðum embættismönnum eru þaðan runnir, sem lítið fje var fyrir. Margir, sem eru af fátæku fólki komnir, munu hafa fult eins mikið upplag, bæði til náms og embættisgæslu síðar meir. Það er ekki annað fyrir hendi, ef till. hv. þm. Borgf. (P. O.) & Co. verður samþykt, en að fátækir stúdentar fá minni styrk. En það tel jeg ekki ráðlegt. Sjóðnum mun ráðstafað samkvæmt stofnskránni og áætlun háskólaráðs, en þar er hvorki húsaleigu- nje námsstyrkur tekinn með, og verður ekki tekinn með. Hins vegar mun einhver hluti sjóðsins ætlaður til að styrkja kandidata til frekara náms erlendis.

Hv. þm. Borgf. (P. O.) talaði um, að ekki væri ljett af fjárlögunum nema 6,500 kr. fyrir þennan sjóð. Þetta er í rauninni alls kostar rangt hjá hv. þm. Hefðu þeir liðir, er hann mun eiga við, átt að standa í fjárlögum, bókakaupa- og kenslubókaútgáfuliðurinn, þá hefðu þeir orðið að hækka, ef þeir hefðu átt að koma að notum. Þess vegna segi jeg það rangt, að eigi sje meiru af ljett. Því að hefðu liðirnir átt að standa í fjárlögum og koma að nokkrum notum nú, hefðu þeir átt að vera mikils til hærri en nú eru þeir, í síðustu fjárlögum. Nú á síðustu árum, síðan stríðið hófst, hefir það verið ógerningur að gefa út kenslubækur, bæði vegna þess, hve ritlaun eru lítil, og eins þess, hve bókagerðarkostnaður allur hefir aukist.

Jeg get sagt hv. þm. Borgf. (P. O.) það, að ef þessir tveir liðir ættu að koma að nokkru gagni, þá yrði bókaútgerðarliðurinn að þrefaldast, og hinn líka að aukast að miklum mun. Öll bókaútgáfa er miklu dýrari en áður. Bókaverð fer auðvitað eftir útgáfukostnaðinum.

Háskólaráðið leit yfirleitt svo á, að tilgangur þessa sáttmálasjóðs væri fyrst og fremst sá, að efla hjer í landi það, er alment kallast fræði eða vísindi, sjerstaklega þó innan háskólans. Það er ekki við því að búast, að mikið hafi verið gert hjer. Launakjörin svo, að eigi vinst tími til annars verknaðar en þess, sem gefur eitthvað í aðra hönd til þess að framfleyta lífinu. Og annað er það, að lítið hefir verið að hafa upp úr andlegri vinnu hjer til, þar sem bókamarkaður hjer á landi, einkum þó kenslubóka, er mjög takmarkaður.

En svo er annað, sem hv. þm. Borgf. gleymir. Ef þessi sjóður hefði ekki komið í vörslur háskólans, til hans þarfa, er ómögulegt annað en að fjárveitingavaldið hefði hlotið að veita fje handa kennurum háskólans til utanferða í vísindaskyni. Það er margt að sjá á söfnum erlendis og annarsstaðar, sem mikilsvert er íslenskum vísindum. Jeg nefni sem dæmi sögu Íslands og rjettarsöguna. Enn má nefna margt annað, t. d. í læknisfræði. Er nú ætlast til þess, að af sjóðnum sje varið vissum fjárhæðum árlega til þessa. Þeim fjárgreiðslum er því ljett af fjárlögunum.

Í öðru lagi er kandidötum, sem utan vilja fara til að framast frekar í sinni ment, einnig ætlaður utanfararstyrkur af sjóði þessum. Býst jeg við, að ef þeir fengju ekki styrk þaðan, hlyti hann að vera veittur í fjárlögum.

Annars er þessi áætlun, sem send hefir verið stjórninni, og hv. þm. Borgf. (P. O.) hefir sjeð, ekki nema rjett til bráðabirgða. En jeg get fullvissað hv. þm. (P. O. um það, að það verður aldrei rúm á þeirri áætlun fyrir þær upphæðir, er þarf til húsaleigustyrks og námsstyrks stúdentum. Það getur aldrei komið til mála.

Ef þingið lækkar tillag landssjóðs til háskólans frá því, er nefndin leggur til, þá verður það stúdentunum í óhag, og ekki öðrum. En það tel jeg engan veginn heppi-

legt, heldur þvert á móti. Á háskólanum eru margir stúdentar, sem eru hæfir til að fá styrk og hafa hans fulla þörf. Reynslan hefir oft orðið sú, að góðum gáfum hafa ekki jafnan fylgt mikil efni. Þvert á móti hefir landið fengið sína bestu og samviskusömustu starfsmenn úr hópi þeirra, sem fæddir voru og aldir við lítil efni og sjálfir ruddu sjer braut á námsárunum með dugnaði og trúmensku við námið. Slíkir menn hafa styrks þörf og skilyrði til að nota hann. Og þeir munu áreiðanlega, ef þeim endist líf og heilsa, gjalda þjóðfjelaginu aftur margfalt það, sem það hefir af mörkum lagt til að greiða fyrir þeim á námsbrautinni.

ATKVGR.

um 14. og 15. gr.

Brtt. 459,4. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 462,66. — — 14 : 5 atkv.
— 462,67. — — 16 shlj. atkv.
— 462,68. — — 14 : 1 atkv.
— 462,69. — — 19 shlj. atkv.
— 462,70. — — 14 : 10 atkv.
— 462,71. — — 19 shlj. atkv.
— 462,72. — — 15 — —
— 462,73. — án atkvgr.
— 462,74. — með 14 shlj. atkv.
— 462,75. — — 14 — —
— 462,76. — — 17 : 2 atkv.
— 462,77. — án atkvgr.
— 462,78. — með 14 shlj. atkv.
— 462,79. — — 15 — —
— 462,80. — með 19 : 1 atkv.
— 462,81. — — 19 shlj. atkv.
— 462,82. — — 23 — —
— 462,83. — — 18 : 1 atkv.
— 462,84. — — 17 : 1 —
— 462,85. — — 15 : 5 —
— 618. feld með 19 : 2 atkv.
— 612. (aðaltill.) samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þ. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., M. Ó., Ó. B.

nei: S. S., Sv. Ó., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., J. J., M. P., P. J.

Brtt. 462,86., svo breytt, samþ. með 17 : 3 atkv.
— 612 (varatill.) kom ekki til atkv.
— 462,87. samþ. með 14 : 3 atkv.
— 462,88. — — 16 shlj. atkv.
— 462,89. — án atkvgr.
— 462,90. — án atkvgr.
— 462,91. — með 18 shlj. atkv.
— 462,92. — — 14 : 6 atkv.
— 462,93. — án atkvgr.
— 462,94. — með 14 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 462,95. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 462,96. frestað til 3. umr.
— 462,97. samþ. með 21 : 1 atkv.
— 462,98. — — 18 shlj. atkv.
— 619. samþ. með 14 : 4 atkv.
— 462,99. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 462,100. — — 15 — —
— 462,101. — — 14 : 7 atkv.
— 462,102. — — 15 shlj. atkv.
— 462,103. (fyrri hluti) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 462,103. (síðari hluti) samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. St., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. St., Ó. B

nei: St. St., Sv. Ó., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., E. J., H. K., P. O., P. Þ., S. S.

Brtt. 462,104. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 462,105. — — 17 : 1 atkv.

Brtt. 462,106. samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., S. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., E. A., G. Sv.
nei: M. G., P. J., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., Ó. B.

Brtt. 615,1. feld með 16 : 5 atkv.
— 615,2. tekin aftur.
— 646. tekin aftur.
— 615,3. feld með 14 : 6 atkv.
— 462,107. feld með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., G. Sv., J. J., J. M., M. P., S St., Þorl. J., B. Sv.
nei: B. St., E. A., E. Árna., E. J., H. K., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

J. B. og M. Ó. greiddu ekki atkv.

Brtt. 462,108. samþ. með 14 : 4 atkv.
— 462,109. — — 14 : 1 —
— 599. samþ. með 15 : 1 atkv.
— 462,110. samþ með 15 : 1 atkv.
— 462,111.a. — — 18 : 1 —
— 462,111.b. — — 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. B., M. P., M. Ó., P. J., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.
nei: B. St., E. J., H. K., J. M., M. G., P. O., P. Þ., S. S.

Brtt. 537 (aðaltill.) feld með 17 : 5 atkv.
— 537 (varatill.) feld með 15 : 8 atkv.
— 462,112.a. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 462,112.b. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já: Þorl. J., B. Sv., B. J., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St.
nei: Þorst. J., Þór. J., B. K., B. St., E. J., H. K., J. M., M. G., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Ó. B.

Brtt. 462,113.a. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 642,113.b. — — 15 — —
— 610. feld með 13 : 10 atkv.
— 615,4. samþ. með 14 : 1 atkv.

Brtt. 462.114. feld með 16 : 6 atkv.
— 462.115.a. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 600 samþ. með 15 :11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þór. J., B. J., B. K., E. A., E. J., G.Sv., H. K., J. J., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. Þ., S. S., Þorst. J.
nei: B. Sv., B. St., E. Árna., J. M., P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.

Brtt. 462.115.b. svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
— 462.115.c. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 462.115.d. — — 16 — —
— 615.5. — — 15 — —
— 462.116.a. — — 15 — —
— 462.116.b. — — 17 — —
— 462.116.c. — — 17 — —
— 613. — — 19 — —
— 459.5. kom því ekki til atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

ATKVGR.
um 16—22. gr.
Brtt. 642.117. samþ. í e. hlj.

Brtt. 614,1. feld með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., B. K., E. J., H. K., Ó. B.
nei: M. G., M. P., M. Ó., P. J., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., J. B.

Brtt. 462,118. samþ. með 17 : 1 atkv.
— 614,2. feld með 13 : 7 atkv.
— 462,119. samþ. án atkvgr.
— 614,3. tekin aftur.
— 462,120.a. samþ. með 20 shlj. atkv.
— 462,120.b. samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. A., E. J., J. J., J. M., J. B., M. P., P. J., P. Þ., S. S., S. St., Þorl. J., Þorst. J., B. J.
nei: E. Árna., G. Sv., H. K., M. G., M. Ó., P. O., St. St., Sv. Ó., Þór. J., B. Sv., Ó. B.

Brtt. 462,121. samþ. með 14 : 3 atkv.
— 462,122. — — 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. St., J. J.
nei: M. G., P. O., Sv. Ó., B. Sv. B. K., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., Ó. B.

Brtt. 462,123. frestað til 3. umr.
— 462,124. samþ. með 17 : 2 atkv.
— 598. frestað til 3. umr.
— 462,125. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 462,126. — — 15 : 4 atkv.
— 617 (aðaltill.) feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., G. Sv., J. B., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Þorst. J., Þór. J., B. J.
nei: E. Árna., E. J., H. K., J. J., J. M., M. G., M. P., P. J., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. Sv., B. K., B. St., Ó. B.

Brtt. 617 (varatill.) feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., E. A., G. Sv.
nei: J. J., J. M., M. G., M. P., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., H. K., Ó. B.

Brtt. 462,127. samþ. án atkvgr.
— 462,128. og 129. samþ. með 22 shlj. atkv.
— 459,6. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 462,130. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 462,131. — — 14 : 3 atkv.
— 462,132.a. — — 20 shlj. atkv.
— 462,132.b. — — 15 : 3 atkv.
— 462,133. — — 17 shlj. atkv.
— 462,134. — — 20 — —
— 462,135. — — 18 : 1 atkv.
— 462,136.a. — — 24 shlj. atkv.
— 462,136.b. — — 18 — —
— 462,136.c. — — 17 : 6 atkv.
— 647. frestað til 3. umr.

16. gr., svo breytt, og 17. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 462,137. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 462,138. — — 15 — —
— 462,139.a.–c. — — 22 — —
— 462,140.a. — — 16 — —
— 462,140.b. — — 16 — —
— 462,141. — án atkvgr.
— 462,142.a.–e. — með 21 shlj. atkv.
— 508 og 462,143., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
— 462,144. samþ. með 22 shlj. atkv.
— 459,7. — — 25 — —

Brtt. 462,145.a. samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. St., E. Árna., G. Sv., J.J., J. M., M. P., M. Ó., P. J., S. St.
nei: B. K., E. A., E. J., H. K., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Ó. B.

Einn þm. (J. B.) fjarstaddur.

Brtt. 462,145.b. samþ. með 15 : 5 atkv.
— 611. samþ. með 16 : 3 atkv.

18. gr., svo breytt, og 19. og 20. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 620.a. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 620.b. — — 16 : 1 atkv.
— 462,146. — — 17 shlj. atkv.
— 459,8. — — 18 — —

21. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 462,147. samþ. með 17 shlj. atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 58. fundi í Nd., mánudaginn 8. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 653, 684, 685, 688, 689, 690, 691, 692, 693, 694, 695, 696, 703, 704, 711, 712, 713, 714, 715, 716, 717, 718, 719, 720, 721, 722, 723, 724, 725, 726, 728).

Frsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Jeg vil hefja mál mitt með því, að þakka hv. deild meðferðina á brtt. nefndarinnar við 2. umr. Hún var svo góð, og andinn í deildinni var svo samkvæmur anda og stefnu nefndarinnar, að slíkt hefir varla þekst áður.

Af brtt. nefndarinnar voru að eins feldar fjórar, af hátt á annað hundrað tillögum, og um sumar þeirra er mjer kunnugt, að þær voru feldar af misskilningi. Til merkis um það, hversu ágætlega fjell saman stefna nefndarinnar og stefna deildarinnar, vil jeg geta þess, að jeg veit ekki til, að af þeim verklegu framkvæmdum, sem nefndin lagði til, hafi nokkurri verið greitt eitt einasta mótatkvæði hjer í hv. deild, og má það heita óræk sönnun fyrir því, hversu vel þær tillögur hafi fallið hv. deild í geð.

Eins og hv. deildarmenn hafa sjeð, hefir tekjuhallinn í fjárlögunum, síðan þau komu frá stjórninni, aukist um tæpar 60.000 kr. Með öðrum orðum, nefndirnar, bæði fjárhagsnefnd og fjárveitinganefnd, sem hafa haft frv. til athugunar, skila því nærri því eins og stjórnin. Auðvitað vantar enn í fjárlögin tekjuhallann, sem verður af hinum væntanlegu launalögum, sem samþykt verða á þessu þingi. En það var ekki heldur tekið tillit til þeirra í áætlun stjórnarinnar.

Því hefir verið haldið fram, bæði af hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) og öðrum, að þetta þing væri eitthvert mesta framkvæmdaþing, sem nokkru sinni hefði þekst. Jeg verð að játa, því miður, að jeg held, að seinlega gangi að færa rök fyrir þessari staðhæfingu. Það hefði átt að verða framkvæmdasamasta þingið, sem háð hefir verið, því að það er komið í svo mikla skuld við allar framkvæmdir. Og þó að nú sje gert ráð fyrir, að eitthvað verði framkvæmt fyrir lánsfje, þá er það í raun og veru ekki nýtt lán, heldur tilfærsla af lánum, því að svo verður að líta á, að vegagerðir, brýr og símar, sem orðið

hafa að sitja á hakanum, hafi lánað landssjóði fjeð, og þá auðvitað með því skilyrði, að hann borgaði það síðar. Þetta má skilja bókstaflega um símann, því að af honum hefir á síðustu árum orðið tekjuafgangur, sem orðið hefir á rekstri hans, og hefir ekki verið notaður í þágu hans, heldur gengið beint í landssjóðinn. Af þessum ástæðum verðum við að gera ráð fyrir, að á næstu þingum verðum við enn betur að bæta upp þann halla, sem framkvæmdirnar hafa orðið fyrir. Það er því fullkomin ástæða til að undirstrika það verkefni stjórnar og þings, að undirbúa skattamálin svo, að einhverju verði úr að spila fyrir ríkissjóð framvegis.

Þá skal jeg snúa mjer að störfum nefndarinnar. Hún hefir orðið að fara hratt yfir, en þó hefir hún athugað alt, sem þurfti. Þó er ýmislegt enn þá, sem ekki er komið nægilegt samræmi á, sjerstaklega milli launalaganna og þessa frv. En jeg vona, að úr þessu verði bætt, meðan málið er í hv. Ed.

Nefndin hefir nú komið með nokkrar brtt., og ef þær verða samþyktar, hafa þær í för með sjer rúm 70,000 kr. útgjöld. Þá hafa og komið fram frá hv. þm. Vestm. brtt., og sumar þeirra algerlega að óvörum. Ef þær yrðu samþ., yrði gjaldaukinn um 118 þús. kr., en lækkunin 22 þús. kr. Það lítur því svo út, sem hv. þm. hafi ekki ofboðið örlæti fjárveitinganefndar, úr því að þeir vilja heldur bæta við en klípa af útgjöldunum.

Þá skal jeg fara nokkrum orðum um einstakar brtt. nefndarinnar. Þær eru nú ekki margar, að eins fimm við minn kafla. Jeg get tekið till. um læknana, a þgskj. 728, allar í einu. Þessir læknar eru allir kennarar við háskólann, eða að nokkru leyti starfsmenn ríkisins. Sendu þeir í byrjun þings nefndinni beiðni um, að þeir fengju launabætur, í samræmi við launabætur hjeraðslækna yfirleitt. Nefndin fjelst á þetta, en gerir þó ekki ráð fyrir, að þeir fái dýrtíðaruppbót af þessum launum.

Þá kem jeg að 5. lið á þgskj. 728. Er hún þess efnis, að veittar skuli 1000 kr. til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú. Þessi fjárveiting er raun og veru endurveiting, og var það af misgáningi, að hún kom ekki fram við 2. umr. Erindi þetta var sem sje á sama skjali og annað erindi, en það varðist nefndin ekki.

Í fjárlögunum 1914—15 var ákveðið að veita til vegar þessa 1000 kr. hvort árið, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá. Sýslan taldi sig þá eiga von á, að flutningabraut væri lögð á landsins kostnað á þessu svæði, og vildi ekki leggja neitt á móti. En úr því að sýslan tók þannig í málið, þá fjell fjárveitingin niður. Nú hefir sýslan sjeð sig um hönd og er nú fús á að leggja sinn skerf á móti, og hefir þegar lagt í einhvern kostnað. Hún fer því fram á að fá endurveitt það, sem áður var veitt, svo að vegurinn verði gerður akfær. Nefndin taldi þetta sanngjarnt, en þetta varð að vera sjerstakur liður, en ekki undir akfærum sýsluvegum. Þar eru heimtuð skilyrði, sem þarna er ekki hægt að fara fram á, og þess vegna verður fjárveitingin að vera miðuð við þetta sjerstaka tilfelli, vera staðbundin.

Það er óþarfi að fara fleiri orðum um brtt. nefndarinnar, en vegna þess, að ekki hefir unnist tími til að semja nefndarálit, þá verð jeg að bæta nokkru við, sem ekki stendur í sambandi við neina breytingartillögu.

Nefndinni barst brjef frá 3 útgerðarmönnum, sem síldveiði stunda við Ingólfsfjörð. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp kafla, til þess að skýra það, sem jeg ætla að segja, fyrir nefndarinnar hönd.

Brjefkaflinn hljóðar svo.

„Á Ingólfsfirði hefir síldveiði verið rekin í ár frá 3 stöðvum, með 11 skipum innlendum, og samtals verið við þann atvinnurekstur um 400 manns. Þar eru nú útmældar lóðir undir 20—30 stöðvar, og eru þær flestar í landareign ríkissjóðs, og sem gefa honum mikil lóðargjöld. Heimsófriðurinn hefir valdið því, að fáar stöðvar eru enn reistar. En það má ganga að því vísu, að þegar á næsta ári verði reistar margar nýjar stöðvar á hinum útmældu lóðum, ekki síst ef vissa væri fyrir símasambandi þangað innan næsta úthalds.

Norðmenn t. d. eiga útmæld þarna á Ingólfsfirði 8 stöðvarstæði, og hefði minsta kosti einni þeirra reist stöð þar og rekið veiði í ár, ef sími hefði verið kominn þangað. Hefir ríkissjóður tapað miklu fje við það, í tunnutolli og útflutningstolli, því báðir þessir útvegsmenn stunduðu veiði þar norður frá í ár og fluttu aflann út, án þess að hann kæmi á land.

Eftir því sem veiði hefir hepnast frá þessum stað síðustu 2 árin, þá lítur ekki út fyrir annað en að Ingólfsfjörður verði framvegis með stærstu og veiðisælustu síldarstöðvum landsins. Reykjarfjörður liggur líka vafalaust vel við síldveiðum, en þó ekki sem Ingólfsfjörður, enda er ekki aðsókn að honum nálægt eins mikil, og þar er nú að eins ein síldarstöð.

Að öðru leyti má taka eftirgreind atriði fram, sem mælandi með því, að línan verði strax ákveðin alla leið til Ingólfsfjarðar: Á Reykjarfirði er að vísu gamall verslunarstaður, en verslun er þar fremur lítil, og að eins helmingur við það, sem er á Norðurfirði. Og þar sem útlit er fyrir, að þegar næsta ár verði mörg hundruð manns á Ingólfsfirði við þessa atvinnu, þá hlýtur það að auka samgöngur og verslun að miklum mun þar norður frá. Frá sjálfs hjeraðsins sjónarmiði er íbúatölu á svæðinu Reykjarfjörður—Ófeigsfjörður þannig háttað, að $^3/_4$ allra íbúanna ættu hægra með að ná símasambandi, ef línan lægi til Ingólfsfjarðar, um Árnes.

Vegna þess, hve stutt innsigling er á Ingólfsfjörð og Norðurfjörð frá síldarmiðunum, myndu mörg skip leita þangað, til að ná símasambandi, þó þau ekki hefðu annað erindi, og myndi það drjúgum hjálpa til að auka tekjur þessarar símalínu.

Það virðist nú ekki þörf á að taka meira fram til að sýna fram á, að sjálfsagt sje, þegar til ákvörðunar um lagningu símalínunnar norður eftir verður að ræða, að ákveða hana strax alla leið til Ingólfsfjarðar. Bæði kallar þörfin ekki síður þangað, og spottinn frá Reykjarfirði myndi vafalaust, þegar í stað reynast þýðingarmikill liður línunnar, ekki eingöngu fyrir hjeraðsheildina og útvegsmenn þar nyrðra, heldur og einnig fyrir tekjur landssímans og ríkissjóðs.

Vjer vonumst því fastlega til, að hv. fjárveitinganefnd, við nánari athugun, sannfærist um rjettmæti þeirrar kröfu, að strax og ákvörðun verður tekin um þetta mál á Alþingi, *að línan þá verði ákveðin alla leið til Ingólfsfjarðar.*“

Út af þessu vill nefndin láta þess getið, að þó að hún nú ekki hafi lagt til, að veitt yrði fje til símalínu þessarar, svo mikið, að nægði til að koma henni alla leið norður á Ingólfsfjörð, þá telur hún erindi þessara manna bygt á góðum rökum. Vill hún því geta þess, að hún, svo framarlega sem landssímastjóri og landsstjórn álíta fram-

kvæmanlegt og hagkvæmara að byggja línuna til Ingólfsfjarðar, samtímis Reykjarfjarðarlínunni, sjer ekkert á móti því, þar sem lína þessi hlyti, hvort sem er, að koma næsta ár á eftir. En það vill hún taka fram, að hún ætlast til, að framlag til þessa línustúfs verði hlutfallslega ríflegra annarsstaðar frá en gert er ráð fyrir um Reykjarfjarðarálmuna. (*H. K.*: Af hvaða ástæðum?) Þessi lína kemur almenningi að notum jafnóðum, en hin liggur um óbygðir, enda er þarna svo mikið um að gera, að ekki munar miklu, þó að framlagið verði hærra.

Þá er best að láta nú þegar uppi hug nefndarinnar um till. þær, sem ýmsir hv. deildarmenn hafa borið fram.

Fyrst er brtt. á þgskj. 711, frá hv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), og er hún uppvakningur frá 2. umr., þótt í öðrum búningi sje. Jeg býst ekki við, að till. verði tekið betur nú en áður. Nefndin var skift um hana þá, en nú býst jeg við, að hún verði öll á einu máli um að kveða hana niður. Till. fer fram á það, að risnufje og íbúðar sendiherrans falli niður. Hvort flm. ætlast til, að sendiherrann sofi hjá kunningjum sínum til skiftis, og sje þess á milli á götunni, veit jeg ekki, en helst virðist eiga að skilja till. á þá leið. Jeg vona, að hv. þm. (E. Árna.) taki till. aftur og losi okkur við að fella hana hjer.

Þá er till. frá hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), um styrk til tveggja hreppa til læknisvitjunar. Jeg skal geta þess, að nefndin er þessu meðmælt, en annars býst jeg við, að hv. þm. (M. G.) tali fyrir henni og beri fram sínar ástæður, og sje jeg því ekki þörf á að fara frekar út í það hjer.

Þá kem jeg að brtt. á þgskj. 695, frá þeim hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og 2. þm. Rang. (E. J.), um styrk til Ólafs Ísleifssonar. Nefndin ákvað að láta þessa till. afskiftalausa, og hafa nefndarmenn því óbundnar hendur. En jeg get mjer þess til, að fleiri atkv. mundu fást með till., ef upphæðin væri ekki eins há og hún er.

Það er fram komin viðaukatill. frá háttv. þm. Barð. (H. K.), og er hún ein af þeim, sem komu nefndinni mjög á óvart. Hv. þm. hefir kastað fram till. um atriði, sem ekki hefir legið fyrir, sem ekkert erindi hefir borist um, og hv. flm. hefir ekki minst á fyr. Það liggja engar upplýsingar fyrir, engin áætlun hefir verið gerð, og er undarlegt, að hv. flm. ætli mönnum samt að vera með till. Það getur nefndin ekki; hún verður að mæla á móti henni. Það getur verið, að hv. flm. gefi einhverjar skýringar nú við þessa umr., og verður þá deildin að skera úr því, hvort hún álítur þær fullnægjandi og málið á rökum bygt.

Þá er næst till. frá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), á þgskj. 723, og fer hún fram á það, að styrkur til minningarsjóðs Maríu Össurardóttur falli niður. Nefndin hefir tekið þennan styrk upp og fengið hv. deild til að samþykkja hann, og væri því einkennilegt, ef hún mælti nú með því, að styrkurinn fjelli niður. Hún hefir ekki viljað beita því valdi, sem þingsköpin heimila henni, til að hindra þessa till., af því að hún gerir ekki ráð fyrir, að deildin fari að snúast um sjálfa sig. Jeg býst við, að deildin ráði niðurlögum þessarar till. með miklum atkvæðamun. Annars getur verið vafamál, hvort hún getur komið til atkv., og sker hæstv. forseti úr því. En skilningur háttv. flm. á hugarfari og stefnufestu manna virðist alleinkennilegur, og lítill virðingarauki deildinni. (*Sv. Ó.*: Það lá ekki fyrir að taka styrkinn niður.) Nei, en það lá fyrir að taka hann upp, og það var gert.

Þá er brtt. á þgskj. 721, frá hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), um lítilfjörlega breytingu á launum póstafgreiðslumanna. Þetta mun gert til þess, að hægt verði að setja á stofn póstafgreiðslu í Borgarfirði eystra. Þó að nefndin sje því meðmælt, að póst-

afgreiðsla komist þarna á, þá álítur hún ekki ástæðu til að breyta upphæðum í frv. af þeirri ástæðu, vegna þess, að enn er alt óákveðið um launamálið, en þetta stendur í nánu sambandi við það, og verður þessum liðum sennilega, hvort sem er, síðar nokkuð breytt. Jeg vænti því þess, að hv. flm. taki till. aftur, en hann hefir fullan stuðning nefndarinnar í málinu sjálfu, þó að hún taki ekki upp fjárveitinguna á þessu stigi.

Þá er brtt. á þgskj. 703, frá háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.), og er hún í 2 liðum. Um þessa brtt. get jeg sagt það, að nefndin er meðmælt fyrri liðnum, en getur ekki fallist á þann síðari. Hún telur ekki óeðlilegt að hækka það tillag, sem till. fer fram á, en hins vegar vill hún ekki bæta fyrir það, sem liðið er.

Þá kem jeg að brtt. við samgöngumálakaflann, og þarf jeg ekki að fjölyrða um hana. Nefndin hjelt sjer nokkuð við álit og till. samgöngumálanefndar, og verður því á móti till. á þgskj. 685, frá háttv. þm. Borgf. (P. O.), þar sem hin nefndin var á því máli að fella þann styrk burt. Um brtt. á þgskj. 684, frá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og fleiri háttv. þm., er það að segja, að afstaða nefndarinnar er óbreytt, og þykir mjer ólíklegt, að brtt. komi til atkv. Um tillöguna um Breiðafjarðarbátinn getur nefndin lítið látið uppi að sinni. Hún hefir ekki sjeð ástæðurnar, en býst við, að háttv. flm. hafi ráðfært sig við samgöngumálanefnd, og kemur það þá fram í umr., en nefndin, sem slík, lætur sig ekki skifta það atriði, enda er þetta ekki fjárveitingaatriði.

Þá er brtt. á þgskj. 724, frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Þar er ekki farið fram á fjárveitingu, heldur að eins flutning á milli ára. Það er ætlast til, að meira verði veitt fyrra árið en áður, án þess að hækka upphæðina á fjárhagstímabilinu. Nefndin er ekki á móti því, að fleiri vitar verði bygðir fyrra árið, svo framarlega sem það er framkvæmanlegt. Það má einu skifta, þó að 5 vitar sjeu bygðir fyrra árið og 2—3 það síðara, en það getur verið, að ekki sje hægt að koma því við. Það er líka leyfilegt fyrir stjórnina að færa þetta til, eftir hentugleika, án till., og verður þá þessi brtt. óþörf. En, sem sagt, brtt. gerir enga skekkju og liggur því nefndinni í ljettu rúmi. Nefndin sá ekki till. fyr en í morgun, og hefir því ekki haft tíma til að tala við vitamálastjóra, en það getur verið, að hv. flm. (Sv. Ó.) hafi gert það, og ef brtt. er með samþykki vitamálastjóra, þá er ekkert á móti því, að hún verði samþykt.

Þá er brtt. á þgskj. 720, frá háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.), um uppbót á launum símastöðvarstjórans á Siglufirði. Nefndin, eða meiri hluti hennar, er þessu meðmæltur, og sama má segja um landssímastjórann. Jeg held, að jeg þurfi ekki að fara um þetta fleiri orðum, og tekur þá væntanlega við háttv. samverkamaður minn (B. J.).

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttv. frsm. (M. P.) tók það fram, að atkvgr. í þessu máli sýndi, að háttv. deild væri nefndinni sammála, og er það rjett. En háttv. frsm. (M. P.) sagði einnig, að tekjuhallinn væri 60 þús. kr. meiri hjá nefndinni en í stjórnarfrv., en það get jeg ekki fallist á að sje rjett. Ef svo væri, þá gæti nefndin haft góða samvisku. En hv. frsm. (M. P.) gleymdi að reikna með tekjuaukum þeim, sem bæst hafa á tekjuhlið fjárlaganna, síðan fjárlagafrv. fór frá stjórninni. Samkvæmt skattafrv. stjórnarinnar, þegar þau eru tekin til greina, þá hlýtur háttv. þm. að vera ljóst, að útgjöldin, sem aukin hafa verið í fjárlagafrv., gera halla, sem er 60 þús. kr. meiri en sá upprunalegi halli var á fjárlagafrv., að viðbættum hinum

ætluðu tekjum samkvæmt skattafrv. stjórnarinnar. En þau frv. getur háttv. fjárveitinganefnd ekki tileinkað sjer.

Þetta þing hefir lagt grundvöll til þess, að skuldir landsins, eins og þær voru á undan stríðinu, margfaldast á nokkrum árum. Þó mjer hafi verið ámælt fyrir að vilja halda aftur af, þá hefi jeg að eins gert það, sem jeg áleit skyldu mína við þingið, að benda á þetta.

Jeg veit hverju verður svarað, að ekkert geri til, þó skuldirnar margfaldist, það megi halda áfram í það óendanlega, það sje altaf hægt að auka tekjurnar. Þetta væri hægt að segja og standa við, ef gjaldþol þjóðarinnar væri takmarkalaust.

En svo er nú ekki, og einhversstaðar eru takmörkin. Jeg sagði, að skuldirnar mundu verða áttfaldaðar frá því, sem fyrir stríðið var, þegar búið væri að koma ýmsum þeim framkvæmdum í verk, sem nú hefir verið lagður grundvöllur að. Fyrir stríðið voru skuldirnar hjer um bil 2 miljónir. Um áramótin nú vil jeg gera þær, þegar fje í landsverslun og skipum er dregið frá, um 6½ milj. kr. Þegar brýr hafa verið bygðar samkv. brúafrv., koma 2 milj. í viðbót, þá í hafnafyrirtæki 1 milj., í byggingar um 4 milj. og í strandgæslu um 3 milj. kr. Á þessu má sjá, að horfurnar fyrir skuldaaukanum eru ekki litlar.

Hv. frsm. (M. P.) sagði, að endurskoða þyrfti skattamálalöggjöfina, og er jeg honum sammála um það, enda hefi jeg tekið það fram þegar í byrjun umræðna um fjármál landsins. Mjer hefir heyrst á sumum, að þeir geri sjer von um, að þessi endurskoðun muni ljetta byrðum á landsmönnum; en enginn skyldi gera sjer of miklar vonir um það, því að ekki má gera ráð fyrir, að gjöldin minki við þá endurskoðun, og einhversstaðar verður að fá tekjur upp í gjöldin. Hingað til hafa menn verið furðu fáorðir um, hvaðan tekjurnar ættu að koma, eða á hvern hátt þeirra skyldi afla. Reyndar hefir nýlega komið fram tillaga um að afnema bannlögin og afla landinu stórtekna með því, að leggja toll á vínföng. En eins og flestir munu renna grun í, þá mun jeg ekki, á meðan jeg er í þessari stöðu — en sú tíð fer nú líklega að styttast — koma með tillögu um það; þvert á móti vil jeg, að bannlögin haldist sem lengst. Það verður því einhver annar að taka að sjer þann starfa í minn stað.

Jeg sje að öðru leyti ekki ástæðu til að tala um sjerstakar brtt., enda heyra fæstar þeirra undir mig.

Jeg veit, að háttv. deild lítur öðruvísi á tekjuhallann en jeg, en spá mín er sú, að nýkosið þing muni líta á hann líkum augum og jeg geri.

Frsm. fjárveitinganefndar (Bjarni Jónsson): Jeg skal vera stuttorður um þann kafla fjárlaganna, sem jeg á að skýra fyrir háttv. þingdm., og að eins skýra frá með fáum orðum, hvað nefndin hugsaði sjer með till. sínum.

Kem jeg þá fyrst að brtt. nefndarinnar við 14. gr. A. b. 2., til bráðabirgðauppbótar á brauðum. Þarf jeg ekki annað en benda á brtt. nefndarinnar, því að háttv. deild sjer og veit, hvernig í henni liggur.

Nefndin leggur til, að liðurinn í 14. gr. B. IV. b. 2. falli niður, og stendur svo á því, að við atkvgr. um fjárlögin var feldur liðurinn um tvo aukakennara við mentaskólann, af því að ætlast var til, að þeir yrðu fastir kennarar og laun þeirra ákveðin í launalögunum, eins og hinna föstu kennaranna. Eins ætlast nefndin til að fari um þennan kennara, að hann verði skipaður fastur kennari við kennaraskólann. Ætlast nefndin svo til, að þessi yfirlýsing hennar og atkvæðagreiðsla deildarinnar, sem nefndin gerir ráð fyrir að falli sjer í vil, sje fullkomin heimild fyrir stjórnina til þess að gera þessa breytingu, eins og

hún taldi sjer heimilt að breyta til með kennara mentaskólans, án þess að sjerstök lög væru um það gerð. Þá kem jeg að verslunarskólunum báðum. Jeg gat þess við 2. umr., að geymt hefði verið að gera út um það mál í nefndinni, því að til orða kom að koma upp ríkisskóla handa verslunarmönnum, þar sem allar verslunarstefnur gætu fengið aðgang í. Það má rjettast telja, að í landinu sje kaupmannaskóli, sem geri báðum stefnunum jafnt undir höfði, samvinnustefnunni og kaupmenskustefnunni, skóli, er mentaði sem best kaupsýslumenn landsins, því að á miklu veltur með fjármagn og framfarir þjóðarinnar, að verslunarmenn sjeu sem best undir starf sitt búnir og færir um að rækja það vel; en til þess þarf góða mentun og víðtæka.

Nú er að vísu komið fram frumvarp um stofnun verslunarskóla Íslands; en þótt það sje fram komið, þá verður sá skóli fráleitt stofnaður í ár, og vart að ári, og því hefir nefndin borið fram bráðabirgðatill. sínar um kenslu í verslunarfræðum. Leggur hún til, að veittar sjeu 9000 kr. á ári til starfrækslu verslunarskóla kaupmannafjelagsins í Reykjavík, og 7000 kr. á ári til sambands samvinnufjelaganna, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn. Nefndin leggur til, að fyrri skólanum sje veittur 2000 kr. hærri styrkur en hinum, af því að hann er eldri, og gera má ráð fyrir, að hann verði fjölsóttari í bráð. Styrkurinn handa hinum skólanum má kallast allríflegur, þar sem er að ræða um stofnun, sem nýtekin er til starfa. Vildi nefndin með því sýna, að hún ætlaði sjer að gera sem minst upp á milli þessara tveggja stefna, sem á bak við skólana standa.

Nefndinni þótti þörf á að bæta við till. sína á þgskj. 728, um samvinnuskólann, þessum orðum: „þegar hann er tekinn til starfa", og er þessi viðaukatill. á þgskj. 736.

Við landsbókasafnið vill nefndin að komi á eftir „ljósa": „ræstingar". Þessi tillaga er þannig til komin, að núverandi dyravörður hefir orðið að borga ræsting safnsins af launum sínum, og er hún dýr nú á dögum. Aðrir, sem líkt stendur á um, svo sem dyravörðurinn í stjórnarráðshúsinu og dyravörður háskólans, fá kostnað þennan endurgoldinn, og þykir nefndinni rjett, að eins sje farið með dyravörð bókasafnsins.

Þá kem jeg að leikfjelaginu. Nefndinni þótti viðurhlutamikið, að veita því allan þann styrk, sem það fór fram á og þarfnast, eða 30—40000 kr. á ári. Meiri hluti nefndarinnar gat eigi lagt með, að svo yrði gert; en hins vegar þóttist hann ekki geta neitað því um styrk til að koma upp geymsluhúsi fyrir áhöld sín. Leikfjelagið á allmikið af leiktjöldum, búningum og fleira, sem vel þarf að geyma, en vantar geymslustað fyrir það. Fjelagið hefir von um, að það fái að byggja útbyggingu úr húsi því, sem það hefir nú bækistöð sína í. Vill nefndin veita fjelaginu 10,000 kr. styrk til að koma upp húsi þessu. Þá var og nefndin á því, að sett væri sem skilyrði fyrir 2000 kr. til fjelagsins, að Reykjavíkurbær legði fram að sínu leyti 1000 kr., í stað 500 kr., sem áður voru heimtaðar.

11. liður í brtt. nefndarinnar, um styrkinn til dr. Helga Jónssonar, að hann sje færður úr 3000 kr. á ári upp í 4000 kr. Ef maður þessi væri embættismaður ríkisins og fengi dýrtíðaruppbót sem aðrir embættismenn, 60% af fyrsta þús., 30% af öðru, og 10% af hinu þriðja, þá svaraði það einmitt til þessa. Nefndinni fanst rjett að leggja þetta til, því að hún vildi ekki fallast á, að þeir, sem taldir eru í 15. gr.,

fengju dýrtíðaruppbót. Jeg skal ekki fjölyrða um þetta, því að hjer á bróðir minn hlut að máli, en ekki skammast jeg mín þó fyrir að greiða atkvæði með þessu. Helgi hefir frá barnæsku lagt rækt við þann arf, sem við bræður fengum í föðurgarði, að leggja meiri rækt við hugsjónir en fjárgróða. Hann hefir lagt ríkan hug á vísindastörf og gefið sig við þeim, eftir því sem hagur hans hefir leyft, og jafnvel um fram það. Hann er nú kominn yfir fimtugt, og hefir lengi verið fremur heilsuveill, en orðið að leggja mikið á sig við tímakenslu, til þess að hafa ofan af fyrir sjer. Nú langar hann til að fá nokkurt næði til þess að vinna úr vísindasöfnum þeim, er hann á. Nú veit jeg ekki, hvort hv. þdm. þykir þetta tilvinnandi, þótt jeg þykist þess viss, að það mundi borga sig margfaldlega fyrir landið, og öll er nefndin fús á að veita viðbót þessa.

Þá sný jeg mjer að Sigurði Guðmundssyni frá Hofdölum í Skagafirði. Hann hefir stundað nám í listaskólanum í Kaupmannahöfn, eins og Guðjón Samúelsson; en þeir, sem nám stunda við þann skóla, geta ekki fengið styrk, eins og t. d. stúdentar á Garði. Hann hefir nú tekið fyrri hluta prófið við skólann með hárri fyrstu einkunn, og langar til að gerast fullnuma í grein sinni, ef fje skortir eigi; en af eigin ramleik getur hann ekki klofið námskostnaðinn, því að hann er fátækur.

Nefndin hafði, er hún samdi nefndarálit sitt og brtt., ekki tekið umsókn Sigurðar til meðferðar, en lagt hana með umsóknum stúdenta um utanfararstyrk. En er hún fór að athuga málið, sá hún, að nokkuð öðruvísi stóð á með hann en stúdenta, meðal annars af því, að hann hefir ekki tekið stúdentspróf, heldur hvarf hann frá námi í mentaskólanum áður en hann tæki það, bæði sökum þess, að hann varð þar sjúkur um stund, og svo af því, að hann hneigðist þá þegar að því námi, er hann stundar nú, en til að komast að því þarf ekki stúdentspróf. Sigurður er sagður listfengur maður, svo sem var frændi hans Sigurður Guðmundsson málari. Ýmsir mentaðir og greinagóðir menn hafa talað við mig um pilt þennan, einkum yngri menn, sem þekkja hann frá skólaárum hans, og láta þeir allir vel af honum. Seinna ár yfirstandandi fjárhagstímabils var honum í fjárlögunum veittur 800 kr. styrkur, eftir að styrktími Guðjóns Samúelssonar var útrunninn. Það virðist því svo, sem sú regla hafi verið tekin að veita einum manni í senn styrk til húsabygginganáms. Nú hefir nefndin fallist á að leggja til, að honum sje veittur 1500 kr. styrkur á ári. Hann fór ekki fram á meira, og þótti nefndinni svo hóflega af stað farið, að eigi væri ástæða til að klípa af því.

Næst kem jeg að brtt., sem minst var á við 2. umr., um Óslandshlíðaráveituna; er það ekki annað en að 4000 er breytt í 5000, eins og upprunalega átti að vera. Þá kemur nýr liður, um að veita Jóni Guðmundssyni ostagerðarmanni 2000 kr. til Noregsferðar. Hygg jeg, að hv. 1. þm. Árn. (S.S.), sem er frömuður lista og ostagerða, muni taka tillögu þessari fegins hendi, því að sjálfur bar hann fram samskonar tillögu til 2. umr., en þá fjell hún. Nú hefir nefndin tekið upp tillögu þessa með nokkru lægri upphæð; hún leit svo á, að þótt maður þessi hefði lært að búa til eina tegund osta, gráðaosta, þá væri þarflegt, að hann lærði og að gera aðra osta. Maður þessi mun ekki vera svo efnaður, að hann treysti sjer til að fara utan fyrir eigið fje; vill nefndin því styrkja hann til fararinnar, en ætlast svo til þess, að hann kenni öðrum ostagerð, er heim kemur, án þess að gera sjer það að gróðavegi.

15. liðurinn er um uppbót á lögákveðinni taxta dýralækna, 1200 kr. Það er ákveðið með lögum um kaup þeirra á ferðum, og hefir það ekki verið hækkað, þótt alt annað hafi

hækkað í verði, en peningar lækkað að sama skapi og peningagjald. Uppbót þessi á að vera fyrir 1918, og verður nefndin að telja sanngjarnt, að þeir fái hana á sama hátt og aðrir starfsmenn ríkisins hafa fengið dýrtíðaruppbætur.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til manns til leiðbeiningar um húsagerð til sveita skuli hækkaður úr 2500 kr. upp í 3000 kr. á ári. Þetta er ekki mikil hækkun handa manni þessum, sem verið hefir nokkur ár í þjónustu landsins fyrir lágt kaup, og sjálfsagt setið af sjer ýms gróðavænleg fyrirtæki fyrir það, því hann er dugnaðarmaður. Upphaflega lærði hann trjesmíði, en fór síðan utan og gekk um tveggja ára skeið í skóla í Osló til að fullkomna sig í teikningu og húsagerð og fleira, er heyrir iðn hans til. Síðan hefir hann lagt fyrir sig holsteinagerð: hafa þeir steinar reynst vel til bygginga og húsin rakaminni en hús steypt á þann veg, er tíðkast hefir. Í öðru lagi leggur nefndin til, að maður þessi fái 600 kr. til skrifstofuhalds; er það nauðsynlegt, því að hann þarf að hafa herbergi til að geta tekið móti mönnum til viðtals og til að geyma í teikningar sínar og áhöld. Vona jeg, að enginn hafi á móti þessu, því að hjer er alt skorið við neglur; en maðurinn ætti hins vegar að njóta þess, að hann vill vera í þjónustu landsins, þótt hann eigi annars arðvænlegra kost; er það af því, að hann hefir hinn mesta áhuga á að koma byggingarmálum okkar í betra horf og bæta húsagerð í sveitum, og af því, að hann vill endurgjalda landinu með starfi sínu ofurlítinn styrk, sem honum var veittur, þegar hann var að námi.

Þá er að minnast á styrkinn til flugfjelagsins. Það hefir jafnan verið kostur á Alþingi, að það hefir verið fljótt til að styrkja nýjar samgöngubætur. Þess má minnast, að þingið veitti D. Thomsen styrk fyrir allmörgum árum, til að kaupa vjelvagn; og þótt þau kaup mishepnuðust og vagninn reyndist ekki vel, þá var það lofsvert af þinginu að hlaupa þar undir bagga; og síðan hefir það sýnt sig, að hin mesta samgöngubót er að vjelvögnum, þótt þinginu sýnist líklega annað, eða öðruvísi verður það ekki skilið, er það vill leggja allþungan skatt á vagna þessa.

Nú er hjer enn á ferð nýtt samgöngufæri. Að vísu er ekki hægt að segja með vissu, að hve miklu gagni það muni koma, en slíkar eru þó horfur með það, að þingið styðji fyrirtækið að einhverju leyti. Þeir, sem gengist hafa fyrir stofnun flugfjelagsins og framkvæmdum þess, hafa lagt mikið erfiði á sig: þeir hafa þegar lagt fram 28,000 kr.; en það nægir ekki til að koma fyrirtækinu í fast horf. Þeir skulda nú fyrir skála yfir vjelina og flutningsgjald hennar frá Skotlandi hátt á fimta þúsund krónur. Vjelin var flutt hingað til lands á skipi landssjóðs, og er ætlast til, að af þeim 15,000 kr., sem nefndin ætlast til að veittar sjeu, gangi 5,000 kr. til að borga með flutningsgjaldið. Jeg skal engu um það spá, hvað nytsamar flugvjelar muni reynast hjer á landi, en get þess þó, að vjel slík sem sú, er hjer er nú, geti flutt póstflutning, 2—300 pund, á skömmum tíma landshornanna á milli. Eitt dæmi af mörgum um það, hvert gagn flugvjel getur unnið, má nefna. Það getur komið fyrir, að maður sýkist langt frá lækni, og þurfi skjótrar læknishjálpar, og að líf liggi við, fái hann hana ekki. Sje nú sími í nánd, má kalla lækni, og má þá fljúga með hann, með öll nauðsynleg áhöld, um langan veg á örstuttum tíma, sjúklingnum til bjargar. Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta, þótt margt fleira mætti tína til. Jeg vil að eins minna á, að vel sæmir þinginu að styðja þá menn, er hjer brjóta þann ís, sem stjórninni lá nærri að verða fyrst til að brjóta

Næst kem jeg að till. nefndarinnar um, að tveim fátækum og öldruðum konum sje veittur ofurlítill styrkur, sem þeim getur orðið að nokkru liði, þótt lítill sje. Önnur þeirra, Ólöf Sigurðardóttir á Hlöðum, er alkunn fyrir gáfur og hjálpsemi við nauðstadda, og mun af flestum talin makleg þessa litla styrks. Hin konan, Anna Thorlacius í Stykkishólmi, sem nokkrir hv. þdm. slátruðu við 2. umr. fjárlaganna, af umhyggjusemi fyrir landssjóði, er sæmdarkona, fróð um forna siði og þjóðvenjur, og hefir ritað nokkuð um það efni. Nú hefir nefndin fært styrkinn niður um 200 kr. frá því sem áður var, í því trausti, að þessi lækkun hræri svo hjörtu þeirra, sem áður voru móti styrkveitingunni, til þess að greiða nú atkvæði með henni, þótt þessi niðurfærsla sje að sjálfsögðu miklu tilfinnanlegri fyrir hana og muni hana meiru en landssjóð.

Þá er 19. liður. Það er styrkur til ekkju Lárusar prests Halldórssonar. Það gleymdist við síðustu umr. að lagfæra hann og setja liðinn í sama horf og liðinn um styrk til Hlífar Bogadóttur, ekkju Pjeturs Þorsteinssonar.

Er eins statt með báðar þessar konur, að menn þeirra hafa verið brjóstveikir, og því ekki getað sjeð fyrir fjölskyldu sinni eftir sinn dag. Þótti nefndinni því rjett að bæta við konu þessa 150 kr. með hverju barni hennar; að eins hefir gleymst að geta þess, sem er undirskilið, að þetta á að eins við um börn þau, sem eru í ómegð.

Í b.-lið þessarar brtt. er farið fram á, að frú Ingeborg Sigurjónsson, ekkja Jóhanns Sigurjónssonar, fái að halda þessum 1000 kr., sem hann hefir haft. Þótti nefndinni rjett að sýna þann metnað, að konu þessari væri sjeð borgið af landinu, engu síður þótt hún sje af annari þjóð. Annars þarf jeg ekki að tala fyrir þessum lið, þar sem jeg tel víst, að hann sæti engum mótmælum.

Þá er 20. liður, þar sem landsstjórninni er veitt heimild til að kaupa Ólafsdal í Dalasýslu fyrir sanngjarnt verð.

Hefir mörgum leikið hugur á því, að ekkja Torfa heitins í Ólafsdal þyrfti ekki að selja eignir sínar, sjer í óhag, og mannvirki, hverjum óvöldum manni, sem hafa vildi.

Það er líka til sjóður, sem ætlaður er til að koma upp skóla fyrir konur í Breiðafirði. Leikur mönnum hugur á, að skóli þessi, sem stofna á fyrir sjóð þennan, sem frú Benediktsson stofnaði, verði settur í Ólafsdal. Þess er líka að geta, að þangað er nú ekki eins illfært og áður var, þar sem nú er komin höfn í Salthólmavík, og er ekki nema spotti þaðan og inn fjörðinn til Ólafsvíkur, og því ekki dýr flutningur þaðan.

Þá leið má líka ganga á 2—3 tímum, ef svo færi, að rok kæmi á af norðan eða austan, svo að menn yrðu að hætta flutningi í miðju kafi.

Það er því mikill munur á þessu og því, sem var í tíð Torfa heitins, þegar hann varð að sækja alt út í Stykkishólm. Og að verða að enda þá löngu ferð með því að bera af skipi sínu einhversstaðar utan heimilis, það gat orðið dýr flutningur.

En nú er miklu hægra um vik í þessu efni, og er staðurinn því nú betur fallinn til þess að hafa þar skóla þennan. Þar er líka tún bæði gott og stórt, og hægt að hafa þar búsýslu þá, sem þarf til þess, að konur fái fræðslu í öllu því, sem að heimi lýtur, auk hinnar bóklegu fræðslu.

Þetta mælir því mjög með till. þessari, þó hitt ætti að vera nóg, minningin um Torfa heitinn, og það, að mannvirki hans færu ekki forgörðum, heldur yrðu til almenningsnota.

Jeg býst því ekki við, að till. þessari verði mótmælt. En hins vegar er ekki bundið við, að stjórnin kaupi eign þessa við neinu geipiverði, þótt hún hafi heimild þessa.

Þá var ein till., sem nefndin gleymdi þeg-

ar hún samdi þessar brtt. Það var till. um að veita ferðastyrk tveimur skjalavörðum. Eins og kunnugt er, var Jóni Jónssyni sagnfræðingi veittur slíkur styrkur til að rannsaka handrit og heimildir erlendis. Hefir honum nú af þeim sökum tekist að ljúka við verslunarsögu sína, sem er merkilegt rit.

Nú er líkt ástatt um þessa tvo menn, sem báðir eru vísindamenn. Þeir þurfa einnig utanfararstyrk til að rannsaka handrit erlendis..

Hinum fyrri, Jóni Þorkelssyni, er það mjög nauðsynlegt að rannsaka erlend söfn til þess að geta lokið við framhaldsútgáfu fornbrjefasafnsins. Þótt hann hafi rannsakað mikið og skrifað mikið hjá sjer á Hafnarárum sínum, þá má þó nærri geta, að eftir svo mörg ár kunni margt að hafa bæst við, sem rannsaka þarf. Hann telur sjer þessa ferð því nauðsynlega til að geta haldið áfram útgáfu þessari.

Hefir nefndin því talið hæfilegt að veita honum til þess 5000 kr., eins og Jón Jónsson sagnfræðingur hafði.

Um Hannes Þorsteinsson er það sama að segja, og þarf jeg ekki að fjölyrða um menn þessa meira, þar sem þeir eru báðir svo þektir, að vitanlegt er, að þeir biðja ekki um slíkan styrk án þess að full nauðsyn beri til.

Þá eru ekki fleiri till. frá nefndinni.

Skal jeg þá fylgja dæmi fyrirrennara míns og drepa á það, hverjar till. einstakra þm. nefndin vill styðja og hverjar ekki.

Nefndin vill ekki styðja till. á þgskj. 690, um raforkuveitu á Hólum.

Þykir nefndinni vanta skýringu á því, hve vel það fyrirtæki mundi borga sig, hverju nú er kostað til hita og ljósa þar og svo samanburð á því og stofnkostnaði og rekstrar raforkuveitunnar.

Þetta þarf alt að vera nákvæmlega reiknað og áætlað fyrirfram; þá fyrst verður sjeð, hve vel það mundi borga sig, en fyr er ekki hægt að veita fje til.

En þetta er enginn dómur frá nefndinni, að raforkuveita sje þarna ógerleg. Nefndin vonar einmitt hið gagnstæða, þótt hún geti ekki verið þessu fylgjandi meðan allan undirbúning málsins vantar.

Þá er brtt. á þgskj. 691, og er hún eins og hin frá þm. kjördæmisins. En nefndin getur ekki verið með henni heldur, þar sem hún átti erfitt með frá upphafi að verða sammála um skóla þessa. Og niðurstaðan varð loks sú, að of mikið var tekið til nafngreindra skóla frá hinum, sem ekki eru nefndir í frv.

Nefndin getur því ómögulega fallist á að taka nú enn 500 kr. frá þessum ónafngreindu skólum. Hitt hefði ef til vill verið lítill vegur, að hækka styrkinn við alla þessa skóla, og þá hina ónafngreindu líka.

En með þessari till. getur nefndin ekki verið.

Þá er brtt. á þgskj. 722, við 15. gr. 16, styrkveiting til fjelagsins „Íslendingur".

Allir nefndarmenn, að einum undanskildum, eru þeirri till. mótfallnir.

Þykir mönnum óþarfi að veita fje til þess að efla samband milli Íslendinga innbyrðis, telja það muni koma af sjálfu sjer.

Annars er það ekki ljóst, til hvers verja skal þessu fje. En sje það satt, sem jeg hefi heyrt, að senda eigi einn mann, sem jeg hefi heyrt tilnefndan, til þess að halda fyrirlestra þar og fleira þesskonar, þá tel jeg víst, að þetta hefði orðið auðsóttara, ef sá maður hefði komið fram með nafni, ef það er sá, sem jeg hefi heyrt til nefndan.

Mætti þá ef til vill fara þá leið seinna, ef þessi till. verður feld.

Annars vill nefndin ekki fylgja þessari till.

Þá er till. á þgskj. 712, um að hækka listamannastyrkinn um 6000 kr. Nefndar-

menn eru allir á móti þeirri till. Nefndin gerði sjer mikið far um að finna þá lægstu upphæð, sem hægt var, án þess að beinlínis væri níðst á bestu kröftum landsins í þessum sökum.

Á nál. fjárveitinganefndar má sjá, að þetta er sú minsta upphæð, sem veita má, og verður nefndin því að vera á móti þessari lækkun.

Jeg gat þess líka við 2. umr., að ef styrkur þessi væri veittur eftir till. nefndarinnar, þá væru ýmislegar áætlunaruppliæðir í honum fólgnar, sem ekki mundu gjaldast upp á hverju ári.

Af liðnum mundi því geta sparast nokkuð við og við. En hins vegar þótti það sjálfsagt, að stjórnin hefði heimild til að verja ekki minna fje en þessu til að fylla brýnustu þarfir þessara manna.

Það má líka undarlegt heita að ráðast á þá liði, sem nýbúið er að samþykkja, og það mótmælalaust þá.

Nefndin vonar því, að þessum lið verði ekki haggað.

Þá er brtt. á þgskj. 696, við 15. gr. 19. b., og er hún nú rjett orðuð, þar sem lagt er til, að styrkurinn til mín til að þýða Goethes Faust falli niður. Sennilega á að veita þá upphæð „Gvendi Faust“ í staðinn.

En þar sem mjer er nú málið skylt, mun jeg lítið um það segja, en frá nefndinni var jeg beðinn að skila því, að allir sjeu þessari till. mótfallnir, nema þessi eini, sem ekkert leggur til málanna.

Það blæs því byrlega fyrir háttv. flm. (S. S.), þar sem einn þm. er forfallaður frá því að verða á móti þessari till. hans.

Þá hefir annar háttv. þm. (Sv. Ó.) komið fram með samhljóða till.; að eins er hún skýrar orðuð hjá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). En mjer til mikillar sorgar verð jeg að flytja honum sömu skilaboðin frá nefndinni.

Þá er till. á þgskj. 718, frá háttv. þm. Barð. (H. K.), sem fer fram á það, að hækka styrkinn til íslensku orðabókarinnar upp í 8400 kr.

Eins og menn muna, lagði fjárveitinganefndin til, að hann yrði hækkaður úr 6000 kr. upp í 9000 kr., en háttv. deild vildi ekki samþykkja þá till.

En sjái hún sjer nú fært að samþ. þessa till., sem er lítið eitt lægri en till. nefndarinnar, þá mun því auðvitað verða tekið þakksamlega.

En fyrir mitt leyti skal jeg lýsa því yfir, að jeg ætla mjer ekki lengur að berjast fyrir þessari orðabók. Jeg hefi aldrei brugðið neinum um illar hvatir í sambandi við styrkinn til hennar, en aftur á móti hefir mjer verið brugðið um það, að jeg hafi viljað gera hann að bitlingi, þar sem jeg hefi þó viljað það eitt, að þetta yrði vísindalegt verk. Þessi ummæli um mig lýsi jeg því hrein og bein ósannindi.

Mönnum vex mjög í augum fje þetta. Og það er rjett, að mikið fje fer til bókarinnar. Að henni verða að starfa einir þrír menn í 20—25 ár, ef hún á að vera vel úr garði ger.

Til þess þarf sjálfsagt annað eins fje og til tveggja eða þriggja brúa, sem lagðar eru til að reka yfir þær sauðfje.

En væri það nú svo háskalegt? Þessi orðabók á líka að vera brú á milli fortíðar og framtíðar, auðvitað ekki til sauðfjárrekstrar, heldur til þess að halda við móðurmálinu, sem er hinn einasti vegur til þess, að þjóðin geti haldið sæti sínu meðal annara þjóða heimsins.

Annars skal jeg leggja niður að brjótast fyrir máli þessu, þar sem jeg er ekki svo miklu ver að mjer í íslensku en aðrir, að jeg sjálfur þurfi frekar öllum öðrum á bók þessari að halda.

Þá er brtt. á þgskj. 715, frá háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), sem nefndin getur ekki fallist á. Það er alls ekki of mikið, sem

samþykt var við 2. umr., að veita 5000 kr. til útgáfu þessarar orðabókar. En ef svo væri, að styrkurinn væri veittur ríflega, þá mundi það verða til þess, að bókin yrði því ódýrari, og mundi það ekki neitt illa farið.

En eins og jeg tók fram síðast, þá er nafn höfundarins, Geirs Zoëga rektors, nóg meðmæli með því, að bókin verði vönduð í alla staði. Og engum mun detta annað í hug en taka þau orð hans trúanleg, að þessi útgáfa verði bæði endurbætt og aukin. Þessi styrkur er því alls ekki of hár.

Þá er brtt. á þgskj. 692, um að gera orðabreytingu við 15. gr. 30.

Sú breyting getur ekki komið að neinu haldi, nema ef vera skyldi til þess, að gera manni þessum skapraun, og getur það ekki talist rjettmætt á neinn hátt.

Þá er brtt. á þgskj. 688, um að hækka styrkinn til Páls Þorkelssonar til málsháttasafnsins.

Um hana hefir nefndin óbundin atkv. og hefir því ekki falið mjer að segja neitt um hana.

Sama er að segja um brtt. frá háttv. þm. Barð. (H. K.), um að hækka styrk til annars manns, sem jeg ætla að sje Sighvatur Borgfirðingur. Nefndin hefir ekki heldur falið mjer að segja neitt um hana.

Um styrkinn til Hallgríms Hallgrímssonar til að semja sögu Íslands frá 1800 til 1918 hefi jeg ekki heldur umboð til að segja neitt frá nefndinni. Um hann hefir hún líka óbundin atkv. Sama er að segja um brtt. á þgskj. 713, við 15. gr. Nefndin hefir ekki gert neinar sjerstakar till. um það, hvort hækka eigi utanfararstyrk þessa manns eða ekki.

Þá er till. á þgskj. 694, um útgáfu dýralækningabókar. Er sá styrkur nú nær sanni, þar sem hann er áætlaður 75 kr. fyrir hverja prentaða örk. Till. meiri hl. nefndarinnar styrkja þessa till.

En fyrir henni þarf jeg ekki að tala, þar sem flm. hennar (S. S.) mun sjálfsagt fylgja henni úr garði með langri og snjallri ræðu.

Þá er brtt. á þskj. 693, frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), um að hækka styrkinn til efnarannsóknarstofunnar upp í 4000 hvort ár.

Nefndin telur sjálfsagt að samþ. þessa till., því að ef efnarannsóknarstofunni verður haldið áfram, verður auðvitað að borga forstöðumanni hennar svo vel, að lífvænleg sje staðan. Er því rjett að ákveða laun hans nú þegar, svo að ekki verði allir móthverfir því, að búa sig undir það starf. Er því nauðsynlegt að samþ. alla liðina á till. þessari, þar sem þeir eru í innbyrðis samræmi og allir nauðsynlegir.

Þá er hjer till. frá háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.), um verðlaun fyrir ódauðlið verk til Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, Hámundarstöðum. Nefndin er á móti þessari till., og vill láta hjer taka upp sið hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og vísa málinu til Búnaðarfjelagsins. Hún telur það rjettlátt. Maðurinn getur sent ritgerð sína Búnaðarfjelaginu, og fær sennilega ritlaun hjá því, þar sem það gefur út tímarit á landssjóðs kostnað.

Enn fremur er nefndin á móti till. á þgskj. 726, um fjárveitingu til fyrverandi vitavarðar, Jóns Helgasonar á Reykjanesi. Jeg ætla, að honum hafi áður verið veittur einhver styrkur, en nefndin álítur ekki ástæðu til að halda honum við.

Svo eru hjer nokkrar brtt., svo nýlega framkomnar, að nefndin hafði ekki tíma til að athuga þær. En jeg vil drepa á fáeinar þeirra.

Fyrst er hjer till. á þgskj. 734, um að ryðja akfæran veg frá Kópavogsskeri að Jökulsárbrú í Axarfirði og leggja til þess 1000 kr. úr landssjóði, gegn jafnmiklu gjaldi annarsstaðar frá. Þessi till. er sam-

ljóða till. frá nefndinni, og tekur því annaðhvort tillögumaður eða nefndin sína aftur.

Á þgskj. 740 er till. um að veita styrk til að senda fulltrúa fyrir íslenska blaðamenn á blaðamannafund fyrir Norðurlönd, og er jeg, sem þm., með þeirri till., af því, sem jeg hefi oft áður tekið hjer fram, að fullveldi þessa lands er nú viðurkent, og því alveg sjálfsagt að birta það og auglýsa í þessu sem öðru fyrir öðrum þjóðum. Þótt nú sje skift um, og Ísland fullveðja, mega menn ekki halda, að útlendar þjóðir horfi altaf á Ísland. Nei, við þurfum að auglýsa þetta, og við höfum veitt læknum styrk til þess, lögfræðingum og guðfræðingum líka. Sendiherra eigum við að senda. En jeg vil líka, að blaðamenn fái þennan litla styrk, svo þeir viti, útlendu blaðamennirnir, að blaðamenn sjeu líka til á Islandi, og geti tekið tillit til þessa. Jeg reikna þetta alls ekki sem óþarfa kostnað, heldur sem auglýsingagjald, sem margfaldlega borgar sig.

Magnús Guðmundsson: Jeg á hjer tvær brtt., aðra á þgskj. 689 og hina á þgskj. 690.

Um fyrri till. get jeg verið fáorður, því fjárveitinganefnd hefir fallist á hana. Býst jeg við, að nokkru hafi ráðið þar um, að einn maður a. m. k. í nefndinni er svo kunnugur í Holts- og Haganeshreppum, að hann veit, hve erfitt er að ná þar í lækni. Ástæður eru þannig, að það er bæði langt til læknis, og í öðru lagi oft mjög vont að komast til læknis nema á sjó, því svo miklum dyngjum hleður stundum niður af snjó á þessum slóðum, að ótrúlegt er þeim, sem ekki þekkja til. Er þá annaðhvort, að fara eftir lækninum til Siglufjarðar, eða Hofsóss. Siglufjarðarlæknirinn fæst oft og tíðum alls ekki, því hann er venjulega svo önnum kafinn. Er þá löng leið og erfið á hinn staðinn. Vona jeg, að deildin sjái, hve mikil sanngirni mælir með því, að þessi litli styrkur sje veittur.

Brtt. á þgskj. 690 er um að veita 50,000 krónur til raforkuveitu á Hólum í Hjaltadal. Jeg veit, að sumum hv. deildarmönnum muni þykja upphæðin nokkuð há. En jeg vil fullvissa hv. deild um, að jeg mundi ekki fara fram á þetta við hv. deild, ef það væri ekki sannfæring mín, að þessu fje væri eigi á glæ kastað, heldur að það komi aftur óbeinlínis í ríkissjóðinn í minkuðum gjöldum.

Skólinn þarf að minsta kosti 20 smálestir kola árlega. Og auk þess er brent taði, sem í sjálfu sjer er enn dýrara að nota til eldsneytis, og er óhæfilegt í bændaskólahúsi, sem á að vera til fyrirmyndar. En þótt því sje slept og kolin að eins talin, þá nemur sú upphæð minst 8000 kr. á ári, því óhætt er að reikna smálestina á 400 kr., komið heim til Hóla. Og núna á stríðstímunum hefir það kostað miklu meira. Mjer er líka kunnugt um, að kolin hafa oft viljað ódrýgjast á leiðinni heim að staðnum. Þau hafa verið send í pokum, og þeir oft ekki verið nema hálfir þegar heim kom. Það minsta, sem með þarf af steinolíu til staðarins, eru 10 tunnur á ári, og geta þær ekki kostað minna en 1000 kr., þangað komnar. En þetta sparaðist hvorttveggja ef raforkuveitan kæmist á. En þó sparnaðurinn yrði ekki nema 5000 kr. á ári, í stað 9000 kr., eins og hjer er sýnt fram á, eða maður gerði m. ö. o. ráð fyrir, að kostnaður við kola- og steinolíukaup minkaði úr 9000 kr. niður í 5000 kr., þá ætti fyrirtækið samt að geta borgað sig á 20 árum, með 5% afborgun, eða 2500 kr. á ári.

Jeg veit ekki, hvort hv. nefnd getur tekið þessar upplýsingar gildar frá mjer, þótt mjer sje hins vegar fullkunnugt um, að skólinn þarf að m. k. þetta, sem jeg tiltók, af kolum og steinolíu. Og jeg vona, að þegar hv. deildarmenn greiða atkv. um þetta, þá athugi þeir það um leið, að hjer er um

fyrirtæki að ræða, sem áreiðanlega borgar sig.

Björn R. Stefánsson: Jeg á hjer tvær brtt., og er sú fyrri á þgskj. 731. Þar er farið fram á 300 kr. styrk hvert árið til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu, til að vitja læknis. Mjer hefði ekki dottið í hug að fara fram á þetta, nema af því að farið er að styrkja hreppa, sem eiga miklu hægari aðstöðu en þessi hreppur. Þeir þm., sem flutt hafa frv. um fjölgun læknahjeraða, hafa stutt þau með þeim upplýsingum, að læknisvitjun til þeirra staða, þar sem þeir vilja fá nýjan lækni, kosti 90—120 kr. Læknisvitjun úr Breiðdal til Djúpavogs kostar nú varla minna en 90 krónur. Sjóleiðin á mótorbát, sem títt er nú orðið að fá til að flytja lækninn yfir Berufjörð, fram og til baka, kostar 30 kr. hvora leið, og 2 landferðir, fram og til baka, ekki minna en 30 kr. Þessi skýring vona jeg að nægi til þess, að menn sjái, að hjer er ekki síður rjettmæt krafa á ferðinni en aðrar samskonar, sem fram hafa komið í háttv. deild og samþ. hafa verið, þar sem erfiðleikinn og kostnaðurinn er hjer eins mikill og hjá þeim, sem fengið hafa alveg sjerstakan lækni.

Síðari brtt. er á þgskj. 732, um eftirgjöf á láni til Búðahrepps. Áður munu hafa verið gefnar eftir, að mig minnir, 1500 kr. af þessu láni, sem upphaflega var 6 þús kr., og nú ekki eftir nema 700, og hafa hreppsbúar farið fram á að fá þetta eftir gefið. Erindið lá fyrir fjárveitinganefnd, en jeg man ekki eftir, að hún hafi nokkuð minst á málið.

Út af þessari umsókn vil jeg enn fremur leyfa mjer að minna á það, að í nál. samgöngumálanefndar 1917 er það viðurkent, að enginn hreppur á landinu hafi orðið eins hart úti með fjárframlög til símalagningar eins og þessi hreppur, sem hjer á hlut að máli.

Loks skal minna á það, að þegar þessi símalína var lögð, var hún að eins hliðarálma, en er nú orðin partur af aðallínunni kringum landið.

Svo skal jeg drepa á fáeinar brtt. við 13. gr. Nefndin hefir ekki haft tíma til að halda fundi um þær. Og hvað snertir brtt. á þgskj. 685, þá hefir hún enga afstöðu tekið til Hvítárbátsins. En um brtt. á þgskj. 684 ætti að mega segja það, að líka gæti komið til tals að veita vissa uphæð til Faxaflóaferðanna, án þess að binda hana við nokkurt vist nafn, en meiri hluti nefndarinnar mun vera sama sinnis nú og áður, og vera því móti brtt. Þess er líka að gæta, að hverjum, sem tekst þessar ferðir á hendur, mundi koma ver að vita ekki í tíma, hvort hann eigi að fá styrkinn eða ekki, því hann gæti ekki farið að búa sig undir ferðirnar fyr en það væri afgert mál.

Um brtt. á þgskj. 717 verð jeg að segja það, að jeg tel varla gerlegt að mæla með henni, fyr en upplýst er um það, hvort Breiðafjarðarbáturinn gengur að því, að fara tvær ferðir á ári vestur á Ísafjörð. Fyrir því hefir maður enga vissu, og því varasamt að setja skilyrði, sem gæti orðið til þess, að styrkurinn yrði ekki þeginn, svo Breiðfirðingar yrðu bátlausir.

Einar Árnason: Jeg á brtt. á þgskj. 711, um þennan svo kallaða sendiherra. Hv. frsm. fjárveitinganefndar (M. P.) hefir þegar lýst afstöðu nefndarinnar til hennar, og eftir því, sem honum fórust orð, lítur út fyrir, að fjárveitinganefndin hafi orðið myrkfælin, er hún sá hana, og allir nefndarmenn ætli að snúa bökum saman til að verjast henni. Þetta kemur mjer undarlega fyrir, því mjer finst þessi till. vera ólíku aðgengilegri en samskonar till., sem kom fram við 2. umr., og sumir nefndarmenn

ljeðu þá atkv. Það mátti miklu fremur segja um þá till.,að samkvæmt henni væri sendiherranum gert ómögulegt að lifa. Hv. frsm. sagði, að með þessu væri verið að reka sendiherrann út á götuna, hann væri húsnæðislaus. En þetta er misskilningur. Jeg ætlast til, að fulltrúinn leggi sjer til húsnæði, eins og aðrir embættismenn ríkisins, því það gera embættismenn nálega undantekningarlaust. Jeg hefi líka sett laun fultrúans svo ríflег, að ekki þarf að greiða honum sjerstaka upphæð til húsaleigu. Í fljótu bragði virðist nú mönnum, ef til vill, að sparnaðurinn á þessum lið fjárlaganna verði lítill, þó þessi brtt. mín verði samþykt, þar sem lækkunin nemur ekki nema 4 þús. kr. á ári.

En jeg álít, að sparnaðurinn verði meiri, þegar til framkvæmdanna kemur. Jeg býst sem sje við, að engum komi til hugar, að fjárhæð sú, er fjárlagafrv. ætlar til sendiherrans, geri nokkuð nærri því að hrökkva, að minsta kosti þegar frá líður. Því að þess ber vel að gæta, að þegar ríkið hefir skipað mann í sendiherrastöðu, þá á hann heimtingu á því, að hann sje gerður svo vel úr garði fjárhagslega, að hann geti, hvað alla risnu snertir, fullkomlega staðið jafnfætis sendiherrum annara ríkja. Sendiherra á svo litlum launum, með kotungsbrag í öllu, getur naumast orðið ríkinu til sóma, jafnvel þó hann gæti persónulega unnið sjer traust og álit.

Viðvíkjandi þeirri fjárhæð, sem brtt. mín gerir ráð fyrir að verði veitt til fulltrúa, sem sje 24 þús. kr. á ári, þá get jeg vitanlega ekkert fullyrt um það, hvort hún muni hrökkva, en jeg tel hana svo ríflega setta, að lítil líkindi eru til þess, að hún muni fara fram úr þessu, og það tel jeg víst, að altaf verði hún allmikið fyrir neðan þann raunverulega sendiherrakostnað.

Þessi sparnaðarskoðun kann nú að þykja kotungsleg. En þess ber að gæta, að við erum smáríki, sem hefir í mörg horn að líta, og það er ekki til neins að dyljast þess, að við höfum ekki efni á því, að tolla í öllu tískuprjáli stórveldanna. Öll ónauðsynleg útgjöld verðum við að forðast. Það er betra að fara hægt af stað, og færa sig svo síðar upp á skaftið, heldur en að byrja hátt og geta svo ekki risið undir afleiðingunum. Ef við sjáumst ekki fyrir, jafnt í þessu sem öðru, þá stefnum við út á fjárhagslega glapstigu.

Því var haldið fram, þegar tilrætt var um sendiherrann hjer í deildinni um daginn, að ef þessi væntanlegi fulltrúi landsins hefði ekki sendiherranafnbót, þá gæti hann ekki notið sín til fulls; hann fengi naumast aðgang að hærri stöðum, og ynni þar af leiðandi ekki það gagn, sem hann ella gæti. Væri nú þessi skoðun rjett og á rökum bygð, þá er auðvitað nær sanni að horfa ekki í aukin útgjöld fyrir titilinn. En það mun nú margur hafa aðra skoðun á þessu atriði, og víst er um það, að engin reynsla er fengin fyrir því, að þetta verði svo í framkvæmdinni. Það myndi því tæpast miklu spilt, þó að þetta fyrirkomulag, sem brtt. gerir ráð fyrir, væri reynt. Fari svo, að það gefist ekki vel eða reynist ófullnægjandi, þá getur komið til mála að breyta eitthvað til. — Ekki svo að skilja, að jeg búist við, að til þess komi. Því að sje þetta fulltrúastarf skipað vel hæfum og duglegum manni — og það er aðalatriðið —, þá mun það sannast, að nafnbótin er einskisvirði. Það mun reynast svo, eins á þessu sviði sem öðrum, að hæfileikarnir og mannkostirnir, en ekki nafnbæturnar, ráða mestu um það, hvort menn verða þjóð sinni til nytsemdar eða ekki.

Jeg tel þarflaust að teygja lopann um þetta mál nú; það var svo þaulrætt hjer í deildinni um daginn. Jeg hefi að eins skýrt afstöðu mína til þess í sambandi við þá brtt., sem jeg ber fram, og legg svo málið á vald háttv. deildar.

En þá vil jeg víkja að annari brtt., sem

jeg flyt, á þgskj 713, um hækkun á utanfararstyrk til Guðmundar Ólafssonar. Þessi maður hafði sótt um styrk til þess að fara utan og kynna sjer kenslu- og skólamál. Fjárveitinganefndin tók styrkinn upp í fjárlagafrv., og var hann 2000 kr. En jeg átti tal við Guðmund eftir að hann hafði sent styrkbeiðnina til þingsins, og sagði hann, að þegar hann hefði farið að íhuga málið betur, hefði hann sjeð að hann gæti ekki komist af með 2000 kr., og kvað sjer ekki veita af 3000 kr. En jeg treysti mjer ekki til að hreyfa þessu við fjárveitinganefndina, af því að jeg hjelt, að þeim yrði öllum gert jafnhátt undir höfði, sem sótt höfðu um samskonar styrk. En af því, að deildin hefir hækkað við einn af mönnum þessum, hefi jeg afráðið að fara fram á þessa hækkun. Jeg skal geta þess, að maður sá, sem hjer á hlut að máli, er í mjög góðu áliti og hefir mjög góð meðmæli frá kennurum sínum. Það er óhætt að segja, að hann hefir ágætar námsgáfur. Hann hefir útskrifast af gagnfræðaskólanum á Akureyri og síðan af kennaraskólanum árið 1910.

Sjera Magnús Helgason skólastjóri segir um hann: „Og er hann einn þeirra manna, er hlotið hafa hjer hæstu einkunn við slík próf, og bestan orðstír yfirleitt.“ Þetta eru mjög góð meðmæli frá jafnmerkum manni. Síðan Guðmundur tók próf af kennaraskólanum hefir hann stöðugt starfað að kenslu. Hann var fyrst 2 ár kennari við Hvítárbakkaskólann, en síðan hefir hann stöðugt kent í Þingeyjarsýslu, bæði við barna- og unglingaskóla. Nú er sú hreyfing mjög uppi í Þingeyjarsýslu, að koma þar á fót lýðskóla, og þeir, sem gangast fyrir þessari hreyfingu, hafa sjerstakan augastað á þessum manni sem skólastjóra og hafa hvatt hann til að leita sjer fræðslu til annara landa í skólamálum. En það er nú um þennan mann að segja, eins og svo marga aðra, að hann er efnalaus og getur ekki aflað sjer þessarar fræðslu af eigin ramleik. Hann hefir eytt bestu árum æfinnar til náms og síðar kenslu, sem hefir verið illa borguð, og stundað búskap á harðangursköti. En nú vill hann snúa sjer óskiftum að kenslu og skólamálum, og vonast til að fá lífvænlega stöðu við þau störf. Jeg vænti því, að deildin taki brtt. minni vel.

Þá á jeg brtt. á þgskj. 712, að styrkur til skálda og listamanna verði færður niður í 16 þús. úr 22 þús. Um þá till. þarf jeg ekki að fjölyrða, því að hún skýrir sig sjálf. Háttv. frsm. (B. J.) lagði á móti henni, og skal jeg ekki deila við hann um það.

Björn Kristjánsson: Jeg á 3 brtt. Fyrsta brtt. er á þgskj. 692, við 1200 kr. styrkveitingu hvort ár til Frímanns Arngrímssonar. Í till.stendur, að styrkurinn sje veittur „til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt“. Jeg hefi skilið þetta svo, að hann ætti bæði að safna og rannsaka. En þetta álít jeg manninum ofvaxið. Þess vegna hefi jeg lagt til, að setningunni sje breytt þannig: „eftir því, sem hann getur“. Þetta er ekki af því, að jeg álíti manninn ófæran til rannsóknanna, heldur vegna hins, að hann vantar öll tök til þess. Auðvitað mundi hann geta rannsakað það t. d., hvort hjer sje leir sem væri hæfur í múrstein, eða hvort hjer væri kalk. En jeg hygg, að hann gæti ekki rannsakað fleira. Till. mín miðar alls ekki að því, að gera manninum skapraun, heldur þvert á móti að því, að greiða fyrir honum.

Þá er önnur brtt., á þgskj. 693, um aukið tillag til efnafræðisstofnunarinnar. Fjárveitinganefnd hefir tekið till. þessari vel og telur sjálfsagt, að deildin samþ. hana. En jeg skal taka það fram, að það þarf að gera meira fyrir þessa stofnun, ef hún á að koma að verulegu gagni. Jeg býst við, að allir viðurkenni, að efnarannsóknarstofnun sje nauðsynleg öllum atvinnuvegum, landbún-

aði, sjávarútvegi, verslun o. fl. Landinu er nauðsynlegt að eignast fullkomna efnarannsóknarstofu. En það er þessi ekki. Henni er tildrað upp af vanefnum og er þess vegna mjög ófullkomin. Hana vantar t. d. reykháfa og skápa, til þess að taka á móti sýrulofti, eða með öðrum orðum: það er ókleift að fást við efni, sem reykur er af, nema með því móti að leggja líf sitt í hættu. Rannsóknarstofan þyrfti að vera í tveim deildum, önnur til þess að rannsaka í lífræn og hin ólífræn efni. Og þá þyrfti tvo menn við hana, og laun þeirra þyrftu að vera svo góð, að almennilegir menn fengjust til að taka að sjer þetta starf. 2400 kr. er alt of lítið. Allir þekkja Gísla Guðmundsson og vita hver dugnaðarmaður hann er. Jeg hefi lagt það til, að þóknun hans væri hækkuð úr 300 kr. upp í 500 kr. í athugasemdinni, og svo hefi jeg bætt við 1200 kr. til aðstoðarmanns. Starf hans verður ekki vandasamara en svo, að hver vandaður og greindur maður getur leyst það af hendi. En aðstoðarmaður er nauðsynlegur, til þess að slíta ekki kröftum efnafræðingsins um of til verka, er enga efnafræðilega þekkingu þarf til, enda hefir nefndin fallist á þessa till. En það hefði þurft meira fje á þessu þingi til þess að gera stofnunina vel nothæfa. Skáparnir eru smíðaðir af mönnum, sem ekki kunnu það, og þar að auki vantar rellu til þess að draga sýruloftið út úr skápunum í reykháfinn. Læknaskólanemendur verða t. d. að standa þarna í þykkum sýrureyk allan námstímann. Úr þessu hefði þurft að bæta nú þegar.

Þriðja brtt. mín er á þgskj. 647, og er gevmd frá 2. umr., til þess að nefndin hefði tækifæri til að gera till. um hana. En hún kom ekki til tals í ræðu háttv. frsm., sennilega af því, að nefndin hefir haft málið til meðferðar í öðru formi, sem hún vildi ekki fallast á. Jeg þorði ekki að hafa till. víðtækari fyrst í stað, til þess að vera nokkurn veginn viss um, að við gætum fengið nauðsynleg verkfæri. En nefndin virðist vera í vafa um, hvort hjer eigi að skapa námuverkfræðingsembætti. Og þetta liggur í því, að nefndinni hefir ekki verið kunnugt um, hvaða verkefni hjer liggja fyrir. En verkefnin eru þau, að setja hann yfir Helgafellsnámuna, sem hefir verið í óreiðu í 10 ár. Náman var leigð Frökkum fyrir 10 árum, en eftirtekjan hefir verið lítil Nú er þessi tími útrunnin þetta ár eða næsta, og liggur þá næst, að verkfræðingurinn verði settur yfir námuna, og hún rekin á kostnað landsins. Náma þessi er mjög dýrmæt eign, og má líkja henni við demantsnámu, og má ekki leigja hana hinum og þessum, án þess að gerð sje full grein fyrir því, hversu arðurinn af námunni sje mikill. Jeg lít svo á, að það sje mjög nauðsynlegt fyrir landið, að verkfærin verði keypt.

Þetta vildi jeg benda háttv. deild á, og skal svo ekki eyða tímanum frekar.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi nú hlýtt um stund á kveðjusendingar hv. frsm. (B. J.), og fanst mjer það alt að vonum vera. Það sem jeg fjekk helst út úr þeim, var það, að nefndin væri fús á að ganga að brtt., sem lúta að öllum frekari fjárveitingum, en stirð á að taka aðrar til greina. Þetta er gagnstætt því, sem jeg hafði búist við. En jeg skal samt ekki átelja nefndina frekar, því jeg geri ráð fyrir, að hún hafi sínar góðu ástæður fyrir þessu.

Í þetta skifti á jeg 4 brtt. við fjárlagafrv., og er þeim líkt farið og brtt. þeim, sem jeg flutti hjer við 2. umr., því að þær miða að því, að draga ofurlítið úr fjáreyðslu á nokkrum sviðum.

Brtt. við 12. gr. lýtur að því að fella niður styrkinn til minningarsjóðs Maríu Össurard. Frsm. tók þunglega á þessari brtt. minni og kvað hana vera óframbærilega. Jeg mun hafa tekið það fram við 2. umr., hvernig

hjer stendur á. Þessi heiðurskona er dáin fyrir nokkrum árum, og til minningar um hana var stofnaður sjóður. Enn þá hefir ekki safnast meira en 1300 kr., en sjóðurinn verður starffær, þegar stofnfjeð er orðið 2000 kr. Hreppur sá, sem hjer á hlut að máli, er mjög vel stæður, einn af auðugustu hreppum landsins, og er því vel fær um að gera sjóðinn starffæran af eigin ramleik. Minningu konunnar er jafnvel borgið, hvort sem þessi fjárhæð verður veitt eða ekki. Jeg get búist við því, af því jeg þekti þessa konu nokkuð, að hún hefði fremur viljað verja þessu fje þar, sem þörfin var meiri. Og nú hefir svo illa tekist til, að maður hefir fallið út af fjárlögunum, sem áður var á þeim og lengi hafði verið í þjónustu landsins, maður sem hefir fylstu þörf styrks, og sæmra er að styrkja, en að snara fjenu í þennan auðuga hrepp. Þetta er Jón Helgason, vitavörður á Reykjanesi. Jeg efast ekki um, að heiðurskonunni látnu hefði verið nær skapi, að fjenu væri varið til hjálpar honum, sem þörf hefir, en á þann veg, sem hjer er ráðgert, og auðvitað kemur af því, að einstakur fjárveitinganefndarmaður er með þessu að gæða kjósendum sínum.

Brtt. á þgskj. 723 og 726 heyra því saman og standa og falla í raun og veru hvor með annari.

Jeg mun samt ekki taka aftur brtt. mína á þgskj. 726, þótt sú fyrri falli, heldur lofa hv. deild að fella hana.

Þá er brtt. á þgskj. 724. Hún lýtur að því, að færa til fjárveitingarnar til vitanna eystra, þannig, að veitingarnar til Strætishornsvita og Papeyjarvita komi á fyrra ár fjárhagstímabilsins. En eftir frv., eins og það liggur fyrir, er þessum fjárveitingum ætlað að koma á síðara árið ásamt Kambanesvitanum. Jeg lít svo á, að það sjeu þessir 2 vitar, sem fyrst og fremst eigi að hugsa fyrir, og einkanlega gera siglingaleiðina frá og til Berufjarðar færa, eins og líka strandsiglingarnar þar fram með landinu. Þeir hafa því, að mínum dómi, miklu meiri þýðingu heldur en jafnvel Kambanesvitinn og aðrir þeir vitar, sem um er kept, og því ber að flýta byggingu þeirra sem mest. Hver vertíð, sem tapast að meira eða minna leyti á Austfjörðum fyrir þá sök, að ekki eru ráðnar bætur á höfnum og siglingaleiðum við Berufjörð, bakar stórtjón, ekki að eins fyrir útveginn þar, heldur líka fyrir alt landið eða landssjóð, sem aðallega dregur tekjur sínar frá útveginum. Að flýta byggingu þessara vita er því hinn mesti búhnykkur fyrir landssjóð. Jeg vildi óska, að háttv. deild byndi sig eigi rígfast í till. nefndarinnar, enda þótt vitamálastjóri, af ástæðum sem mjer eru ekki nægilega kunnar eða ljósar, kynni að vilja fresta byggingu þessara vita. Hins vegar skil jeg vel, að haga verður þessu nokkuð eftir atvikum, efnisútvegum o. fl. En jeg vildi með þessu gefa hvöt til, ef atvikin eru því ekki til fyrirstöðu, að framkvæmdar yrðu þessar vitabyggingar fyrra árið, en þeim eigi frestað vegna annara ónauðsynlegri vita. Þetta er því meira vert, sem ekki er sjáanlegt, að neinar hafnarbætur fáist að þessu sinni á Hornafirði, sem eins og kunnugt er, má teljast önnur þrautalending Austfirðinga á vetrarvertíð. Austfirski útvegurinn stendur og fellur með þessum tveim lendingarstöðvum. Og verði þeir ekki bættir, er tæpast hægt lengur að tala um hann sem sjálfstæðan atvinnuveg.

Þá á jeg eftir að minnast á brtt. mína á þgskj. 725, 19. b. við 15. gr., um að fella burtu fjárveitinguna til þýðingar á Goethes „Faust". Það er ef til vill litið á till. sem olnbogaskot frá mjer til hv. þm. Dala. (B. J.). En mjer finst þvert á móti, að miklu fremur beri að líta á þetta eins og sje það greiðvikni við hann af minni hálfu. Eins og hann veit best sjálfur, þá er þessi bitlingur, á hverju þingi, látinn með svo mikl-

um eftirtölum, að góðverk verður að telja að losa hv. þm. við hvorttveggja og píslarvættið um leið, og svo góðs ann jeg þessum vini mínum, að hvorttveggja vildi jeg losa hann við. Ef mig minnir rjett, þá er nú búið að veita þennan styrk í 5 ár, eða alls 6000 kr., sem jeg held að sje sæmileg borgun fyrir útleggingu þá, sem búin er. Eftir er að vísu útgáfukostnaður, en ekki tel jeg úr vegi að hlaupa undir bagga með hann þegar handritið kemur eða er orðið sýnilegt.

Hins vegar verð jeg að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að jeg tel ekki Faust það guðspjall, sem vjer eigum að kasta til stórupphæðum. Hann er ekki það fremri ýmsum öðrum skáldritum merkra höfunda, sem bíða betri tíma eftir útleggingu. Auk þess er fjöldi Íslendinga svo bókfær, að geta kynt sjer þetta verk á hinum skandinavisku málunum.

Af því að annar hv. þm. hefir komið fram með samskonar till. og þessa, maður, sem á hugmyndina um að fella þetta ófjeti út af fjárlögunum, mun jeg eftirláta honum að hjástra betur við brtt. og bera hana fram til sigurs; þess vegna tek jeg mína till. aftur, og verður hans till. þá borin undir atkv.

Stefán Stefánsson: Það var allangt liðið á þetta þing, þegar mjer barst brjef frá símstöðvarstjóranum á Siglufirði, þar sem hann kvartar yfir því, hve hart hann hafi orðið úti með launakjör sín sem símstöðvarstjóri nú í þessari dýrtíð. Og mælist hann til þess við mig í brjefi sínu, að jeg gangist fyrir því, að hlutur hans verði rjettur nú á þessu þingi. Fyrir því er þessi brtt. á þgskj. 720 komin fram.

Jeg hefi leitt þetta í tal við landssímastjórann, Forberg, og tók hann því góðfúslega og fjelst á, að sanngjarnt væri, að þessi símstjóri fengi einhverja uppbót, og kvaðst skyldi mæla með því við fjárveitinganefnd. Skrifaði jeg því nefndinni skömmu síðar og fór fram á, að hann fengi 1500 kr. uppbót alls, eða sem svarar 300 kr. árlega síðastliðin 5 ár. Gaf jeg það í skyn um leið, að landssímastjóri mundi þessari till. meðmæltur. Frsm. nefndarinnar hefir síðan snúið sjer til landssímastjóra, og fer þá svo, að hann treystist ekki að mæla með nema 240 kr. á ári, sem verður samtals 1200 kr., og það er vissulega sú allra lægsta upphæð, sem hægt er að fara fram á. — Þó að mjer kæmi á óvart þessar undirtektir landssímastjóra, eftir umtali okkar, þótti mjer þó hyggilegra að lækka till. mína niður í 1200 kr., eins og landssímastjóra þóknaðist að binda meðmæli sín við. Jeg vænti þess því fastlega, að ekki einungis frsm., heldur líka nefndin öll, eða að minsta kosti meiri hluti hennar, verði með þessari fjárveitingu. Annars verð jeg að benda á eitt atriði, sem mjer fanst sjerstaklega undarlegt í þessu máli. Það er álit fjárveitinganefndar á síðasta ári. Í nál. farast henni þannig orð:

> „Án þess að nefndin vilji segja neitt alment álit sitt um tillögur landssímastjóra um úthlutun á launaviðbótum, þá verður nefndin að líta svo á, að engin sanngirni sje í því, að stöðvarnar í Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og *Siglufirði*, sæti þeim kjörum, sem þar er stungið upp á, og væntir þess, að stjórnin sjái um, að símafólkið á þessum stöðum sæti líkum launabótum og annarsstaðar að tiltölu, eins og það væri beint í þjónustu landssímans".

Nú atvikaðist það svo, líklega fyrir einhverja vangá, að þessi símastöðvarstjóri hefir enga uppbót fengið fyrir síðastl. ár, sem þó er skýrt tekið fram í áliti nefndarinnar síðastliðið sumar. — Þessi maður hefir verið símastöðvarstjóri öll þau ár, sem sími hefir verið á Siglufirði, fyrir sáralítil laun. T. d. hafði hann núna dýrtíðarárin 1916 1200 kr., 1917 1200 kr. + 779 kr. dýrtíð-

aruppbót, 1918 1335 kr. Auk þessa er eitthvað lítið fyrir boðsendingar, sem hann verður sennilega að svara frá sjer að miklu leyti til sendisveina. Þegar þessa er gætt, finst mjer það hljóta að vera full sanngirni, að kröfum þessa manns sje vel tekið. Þetta er þar að auki bláfátækur maður með 8 skylduómaga. Þó hefir hann lyft því Grettistaki að reisa stórt steinhús sem bæði er símastöð og pósthús bæjarins. Með því hefir hann, næstum fjelaus fjölskyldumaður, leyst þann vanda, að báðar þessar stofnanir þyrftu að basla við algerlega ónógt og ósæmilegt húspláss.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Að eins vænti jeg þess, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja jafnsanngjarna og sjálfsagða uppbótarkröfu og hjer um ræðir. Það var ekki með fúsum vilja, að jeg lækkaði þessa upphæð, jafnhófleg og hún var. En sem sagt sá jeg mjer þann kostinn vænstan, af því að jeg þóttist með því fá fulla tryggingu fyrir því, að till. næði fram að ganga.

Þorsteinn Jónsson: Jeg ætla að taka það fram viðvíkjandi brtt. á þgskj. 721, að hún er borin fram í samráði við póstmeistara. Jeg hefi fengið áskorun um, að Borgarfjörður eystra verði gerður að póstafgreiðslustað. Enda er hann stærri en margir aðrir staðir, sem hafa póstafgreiðslu. Jeg þarf ekki að fjölyrða um, hvað það er miklu þægilegra fyrir þá sveit, að þessi breyting sje gerð, enda fjelst póstmeistari á þetta. Hins vegar sagði hann, að fje það, sem veitt væri til póstafgreiðslu, væri af svo skornum skamti, að ekki væri hægt að klípa af því; þyrfti því að auka fjárframlagið, ef þetta ætti að gerast. Kostnaðarauki, sem af þessu leiddi, mundi ekki nema miklu. Fyrsta árið yrði hann sem svarar 400 kr., en síðan 100 kr. Og eins og menn sjá, hefi jeg farið fram á 300 kr. hækkun á ári. — Þar sem nú háttv. frsm. (M. P.) hafði svo góð orð um þetta mál, og kvað nefndina ætlast til, að þetta yrði gert, að setja þarna póstafgreiðslu í stað brjefhirðingar, og að nefndin mundi taka þetta til greina þegar þessir liðir yrðu lagfærðir, þá sje jeg mjer fært að taka till. aftur.

Þá kem jeg að styrknum til fjelagsins „Íslendingur".

Eins og kunnugt er, þá höfum við Íslendingar fundið sárt til þeirrar blóðtöku, sem við höfum orðið fyrir af flutningnum vestur um haf. Fjöldi manna hefir þyrpst hjeðan af landi burt til Ameríku og horfið þar í hið breska þjóðarhaf, öllum gleymdir og horfnir hjer heima, nema má ske einhverjum nánum ættingjum. Vitanlega lifa þó endurminningar hjá þessum mönnum um landið og þjóðina, sem þeir yfirgáfu. Tilfinningar þeirra fyrir íslensku þjóðerni deyja ekki, en þeir sjá fram á það, að ekki einungis þeir eru glataðir þjóðinni, heldur líka niðjar þeirra.

Þetta var undirrót þess, að síðasta vetur var stofnaður fjelagsskapur meðal Íslendinga í Vesturheimi, til þess að viðhalda íslensku þjóðerni. — Ef þessi hugmynd tækist í framkvæmdinni, að viðhalda íslensku þjóðerni þar vestra, ekki eingöngu meðal þeirra, er nú lifa, heldur og niðja þeirra, þá má segja, að sá skaði sje að nokkru bættur, sem Ísland beið við brottför þessara manna. Ef íslensk tunga og mentun helst og fær að þróast hjá bræðrum vorum vestan hafs, þá er mikið unnið fyrir íslenskt þjóðerni. Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um, hvílíkur hagur það er íslenskri tungu og íslenskum bókmentum, að sem flestir skilji og tali málið. Því var það, að fyrir nokkru síðan gengust fáeinir menn fyrir stofnun fjelagsins Íslendingur, sem hafði það markmið, að halda við sambandinu milli okkar og Vestur-Íslendinga og tengja þau bönd sem fastast.

Mönnum er kunnugt um, að undanfarin ár hafa Íslendingar vestra tekið upp þann sið, að bjóða til sín ungum, efnilegum prestum, og fleirum, til dvalar þar í landi. Tilgangurinn með þessu er sá, að þessir menn, sem kæmu hjeðan að heiman, bljesu nýjum krafti og afli í viðleitni þeirra til að halda við íslensku þjóðerni og máli. Sama er að segja um þetta nýstofnaða fjelag hjer heima. Ætlun þess er að styrkja Vestur-Íslendinga í þessari lofsamlegu viðleitni þeirra. Fjelagið mun hafa hugsað sjer að senda góðan og hæfan mann vestur, til þess að halda þar fyrirlestra og vinna að þessu marki. Enn fremur hefir fjelagið hugsað sjer að hafa skrifstofu hjer í Reykjavík, sem Vestur-Íslendingar gætu snúið sjer til, til að fá upplýsingar, bæði þeir, sem koma hingað, og oft munu eiga erfitt, er þeir eru öllum ókunnugir, en hafa má ske í hyggju að setjast hjer að, og eins hinir, sem vilja fræðast um eitthvað vestan að. Auk þess þurfa þeir oft, eins og gefur að skilja, að fá vitneskju um menn hjer heima, ættingja sína og aðra, ná í íslenskar bækur, sem annars er oft erfitt fyrir þá, og annað þess háttar. Í þessu tilliti ætti slík skrifstofa að geta gert mikið gagn.

Jeg ætla ekki að fjölyrða um þetta. Jeg vænti þess, að þetta sje mönnum svo mikið tilfinningamál, að þeir vilji verða við þessari litlu fjárbeiðni, sem á að verja til að styrkja þetta þjóðarbrot okkar Íslendinga í Vesturheimi til að viðhalda tungu og þjóðerni og standast baráttuna móti því, að hverfa inn í breska þjóðarbáknið. Eins og jeg gat um áðan, ætlar fjelagið sjer að senda valinkunna menn vestur við og við, til að halda fyrirlestra, en sjer það ekki fært, nema það fái einhvern styrk. Styrkveitingin fyrra árið er ætluð sjerstökum manni, í þessu augnamiði, en síðari veitingin á að ganga til hinnar fyrirhuguðu skrifstofu.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að fjárveitingunni til Hallgríms Hallgrímssonar. Við Íslendingar höfum oft gumað af því, að við værum mikil söguþjóð. En þó er nú svo, að við eigum ekki skrifaða ítarlega sögu landsins, nema á litlum kafla. Það eru stór tímabil í sögu okkar, sem eru óplægður akur, sem mikla vinnu og þekkingu þarf til að vinna upp. Um langt skeið hefir að eins einn maður fengið styrk til að skrifa Íslendingasögu. Hann er nú kominn fram á 12. öld með verkið. En þessi maður er nú talsvert við aldur, og endist varla tími til að ljúka við lengra en út þjóðveldisöldina, eins og líka er skiljanlegt, því að það er margra manna verk að skrifa alla Íslendingasögu ítarlega.

Hallgrímur Hallgrímsson er eini magister í sögu hjer á landi. Hann hefir fyrir skömmu lokið prófi, með hárri fyrstu einkunn. Af mentuðum mönnum, sem til hans þekkja, er hann álitinn mjög efnilegur maður til þessa lífsstarfs, er hann hefir valið sjer. Hann mun ætla sjer að rita sögu Íslands frá því um 1800 og þar til það fær fullveldi, 1. des. 1918. Nú stendur þannig á, að honum býðst góð staða í öðrum landsfjórðungi. En honum er það ljóst, að hann muni ekki geta gefið sig jafnvel við sögustarfi sínu þar eins og hann væri hjer. Eins og gefur að skilja, þarf hann að eiga aðgang að Landsbókasafninu hjer í Reykjavík. Þar eru þau bestu gögn, sem er að fá, til að rita sögu Íslands, og ekki annarsstaðar hjer á landi. Auk þess mun hann þurfa að fá sumt af þessum gögnum frá útlöndum. Hann hugsar sjer þetta verk alhliða sögu, pólitíska, menningar- og bókmentasögu að nokkru leyti. Þessi styrkur, sem farið er fram á fyrir hann, finst mjer vera mjög hæfilegur, 2000 kr. Vitanlega verður hann að vinna annað með fram, því að hann er aðstoðarbókavörður á Landsbókasafninu,

enda mundi þessi veiting hvergi nærri hrökkva til, ef hann ætti að lifa á henni einni þann tíma, sem hann væri að skrifa söguna.

Þá vildi jeg rjett minnast á styrkinn til blaðamannafjelagsins. Sú beiðni er flutt að ósk þess fjelags. Það kom til mín sendimaður frá því nú í dag og bað mig að flytja þetta, þar eð fjelaginu hefði verið gefinn kostur á að senda blaðamenn á samkomu, sem haldin verður í Stokkhólmi, fyrir blaðamenn frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Íslandi.

Blaðamenn bæjarins áttu fund með sjer í gærkveldi, og var samþykt þar að senda mann, ef fjárstyrkur fengist. Kaus fundurinn til fararinnar Vilh. Finsen, ritstjóra Morgunblaðsins. Af því að mjer leist, að það gæti haft talsverða þýðingu að senda einn mann, þótt betra hefði verið að geta sent fleiri, þá taldi jeg rjett að taka að mjer að flytja till. þessa. Mjer virðist, sem þessi för muni geta haft meira að segja fyrir landið, en sem svarar þessari fjárupphæð. Þarf ekki að fara um það mörgum orðum, hvað kynning hefir að þýða fyrir okkur. Það hefir gert oss mestu erfiðleika í verslunarviðskiftum við umheiminn, hve landið hefir verið lítið kunnugt. Blöðin eru boðberar mannkynsins heimshorna milli, og kynningin hlýtur að berast mest þær leiðir.

Ef það gæti tekist að senda hjeðan sæmilegan mann á blaðamannafundinn í Stokkhólmi, þá gæti það drjúgum stuðlað að því, að kynna landið. Þessi maður skýrir frá mörgu, sem hjer gerist, og hinir blaðamennirnir geta þess í blöðum sínum. Jeg get mjer þess til, að flestum muni þykja fróðlegt að frjetta eitthvað frá þessu landi, sem þessi litla þjóð byggir, sem nú hefir nýlega tekið sjer sæti á bekk með fullvalda þjóðum heimsins.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir. Fyrir mjer vakir, að með kynningu þeirri, sem leiðir af þessari för, muni þessi peningaupphæð meira en borga sig. Blaðamenn allra Norðurlanda hafa komið á samvinnu milli allra blaðamannafjelaga þessara landa, og vjer megum ekki skerast úr leik.

Aðrar brtt. hefi jeg eigi að flytja við fjárlögin. Eins og allir sjá, er það engin „hreppapólitík“, sem skín út úr þessum till. Þær snerta allar landið og þjóðina í heild sinni.

Þá vildi jeg að eins minnast á eina brtt., um hækkun á utanfararstyrk Guðm. Ólafssonar frá Sörlastöðum. Jeg mun vera honum kunnugri en flestir hjer. Get jeg því fullvissað menn um, að það voru síst of góð ummæli, er hv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) fór um hann. Í gagnfræðaskólanum á Akureyri þótti hann ágætur námsmaður, og gáfumaður. Er hann kom þaðan, lagði hann um hríð stund á kenslustörf, fór síðan á kennaraskólann og útskrifaðist þaðan með ágætisprófi. Síðan hefir hann stundað kenslu nyrðra. Hann hefir fengið svo ágætt orð á Norðurlandi, að fyrirhugað er, að hann taki að sjer forstöðu alþýðuskóla, sem Þingeyingar hafa í hyggju að setja á stofn.

Hákon Kristófersson: Jeg á að þessu sinni fjórar brtt., sem jeg vildi minnast á.

Eins og brtt. á þgskj. 716 ber með sjer, er styrkur sá, sem þar er um að ræða, ætlaður til aðgerðar á sjúkrahúsinu á Patreksfirði. Frsm. að þessum kafla fjárlaganna, hv. þm. Stranda. (M. P.), hefir nú farið um hann nokkrum orðum. Hann gat þess, að þessi brtt. hefði komið á síðustu stundu, og fjárveitinganefnd á óvart, engin skýrsla hefði fylgt með, og því gæti fjárveitinganefndin, sem slík, enga afstöðu tekið um hana. En þó skildist mjer, að nefndin væri till. frekar mótfallin.

Eins og sjest á till., er þar farið fram á

styrk í ákveðnum tilgangi, mót ákveðnu tillagi annarsstaðar frá. Er því till. alls ekki út í bláinn. Greiðsla þessa styrks gat alls ekki átt sjer stað, ef eigi kæmi tillag annarsstaðar frá, jafnmikið eða meira. Verð jeg því að líta svo á, að hv. fjárveitinganefnd hljóti að hafa aðrar ástæður til að vera á móti till. en þá, að hún gæti ekki sjeð þörfina á þessari fjárveitingu.

Jeg vil geta þess, í sambandi við till., að á síðasta sýslufundi Vestur-Barðastrandarsýslu var það — að mínu áliti — óhapparáð upp tekið, að loka sjúkrahúsinu. Var það gert af því, meðal annars, að meiri hluti sýslunefndar leit svo á, að það væri, eins og stæði, óhæfilegur dvalarstaður sjúklinga.

Sýslunefnd gerði lauslega áætlun um, hvað kosta myndi sæmileg viðgerð á húsinu. Vitanlega var sú áætlun ekki gerð af neinum fagmönnum í húsagerð, en þó hygg jeg, að þeir hafi getað gert sjer lausa grein fyrir því, er snerti alt innan húss. Aðalviðgerðin er á grunnmúrnum, sem heita má alveg ónýtur, hvernig sem á stendur. Sömuleiðis eru vatnsleiðslupípur allar bilaðar, og vatnsleiðslan því í ólagi. Enn fremur ber brýn nauðsyn til að „kítta" alla glugga og smíða innri glugga í húsið. Sömuleiðis þarf að gera við nálega öll herbergi í húsinu að innan.

Eftir hinni lauslegu áætlun sýslunefndar er álitið, að öll þessi viðgerð, eigi hún að vera sæmileg, geti eigi kostað minna en 5—6 þús. kr.

Mjer var falið að leita til þingsins um styrk í þessu skyni, því sýslunefndinni virtist auðsætt, að sýslusjóður mundi ekki hjálparlaus vera fær um að leggja á sig útgjöld þau, er hin óhjákvæmilega viðgerð hlaut að leiða af sjer. Var gert ráð fyrir því, að sýslumaður sendi álit sýslunefndar og áætlun um kostnaðinn. En mjer hefir ekki borist nein umsögn frá okkar mæta og ágæta yfirvaldi, og býst jeg við, að það sje af gleymsku.

Eins og jeg hefi nú margtekið fram, er hjer að ræða um aðgerð á sjúkrahúsi. Kemur mjer það þess vegna undarlega fyrir, að einmitt eini læknirinn í nefndinni skuli ekki hugsa sig um, áður en hann legst á móti slíkri till. Vitanlega tók hann ekki skýrt fram, að hann væri á móti henni, en mjer skildist það þó helst. (*M. P.*: Tek það skýrar fram næst).

Þar sem nú hjer er ekki farið fram á mikla upphæð, og svo er ráð fyrir gert, að hún fari aldrei fram úr helmingi kostnaðar, vænti jeg þess, að hv. deild þyki till. sanngjörn og leyfi henni fram að ganga. Hefi jeg nú lýst þessari till. og aðaltildrögum hennar, og læt hjer við sitja.

Þá er brtt. á þgskj. 717. Skal jeg strax geta þess, að þar hefir orðið meinleg ritvilla. Þar átti að standa Króksfjarðarnes, en stendur Skógarnes. Hv. frsm. fjárveitinganefndar (M. P.) gat þess, að nefndin, sem slík, hefði ekki getað tekið afstöðu til þessarar till., en gerði ráð fyrir, að jeg hefði ráðfært mig við samgöngumálanefnd um till. Jeg verð því miður að viðurkenna, að jeg gerði það ekki, og er það líklega yfirsjón mín. En jeg leit svo á, að hv. fjárveitinganefnd hefði mikið um þetta að segja, þar sem það stæði í sambandi við styrk úr landssjóði. Og þar sem fjárveitinganefnd hefir getað sett Breiðafjarðarbátnum það skilyrði, að hann skuli koma við í Skógarnesi og Búðum í tveim ferðum, þá hlýtur hún að geta tekið afstöðu til till. minnar, annaðhvort með eða móti.

Ástæðan til þess, að jeg flyt till., er sú, að á mig var skorað á þingmálafundum, og sú áskorun hefir legið hjer frammi, að stuðla að því, að þessi bátur væri látinn fara tvær ferðir haust og vor til þessara staða. Jeg sá mjer ekki fært að fara fram á meira en eina. Býst jeg því við,

að hjer sje mjög sanngjarnlega að farið, og svo framarlega sem rjett er að setja hátnum það skilyrði, að koma við í Búðum og Skógarnesi, þá sje engu síður rjett, að hann komi á hina viðkomustaðina. Jeg lít svo á, að það sje svo mikið hagræði fyrir austurhluta Barðastrandarsýslu, svo og Ísafjarðarsýslu, að það sje þess vert, að till. þessi nái fram að ganga, svo framarlega sem hv. deild álítur það ekki beina ósanngirni. Hv. frsm. (M. P.) skaut þessu til hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. þm. Snæf. (H. St.), sem best kunnugra manna, að gefa sitt álit. Jeg fellst fúslega á, að þessir góðu heiðursmenn sjeu færir um að dæma um þetta. En fleiri eru hæfir til þess, og þar á meðal verð jeg að telja mig, og einnig þá, sem borið hafa fram þessa ósk.

Jeg sje því ekki, að það sje á nokkurn hátt ósanngjarnt að vænta þess, að till. þessi nái fram að ganga. Meining till. er að eins sú, að með því að slá þessu föstu geti hlutaðeigendur reitt sig á, að þessi ákvæði verði tekin upp í væntanlega áætlun bátsins.

Þá er brtt. á þgskj. 718, sem fer í þá átt, að færa upp styrkinn til íslensku orðabókarinnar, úr 6000 kr. upp í 8400 kr. hvort ár.

Við 2. umr. fjárlaganna var jeg einn þeirra, er greiddu atkv. móti till. fjárveitinganefndar. Var það af þeirri ástæðu, að jeg leit svo á, sem þessi fjárveiting væri laun orðabókarhöfundanna, og að þeir hlytu því að fá dýrtíðaruppbót af þeim, eins og aðrir launaðir starfsmenn landsins. En nú hefir hv. fjárveitinganefnd lýst yfir þeirri skoðun sinni, og í annan stað hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að svo er ekki. Þar sem nú svo er, áleit jeg illa farið, að hin upprunalega till. hv. fjárveitinganefndar náði ekki fram að ganga. Vil jeg því, þar sem jeg átti nokkurn hlut að því, að svona fór, stuðla að því, að úr verði bætt. Vænti jeg, að hv. deild verði till. hlynt, sjerstaklega þar sem mikill hluti hennar hefir áður fylgt stærri till. í þessa átt.

Þá er brtt. á þgskj. 719. Hún fer fram á að hækka styrkinn til hins aldraða fræðimanns, Sighv. Gr. Borgfirðings, úr 400 kr. upp í 600 kr. hvort ár. Vænti jeg þess, að hv. deild sje mjer sammála um, að þessi gamli þulur sje þess maklegur, að till. nái fram að ganga. Peningaverðfallið gildir líkt um styrk til hans eins og annara manna. En hann má þó ekki minni vera, handa þessum gamla, fátæka fræðimanni, sem, eins og kunnugt er, hefir varið miklum hluta af æfi sinni til að rýna í og rannsaka mikilsverð skjöl og vinna úr þeim til þjóðfjelagsþarfa. Hann hefir t. d. lengi verið að semja merkilegt rit, „Prestaæfir", og fleira. Vænti jeg þess, að hv. deildarmenn líti svo á, að hann sje maklegur þessara 600 króna. Jeg hefði feginn viljað taka hina með, sem sitja með sama styrk, en vegna ókunnugleika á þörfum þeirra gerði jeg það ekki. (*M. P.*: Peningar falla alstaðar jafnt). Þá var fjárveitinganefnd í lófa lagið að taka þessa menn með.

Jeg legg nú brtt. þessar á vald hv. deildar. Ætla jeg mjer ekki þá dul, að fá menn með þessum fáu orðum til að breyta skoðun þeirri, er þeir hafa fyrirfram myndað sjer. Örlög þessara tillagna, eins og annara, eru fyrirfram ákveðin, og læt jeg skeika að sköpuðu.

Hv. frsm. (M. P.) gat þess í ræðu sinni, í sambandi við símann, sem fjárveitinganefnd var ekki á móti fyrir sitt leyti að lagður væri til Ingólfsfjarðar, um leið og landssíminn frá Hólmavík til Reykjarfjarðar, að til þessa síma væri ætluð mikil fjárframlög frá einstökum mönnum eða hjeruðum. Jeg get ekki litið svo á, að þetta

sjeu nokkur rök í þessu máli. Fyrst og fremst skil jeg ekki, hvers vegna hv. fjárveitinganefnd hefir fallið frá því, sem lengi hefir verið á döfinni, og er loftskeytastöð, en ekki sími. Línur landssímans anna ekki þörfinni, sem þar er nú og verður. En jeg veit, að loftskeytastöð, með landssímamillibili milli Ingólfsfjarðar og Reykjarfjarðar, mundi miklu frekar koma að æskilegu liði. Það er leitt, að hv. fjárveitinganefnd skyldi ekki hverfa að þessu ráði, sem er miklu ódýrara, og sjerstaklega þar sem mestur hlutinn af hinni fyrirhuguðu símalínu hlýtur að verða lagður um óbygðir. Þar sem svo stendur á, tel jeg miður farið að setja síma, er fulltrygt er með loftskeytastöð. Einkanlega er þó þetta einkennilegt, að hv. frsm. M. P.) mælir með símalínu þarna um óbygðir, þar sem hann getur ekki mælt með símalínu um austurhluta Barðastrandarsýslu, sem, eins og allir hljóta að kannast við, mundi, auk þess sem hún tengdi marga hreppa sýslunnar saman, verða til þess að gera símasamband Suður- og Vesturlands verulega trygt.

Þessi orð mín má alls ekki skilja svo, að jeg sje *á móti* lagningu þessarar símalínu. En jeg get einungis ekki sjeð samræmið þarna á milli, en svo er það í fleiri málum og tillögum háttv. fjárveitinganefndar.

Þórarinn Jónsson: Jeg hefi litla lyst til að tala hjer fyrir auðum bekkjum, þar sem jeg þá auk þess er kvefaður og illa heyrist til mín.

En jeg á hjer brtt. á þgskj. 691, sem jeg hefi leyft mjer að bera fram sem nokkurskonar prófstein á hv. fjárveitinganefnd. Fer þessi brtt. fram á það að samræma styrkina, sem veittir eru Núpsskólanum, Hvítárbakkaskólanum og Hvammstangaskólanum. Jeg hjelt fyrst, að fjárveitinganefnd hefði gert það af ráðnum hug að gera mun á skólunum, og fanst mjer þá eðlilegt, að Hvammstangaskólinn væri settur lægst, þar sem hann er yngstur þessara skóla. En nú hefir þessu verið breytt síðan, þannig, að Hvítárbakkaskólinn hefir verið hækkaður, millibilið milli skólanna lengt upp í 1000 kr. Hefi jeg gert till. um að færa Hvammstangaskólann upp um 500 kr., og til vara að lækka hina. Gerði jeg það vegna þess, að jeg áleit aðalstyrkveitinguna fremur of lága en of háa. Aftur bjóst jeg við, að hv. fjárveitinganefnd myndi hækka þessa aðalstyrksupphæð, því að það kom fram í umræðunum, að hún væri of lág.

Ástæður hv. frsm. fjárveitinganefndar (B. J.) á móti till. minni voru alls engar. Hann gat þess að eins, að nefndin gæti ekki stutt hana. Hann sagði líka, að aðalstyrksupphæðin væri of lág. Það var ekki á mínu valdi að hækka hana, enda, eins og jeg tók fram, bjóst jeg við till. frá nefndinni um það, en setti þó þessa varatillögu, svo að ekki væri tekið frá hinum skólunum, sem ekki eru nafngreindir, ef aðalupphæðin yrði ekki hækkuð. Býst jeg því við, að hv. deild sjái, að hjer er ekki um neina ósanngirni að ræða.

Jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að þessi skóli sje ekki svo óefnilegur, að rjett sje að gera meiri mun á honum og hinum en upphaflega var. Það er vitanlegt öllum, að þessi skóli hefir tekið miklum framförum upp á síðkastið í starfi sínu. Nú í vetur, er Núpsskólinn starfaði ekki, en þessi skóli starfaði, var hann sóttur af nemendum úr ýmsum hjeruðum landsins. Maður sá, er fyrir skólanum stendur, er sjerstaklega mikill áhugamaður og víðs vegar þektur og viðurkendur sem góður kennari.

Jeg vænti nú, að till. þessi verði samþykt á annanhvorn veginn, til þess að samræma styrkinn til skólanna.

Enn skal jeg drepa á eina ástæðu, sem

borin hefir verið fram til að rjettlæta það, að þessi skóli fengi minni styrk. En það er sú ástæða, að hann sje í kauptúni, en hinir skólarnir í sveit. Það er rjett, að skólinn er í kauptúni, af því að hann hefir ekki getað fengið jörð. En það er ekki ástæða til að styrkja hann minna, heldur einmitt þvert á móti, því að það er dýrara að halda uppi skóla í kauptúni en í sveit. Þessi ástæða er því frekar til að mæla með því, að þessi skóli sje gerður jafn hinum. En það viðurkenni jeg rjettlátt, að hann sje lægri, þar sem hann er yngri, en að millibilið væri meira taldi jeg ekki rjettlátt.

Jón Jónsson: Jeg vildi að eins segja fáein orð, út af brtt., sem jeg á á þgskj. 707. Þessi brtt. er fram komin eftir ósk sýslunefndar Norður-Múlasýslu og fer í þá átt, að veita 500 kr. á ári til dragferjuhalds á Lagarfljóti, og að veita 400 kr. uppbót á ferjulaunum við Steinsvaðsferju. Það er sem sje þannig lagað um ferjuna á þessum stað, að ferjutollur er aldrei greiddur, því að það þótti ekki hlýða, þar sem frjáls aðgangur var yfir Lagarfljótsbrúna, og svo var ómögulegt að fá ferjumanninn fyrir sama verð og áður, þar sem kaupgjald hefir, eins og kunnugt er, hækkað svo gífurlega upp á síðkastið. Þess vegna er þessi till. fram komin, og var ætlunin, að landssjóður kostaði ferjuhaldið, en sýslunefnd greiddi allan kostnað við dráttarútbúnaðinn og viðhaldskostnað. Jeg hefi heyrt á ræðu hv. frsm. (M. P.), að nefndin hefði tekið vel a.-liðnum, en ekki sjeð sjer fært að vera með b.-liðnum. Í raun og veru er ekki hægt annað að segja en að hvorttveggja þetta sje jafneðlilegt, því þótt uppbót á ferjulaunum hafi verið bætt við, þá er hún svo lág, að ekki verður talið of langt gengið.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þessa till., en jeg geri ráð fyrir, að úr því að fjárveitinganefnd hefir lagt með a.-liðnum, þá verði hann samþyktur, og sömuleiðis vona jeg, að b.-liðurinn verði samþyktur. Jeg skil ekki, hvers vegna stjórnin skyldi ekki koma með þetta fyrir þingið, því það var þó skorað á hana að gera það, og þótt sýslunefnd hefði lofað að borga ferjumanninum uppbótina, þá var það þó ætlunin, að hún yrði endurgoldin úr landssjóði.

Hin brtt. er á þgskj. 704 og fer fram á, að Sveinbirni Sveinssyni sjeu veittar 2000 kr., til vara 1000 kr., til þess að birta í Búnaðarritinu ritgerð um ráð til að vinna greni á skömmum tíma. Þessi till. er borin fram samkvæmt ósk þess, er styrksins beiðist. Það hefir komið fram erindi, sem stílað er til Alþingis, og hefir mjer borist það nýlega í hendur. Þar sem jeg býst við, að hv. þm. sje það ókunnugt, vil jeg leyfa mjer að lesa það upp, með leyfi forseta:

„Svo sem kunnugt er, er stórfje kostað til þess árlega á landinu að útrýma refum. Það mundi því þykja mikilsvert, ef óyggjandi ráð yrðu fundin til þess að útrýma þeim á stuttum tíma. Jeg hefi lengi fengist við að vinna refi í grenjum, og hygg mig hafa fundið þau ráð. Að minsta kosti duga mjer þau ráð, svo að jeg treysti mjer til að vinna áreiðanlega hvert greni á fáum tímum, sem mjer er falið að vinna, ef dýrin hafa ekki verið stygð um of eða greninu spilt. Væri þeim ráðum fylgt, og æfð skytta væri á hverju greni á landinu, er fundið væri, mætti áreiðanlega vinna þau öll á 12 tímum, eða skemmri tíma. Þessi ráð mín eru einföld, svo að hver maður getur lært þau og beitt þeim, og bregðast ekki, ef þeim er fylgt í rjettri röð.

Jeg vil gjarnan gera löndum mínum kunna aðferð þá, er jeg hefi, en högum mínum er svo farið, að jeg vil einnig geta fengið fje fyrir ráð mín,

með því að jeg tel þau óyggjandi, og þau ættu að geta sparað landsmönnum stórfje.

Jeg vil því leyfa mjer að skjóta því til hins háa Alþingis, hvort það vilji ekki veita mjer ríflega borgun fyrir ritgerð um þetta efni, og ef það sýndi sig við reynsluna, að ráð mín væru trygg, þá bæta við einhverri upphæð til verðlauna síðar, og færi hún þá eftir því, hversu vel ráð mín reyndust."

Jeg skal bæta því við, að jeg þekki dálítið þennan mann, og er mjer kunnugt um, að hann þykir með afbrigðum heppinn að veiða refi. Hefir hann nýja aðferð, sem jeg veit ekki til að nokkur annar noti. Auðvitað er það álitamál, hvort allir þeir, sem fengju þessar leiðbeiningar á pappírnum, kynnu að hagnýta sjer þær svo, að þær reyndust jafnöruggar og hjá þessum manni, en eftir því, sem hann segir sjálfur, þá ætti hver góð refaskytta að geta hagnýtt sjer þær. Jeg veit, að hv. deildarmenn þekkja vel, hvílíkt gagn væri af því, ef hægt væri að vinna refi á skömmum tíma, því eins og nú er, þá verða menn oft að liggja langan tíma á grenjum, og koma þó tómhentir aftur.

Það getur að vísu litið nokkuð frekjulega út hjá þessum manni að snúa sjer til þingsins í þessu efni. Kom þetta fram hjá hv. frsm. (B. J.), sem sagði, að maðurinn hefði átt að snúa sjer til Búnaðarfjelagsins og fá það til að kaupa ritgerðina. Það er nú öllum kunnugt, hversu borgað er fyrir ritstörf hjer á landi, og þótt nú Búnaðarfjelagið vildi gjarnan fá ritgerðina, mundi það aldrei borga honum meira en svo sem 50 kr. fyrir hana, og hverju væri hann bættari fyrir það? Þessi maður snýr sjer til þingsins út úr neyð. Langar hann fyrst og fremst til þess að breiða út þekkingu á aðferð sinni, en þar sem högum hans er þannig háttað, að hann á við fátækt að stríða, þá er ekki nema eðlilegt, að hann langi til að fá ríflega borgun fyrir þessar ráðleggingar sínar. Þessi maður á 14 börn á lífi, af 17, og eru 7 þeirra innan fermingar. Menn geta því skilið, að hann eigi við erfið kjör að búa, og þar sem vandræðin aukast ár frá ári, fyrir fátækum barnamönnum, er ekki nema eðlilegt, að jafnmikill fjölskyldumaður eigi í vök að verjast, og snýr hann sjer því til þingsins, af því að hann ber svo mikið traust til þess, að það líti sanngjörnum augum á málið. Auðvitað hefði það verið viðkunnanlegast, að maðurinn hefði birt þessi ráð sín endurgjaldslaust. En af því að hann er fátækur, er skiljanlegt og eðlilegt, að hann vilji fá borgun fyrir þau. Þetta er líka mesti dugnaðarmaður, og t. d upp á dugnað hans má geta þess, að hann bjargaði fyrir alllöngum tíma tveimur útlendingum úr sjávarháska, en þeir hefðu farist, ef þeir hefðu ekki notið hjálpar hans. Fyrir þetta afrek sitt hefir hann hlotið verðlaunapening frá Danmörku. En þess má þá líka geta, að er hann bjargaði þessum útlendingum, varð hann fyrir talsverðu áfalli, og hefir hann ekki borið þess bætur síðan. En þrátt fyrir lasleika hefir hann þó brotist áfram með dugnaði með barnahóp sinn, og hefir hann hingað til komið þeim vel til manns. Hann hefir altaf þótt duganði verkmaður, og í refaveiði hefir hann þótt skara fram úr. Meira að segja hefi jeg heyrt úr sveit hans, að hann hafi verið svo fljótur að veiða refina, að sveitungar hans hafi stórum undrast. Þetta sannar það, að hann hefir betri tök á að vinna refina en almennt tíðkast.

Jeg held, að það væri ekkert mannsbragð að fella þennan styrk, því að fje hefir oft verið veitt til meiri óþarfa heldur en til þessa. Jeg hefi trú á því, að þetta sje á rökum bygt, og þess vegna hefi jeg borið fram þessa till., og jeg hygg, að það geti borgað sig óbeinlínis fyrir landið.

Jeg nenni ekki að tala um fleiri brtt., en mun sýna með atkvæði mínu, hver afstaða mín er til þeirra.

Gísli Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að segja fáein orð, þar eð jeg á brtt. á þgskj. 684, sem jeg ber fram, ásamt tveimur öðrum hv. þm.

Eins og hv. deildarmenn muna, var það samþykt við 2. umr. að veita fje til að styrkja ferðir um Faxaflóa, og var þessi styrkur bundinn við ákveðið nafn. Annað tilboð lá fyrir hv. deild, sem hún vildi þó ekki ganga að. Þess ber þá að gæta, að í fyrsta lagi hafa komið til samgöngumálanefndar og Alþingis tvö tilboð, og ekki er loku skotið fyrir, að þau geti orðið fleiri í haust. Það, sem brtt. fer fram á, er að styrkurinn verði ekki bundinn við nafn, heldur velji stjórnin það tilboð, sem best er, og verði hún látin um það. Það er kunnugt, að fjelagið, sem nú hefir styrkinn, hefir miklu verri farkost heldur en Eimskipafjelag Suðurlands hefir á boðstólum. Þetta er svo víst, að það er ekki sagt til hnjóðs þessu fjelagi. Í frv. stjórnarinnar er farin sú leið, sem rjett er og heppileg, að veita styrkinn án þess að binda hann við einstaka menn, og það sjá allir, að betra er að hafa þetta svo nú, þar sem fleiri en eitt fjelag hefir boðist til að taka að sjer ferðirnar. Um leið og till. fer fram á, að þessu verði kipt í lag, um leið fer hún og fram á, að upphæðin verði nokkuð önnur en frv. nú gerir ráð fyrir, eða sem sje sú, sem h.f. Eimskipafjelag Suðurlands bauðst til að takast ferðirnar á hendur fyrir. Með þessu er hámarkinu slegið föstu, en eins og gefur að skilja, er stjórninni ekki skylt að halda sjer við það, heldur taka lægri boðum, ef hentug þykja. Jeg vil nú vænta þess, að þótt hv. deildarmenn hafi við 2. umr. viljað binda styrkinn við nafn, þá leyfi þeir að veita þennan styrk nú, og láti stjórnina um að velja tilboðin.

Aðra brtt. á jeg, á þgskj. 638, og fer hún fram á að hækka styrkinn til hr. Páls Þorkelssonar Það voru færð rök fyrir því við 2. umr., að 400 kr. væri svo lítið, að ekki gæti komið til mála, að það væri styrkur fyrir vinnu. Hitt getur verið rjett, að ef þessi styrkur er veittur sem eftirlaun, þá gæti þetta náð nokkurri átt. 400 kr. nú eru ekki meira en rúmar 100 kr. fyrir stríð, og enginn gat unnið mikið fyrir þá upphæð á þeim tímum. Styrkurinn nú mætti því ekki vera minni en sem samsvaraði 200 kr. fyrir stríð, og vænti jeg, að þm. sjái sanngirnina í þessu og ljái þessari till. atkvæði sitt.

Pjetur Ottesen: Jeg á eina brtt., á þgskj. 685, þar sem farið er fram á, að 300 kr. verði veittar hvort árið til vjelbátsferða á Hvítá í Borgarfirði. Eins og hv. þm. mun kunnugt vera, hefir undanfarið verið veitt nokkurt fje í fjárlögum til ferða um Hvítá. Til þessara ferða varð að byggja vjelbát með sjerstöku byggingarlagi; varð hann að vera flatbotna og grunnskreiður, til þess að geta farið eftir ánni. Þessar bátaferðir hafa komið að mjög miklu liði, og það einkum nú upp á síðkastið, fyrir Borgarfjarðarsýslu, því að það eru að eins tveir efstu hrepparnir í þeirri sýslu, sem geta haft veruleg not af flutningabrautinni, sem liggur eftir Mýrasýslu og upp að Kljáfossi. Eins og nú er, er því allmikil bót að þessum bátsferðum, en þegar komin er brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum, og fyrirhugaðir vegir í sambandi við hana, þá er þessara ferða síður þörf.

Jeg sje, að stjórnin hefir ætlast til, að þessi litli styrkur hjeldi áfram í fjárlögunum, en væri ekki hækkaður frá því, sem áður var. Nú hefir samgöngumálanefnd strikað þennan styrk út, og tók frsm.

nefndarinnar (B. St.) fram, að engar upplýsingar hefðu legið fyrir. Jeg veit ekki, hverra sjerstakra upplýsinga er þörf um þennan styrk, frekar en aðra slíka styrki, en stjórnin ætlar styrk til þessara ferða í fjárlögunum, og enn fremur hafði framkvæmdarstjóri Eimskipafjelags Íslands og ráðunautur samgöngumálanefndar, hr. E. Nielsen, lagt til, að styrkur hjeldist til þessa báts. Jeg skil því ekki almennilega þennan fyrirslátt hv. framsögum. (B. St.). Vænti jeg nú, að hv. deild taki vel í þetta mál.

Svo er önnur brtt., á þgskj. 684, sem jeg flyt, ásamt þeim hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og 1. þm. G.-K. (B. K.). Þarf jeg ekki að ræða mikið um hana, því að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir mælt svo vel með henni og sýnt fram á rjettmæti hennar. Þó var það ein ástæða gegn till., sem hv. frsm. (B. St.) mintist á, sem jeg get ekki leitt hjá mjer. Var hún sú, að ekki mætti fresta samningum um þetta lengur, og svo væri ekki gerlegt að fela stjórninni að semja um þetta, þar sem hún væri búin að segja af sjer, og óvíst um, hvað á eftir kæmi. Það hefir komið fram oftar, nú á síðustu og verstu dögum, og nú seinast hjá hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að það þýddi ekkert að ætla stjórninni, eins og henni er nú komið, afgreiðslu nauðsynlegra mála, því að hún mundi ekkert gera í þeim. Reyndar vildi þessi hv. þm. nota þetta stjórnaróstand sem meðal til að hnekkja framgangi frv. um landhelgisgæslu hjer á dögunum. En mjer virðist, að þetta alt ætti að gefa þm. undir fótinn um að fara nú að rumska í þessu máli; þeir eru hvort eð er flestir eða allir óánægðir með þessa stjórn. Nú hefir stjórnin lýst því yfir, að hún vilji losna, en hvað skeður? Sem sje það, að síðan stjórnin sagði af sjer hefir hún verið miklu fastari í sessi en nokkru sinni fyr. Þetta er dálítið undarlegt, en svona er nú þetta samt.

Eins og kunnugt er, gerðu nokkrir þingmenn tilraun til þess að losna við stjórnina, eða nokkurn hluta hennar, á síðara aukaþinginu í fyrra, en það er jafnkunnugt, að það tókst ekki. En nú hefir stjórnin gert tilraun til að losa sig við þingið, en það tekst heldur ekki. Þetta er nú dálítið torskilið, en svona er nú status rerum í þinginu.

Benedikt Sveinsson: Nefndin hefir borið fram samskonar till. og þá, er jeg flyt hjer á þgskj. 734, og tek jeg mína því aftur. Háttv. frsm. (M. P.) hefir talað svo skörulega fyrir till., að jeg hefi þar engu við að bæta.

Jeg á einnig brtt. á þskj. 735 um að veittar verði 8 þús kr. til að gera steinbryggju á Kópaskjeri, en þó ekki yfir þriðjung kostnaðar. Málið er þannig til komið, að þarna hafa verið gerðar bryggjur úr timbri, en ís hefir grandað þeim hverri af annari. Var það síðast í vor, að íshroða rak inn í flóann og barst upp að landi með vestanveðri. Hroði þessi braut bryggjuna í smátt, enda var það veigalítil trjebryggja. Ef gerð væri þar steinbryggja, eða vel sterk trjebryggja, þá mundi hún vel standast ísrekið, því að sakir útgrynnis komast stórjakar ekki upp að bryggjunni, enda er hjer um bátabryggju að ræða.

Kaupfjelag Norður-Þingeyinga hefir nú í hyggju að gera þarna steinbryggju eða steinum studda trjebryggu, sem vel má duga, en telur sjer um megn að ráðast í það, nema að það njóti styrks úr landssjóði. Samskonar styrkur hefir oft verið veittur öðrum, með sömu skilyrðum, þannig, að bygðarlagið eða aðrir hafa lagt fram tvo þriðjunga fjárins móti landssjóði. Jeg hefði nú að sjálfsögðu beðið um hærra tillag hlutfallslega, vegna þess að fátækt sýslufjelag á hlut að máli, sem lítið fje fær úr landssjóði, en háttv. fjárveitinganefndarmenn eru svo formfastir, að þeir gefa

mjer engan ádrátt um stuðning til þess, þótt þeir hafi að öðru leyti tekið liðlega í málið. Jeg hefi því skorið nær helming af þeirri fjárhæð, sem óskað var eftir, og vænti þá, að þessi hóflega tillaga sæti ekki andmælum.

Það hefir verið rannsakað, hve mikið bryggjan mundi kosta, og er áætlað um 22—24 þús. kr. Jeg fer fram á, að Kaupfjelagi Norður-Þingeyinga sje falin framkvæmd á verkinu. Kaupfjelag þetta er trygg og öflug stofnun, og er óhætt að trúa því fyrir fjenu og framkvæmd verksins. Skip koma þarna oft við, enda viðskifti allmikil, og gefa skipverjar á þeim skipum sem þangað hafa komið, þann vitnisburð, að hvergi sje fljótari og rösklegri afgreiðsla eftir ástæðum heldur en á Kópaskeri. Ætti kauptúnið því fremur skilið, að því væri rjett þessi hjálparhönd, enda er og hjeraðinu brýn nauðsyn á því.

Jeg skal geta þess, að eigi hefir náð til verkfræðings til þess að rannsaka kostnaðinn, en hagsýnir og þaulvanir smiðir hafa gert áætlun um hann, og er engin ástæða til að fetta fingur í hana. Verkið þolir ekki bið, en ef bíða ætti eftir því, að verkfræðingur næðist, þá gæti staðið á framkvæmd verksins árum saman.

Jeg vona, að þetta örláta þing taki þessu máli vel. Jeg hefi ekki ónáðað þingið með mörgum kröfum fyrir kjördæmi mitt, og þar sem slíkar fjárveitingar hafa verið veittar öðrum, þá skil jeg ekki í öðru en að þessu erindi verði vel tekið.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hafði ekki hugsað mjer að tala mikið við þessa umr., og get leitt hjá mjer flestar þær brtt., sem hjer liggja fyrir. En þó vildi jeg fara nokkrum orðum um brtt. á þgskj. 711. Hún fer fram á það, að breytt sje fjárveitingu til sendimannsins í Kaupmannahöfn. Jeg sje ekki, að sæmandi sje að hverfa frá því ráði, er jeg hugði upp tekið hjer, með samþykki háttv. þm., enda er lítill sparnaður í þessari tilhögun. Annars get jeg vísað til þess, sem jeg hefi sagt áður í þessu máli. Jeg bjóst við, að látið væri sitja við það, sem komið var, og kemur því þessi till. á óvart. En jeg býst ekki við, að hún verði samþykt, og held, að óþarfi sje að ræða hana, því hún mælir á móti sjer sjálf.

Jeg ætlaði að minnast hjer lítillega á aðra brtt., sem er á þgskj. 722. Jeg minnist þess, að jeg var staddur á fundi í vor með nokkrum mönnum, og voru þar einnig nokkrir þm. Jeg sannfærðist um það þá, að rjett væri að veita fje til þess, sem þessi brtt. fer fram á. Ástæðan er sú, að vöknuð er hreyfing í þá átt, að halda við og styrkja samband milli Íslendinga vestan hafs og austan. Jeg álít sjálfsagt að styðja þessa viðleitni og held, að sú stefna, sem valin hefir verið, sje heppileg. Ef að eins ætti að líta á sparnaðinn, þá væri öðru máli að gegna, en hjer er svo margt samþykt, sem að minna gagni er en þetta, og mætti þá eins vel samþykkja það og annað. Jeg man ekki, hvað margir þm. voru á fundinum, sem jeg gat um, en þeir voru allir á einu máli um, að þetta bæri að styrkja. Það er bágt að segja, hvaða gagn verður að þessu, en jeg held að það verði töluvert. Jeg skal ekki fjölyrða um þetta meira, því jeg get ekki ímyndað mjer, að nokkrar verulegar mótbárur komi fram. Mjer finst svo eðlilegt og sjálfsagt, að þetta sje veitt.

Aðrar till. hafa verið ræddar hjer, og eru margar samskonar og þær, er voru hjer frammi við 2. umr., og hefi jeg lýst afstöðu minni til þeirra flestra og sje ekki ástæðu til að tefja með frekari umræðum.

Frsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Jeg veit ekki, hvort allir hv.

þm., sem ætla sjer að taka til máls, hafa talað, en þó álít jeg rjett að svara nú þegar því, sem svara þarf.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) tók fyrstur til máls á eftir mjer. Jeg vil ekki fara í neitt orðaskak við hann, meira en orðið er, enda var sama og ekkert nýtt í því, sem hann sagði við aðra umr. málsins. Ef jeg því færi að hrekja það alt nú, yrðu það að eins endurtekningar, og er óþarfi að eyða tíma í það. Ný var að eins sú spá hans um skuldirnar, að við verðum búnir að áttfalda þær eftir nokkurn tíma, ef haldið er áfram þeirri stefnu, sem nú er hafin. Það getur verið, að þetta rætist, en hve nær það rætist vitum við hvorugur, og þó það rætist bráðlega, eins og hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) vildi halda, þá er jeg þó ekki hræddur við það, því jeg get spáð á móti, að á þeim tíma verði tekjur okkar einnig áttfaldaðar. Þessi skuldagrundvöllur, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) verður svo skrafdrjúgt um, er ekkert annað en óheilbrigð þröngsýni. En jeg vil halda því fram, að fjárveitinganefndin og þessi hv. deild hefir með stefnu sinni í fjárlögunum nú lagt grundvöll undir heilbrigða framþróun og framfarir atvinnuvega þjóðarinnar.

Þá er háttv. framsm. samgöngumálanefndar (B. St.), sem á brtt. hjer, en er ekki viðstaddur; en hann um það. Þessi háttv. þm. fer fram á það, að hreppi einum þar eystra verði veittur styrkur til að vitja læknis. Nefndinni er alveg ókunnugt um þetta, þar sem það kemur nú fyrst fram. Hún getur því enga afstöðu tekið til þess, og verða menn að fara eftir því, sem þeir álíta rjettast, eftir að hafa heyrt lýsingu og skýringu hv. þm. Nefndin stendur dálítið betur að vígi viðvíkjandi hinni till., því hún hefir legið fyrir nefndinni, eða erindi í líka átt. En nefndin hefir haft fleiri erindi til meðferðar en þetta, og fór því til landssímastjóra, til að leita sjer upplýsinga. Hjer er um smáupphæðir að ræða, og er þetta því ekki mikið fjárhagsatriði út af fyrir sig. En ef þessari beiðni yrði sint, þá mundi rigna yfir þingið samskonar beiðnum, og væri þá erfitt að neita þeim, ef þessum yrði veitt áheyrn. En alt þetta mundi kosta landssjóð á annað hundrað þúsunda, og eru þá þessi smámál farin að hlaða utan á sig. Þetta vildi nefndin benda á, til þess að þingið færi ekki að marka svona djúpt kjölfar að órannsökuðu máli, og er þetta samkvæmt áliti landssímastjóra.

Þá er brtt. á þgskj. 711, frá hv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), um sendimanninn, og hefir hæstv. forsætisráðherra (J. M.) tekið þar af mjer ómakið, enda kom ekkert fram nýtt frá 2. umr., nema eitt atriði, sem jeg ætla að undirstrika. Hv. þm. sagði, að *allir* væru sammála um, að sendimann þyrfti. Þetta voru menn ekki sammála um við 2. umr., en mönnum hefir ef til vill farið þetta fram síðan. Till. hv. þm. (E. Árna.) er bygð á sparnaði, en lítið legst nú fyrir kappann, þar sem sparnaðurinn er að eins 4 þús. Allar sparnaðarprjedikanirnar hafa þá verið um einar 4 þús., þó menn hafi leyft sjer að kalla það tugi þúsunda, bæði utan þings og innan. Hv. þm. (E. Árna.) sagði, að hann væri fús á að fallast á ákvæðið um sendiherrann óbreytt, ef það væri sýnt og sannað, að hann yrði að hafa þessa nafnbót, til þess að eiga frekar aðgang að æðri stöðum. Jeg vona, að hæstv. stjórn verði við þessu, þegar ekki veltur á meiru, og jeg býst ekki við, að hv. þm. (E. Árna.) rengi rök og upplýsingar hæstv. stjórnar. Reyndar hafa þau rök verið færð áður, en hv. þm. virðist hafa skelt skolleyrum við þeim, svo að honum sje varla við bjargandi.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), en því miður heyrði jeg ekki byrjunina á ræðu hans. En mjer þætti kynlegt, ef deildin færi að fella það, sem hún áður hefir

samþykt. Mjer heyrðist á hv. þm. (Sv. Ó.), að hann vildi fóðra till. með því að segja, að konan, sem sjóðurinn er kendur við, hefði kunnað því betur, að fjenu væri varið á þann hátt, sem hann leggur til. Hann telur sig komast nær tilgangi hennar og vera í samræmi við starfsemi hennar með þessari tilhögun. Þetta þykir mjer undarlegt. Þessi kona starfaði á Vesturlandi, og að henni látinni stofnuðu vinir og vandamenn sjóð til að halda áfram starfi í hennar anda, á sömu stöðvum. Jeg er þess vegna hissa á því, að hv. þm. (Sv. Ó.) telur það nær anda hennar, að styrkja óþektan mann suður á Reykjanesi, en að styrkja sjóðinn sjálfan, sem hefir sama verkahring og hún sjálf. Röksemd þessi er því bygð á einhverju öðru en skynseminni, og verður því ekki tekin til greina af öðrum en þeim, sem byggja á sama grundvelli. Um þann mann, sem hv. þm. (Sv. Ó.) vill styrkja í staðinn, get jeg verið fáorður. Hv. þm. taldi, að fjárveitingin hefði fallið niður, og er einkennilegt, að hann skuli taka svo til orða Þessum manni voru veittar 1000 kr. í eitt skifti fyrir öll, og hann hefði líklega ekkert fengið, ef þetta hefði ekki verið tiltekið. Það er því beinlínis villandi að tala um, að fjárveitingin hafi fallið niður; þegar hún var veitt, var ákveðið að hún skyldi ekki vera til lengri tíma.

Þessi brtt. og röksemdir þm. fyrir henni eru að eins vanmegna tilraun til þess að pikka með títuprjónum í þann þm. (M. Ó.), er hann heldur að sje hvatamaður að því, að þessi styrkur komst inn.

Af því að samverkamaður minn (B. J.) á óhægt um vik að tala um brtt., er snertir hann sjálfan, þá ætla jeg að minnast á hana lítillega. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) er samsekur öðrum hv. þm. um till., en hann er það sekari en aðrir, að hann talar með till. Hann taldi sig gera þetta í greiðaskyni við hv. þm. Dala. (B. J.); hann sagðist gera það til að firra hann eftirtölum og erfiði. Það er margt einkennilegt, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) finnur upp, þegar hann ver mál sitt. Tilgangur till. virðist eingöngu sá, að gefa hv. þm. tækifæri til að gefa yfirlýsingar og halda ræðu um þetta efni, því till. er tekin aftur, þegar hv. þm. er búinn að tala. Hv. þm. (Sv. Ó.) bar það fram, að óþarfi væri að þýða þetta verk, því það væri til á Norðurlandamálunum. Það eru einkennilegar þjóðernisvarnir, að þýða engin þau rit, sem til eru á Norðurlandamálum, en ætlast til, að allir kunni þau. Hv. þm. (Sv. Ó.) hlynnir einkennilega að íslenskri tungu með því móti, að varna því, að frægustu skáldrit birtist á íslensku, en þurfi að vísa til Norðurlandamála. Jeg hefði getað skilið mótbárur hv. þm. (Sv. Ó.), ef þær hefðu verið reistar á því, að maðurinn væri ekki fær um að þýða verkið. Þær hefðu verið afsakanlegar, því þar hefði að eins verið um vanþekkingu að ræða. En hin ástæðan er að eins yfirskin, að eins tylliástæða eða annað verra, sem ekki er hægt að taka til greina.

Þá var hv. þm Barð. (H. K.) að mæla með sinni brtt., og er honum þar vorkunn. En hann vildi ekki taka þær ástæður til greina, sem jeg gat um, en taldi nefndina vera á móti till. sinni af annari ástæðu. (*H. K.*: Það er ekki rjett skýrt frá. *E. A.*: Það gerir ekkert til.) Jeg hefi skrifað það upp eftir hv. þm. Jeg ætla að taka upp aftur ástæður nefndarinnar, því að hv. þm. (H. K.) virðist ekki hafa hlustað eftir þeim. Jeg sýndi fram á, að engin gögn lægju frammi í málinu, á engu væri að byggja, og þess vegna gæti nefndin ekki forsvarað það, að vera með till. Hv. þm (H. K.) kom heldur ekki með neitt, sem gæti orðið máli hans til styrktar, og verð jeg því enn að halda fast við það, sem

jeg sagði áður. Skal jeg þó drepa á ástæður hans hinar helstu.

Hv. þm. (H. K.) mintist á sjúkrahúsið á Patreksfirði; kvað hann það mjög af sjer gengið, grunnur þess þyrfti mikillar aðgerðar, vatnsleiðslupípur væru bilaðar, kítta þyrfti glugga, en mála stofur og veggfóðra. Þetta alt bendir á, að sýslunefnd hafi ekki haft sem best eftirlit með hirðingu hússins, og er varla til þess að ætlast, að landið haldi slíkum húsum við eða bæti úr vanhirðu á þeim. Hjeruðunum er venjulega veittur styrkur til að koma upp sjúkrahúsum, alt að ⅓ byggingarkostnaðar, en ekki hefir þingið hingað til veitt fje til viðhalds húsa þessara, eða til minni háttar viðgerða á þeim, enda mundi það vera hál braut að fara út á. Ef hv. þm. (H. K.) hefði borið fram tillögu um að byggja að nýju sjúkrahús á Patreksfirði, þá var málið þannig vaxið, að þingið hefði orðið að taka það til alvarlegrar athugunar. En þessi málaleitun hv. þm. (H. K.) er þannig undirbúin, að eigi er hægt að taka hana til greina. Auk þess sem hjer er um smáviðgerðir að ræða, eftir frásögn háttv. þm. (H. K.), þá er eitt formsatriði, sem nefndin verður að halda við og vill ekki víkja frá. Hjer vantar með öllu áætlun um verkið, sem hv. þm. (H. K.) segir að enn hafi eigi komið frá hans „ágæta" yfirvaldi. Mjer finst þetta fremur benda til þess, að hlutaðeigendur sjeu ekki eins áfram um málið, eins og háttv. þm. (H. K.) lætur í veðri vaka. Hv. þm. (H. K.) undraði á því, að svona væri tekið í málið, þar sem læknir hefði orð fyrir nefndinni. Þetta er þó ekki svo undarlegt; læknir á einmitt að vera því kunnugastur, hver stefna og tilhögun er og á að vera á þessum málum heima í hjeraði, og þar af leiðandi einnig, hvernig rjettast sje að þingið taki í þau.

Jeg man svo ekki, að jeg hafi fleira að segja um þetta; þó læt jeg þess getið, að hefði hv. þm. (H. K.) komið með tillögu sína til nefndarinnar og getað gefið henni betri upplýsingar en hjer liggja fyrir, þá má vera, að öðruvísi hefði verið hægt að taka í málið en nefndin sjer sjer nú fært. Jeg tel rjettast fyrir hv. þm. (H. K.) að taka till. sína aftur að þessu sinni og reyna að afla sjer betri upplýsinga; gæti hann þá reynt að leggja málið fyrir hv. Ed., eða jafnvel þessa deild, þegar fjárlögin koma hingað aftur.

Jeg vona, að jeg þurfi ekki að taka aftur til máls við þessa umræðu fjárlaganna, en óska, að hv. deild sýni brtt. nefndarinnar og þeim brtt., sem hún mælir með, sömu velvild og sanngirni, sem hún sýndi till. nefndarinnar við 2. umr.

Frsm. fjárveitinganefndar (Bjarni Jónsson): Nú liggur heldur lítið verk fyrir mjer, því að sumpart mun jeg ekki þrátta um minni háttar tillögur annara, þær sem nefndin leggur litla áherslu á, og auk þess hafa lítil andmæli komið gegn tillögum nefndarinnar.

Það hafa orðið nokkrar umræður um brtt. á þgskj. 722, um styrkinn til fjelagsins „Íslendingur", til að halda við andlegu sambandi og viðkynningu við Íslendinga vestan hafs. Nefndin hefir ekki getað fallist á þessa fjárveitingu, sjerstaklega af því, að hún vissi ekki, til hvers ætti að verja fjenu, eða hvernig væri hugsað sjer að halda við þessu andlega sambandi milli landanna, hvort það væri til að rita bækur fyrir, eða senda Íslendingum vestan hafs bækur, eða til hvers annars því skyldi varið. En nú hefir það komið fram undir umræðunum, að hin háa styrkveiting fyrra árið ætti að ganga til ákveðins manns, er senda skyldi vestur um haf. Það mundi hafa verið betra fyrir málið, að umsækjendur hefðu þegar í umsókninni skýrt frá þessari fyrirætlun og nefnt manninn, sem ætlaður er til fararinnar, því að bera má

fult traust til, að maður þessi fari með skynsemd með mál vort og verði oss til sæmdar vestra; hann er að svo góðu kunnur; það er alt annað én ef búast hefði mátt við, að einhver vandsjeður rekabútur yrði ráðinn til fararinnar. Sumir nefndarmanna mundu hafa verið öllu fúsari á að veita fje til þess að styðja Vestur-Íslendinga til að flytja heim, þá er þess óskuðu, en skorti fje til heimferðar, því að þjóðerni þeirra manna ætti þó að vera borgið. Þá mundu og sumir fremur kjósa, að veitt væri fje til að halda við þjóðerni Íslendinga hjer heima, þar sem svo margir taka nú að kasta nöfnum feðra sinna, en taka upp ýms ónöfn í staðinn, og hafna fornum og góðum feðrasiðum. Hefðu umsækjendur vel mátt festa í huga sjer orð skáldsins:

„Maður, líttu þjer nær,
liggur í götunni steinn.“

Jeg teldi það meira um vert fyrir Íslendinga vestan hafs og heima, að stjórnin ljeti starfa að því, að útvega mönnum vestan hafs jarðnæði hjer heima, eða einhverja hagkvæma atvinnu. Sumir, sem heim hafa komið, hafa horfið vestur aftur, af því að ekki hefir legið opin fyrir þeim hæfileg atvinna eða jarðnæði. Mundi það vera viturlegast ráð til þess að halda við sambandi milli Íslendinga heima og vestra, að stjórnin stuðlaði að því, að sem flestir Íslendingar flyttu heim aftur. Hjer hlýtur að vera nóg handa þeim að starfa í fólkseklu þeirri, sem nú þjáir landið. Jeg vildi fá að heyra undirtektir stjórnarinnar undir þetta. Ef þær skyldu reynast daufar, mundi jeg fús á að bera fram þingsályktunartill., er skoraði á stjórnina að taka mál þetta til íhugunar.

Hv. frsm. fyrri hlutans (M. P.) hefir leyst mig af hólmi, að því er kemur til brtt. við 15. gr. 19. b. Kann jeg honum þökk fyrir að leysa mig undan að tala mikið um þann lið, því að hann er mjer svo nákominn. Þó vildi jeg í greiðaskyni benda hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) á eitt atriði, sem hann hefir líklega ekki tekið eftir, þegar hann rjeðst í fyrirtæki þetta. En um leið verð jeg að fara nokkuð aftur í tímann. Þegar jeg hætti fyrirvaralítið viðskiftaráðunautsstarfinu, þá stóð jeg uppi atvinnulaus; þótti þinginu þá nokkuð hart að skilja mig eftir úti á gaddinum, og veitti mjer 1200 kr. til ritstarfa; en af því að jeg fann það best sjálfur, að jeg er hvorki stórskáld nje ritsnillingur, tók jeg að velta því fyrir mjer, hvaða starf jeg skyldi inna af hendi, þannig, að þingið hefði ekki vansa af fjárveitingu sinni. Varð niðurstaðan sú, að jeg rjeðst í að byrja á að þýða á íslenska tungu Faust eftir Goethe; jeg hafði lengi haft það í huga, en jafnan dregist úr hömlu fyrir mjer, því mjer var það ljóst, hvílíkt vandaverk það er, og taldi mig vanfæran til þess.

Þegar jeg hafði sýnt kunningjum mínum dálítið sýnishorn af þýðingunni, þá skoruðu um 100 mentamenn á mig að halda áfram þýðingunni, og varð það mjer mesta hvöt til þess að halda starfinu áfram og vanda það sem mest. Hv. þm. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) heggur annars nokkuð nærri sínum garði, er hann vill bana fjárveitingu þessari, því að jeg veit ekki betur en hann sje hagvanur í Tímans högum, en án þess jeg vilji þreyta hv. deild á því, að lesa upp nöfn allra þeirra, sem undir áskoruninni standa, vil jeg þó geta þess, að einn í þeim hóp er sjálfur ritstjóri Tímans; þar getur að líta nafn hans, ritað með eigin hendi, og fleiri eru þar nöfn Tímans manna. Það er meira en illa gert, og lýsir lítilli ræktarsemi háttv. þm. (Sv. Ó.), að snúast nú móti meistara sínum, ritstjóra Tímans, er hann kvað fylgja gegnum þykt og þunt. Þykist jeg nú hafa goldið greiða með greiða, og sleppi að tala fleira um þetta.

Þá verð jeg að minnast á eina till., þótt jeg geri það nauðugur; það er brtt. á þgskj.

714. um 2000 kr. styrk á ári til Hallgríms Hallgrímssonar, sagnfræðings, til að rannsaka og skrifa sögu Íslands yfir tímabilið 1800 til 1. desember 1918. Jeg mæli nauðugur móti þessari till., af því að jeg vil manninum vel og vildi vinna að því, að hann gæti fengið lífvænlega stöðu, þar sem honum gæfist góður kostur á að stunda fræðigrein sína. En eftir þeirri nasasjón, sem jeg hefi á þessari fræðigrein, þá mun engin þjóð hafa ætlað nokkrum sinna manna þá dul, að rita sögu þjóðarinnar fram á síðustu ár; slíkt er ofætlun. Jeg veit, að maður þessi er vel gáfaður og vel að sjer, og hann hefir vitnisburð kennara síns, Arups prófessors, um það, að hann sje dugnaðarmaður, og sagnfróður vel. En jeg veit líka, að hans sjergrein við sögunámið var ekki saga Íslands, heldur Englandssaga á seinni öldum. Nú er það eigi að síður vitað, að maðurinn hefir þá undirstöðuþekking í sagnfræði, að hann á að geta orðið vel að sjer í sögu Íslands; og jeg mundi hafa mælt með honum til styrks til að rannsaka eitthvert annað tímabil í sögu vorri en þetta hið síðasta; það liggur of nærri til hlutdrægnislausrar rannsóknar; síst er það og, að jeg telji styrkinn of háan.

Maður sá, er hjer ræðir um, er ungur að aldri og hefir dvalist erlendis nú á meðan skapast hefir síðasti og merkasti þáttur sögu sjálfstæðisbaráttu okkar. Þess er og vart að vænta, að hann eða nokkur annar, geti verið laus við alt flokksfylgi, eða sje laus við að vera tengdur vináttu- og samúðarböndum ýmsum þeim mönnum, er í stríði þessara síðustu tíma hafa staðið, og það nægir eitt til þess, að óhlutdræg saga verður eigi rituð af samtímismanni söguviðburðanna, og þótt einhver vildi hugsa sjer, að slíkt mætti verða, þá yrði allur helmingur slíkrar sögu einskisvirði, því að fjöldi söguheimilda samtíðarinnar liggur dulinn í brjefum einstakra manna, eða í ritgerðum og brjefum í skjalasöfnum, sendum þangað með því skilorði, að eigi megi þau opna eða nokkrum óviðkomandi í hendur seld fyr en eftir ákveðinn árafjölda. Ef tillögumenn vildu breyta þannig till. sinni, að manni þessum væri ætlað annað verkefni, þá mundi jeg mæla með, og eigi minni styrk en hjer er nefndur. En af því jeg hefi dálitla nasasjón af sagnfræði og söguritun, þá get jeg engum trúað fyrir að rita slíka sögu, sem hjer er gert ráð fyrir, hvorki yngra manni nje eldra, svo að ábyggileg og óhlutdræg verði.

Jeg hefi ásamt öðrum hv. þm. komið með till. um, að Byggingarfjelagi Reykjavíkur sje veittur styrkur til að reisa hús hjer í bæ. Fjelag þetta er samvinnufjelag, og ætlar að gangast fyrir því að reisa hús handa efnalitlum fjölskyldum. Það á ekki að verða gróðafjelag, en á að hjálpa mönnum til að eignast þak yfir höfuðið. Það er farið fram á, að ríkið veiti fjelagi þessu 15% af byggingarkostnaði húsa þeirra, er það reisir, þó ekki yfir 18000 kr. á ári, gegn því að Reykjavíkurbær leggi fram helmingi meira, eða 30%; þetta mundi svara til þess, að fjelagið gæti, með þessum tvöfalda styrk, byggt hús fyrir hjer um bil 120000 kr. á ári. Vera má, að það þyki allmikið harðræði að heimta af bænum 30%, því að sjálfsagt kæmi það mest niður á húseigendum, sem búa undir þungum álögum og hörðum húsaleigulögum. En nýar húsabyggingar ættu að verða til þess, að hinum óvinsælu húsaleigulögum verði ljett af fyr en ella, og flestir munu sammála um að þau þurfi, sem fyrst að auðið er, að hverfa úr sögunni. Jeg vænti þess, að allir, sem hlyntir eru samvinnustefnunni, muni greiða frv. þessu atkv. og styðja með því þennan nýja samvinnufjelagsskap Þeir, sem ekki hafa sjeð lög fjelags þessa, geta fengið þau hjá mjer, og vona jeg, að þeir muni gefa málinu fúslega atkvæði sitt, þegar þeir hafa kynt sjer lögin.

Að endingu leyfi jeg mjer að gera nokkr-

ar almennar athugasemdir, og þótt jeg sje lítill fjármálamaður, þá vona jeg, að kettinum leyfist að líta á kónginn, og jeg vænti, að hv. þingdeildarmenn ljái orðum mínum eyra, þótt ekki verði þau jafnviturleg sem sumra annara.

Það hefir mjög verið kvartað yfir því, að upphæðirnar í fjárlögunum væru ærið háar að þessu sinni, og að um 2 miljónir muni vanta á, að tekjurnar hrökkvi fyrir gjöldunum. Þetta mun nú rjett vera, en það er ekki nema eðlilegt. Peningar hafa fallið stórum í verði, og menn geta nú ekki lifað á sömu krónutölu sem fyr; því þarf nú fleiri krónur til samskonar fyrirtækja sem fyr, og öll laun og styrkir hljóta að hækka stórum að krónutali. Geta menn best áttað sig á þessu með því að bera saman krónur og landaura. Fyrir stríðið var alinin um 60 aura, og 1000 álnir þá 600 kr. eða 1000 kr. 1666⅔ alin; en nú er alinin um 1,44 kr. og 1000 álnirnar 1440 kr. og þá 1000 kr. nú ekki nema rúmar 694 álnir. Alinin er nú orðin nálega þrefalt hærri en hún var fyrir stríðið, og hverjar 1000 kr. nú ekki meira virði en um 350 kr. áður.

Verðmæti 1000 kr. nú er ekki meira en verðmæti 340 kr. áður, fyrir stríðið.

Þetta kemur líka alveg heim við reynslu mína og annara, að margfalda þarf með 3 hverja peningaupphæð, sem varið er fyrir lífsnauðsynjar.

Ef einhverjum dugðu 3000 kr. fyrir stríðið, þá kemst sá maður ekki af með minna nú en 9000 kr. Þetta er þá alt saman eðlilegt, og undan því verður ekki komist.

Þetta er því ekki af eyðslusemi háttv. fjárveitinganefndar, eða þingsins, að hækka verður svo laun öll og fjárveitingar, heldur er það bein afleiðing stríðsins.

Og þótt mönnum finnist það súrt í broti að verða að hækka svo krónutöluna, þá dugir ekki um það að fást; nauðsynin knýr.

En þá er vandinn, hversu ríkið eigi að afla sjer þessa fjár aftur.

Nú er það auðsætt, að ef þrefalda þarf útgjöldin, þá verður líka að þrefalda tekjurnar.

Nú hafa menn hitt á það ráð, að nota vísitölu til þess að reikna eftir laun embættismanna. Sú vísitala er nú ekkert annað en verðlagsskrárhlutfallið, sem jeg las upp áðan. Og hvað er þá eðlilegra, þegar gjöldin eru margfölduð með 2,4, eða hækkuð um 140%, en að fara þá eins að með tekjurnar. Það, sem er þjóðinni nauðsynlegt til útgjalda, það verður hún sjálf að borga.

Ef einhver heldur, að þetta sje skakt hugsað, þá er það misskilningur hjá honum, svo framarlega, sem tollar og skattar hafa verið rjettlátir áður.

Það hefir heldur enginn sýnt fram á að væri rangt, að menn greiddu nú þrefalt meira í ríkissjóð en áður.

Sá, sem selur nú eina á, loðna og lembda, fyrir 100 kr., en seldi hana áður fyrir 15—20 kr., hann á sannarlega ekki erfiðara með að borga 3 kr. nú en 1 kr. fyrir stríðið.

En nauðsynin heimtar gjöldin, og sá, sem verður að reikna gjöld sín nú eftir þessari vísitölu, hann verður líka að heimta tekjur sínar eftir samskonar reikningi.

Auðvitað má ekki margfalda alla tolla, t. d. sykurtollinn, sem var of hár áður, og ekki heldur það, sem lagt hefir verið á á þessu þingi. Um það er alt öðru máli að gegna.

En hjer verður ekki bæði slept og haldið.

Hjer þýðir ekkert smánurl. Annaðhvort verður að strika út allan þorra gjaldanna, svo að ekki standi eftir nema ⅓, og mun þá nægilegt vera til í þau, eða láta þau halda sjer, og taka þetta eina rjetta ráð til að fá fje í þau.

Hjer dugir ekki að fara að eins og hvolpur, sem eltir rófuna á sjálfum sjer, og tala stundum um krónuna eins og hún hafi

fult gildi, en aðra stundina eins og hún sje að eins ⅓ af sjálfri sjer

Þetta er svo augljóst mál, að menn ættu ekki að þurfa að heyra það af munni barna og fáfræðinga í fjármálum, eins og þeim þm., sem nú talar

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vildi að eins benda háttv. frsm. (B. J.) á það, að sumir tollar hafa nú þegar verið hækkaðir, eins og t. d. vörutollurinn o. fl.

En það er alveg rjett, að ef þingið vildi ganga inn á að margfalda alla tolla, eins og hv. frsm. (B. J.) leggur til, þá mundi það auka tekjurnar að miklum mun.

En jeg hygg, að frv. um það myndi eiga hjer erfitt uppdráttar.

Segjum t. d., að hækka ætti kaffitollinn, sem nú er 30 aur., upp í 90 aur. á kg., en minna mundi það varla verða, ef farið væri eftir verðlagsskrá. Jeg býst við, að það mætti ekki lítilli mótspyrnu.

Annars getur svo farið, að stjórnin verði neydd til að hækka þann toll, og mun þess ekki langt að bíða, að fram komi till. um það.

Annars get jeg vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt um þetta mál.

Frsm. fjárveitinganefndar (Bjarni Jónsson): Jeg hefði betur skilið þessa athugasemd hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), ef hún hefði hljóðað á þá leið, að stjórnin hefði þegar fallist á þetta ráð mitt, og sæi hún sjer ekki fært að fylgja því fram, þá teldi hún sjer ekki unt að stjórna lengur landinu.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi þegar skýrt frá því, að þótt þetta ráð væri þegið, mundi það ekki koma að gagni, vegna þess, að það gengi ekki fram á þinginu. En það er fyrsta og aðalatriðið.

Hákon Kristófersson: Háttv. frsm. (M. P.) benti á það, í sambandi við brtt. á þgskj. 716, að hann hefði gaumgæfilega tekið eftir því, sem jeg sagði um þá till. mína, en ekki fundið neitt, sem mælti með henni. En það sannar ekki annað en það, að mjer hefir tekist miður vel að koma orðum að því, hverja nauðsyn hjer er um að ræða, eða þá að háttv. framsm. (M. P.) hefir ekki viljað fallast á rjett mál.

En eins og jeg hefi áður tekið fram, er hjer ekki farið fram á, að ríkissjóður veiti nema helming kostnaðarins, og svo framarlega, sem till. þessi er ekki á fullum rökum bygð, þá er ekki um neinn kostnað að ræða, og þá kemur aldrei til neinna fjárútláta fyrir ríkissjóð. En hins vegar mundi sýslunefndin aldrei hafa lagt til, að í þetta yrði ráðist, ef ekki væri full nauðsyn á. En eins og jeg hefi áður sagt, varð sýslunefndin að ráðast í það, að loka sjúkrahúsi þessu í fyrra, en allir munu geta sjeð, að fram á slíkt er ekki farið að nauðalausu.

Háttv. frsm. (M. P.) sagði, að ríkissjóði bæri ekki að veita styrk til viðhaldskostnaðar sjúkrahúsa, þegar hann hefði áður veitt styrk til stofnkostnaðarins.

En hjer er ekki um neitt slíkt að ræða, þar sem landssjóður hefir ekki veitt einn eyri til þessarar byggingar.

Mig minnir, að háttv. frsm. (M. P.) kæmist svo að orði, að landssjóður mætti ekki veita styrk til endurbyggingar á sjúkrahúsum. En eins og jeg hefi tekið fram, er hjer hvorki um endurbyggingu nje viðhald að ræða, heldur að eins viðgerð á húsinu.

Háttv. frsm. (M. P.) sagði einnig, að það væri ekki hlutverk landssjóðs að veita styrk til að kítta glugga á gömlum húsum. Það hefir víst átt að vera fyndni. En sú fyndni hefir farið langt fyrir ofan markið, þar sem jeg benti að eins á það, að auk annars þyrfti að gera þetta.

Þá benti háttv. frsm. (M. P.) á, að mjer mundi vera heppilegast að taka till. aftur,

til þess að hún yrði ekki feld. Þetta hefir sjálfsagt átt að vera heilræði, þó ekki sjái jeg mjer fært að fara eftir því. Jeg hefi líka svo oft verið hjer í minni hluta, að jeg kippi mjer ekkert upp við það, þó að svo verði enn einu sinni.

En jeg get sagt háttv. frsm. (M. P.) það, að við sýslubúar munum fúsir til að gera við hús þetta að öllu leyti á eigin kostnað, ef ríkið vill svo taka að sjer rekstur þess. (*M. P.*: Ríkið rekur engin sjúkrahús).

En þá ætti það ekki að vera neitt sjálfsagt fyrir háttv. fjárveitinganefnd að vera á móti jafnsjálfsögðum styrk og þessum.

En eins og jeg tók fram áðan, er það sýslufjelaginu algerlega um megn að kosta viðgerð þessa, eins og sjá má af því, að það var knúið til þess að loka húsinu, þó það megi teljast ógerningur. En ef hið háa Alþingi vill ekki veita styrk þennan, verð jeg þó að líta svo á, sem það sje þeirri vandræðaráðstöfun samþykt.

En ef háttv. nefnd efast um, að jeg hafi með rjettu farið fram á þetta, þá er þess að gæta, að sje sá grunur rjettur, þá fellur fjárveiting þessi um sjálfa sig, og mun aldrei til þess koma, að hana þurfi að veita.

ATKVGR.

Brtt. 711.a. feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., E. Árna., E. J., H. K., P. O., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Ó. B.

nei: B. St., E. A., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. J.

Brtt. 689. samþ. með 16 : 1 atkv.
— 731. — — 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. Ó., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. St., E. Árna., E. J., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., Ó. B.

nei: M. P., P. Þ., S. S., S. St., Þór. J., B. Sv., B. K., E. A., G. Sv.

P. J. greiddi ekki atkv. af ástæðum, sem forseti tók ekki gildar.

Brtt. 728,1.—4. samþ. með 14 : 9 atkv.
— 695. — — — 14 : 5 —
— 716. feld með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. St., E. Árna., E. J., H. K.,

nei: J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. K., E. A., G. Sv. J. J., Ó. B.

Brtt. 721. tekin aftur.
— 734. — —.
— 728,5. samþ með 17 : 2 atkv.
— 703.a. — — 15 : 1 —
— 703.b. feld með 16 : 4 atkv.
— 684. feld með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., E. A., G. Sv., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Ó. B.

nei: Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. St, E. Árna., E. J., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., St. St.

Brtt. 717. feld með 14 : 3 atkv.
— 685. samþ. með 14 : 4 atkv.
— 720. — — 15 : 2 —
— 724. — — 14 : 1 —
— 728,6. — — 17 shlj. atkv.
— 728,7. — án atkvgr.
— 690. feld með 16 : 6 atkv.
— 736. samþ. án atkvgr.
— 728,8.a.—b. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 691. (aðaltill.) feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. Árna., G. Sv., J. M., J. B., M. G., M. Ó., P. O., P. Þ., St. St., Þór. J., Ó. B.

nei: B. J., B. K., E. A., E. J., H. K., J. J., M. P., P. J., S. S., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv.

Brtt. 691. (varatill.) feld með 13 : 6 atkv.

— 728,9. samþ. með 20 shlj. atkv.

— 722. (aðaltill.) feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. K., E. Árna., J. M., J. B., P. O., S. S., Sv. Ó., Ó. B.

nei: Þór. J., B. J., B. St., E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., St. St.

Brtt. 722. (varatill.) samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. K., B. St., E. Árna., E. J., Ó. B.

nei: H. K., J. J., M. P., M. Ó., P. J., S. St., St. St., Þór. J., B. J., E. A., G. Sv.

Brtt. 728,10.a. samþ. með 16 shlj. atkv.

— 728,10.b. feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þór. J., B. J., B. K., G. Sv., J. J. J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., Þorl. J.

nei: Þorst. J., B. Sv., B. St., E. A., E. Árna., E. J., H. K., M. G., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Ó. B.

Brtt. 712. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., H. K., M. G., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., B. St., E. A., E. Árna., Ó. B.

nei: G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K.

Brtt. 696. feld með 16 : 5 atkv.

— 725. tekin aftur.

— 739,a. feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. J., J. B., M. P., M. Ó., P. J., S. St., Þorl J., B. Sv., B. J., E. A., G. Sv.

nei: J. M., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. K., B. St., E. Árna., E. J., H. K., Ó. B.

Brtt. 739,b. tekin aftur.

— 718. feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakilli, og sögðu

já: Þorl. J., B. Sv., B. J., B. K., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. P., P. Þ.

nei: S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. St., E. A., E. Árna., E. J., M. G., M. Ó., P. J., P. O., S. S., Ó. B.

Brtt. 715. feld með 15 : 8 atkv.

— 728,11. samþ. með 16 shlj. atkv.

— 692. tekin aftur.

— 688. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Þorl. J., B. Sv., B. J., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., P. O.

nei: P. Þ., S. S., S. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. K., B. St., M. G., M. P., M. Ó., P. J., Ó. B.

Brtt. 719. feld með 13 : 11 atkv.

— 714. — — 13 : 7 atkv.

— 740. samþ. með 15 : 4 atkv.

Brtt. 713. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., S. S., St. St., Sv. Ó, Þorst. J., B. Sv., B. J., B. St., E. A., G. Sv., H. K., J. J., J. B.
nei: M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. St., Þorl. J., Þór. J., B. K., E. A., E. J., J. M., Ó. B.

Brtt. 728,12. samþ. með 15 : 7 atkv.
— 728,13. — — 15 shlj. atkv.
— 742. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., Þorl. J., Þór. J., B. J., B. St., G. Sv., H. K., J. M.
nei: P. O., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv., B. K., E. A., E. Árna., E. J., J. J., Ó. B.

Brtt. 728,14. samþ. með 16 : 5 atkv.
— 737. samþ. með 15 : 6 atkv.
— 728,15. tekin aftur.
— 694. samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. A., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. S., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.
nei: B. Sv., B. K., B. St., E. Árna., E. J., J. J., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þór. J.

Brtt. 693,1. samþ. með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakilli, og sögðu

já: M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. P.
nei: P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., B. St., E. J., H. K., M. G., Ó B.

Brtt. 693,2. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 693,3. feld með 13 : 8 atkv.
— 728,16.a. samþ. með 18 : 1 atkv.
— 728,16.b. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 704. (aðaltill.) feld með 19 : 3 atkv
— 704. (varatill.) feld með 15 : 4 atkv.
— 647. feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., J. J., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. St., Þorl. J., B. J., B. K.
nei: B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. M., M. G., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., Ó. B.

Brtt. 728,17. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., Þorst. J., Þór. J. B. J., B. St., G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. G., M. P., P. J., P. O., P. Þ.
nei: S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., B Sv., B. K., E. A., E. Árna., E J., J. M., M. Ó., Ó. B.

Brtt. 728,17. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. St., G. Sv., H. K., J. J., J B., M. G., M. P., P. J., P. O., P. Þ.
nei: S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., B. Sv., B. K., E. A., E. Árna., E. J., J. M., M. Ó., Ó. B.

Brtt. 735. samþ. með 15 : 1 atkv.
— 732. feld með 15 : 3 atkv
— 747. feld með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., J. J., J. M., J. B., P. Þ., B. J., B. K., B. St., E. A.
nei: E. Árna., M. G., E. J., M. P., H. K., M. Ó., P. J., P. O., S. S., S. St., St.

St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., Ó. B.

Brtt. 728,18.a. samþ. með 14 : 1 atkv.
— 728,18.b. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 738. samþ. án atkvgr.
— 728,19.a., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
— 728,19.b. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 726. feld með 13 : 7 atkv.
— 728,20. samþ. með 19 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., E. Árna. E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J.
nei: P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þór. J., B. K., B. St., Ó. B.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. sept., var útbýtt

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 751).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil vekja eftirtekt hv. þm. á því, að þegar fjárlögin voru lögð fyrir hv. Nd., benti jeg á þær leiðir, er jeg taldi rjett að hv. Alþingi færi í fjármálunum. Taldi jeg rjett að hraða tekjuaukafrv. sem mest, og enn fremur nauðsynlegt, að kolin og saltið væri látið vinna upp þann halla, er landsverslunin hafði beðið af þeim vörutegundum. Hv. Alþingi hefir nú farið þá leið að samþykkja salttollinn, og efast jeg ekki um, að hallinn á kolum verði unninn upp á þá leið, sem jeg taldi rjett vera.

En ef vel ætti að vera, þyrfti að sjá fyrir því, að fjárlögin fyrir árin 1920—1921 færu ekki út úr þinginu með halla, er greiða þyrfti með lánum. En slíkur halli er nú fyrirsjáanlegur.

Í fjárlagafrv., eins og það kemur frá Nd., er tekjuhalli áætlaður kr. 498,504.02, en eftir frv., eins og stjórnin lagði það fyrir, var gert ráð fyrir 347,910 kr. tekjuhalla. Hefir hann því aukist um kr. 150,594 í Nd., og virðist það í fljótu bragði ekki vera mikið. En þess er að gæta, að við tekjubálk fjárlagafrv. hafa bæst tekjuaukar, sem áætlaðir hafa verið 1,300,000 kr. á fjárhagstímabilinu, og mun það ekki of hátt áætlað, og þegar það bætist við þær 150,594 kr., sem jeg nefndi áðan, hefir hv. Nd. bætt inn í frv. útgjaldaaukum, er nema rúmlega 1 miljón og 450 þús. krónum. Auk þess halla, er verður samkvæmt fjárlagafrv., bætist við stórhalli eftir launalögunum. Geng jeg þá út frá því sem gefnu, að tekjuhalli eftir frv., eins og það kemur frá Nd., muni nema um 1 miljón á ári. Og ef ekki er dregið úr útgjöldunum, er sýnilegt, að um tveggja miljóna kr. tekjuhalli verður á fjárhagstímabilinu, auk þess sem ýms frv. hafa verið samþ., eða verða fyrirsjáanlega samþ., sem gera ráð fyrir mjög miklum útgjöldum.

Að því er snertir skuldir ríkisins, gamlar og nýjar, þegar gengið er út frá því, að landsverslunin greiði ríkissjóði það, sem hún skuldar, og skipunum verði hagkvæmlega realiserað, nema þær um 5½ miljón kr., auk þess sem jeg geri ráð fyrir því, að 1 miljón kr. tekjuhalli verði á yfirstandandi ári.

Að vísu er ekki víst, að svo mikill halli verði á þessu ári, og skal jeg í því sambandi nefna, að formaður fjárveitinganefndar Nd. hefir jafnvel áætlað, að hann

muni enginn verða. Að vísu hafa tekjuaukar á þessu ári numið mjög miklu; t. d. nam tunnutollurinn um 600 þús. kr., en útgjöldin verða hins vegar afarmikil voru í fyrra um 4 miljónir króna, og þykir mjer því varlegast að gera ráð fyrir miljón króna tekjuhalla á yfirstandandi ári.

Þegar lagðar eru saman skuldirnar gamlar og nýjar skuldir 5½ milj. kr., tekjuhalli á yfirstandandi ári 1 milj. kr. og tekjuhalli á næsta fjárhagstímabili 2 milj. kr., verða þær samtals 8½ milj. kr.

Auk þess er gert ráð fyrir að tekin verði lán til brúagerða, húsabygginga, vitabygginga o. fl., og býst jeg því við, að ekki líði á löngu, áður en skuldirnar verða orðnar 16 miljónir króna, eða áttfaldar á við það, sem þær voru fyrir stríðið

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þessa sálma. Vildi jeg draga upp mynd af fjárhagnum, er hv. þm. gætu haft fyrir augum. Skal jeg að eins geta þess, áður en jeg sest niður, að tekjuaukafrv munu koma fram í hv. Nd., er draga talsvert úr hallanum.

Magnús Kristjánsson: Jeg er þakklátur hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fyrir skýrslu þá um fjárhaginn, er hann hefir nú gefið. En jeg vildi leyfa mjer að leita frekari upplýsinga hjá honum, þar sem mjer þótti tölur þær, er hann fór með, allháar, ef um skuldir er að ræða, sem lítið eða ekkert kemur á móti; en það verður jafnframt að líta á, því ekki er rjett, að þjóðinni skiljist að óþörfu, að landið sje sokkið í svo botnlausar skuldir, að hún þurfi þess vegna að vera án nauðsynlegra endurbóta.

Í þeim skuldum, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) mintist á, álít jeg að sjeu falin lán til verðbrjefakaupa, ritsíma og annara arðberandi fyrirtækja, sem geta staðið straum af sjer sjálf. Sje lánum varið í slík fyrirtæki, er vafasamt, hvort rjett er að kalla þau skuldir í eiginlegum skilningi, og þetta þarf að vera ljóst þingi og almenningi.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) gerði ráð fyrir, að einnar miljón kr. tekjuhalli myndi verða á yfirstandandi ári. Jeg hygg, að varla sje svo langt komið, að hægt sje að segja með neinni vissu, hvort svo verður eða ekki. Jeg fyrir mitt leyti hafði gert mjer vonir um, að tekjuhalli myndi verða mjög lítill á þessu ári, þegar alt kemur til alls, en ekkert skal jeg fullyrða um það. En jeg vil ekki, að fjárhagsástandið sje málað svartara en nauðsynlegt er, og álít skaðlegt að koma ótrú inn hjá þingi og þjóð um það efni, og að það muni leiða til enn frekari kyrstöðu.

Hvað snertir fjárlögin, lítur að vísu svo út, sem tekjuhalli muni verða á þeim, en jeg hygg, að það sje þó ekki fullskoðað, því alloftast hefir svo reynst, að tekjur hafa farið fram úr áætlun, og að vísu hefir það sama átt sjer stað um útgjöldin, en þó ekki í eins stórum mæli og tekjurnar. Geri jeg mjer því góða von um, að ástandið verði ekki svo slæmt, sem útlit er fyrir í fljótu bragði.

Um þetta verður aldrei sagt með vissu, en hitt er nauðsynlegt, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) skýri frá, að hve miklu leyti skuldirnar eru eyðslufje, og að hve miklu leyti þær sjeu fólgnar í arðberandi eignum.

Þetta er nauðsynlegt að vita, og þá fyrst, þegar vitneskja er fengin um þetta, geta menn gert sjer í hugarlund, hve langt er hægt að ganga í framkvæmdum.

Jeg býst við, að hv. þm. sjeu eins kunnugir fjárhag ríkisins og jeg, en komi slík viðbótarskýrsla ekki frá hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), hygg jeg, að ræða hans geti valdið misskilningi á því, hvernig fjárhagsástand ríkisins er.

Fjármálaráðherra (S. E.): Eins og hv. þm. er kunnugt, hefir verið prentuð skýrsla yfir eignir og skuldir ríkisins, sem fylgiskjal með landsreikningnum 1916–17. Samkvæmt þeirri skýrslu eru eignir ríkisins miklu meiri en skuldir þess, og er sá munur um 11 miljónir króna. Þegar litið er til fjárhagsins, eins og hann er nú í augnablikinu, þá er því engan veginn ástæða til þess að barma sjer, en óneitanlega virðist mjer það ískyggilegt að gera fjárlögin þannig úr garði, að lán verði að taka til þess að greiða halla á þeim.

Ef halda á fjárhag ríkisins í sæmilegum horfum, verður að ganga svo frá fjárlögunum, að þau beri sig, og er þá um tvent að velja, annaðhvort að skera af útgjöldunum og ganga þá heldur nálægt framkvæmdum, þótt nauðsynlegar sjeu, eða að sjá fyrir tekjuaukum, svo jöfnuður geti haldist milli útgjalda og tekna. Virðist mjer, að hv. þm. verði að athuga þetta vel.

Skuldir landssjóðs hefi jeg áætlað að mundu við síðustu áramót hafa numið um 5½ milj. kr., að frádregnum lánum til landsverslunarinnar og bókfærðu verði skipanna. Er þá ekki tekið tillit til 1 milj. kr. gróða landsverslunarinnar. Tekjuhalla yfirstandandi árs hefi jeg gert 1 milj., en sú áætlun er ekki ábyggileg. Má gera ráð fyrir miklum tekjum á árinu. En hins vegar má einnig búast við miklum útgjöldum. Síðasta árs útgjöld fóru 3,514 þús. fram yfir áætlun, en gjöldin venjulega meiri síðara ár fjárhagstímabilsins.

Eftir þessu ættu gamlar og nýjar skuldir við áramót, með framangreindum frádrætti, að nema um 6½ milj., og er varla hægt að telja það mjög vondan fjárhag eftir öllum ástæðum, þar sem á móti standa eins miklar eignir og jeg hefi tekið fram áður, en samkvæmt skýrslu um eignir og skuldir ríkisins má gera ráð fyrir 11 milj. fram yfir skuldir.

En jeg vil fastlega vara við því, að þetta ástand getur breyst til hins verra, og það jafnvel á tiltölulega skömmum tíma, sjerstaklega ef farið verður inn á þá hálu braut, að taka lán sem eyðslufje. Má í þessu sambandi benda á, að fullar líkur eru til, að í fjárlögunum verði 2 milj. kr. halli, ef ekki bætast nýir tekjuaukar við, og er það laglegur skuldaauki.

Það er og ljóst, að á þessu þingi hefir auk þessa verið lagður grundvöllur að miklum skuldaauka, t. d. með húsagerðarfrumvarpinu, brúargerðarfrv. og strandgæslufrv., svo að fyrirsjáanlegt er, að skuldirnar aukast við það að miklum mun, en hve langt muni verða þangað til að því rekur, fer eftir því, hve mikið þessum framkvæmdum verður hraðað. En þó að hægt verði ef til vill að fá lán til framkvæmda ýmissa, þá mun sannast, að erfitt verður að fá fje til þess að greiða fjárlagahalla.

Magnús Kristjánsson: Jeg er þakklátur hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fyrir greinargerð sína, sem kemur alveg heim við það, sem jeg hafði haldið fram. Það er nauðsynlegt, að málið liggi alveg ljóst fyrir almenningi.

Það virðist svo, sem skifta mætti skuldum landssjóðs í þrent.

Í fyrsta lagi skuldir, sem stafa af því, að fje hefir verið tekið að láni til fyrirtækja, sem standa sjálf straum af sjer.

Í öðru lagi skuldir, sem stafa af lánum, er ganga til þess að auka eign landsins, jafnvel þótt ekki sjeu þau arðberandi.

Í þriðja lagi eru þau lán, sem eru hreint og beint eyðslufje.

Einhvern veginn á þennan hátt þarf að greina skýrsluna í sundur, svo að hún sje ekki villandi fyrir almenning. En þótt landið taki lán, sem borga þarf í framtíðinni, þá þarf það engum að vaxa í augum.

Hitt er annað mál, hvort ekki myndi rjettast að breyta um stefnu þá, sem verið hefir um lántökur Það er mjög óviðkunnanlegt, að stjórnin sje úti um allar jarðir til þess að snapa út peninga, hitt væri miklu nær, að stjórnin sneri sjer til Landsbankans, er sæi um framkvæmdir á því, að útvega lánið. Væri þá auðvitað rjett að leita fyrst eftir lánum innanlands.

Fjármálaráðherra (S. E.): Þegar bornar eru saman gömlu skuldirnar og nýju skuldirnar, að frádregnu fje því, sem er í landsverslun og skipum, þá sjest hjer um bil, hvað mikið fje hefir farið til eyðslu. Að vísu er þetta ónákvæmt, því að bæði var fje í sjóði, er stríðið byrjaði, og svo hafa hins vegar ýmsar upphæðir aftur aukið eign landsins, en mjög miklu munar hjer ekki, sbr. skýrslu fjárhagsnefndar um þetta atriði í Nd.

Það er alveg rjett, eins og hv. þm. (M. K.) sagði, að lán til eyðslu eru óþægilegustu lánin, og því hefi jeg altaf verið að reyna að berjast gegn fjárlagahallanum. Aftur á móti eru lán til framleiðslufyrirtækja, sem landssjóður græðir á, enginn baggi fyrir landssjóðinn. Öðru máli er að gegna um húsabyggingarlán. Þó að þau sjeu ekki til eyðslu, þá þarf þó landssjóður stöðugt að greiða vöxtu af þeim, án þess að þau gefi arð af sjer, þó að þau sjeu verðmæt eign.

Þess ber yfirleitt að gæta, að tekjuaukarnir ofbjóði ekki gjaldþoli manna. Jeg ítreka það, að einmitt af því, að þetta þing hefir gengið svo langt inn á lánabrautina, þá sje þeim mun meiri ástæða til þess að gæta að því, að árlegi hallinn verði ekki mjög mikill; ella myndi fjárhagur landsins verða bágborinn. Lánstraust landsins er nú að vísu gott, en ef menn með köldu blóði, eins og menn virðast nú gera, ganga frá fjárlögunum með miklum halla, þá efast jeg um það, að lánstraustið haldist.

ATKVGR.

1.—5. gr. frv. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999), 6.—12. gr., 13. gr A.—B. og D.—E. og 14.—22. gr. til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 2000) og 13. gr. C. til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 2001), alt í e. hlj.

Á 60. fundi í Ed., föstudaginn 19. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 751, n. 802 og 865, 803, 823, 846, 859, 860, 863, 864, 867, 888, 890, 891, 893, 907, 908).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 893. og 907, er of seint var útbýtt.

Forseti: Eins og jeg gat um í gær, hefi jeg áformað að skifta fjárlögunum í 4 kafla, og verður þá í fyrsta kafla og til umr. nú 1.—5 gr. fjárlaganna og þær brtt., sem að þeim greinum lúta.

Frsm. fjárhagsnefndar (Magnús Torfason): Eins og sjá má á þgskj. 803 og nál. á þgskj. 802, hefir nefndin lagt til, að gerðar væru þó nokkrar breytingar á tekjuáætluninni, og munu það vera þær frekustu breytingar, sem gerðar hafa verið á tekjubálkinum í þessari hv. deild.

Alt hefir sína orsakir, og þetta líka, en aðalástæðan fyrir þessum till. er sú, að stjórnin hefir í þetta sinn áætlað tekjurnar óeðlilega lágar, en það stafar af því, að stjórnin hefir alla þessa öld skilað fjárlagafrv. með nokkrum tekjuhalla.

Formaður og frsm. fjárhagsnefndar í hæstv. Nd. (M.G.) er ekki óskyldur stjórninni, og því ekki að undra, þótt hann gerði ekki brtt. við áætlunina, og hv. Nd. lítur út fyrir að hafa verið svo ánægð með þetta, að þar kom ekki fram brtt. við nokkurn lið. Einu

breytingarnar, sem þar voru gerðar, voru þær hækkanir, sem voru óhjákvæmilegar vegna tekjuauka, sem hafa verið samþ. á þinginu. Þetta er mjög fágætt, og eftir því, sem nefndin hefir getað litið til, þá hefir það ekki komið fyrir, að Nd. hafi ekki hækkað tekjuliðina í fjölda mörg ár. Þetta er því alveg nýtt, og því eðlilegt, að fjárhagsnefndin hjer líti svo á, að hún þyrfti að gera það.

Þessi hækkun á tekjunum gefur raunar ekki meiri tekjur í sjóðinn, en samt eru fullnægjandi ástæður til að áætla tekjurnar nær sanni, auk þess, sem tekið er fram í nál.

Við hjer á þinginu rembumst eins og rjúpa við staur við að auka á allan hátt tekjur ríkissjóðs, og það hefir verið eitt af aðalhlutverkum okkar hjer á þinginu.

Jeg verð að líta svo á, að það væri óverjandi, ef þingið skildist svo frá fjárlögunum, að þar væri verulega stór tekjuhalli, því auk hans bætast við ýms útgjöld samkvæmt lögum samþ. á þinginu. Ef útkoman væri sú, að skattarnir eða árstekjur ríkissjóð væru minni en útgjöldin í fjárlögunum, þá virðist mjer, að þjóðin hlyti að líta svo á, að þingið hefði litla ábyrgðartilfinningu fyrir því, að sjá hag ríkissjóðs borgið, og það yrði ekki til þess að að auka virðingu þjóðarinnar fyrir starfi þingsins, og það á þingið alls ekki skilið, að því er þetta atriði snertir.

Jeg skal þá snúa mjer að einstöku brtt.

Fyrsta brtt. er um, að ábúðar- og lausafjárskatturinn verði færður upp um 20 þús. kr., og vænti jeg, að hv. þm. sjái, að það sje ekki mikið, þegar allar afurðir hafa hækkað svo gífurlega í verði. Áætlunin er auk þess varleg, því skattur þessi varð síðasta ár 100 þús. kr.

Önnur brtt., um að tvöfalda húsaskattinn, er gerð samkvæmt lögum, sem hafa verið samþ. hjer.

Tekjuskatturinn leggjum við til að verði hækkaður um 150 þús. kr. Stjórnin áætlaði þennan lið 250 þús. kr., en eftir þeim upplýsingum, er nefndin hefir fengið, þá nemur tekjuskatturinn nú í Reykjavík einni fyrra árið 400 þús. kr., og það virðist því vera sæmilegt að áætla að eins þá upphæð, eða að skattur þessi um land alt utan Reykjavíkur sje að eins fyrir vanhöldum. Tekjuskattur sá, er á að greiða þessi ár, er af tekjunum árin 1918 og 1919, og árið 1918 er gott í þessu efni, mun betra en árið 1917, en 1919 ágætt, svo þetta ár hlýtur að verða hreint jubelár fyrir ríkissjóðinn. Sama er að segja um dýrtíðarskattinn og tekjuskattinn.

Aukatekjurnar leggur nefndin til að hækka um 50 þús., og er það gert með tilliti til frv. þess, sem hefir verið samþ.

Erfðafjárskattinn hefir stjórnin áætlað 11 þús. kr., en á að eins 3 mánuðum hefir skattur þessi orðið hjer í Reykjavík 20 þús. kr., og áætlun nefndarinnar um að hækka þennan lið um 6 þús. kr., eða ⅓ part, er geysivarleg.

Vitagjaldið er hækkað samkvæmt samþ. lögum frá þinginu.

Útflutningsgjaldið leggur nefndin til að verði hækkað um 50 þús. kr. Þessi liður er fremur óábyggilegur, því hann fer mjög eftir því, hvernig síldveiðin reynist, en hún er stopul. En þessi hækkun er bygð á útreikningi stjórnarinnar um þetta við annað mál, og þar sem einn aðalliður gjaldsins hefir verið sexfaldaður, og nýjum liðum bætt við, þá ættu tekjurnar á þessum lið að fara fram úr áætlun í hverju litlu meðalári.

Áfengistollurinn leggur nefndin til að verði hækkaður um 25 þús. kr., og er það gert með tilliti til þess, hvernig hann hefir reynst, og það eru því miður litlar líkur til þess, að hann minki.

Þá leggur nefndin til, að stimpilgjaldið verði hækkað. Það er áætlað afarlágt, en fer talsvert eftir síldaraflanum. Nefndin

hefir haft það 50 þús. kr. hærra fyrra árið, vegna þess, að þá verða og fluttar út vörur frá þessu ári.

Pósttekjurnar leggur nefndin til að verði hækkaðar um 10 þús., og er það með tilliti til þess, að burðargjald undir blöð og tímarit hefir verið hækkað. Auk þess má gera ráð fyrir, að tekjurnar verði meiri þegar póstferðum fjölgar, og eins ef vörutollslögin verða samþ.

Um símatekjurnar hefir nefndin farið milliveg á milli stjórnarinnar og landssímastjórans, og telur nefndin áætlunina um þetta varlega, því alt bendir á, að þær fari mjög hækkandi.

Árið 1918 urðu tekjur af Íslandsbanka 140 þús. kr., og það er alt útlit fyrir, að þær verði ekki minni þetta ár, því það er gott ár fyrir bankana. Nefndin leggur því til, að þessi liður verði hækkaður upp í 120 þús kr. fyrra árið, en lætur hann standa óhaggaðan síðara árið, því á þessum byltingarinnar tímum er ómögulegt að segja hvernig þá veltur.

Ágóðahlutinn af Landsbankanum hefir orðið fjórum sinnum meiri en stjórnin áætlar, og nefndin lítur svo á, að það megi ekki áætla þann lið meiri en helmingi lægri en reynslan bendir til. Annars er það um þennan lið að segja, að hann er einn með sárustu tekjum ríkissjóðs, því hann er tekinn frá eigin barni ríkisins. Jeg þekti eitt sinn mann, er hjálpaði bróður sínum um peninga, og áskildi sjer 20% í vöxtu, en hjer tekur ríkið af barni sínu 22%. (*M. K.*: Barnið er fært um það). Það getum við má ske sagt. Stjórnin greiðir bankanum nú 100 þús kr. á ári, en tekur svo alt af honum aftur í sköttum. Hvar er þá styrkurinn? Því það var tilgangurinn að styrkja bankann. En þetta mun koma af því, að það hefir enginn búist við því, að bankinn ætti slíka framtíð fyrir höndum. Annað mál er, að vanvirðulítið er að taka við þessu á meðan Landsbankinn kvartar ekki.

Loks ber nefndin fram nýjan tekjulið, 10 þús. kr., og er það gert eftir nýsamþyktum lögum frá þinginu, um skatt á brjóstsykursgerð.

Nefndin leit svo á, að vel mætti hækka ýmsa smærri liði, þótt hún kæmi sjer saman um að bera ekki fram brtt. um það.

Alls nema hækkanir nefndarinnar 1188 þús. kr.; af því eru 240 þús. samkvæmt lögum, en 948 þús. frá nefndinni.

Eins og fjárlögin komu hingað frá hv. Nd., þá var nokkur halli á þeim, en ef brtt. nefndarinnar verða samþ., verður tekjuafgangur tæplega 700 þús. kr., en vafalaust mun takast að höggva talsvert skarð í það hjer í hv. deild. En svo hefir ríkissjóður ýms gjöld, sem ekki eru í fjárlögunum, og jeg teldi því illa gengið frá þeim með tekjuáætlun, sem væri ekki varleg. Hún verður að vera miðuð við það, sem tekjur ríkisins ættu að vera í laklegu meðalári. Jeg hygg, að á næstu árum aukist tekjurnar, því framleiðendur hafa mikla atburði til að auka framleiðsluna. Nægir að benda á, að margir trollarar eru í smíðum, sumir væntanlegir hingað í ár, aðrir að ári, og það drýpur drjúgum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Þessar upplýsingar hv. frsm. (M. T.) breyta ekki þeirri mynd, sem jeg hefi dregið af fjárhagnum. Jeg hefi tekið það skýrt fram, að tekjuhlið fjárlaganna væri mjög varlega áætluð Þegar jeg lagði fram fjárlögin í hv. Nd., sagði jeg um þetta: „Tekjuhlið fjárlaganna hygg jeg sje mjög varlega áætluð, og býst jeg því við, að ef fjárlögin færu út úr þinginu, eins og þau eru nú úr garði gerð, þá mundi enginn halli verða á þeim".

Það hefir verið siður allra stjórna vorra í mörg ár, að leitast við að áætla tekjuhlið fjárlaganna mjög varlega, og af því að

þeirri gullnu reglu hefir verið fylgt, þá hefir hallinn oft unnist upp. Stjórnin taldi sjálfsagt að halda áfram á þessari braut, og þeim mun fremur, þar sem erfitt var að segja, hvernig umhorfs yrði í heiminum og hver áhrif það hefði á okkur. Að hinu gekk jeg ekki ódulinn, að tekjurnar yrðu meira en áætlað var, og jeg býst við, að fjárhagsnefnd hv. Nd. líti og svo á þetta mál. En það má ekki gleyma því, að ýms útgjöld ríkissjóðs eru ekki færð í fjárlögunum, og þarf ekki annað en líta í landsreikninginn til þess að sjá, að útgjöld samkvæmt sjerstökum lögum er ekki lítil fúlga, og svo verður það áfram. Við vitum af launalögunum, og svo hygg jeg ekki ofdjúpt tekið í árinni, þótt jeg segi, að útgjöld eftir öðrum lögum nema fyllilega því, er hv. nefnd hefir hækkað tekjuliðina.

Þetta tek jeg fram til að sýna, að mynd sú, er jeg brá upp af fjárhagnum, er alveg rjett í öllum aðalatriðum.

Jeg sje ekki ástæðu til að ræða hverja brtt. fyrir sig, læt jeg mjer nægja að vísa til athugasemdanna með frv. stjórnarinnar, enda hygg jeg, að tekjurnar verði eins miklar og nefndin áætlar.

En rjett hefði má ske verið að færa meðal útgjalda í fjárlögunum sjerstaka upphæð, er kölluð væri: „Útgjöld samkvæmt sjerstökum lögum", og býst jeg þá við, að þá sæist berlega, hve rjett og skýr mynd mín af fjárhagsástandinu er.

Halldór Steinsson: Jeg vil að eins leiðrjetta misskilning, sem fram kom hjá hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), þegar hann sagði, að launalögin mundu skapa 2 milj. kr. útgjaldaauka. En sannleikurinn er sá, að eftir því, sem næst verður áætlað, er þessi útgjaldaauki talinn 1 milj., og munar það ekki litlu.

Í öðru lagi vil jeg benda á einn nýjan tekjuauka, sem jeg heyrði hv. frsm. (M. T.) ekki telja með, en mundi þó breyta allmjög útliti fjárlaganna, og það er vörutollurinn. Ef hækkunin á honum verður samþ., og við því búast víst allir, nemur hún ca. ½ milj. kr.

Það verður því ekki annað sagt en að þrátt fyrir launalögin verði fjárlögin eftir öllum vonum, ef þessar tekjuhækkanir ná fram að ganga.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg held, að hv. þm. Snæf. (H. St.) hafi ekki athugað, að þessi eina milj., sem hann talaði um, nær að eins yfir annað árið, svo það er rjett, sem jeg sagði, að það verða 2 milj. á fjárhagstímabili. En auðvitað er þetta ekki nákvæmt, því það fer nokkuð eftir þeim verðstuðli, sem lagður er til grundvallar, en hann er breytilegur.

Frsm. fjárhagsnefndar (Magnús Torfason): Jeg þarf ekki miklu við að bæta fyrri ræðu mína. Þó skal jeg geta þess til skilningsauka, að tekjuauki stjórnarinnar er aðallega miðaður við stríðsárin fimm, þó árin fyrir stríðið sjeu höfð nokkuð til hliðsjónar. En nú er það ástand, sem þá varð að miða við, óðum að hverfa, enda mun mega áætla, að hjer um bil allir tekjuliðirnir fari 20—30% fram úr áætlun nefndarinnar í hverju meðalári.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er ekki rjett, að tekjuáætlanir stjórnarinnar sjeu eingöngu miðaðar við stríðsárin. (*M. T.:* Sagði ekki eingöngu).

Það hefir þvert á móti verið reynt að taka tillit til hvorstveggja ástandsins. En hins vegar hefir stjórnin ekki viljað áætla tekjurnar hærri en full vissa væri fyrir að þær yrðu.

Sömuleiðis má benda á það, að gjöldin hafa líka farið langt fram úr áætlun, svo það er því meiri ástæða til að fara varlega.

Annars vona jeg fastlega, að þau tekjuaukafrv., sem fyrir liggja, nái fram að

ganga, og þá sjerstaklega vörutollurinn. Ekki mun af veita.

ATKVGR.

um 1.—5. gr. frv.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 803,1.a. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 803,1.b. — — 13 — —
— 803,1.c. — — 13 — —
— 803,1.d. — — 13 — —
— 803,1.e. — — 13 — —
— 803,1.f. — — 12 — —
— 803,1.g. — — 13 — —
— 803,1.h. — — 13 — —
— 803,1.i. — — 12 — —

Brtt. 908. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 803,1.j. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 803,1.k. — — 12 — —
— 803,1.l. — — 13 — —

2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 803,2.a. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 803,2.b. — — 13 — —

4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Ef ekkert er farið út fyrir bær brtt., sem fram eru komnar við 6.—11. gr., er það ekki mikið, sem þarf að taka fram, því þær eru að eins tvær, frá fjárveitinganefnd; en engar frá einstökum hv. þm.

En þar sem þessi bálkur, útgjaldabálkur fjárlaganna í heild, er hjer eiginlega fyrst til umr. nú, þykir mjer hlýða að lýsa nokkuð afstöðu fjárveitinganefndar yfirleitt til gjaldanna allra.

Þess er þá fyrst að geta, að nefndin treystist ekki til að gera neinar stórvægilegar lækkanir á útgjöldunum. Það hefði þá einna helst verið á útgjöldum 13. gr., að slíkt hefði getað komið til mála. Þar hefði þá verið um tvent að velja: Í fyrsta lagi að stryka út einhverja liði fyrir fult og alt, en þá var fyrir annað vandamál, sem sje að skera úr því, hvaða liðir það ættu að vera. Í öðru lagi að lækka einstaka liði. En það var heldur ekki fært, því það sýndist fremur þvert á móti liggja beinna við að hækka þar fjárveitingarnar fremur en lækka, ef þær ættu að koma að fullum notum, þar sem segja má, að kostnaður við verklegar framkvæmdir hafi þrefaldast að minsta kosti.

En þó niðurstaðan hafi orðið sú, að hækka hvorki nje lækka, svona yfirleitt, hefir þó komið út dálítil hækkun vegna ýmsra smábreytinga, sem nefndinni fanst nauðsyn á að gera. Þegar þessi hækkun er sundurliðuð, nemur hún öll:

Á 10. gr.	kr.	1,600 —	1,600
- 11. —	—	1,800 —	1,800
- 12. —	—	9,500 —	9,500
- 13. — B.	—	9,600	
- 13. — D.	—	98,000	
- 13. — E.	—	8,550 —	116,150
- 14. — A.	—	2,400	
- 14. — B.	—	17,000 —	19,400
- 15. —	—	36,200 —	36,200
- 16. —	—	67,500 —	67,500

En allar þessar hækkanir nema samtals kr. 252,150. og verður nú að draga frá þeim lækkunina, sem nefndin gerir ráð fyrir, en hún nemur sundurliðuð:

Á 12. gr.	kr.	1,000
- 13. — A.	—	20,000
- 15. —	—	14,800
- 16. —	—	20,000

eða samtals á öllum greinunum kr. 55,800. Þegar þessi upphæð er svo dregin frá hækkunarupphæðinni — eða kr. 252,150 ÷ 55,800 — verður útkoman sú, að hækkunin nemur kr. 196,350.

En nú ber þess að gæta, að hjer er í rauninni hvorki um að ræða raunverulegar hækkanir nje lækkanir, því nefndin hefir tekið með í þessa áætlun sína ýmsa liði, sem slept hafði verið í hv. Nd., en allir vissu þó að áttu að vera þarna og hljóta að vera þarna, ef hlutföllin eiga að vera rjett og öll kurl að koma til grafar, eftir því sem unt er. En ef ekki er tekið tillit til þessara liða, verður að sundurliða raunverulega hækkunina og lækkunina þannig, að hún nemur:

Á 11. gr.	kr.	1,800
– 12. —	—	2,900
– 13. — B.	—	8,000
– 14. — A.	—	2,400
– 14. — B.	—	5,200
– 15. —	—	30,200
– 16. —	—	67,500

en það nemur samtals kr. 118,000. En lækkunin er aftur á móti:

Á 12. gr.	kr.	1,000
– 15. —	—	14,800
– 16. —	—	20,000

eða samtals kr. 35,800; eða þegar þessi lækkun er dregin frá hinni raunverulegu hækkun — þ. e. a. s. 118,000 ÷ 35,800 — verður útkoman kr. 82,200.

Jafnvel þessi upphæð mundi sennilega ekki vaxa mönnum í augum, eða þykja ýkjamikil hækkun í meðferð heillar nefndar á svo merku og umfangsmiklu máli. En þó er þetta heldur ekki sú eiginlega raunverulega hækkun. Því að mjer virðist auðsætt, að enn megi draga frá þessu ýmsar upphæðir. Það mun t. d. tæpast geta reiknast nefndinni til synda, þó að hún hafi tekið upp liði, sem augsýnilega höfðu fallið niður í hv. Nd. af vangá. Þannig virðist mjer, að dragi megi frá hjer upphæðina til landmælinga, sem er 60 þús. kr., og verða þá að eins eftir kr. 22,200. Enn fremur finst mjer mega draga hjer frá 5,200 kr. til Stýrimannaskólans, svo að þegar alt kemur til alls, nemur raunveruleg hækkun nefndarinnar á þessum bálki að eins *sextján þúsund krónum*, og mun enginn geta kallað það mikið.

Þessar athugasemdir ættu að nægja um allan bálkinn yfirleitt. En þó skal jeg geta þess, að viðvíkjandi lækkuninni gildir að sumu leyti það sama og um hækkunina, þó að sú upphæð, sem jeg nefndi síðast, sje rjett.

Viðvíkjandi einstökum brtt. skal jeg geta þess um skrifstofukostnað bæjarfógetans, að hann hefir fært fullgild rök fyrir því, að hækka þurfi laun starfsmannanna þar, svo að þau samsvari launum í stjórnarráðinu. Að öðrum kosti yrði ekki kleift að halda sæmilega góðum mönnum. Verður ekki komist af með minna en 600 kr. viðbót á ári í þessu falli. Sama er að segja um skrifstofukostnað lögreglustjórans. Það virðist ekki nema sanngjarnt, að fulltrúar beggja þessara embættismanna hafi sömu laun. En þar sem einum skrifaranum á skrifstofu bæjarfógeta hafa nú verið ætlaðar, af hv. fjárveitinganefnd Nd. og Nd. sjálfri, 2,700 kr., má ekki minna vera, en að fulltrúarnir hafi 300 kr. meira.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal ekki eyða orðum að brtt., er snerta þennan kafla fjárlaganna; þær eru fáar og óverulegar, og hefi jeg ekkert við þær að athuga.

Í hv. Nd. hefi jeg haldið því fram, að nefndir þær, er um fjárhaginn fjalla, ættu straks í byrjun að gera sjer grein fyrir, hvort nokkur halli skuli vera á fjárlögum, og hve mikill, ef það verður ofar á.

Það mun oft hafa verið svo, að fjárveitinganefnd hefir ekki haft hugmynd um það, hve mikill halli yrði á fjárlögunum fyr en hún hefir verið að ljúka starfi sínu. Svo mun nú hafa verið um fjárveitinganefnd neðri deildar. Í fjárlögum eru altaf ýmsar fjárhæðir, sem eru algerlega óþarfar, hreinasti hjegómi, og þó öllum slíkum upphæðum væri sópað burtu, sem rjett væri, þá mundu þær þó að sjálfsögðu ekki leiðrjetta hinn mikla halla á fjárlögunum.

Að eins tvær leiðir er hægt að fara til þess að gera hallann engan eða þá svo, að hann sje verjandi. Önnur leiðin er að draga úr framkvæmdum, sem telja mætti að vísu nauðsynlegar, en hinn árlegi búskapur leyfir ekki, að ráðist sje í. Þetta verða einstaklingarnir flestir að gera hvað eftir annað, hver á sínu sviði. Bóndinn veit af ýmsu, sem bæta mundi jörð hans, en ræðst ekki í það fyr en efni hans leyfa. Hin leiðin er að auka skattana. Skal það játað, að þetta þing hefir samþ. ýmsa allverulega tekjuauka; en betur má, ef duga skal. Jeg játa það, að ef vörutollurinn verður samþyktur, þá kemur óneitanlega allverulegt skarð í miljónarhallann í fjárlögunum. En það er ekki nóg. Jeg lít svo á, að það sje skylda næstu stjórnar að koma með nægileg tekjuaukafrv. á næsta þingi, til þess að hallinn verði enginn á fjárhagstímabilinu, þegar til kemur. Jeg mundi álíta það skyldu mína, ef jeg sæti áfram við stjórn. Jeg sje það af hinum góðu undirtektum, sem frv. um vörutollinn hefir fengið, að menn vilja vinna töluvert til, að hallinn hverfi, því margir munu í hjarta sínu vera á móti vörutollinum yfirleitt, hvað þá heldur hækkun á honum. En svo kemur til kasta næsta þings með það, að rjetta hallann í fjárlögunum algerlega við.

Frsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Jeg hefi ekkert við umhyggju hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fyrir því, að fjárhagur landsins sje sem bestur, að athuga. Það er að eins vegna athugasemdar hans um, að fjárveitinganefnd eigi í byrjun að gera sjer ljóst, að tekjur og gjöld skuli standast á, að jeg tek til máls. Það hefði má ske verið rjettmætt að koma með slíka ósk á dögum fjárlaganefndarinnar gömlu, sem hafði bæði tekju- og gjaldabálk fjárlaganna til umsagnar. En nú er alt öðru máli að gegna. Nú eru sjerstakar nefndir um hvorn bálkinn. Fjárhagsnefnd á að sjá um tekjubálkinn, og þá getur það ekki verið framar sjerstök skylda fjárveitinganefnda, að sjá fyrir tekjum upp í öll útgjöld, er þær kunna að leggja til. Það er heldur ekki ábyggilegt fyrir fjárveitinganefnd efri deildar, þó hún taki tekjuupphæð fjárlaganna eftir 3. umr. í neðri deild og miði við það tillögur sínar um útgjöld, eins og nú hefir líka sýnt sig, því fyrir skemstu hefir tekjubálkurinn verið hækkaður um rúma miljón kr., við atkvæðagreiðslu hjer í deildinni. Hið eina, sem vakað getur fyrir fjárveitinganefnd, er að leggja ekki til, að fje sje veitt til annars en nauðsynlegra hluta. En þá er auðvitað álitamál, hvað sje nauðsynlegt og hvað ekki. En svo hefir það altaf verið og verður altaf. Það er ómögulegt að kalla fjárveitinganefnd Ed. eyðslusama í þetta sinn, því að raunverulegar hækkanir nefndarinnar nema, eins og jeg hefi sýnt fram á, að eins 17 þús. króna. Aftur sá nefndin sjer ekki fært að strika út verulega útgjaldaliði í 13. gr., sem þó hefði horft til sparnaðar, og lái henni hver sem vill.

Magnús Kristjánsson: Jeg fæ ekki betur skilið en að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sje öðru hvoru að gefa í skyn, að fjárveitinganefnd fari harla gálauslega með fje landsins. Þetta er tilhæfulaust. Fjárveitinganefnd þessarar deildar hefir

farið mjög skamt í því, að auka útgjöldin. En meinið er það, ef eitthvað er óefnilegt í þessu máli, að sá grundvöllur, sem fjárveitinganefnd var fenginn til að byggja á, var afarveill. Jafnframt því, sem stjórnin gerir gangskör að því að koma á stórkostlegum launabótum fyrir embættismenn, hefir hún, að því er virðist, ætlað að láta aðra starfsmenn ríkisins sitja við óbætt launakjör. Samskonar veila var í tekjubálki stjórnarfrv. Í staðinn fyrir að hækka alla tolla og skatta, að undanteknum sykurtollinum, um $^2/_3$, eða því sem svarar mismun peningagildis fyr og nú, lætur hún þá liði halda sjer að mestu óbreytta.

Svo kveður hæstv. fjármálaráðherra nú sífelt við þann tón, að fjárhagur landsins sje í kalda koli. Jeg verð að álíta, að sá söngur sje til engra bóta. Horfurnar eru sæmilegar, eftir öllum vonum, jafnvel þó að heppilegar hefði mátt koma sumu fyrir. Nú lítur út fyrir alt að einnar miljónar kr. tekjuafgang í fjárlögunum. Hins vegar er ekki líklegt, að þessi tekjuafgangur nægi til allra útgjalda, sem stafa af öðrum lögum frá þessu þingi. En þótt svo reynist, er engin ástæða til að tala um neinn stórkostlegan tekjuhalla. Það er óþarft verk, ef fjárhagsástandið er gert svo óálitlegt, að ástæðulausu, fyrir almenningi, að það dragi kjark og framtakssemi úr mönnum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. þm. (M. K.) fann það einkum að frv. stjórnarinnar, að því er mjer skildist, að útgjöldin til opinberra starfsmanna hefðu verið of lágt áætluð. En stjórninni hafði komið saman um það, að eiga ekkert við að hækka laun opinberra starfsmanna, fyr en útsjeð væri um það, í hvaða mynd launafrv. væri afgreitt. Jeg fæ ekki sjeð annað en að þetta hafi verið rjettmæt ákvörðun, enda er þetta í fyrsta sinni, sem jeg heyri að því fundið. Það má og vera, að stjórnin hafi áætlað ýmsa aðra liði of lágt. En þá er því að svara, að stjórnin sá sjer ekki fært að fara í öllu eftir tillögum ráðunauta sinna. Fjárveitinganefnd neðri deildar hefir aftur tekið upp flestar tillögur ráðunautanna og borið þær fram til sigurs. Jeg vil segja það um þessa ráðunauta, og segi þeim það til hróss, að þeir eru allir nokkuð djarfir í óskum sínum eftir landsfje, til framkvæmda hver í sinni grein. En af því leiðir aftur, að það er skylda hverrar stjórnar að halda heldur í við þá, þar sem fjárhagurinn er frekar þröngur, enda hefir svo altaf verið. Til dæmis má benda á vegamálin. Það má segja, að allar vegagerðir sjeu góðar og nauðsynlegar, en ef alt ætti að framkvæma, sem gott er og nauðsynlegt, þá er hætt við, að hallinn í fjárlögunum yrði svo mikill, að jafnvel þessu þingi ofbyði hann. Tekjuáætlanir sínar hefir stjórnin gert af mestu varfærni, eins og jafnan hefir þótt sjálfsagt.

Þá talaði hv. þm. Ak. (M. K.) um skattana og taldi, að stjórninni hefði borið að gera tillögur um hækkun á þeim, sem næmi verðhækkun á vörum. Jeg geri ráð fyrir, að einhvern tíma hefði heyrst kurr í þinginu, ef stjórnin hefði farið að þessum ráðum hv. þm. Ak. (M. K.). Tökum til dæmis kaffitollinn. Hann er 30 aurar á kg., en hefði eftir tillögu hv. þm. (M. K.) átt að hækka líklega upp í 90 aura. Jeg er hræddur um, að kurr hefði heyrst í herbúðunum út af annari eins tillögu. Það er ekki nóg, að færa megi góð og gild rök fyrir hækkun skatta; stjórnin verður líka að hugsa um, hvaða útgjaldaauka sjeu mestar líkur til að fá samþykta í þinginu, og það hefir stjórnin reynt að gera. Það er nú líka svo, að ýmsir af gömlu sköttunum hafa verið hækkaðir að mun, ekki að eins á þessu þingi, heldur einnig á undanförnum þingum. Má t. d. nefna hina miklu hækkun á síldartollinum, er úlfaþytur hefir orðið út úr, en þó væntanlega verður lát-

inn standa, að minsta kosti í einhverri mynd, jafnvel þegar endurskoðun á skattalöggjöfinni fer fram. Ætli það verði ekki fleiri, sem standa af núverandi sköttum, þó að þeir sjeu kallaðir hrófatildur?

Jafnvel þó að svo fari, að það verði einnar miljónar króna málamynda-tekjuafgangur í fjárlögunum, þá má það ekki villa menn. Launalögin gleypa 2 miljónir í viðbót við það, sem áður hefir farið í embættislaun á fjárhagstímabilinu, og ætli önnur gjöld nemi ekki nálægt 1 miljón? Ef menn vilja líta í landsreikningana, þá geta menn sjeð heila syrpu af lögum, sem hafa sjerstök útgjöld í för með sjer, en eru ekki talin í fjárlögunum.

Hv. þm. Ak. (M. K.) taldi, að jeg málaði ástandið of svart. En það hefir aldrei verið tilætlun mín. Jeg hefi viljað mála það *rjett*, og það held jeg að mjer hafi tekist.

Jeg hefi togast á við þingið um tekjuhallann. Jeg hefi verið kallaður afturhaldsmaður fyrir það, að jeg hefi viljað halda í útgjöldin. En koma munu þeir tímar, að þjóðin mun gera þá kröfu, að þingið sníði sjer og þjóðinni stakk eftir vexti með útgjöldin. Framtíðin mun taka í strenginn með mjer.

Magnús Torfason: Jeg skil ekki vel umræðurnar um þetta efni hjer í háttv. deild. Hið eina, sem jeg hefi lært á þeim, er að jeg er alveg hættur að trúa á diplomatiska hæfileika hæstv. fjármálaráðherra (S. E.). Hafi hann ætlað að bæta fyrir vörutollsfrv. með þessari ræðu sinni, hefir honum mistekist hrapallega. Það hefir þó sennilega verið meiningin; annars hefði hann getað sparað sjer lesturinn, því að það er alls engin ástæða til þess að fara að siða hv. Ed. fyrir fjárauka. (*S. E.*: Talaði um alt þingið.) Eftir atvikum verðum við að taka það beinlínis til okkar.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) lýsti því yfir, að hann hefði hagað skattafrv. sínum eftir því, sem hann teldi vænlegast að koma gegnum þingið. Hann játar því, að hann hafi ekki verið að leita rjettlætisins. Og því hefir sjávarútvegurinn fengið að kenna á.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sagði, að á þessum tímum yrði fyrst og fremst að hugsa um að ná peningunum inn í landssjóðinn; tími væri ekki til að láta meginreglu (princip) skattamálanna heyja hjer einvígi; og það þýðir ekki neitt að koma fram með frv., sem fyrirsjáanlegt er að ekkert fylgi hafa, því landssjóðinn vantar fje. Þingmaðurinn má svo snúa út úr þessu eins og hann vill.

Jeg skal ekki fara að tala neitt um diplomatí. Hv. þm. Ísaf. (M. T.) er altaf að æfa sig í því, án þess þó að nokkur árangur hafi enn sjest af því.

ATKVGR.

um 6.—11. gr. frv.

6.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv

Brtt. 846,1. samþ. með 12 shlj atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 846,2. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 846,3. — — 12 — —
— 846,4. — — 12 — —

11. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Það eru nokkuð margar brtt. við þennan kafla. — Aðalbreytingarnar eru frá fjárveitinganefnd, á þgskj. 846, og eru frá 5. að 34. lið.

Í fyrstu brtt. er ekki um hækkun á fjárútlátum að tefla. Það er að eins farið fram

á, að landlæknir fái skrifstofukostnað sinn borgaðan eftir reikningi. — Er það í samræmi við það, sem áður hefir verið samþ. hjer í háttv. deild, og mun jeg ekki færa fleiri ástæður fyrir því máli.

6. brtt. er um styrk til Þingvallahreppsbúa til að vitja læknis. Það er um svo lítilfjörlega upphæð að ræða, að ekki virðist ástæða til að fara mörgum orðum um það atriði. Nefndin tók það upp, af því að henni virtist það sanngjarnt, er borið er saman við aðra hreppa, sem líkan styrk hafa fengið. — Þarna er miklum örðugleikum bundið að ná til læknis, einkum þó til hjeraðslæknisins, sem býr austur í Skálholti. Hestar eru þar afarfáir; held jeg, að enginn hafi þar eldishesta nema presturinn, sem er neyddur til þess vegna annexíu.

7. brtt. fer í þá átt, að lækka útgjöldin. Háttv. fjárveitinganefnd Nd. hefir haft þá reglu, að tvöfalda laun aukakennara háskólans. Augnlæknirinn hefir haft 1500 kr., en hinir 1000 kr. hver. Hefir nefndin því hækkað augnlækni upp í 3000 kr., en hina í 2000 kr. Upprunalega mun þessi mismunur hafa verið gerður vegna þess, að menn hafa búist við, að augnlæknir mundi fá litla praxis. En nú hefir það sýnt sig, að hann hefir ágæta praxis, og virðist því ekki vera ástæða til að láta hann hafa þriðjungi hærri laun en hina. Eigi mun hann heldur geta fleiri tíma við háskólann í sinni grein en þeir hinir hver um sig.

Þá má taka þrjár næstu brtt. í einu; þær fara allar fram á hækkanir á tillaginu til sjúkrahúsanna. Þær hafa að sjálfsögðu þá afleiðingu, þó eigi hafi þess verið getið í nefndarálitinu, að upphæðin öll í samlagningardálki breytist, og verður skrifstofan að taka það til greina. Upphæðir þessar eru mismunandi háar vegna þess, að eigi eru jafnmargir á hverjum stað, sem eiga að njóta góðs af tillaginu. Flestir eru á Vífilsstöðum, en þó er viðbótin þar minst, en það stafar af því, að læknir spítalans hefir í áætlun sinni gefið upp hærra kaup handa fólkinu en það hefir haft á yfirstandandi fjárhagstímabili. Á Vífilsstöðum er ætlast til að bætt sje við ráðsmann, yfirhjúkrunarkonu og ráðskonu, skrifstofumey og tvær hjúkrunarkonur. En laun þeirra eru nú: Ráðsmanns 900 kr., yfirhjúkrunarkonu 800 kr., ráðskonu 600 kr. skrifstofumeyjar 480 kr. og hjúkrunarkvennanna 420 kr. hjá hvorri. Eigi virðist samt ástæða til að hækka þetta meira en brtt. segir til, af ofangreindum ástæðum, þeim ástæðum, að læknirinn hafði sjálfur gert í áætlun sinni ráð fyrir nokkurri hækkun.

Á Kleppi eru að eins tvær konur, yfirhjúkrunarkona með 1000 kr. launum og ráðskona með 300 kr. launum, sem ástæða sýnist til að bæta við, því hjer er slept vinnufólki því, sem ekki er ráðið til lengri tíma.

Á Laugarnesi er ætlast til að bætt sje við yfirhjúkrunarkonu, sem nú hefir 1000 kr., ráðskonu, sem hefir 600 kr., og tvær hjúkrunarkonur, er nú hafa 300 kr. hvor.

Þá skal jeg minnast á brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.). Hún fer fram á styrk til þriggja hreppa til að sækja lækni. Nefndin lítur svo á, að ekki sje ástæða til að hafa á móti henni.

Þá er 11. brtt. nefndarinnar, um styrk til sjúkrahússins á Patreksfirði. Á það er ekki minst í nefndarálitinu, svo jeg verð að gera það í framsögunni. — Háttv. þm. Barð. (H. K.) fór fram á, að þessi styrkur yrði veittur, en fjekk því eigi framgengt í háttv. Nd.

Í brjefi, sem fjárveitinganefndinni barst, er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við viðgerð hússins nemi 5—6 þús. kr., og þar sem fjárveitinganefnd veit, að brýn nauðsyn er á sjúkrahúsi á þessum stað, einkum vegna útlendra sjómanna, er sækja þangað mikið, og sú aðsókn má gera ráð fyrir að fari vaxandi eftirleiðis, þegar siglingar byrja að nýju, taldi hún ekki rjett að skella

skolleyrunum við þessari beiðni, enda var henni hins vegar kunnugt um, að kringumstæður sveitarfjelaganna — sjerstaklega Patreksfjarðar, vegna mishepnaðrar rafveitu —eru þannig, að þau geta tæplega risið undir útgjaldabyrðinni.— Hjer er þó að eins um helming kostnaðar að ræða, og fara þau því ekki varhluta af honum.

Þá kem jeg að 13. gr. — Jeg skal taka strax fram, að fjárveitinganefnd Nd hefir borist erindi frá stjórn sambands starfsmanna ríkisins, sem við höfum ekki athugað enn, en munum athuga til 3. umr., þess efnis, að upphæð liðarins A 1. b. 2. fái að standa óhögguð, með þeirri aths., að hún skuli ganga til að launa póstmönnum utan Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar og Seyðisfjarðar. Og er þá gert ráð fyrir, að þeir póstmenn, sem heima eiga í þessum bæjum, taki laun sín eftir launalögunum, en upphæðin, þessi 35 þús., gangi til að launa þeim, sem ekki standa í sjálfum launalögunum.

Viðvíkjandi lið A. 3. a. er það að segja, að nefndin áleit skrifstofukostnað póstmeistara nógu hátt settan 5000 kr., þegar búið er að ákveða borgun til starfsmanna hans ýmsra, sem tekið hafa laun af þessum lið annarsstaðar, sem sje í launalögunum.

Við B. I. 2. hefir nefndin gert þá brtt., að hún leggur til, að orðið „verkfróðra" falli burt.

Var þessi brtt. gerð í samráði við vegamálastjóra, er kvaðst ekki komast af með minna fje til aðstoðar, þó aðstoðarverkfræðingurinn fái laun sín samkvæmt launalögunum.

Skrifstofukostnaður vegamálastjóra hefir verið hækkaður eftir sömu reglu og á öðrum stöðum.

Við B. II. 1. hefir nefndin gert þá allverulegu brtt., að 8000 kr. verði lagðar til Húnvetningabrautarinnar síðara árið.

Er hún gerð eftir till. vegamálastjóra, er taldi, eftir norðurför sína, nauðsynlegt að endurbæta veginn, bæði hvað vatnsrúm og ofaníburð snertir, svo hann yrði forsvaranlega af hendi leystur, þegar afhending færi fram, og bjóst hann ekki við, að komist yrði af með minni upphæð.

Því næst hefir nefndin lagt til, að skotið verði inn í lið D. III. e. aths., sem vonandi þarf ekki á að halda.

Það er gengið út frá því, að hægt verði að fá nægilegt lánsfje til þess að leggja nýja símalínu frá Reykjavík til Borðeyrar, sem og aðrar símalínur, sem upphaflega voru teknar upp í fjárlagafrv., en hv. Nd. tók úr því. Símastjórinn bjóst að vísu við því, að hægt yrði að fá fje að láni til þessara símalagninga, en okkur þótti samt varlegra, að þessi aths. yrði sett inn í frv., því ef svo færi, að lán fengist ekki, væri illa farið, að þessar símalínur væru lagðar án þess, að ný lína kæmi frá Reykjavík til Borðeyrar, þar eð það gerði ekki annað en spilla notum símans enn meir.

Þá kemur nú liðurinn stóri, D. IV. 17., þess efnis, að til uppbótar á launum þess símafólks, sem ekki stendur í launalögunum, skuli varið alt að 49 þús. kr. hvort ár fjárhagstímabilsins.

Upphæð þessi er fengin á þann hátt, að símstjóri reiknaði hana út eftir þeim mælikvarða, er við settum honum, sem sje fulla uppbót (100%) á ⅔ launanna.

Þeim mælikvarða hefir verið fylgt í nefndinni, þó svo, að ekki hefir verið látið standa á hálfu hundraði o. s. frv.

Við E. II. höfum við verið tilneyddir að víkja frá þeirri reglu, að taka ekki upphæðir frá launalögunum inn í fjárlögin, til þess að laun þeirra vitavarða, er ekki eru teknir upp í launafrv., komi rjettilega út. Höfum við því orðið að kljúfa vitaverði í 2 flokka, annars vegar þá, sem teknir eru upp í launafrv., en hins vegar þá, sem þar eru

ekki; og er þetta gert í samráði við vitamálastjóra.

Viðvíkjandi till. um rekstrarkostnað vitanna er það að segja, að inn í nál. hefir slæðst sú villa, að það sje vegna nýrra vita, en hækkunin miðast við aukna aðstoð við vitana á Reykjanesi og Siglunesi. Vildi jeg taka þetta fram, aðallega af þeirri ástæðu, að jeg bjóst við, að vitamálastjóri fengi upphæðina ef til vill ekki útborgaða hjá hæstv. stjórn, vegna ummælanna í nál.

Þá er ekki meira að segja um 13. gr., og sný jeg mjer því að 14. gr.

Um brtt. við A. a. 2. er sama að segja og um brtt. við skrifstofukostnað landlæknis eftir 12. gr., að nefndin leggur til, að bætt sje inn orðunum „eftir reikningi", af sömu ástæðum.

Hvað launum biskups viðvíkur, er það að segja, að þau eru sett óbreytt, enda þó þau að sjálfsögðu breytist samkvæmt launalögunum. Hefir regla nefndarinnar verið sú, að láta launaupphæðir haldast óbreyttar, þar sem ómögulegt er að setja neinar ábyggilegar tölur í þeirra stað.

Viðvíkjandi aths. við lið A. b. 4., sem fjárveitinganefnd Nd. ljet að eins ná til þess liðs, þótti fjárveitinganefnd Ed. sömu ástæður vera fyrir hendi til að láta hana ná til A. b. 3, og hefir því komið fram með brtt. þess efnis.

Þá hefir og nefndin komið fram með brtt. þess efnis, að bætt sje aftan við þessa grein nýjum lið, að upphæð 1200 kr. hvort árið, sem er styrkur til presta til að sækja synodus.

Formaður prestafjelags Íslands fór fram á, að veittur yrði 2000 kr. styrkur í þessu skyni, en fjárveitinganefnd færði hann niður í 1200 kr., enda verð jeg að segja, að jeg sótti ekki fast, að upphæðin væri hærri til að byrja með; þótti hitt meira um vert, að hún yrði einhver, enda bersýnilegt, að styrkurinn getur vel orðið handa fleiri prestum en 12, því þegar enginn má njóta hærri styrks en 100 kr., getur vel verið, að aðrir, sem styttra eiga, fái að eins minna, t. d. 50 kr. Og geti þetta orðið til þess, að milli 10 og 20 prestar fleiri en ella sæki synodus, er það betra en ekki.

Flestar brtt. við 14. gr. eru um dýrtíðaruppbætur, og finn jeg ekki ástæðu til að fara neitt út í þær. — en skal minnast örlítið á aðrar brtt. við þá grein, sem ekki er vikið að í nál.

Við lið B. II. c. 11. er gerð sú brtt., að styrkurinn til að geta út kenslubækur handa mentaskólanum skuli hækkaður úr 45 kr. upp í 80 kr. fyrir hverja örk. — Er þetta ekki nema sjálfsagt, þegar litið er til þess, hversu gífurlega prentunarkostnaður hefir hækkað. — En hitt gæti verið athugamál, hvort ekki hefði verið rjett að hækka alla upphæðina, sem veitt er í þessu skyni, að sama skapi, því vitanlega fæst minni arkafjöldi fyrir þessa upphæð eftir en áður. — Fjárveitinganefndin hefir þó ekki sjeð sjer fært að leggja til, að upphæðinni verði breytt. —

Að veita 800 kr. til aukakenslu á Eiðum sýndist nefndinni ekki geta komið til mála, og hefir því fært lið þennan upp í 2000 kr. Þykist nefndin hafa vitneskju um, að ráðinn væri maður til að hafa á hendi aukakenslu þar fyrir 1800 kr. árslaun, og auk þess önnur aukakensla fengin fyrir 200 kr. Munu þessir samningar ekki hafa verið gerðir þegar fjárlagafrv. var samið, og því þessi 800 kr. upphæð sett af handa hófi.

Samræmisins vegna hefði farið betur á, að þessum lið hefði verið skift niður í laun og dýrtíðaruppbót, en nefndin vissi ekki hvernig samningarnir við aukakennarana voru, og var þeirri skiftingu því slept. Ef til vill mætti lagfæra þetta við 3. umr.

Aths. aftan við B. IX. b. hefir nefndin lagt til að sje látin falla niður, þar sem

frv. um stofnun ríkisverslunarskóla var felt í Nd., og aths. því óþörf.

XII. liður, um almenna barnafræðslu, er ætlast til að breytist í samræmi við frv. um laun barnakennara, ef það verður samþykt, en ekki tilætlunin, að hann haldist auk launa eftir frv. um laun barnakennara.

XIII. lið a. (styrkinn til unglingaskóla utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar) hefir nefndin ekki breytt, en hins vegar lagt til, að styrkurinn til Hvítárbakkaskólans verði hækkaður um 500 kr. á ári, eða upp í 4500 kr. — Er þetta gert með það fyrir augum, að skóli þessi er elsti og fjölsóttasti skólinn með þessu sniði, og hefir forstöðumaður skólans haldið honum uppi, hversu illar sem horfur hafa verið.

Þykir nefndinni því ekki annað en rjettlát viðurkenning, að hann njóti nokkurs styrks fram yfir aðra skóla.

Loks skal jeg geta þess, að í aths. í 22. brtt. á þgskj. 846 hefir fallið burt orðið Borgarfjarðarprófastsdæmi, og er það leiðrjett á þgskj. 860.

Hefi jeg svo ekki meira að segja um gr. þær, sem nú liggja fyrir.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það eru að eins tvær fyrirspurnir, er jeg vildi beina til háttv. frsm. (E. P.).

1. Er það meiningin, að 49 þús. kr. upphæðin í 17. brtt. við 13. gr. sje föst upphæð, þannig, að þó dýrtíðaruppbót eftir launalögunum reynist meiri, þá fái þessir símastarfsmenn ekki hærri upphæð en þarna er tiltekin; og að þeir fái á sama hátt þessa upphæð, þó uppbótin eftir launalögunum verði minni?

2. Við 13. gr. B. I. 2. hefir nefndin gert þá brtt., að orðin „verkfróðra" falli niður. Ef jeg man rjett, var það tilætlun stjórnarinnar, að aðstoðarverkfræðingurinn fjelli burtu, en að menn kæmu í hans stað, sem að vísu ekki væru „útlærðir", en hefðu þó fengið æfingu í þesskonar störfum.

Nú skilst mjer, að nefndin ætlist til, að haldið sje áfram að hafa aðstoðarverkfræðing. — Við hvaða aðstoð er þá átt?

Frsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Út af fyrirspurnum hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) skal jeg taka fram, að 49 þús. kr. uppbótin til símafólksins í 13. gr. kemur ekki launalögunum við. — Af hálfu fjárveitinganefndar var lögð sú fyrirspurn fyrir símastjóra, hversu mikilli upphæð dýrtíðaruppbót þess símafólks, sem ekki er getið í launalögunum, myndi nema, þegar reiknuð væri 100% uppbót af ⅔ launanna.

Gaf símastjóri þessa upphæð upp og gat þess um leið, að minna gæti hann ekki komist af með. — Á þetta að vera nákvæmur útreikningur, þó ómögulegt sje að ábyrgjast, að ekki hafi eitthvað gleymst. Gekk nefndin út frá því, að nægilega væri frá þessum lið gengið. (*Fjármálaráðherra*: Þetta er nægilegt).

Viðvíkjandi hinni fyrirspurninni er það að segja, að vegamálastjóri hjelt því fram, að ekki yrði komist af með minni upphæð til aðstoðarmanna við mælingar o. fl., sem vitanlega þurfa meira kaup en áður, vegna dýrtíðarinnar.

Þegar tekið er tillit til þess, að nú er lagt út í að gera óvenjulega margar og stórar vegabætur samkvæmt 13. gr., og auk þess að byggja brýr eftir sjerstökum lögum, fanst nefndinni þessi umleitun vegamálastjóra hafa við full rök að styðjast.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil að eins gefa þá skýringu, að vegamálastjórinn notar aðstoðarmennina til ýmsra starfa, svo sem til mælinga, er hann og

aðstoðarverkfræðingur hans komast ekki yfir. Slíkir menn eru ekki eins dýrir og hinir svo kölluðu verkfræðingar, og verður þannig sparnaður með þessu móti.

Það er rjett, sem háttv. framsm. (E. P.) sagði um Hvítárbakkaskólann. En þótt minna hafi verið unnið að unglingaskólafræðslu um hríð en áður, þá munu þeir brátt rísa upp aftur, og væri þá æskilegt að bæta einnig 500 krónum við hina skólana; mætti gera það við 3. umræðu.

Halldór Steinsson: Jeg er nú ekki alls kostar ánægður með útgjaldabálk fjárlaganna, eins og neðri deild hefir gengið frá honum. Það hefir aldrei áður verið farið jafnlangt fram úr útgjaldaáætlun stjórnarinnar. Það mátti að vísu búast við því, að útgjaldadálkurinn yxi nokkuð, en svo mjög, sem raun varð á, var þó tæplega hugsanlegt, að hann yxi. Það er raunar bót í máli, að aðalhækkun útgjaldanna stafar af auknum framlögum til síma, vega, búnaðarfyrirtækja og annara þarflegra fyrirtækja, en jeg hefði þó álitið rjettara að draga nokkuð úr þeim framkvæmdum í bili og sníða sjer betur stakk eftir vexti en háttv. Nd. hefir gert.

En hitt get jeg skilið, að ekki var annars kostur fyrir háttv. fjárveitinganefnd Ed. en að ganga að frumvarpinu að mestu leyti eins og háttv. Nd. hafði gert það úr garði; ella hefði komist hinn mesti glundroði á fjárlögin.

Af þessari ástæðu mun jeg greiða atkvæði með frumvarpinu næstum óbreyttu.

En þótt jeg sje óánægður með útgjöldin, þá hefi jeg þó leyft mjer að flytja tvær breytingartillögur við frumv., sem miða að því að auka útgjöldin, þótt litlu muni. Önnur þeirra liggur fyrir til umræðu og er við 12. gr.; fer hún fram á það, að veita þrem hreppum í Hnappadalssýslu styrk til þess að vitja læknis. Eins og menn muna, hefir hjer verið samþykt frv. um að stofna sjerstakt læknishjerað í Hnappadalssýslu, og liggur það nú fyrir Nd. En með því að mjög er áliðið þingtímans og óvíst hver afdrif þessa frumv. verða, þá ber jeg þessa tillögu fram til vonar og vara. Nú eru í fjárl. styrkveitingar til 10 hreppa í þessu skyni, en fæstir þeirra eru þó á þeim svæðum, sem farið hefir verið fram á að stofna sjerstök læknishjeruð, eins og þó helst ætti að vera.

Það gleður mig, að háttv. fjárveitinganefnd tekur þessari brtt. vel. Auðvitað fellur þessi styrkveiting niður, ef frumvarpið um stofnun læknishjeraðs í Hnappadalssýslu verður að lögum og læknir fæst í hjeraðið.

Þá skal jeg snúa mjer að 16. brtt. nefndarinnar. Nefndin vill setja athugasemd um það, að símalínur þær, sem nú standa í frumv., verði ekki lagðar, nema nýr aukaþráður verði lagður frá Reykjavík til Borðeyrar. Jeg hygg, að þessi athugasemd sje óþörf. Í stjórnarfrumvarpinu var ætlast til, að þessi aukaþráður yrði lagður. Hins vegar verð jeg að telja það óviðurkvæmilegt, að Nd. skuli hafa felt burtu þær línur, sem í stjórnarfrumvarpinu voru, en sett aðrar í þeirra stað. Vitanlega voru þær, sem stjórnin setti, nauðsynlegri taldar, og settar eftir tillögum landssímastjóra, og hefðu því átt að standa.

ATKVGR.
um 12—14 gr. frumv.
Brtt. 846,5. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 890. — — 11 — —
— 846,6. — — 12 — —
— 846,7. — — 11 — —
— 846,8. — — 12 — —
— 846,9. — — 11 — —
— 846,10. — — 12 — —
— 846,11. — — 9 — —

12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 846,12. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 846,13. — — 11 — —
— 846,14. — — 11 :1 atkv.
— 846,15. — — 12 shlj. atkv.
— 846,16. — — 11 :1 atkv.
— 846,17. — — 13 shlj atkv.
— 846,18. — — 10 — —
— 846,19. — — 11 — —
— 859. — — 11 — —

13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 846,20. samþ. með 12 shlj. atkv
— 846,21. — — 11 — —
— 860,1. — — 13 — —
— 846,22., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
— 846,23. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 846,24. — — 12 — —
— 846,25. — — 12 — —
— 846,26. — — 12 — —
— 846,27. — — 12 — —
— 846,28. — — 10 — —
— 846,29. — — 13 — —
— 846,30. — — 11 — —
— 846,31. — — 10 — —
— 846,32. — — 11 :1 atkv.
— 846,33. — — 9 :1 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Það má segja, að sá kafli fjárlaganna, er nú byrjar, sje þungamiðja þeirra, enda eru mestar og flestar brtt. nefndarinnar við þennan lið, eða till. 34—78, auk nokkurra till. frá einstökum þingmönnum.

Fyrstu brtt. nefndarinnar við 15. gr. eru eftir sömu reglum og till. þær, sem nú er búið að samþ. um dýrtíðaruppbótina.

Athygli nefndarinnar hefir verið vakin á því, að 1. liður f. í 15. gr., 9000 kr. handa Landsbókasafninu til að kaupa bækur og handrit og láta binda inn bækur, væri of lágr.

Fjárveitinganefndin hefir eigi borið fram neina breytingu á þessu, en henni hefir hins vegar borist erindi, sem bendir til þess, að nauðsynlegt sje að hækka þennan lið, því á honum hvíli bókbindari safnsins, eða laun hans, og þegar búið er að greiða honum sæmileg laun og auk þess að greiða 1000 kr. afborgun á sönglagasafni Jónasar heitins Jónssonar, og svo greiðslur af söfnum þeirra Jóns heitins Borgfirðings og Sighv. Gr. Borgfirðings, þá sjá allir, að lítið verður eftir til bókakaupa. Jeg býst því við, að óhjákvæmilegt verði að hækka þennan lið við 3. umræðu.

Undir 5. lið a. í 15. gr. er eldiviður og ljós áætlað 5000 kr. fyrra árið, en 4500 kr. síðara árið og er engin brtt. við þetta, en nefndinni hefir borist kvörtun um, að Safnahúsið væri ekki nógu lengi hitað upp, svo að að því væru óþægindi, bæði fyrir þá, er notuðu söfnin, og eins fyrir þau sjálf. Það var mælst til þess, að hjer væri bætt við athugasemd um, að húsið væri nægilega hitað, en nefndin hefir eigi gert það, af því hún lítur svo á, að það sje óþarfi. Það sje sjálfsagt að hita húsið svo, að söfnin komi að fullum notum, eða sje ekki hætt við skemdum sökum ónógs hita.

Þá ber nefndin fram nýjan lið, um að veita dr. Jóni Þorkelssyni styrk til utanfarar. Tillaga þessi var feld í háttv. Nd., en, að því er jeg hygg, ekki með miklum atkvæðamun, en nefndin hefir tekið tillöguna upp. Dr. Jón Þorkelsson hefir sjeð um útgáfu Forbrjefasafnsins og er þegar komið svo mikið út af þessu mikla heimildarriti fyrir alla sögu landsins, að nefndin taldi óviðeigandi, að útgáfa þess fjelli niður. En það er efamál mikið, að það geti haldið áfram, ef styrkur þessi verður ekki veittur, því það er nú svo

komið, að dr. Jón Þorkelsson er að þrotum kominn með efni til þess hjer heima fyrir, og telur því nauðsynlegt að fara utan til rannsóknar á söfnum þar, í þessu skyni. Má þar til nefna safn Árna Magnússonar og fleiri söfn, en þessu hagar svo, að óhægt er að vísa öðrum á brjef þau eða skjöl, er afrita þarf, enda þótt hægt væri að fá færa menn til afritunarinnar. Þetta hefir og orðið örðugra við fráfall Kålunds bókavarðar, því hann var, eins og menn vita, góður haukur í horni þegar til íslenskra fræða kom. Með þetta fyrir augum sjerstaklega var það, að nefndin tók upp styrkinn, enda ekki víst, hversu lengi við njótum doktorsins eða óbilaðra starfskrafta hans.

Þá er 20. liðurinn, um styrkinn til skálda og listamanna. Nefndin leggur til, að hann sje hækkaður hvort árið um 4000 kr., og rökstyður hún það með því, að hækkunin sje samt mikil, því styrkur þessi er nú 12000—14000 eða 13000 kr. á ári að meðaltali, og nemur hækkunin því 5000 kr. þótt brtt. nefndarinnar væri samþykt, en annars 9 þúsundum. Þessi hækkun er í raun rjettri miklu meiri, því þrjú skáld, er nutu styrks af þessum lið, nefnilega skáldin Guðm. Guðmundsson, Guðm. Magnússon og Jóhann Sigurjónsson, hafa hnigið í valinn, og fjórði maðurinn, V. Briem vígslubiskup, er færður burt af þessum lið, yfir í 18. gr. fjárlaganna. Þegar á þetta er litið, er viðbótin talsverð. Auk þess leit nefndin svo á, að eigi væri heppilegt að verja þessu fje til að verðlauna listaverk; það getur varla orðið til annars en hækka þau í verði, en þau síðan keypt handa landinu, og þá er það hið sama og landssjóður greiði tvisvar verðlaunin.

Eins og allir háttv. þingdeildarmenn kannast við, þá er þetta orðabókarmál, er 22. liður fjallar um, mesta vandræðamál. Fjárveitinganefnd Nd. lagði til, að þessi liður yrði settur 9000 kr., og mun hún hafa haft það fyrir augum, að tveir fullkomnir menn, auk orðasafnara eins, ynnu að verkinu, en það var felt. Þegar frv. kom hingað, var þessi liður 6000 kr., og var fjárveitinganefndinni ljóst, að það var oflítil upphæð til að miðla á milli margra, svo hún tók þann veg, að ætla síra Jóh. L. L. Jóhannssyni sæmileg laun, eða 4800 kr., en Þorbergi Þórðarsyni 1200 kr., fyrir starfa þeirra við að safna orðum. Það er sýnt, að þótt þrír menn vinni að verkinu, þá miðar því seint áfram. En fram hjá þessum tveimur, sem nefndir eru í brtt., verður naumast gengið með einhvern styrk í þessu skyni, þar eð þeir hafa áður notið slíks styrks. Og hins vegar verða síðar orðasöfn þeirra að fullum notum, þegar að því rekur, að áherzla verður lögð á verkið. Að fella þennan lið alfarið, niður taldi nefndin að ekki kæmi til mála, því hún leit svo á, að þinginu væri skylt að sjá um, að síra Jóhannes hefði sæmileg laun, því ella mætti segja, að hann hefði verið narraður frá starfi sínu, og það er ekki unt að tryggja honum aftur þann starfa, er hann hafði áður með höndum, og því taldi nefndin best að láta hann vinna að orðasöfnuninni áfram. Að því er hinn manninn snertir, cand. mag. Jakob J. Smára, þá leit nefndin svo á, að hann væri ekki ráðinn til að starfa að þessu til langframa, heldur til að vinna upp þann styrk, er eftir var þegar dr. Björn heitinn Bjarnason fjell frá, og sá samningur er því ekki bindandi fyrir framtíðina, enda á hann ekki erfitt með að bjarga sjer, þótt þingið sleppi hendi sinni af honum að þessu leyti, jafnungur maður og fær í flestan sjó.

Um 26 liðinn, utanfararstyrkinn til Hannesar skjalavarðar Þorsteinssonar, er svipað að segja og um utanfararstyrkinn til dr. Jóns Þorkelssonar. Þessi maður hefir að undanförnu fengist við að semja æfisögur lærðra manna íslenskra, og hann lít-

ur svo á, að margt af þeim skjölum, er með þarf til þess, að rannsóknin verði sem áreiðanlegust og ítarlegust, sje í söfnum ytra, og því sje nauðsyn, að hann geti rannsakað það; þar sje margt, er varpi nýju ljósi yfir æfi þessara manna. Báðir þessir menn eru komnir yfir sextugt, og því ekki víst, að þeirra njóti lengi við, ef tækifærinu er slept nú, og því telur nefndin rjett að veita styrki þessa. Báðir þessir menn eru líka framúrskarandi eljumenn og gagnrýnir, og því er víst um það, að fje því, sem þeim er veitt, er ekki á glæ kastað; þeir munu vinna fyrir því og nota tíma sinn í utanförinni vel.

Styrkinn til dr. Helga Pjeturss vill nefndin hækka fyrra árið, svo að hann geti leitað sjer lækninga. Það er viðurkent, að hann er maður vel gefinn og fróður, og því fje er því vel varið, sem fer til þess að bæta heilsu hans, svo þjóðin fái sem lengst að njóta hans.

Um styrkinn til Páls Eggerts Ólasonar leyfi jeg mjer að vísa til nál.

Þá er styrkurinn til Ólympíufararinnar. Í umsókn sinni um styrkinn taka umsækjendur það fram, að þeir hafi síðast sent 12 menn, og hafi för hvers þeirra kostað 1000 kr. Nú búast þeir við því að senda jafnmarga menn, en benda á, að sami ferðakostnaður nægi ekki, og fara fram á 20 þús. kr. styrk, en nefndin sá sjer ekki fært að leggja til, að veittar yrðu nema 12000 kr., og það þeim mun fremur, sem nefndin var ekki öll samdóma um þetta.

Um styrkinn til Trausta Ólafssonar skal jeg geta þess, að hann er eftir öllum líkum mjög efnilegur maður, bæði af prófum og öðru að dæma, og það er mikil þörf fyrir að fá slíkan mann að efnarannsóknarstofunni. En styrkurinn, 700 kr., til Helga Eiríkssonar er eigi nema það, er fjárveitinganefnd Nd. tók af upphæð þeirri, er hann taldi að hann þyrfti, og þar sem um svo litla upphæð er að ræða, taldi nefndin enga ástæðu til þess.

Um landmælingarnar mætti nægja að vísa til nál., en geta má þess, að allir eru samdóma um nauðsyn þeirra, og sómi vor liggur við, að þeim sje haldið áfram, að landið sje mælt, ekki síst til bygða, hvernig svo sem um óbygðirnar fer.

En nú hafa menn lesið um það, að til sje ný uppgötvun, sem geri það kleift að mæla úr loftinu, og gæti það má ske komið okkur að haldi síðar, þegar til þess kæmi að mæla óbygðirnar, ef það reyndist annað en „húmbúg". En hvað sem því líður, þá veitir ekki af þessari upphæð til strandmælinganna að þessu sinni, sem vitanlega verða að ganga fyrir og gerast svo fljótt, sem unt er.

Um 12. liðinn skal jeg geta þess, að þar eru Gísla Guðmundssyni ætlaðar 1000 kr., í stað 500, fyrir forstöðu efnarannsóknarstofunnar. En því starfi hefir hann gegnt, meðan annar maður hefir ekki fengist, og ber að skoða hækkunina sem nokkurskonar dýrtíðaruppbót.

Þá eru ákvæðin um byggingafræðinginn í 15. gr. Þar sem fastur byggingafræðingur er nú fenginn fyrir ríkið, virðist ekki ástæða til að launa annan mann líka, sem svo mætti skilja, að þingið ætlaðist til, ef þessi útgjaldaliður væri látinn standa óhreyfður.

Sömuleiðis leggur nefndin til að fella niður 16. lið., 500 kr. styrk til manns fyrir leiðbeiningar við raforkufyrirtæki. Það er óviðkunnanlegt að vera að ákveða þennan leiðbeiningarstyrk svona út í loftið, til einhvers og einhvers. Hins vegar taldi nefndin, að stjórnin gæti látið einhvern þann starfsmann, sem hún á annað borð hefir til slíkra starfa, framkvæma þessar leiðbeiningar borgunarlaust.

Við 24. liðinn hefir verið sett athugasemd, sem ekki er minst á í nál., og verð

jeg því að skýra hana hjer. Það hefir sem sje legið fyrir umsókn frá Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri um að minsta kosti 600 kr. styrk til að halda uppi handavinnunámsskeiði sínu á Akureyri. Hv. fjárveitinganefnd neðri deildar hefir ekki tekið þessa umsókn til greina sjerstaklega, en ákveðið eina upphæð til Heimilisiðnaðarfjelagsins, og fært það fram, að í ráði væri, að öll þau fjelög gengju í eitt samband, og Halldóra Bjarnadóttir veitti því forstöðu. En það er engin sönnun fyrir því, að H. B. vilji taka því, en ef hún kysi að halda áfram námsskeiði sínu sem að undanförnu, er ekki ástæða til að svifta hana styrknum, og því síður, sem árangurinn af starfi hennar hefir verið mjög góður, að kunnugra manna sögn.

Um 35. liðinn — um brimbrjótinn í Bolungarvík — þarf ekki að fjölyrða. Það, sem nefndin hefir gert í því máli, er í fullu samræmi við vilja þessarar hv. deildar og fyrri framkomu. Það var gert eftir beinni till. vitamálastjóra að hækka fjárveitinguna til brimbrjótsins í fjáraukalögunum, og með það fyrir augum, að fella hana niður í fjárlögunum. Það er líka auðsjeð, að það væri óhagkvæmt mjög að veita fje til þess í fjáraukalögunum að gera við garðinn — og þá endana sjerstaklega — og ganga frá þeim til fullnustu, ef ætti svo að eyðileggja það starf skömmu á eftir, með nýrri viðbót þegar í stað. Það hefir nú þegar verið veitt nægilegt fje til að ganga tryggilega frá því, sem búið er — en það er, að sögn verkfróðra manna, svo mikið, að það kemur að góðu haldi. Því getur nú verkið hvílst um hríð, án þess að eyðileggjast, og það því fremur, sem það er nú komið svo langt, að nú þegar má hafa þess góð not og byggja við það þegar betur blæs. Jeg býst varla heldur við, að þetta mæti andblæstri í hv. Nd. Henni má vera svo kunn afstaða okkar í þessu máli.

Þá er ein ný styrkveiting, sem mörgum mun koma svo fyrir sjónir, að jeg þurfi að skýra hana dálítið. En það er veitingin til Einars Magnússonar, til að byggja brimbát. Að vísu þekki jeg ekki þennan mann persónulega, en mjer er nokkuð kunn ætt hans, og að góðu einu, og veit jeg, að þar eru margir menn dverghagir, og svo er einnig um þennan mann, að hann er talinn framúrskarandi smiður. Hann hefir nú um langt skeið verið að brjóta heilann um það, hvort ekki væri kleift að búa til bát, sem nota mætti við uppskipun í brimunum við sandana sunnanlands. Nú hefir hann gert lítið sýnishorn, og hefir það verið reynt og reynst ágætlega. Vörurnar, sem skipað var upp í þessum litla bát, reyndust alveg þurrar og óskemdar, og útbúnaður allur sýndist góður, eftir því sem um var að gera, enda þótt ýmislegt þyrfti sýnilega umbóta, bæði hvað stærð og ýmislegan frágang snerti, til að gera alt svo vel úr garði, sem smiðurinn hafði hugsað sjer. En af þessari tilraun hafa menn gert sjer glæsilegar vonir um, að fundin væri aðferð til að draga varning gegnum brimið þarna óskemdan. En það er öllum kunnugum augljóst, hvað það er mikilsvert fyrir sveitirnar í kring, þar sem lendingarlaust er við ströndina og ómögulegt að skipa upp vegna brimrótsins við ströndina, þó að ágætisveður sje ef til vill fyrir utan. Um þessa tilraun hafa nokkrir þektir og kunnugir menn austur þar vitnað í brjefi, sem jeg hefi hjer, og láta vel af.

Þá er komið að styrkveitingum ýmsum til einstakra manna Jeg þarf ekki að fjölyrða um þær, sem fluttar hafa verið úr 18. gr. í 16. gr. Það var að eins af því, að betur þótti viðeigandi að hafa þessa liði í 16. gr., fyrst þeir eru að eins til eins árs, en ekki fastar veitingar; en hins vegar hefði ekki komið til greina að láta athugasemd okkar við 18. gr. ná til þessara liða. Annars eru þarna að eins tillögur um

tvær nýjar fjárveitingar, sem ekki er gerð grein fyrir í nál., sem sje til Sveinbj. Sveinssonar og Þórunnar Gísladóttur.

Um fyrri liðinn verð jeg að geta þess, að prentvilla er á þgskj. 846, þar sem stendur 200 kr. í stað 2000. Um þennan mann er það annars að segja, að hann hefir mist mikið heilsu sína við björgun manna á verslunarskipi, sem strandaði í Vopnafirði 1903. Fyrir það fjekk hann verðlaunapening, enda þótti framganga hans þar afbragð. Þessu er öllu lýst í skilríkjum, sem nefndin hefir haft, og þar bæði lýsing á strandinu eftir sjónarvotta, læknisvottorð og lýsing á högum Svbj. Svs. sjálfs. Telur hann högum sínum nú ekki sem best komið. Hann hefir fengið 2000 kr lán hjá sveitarsjóði, án þess að það teldist beinn sveitarstyrkur, en hefir ekki getað endurgreitt það enn sem komið er, enda hefir hann orðið fyrir ýmsum þungum skellum, auk þess, sem áður er getið. Bær hans hefir brunnið, og fje sitt alt hefir hann mist í sjóinn í áhlaupabyl — og þó staðið alt af sjer fram til þessa. Hefir hann þó eignast 17 börn og komið 14 þeirra upp. Svo að hann virðist þannig ekki síður viðurkenningar sem og styrks maklegur en margur annar, sem slíks hefir aðnjótandi orðið.

Þórunni Gísladóttur leggur nefndin til að veita 500 kr. viðurkenningarstyrk, samkvæmt umsókn frá Gísla sýslumanni Sveinssyni, og er þar vitnað til hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) um það, að rjett sje frá öllu skýrt. Þessi kona er nú orðin 75 ára og mjög lúin, en hefir fengist við ljósmóðurstörf í 35 ár, lengst af í Vestur-Skaftafellssýslu og N.-Múlasýslu, á þeim stöðum, sem fæstar aðrar yfirsetukonur hafa viljað vera Auk þess hefir hún fengist talsvert við lækningar að öðru leyti, og þótt blessast vel.

Um breytinguna á 18. gr. þarf ekki mörg orð. Hún miðar að eins til þess að koma á samræmi milli eldri og yngri styrkþega og að láta sömu athugasemdina ná til beggja. Álitamál fanst nefndinni þó um suma þessa styrki, þó hún strykaði engan þeirra út. Vitanlegt var henni, að einn styrkþeginn, frú Elín Briem, hafði áður fengið 1000 kr. fjárveitingu í viðurkenningarskyni, og þá eigi ráð fyrir því gert, að hún myndi verða árlegur styrkþegi, og því síður, sem vitanlegt var og er, að efnahagur hennar er hinn besti. En fjárveitinganefnd Nd. hefir nú samt sem áður tekið hana upp með árlegan styrk, og fjárveitinganefnd hjer vill þá heldur ekki fara að gera það að ágreiningsmáli.

Einn maður, sem er nefndur í 18. gr., Bjarni Ketilsson, er nú dáinn, og hefir nefndin sett í hans stað Guðm. Kristinsson. Sá maður hefir lengi verið póstur milli Borgarfjarðar og Dala, en ferðir hans falla nú niður sakir breytinga á áætluninni, og þykir því rjett, að hann fái þennan litla styrk þegar hann er sviftur starfi sínu.

Um Sigrúnu Kjartansdóttur flytur nefndin brtt., svo að styrkurinn til hennar verði í sama formi og styrkurinn til Hlífar Bogadóttur, sem sje ákveðið meðlag með hverju barni í ómegð. Að vísu hækkar styrkurinn þá nokkuð í bráð, en lækkar þá hins vegar að sama skapi seinna meir, þegar ómegðin minkar.

Um styrkinn til sjera Janusar Jónssonar býst jeg við að allir verði sammála. Það er hvorttveggja, að hann er styrksins maklegur og hefir hans þörf, því þó hann hafi um eitt skeið verið talinn efnaður maður, mun það hafa gengið af honum á seinni árum.

Við 22. gr. eru engar efnisbreytingar.

Þá kem jeg að brtt. öðrum, sem fram hafa komið. Er þar fyrst að geta till. á þgskj. 893, frá hv. þm. Snæf. (H. St.), um að fella niður styrkinn til „Íslendings“. Þetta fjelag var stofnað í vetur, og reynd-

ist mikill áhugi ýmsra bestu manna í Reykjavík á því. En það á að vinna að nánari samúð milli Íslendinga vestan hafs og austan og reyna að sjá um, að þjóðerni Vestur-Íslendinga sje sem best borgið. Jeg skal játa, að þetta er fögur hugsjón og virðingarverð. En hitt er annað mál, hvort þetta kemur að nokkru verulegu haldi til frambúðar, því viðbúið má vera, að Íslendingar, eins og aðrir, svelgist inn í enskt þjóðerni vestra. Sjálfur hefi jeg því litla trú á, að fjelag þetta og fjárframlag komi til frambúðar að verulegum notum. En meiri hluti fjárveitinganefndarinnar er annarar skoðunar og vill veita þetta fje. Fjelagið hefir farið fram á hærri styrk en hjer er gert ráð fyrir. En Nd. hefir lagt til að veita 8000 kr. fyrra árið, og er þá í ráði að senda góðan mann vestur til að halda fyrirlestra, aðallega við Jóns Bjarnasonar skólans, en hins vegar 3000 kr. seinna árið, og talið að skuli nægja.

Þá kemur orðabókin margnefnda aftur til skjalanna.

Brtt. hv. 2. þm. G.- K. (K. D.) á þgskj. 888, um að bæta Jakobi Jóhannessyni Smára við orðabókarmennina, getur nefndin ekki fylgt, og leiðir það beint af hennar eigin till., sem áður er nefnd. Einn nefndarmaður mun þó sennilega greiða till. atkv.

Hv. þm. Snæf. (H. St.) á brtt. á þgskj. 891, um að veita utanfararstyrk Jóhannesi Helgasyni til fullkomnunar í myndskurði. Jóhannes er listamyndskeri. Jeg hefi jafnvel heyrt eftir meistara hans sjálfum, Stefáni Eiríkssyni, haft, að hann telji Jóhannes þegar vera kominn fram úr sjer í þessari grein. Nú fýsir Jóhannes að leita sjer enn meiri fullkomnunar í þessum efnum. Nefndin hefir ekki tekið upp styrkinn til hans, en hefir óbundin atkv. um till. En fyrir mitt leyti þori jeg eindregið að mæla með þessum styrk. Jeg hefi sjeð ágætan grip eftir Jóhannes og er ekki í vafa um, að honum ber að veita styrkinn, svo framarlega sem hitt er ekki rjettara, að svona styrki eigi að veita af styrknum til skálda og listamanna.

Hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) og hv. þm. Snæf. (H. St.) flytja brtt. á þgskj. 907, um styrkinn til búnaðarfjelaganna. Till. þessi var ekki komin fram þegar nefndin hjelt síðasta fund sinn, svo jeg get ekkert um skoðanir einstakra nefndarmanna sagt í þessu tilliti. En jeg mun greiða brtt. atkv., því jeg sje ekki ástæðu til, að farið sje að breyta um skilyrðin fyrir þessum styrk.

Þá er brtt. á þgskj. 823, frá hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.), um styrk til aðgerðar bryggju á Blönduósi. Meiri hluti nefndarinnar er till. meðmæltur. Styrkur þessi kann að valda misskilningi, því í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir styrk til bryggjugerðar á Blönduósi En þar er um nýja bryggju að ræða, sem ekki kemur þessari bryggju neitt við. Bryggjan, sem hjer um ræðir, er gömul, og er upphaflega bygð með styrk úr landssjóði, svo ekki er ósanngjarnt, að ríkissjóður taki nú nokkurn þátt í viðgerð á bryggunni, enda liggur nú mannvirki þetta undir skemdum og jafnvel bráðri ónýtingu, ef ekkert verður að gert.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) á á þgskj. 867 brtt. um eftirgjöf á láni til kolanáms á Vestfjörðum. Jeg man ekki glögt, hve mikið tapaðist á kolanámum þessum. (*M. T.*: Það var alls 52 þús. kr.). En hjer er að eins farið fram á 15 þús. kr. styrk eða eftirgjöf, svo ekki verður talið, að mikið mundi muna um, þó samþykt yrði. Á hitt er hins vegar að líta, hvort ekki sje farið inn á hála braut með þessu, og fleiri komi á eftir og vilji fá eftirgjöf á dýrtíðarláni. Annars mun hv. flutningsmaður (M. T.) skýra till. nánar. Nefndin hefir ekki fjallað um till., og eru atkv. hennar óbundin.

Á sama þgskj. er till. um, að styrkurinn til flugfjelagsins falli niður. Það eru skiftar skoðanir um, hve þarft fyrirtæki flugferðirnar sjeu. Þeir, sem hafa trú á

þeim, munu ekki telja styrkinn eftir, en hinir, sem álíta, að ferðirnar verði mest til gamans, draga heldur úr. Nefndin hefir óbundin ákvæði um þessa tillögu. Fjelagið fór upphaflega fram á 80 þúsund kr styrk til stofnkostnaðar, og síðan 20 þúsund kr. árlegan styrk úr því, svo þessar 15 þúsund kr, sem í frumv. standa, eru ekki mikill hluti af því, sem fjelagið sótti um.

Þá er að lokum tillaga frá háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) á þingskjali 864, um að veita ekkju síra Árna Þorsteinssonar 300 króna styrk hvort árið, og er fjárveitinganefnd eindregið fylgjandi tillögunni. Það stendur svo á fyrir ekkjunni, að full ástæða er til að veita henni þennan styrk, og hjer er ekki verið að fara inn á neina nýja braut, heldur hafa jafnan verið veittir slíkir styrkir, þegar eins hefir staðið á.

Svo skal jeg ekki fara fleirum orðum um brtt. að sinni.

Kristinn Daníelsson: Það er í sjálfu sjer óþarfi að minnast á brtt. mína á þingskj. 864, eftir að hv. framsögumaður (E. P.) hefir mælt svo vel með henni, nú í lok ræðu sinnar. Eins og háttv. þingdeildarmönnum mun vera í minni, andaðist síra Árni Þorsteinsson nú um þingtímann. Hann hafði verið þjónandi prestur í 40 ár er hann dó. Var hann vel metinn prestur og stundaði jafnan embætti sitt af alúð og skyldurækni. Lætur hann nú eftir sig ekkju sína, fjelausa, á gamalsaldri. Þau hjónin bjuggu í Þóðbraut og voru orðlögð fyrir gestrisni og mannúð. Jeg vona, að háttv. þingdeildarmönnum þyki þessi ekkja þess verð, að styrkja hana líkt og margar aðrar prestsekkjur, og fari að orðum háttv. framsm. (E. P.) við atkvæðagreiðsluna um þessa tillögu.

Auk þess á jeg brtt. á þingskj. 888, um að bæta Jakobi J. Smára inn í orðabókartillögu háttv. nefndar, með 4000 kr. hvort árið. Jeg get ekki vel skilið, hvers vegna háttv. nefnd hefir viljað kasta þeim manninum burtu, sem best skilyrði hefir til að vinna að orðabókinni, úr því hennj er á annað borð haldið áfram. Maður þessi hefir gert nám íslenskrar tungu að lífsstarfi sínu og mun því að sjálfsögðu skara fram úr báðum hinum mönnunum, þótt þeir geti verið fyrir það í alla staði hæfir til að vinna sitt starf, hvor um sig. Háttv. framsm. (E. P.) sagði, að ríkinu væri skylt að sjá síra Jóhannesi fyrir lífsviðurværi, því annars liti svo út, sem hann hefði verið gintur úr embætti sínu. Það er að vísu satt, að Jakob J. Smári mun ekki hafa verið ráðinn við orðabókina til langframa, en þó hygg jeg, að líkt megi segja um hann. Hann var ráðinn til starfsins til bráðabirgða, og eftir almennum skilningi hefir það verið gert með tilliti til þess, að hann hjeldi starfinu áfram í framtíðinni, nema eitthvað sjerstakt kæmi fram, sem vekti vantraust á honum. Nú er mjer kunnugt um, að háttv. nefnd vill engan veginn sýna manni þessum vantraust, og býst því við, að ekki þurfi annað en að vekja athygli háttv. deildar á því, að það væri hreint ekki „fair play“ að útskúfa þessum manni einum, þegar starfinu er haldið áfram. Jeg vona, að háttv. deild sýni manninum þá sanngirni, að samþykkja brtt. mína, og gerj mjer einnig vonir um, að þessu verði vel tekið þegar til kasta neðri deildar kemur.

Viðaukatillaga nefndarinnar á þingskj. 860, um að landið eigi svo „bæði“ söfnin, kemur, að mínum skilningi, ekki í bág við brtt. mína. Þetta má laga með „redaktions“-leiðrjettingu, svo það eigi við alla þrjá liðina, ef tillaga mín verður samþ. — Þá er lokið því, sem jeg hefi að segja um mína eigin brtt.

Jeg vil svo með nokkrum orðum minnast á þær brtt., er jeg hefi mestan hug á. Jeg mun í flestu hallast að tillögu nefndarinnar og mun sýna með atkvæði mínu, að jeg met þær allvel.

Um brtt. á þgskj. 893, frá háttv. þm. Snæf. (H. St.), vildi jeg fara nokkrum orðum. Það datt yfir mig og hryggði mig, þegar jeg sá þá tillögu. Jeg hafði ekki vænst þessa af þessum þingmanni. Jeg hjet honum líka í gær, að jeg skyldi finna hann í fjöru í umræðunum í dag, og efni það heit með því að segja honum nú, að jeg telji hann alt of góðan mann til að hafa komið fram með þessa tillögu. Það er kunnugt, að í Norður-Ameríku búa nú 30—40 þúsund Íslendingar, sem tala og rita sömu tungu sem vjer. Það er bersýnilegt, hve mikils það hlýtur að vera vert fyrir oss að halda þessu við. Menn hafa efast um, að landar vorir vestan hafs geti haldið við þjóðerni sínu við hliðina á ofurefli ensku menningarinnar, en um það er jeg vongóður. Það eru til hliðstæð dæmi, að smáir þjóðflokkar hafa varðveitt tungu sína við hliðina á stórum menningarþjóðum. Sömuleiðis hafa menn efast um þjóðrækni þessara manna. En nú stendur svo á, að rás viðburðanna vestan hafs hefir sýnt, að þetta eru getsakir einar. Vestur-Íslendingar hafa nú sjálfir stofnað með sjer öflugan fjelagsskap til viðhalds þjóðerni sínu og sambandinu við okkur. Það væri ómaklegt og gat ekki hugsast, að slík breyting færi fyrir ofan garð og neðan hjá okkur, enda bundust margir menn fjelagsböndum til að taka í hina útrjettu bróðurhönd Vestur-Íslendinga, ef svo má segja. Slíkum fjelögum halda ýmsar aðrar þjóðir uppi, til að viðhalda sambandi landa sinna erlendis við móðurlandið. Tilgangur fjelags þessa er að stuðla að því, að íslenskt þjóðerni og íslensk tunga megi haldast meðal bræðra vorra í Vesturheimi, og að halda uppi andlegum viðskiftum við þá. Þetta hefir stórmikla þýðingu, þó ekki sje annars vegna en bókamarkaðsins íslenska. Allir vita, hvílíkt haft það er á íslenskum bókmentum og bókagerð, hve fáir skilja íslenska tungu, og mættu bókmentir vorar ekki við því, að þeim fækkaði. Þetta, hve takmarkaður íslenski bókamarkaðurinn hefir verið, hefir jafnvel orðið þess valdandi, að sum okkar bestu skáld hafa valið sjer að rita á öðrum málum. Þessi hætta myndi vaxa við það, að Vestur-Íslendingar týndu þjóðerni sínu, en það má ekki verða. Meðan þeir halda tungunni gera þeir oss að þessu leyti sama gagn og þeir væru hjer. Fjelögin beggja megin hafsins hafa ákveðið að halda uppi starfsemi sinni á þann veg, að senda menn hvort til annars. Nú hefir verið ráðinn hjer, að einróma áliti, ágætur maður til fararinnar vestur, og mun alt vera undirbúið, svo ekki stendur á öðru en Alþingi taki vel í þetta mál. Þó ætla jeg ekki að leggja áherslu á þetta eingöngu í sambandi við sendingu þessa manns, en jeg vildi spyrja háttv. deildarmenn, hvort það væri ekki eins og snoppungur á landa vora, sem að fyrra bragði hafa rjett fram höndina, ef Alþingi nú kipti að sjer hendinni með styrkinn.

Jeg býst reyndar ekki við, að atkvæði falli hjer neitt öðruvísi fyrir mín orð. En jeg vildi að eins láta heyra, hvað vakað hefði fyrir þeim mönnum, sem hjer hafa stofnað til, að það er ekki hjegómasemi, heldur í fullri alvöru og þjóðræknishug. Jeg veit, að hv. flutningsmaður brtt. (H. St.) ætlar ekki, að hún geti skaðað neitt, en ef hann gæti sannfærst á eitthvað af því, sem jeg hefi sagt, er tilgangi mínum náð. Jeg bið háttv. deild afsökunar á, að jeg hefi fjölyrt um þetta, en jeg vildi ekki láta undir höfuð leggjast að gera þessar athugasemdir, úr því jeg á annað borð tók til máls.

Þá vil jeg minnast á brtt. nefndarinnar

á þgskj. 846, um að lækka styrkinn til skálda og listamanna. Jeg hefi ekki til fulls getað sannfærst um, að þessari háttv. deild bæri að sýna það í verkinu, að hún metti minna en neðri deild, að skáld og listamenn væru studdir. Skáldunum og bókmentunum á þessi þjóð mest að þakka af því, sem hún hefir getið sjer hrós fyrir. Og jeg get ekki lagst á móti beiðni ungra og efnilegra manna um styrk til að leita sjer mentunar og til þess að þroska hæfileika sína.

Í nefndaráliti neðri deildar var það tekið fram, að ekki væri rjett að klípa af styrknum til skálda og listamanna, og get jeg að öllu leyti tekið í sama strenginn. Að vísu er það rjett, að sumir eru dánir, sem styrksins hafa notið, en þess ber þá og að gæta, að jafnan bætast nýir menn við, sem eru þess maklegir að njóta styrks eða viðurkenningar. Enda er það beint tekið fram í nefndarálitinu, að beiðni hafi komið fram frá mörgum um styrk, sem sje mjög sárt að geta ekki veitt hann. Jeg vil því leyfa mjer að leggja til, að brtt. verði ekki samþykt, en styrkurinn látinn halda sjer.

Jeg get ekki vel skilið röksemdafærslu háttv. nefndar, að ekki sje rjett að veita verðlaun fyrir einstök listaverk, af því að við það mundu þau stíga í verði og verða dýrari að kaupa fyrir ríkið, sem sjálfsagt sje að eignist þau. Jeg tel einmitt rjett að stuðla að því, að verk listamanna hækki í verði; það er fyrsta sporið til þess, að þeim gangi greiðara á listabrautinni, þótt jeg játi það rjett vera, sem háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) sagði, að landið ætti að eignast bestu listaverk íslenskra listamanna, en þó eigi á þann hátt, að gera þau listmönnunum óverðmætari.

Mjer virðast ekki nægileg rök vera færð fyrir brtt. til þess, að jeg geti verið henni fylgjandi. Í þessu sambandi má einnig minna á það, að fjárveitinganefnd neðri deildar hefir að eins gert þennan lið 22000 kr. í alt, og eftir því er upphæð sú, sem um er að ræða að fjelli úr, ekki nema 4000 kr., og virðist mjer varla gerlegt að fara út í þá smámuni.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, þar sem ýmsir eiga eftir að taka til máls.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mjer virðist, að umr. ætli að taka ærinn tíma, sem annars er af skornum skamti. Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir gert langa og ítarlega grein fyrir brtt. nefndarinnar. Og þó jeg geti ekki fallist á þær að öllu leyti, þá mun ekki duga að deila við dómarann, því að þessi nefnd er sterk, þar sem fullur þriðji hluti hv. deildarmanna eiga sæti í henni.

Um brtt. háttv. fjárveitinganefndar get jeg sagt það, að mjer falla flestar þeirra vel í geð, og skal jeg ekki lengja umr. með því að fara frekar út í þær. Aftur á móti skal jeg leyfa mjer að minnast á sumar brtt. einstakra hv. þingdeildarmanna.

Brtt. á þgskj. 893, frá háttv. þm. Snæf. (H. St.), sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) talaði allítarlega um, get jeg ekki felt mig við. Þessi tillaga fer fram á, að á þessu þingi sje veitt upphæð til verndunar íslensku þjóðerni vestan hafs. Jeg vildi heldur, að farið hefði verið fram á fjárveitingu til þess að styðja að því og greiða götu fyrir því, að góðir drengir hyrfu þaðan heim hingað, frekar en áður hefir verið. Aftur á móti mun jeg ekki leggjast á móti brtt. á þgskj. 891, frá sama háttv. þingdeildarmanni, og eigi heldur brtt. á þgskj. 907, viðvíkjandi Búnaðarfjelaginu. Jeg er þar á sama máli, að einfaldara sje að halda fyrirkomulaginu óbreyttu, eins og það hefir verið að undanförnu.

Þá er brtt. á þgskj. 823. Það er ekki vafi á því, að hjer er um tvær bryggjur að ræða.

Önnur þeirra er ný, og hefir verið veittur styrkur til hennar í fjárlögunum, en þetta er eldri bryggjan. Mjer er kunnugt um, að gamla bryggjan er á þrautalendingarstað austan Blöndu, og það er óumflýjanlegt að viðhalda henni, þótt nýja bryggjan komi. Þessi bryggja hefir orðið fyrir áföllum, sem er mjög kostnaðarsamt að bæta úr. Og það er ekki eins dæmi, að þingið hlaupi undir bagga þegar líkt stendur á. Aðstaðan virðist vera nákvæmlega sú sama hjer eins og á Húsavík, en þar hefir verið beðið um styrk til að bæta skemdir á bryggju, og lítur út fyrir, að veittur muni verða í fjárlögunum. Jeg vil því mæla með þessari till., og það því fremur, sem hjer er ekki að ræða um nema ⅓ af kostnaðinum, og upphæðin má ekki fara fram úr 2000 kr., þó aðgerðin yrði hlutfallslega hærri.

Jeg skal svo ekki minnast á fleiri brtt., en mun með atkv. mínu sína afstöðu mína til þeirra.

Guðmundur Ólafsson: Jeg á brtt. á þgskj. 823, og skal jeg ekki vera margorður um hana, og það því síður sem háttv. 1. þm. Rang. og hæstv. atvinnumálaráðherra hafa minst hlýlega á hana. Orsökin til þess, að jeg hefi leyft mjer að koma fram með þessa brtt., er sú, að sú eina bryggja, sem nú er til á Blönduósi skemdist í ofviðri og sjógangi síðastliðið haust. Fremsti búkkinn, eða hausinn, er gerður var úr sterkum og dýrum plönkum, brotnaði í spón og eyðilagðist gersamlega, og meiri skemdir urðu á henni. Í sumar hefir verið gert við bryggjuna til bráðabirgða, til að koma í veg fyrir frekari skemdir, en af vanefnum þó, því að ómögulegt var að fá efni til viðgerðarinnar nógu snemma, því að þar er mjög brimasamt, eins og hv. þingdm. er kunnugt, svo að eigi er hægt að fást við bryggjusmíði síðari hluta sumars. Fáist þingið ekki til þess að hlaupa undir bagga, verður hjeraðið að standa straum af viðgerðinni, því að svo búið má ekki standa. Það er öllum kunnugt, að þessi höfn er ein af verstu og brimasömustu höfnum hjer við land, og mundi upp- og útskipun og fólksflutningur úr landi og í land oft og einatt vera með öllu ómögulegt, ef bryggja þessi væri ekki.

Það skal tekið fram, að Alþingi veitti fyrst fje til bryggjubyggingar á Blönduósi 1893, og lagði þá til ⅓ hluta byggingarkostnaðarins, eða 5000 kr., úr landssjóði. 1907 var bryggjan lengd, og lagði landssjóður þá enn fram 4000 kr. styrk, svo að langan tíma hefir það tekið fyrir hjeraðið að fá nægan fjárstyrk til þessa nauðsynlega fyrirtækis.

Sumum kann að vera óljúft að veita þennan styrk, þar sem önnur bryggja á Blönduósi er tekin upp í fjárlögunum. En þótt Blönduós sje ekki fjölmennur kaupstaður, þá er þess að gæta, að áin Blanda skiftir honum í tvent, svo að í raun og veru má skoða hann sem tvo kaupstaði. Kaupmenn, sem sunnan árinnar búa, verða því að flytja allar vörur sínar talsvert langan veg á landi og yfir um ána, þó á land sjeu komnar við bryggjuna; og einmitt sú bryggjan, sem er í fjárlögunum, á að koma sunnan árinnar, til þess að bæta úr erfiðleikum þeirra, sem þar búa. Þar sem gamla bryggjan er var — og er enn — álitinn besti staðurinn, svo ekki getur komið til mála að leggja hana niður, því að hún verður altaf þrautalendingin, þegar eitthvað verulegt er að veðri.

Fjárveitingin til bryggjunnar sunnan árinnar er endurveiting; fjeð var fyrst veitt 1915, 7500 kr., en vegna dýrtíðarinnar og erfiðleika á því að fá efni varð þá eigi, og hefir eigi orðið síðan, úr því, að framkvæmdir yrðu á verkinu. Til skýringar skal jeg leyfa mjer að lesa upp umæli Th. Krabbe vitamálastjóra um þetta efni, í brjefi til mín, dags. 13. þ. m. ....*)

Jeg vænti þess, að jeg þurfi ekki að fara

*) Hjer er eyða í hndr.

fleiri orðum um þetta til þess, að háttv. þingdm. sjái, hvert nauðsynjamál hjer er um að ræða.

Magnús Torfason: Jeg hefi borið hjer fram brtt., og skal jeg fyrst minnast á, að háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir heldur spyrnt á móti henni. En jeg get ekki að því gert, að mjer finst það hneykslí, þar sem hjer er að eins að ræða um eftirgjöf af láni. Það er ekki ætlast til þess, að þessi upphæð verði borguð út, heldur að hún verði skoðuð sem afborgun af láni, að upphæð 100.000 kr., sem Ísafjarðarsýsla fjekk 1917, og tekið var, jafnvel eftir beinum tilmælum þings og stjórnar, til dýrtíðarvinnu og kolanáms, til þess að bæta úr yfirvofandi atvinnuskorti og eldsneytisvandræðum. Annars skal jeg geta þess, að brtt. er ekki eingöngu fram komin vegna Ísafjarðar, heldur einkum og sjer í lagi vegna Hólshrepps. Skal jeg í því sambandi minna á, að vegna þessa kolanáms fjekk Ísafjörður og Hólshreppur minna af afsláttarkolunum en þeim í raun og veru bar, í hlutfalli við ýmsa aðra staði. Þetta er í sjálfu sjer eðlilegt, þar sem ætla mátti, að þörfin væri þar minni, eins og á stóð, en annarsstaðar, en því ósanngjarnara er það þá á hinn bóginn, ef þessir staðir fá enga linkind á móti. Jeg finn því sjerstaka ástæðu til að taka það fram, að jeg tel það sjálfsagt, að till. verði samþykt og að vítt sje óorðheldni stjórnarinnar í þessu máli.

Eins og menn vita, samþykti þingið 1917 ályktun um að skora á landsmenn að gera alt, sem í þeirra valdi stæði, til þess að afla eldiviðar. Vorið 1917 var hæstv. þáverandi fjármálaráðh. (B. K.) settur atvinnumálaráðh. Hann sýndi allmikinn áhuga á því, að koma kolanámi af stað. Hann símaði vestur, til þess að fá upplýsingar viðvíkjandi skilyrðum fyrir því að rannsaka Gilsnámuna. Var þá safnað öllum þeim upplýsingum, sem hægt var að fá, og þær sendar suður. Eftir að stjórnin hafði fengið þessar upplýsingar, vildi hún láta byrja á kolanámi þarna, og rjeð til að strax væri hafist handa, en bæjarstjórnin áskildi, að kolanámið væri rekið undir eftirliti sjerfróðra manna. Og jafnframt lofaði stjórnin, að greiða fyrir málinu á allan hátt. Þessi sjerfróði maður rjeð frá að brjóta kolin á þeim stað, þar sem bóndinn á Gili hafði byrjað að vinna þau, heldur bæri að byrja á alt öðrum stað. Var svo byrjað á verkinu þarna haustið 1917, en þegar komið var lítinn spöl inn, hvarf kolalagið með öllu.

Þegar svo var komið, sneri jeg mjer til hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), og fyrir hans milligöngu kom annar maður vestur, sem verið hafði við Tjörnesnámuna og var því kunnugur kolavinslu, og athugaði og rannsakaði hann staðinn. Mistök þau, sem orðið höfðu á kolanámunni þarna, í Gilsnámunni, kendi hann ýmsum vinnubrögðum og áleit af sjerfræði sinni, að verkið hefði alls ekki átt að byrja þarna, á þeim stað, sem fyrsti sjerfræðingurinn hafði tiltekið, heldur á alt öðrum stað. Hann ljet svo byrja að vinna á þeim stað, sem hann af viti sínu fann út að væri sá rjetti staður, og árangurinn varð sá, að þar fanst ekki eitt kolablað.

Eftir þetta rjeðst verkstjórinn í að byrja á þeim upphaflega stað, sem bóndinn á Gili hafði vísað á í byrjun, og þá kom það í ljós, að þar eru kol, og þau sæmilega góð. En við þetta fálm eyðilagðist þriggja mánaða vinnutími og ærið fje, sem fór í ýmsan kostnað. Um veturinn 1918 kom sænski kolanámufræðingurinn við á Ísafirði, og var hann fenginn til þess að skoða námuna á Gili. Taldi hann hana mun betri en Tjörnesnámuna.

Þennan kostnað, sem hjer fór í súginn, álít jeg skuld, sem landið eigi að greiða,

án þess að jeg þó vilji leggja hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) nokkuð til lasts.

Vinnubrögðin gengu í basli fram eftir, sökum þess, að það brást, að stjórnin útvegaði færa menn til þess að standa fyrir verkinu. Verkfærin voru ófullkomin og jöfnuðust á engan hátt við verkfæri Svíans, sem voru mörgum sinnum betri. Sprengiefni vantaði og var hvergi að fá, og alt hjálpaðist að til þess að tefja fyrir kolavinslunni, svo hún gat með engu móti borgað sig. Nettótap á þessu fyrirtæki hefir orðið 52 þús. kr., en eins og jeg hefi áður vikið að, tók Ísafjarðarsýsla 100 þús. kr. lán hjá landsstjórninni 1917, og af því er ekkert eftir nema hús, sem stendur þar út frá, sáralítils virði nú.

Jeg vona, að háttv. þingdm. taki vel þessu máli, og segi ekki eins og átti sjer stað í gamla daga, þegar bóndi varð fyrir fjárskaða: Þeir verða að missa, sem eiga.

Þá hefi jeg komið með brtt. þess efnis, að fella niður 39. lið 16. gr., svo sjá má, að ætlun mín var ekki sú, að auka gjöldin í fjárlögunum, þótt hin brtt. mín verði samþykt.

Jeg tel loftflugstilraunir vera enn þá skemtun fyrir efnaða menn, og þess muni langt að bíða, að flug verði hjer að almennum notum. Við höfum engin efni á að hafa flugferðir í lagi, eða fylgjast með framförum á því sviði, og má til stuðnings því benda á, að frændþjóð okkar, Danir, hafa ekki efni á að halda við flugtækjum sínum, og afleiðingin hefir orðið sú, að flugmenn þeirra hafa drepið sig hver á fætur öðrum.

Sje jeg ekki ástæðu til að fara að styrkja þessi flutningstæki, þegar skattleggja á þá menn, sem verða að halda sjer við jörðina á ferðalögum sínum.

Halldór Steinsson: Jeg verð að fara örfáum orðum um brtt. þær, er jeg hefi flutt, og ef til vill einstöku liði frv., þótt jeg hafi ekki komið fram með brtt. við þá.

Brtt. mín á þgskj. 893, við 17. lið 15. gr., gengur í þá átt, að feldur sje burtu styrkurinn til fjelagsins Íslendingur, til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs. Þykir mjer leitt, að brtt. þessi hefir hrygt hv. 2. þm. G.-K. (K. D.). Jeg bjóst, sannast að segja, við, að hún myndi gleðja fleiri en hryggja í þessari hv. deild.

Jeg varð hálfforviða, er jeg sá þennan lið, því jeg get ekki sjeð, að hann komi að notum.

Þó að lagður sje besti skilningur í þetta, sem sje að styrknum skuli varið til að efla þekkingu Íslendinga í Ameríku á Íslandi, með því að senda mann þangað til að útbreiða þekkingu á íslenskum efnum, sje jeg ekki, að styrkurinn geti komið að notum, því til þess er hann hvorki heill nje hálfur. Auk þess hygg jeg, að Íslendingar í Ameríku fylgist fult eins vel með því, er gerist hjer heima, og Íslendingar hjer með löndum sínum vestan hafs.

Get jeg því ekki annað sjeð en að styrkur þessi verði „humbug" í framtíðinni.

Betur gæti jeg unað því, að samþ. yrði að kosta menn til að vinna Vestur-Íslendinga til að flytja aftur heim til átthaga sinna, á sama hátt og Canadastjórn lagði fram fje til þess að ginna þá til að flytja vestur. Ef styrknum væri varið til þess, væri öðru máli að gegna, en eins og liðurinn er orðaður nú, get jeg alls ekki greitt honum atkv.

Þá verð jeg að minnast lítið eitt á einn lið frv., þótt jeg hafi ekki komið fram með brtt. við hann, en geri það ef til vill við 3. umr., og það er styrkurinn til dr. Helga Pjeturss.

Þegar jeg sá þennan styrk og meðferð hans í þinginu, datt mjer í hug: vondur — verri — verstur.

Hv. fjárveitinganefnd þessarar deildar

leggur til, að dr. Helga verði veittar 4000 kr. fyrra árið, en 2500 kr. seinna árið, og læt jeg það vera, ef ekki væri hnýtt við þeirri athugasemd, að hækkunin fyrra ár fjárhagstímabilsins „sje gerð með tilliti til þess, að hann eigi fremur hægra með að leita sjer lækninga“

Álít jeg ekki rjett, að gengið sje inn á þá braut, að styrkja sjúklinga í fjárlögum til þess að ná aftur heilsu sinni, nema þá alveg sjerstakar ástæður væru fyrir hendi.

En litið frá annari hlið er fjarlægt því, að þessi upphæð sje næg til lífsviðurværis, og síst boðleg þessum manni, nema styrkurinn verði hækkaður upp í 4000 kr. hvort ár.

Má því segja, að meðferðin á lið þessum sje vond hjer í deildinni.

Verri er hún í Nd., þar sem styrkurinn er áætlaður 2500 kr. hvort árið, og getur slíkur styrkur ekki gengið undir því nafni, að vera styrkur til vísindastarfsemi, heldur fátækrastyrkur.

Stjórnin hefir þó gengið lengst, því hún hefir sett styrkinn 1800 kr. hvort árið.

Jeg býst ekki við, að tilgangurinn hafi verið að smána manninn, en mjög stappar nærri að svo sje, þar sem sýnilegt er, að maðurinn verður að svelta, ef hann á eingöngu að lifa á þeirri upphæð.

Gegnum þessa meðferð gengur það eins og rauður þráður, að styrkurinn sje veittur til þess, að maðurinn geti hjarað, en ekki til þess, að hann iðki vísindalega starfsemi. Þetta er þó eini vísindalega mentaði jarðfræðingurinn, sem við eigum, fyrir utan Þorvald Thoroddsen, sem er kunnur í útlöndum.

Geta erlendar þjóðir sjeð á þessum 1800 krónum, hversu við Íslendingar metum þesskonar starfsemi.

Vona jeg, að háttv. fjárveitinganefnd athugi þetta til 3. umr. og komi fram með brtt.; að öðrum kosti mun jeg gera það.

Þá hefi jeg komið fram með brtt. á þgskj. 891, en hún fer í þá átt, að Jóhannesi Helgasyni verði veittur 2000 kr. utanfararstyrkur til þess að fullkomna sig í myndskurði.

Maður þessur hefir stundað nám hjá Stefáni Eiríkssyni og lokið þar prófi með ágætisvitnisburði. Síðan hefir hann haldið áfram að skera út og gert hvern hlutinn öðrum haglegri, að dómi þeirra manna, er vit hafa á, og má nú telja hann einna fremstan í sinni list hér á landi.

Hefir hann hug á að fara utan til að fullkomna sig enn meir, og hefir helst augastað á að dveljast í Sviss.

Verður ekki annað sjeð, eftir meðmælum Stefáns Eiríkssonar að dæma, en að maður þessi eigi fullkomlega skilið að fá þennan styrk, en þar segir:

> „.... Og gef jeg tjeðum J. H. mín allra bestu meðmæli til styrveitingar þeirrar, er hann sækir um til hins háa Alþingis.
>
> Jeg álít, að tjeður J. H. sje sjerstaklega hæfur til frekari mentunar í iðn sinni, og veit með vissu, að tjeður J. H. mundi verða landi og þjóð til enn meira gagns og sóma, ef hann fengi efni til að fullkomna sína góðu hæfileika erlendis, þar sem nóg er að sjá og læra. ....“

Hygg jeg því rjett að ljetta undir með þessum manni, með því að veita honum þennan styrk, svo honum gefist færi á að sýna landi sínu enn meiri sóma en hann hefir gert hingað til.

Þá á jeg ekki eftir að minnast á annað en brtt. okkar 2. þm. Húnv. (G. Ó.) á þgskj. 907, um athugasemdina við styrkinn til búnaðarfjelaganna.

Eins og kunnugt er, hefir það altaf verið venja undanfarin ár, að fráskildu síð-

asta fjárhagstímabili, að styrknum væri úthlutað beint til búnaðarfjelaganna, eftir samanlagðri dagsverkatölu. En á síðasta fjárhagstímabili var þessu breytt á þá leið, að styrkurinn var greiddur til búnaðarsambandanna, en þeim aftur falið að úthluta honum til þeirra búnaðarfjelaga, sem eru í sambandinu.

Þetta hefir valdið megnri óánægju, þar sem ekki eru nærri öll búnaðarfjelög í samböndunum. Af þessari orsök hefir stjórnin aftur tekið upp gamla og góða siðinn í frv. því, sem hún lagði fyrir þingið, en því var aftur breytt til hins verra í háttv. Nd. Hygg jeg þá leið ekki eins heppilega, þar sem fjöldi búnaðarfjelaga er ekki í samböndunum og geta því ekki notið styrksins nema þau gangi í þau. Tel jeg það ekki rjett spor að þvinga búnaðarfjelögin til að ganga í samböndin, með því að svifta þau styrk að öðrum kosti.

Hæstv. atvinnumálaráðherra (S J.) hefir lýst því yfir, að hann telji brtt. til bóta, og vonast jeg eftir því, að hún verði samþykt í þessari háttv. deild.

Frsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Jeg sje ekki ástæðu til að lengja umr. mikið, þar sem brtt. fjárveitinganefndar hafa yfirleitt fengið góðar undirtektir.

Eina brtt., sem nokkrum mótblástri hefir mætt, er brtt. um orðabókarstyrkinn, og þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) hefir komið fram með brtt. við þann lið, er ekki nema eðlilegt, að skiftar skoðanir sjeu milli hans og mín sem frsm. nefndarinnar.

Brtt. hans gengur í þá átt, að bætt sje við þriðja manninum til að vinna að orðabókinni, og vill hann veita honum álitlega launaupphæð. Hins vegar viðurkennir hann, að ekki hvíli sama skylda á Alþingi gagnvart þeim manni sem gagnvart síra Jóhannesi Lynge, en þess sje aftur á móti að gæta, að hann hafi betri undirbúningsmentun til að taka þetta starf að sjer, þar sem hann hafi lokið prófi í málfræði við Kaupmannahafnarháskóla. En þótt segja megi, að Jakob Jóh. Smári hafi betri undirbúningsmentun hlotið en faðir hans, þá er þó síra Jóhannes viðurkendur mikill og góður íslenskumaður.

En aðalatriðið er, að ekki er hægt að losa sjera Jóhannes með sæmilegu móti af fjárlögunum, og ef styrkur til hans væri ekki tekinn upp í þennan lið, hefði orðið að bæta honum inn í 18. gr., án þess að hann hefði sjerstakt starf með höndum. En með því að láta hann vinna að orðabókinni má búast við, að starf hans muni koma að notum í framtíðinni, sjerstaklega þar sem svo er ákveðið, að orðasafn hans skuli verða eign landsins, enda vita þeir, sem þekkja hann, að hann muni ekki liggja á liði sínu.

Hitt, að fara að bæta ótilneyddir mönnum við þetta starf, sje jeg ekki að sje rjett, því þegar farið er að veita þeim styrk í fjárlögum ár eftir ár, mun reynast erfitt að losna við þá. En eftir því, sem málum er nú komið, er ekki að vænta, að verkið horfi betur við, þótt einum manni sje bætt við, því eftir umsögn orðabókarhöfundanna sjálfra þarf að bæta mörgum mönnum við, ef sjást á fyrir endann á verkinu. Og enn þá er ekki fundinn neinn grundvöllur fyrir því, hve yfirgripsmikil orðabókin eigi að vera, m. ö. o. hvort hún eigi að taka bæði yfir fornmálið og nýja málið, eða byrja síðar, t. d. einhvern tíma á miðöldunum.

Ef fornmálið yrði tekið með, yrði verk þetta mjög yfirgripsmikið, en auðvitað að sama skapi minna, ef sú yrði niðurstaðan, að því yrði slept. Má segja, að fornmálið sje orðið alheimseign, og fleiri til að varðveita það en vjer Íslendingar.

Jeg hygg því, að orðabókarmálinu sje ekki borgið með því, þó þessum manni sje

bætt við. Ef sjá á fyrir endann á verkinu, verður að bæta mörgum við í nánustu framtíð. Auðvitað er gert ráð fyrir því, að það verði gert seinna, en þá kemur líka safn þeirra tveggja manna, er teknir eru upp í liðinn, að notum.

Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) áfeldist fjárveitinganefndina fyrir það, að hún hefði lagt til, að skálda- og listamannastyrkurinn væri færður niður, en kannaðist þó við rök hennar fyrir þessari lækkun; eru þau eru, að 3 skáld, sem notið hafa ríflegs styrks, eru nú dáin, en eitt flutt aftur í 18. gr. Áleit hann samt sem áður, að bókmentunum væri svo mikill gróði að styrknum, að ekki væri ástæða til að lækka hann frá því, sem fjárveitinganefnd Nd. og Nd. hefði fallist á.

Fjárveitinganefnd Ed. fanst það ríflegt að leggja til, að styrkurinn væri hækkaður um 5 þús. kr., frá því sem áður var, enda þótt 4 styrkþegar fjellu burt, sem notið höfðu allmikils styrks.

Um gróðann af styrknum geta verið skiftar skoðanir, því þó svo kunni að fara, að fleiri skáld komi fram og bókmentirnar græði við það, er þó þess að gæta, að þeir starfskraftar, sem ganga til bókmenta, dragast frá öðrum greinum. Jeg hygg, að ekki sje rjett að fara að ala skáldskaparsótt upp í mönnum, líkt og sagt er að hafi átt sjer stað í 4. bekk mentaskólans í vetur, því þar fengust allir nemendurnir við að yrkja, að því er sagt er, og væri ekki holt, ef hugur mentamanna okkar snerist eingöngu í þessa stefnu.

Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) talaði um það, að ástæður þær, er nefndin bar fram í nál. fyrir því, að hún væri mótfallin verðlaunum fyrir listaverk, væru ekki frambærilegar. En eins og þar er tekið fram, væri einkennileg aðferð að verðlauna fyrst listaverk og kaupa þau svo uppsprengdu verði á eftir. Hitt virðist eðlilegra, að kaupa þau verk, er geta sómt sjer í listasafni landsins, en ekki er víst, að listamennirnir geti selt sjálfir. Gæti það oft orðið þeim góður greiði, en um leið orðið til þess, að landið eignaðist góða gripi.

Man jeg svo ekki, að veist hafi verið að brtt. fjárveitinganefndar frekar en nú er talið. Hv. þm. Snæf. (H. St.) hneykslaðist á því, að í nál. er sagt, að styrkurinn til dr. Helga Pjeturss sje hækkaður fyrra ár fjárhagstímabilsins, með tilliti til þess, að hann eigi því fremur hægra með að leita sjer lækninga. Nefndin fann þetta ekki upp hjá sjálfri sjer, heldur fjekk hún vitneskju um það annarsstaðar frá, að hann ætlaði að sigla til að leita sjer lækninga. Og óþarft er fyrir þm. Snæf (H. St.) að hneykslast á þessu, af þeirri ástæðu, að það sje einsdæmi að veita mönnum styrk til lækninga, því ekki er óvenjulegt að styrkja þá sjúklinga til utanfarar, sem ekki hafa getað fengið læknishjálp hjer á landi við sjúkdómum sínum, svo sem húðsjúkdómum o. fl.

Án þess að það sje mitt að verja styrk þann, sem stjórnin hafði ætlað þessum manni, vil jeg þó minna á það, að styrkurinn til hans var þó 300 kr. meiri ætlaður hjá stjórninni en laun hins hv. þm (H. St.) hafa verið hingað til.

Um vísindalega starfsemi þessa manns skal jeg ekki dæma, enda tel jeg mig ekki færan um það. En það verður að teljast eðlilegt, þótt hæfileikar hans sjeu miklir og hann hafi unnið mikið, að hann geti ekki afkastað miklu nú, eins og heilsu hans er farið, og því líti menn fremur á það, sem hann hefir unnið, og það, sem hann kann að vinna, ef hann fær bót.

Sem frsm. fjárveitinganefndar hefi jeg ekki fleira að segja. Aðrir tillögumenn hafa fært ástæður fyrir tillögum sínum, og þær annaðhvort verið teknar gildar af

nefndinni, eins og till. hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.), eða nefndin látið atkvæði nefndarmanna óbundin, eins og um brtt. hv. þm. Ísaf. (M. T.).

Kristinn Daníelsson: Að eins örfá orð út af athugasemdum hv. frsm. (E. P.).

Um orðabókina gat hv. frsm. (E. P.) þess, að málinu væri ekki borgið, þótt þessum manni væri bætt við verkið, sem brtt. mín á þgskj. 888 fer fram á, og taldi, að fleiri menn þyrfti til þess að lúka verkinu. Það er auðvitað nokkuð til í þessu, en það, sem unnið er að undirbúningi þess, getur þó ekki talist unnið fyrir gýg. Aðaláhersluna legg jeg þó á það, að þessi maður hefir þegar verið ráðinn til þessa starfa, að vísu til bráðabirgða, eða að eins út fjárhagstímabilið. En þetta hlaut maðurinn að skilja svo, að honum væri ætlað að halda áfram verkinu. Það hefði verið eðlilegra, að taka manninn alls ekki til starfans, og skila aftur fjenu, heldur en að ginna hann svo, ekki síst þegar þessi maður, eftir almennum mælikvarða, verður að teljast hæfasti maðurinn til þessa starfs.

Um styrkinn til skálda og listamanna skal jeg kannast við það, sem hv. frsm. sagði, að skiftar skoðanir geta verið um þann styrk. En skoðun sína byggir hv. fjárveitinganefnd á því, að svo margir styrkþegar eru fallnir frá eða fluttir burt af liðnum, en jeg byggi mína skoðun á nál. neðri deildar nefndarinnar, þar sem flokkað er niður eða gert yfirlit um, hvernig styrknum eigi að verja, og sje jeg ekki fram komin nægileg rök til þess að hrinda því áliti.

Mjer þótti vænt um það, að tillögumaðurinn að niðurfellingu styrks til fjelagsins „Íslendings" fylgdi ekki fast fram þeirri till. sinni. Hann sagði, að aðaltilgangurinn væri sá, að útbreiða þekking á Íslandi, en svo er þó ekki, heldur er aðaltilgangurinn að halda við tungunni og andlegum viðskiftum og samböndum milli þjóðflokkanna. Í þessu skyni hefir fjelag verið stofnað, eins og kunnugt er, svo að hjer getur að eins verið um styrk að ræða, en ekki það, að landssjóður beri allan kostnað við sendiförina. Ef styrkur verður til þessa lagður áfram, þá fer það væntanlega eftir þeim árangri, sem verður af starfsemi þessa fjelags, og þar á meðal sendiför þeirri, sem nú er ráðin. Því má og við bæta, að maðurinn, sem til þessarar farar er ætlaður, hefir auðvitað orðið að ráðstafa störfum sínum og búa sig undir förina. Vænti jeg, að hæstv. Alþingi sjái það, hver nauður rekur til þessarar fjárveitingar.

ATKVGR.

um 15.—22. gr. frv

Brtt. 846,34. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 846,35. — — 12 — —
— 846,36. — — 9 : 1 atkv
— 846,37. — — 9 shlj. atkv.
— 893. feld með 11 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. P., H. St., K. E.
nei: S. E., S. J., S F., G. G., G. Ó., H. Sn. Jóh. Jóh., K. D., M. K., M. T., G. B.

Brtt. 846,38. samþ með 9 : 3 atkv.
— 846,39. — — 10 shlj. atkv.
— 863. tekin aftur.
— 846,40.a. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 846,40.b. — — 11 — —
— 888. samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. St., K. E., K. D., M. T., S. E., S. F., G. G., G. B.
nei: G. Ó., H. Sn., Jóh. Jóh., M. K., S. J., E. P.

Brtt. 860,2. („Hvorttveggja safnið“ verði: Söfnin) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 846,41. samþ. með 9 : 1 atkv.
— 846,42. — — 11 shlj atkv.
— 846,43. — — 14 — —
— 846,44. — — 9 : 3 atkv.
— 846,45.a. — — 9 shlj. atkv.
— 846,45.b. — — 9 — —
— 846,46. — — 12 — —
— 891. — — 9 — —

15. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 907. samþ. með 8 : 3 atkv.
— 846,47. — — 12 shlj. atkv.
— 846,48. — — 14 — —
— 846,49. — — 11 : 2 atkv.
— 846,50. — — 10 shlj. atkv.
— 846,51. — — 9 shlj. atkv.
— 846,52. — — 11 — —
— 823. — — 13 — —
— 846,53. — — 9 : 1 atkv.
— 846,54. — — 10 shlj. atkv.
— 867,1. (orðin innan sviga tekin aftur) samþ. með 9 : 1 atkv.
— 867,2. samþ. með 9 : 4 atkv.
— 846,55.a. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 860,3. samþ. án atkvgr.
— 846,55.b., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 846,55.c. samþ með 8 shlj. atkv.
— 846,55.d. — — 10 — —
— 846,55.e. — — 8 — —

16. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 846,56. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 846,57. — — 8 — —
— 846,58.a.–b. — — 9 — —
— 846,59. — — 10 — —
— 864. — — 10 — —
— 846,60. — — 10 — —
— 846,61. — — 10 — —
Brtt. 846,62. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 846,63. — — 8 — —
— 846,64. — — 8 — —
— 846,65. — — 9 — —
— 846,66. — — 10 — —
— 846,67. — — 11 — —
— 846,68. — — 10 — —
— 846,69. — — 10 — —
— 846;70. — — 9 — —
— 846,71. — án atkvgr.
— 846,72. — — —
— 846,73. — — —
— 846,74. — með 14 shlj. atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 846,75. sjálfsögð.

20. gr., með á orðnum breytingum samkvæmt undanförnum atkvæðagreiðslum, samþ. með 14 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 846,76. samþ. án atkvgr.

22. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 846,77. (ný gr., verður 23. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 846,78. (ný gr., verður 24. gr.) samþ. með 13 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., mánudaginn 22. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 916, 923, 932, 933, 934, 935, 937, 938, 939, 940, 941, 942, 943).

Of skamt var liðið frá útbýtingu allra breytingartillagnanna, nema brtt. 941, frá fjárveitinganefnd. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Það er svo að heyra, sem sumir þingdm. vilji hafa stuttar umr., og skal jeg því vera fáorður

Fjárveitinganefnd hefir ekki komist hjá því að bera fram brtt., sem ganga í þá átt að hækka útgjöldin í fjárlagafrv. nokkuð frá því, sem þau voru eftir 2. umr., og liggur í augum uppi, að nefndin hefir ekki gert það að gamni sínu, enda eru brtt. þannig vaxnar, að vart verður hjá því komist að veita upphæðir þær, sem farið er fram á, þótt sumar hafi að vísu ekki haft atkvæði allra nefndarmanna, en að sjálfsögðu hefir nefndin enga tillögu flutt, sem ekki hefir haft meiri hluta innan hennar.

Brtt. þær, er nefndin hefir flutt, hækka útgjöldin um samtals 16,800 kr.; og ef lagðar eru saman gjaldaupphæðir á brtt. þeim, er hv. þingdm. hafa flutt, verður það samtals 24,500 kr. út af fyrir sig.

Að eins ein tillaga hefir komið fram, er hefir útgjaldalækkun í för með sjer á einum lið, að upphæð 1200 kr. á ári, eða 2400 kr. á fjárhagstímabili. Ef lagðar eru saman útgjaldahækkanir á brtt fjárveitinganefndar og brtt. einstakra þm., og þessar 2400 kr. dregnar frá, nemur hækkunin samtals kr. 39,900 við þessa umr., ef allar brtt. verða samþyktar; en varla er hægt að gera ráð fyrir, að svo verði, heldur má búast við, að einhverjar brtt. verði feldar, bæði fyrir fjárveitinganefnd og einstökum þm.

Skal jeg svo minnast örfáum orðum á brtt. fjárveitinganefndar, í þeirri röð, sem greinar þær í fjárlagafrv. eru, sem þær eiga við.

Það er þá fyrst brtt. við 12. gr., þess efnis, að íbúum Ólafsfjarðar verði veittur 1500 kr. styrkur hvort árið, til að launa lækni, ef þeir taka til þess úrræðis, að afla sjer sjerstaks læknis.

Þótt frv. það um stofnun sjerstaks læknishjeraðs í Ólafsfirði, er fyrir þinginu lá, næði ekki fram að ganga, voru þó allir á einu máli um það, að Ólafsfirðingar væru illa settir með að ná í læknishjálp. Þess vegna hefir fjárveitinganefndin gert það að tillögu sinni, að þeim verði veittur allríflegur styrkur, ef ráðist væri í að útvega sjerstakan lækni, enda sjest á aths., að styrkveitingin er bundin því skilyrði.

Aðrir hreppar, sem líkt hefir staðið á með, hafa gripið til þess úrræðis, að afla sjer sjerstaks læknis, og má þar benda á Hólshrepp. Sú framtakssemi mun hafa ýtt undir það, að eina frv. um stofnun nýs læknishjeraðs, sem framgang fjekk í þinginu, tók til þess hjeraðs.

Önnur brtt. við 12. gr. er þess efnis, að aukalæknirinn á Ísafirði fái 2000 kr. styrk á ári. Hann hefir nú 800 kr. laun, en þegar litið er til umbóta þeirra, sem orðnar eru á kjörum annara lækna, er ekki hægt að ganga fram hjá honum, þótt svo verði að líta á, að óþörf sje nú orðið staða sú, sem hann hefir haft með höndum. Hólshreppur er nú genginn undan læknishjeraðinu, og þegar litið er til þess að kona hjeraðslæknisins er próflærður læknir, sjest, að Ísfirðingar sjálfir þurfa ekki að vera á flæðiskeri staddir, þó að enginn aðstoðarlæknir sje hafður þar. En nú gegnir þó enn sami maðurinn sem áður þessu starfi, og verður þá ekki gengið fram hjá honum, þannig að laun hans sjeu á engan hátt bætt.

Hitt er aftur álitamál, hversu há laun hann eigi að hafa.

Fjárveitinganefndin hefir lagt til, að hann fái 2000 kr. á ári, en álítur, að laun hans eigi ekki að vera í samræmi við laun lækna almennt. Því ef hann fengi laun jöfn

öðrum læknum, væri þess ekki að vænta, að hann sækti um nokkurt læknishjerað. En hins vegar er þó þess að gæta, að þar sem hjer er að ræða um 2000 kr. aukningu á launum frá því, sem þau voru, býst jeg við, að það sje svo há uppbót, að sumir læknar fái hana litlu meiri.

Brtt. hv. þm. Snæf. (H. St.) gengur í þá átt, að læknir þessi fái 4000 kr. laun á ári í fjárlögunum, og eru þá laun hans miðuð við hæstu læknislaun. Ef læknir í lægsta launaflokki fær 2500 kr. árslaun, verða þau með dýrtíðaruppbót um 5000 kr. En í brtt. hv. þm. Snæf. (H. St.) er gert ráð fyrir, að aðstoðarlæknirinn á Ísafirði fái á ári 4000 kr. + 800 kr. = 4800 kr., og er þá sama sem enginn munur gerður á honum og öðrum læknum.

Býst jeg við, að hv. þm. Snæf. (H. St.) taki til máls um brtt. þessa, og skal jeg því ekki fjölyrða um hana að sinni.

Þriðja brtt. nefndarinnar lítur út sem orðabreyting, en er vitanlega efnisbreyting. Þar er farið fram á, að alt að því 35 þús. kr. verði varið árlega til launa póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar, — en eftir frv. var sama upphæð ætluð til launa póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur.

Þessi breyting er bygð á umsókn frá sambandi starfsmanna ríkisins, og tók fjárveitinganefnd hana til greina, er sýnt hafði verið fram á, að þessi breyting hefði að eins 25% launahækkun í för með sjer til póstafgreiðslumanna utan þessara fjögra kaupstaða.

Samband starfsmanna ríkisins vildi ekki láta sjer nægja þessa einu launahækkun handa þessum starfsmönnum, póstafgreiðslumönnum utan kaupstaðanna, heldur fór einnig fram á það, að þeim væri veitt dýrtíðaruppbót að auki. Þetta gat nefndin ekki aðhylst, en lagaði orðalag liðarins á þá leið, sem jeg gat um. Jeg vona, að hv. þingdeildarmönnum skiljist það, að hjer er hóflega farið í sakir hjá fjárveitinganefnd, og sjeu þeir hins vegar sammála nefndinni í því, að engin ástæða sje til þess að greiða póstafgreiðslumönnum utan kaupstaðanna neinar gríðarlegar fjárhæðir, með því að víðast hvar er póstafgreiðslan aukastarf, sem kunnugt er.

Þá kem jeg að 4. brtt. nefndarinnar, um það að veita Magnúsi dócent Jónssyni 1500 kr. árlegan styrk til rannsókna í kirkjusögu Íslands. Nefndinni var það ljóst, að hjer er um mikið verkefni að ræða, og engin skylda á dócentinum að rækja þær rannsóknir, þótt kennari sje í kirkjusögu við háskólann. Hins vegar er maðurinn mjög vel gefinn, framúrskarandi gáfaður og starfsmaður með afbrigðum. Þess vegna hikar nefndin ekki við að sinna umsókn hans, þótt ekki geti hún orðið við henni að fullu, eða lagt til að veita honum 2000 kr., eins og hann fer fram á. Það er líka sjerstök ástæða, sem mælir með þessum styrk, sú sem sje, að Magnús er nú eini dócentinn við háskólann, sem hefir dócentslaun óbætt; dócentinn í læknisfræði hefir sjerstaka aukagetu og eins dócentinn í grísku. Það væri þess vegna ekki sanngjarnt að láta þennan mann búa við dócentslaunin ein, sem varla geta talist lífvænleg ein út af fyrir sig. En með þessari viðbót getur maðurinn helgað sig sínu eiginlega starfi, án þess að leita sjer aukaatvinnu.

5. brtt. nefndarinnar er borin fram vegna þess, að rektor mentaskólans hefir skýrt nefndinni frá því, að Sigfús Einarsson hafi sagt upp söngkenslu við skólann, auðvitað að nokkru leyti sökum þess, að hann fer utan og dvelst ytra í vetur. Nú skýrir rektorinn svo frá í umsókn sinni, að ómögulegt sje að fá nokkurn mann til þess að taka að sjer þessa kenslu með þeim launum, sem til þessa eru ætluð, og sá nefndin þá engan veg annan en að taka þann kost upp, að bæta launin með dýrtíðaruppbót, líkt og gert hefir verið um aðra starfsmenn svip-

aða, er laun taka eftir fjárlögum, enda betri leið en að setja hærri upphæð í launum, því að þar með mætti telja launin ákveðin um ókomna framtíð.

6. brtt. nefndarinnar er um styrk til lýðskólans í Bergstaðastræti. Hjer er auðvitað að eins um litla fjárhæð að ræða, en þó nokkurt principmál, hvort veita beri slíkum aukaskólum, sem einstakir menn halda uppi, styrk af almannafje.

7.—8. brtt. nefndarinnar eru báðar runnar af sömu rót. Hækkun þessara liða stendur í sambandi við umsókn frá bókbindaraum við söfnin, en henni fylgja sterk meðmæli landsbókavarðarins og þjóðskjalavarðarins. Umsóknin fer aðallega fram á það, að bókbindarinn verði tekinn í tölu fastra starfsmanna landsins, eða í launalögin. Umsóknin kom svo seint, er dagsett 17. sept., að þetta gat ekki komið til mála, enda býst jeg varla við, að fært hefði þótt að taka hana til greina að þessu leyti. Hitt er annað mál, að þessi maður þarf eins að fá bætt laun sín og aðrir menn, sem vinna í þjónustu landsins. Með hliðsjón af þessu, eru því báðir þessir útgjaldaliðir safnanna hækkaðir.

9. brtt. er um 2000 kr. styrk til bandalags íslenskra kvenna, til þess að senda fulltrúa á alþjóðaráðsfund kvenna, sem haldast á í Noregi næsta ár. Hv. deildarmönnum er nú sjálfsagt kunnugra um þetta bandalag en mjer. Jeg skal þó skýra frá því, að bandalag þetta, Bandalag íslenskra kvenna, tekur yfir 8 kvenfjelög hjer í Reykjavík. Fýsir það nú að komast inn í þetta alþjóðaráð kvenna, en í því eru sögð fjelög kvenna í 26 löndum í Evrópu. Í sumar sendi þetta íslenska bandalag fulltrúa á undirbúningsfund í Englandi á sjálfs sín kostnað, svo að aðstaða þess er verri en áður. Hugsjónir bandalags þessa eru eða virðast fagrar og lofsamlegar; hefir það meðal annars á stefnuskrá sinni að koma upp hjúkrunarhæli og barnaheimili í Reykjavík. Með hliðsjón af þessu og með því að þetta þing hefir verið mjög örlátt í fjárveitingum til þess að styrkja fjelög eða einstaklinga til að sækja fundi eða mót í öðrum löndum, þá vill nefndin mæla með því að sinna þessari fjárbeiðslu einnig, svo að kvenþjóðin verði ekki út undan höfð.

10. brtt. nefndarinnar fer ekki fram á nein aukin útgjöld, heldur að eins ábyrgð á nokkrum lánum, á sama hátt sem áður hefir tíðkast. Er þetta auðvitað ekki að skoða nema sem heimild fyrir stjórnina, og henni ætlað að hafa gát á því, að fyrirtækin sjeu svo stofnuð og þeim svo fyrir komið, að þau beri sig. Nefndin telur víst, að stjórnin leggi ekki út í þetta, nema fyrirtækin sjeu trygg.

Um brtt. þær, sem fram hafa komið frá einstökum þingmönnum, þarf jeg ekki að rökræða, en skal að eins geta um afstöðu fjárveitinganefndar gagnvart þeim.

Um brtt. á þgskj. 938 segir það sig sjálft, að nefndin er á móti henni, með því að hún hefir þegar tekið afstöðu til þess liðar fjárlaganna.

Brtt. á þgskj. 939 er meiri hluti nefndarinnar heldur hliðhollur.

Þá kem jeg að brtt. hv. þm. Ísaf. (M. T.), sem verið hefir mjög frjósamur á brtt. við þessa umr.

Nefndinni er ekki ljóst, á hverju byggist brtt. hans á þgskj. 932, um styrk til barnaskólans á Ísafirði, og mun nefndin ekki taka afstöðu til hennar fyr en hann hefir skýrt hana.

Þá leggur sami hv. þm. til að fella niður styrkinn til að þýða Faust. Fjárveitinganefnd leggur á móti þeirri brtt. að svo komnu, enda væri annað illa í samræmi við tillögu hennar um styrk handa Magnúsi dócent Jónssyni. Það er að vísu svo, að þessi styrkþegi er ekki í vandræðum með að lifa, en hins er að gæta, að rangt væri að skilja einn dócentanna eftir, þegar hinir fá aukagetu.

Um styrk til Önnu Bjarnadóttur er það að segja, að nefndin treystir sjer ekki til þess að verða með honum, þótt gáfuð stúlka eigi í hlut og umsókn hafi legið fyrir, bæði munnlega og skriflega. Nefndin býst sem sje við, að ef þessi styrkur væri veittur, og styrkþegi þannig tekinn út úr öðrum stúdentum, þá myndi það draga þann dilk á eftir sjer, að aðrir stúdentar vildu fá svipaðan styrk..

Nefndin sá enga ástæðu til þess að fella niður athugasemdina við 16 gr. 17 og leggur því á móti brtt. á þgskj. 934.

Um styrk til leikfjelagsins lætur nefndin atkvæði óbundin.

Sama er að segja um styrk til dr. Helga Pjeturss.

Styrksaukinn til Sighvats Borgfirðings er svo lítill, að nefndin lætur hann afskiftalausan.

Þá kem jeg loks að brtt. á þgskj. 940, styrk til Byggingarfjelags Reykjavíkur. Það segir sig sjálft, með því að tveir nefndarmanna eru flutningsmenn þeirrar till., að þá hafi nefndin óbundar hendur um hana. En fyrir mitt leyti skal jeg lýsa yfir því, að jeg er ákveðinn andstæðingur till., ekki af því, að mjer vaxi fjárhæðin í augum, heldur af því, að jeg tel, ef till. verður samþ., að stigið sje það spor, sem óvíst er um, hvert stefnir, og ekki ólíklegt, að aðrir kaupstaðir komi á eftir. Jeg fæ ekki betur sjeð en að með þessu sje verið að ýta undir fólksflutninga úr sveitunum í kaupstaðina eða sama sem að styrkja fólk til þess að flytja úr sveitunum. Það hefði verið eðlilegra, að þingið hefði reynt til þess að stemma heldur stigu fyrir þessari útrás úr sveitunum en hitt.

Að öðru leyti skal jeg ekki að svo komnu tala meira, þótt ekki hafi jeg verið langorður eftir atvikum.

Magnús Torfason: Jeg hefi leyft mjer að flytja nokkrar brtt., sem jeg skal taka í röð eftir fjárlögunum.

Jeg legg til, að sendiherrann verði nefndur ríkisfulltrúi. Sumir hafa kallað þessa stöðu barnaglingur stjórnarinnar, en jeg skal þegar lýsa yfir því, að ef vjer eigum nokkursstaðar að hafa slíkan fulltrúa, þá er það í Kaupmannahöfn, þó með þeirri skýringu, að hann sje einnig fulltrúi vor á Norðurlöndum; ýms stærri ríki hafa aðeins einn fulltrúa á þeim slóðum. En mjer þykir kenna nokkuð mikillar fordildar í því, að nefna þennan umboðsmann sendiherra, og munu þess engin dæmi um jafnfáment og fátækt land sem vort, að það geri út sendiherra. Mjer er kunnugt um það, að kotríki eitt, sem þó er fólksfleira en Ísland, hefir sendimann, þegar þörf krefur, en engan sendiherra. Auk þess er tvískinnungur í orðalagi greinarinnar. Jeg sje ekki betur en að launin sjeu sett alt of lág handa manni, sem ber svo virðulegt nafn. Danir taka stórauðuga menn til þessa starfs, með því að þeir treystast ekki til þess að launa þá. Stöðunni fylgja miklar kvaðir, og nafnið gerir kröfur til mikils manngildis. Vjer höfum enga reynslu í þessu efni, og sá, sem valinn yrði, verður því að læra fræðin. Jeg verð að líta svo á, að launin sjeu sett svo lág, til þess að koma þessu af stað, og að ekki muni á löngu líða, áður en reynt verði að fá meira fjárframlag í þessu skyni.

Það hefir verið stutt á, að við mættum ekki senda ógöfugri mann en Danir hafa sent hingað. Til þess er því fyrst að svara, að jeg veit ekki til, að við höfum lögtign hjer á landi, og í öðru lagi er slík skylda ekki gagnkvæm. Við vitum t. d., að Englendingar hafa sent einhvern göfugasta mann sinn og tíginborinn til Egyptalands, en Egyptar hafa ekki haft slíkan mann á Englandi. Bendi jeg á þetta, án þess að fara frekar út í það Við vitum, að á síðustu tímum hafa breyst allir siðir um

sendimenn, og stór ríki, er hafa myndast nú, kalla sendimenn sína orði, er þýðir hið sama og till. mín fer fram á. Og jeg hygg, að það sje rjett af oss að forðast þetta gamla sendiherraheiti eins mikið og auðið er. Titillinn verður heldur aldrei nægur til að bæta upp manngildi mannsins. Takist manninum að vinna sjer hylli konungs, er ekki neinn efi á því, að hann kemur málum sínum vel fyrir, og þá verður tekið fult tillit til hans. Það sannar, að í vetur var fulltrúa okkar í Danmörku sýndur meiri sómi en fulltrúum annara ríkja, svo það er því ekki neitt því til fyrirstöðu, að hann geti komið fram þar hvar sem vill. Það er sjálfsagt og rjett að haga þessu svo, að hann kafni ekki undir nafni.

Þá ber jeg fram brtt. við 14. gr. Svo víkur því við, að reikningur fyrir barnaskóla Ísafjarðarkaupstaðar fyrir skólaárið 1917 til 1918 hafði ekki borist fræðslumálastjóra. Skýrslur um skólann fyrtjeð ár munu hafa verið sendar með forstöðumanni skólans, er hann fór til Reykjavíkur, en reikningurinn hefir ekki verið tilbúinn þá, eða reikningur yfir tillag bæjarsjóðs til skólahaldsins, en eins og menn vita, brann alt skjalasafn bæjarins, og því er ómögulegt að bæta úr þessu, enda vissum við ekki af því fyr en eftir útbýtingu styrksins. Afleiðing af þessu er, að aðrir skólar hafa fengið meira fje þetta ár, og er þeim því enginn órjettur ger með þessu.

Brtt. hefi jeg borið fram við 15. gr. 21 b., um að fella niður styrkinn til að þýða Faust. Jeg lít svo á, að laun fyrir kensluna við háskólann sjeu næg, einkum í þessari deild — grísku — þar sem ekki eru kendir nema fáir tímar á viku. Það er alt öðru máli að gegna um dócentinn í guðfræði, því hann hefir mikla kenslu, víst eins mikla og prófessorarnir, og því er þetta ekki sambærilegt, þótt háttv. framsm. (E. P.) væri að jafna því saman.

Alstaðar mun og svo vera, að prófessorar og dócentar verji tíma þeim, er þeir hafa afgangs frá kenslunni, til vísindaiðkana, og á svo og hjer að verða. Jeg get skilið, að þessi styrkur hafi átt að vera launauppbót á stríðsárunum, en nú hefir dócentinn haft þennan styrk í nokkur ár, en jafnframt hefir hann haft svo mikið annað með höndum, að það er ómögulegt, að hann hafi getað unnið að þessari þýðingu. Þingið hefir sjeð þessum manni mjög vel farborða, svo jeg sje ekki ástæðu til að láta hann fá sjera fúlgu fyrir lítið eða ekkert starf.

Næst er brtt., er jeg hefi flutt, og fer hún ein fram á hækkun; það er um námsstyrk til ungfrú Önnu dóttur Bjarna skólakennara Sæmundssonar.

Jeg viðurkenni það „princip“ nefndarinnar, að láta menn ekki fá mikinn styrk til náms í öðrum löndum, þar sem ekki er langt þar til háskólasjóðurinn getur tekið til starfa og lagt eitthvað af mörkum. En hjer stendur sjerstaklega á. Þeir, er ætla sjer að vera við nám í Englandi, eiga sjer ekki styrks von frá Danmörku, eins og aðrir námsmenn vorir. Og við vitum, að það er dýrt að lifa þar nú. Bjarni skólakennari Sæmundsson hefir ætíð lifað við lítilfjörleg laun, enda þótt hann ætli að reyna að kljúfa það, að hjálpa dóttur sinni um þær 2—3000 krónur, sem hún þarf auk þessara 800 kr. Það er ekki óþarfara að veita fje til að læra að tala og skrifa ensku en til hvers annars, og jeg sje t. d. hjer í fjárlögunum styrk til rafmagnsnáms.

Jeg legg áherslu á það, að þessi stúlka er talin framúrskarandi efnileg. Rektor Geir Zoëga segir, að hún hafi fengið hæstu einkunn af öllum, sem hafi útskrifast úr hinum almenna mentaskóla eftir nýju reglugerðinni, og telur hana því, þegar af því einu, verða styrksins. Hjer hefi jeg og vottorð um hana frá Jóni skólakennara

Ófeigssyni, og segir hann svo: Jeg þykist mega fullyrða, að jeg hafi aldrei haft betri nemanda, þar nje annarsstaðar, og mjer er nær að halda aldrei jafngóðan. Hún hefir alveg óvenjulega góða hæfileika til málanáms, lipurt tungutak, ágætt næmi og smekkvísi á mál og nær óbrigðult minni. Tvo síðustu vetur vann hún, ásamt mjer og fleirum, að orðabók Sigfúsar Blöndals og reyndist þar, sem vænta mátti, ágætlega.

Jeg ætla mjer ekki að fara nánar í þetta. Þegar hún hafði lokið stúdentsprófi, ætlaði hún að lesa íslensku við háskólann hjerna, en próf. Björn M. Ólsen fjell þá frá, og hún hafði því minni not af kenslunni en vænta mátti, og var því ráðið til að leggja sig heldur eftir ensku. En þó hún hafi ekki notið nema lítillar íslenskukenslu, þá reyndist hún þó ágætlega við orðabók Sigfúsar Blöndals. Jeg skal enn fremur geta þess, að Böðvar Kristjánsson, sem skólinn því miður misti, hefir gefið henni ágæt meðmæli. Jeg vænti því, að háttv. deild samþykki þessa till. og láti ekki stúdentinn gjalda þess, að hún er ekki á lafafrakka.

Þá ber jeg að síðustu fram brtt. um, að athugasemdin við 16. gr. 17. lið. falli niður. Styrkur sá, sem Búnaðarfjelagi Íslands er veittur, er veittur án allra athugasemda, og er það rjett braut. Fjelagið á að bera fulla ábyrgð á því, hvernig það ver fjenu, og ef því er ekki vel varið, þá á þingið að draga úr fjárveitingunni. Og eins á þetta að vera um Fiskifjelagið. Eins og athugasemdin er, þá lítur næstum svo út, eins og við sjeum að skipa Fiskifjelaginu að senda sendimann til útlanda, en jeg tel ekki rjett, að þingið taki á sig ábyrgð þess. Gagn það, er fulltrúar vorir hafa unnið, hefir verið mjög misjafnt, og víst, að sumir þeirra hafa ekki skilið, hver ábyrgð fylgir starfi þeirra; við höfum víst allir heyrt ljótar sögur, er sýna það, svo það er ekki hægt að segja annað en okkur hafi verið mislagðar hendur. Þegar ríkið er orðið fullvalda, en ekki „fullvalt", eins og sumir orða það, þá verðum við betur að vanda valið.

Að því er snertir fulltrúa Fiskifjelagsins, þá eru deildar skoðanir meðal útgerðarmanna um það, hvort það sje nokkur hagur að sendiför hans, og því fremur eiga þeir að fá að ráða því sjálfir.

Mig stórfurðar á þessari upphæð, sem er færð við kensluna á Ísafirði. Þessi upphæð, 500 kr., er hin sama og fyrir stríðið, og það er ekki nema mánaðarkaup fyrir mann, sem væntanlega yrði að fá hjeðan frá Reykjavík. Er þetta smánarboð.

En jeg vil hvorki, að Fiskifjelaginu sje bannað að senda mann utan, nje að veita sæmilegt fje til kenslunnar á Ísafirði, heldur vil jeg, að það sje látið einrátt um það.

Jeg vænti því, að háttv. deild taki brtt. vel.

Kristinn Daníelsson: Jeg á brtt. á þgskj. 935, er jeg vona að allir háttv. þingmenn geti samþykt, enda háttv. framsm. (E. P.) fremur mælt með henni, og ekki til mikils mælst. Hjer á í hlut gamall og góðkunnur fræðimaður, Sighvatur Gr. Borgfirðingur, og hækkunin, sem farið er fram á, er örlítil. Hann hefir altaf átt að búa við fátækt, en hefir með lífi og sál stundað íslensk fræði og ritað afarmikið. Hann er nú orðinn hniginn að aldri og ófær til vinnu, en samt er hann enn altaf síritandi. Jeg vænti, að þessi litla tillaga verði samþykt.

Jeg hefði hug til að ræða fleiri brtt., en vegna þess, að jeg vil spara tíma háttv. deildar, vil jeg að eins drepa á örfáar.

Jeg vil styðja till. nefndarinnar um að veita skólanum í Bergstaðastræti styrk.

Á síðasta þingi var skólanum synjað um lítilfjörlegan styrk, en þrátt fyrir það hefir hann haldið áfram, og er það ljóst dæmi þess, að hann hefir verk að vinna. Það er og viðurkent, að hann hefir góða kennara. Jeg mæli því með till. nefndarinnar.

Þá er till. á þgskj. 933, um styrkinn til ungfrú Önnu Bjarnadóttur. Eins og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir skýrt frá, þá hefir hún óvenjulega góða vitnisburði, en þar sem hún ætlar til Englands til náms, þá getur hún ekki vænst styrks annarsstaðar frá en frá þinginu. Jeg vona, að menn láti hana ekki gjalda þess, þótt aðrir stúdentar hafi ekki fengið áheyrn. En í sambandi við þetta vil jeg minnast á þá stúdenta, er sigla til Kaupmannahafnar, til að nema fræðigreinar, sem ekki eru kendar hjer. Þeir, sem nú hafa farið utan í þessum erindum, hafa verið að senda símskeyti hingað heim og vonast eftir að fá styrk, en svarið hlýtur að verða nei, og afleiðing mun verða sú, að einhverjir þeirra verði að hverfa aftur heim frá náminu. Jeg vil ekki tala mikið um þetta, því jeg á hjer sjálfur hlut að máli, því einn þessara nemenda er sonur minn. Ef svo hefði ekki verið, hefði jeg flutt tillögu um þetta og reynt að fá aðra háttv. þingm. í lið með mjer.

Fjárveitinganefnd hefir ekki talið sjer fært að sinna þessari málaleitan, en hvernig á þá að ráða fram úr því, svo ekki stefni til afturfarar í vísindum vorum Íslendinga? Mjer hefði þótt vænt um það, ef háttv. nefnd hefði viljað segja eitthvað um þetta í áliti sínu, en eftir því, sem jeg hefi litið til, hefir hvorki fjárveitinganefndin hjer í háttv. deild eða í Nd. gert það.

Við vitum það, að fátækir nemendur hjeðan að heiman hafa brotist áfram með Garðsstyrknum, og sumir þeirra hafa síðar orðið góðir vísindamenn og unnið landi sínu og sjer sjálfum sóma.

Eftirleiðis fá íslenskir stúdentar Garðstyrk eftir sömu reglu og danskir stúdentar, svo að minsta kosti fyrst í stað, meðan hann ekki kemur til greina, er nauðsynlegt að styrkja þá til námsins. Að vísu er það ekki afskorið í stofnskrá sáttmálasjóðs háskólans, að hann geti styrkt þá eitthvað, en hann hefir svo margra annara verkefna að gæta, að það verður ónóg, og þarf því um það að bæta.

En þetta er mesta alvörumál. Því þetta gæti stefnt að því, að hnigna vísindaiðkunum Íslendinga. Og þetta er sjerstaklega alvörumál af því, að háskólinn sjálfur á enn þá enga slíka menn. En það er nauðsynlegt að eiga stofn fræði- og vísindamanna, sem færir eru um að standa í þeim stöðum, sem háskólinn útheimtir, en hins vegar vafasamt, að sá stofn sje til nú, jafnvel þó að eins sje litið á háskólann eins og hann er nú.

Jeg bendi að eins á þetta af því, að mjer virðist hið háa Alþingi ekki hafa brotið þetta nægilega til mergjar.

En hvað svo sem þessu líður, þá vona jeg, að þessi nemandi, sem hjer er um að ræða, verði ekki látinn gjalda þessara misfellna. Það stendur líka öðruvísi á með hana, enda vona jeg, að styrkurinn til hennar verði samþyktur.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins minnast örlítið á nokkrar brtt.

Sjálfur á jeg brtt. á þgskj. 943, um það, að hækka styrkinn til leikfjelagsins upp í 2000 kr. á ári. Að vísu heyrir þetta ekki sjerstaklega undir mína deild, en jeg hefi hins vegar talað um það við forsætisráðherrann, og er hann þessu samþykkur. Engum dylst það, að leikfjelagið hefir unnið mikið starf í þessu landi, og viðfangsefni þess hafa mörg verið merkileg. Og aðallega hafa starfað við það áhugamenn, sem bæði hafa haft fullan vilja, og margir getu, til þess að sýna verulega

list. En þeir hafa ekki gert það af fjárhagsástæðum, því ágóðinn hefir oftast verið rýr, og stundum enginn. En starf fjelagsins er áreiðanlega orðinn drjúgur þáttur í menningu þjóðarinnar.

Upphaf þessa máls er reyndar í háttv. Nd. Þar kom fram tillaga um það, að veita fjelaginu 10 þús. kr. til að byggja skúr til geymslu fyrir áhöld sín og tæki, þar sem það heldur nú ekki lengur fyrra húsnæði sínu. En þetta var felt. En til þess að bæta dálítið úr þessu er mín till. fram komin. Þá ætti fjelagið að geta fengið leigða geymslu, og því þar með bjargað við, að áhöld þess yrðu fyrir skemdum, og orðið til þess, að leikið yrði í vetur.

Jeg hefi átt tal um þetta við framkvæmdarstjóra fjelagsins, og hjelt hann, að fjelagið gæti haldið áfram starfi sínu fyrir þennan styrk. En það væri illa farið, ef starf þess fjelli niður, en í staðinn kæmu skrípaleikir, sem dregið geta fje, en hefðu ekkert listagildi.

Jeg vona svo, að háttv. deild geti fallist á styrkveitinguna.

Þá er brtt. á þgskj. 942. Jeg geri að vísu ráð fyrir því, að forlög þessarar tillögu sjeu vís, þar sem öll fjárveitinganefnd er einhuga um að fella hana, og er það vel. Þarna er sem sagt um það að ræða að fella niður 1200 kr. til Bjarna Jónssonar frá Vogi til að þýða Faust.

Eins og allir vita, er Faust hið mesta snildarverk, en engum nema snillingum fært að þýða það á íslenska tungu, svo að bókmentalegt gildi hins ódauðlega verks rýrni ekki stórum í þýðingunni. En um það mun mönnum koma saman, að Bjarni Jónsson sje snjallastur þýðari á þessu landi. Jeg er þessu má ske kunnugri en flestir aðrir. Jeg hefi heyrt hann lesa upp ýmsa kafla úr þýðingunni, og eru þeir afbragð.

Loks kemur þá till. háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um sendiherrann eða ríkisfulltrúann.

Ástæðurnar, sem háttv. þm. (M. T.) færði fyrir þessari tillögu sinni, voru, að mjer virtist, nokkuð óljósar. Aðallega virtist hann þó stefna að því, að landið væri of fátækt, staðan of virðuleg fyrir Íslendinga, enda vantaði okkur reynslu.

Að því er fyrstu ástæðuna snertir, hefir háttv. þm. (M. T.) hrakið hana sjálfur, þar sem hann ætlar ríkisfulltrúa sínum sömu laun og aðrir ætla sendiherranum. Það er þess vegna ekki fjárhagssparnaður að nafnabreytingunni.

En að því er hinar ástæðurnar snertir, þá er það að vísu satt, að hjer er ekki til nein sjerstök „diplomata"-stjett, sem æfingu hafi í þessum störfum En einhvern tíma verður hún að koma, og einhvern veginn verður hún að skapast — og hvar eða hve nær er tækifæri til þessa, ef ekki einmitt nú?

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að utanríkisráðherrarnir dönsku hefðu ávalt verið ríkir menn. Jeg veit ekki neitt um, hvað er satt í þessu, skal hvorki staðfesta það eða rengja það, en öllum mun ljóst að utanríkisráðherrann danski muni þurfa meira risnufje en sendiherra vor þarf.

Kostnaðarhliðin hefir annars óspart verið dregin fram, einkum í einu blaði hjer, og hefir verið bent á, að sumir sendiherrar hefðu hundruð þúsunda í eyslufje. Getur vel verið, — en hvað kemur það þessu við? Þurfum við að vera að apa eyðslusemi stórþjóðanna? Mjer er kunnugt, að utanríkisráðherra Dana hefir að eins 20 þús. kr. í risnufje, en af því ætti að mega ráða það, að íslenski sendiherrann muni ekki þurfa risnufje svo skifti hundruðum þúsunda.

Þá hefir það verið undirstrikað mjög, ekki síst í einu blaði hjer, sem tekið hefir það á stefnuskrá sína að berjast á móti sendiherranum — að þeir væru úreltir og að leggjast niður, að þeir væru tildur og barnaglingur o. fl. slíkt. En eftir því, sem jeg veit best, er langt frá því, að svo sje.

Það er þvert á móti svo, að aðrar þjóðir vanda nú meira valið á sendiherrum sínum en nokkru sinni áður. Jeg vil þar t. d. nefna það, að Bretar hafa nú sent Grey, fyrverandi utanríkisráðherra sinn, til Bandaríkjanna. Sömuleiðis veit jeg ekki betur en að Þjóðverjar sjeu nú sem óðast að reyna að koma sendimönnum sínum, sem víðast.

Enn fremur vil jeg benda á og undirstrika eitt atriði í þessu máli. Þegar sambandsmálið var hjer til meðferðar síðast, fundust mönnum sjerstaklega gallaðar tvær greinar, 6. og 7. gr. Óánægjan út af annari greininni var af því sprottin, að við tækjum ekki utanríkismálin í okkar hendur undir eins, heldur færi sambandsþjóðin með þau. Og þetta hefir ávalt verið þrá okkar, að hafa einnig þessi mál með höndum. Jeg hefði því búist við því, að það væri ekki ætlunin að sleppa alveg hendinni af þessum málum, þó Danir fari með þau í bili. En það gerum við, að meira eða minna leyti, með því að hafa engan fulltrúa í Danmörku eða sendiherra.

Þá hefir það verið sagt, að litlu máli skifti, hvaða stöðu maðurinn hefði, sem sendur yrði. En þetta er misskilningur. Því ef við förum á annað borð að senda mann og kosta miklu til, virðist rjettara að hafa hafa hann í stöðu, sem gefur fylsta aðgang að þeim mönnum, sem mestu ráða um það, hvernig teningurinn snýst. Hjer heima ættu menn fyrir löngu að vera orðnir sannfærðir um, að vjer sækjum ekki gull í greipar annara þjóða, ef vjer náum ekki tali af öðrum en undirtyllum þeirra.

Ef sendimaðurinn yrði nú kallaður ríkisfulltrúi, þá er mjer spurn: Hverskonar maður er þetta? Eða hvers stands maður er það? Er hann dipomat, eða ekki? Og hvar stendur hann í tröppunni? Því þetta nafn markar nú enga sjerstaka afstöðu. En ef nafnið sendiherra er notað, er fyrirfram víst um, hvað í stöðunni felst.

Jeg átti nýlega tal um þetta við einn mikinn Íslandsvin, og hann fagnaði því hjartanlega, að við hefðum rjett til að senda sendiherra til Danmerkur. Með því sagði hann að við gætum „dokumenterað" sjálfstæði okkar gagnvart heiminum. Benti hann síðan á samband Svía og Norðmanna, en það var þannig, að Norðmenn höfðu ekki „jus legationis", eða sendiherrarjett. Með því að senda sendiherrann er því slegið föstu frammi fyrir heiminum, að samband Íslands og Danmerkur er alt öðruvísi en sambandið var á milli Svía og Norðmanna.

Eitt blaðið hjer hefir hótað því, að það ætli að birta nöfn allra þeirra, sem máli þessu fylgja.

Jeg vona nú, að mitt nafn birtist, og jeg vona, að jeg verði talinn einn af forgöngumönnunum fyrir þessu máli. Mjer þætti *það stór heiður*. Og ef þjóðin væri spurð ráða í þessu efni, efast jeg ekki um, hvernig svarið yrði. Hún mundi heimta sendiherra. Hún mundi sjá þörfina á því, að við undirbyggjum okkur undir það, að taka utanríkismálin í okkar hendur, og hún mundi sjá, að reynsluna og þekkinguna til þess fengjum við með því, að senda sendiherra til Danmerkur.

Hjer er í rauninni verið að greiða atkvæði um stórvægilegt „princip"-mál í sjálfstæðismálum þjóðar vorrar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það sýnist má ske óþarfi að tala meira um mál þetta en orðið er.

Brtt., sem hjer liggur fyrir, fer fram á það eitt, að breyta nafni sendimannsins. Og í rauninni er það undarlegt kapp, sem menn leggja á þessa nafnbreytingu, fyrst menn ætla þá ekki líka að lækka launin. Annars er það í mínum augum aðalgallinn á brtt., að með henni er gert ráð fyrir að stofna stöðu, sem ekki á sjer neinn vissan stað í milliríkjaviðskiftum, hvorki sem „diplomatiskt" nje verslunarembætti. Því í raun og veru er þetta alveg

óþekt starf — eða heiti á starfi — nú orðið. Einhver mundi þá má ske segja, að það gerði lítið til, þó að þetta væri svona. Það er líka satt, að það má senda fulltrúa til að vinna eitthvert ákveðið verk, eða fara með ákveðið erindi, án þess að þetta verði að meini. En þegar maðurinn á að vera milliliður milli stjórna og eiga sæti á einhverjum stað árið um kring, þá þurfa menn að vita, hvar staða hans á heima í þeirri stjett, sem hann skipar.

Jeg álít því rjettast í þessu tilfelli að senda mann, sem hafi „diplomatisk" rjettindi. Jeg held, að öllum hafi þótt vænt um það, þegar Danir sendu hingað „ministerresident", sem er sendiherra, en með lægri launum heldur en t. d. ambassadör eða gesandt. Nú væri það auðvitað óþarfatildur af okkur að fara að senda gesandt eða ambassadör, og við mundum því senda mann með sama titli og Danir sendu hingað. Að minsta kosti mundi mjer ekki detta annað í hug, ef jeg hefði eitthvað með málið að gera.

Ef það er hins vegar svo, að mönnum þyki þetta alt í raun og veru „of fínt" fyrir okkur, þá væri miklu betra að hafa bara „generalkonsul"; það yrði þó ákveðin staða, með ákveðnu verksviði og launum, þar sem ríkisfulltrúi, eða rigskommissær, mun tæplega þekkjast nú á dögum í þessum skilningi.

Þó að sennilega megi segja, að það sje ekki bráðnauðsynlegt, til að sýna þjóðrjettarsamband okkar við Dani, að hafa þar sendiherra, þá verður það ávalt gott og að gagni að hafa þar virðulegt embætti, sem verið geti miðdepill íslensks þjóðernis í Kaupmannahöfn og landar geti treyst á og snúið sjer til ytra.

Jeg skal enn fremur geta þess, að þetta, að nafnið var sett svona, hygg jeg að hafi heldur ýtt undir það, að Danir sendu hingað sendiherra.

En ef það kæmi á daginn, að oss yrði þetta ofviða, þá gætum vjer altaf hætt við það; það er altítt, að sendiherrar eru hafðir að eins um tíma í tilteknu landi. Annars geri jeg ekki ráð fyrir öðru en að sjálfsagt verði talið, að vjer höfum sendiherra framvegis.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi, ásamt öðrum hv. þm., sem nú er ekki viðstaddur, leyft mjer að flytja brtt. á þgskj. 940, um dálítinn styrk handa byggingarfjelagi Reykjavíkur, sem jeg vil gjarnan fara nokkrum orðum um.

Mál þetta lá fyrir Nd., og fjekk þar að mínu áliti allgóðar undirtektir, eftir því því sem ástæður og atvik voru fyrir hendi. Þar var sem sje farið fram á miklu hærri styrk en nú er gert, og er jeg alveg viss um það, að tillagan myndi hafa náð þar fram að ganga, ef hún hefði verið borin fram í þeirri mynd, sem nú er hún í.

Jeg þykist mega fullyrða það, að af öllum örðugleikum, sem stafa af heimsstyrjöldinni, sje húsnæðisskorturinn einna tilfinnanlegastur, sem eðlilegt er, með því að telja má, að algerð kyrstaða hafi verið hjer í húsagerð í nærfelt 5 ár. Það er ekki of mikið sagt, að hjer sjeu hrein vandræði fyrir dyrum að þessu leyti. Um mál þetta hefir allmikið verið rætt og ritað. Út hafa verið gefin ávörp og áskoranir um að leggja nú þau ráð, að bót yrði ráðin á þessum vandræðum. Mjer liggur við að segja, að þetta fyrirkomulag, sem nú hefir verið tekið upp, sje líklega einasta ráðið, eins og ástatt er. Jeg get þess vegna með fullri einurð borið fram þessa tillögu, og lít svo á, að það geti tæplega talist vansalaust þinginu að fella þennan litla styrk. Mönnum kemur víst saman um það, að ekki geti ömurlegra ástand en það að vita ekki, hvar menn eigi höfði að að halla, eða eiga ekkert skýli; en það er víst, að það er mörg fjölskyldan, sem svo er ástatt um, og enn fleiri eru þær fjölskyldur, sem hafa svo ónóg og ill húsakynni, að bæði lífi og heilsu er hætta búin, eins og t. d.

eru kjallaraholur þær, sem menn verða að gera sjer að góðu, þar sem er bæði kalt og fúlt og skortur er á því lífslofti, sem er skilyrði fyrir lífi manna. Þegar svo er ástatt, er það skylda hins opinbera að gera eitthvað í áttina til þess að ráða bót á ástandinu; það ætti að vera bæjarfjelaginu hvatning til að framkvæma eitthvað í þá átt, að bæta úr mestu vandræðunum, ef þingið gengi á undan í því efni.

Það var ekki hægt að fá eindregið samkomulag í nefndinni um það, að hún bæri fram þetta mál. En jeg verð að álíta, að svo hafi staðið, að varla sje um meiri eða minni hluta að ræða. En af því að hv. frsm. (E. P.) vjek að þessari till. sem þingmaður, þótt ekki gerði hann það beinlínis sem nefndarmaður, þá skal jeg stuttlega drepa á ástæður þær, sem hann færði á móti till.

Aðalástæða hans var sú, að ef gengið væri inn á þessa braut, þá væri ilt að sjá, hvar hún tæki enda. Það virtist vaka fyrir hinum hv. þm., að þetta myndi verða til þess að baka landinu stór útgjöld, t. d. þannig, að aðrir kaupstaðir landsins kæmu á eftir og bæðu um styrk í sama skyni. Jeg hygg nú, að ekki þurfi að óttast, að þetta komi fyrir, nema meðan verið er að bæta úr þessu ástandi, sem stafar af óviðráðanlegum orsökum. En mjer er næst að halda, að slíkur fjelagsskapur sem þessi muni varla verða stofnaður mjög víða utan Rvíkur; frsm. (E. P.) þarf því ekki að vera mjög órólegur. Enda þótt það kæmi fyrir, teldi jeg það langt frá því varhugavert; tel það fremur æskilegt, því að jeg álít það ómetanlegt gagn, ef hægt væri að bæta svo, mjög bráðlega, húsakynni manna, að þeim stafi ekki beinn háski af.

Þá gerði hv. 1. þm. Rang. (E. P.) talsvert úr því, að þetta gengi í þá átt, að draga fólkið úr sveitunum í kaupstaðina. Þessi orð hafa oft heyrst hjer í þingsalnum, og mjer finst þau heldur vandræðaleg. En jeg geri ekki ráð fyrir, að það sje tilætlunin, eða æskilegt, að hagur fjölda manna í bæjum og kauptúnum sje til lengdar svo bágborinn, að þeir verði neyddir til að leita á náðir stórbænda og selja þeim sjálfdæmi hvað snertir kaup og allan annan viðurgerning. Undanfarandi reynsla hefir sýnt, að kjör vinnulýðs standa ekki ætíð í rjettu hlutfalli við það gagn, sem hann hefir unnið húsbændunum. Jeg er ekki sannfærður um, að bændum þyki svo eftirsóknarvert að taka margar fjölskyldur, með mörgum ungum börnum, sem illa stendur á fyrir vegna slæmrar aðbúðar. Nei, það er hvorki rjett nje viðeigandi að bera þetta fram sem aðalástæðu. En hitt er eðlilegt og sjálfsagt, að löggjafarvaldið reyni að stuðla að því eftir megni, að sveitaheimilin sjeu þannig úr garði gerð, að fólkið sækist eftir að ráða sig þar og ílengjast þar. Það er það rjetta, en ekki það, að þröngva svo kostum manna, að þeir neyðist til þess. Jeg sje raunar ekki betur en að stefna Alþingis hafi verið sú, að stuðla að því, að fólkið ílengdist í sveitunum. Í hverjum fjárlögum hafa verið einhverjar upphæðir, sem miðað hafa í þá átt. Enn fremur leggur landið fram fje til byggingafróðs manns, til að leiðbeina mönnum í sveitum við húsagerð o. fl.

Jeg vildi, að stefnan yrði sú, að gert væri mikið meira fyrir sveitirnar en gert hefir verið hingað til, svo að fólkið flyttist þangað af frjálsum vilja.

Að því ætti að stefna, en gæta þess jafnframt, að enn sem stendur er enginn veg ur til þess, að það geti tekist, nema að bæta svo húsakynnin, að þau verði sæmilegir mannabústaðir.

Fjelag eitt hefir nú ráðist í það, af veikum mætti, að bæta úr bráðustu húsnæðisþörf efnalítilla manna hjer í bænum. Byggingin kostar líklega um 100—120 þús. kr.; liggja hjer fyrir uppdrættir að húsinu og lög fjelagsins. Hjer er ekki gert ráð fyrir húsum, sem braska á með, eða

ganga eiga kaupum og sölum, heldur eru hjer efnalitlir menn að bindast samtökum um að byggja skýli yfir sig og sína, þar sem þeir geta hafst við nokkurn veginn óáreittir og trygt svo framtíð sína og sinna. Þetta er spor í framfaraáttina, og Alþingi illa sæmandi að bregðast ekki vel við þessu. Jeg lít svo á, að Ed. hafi haft sóma af sínum gerðum, bæði hvað snertir fjárlögin og önnur mál, og tel jeg valda nokkru um, hvort það álit helst, hvernig hv. deild snýst í þessu máli.

Jeg var satt að segja óánægður yfir því, að styrkurinn til Flugfjelagsins var feldur, því að jeg álít slæmt, að hv. deild geri nokkuð það, sem orðið getur til þess, að sá afturhaldsstimpill, sem svo mörgum er ant um að klína á hana, festist við hana. Jeg vil, að hv. deild varist að gefa tilefni til þess, að slík ummæli hafi við rök að styðjast.

Það þýðir svo ekki að fara meira út í þetta mál; vænti þess, að hv. þm. Vestm. (K. E.) leggi orð í belg, ef honum finst eitthvað vanta, máli mínu til stuðnings.

Fer jeg svo ekki meira út í till. að sinni, og mun reyna að komast hjá að tala um hana frekar, en farið getur svo, að jeg verði neyddur til þess, og mun jeg þá aftur biðja mjer hljóðs.

Karl Einarsson: Jeg á brtt. 939. Það var ákveðið með auglýsingu 19 maí '16, að halda skyldi uppi sóttvörnum, til þess að mislingar bærust ekki til Vestmannaeyja. Þetta var gert af stjórninni eftir tillögum sveitarstjórnar Vestmannaeyja. Sóttvörnum þessum var haldið uppi til 8. maí '17, og stóðu þær því næstum 8 mánuði. Kostnaðurinn við þær var tæpar 7000 kr. Stjórninni fanst kostnaðurinn verða nokkuð mikill, og hefir ekki verið borgað úr landssjóði nema tæpar 2700 kr.; hitt hefir sýslan borgað til bráðabirgða, og hefir mjer verið falið að fá það endurgoldið. Til þessa hefir sýslan fengið 4000 kr. lán; hitt hefir verið goldið úr sýslusjóði. Stjórnin taldi sjer ekki fært að greiða allan kostnaðinn, og auglýsti því, að þeir, sem vildu flytjast inn í plássið og ekkert vottorð hefðu, yrðu einangraðir á eigin kostnað. Þetta var gert fyrst í stað, en þegar leið að hausti, var það ómögulegt; fólkið var fátækt og gat ekki borgað sjálft gjaldið, sem nam 100 kr. pro. pers. Hættan var minni, og þau húsin, sem veikin hafði verið í, voru einangruð, og átti það ekki að greiðast af húsbændunum sjálfum. Þetta hefir ekki verið athugað nógu vel. Jeg átti tal við stjórnina í gær, og sagði hæstv. forsætisráðherra, að þingið tæki ákvörðun um þetta, og sagði jeg mætti lýsa yfir því, að hann hefði ekkert við það að athuga. Ef þingið sjer sjer ekki fært að endurgjalda þetta úr landssjóði, verður að fara að rekast í að innheimta kostnaðinn hjá einstökum mönnum, sem að mestu leyti eru fátæklingar, og verður það ekki greiður aðgangur. Enda ekki ástæða til þess, þar sem það liggur í augum uppi að landssjóður á að borga þetta.

Þar sem enginn hefir haft neitt fram að færa móti till., vona jeg, að hv. deild sjái sjer fært að samþ. hana.

Jeg var meðflutningsmaður að till. um að styrkja fátækari borgara í Reykjavík til að byggja — í byrjun, og ef til vill áfram. — En jeg geng þess ekki dulinn, að það leiðir til þess, að aðrir kaupstaðir koma á eftir með líkar fjárbænir. Það margborgar sig óbeinlínis, ef ekki beinlínis, fyrir landsstjórnina, þó það um leið bindi henni bagga, að veita fje til slíkra fyrirtækja. Því þetta fólk hefir ónógan aðbúnað og heilsuspillandi húsakynni. Jeg geri ráð fyrir, að fjelagið bæti eigi að eins úr því með því að byggja sjálft, heldur muni það einnig hafa í hyggju að koma

betra skipulagi á bústaði manna og leiðbeina mönnum í þeim efnum.

Hjer er brtt. frá hv. þm. Ísaf. (M T.) við 10. gr. fjárlaganna., sem búið er að tala um. Mig undrar mjög, að sú till. skuli koma frá þeim hv. þm. Hann tók fram rjettilega í fyrra, er sambandslögin voru á ferðinni, að það væri stór galli á þeim lögum, að við færum ekki að fullu með utanríkismál okkar, og Danir hefðu sama rjett á þessu landi eins og við. Jeg ætla ekki að fara út í sambandlögin, því þess er engin þörf, að eins taka það fram, að mig furðar — og veit jeg ekki með vissu hver meiningin er — að brtt. þessi skuli vera komin frá hv. þm. Ísaf. (M. T.), eftir þeirri skoðun, sem þessi hv. þm. hefir áður látið í ljós, að við ættum rjett á að fara með utanríkismál okkar, og eftir þeim áhuga, sem hann hefir sýnt fyrir málinu

Þetta er fyrsta ráðið til að sýna og sanna, að við eigum rjettinn, en ekki aðrir. Við ættum ekki að eins að hafa sendiherra í Danmörku, heldur og með öðrum þjóðum. Því ekki að eins dönsk ríkisvöld, heldur og ríkisvöld annara ríkja í Kaupmannahöfn, ættu að hafa samneyti og viðskifti við þennan mann. Hann verður að geta heimtað og gefið „audiens", og þarf því að hafa þessa tign. — Jeg er hissa, að hv. þm. (M. T.) skuli kalla það barnaglingur og fordild, og hann skuli heldur vilja senda mann, sem hvorki hefir vald nje umboð, til að hafa á hendi framkvæmdir eftir eigin vild. Sá maður myndi ekki þurfa nema smáskrifstofu til að tala við menn í, sem til hans myndu koma. Og þessum manni ætti að veita 28000 kr. Þessu hefir þegar verið svarað af hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) og hæstv. forsætisráðh. (J. M.), svo jeg mun ekki talar frekar um það. Býst við, að hv. deild samþ. ekki þetta barnaglingur, sem hjer liggur fyrir.

Magnús Torfason: Jeg skal reyna að taka saman, að svo miklu leyti jeg get, andmæli þau, sem komið hafa gegn till. minni, og svara þeim.

Í fyrsta lagi á sendiherrann í Danmörku að vera auglýsing á fullveldi voru. Jeg lít svo á, að við þurfum ekki að gera það með neinu prjáli, og slíkt mundi ekki stoða okkur. Jeg man í fyrra, að þegar fjálgleikinn var mestur yfir sambandslögunum, þá átti að fara að krýna konung vorn í dómkirkjunni í Reykjavík og kaupa kórónu fyrir miljón króna, til þess að sýna fullveldi vort. Veit, að líka átti að fara að skapa tignarmerki fyrir landið, til að sýna fullveldi þjóðarinnar. Slíkt prjál er verra en ekki, og eykur síst veg vorn og virðingu. Fullveldi vort er og þegar auglýst. Konungur vor hefir gert það svo eftirminnilega, að það verður ekki betur gert, og frændur vorir, Norðmenn og Svíar, hafa viðurkent það, og munu ábyggilega gera sitt til að auglýsa það betur, ef þess þyrfti með.

Annað, sem við eigum að vinna með þessari sendiherratign, er það, að slá því föstu, að við eigum sendiherrarjett, og auglýsa hann. En svo er nú komið málum okkar, að við þurfum alls ekki að slá þessum rjetti okkar föstum gagnvart Dönum; því í stjórnarfrv. var orðið sendiherra notað, og var það þannig lagt fram í ríkisráðinu, og lagði konungur þar samþykki á það fyrir sitt leyti. Á sama hátt var það lagt fyrir lögjöfnunarnefnd, og hafa, mjer vitanlega, engin mótmæli komið fram gegn því þar. Og hvað sjálfum okkur viðvíkur, þá erum við í engum vafa um það, að við eigum þennan rjett.

En þá kem jeg að þeirri ástæðu, sem er veigamest, og hún er sú, að þó við höldum þessari tign á sendimanni okkar í Danmörku, nær það alls ekki tilgangi sínum. Ef við eigum að auglýsa sendiherrarjett okkar, verðum við að senda sendiherra til allra annara ríkja en Danmerkur, t. d. til Montenegro, og er jeg viss um, að eftir

því myndi verða tekið og það ekki gleymast í sögu „diplomatisins".

Erindreki okkar í Danmörku verður ekki einfaldur, heldur tvöfaldur — tvíeinn — (*Fjármálaráðh.*: Tvíeinn?) Já! tvíeinn. — Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hefir ef til vill einhvern tíma heyrt nefnt orðið *þríeinn*. — Hann verður tvíeinn, eins og konungur Íslendinga og Dana er tvíeinn.

Vegna þess, að við höfum sama konung og Danir, verður aðstaða erindreka okkar tvöföld. Hann verður trúnaðarmaður stjórnarinnar gagnvart Íslandskonungi og þess vegna er ómögulegt að skoða hann sem sendiherra. Þá verður hann og hins vegar málsvari okkar gagnvart dönsku stjórninni og útlendum sendimönnum. Af þessum ástæðum verður stöðu hans alt öðruvísi háttað en stöðu annara sendiherra.

Jeg játa, að jeg er enginn sjerfræðingur í diplomatiskum fræðum — hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) er mjer að sjálfsögðu miklu vitrari í þeim greinum — en jeg veit ekki til, að nokkur þjóð hafi sendiherra hjá sínum eigin konungi.

Á meðan Noregur og Svíþjóð voru í bandalagi hafði Noregur ekki sendiherra í Svíþjóð, heldur svo kallað ríkisráð (Statsraad). Ekki hafði heldur Ungverjaland sendiherra hjá Austurríkiskeisara í Wien.

Þess vegna álít jeg best og rjettast, að staða erindrekans — ef nota má gamla nafnið án þess það valdi hneyksli — sje óákveðin, og sje jeg þá ekkert á móti því, að tekið sje upp nafn það, sem ríkin nú eru að gefa sendimönnum sínum, og hann kallaður ríkisfulltrúi.

Titillinn gerir ekkert. — Jeg get minst á einn mann, sem hvert mannsbarn þekkir, og komst allra sinna ferða, þótt hann hefði engan titil, Benjamín Franklín. Hann var umboðsmaður ameríkönsku nýlendnanna og hafði að eins einfalt umboð þeirra, og dvaldi þó við hirð Loðvíks XVI. Frakkakonungs, en þá var tildrið mest.

Vi vitum allir, hvernig honum tókst að reka erindi sitt, og mundum himinglaðir, ef okkar manni tækist jafnvel.

Mjer þykir meira en merkilegt, að ekki skuli hafa verið drepið á þessa tvöföldu aðstöðu, og á bágt með að trúa, að það sje af eintómri gleymsku.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) var að jafna okkur til Englendinga. — Hann hefir brugðið mjer um barnaskap, og vel má vera, að jeg sje snoðinn, en þetta held jeg að sje ekki öllu minni barnaskapur.

Með þessu þykist jeg hafa svarað andmælum hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) og hæstv. forsætisráðh. (J. M.) Það, sem gerði það að verkum, að jeg er ekki alveg viss um, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sje svo fastur í rásinni, eru ummæli hans um það, að ef okkur reynist ofbyrði að hafa sendiherra, gætum við dregið saman seglin. En jeg er þeirrar skoðunar, að skemtilegra sje að fara smátt af stað, og færa sig svo heldur upp á skaftið.

Jeg held, að best sje fyrir okkur, að brjóta bág við allar gamlar stjórnarvenjur, sem eru nú að leggjast niður, og sleppa öllu titlatogi. — Sendimaðurinn okkar hefir alveg sjerstaka aðstöðu. — Haldi hann trausti okkar og hylli konungs, hefir hann betri aðstöðu en sendiherra nokkurs annars ríkis, og þá er okkar hag fyllilega borgið.

Svo er líka eitt í þessu máli, sem ekki má ganga fram hjá. — Jeg óska ekki, að þessi fulltrúi okkar verði svo hár í lofti, að Íslendingar hafi ekki einurð á að snúa sjer til hans. — Okkur mun hollast, og þjóðin á að krefjast, að hann hjálpi okkur á öllum sviðum.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sagði, að með þessu værum við að sleppa tökum á utanríkismálunum. — En þessi ummæli

hafa ekki við nein rök að styðjast, því titillinn þokar engu um. — Hann bætir ekki hársbreidd við þennan fulltrúa okkar.

Loks vil jeg minna hv. deild á það, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hefir látið ósvarað spurningunni um það, hvort nokkurt ríki á borð við okkur hafi haft slíkan sendiherra.

Hv. þm. Vestm. (K. E.) er svarað með þessu, en þann hv. þm. vil jeg láta vita það, að mál þetta kemur ekkert við afstöðu minni til utanríkismálanna í sambandslagadeilunni.

Jeg þykist hafa sýnt það, að jeg vil engu síður en hann, hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), og aðrir fullveldismenn, halda fullum rjetti okkar, og þykist ekki hafa verðskulað nokkrar getsakir með framkomu minni.

Svo var að skilja á orðum hv. þm Vestm. (K. E.), að það væru ekki aðrir en hátignir menn, sem gætu veitt mönnum áheyrn eða fengið áheyrn sendiherra annara ríkja. En hv. þm. verður að gæta þess, að ástandið er orðið breytt í heiminum, og eigum við breyttu ástandi hvað mest að þakka, hvernig komið er fullveldismálum okkar.

Svo vil jeg minna á það, að þegar fulltrúar annara þjóða vildu koma einhverju fram í Danmörku, sneru þeir sjer til formanns fjárveitinganefndar, og hafði hann þó engan titil, en var óbreyttur borgari eins og við. Þetta sýnir, að það eru ekki titlarnir, sem hafa mest að segja. Manngildið er og verður drýgst á metaskálunum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum til að svara þeirri löngu ræðu, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir nú haldið.

Hann var að minnast á það í sambandi við tildrið, að menn hefðu viljað krýna konunginn hjer í dómkirkjunni. Þetta hefi jeg ekki heyrt nefnt fyr, og þarf því ekki að svara því.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) var að tala um það, að Norðmenn og Svíar hefðu viðurkent fullveldi okkar. Það er rjett, að þessar þjóðir eru okkur mjög vinveittar, en engir hafa þó viðurkent fullveldi okkar betur en Danir, sem bæði hafa sent hingað sendiherra, og auk þess látið herskip heilsa fána okkar.

Norðmenn og Svíar hafa að vísu sent hingað generalkonsúla, en þeir tilheyra ekki diplomataröðinni, og vera þeirra hjer því engin sönnun fyrir fullveldi okkar.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) talaði um það, að aðstaða sendiherra okkar í Danmörku væri önnur en annara sendiherra. — Hann væri „tvíeinn", eins og hann komst að orði. Jeg skildi ekki hvað hann meinti með þessu, en í sambandi við það mintist hann á, að Norðmenn hefðu ekki haft sendiherra í Svíþjóð á „unions"-tímunum. En ástæðan til þess er sú, að Norðmenn höfðu þá ekki sendiherrarjett (jus legationis). Þess vegna var það, að einn sænskur vinur okkar fagnaði yfir því, að við skyldum hafa þann rjett, sem frændur okkar Norðmenn þráðu svo mjög á þeim tímum, en gátu ekki fengið.

Einmitt það, að við höfum þennan rjett, en Noregur hafði hann ekki, sýnir, að aðstaða Íslands til Danmerkur er önnur og betri en aðstaða Noregs var til Svíþjóðar.

Konungur vor hefði að sjálfsögðu, er fjárlagafrumvarpið var borið upp fyrir honum í ríkisráði, ekkert við sendiherrann að athuga, og auðvitað gerði íslensk-danska nefndin ekki heldur athugasemd um hann, en þrátt fyrir það veit heimurinn ekki af þessum rjetti vorum fyr en vjer sendum sendiherra á einhvern þann stað, þar sem stórveldin hafa sendimenn sína, eins og t. d. til Danmerkur.

Nú er það og svo, að þótt við höfum þennan rjett, höfum við gefið Dönum umboð til að fara með hann, innan takmarka 7. gr. sambandslaganna. Nú er það vitan-

legt, að Danir geta ekki farið með þetta umboð okkar gagnvart sjálfum sjer, og er því nauðsynlegt fyrir okkur að „documentera" sem skýrast, að Danir sjeu að eins umboðsmenn okkar, en það gerum við best með því, að hafa þar mann, sem ber sendiherratign.

Hv. þm. Ísaf. (M T.) hefir ekki getað sagt, hvað leggjast eigi inn í ríkisfulltrúastöðuna. Ef því hv. Alþingi felst á hana, verður það að skýra, hvað í henni felst.

En eins og bæði hæstv. forsætisráðh. (J. M.) og jeg höfum tekið fram, er ekki rjett að gefa sendimanninum nafn, sem enginn veit hvað hann á að leggja inn í.

Starfsviði sendiherra er aftur á móti slegið föstu með alþjóðavenju.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) lagði áherslu á, að það hefði enga þýðingu fyrir starf mannsins, hvað staða hans væri kölluð. — En allir hljóta að sjá, að það hefir afarmikla þýðingu að hafa aðgang að þeim mönnum, er mestu ráða, og hefir staðan afarmikið að segja í því efni.

Dæmið um Franklín var úti á þekju. Við og við rísa upp svo miklir menn, að ekki er hægt að mæla þá á neinum venjulegum mælikvarða. Og Franklín var einn af þeim mönnum.

Það er eitt í þessu máli, sem jeg hefi ekki getað skilið og á erfitt með að skilja, og það er, hvernig á því stendur, að þingið skuli vera að hika við að skapa þessum sendimanni okkar sem greiðastan aðgang til að sjá málum okkar borgið, þegar það kostar engin aukin fjárútlát.

Mjer er ómögulegt að skilja greinar þær, er „Tíminn" hefir flutt um þetta efni. Það hefir verið ein heitasta ósk þessarar þjóðar að geta farið sjálf með utanríkismál sín. Og þegar loks sá tími er kominn, að við erum búnir að fá opinn aðgang að því, er reynt að loka þessu hliði.

Við höfum gefið annari þjóð umboð til þess að fara með þessi mál, og verðum við því að hafa sem bestar gætur á því, að vel sje farið með þetta umboð, auk þess, sem jeg tel sjálfsagt, að við tökum þau sem fyrst í okkar hendur.

Vona jeg svo, að brtt. hv. þm. Ísaf. (M. T.) verði feld. Að öðrum kosti er stigið stórt spor í áttina til þess, að leiða mál þessi sem mest hjá sjer.

Halldór Steinsson: Jeg hefi komið fram með 2 brtt.

Aðra þeirra hefi jeg flutt ásamt hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.). Þess efnis, að styrkurinn dr. Helga Pjeturssonar verði hækkaður upp í 4000 þús. kr. hvort árið, í stað 4000 kr. fyrra árið, en 2500 síðara, eins og hv. fjárveitinganefnd hefir lagt til. Um þessa brtt. vísa jeg til þess, er jeg sagði um þennan lið við 2. umr. — Að eins skal jeg geta þess, að hv. meðflutningsmaður minn (S. F.) vildi hafa styrkinn nokkru hærri fyrra árið, með tilliti til þess, að maður þessi er nú að leita sjer lækninga, en jeg get alls ekki fallist á það, að skoða styrk þennan, sem sjúkrastyrk, en álít, að honum sje varið til vísindalegra þarfa. — Með þessu er einnig komið á samræmi milli þessa styrks og styrksins til dr. Helga Jónssonar. Hafa þeir oft verið jafnir áður, og sje jeg ekki annað en sanngjarnt sje, að þeir sjeu það einnig í þetta sinn

Hin brtt. er við 14. gr., og þar farið fram á, að aðstoðarlækninum á Ísafirði sjeu veitt 4000 kr. laun á ári, í stað 2000, eins og nefndin hefir lagt til.

Þegar launalagafrv. var síðast til umr. hjer í deildinni, kom brtt. frá hv. þm. Ak. (M. K.) um að fella aðstoðarlækninn á Ísafirði burt úr frv.

Launamálanefnd gekk í heild sinni inn á brtt. þessa, með því skilyrði, að viðkomandi manni yrði veittur svipaður styrkur í fjárlögunum, svo hann misti lítils eða

einskis í við að vera tekinn út úr launafrv. Þetta var skýrt tekið fram, bæði af flm. brtt. og frsm. launanefndar.

Hefði því mátt búast við, að hv. fjárveitinganefnd hefði tekið tillit til þessara yfirlýsinga, en það hefir hún alls ekki gert, þar sem hún leggur til, að manni þessum verði að eins veittar 2000 kr. á ári í viðbót við þær 800 kr. er hann hafði áður. En það er 3600 kr. minna á ári en hann hefði haft, ef hann hefði staðið í launalögunum, svo sem upphaflega var.

Samkvæmt launalögunum átti hann að hafa 2500 kr. í byrjunarlaun, er færu hækkandi upp í 3500 kr., og þar sem hann hefir nú þegar þjónað embætti þessu í 12 ár, hefði hann haft 3200 kr., og ef dýrtíðaruppbót er reiknuð 100%, hefðu laun hans orðið 6400 kr.

En það er ekki nóg með það, að honum hafi verið varpað burt af launalögunum heldur útiloka launlögin, að hann fái dýrtíðaruppbót af þeim 800 kr. styrk, sem hann hafði.

Er hróplegt ranglæti að taka svona einn mann út úr heilli stjett og borga honum miklu minni laun en öllum öðrum stjettarbræðrum hans.

Í þessu sambandi tjáir ekkert að koma fram með það, að þessi starfi sje óþarfur, því meðan hann er ekki lagður niður hvílir sú skylda á ríkinu að sjá manni þeim, er hefir hann á hendi, fyrir tiltölulega svipuðum launum og öðrum sem slíkt starf hafa á hendi.

Hv. frsm. (E. P.) var að minnast á það, að læknir þessi gæti sótt í önnur hjeruð. Það getur hann, ef hann vill. — En jeg tel ósamboðið þinginu að ætla að neyða hann til þess, með því að setja hann á sultarlaun. Auk þess er mjer kunnugt um, að heilsu hans er þannig varið, að hann myndi ekki þola að vera í erfiðu læknishjeraði.

Loks má geta þess, að hann væri sjálfsagt fyrir löngu farinn frá þessu starfi, ef hann hefði ekki gert sjer von um, og það ekki að ástæðulausu, að fá veitingu fyrir hjeraðslæknisembættinu þar, þegar það losnaði síðast. — En við höfum nú sjeð, hvernig sú von hefir ræst.

Jeg hefi ekki sjeð mjer fært að fara lengra en að manni þessum verði veittar 4000 kr. á ári, vegna undirtekta hv. fjárveitinganefndar, en af því leiðir, að þrátt fyrir þessa hækkun tapar hann 1600 kr. á ári, á því, að vera ekki tekinn upp í launalögin.

Jeg get ekki skilið það, að deildin, eftir alt þetta launaþvarg, geti verið þekt fyrir það, að níðast á einum einasta manni úr embættismannastjett landsins.

Jeg hefi þannig sýnt, að frásögn hv. frsm. (E. P.) er bæði röng og villandi, og hefði jeg síst ætlað honum að geta gert upp svo rangan reikning.

Kristinn Daníelsson: Af því að hv. þm. Snæf. (H. St.) vitnaði til frsm. launanefndarinnar þykir mjer rjett að standa upp og staðfesta skýrslu hans, því að hún var í alla staði rjett. Þegar launanefndin gekk að því, að aukalæknirinn á Ísafirði væri færður í fjárlögin, þá var það beint með því skilyrði, að læknirinn biði engan halla. Jeg treysti því þess vegna, að hv. deild samþykki þessa till. hv. þm. Snæf. (H. St.), enda er hún mjög hófleg, með því að að rjettu lagi átti læknirinn að fá 2500 kr. + dýrtíðaruppbót.

Úr því að jeg er staðinn upp, og með því að jeg er hlyntur brtt. á þgskj 937, kann jeg ekki við að láta flm. standa einan uppi, til þess að halda svörum fyrir henni.

Jeg skal taka það fram, að mjer finst of skamt farið í till., og hefði jeg helst kosið að fella liðinn alveg burt, því að jeg kem ekki auga á það, hver þörf sje að setja upp þessa sendiherrastöðu. Jeg man það 1908, þegar átti að fá okkur til

þess að samþykkja uppkastið, að þá var því haldið að okkur, að það myndi kosta svo mikið að hafa sendiherra, en þá var og sagt, að við getum hagað þessu eftir vild, og þyrftum ekki að hafa sendiherra nema eftir þörfum.

En þótt mjer þannig þyki brtt. fara of skamt, þá er jeg samt með henni, því að ef þessi maður á að koma fram sem sendiherra, þá hefi jeg enga trú á því, að fjárhæðin nægi. Manni í þessari stöðu er ekki nóg að geta dregið fram lífið; hann verður líka að geta haldið uppi sóma landsins. Jeg vil þess vegna hafa mann með einhverju óákveðnu nafni; það er nægilegt að veita honum erindisbrjef og tiltaka þar, hver störf hans sjeu. Fyrir minn skilning verð jeg að mótmæla því, að með þessu sje stigið nokkurt spor í þá átt, að vjer tökum að oss utanríkismálin; jeg veit ekki til þess, að með öðrum þjóðum sjeu utanríkismálin eða ráð þeirra í því fólgin að hafa sendiherra, heldur í því, að þjóðirnar hafa sjálfar sín utanríkismál í sínum höndum, og þegar vjer tökum þau í vorar hendur, þá er sjálfsagt, að vjer höfum sendiherra. Vjer þurfum ekki að sýnast, vjer þurfum ekki að auglýsa fullveldi okkar; það er viðurkent, hvað sem jus legationis líður eða hverju öðru jus. Dæmið um Norðmenn og deilu þeirra um jus legationis á ekki við oss; vjer höfum aldrei deilt um jus legationis við Dani; vjer höfum átt deilu við þá um fánann, og þeirri deilu er nú lokið. Hins vegar skal jeg manna síst verða til þess að mæla á móti því, að menn verði sendir hvert á land sem vera skal, þegar þörf krefur og vjer höfum fengið utanríkismálin í vorar hendur.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði, að vjer værum glaðir af því, að hafa fengið hingað sendiherra frá Dönum. Það er ekki nema sjálfsagt að taka þeim manni með fullri kurteisi; en jeg veit ekki til þess, að hjer hafi verið nokkur ráðagerð um að fá þennan sendiherra, nema Dönum sýndist svo, og er það á þeirra valdi; en það getur á engan hátt skuldbundið oss til þess að sýnast á móti gera eitthvað, sem í rauninni er ekki neitt.

Fjármálaráðherra (S. E.): Örstutt athugasemd. Það er satt, að með öðrum þjóðum hefir utanríkisstjórnin tauminn í utanríkismálunum. En menn munu hafa veitt því eftirtekt, að í þeim málum eru milliliðir, sem framkvæma hitt og þetta, og sýnir þetta, að þetta atriði hefir ekki eingöngu formella, heldur einnig reella þýðingu.

Um kostnaðinn gaf hæstv. forsætisráðherra (J. M.) upplýsingar, um laun sendiherra hjá Dönum, og voru þær upphæðir engan veginn ægilegar. Og það er alls ekki meiningin, að sendiherrann eigi að halda uppi óþarfa tildri, veislum eða þess háttar.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg hefi ekki tafið fjárlagafrv. með brtt. eða ræðuhöldum. Jeg vil þó leyfa mjer að kveðja frv. með nokkrum orðum, um leið og það fer úr hv. deild.

Jeg tók þá stefnu við aðra umræðu málsins, að fylgja yfirleitt tillögum hv. fjárveitinganefndar, og var allvel ánægður með þær, það sem þær náðu; en jeg er ekki eins ánægður með það, sem nefndin hefir ógert látið, en þurft hefði að gera. Jeg veit ekki betur en að ætlast sje til þess af löggjöfinni og almenningi, að í fjárlögunum sje fólgin sem glegst skýrsla um fjárhagsástandið, en eins og frv. fer nú úr deildinni, er ekki því að heilsa.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) lýsti yfir því við 2. umr., að tekjuhallinn næmi, eða myndi nema, nálægt 2 milj. kr. Þetta skýtur nokkuð skökku við frv., því að þar er gert ráð fyrir ca. ½ milj. kr. tekjuafgangi. Jeg verð samt að álíta, að hæstv.

fjármálaráðherra (S. E.) hafi rjett fyrir sjer, og að hann hafi síst gert of mikið úr tekjuhallanum, enda mun hann hafa bygt á upplýsingum skrifstofustjóra fjármálaskrifstofunnar um þetta

Hækkun fastra launa embættismanna nemur samkv. nál. launamálanefndar nálægt 400,000 kr. á ári, og dýrtíðaruppbót þeirra ca.1,068,000 kr., en dýrtíðaruppbótin nú nálægt 600,000 kr. Svo að þar er hækkun ca. 468,000 kr. Auk þess er dýrtíðaruppbót á eftirlaun samkv. 18. gr. fjárlaganna um 80 þús. kr. Samtals nemur þessi hækkun öll nálægt 950,000 kr. Hjer er þó ótalin launahækkun og uppbót barnakennara og fleira, svo að ekki mun of hátt áætlað, að þessir hækkunarpóstar einir nemi rúmlega 1 milj. kr. á ári. Ekki mun ofætlað að telja 1 milj. kr. til landvarnarskipsins, og svo er útgerð þess og útgjöld til brúa og húsagerða eftir frv. þeim, sem eru fyrir þinginu. Hér við bætist enn kostnaður við fasteignamat, nefnd í skattamálum, berklaveikisvörnum o. fl., og þó að búast megi við, að tekjurnar verði heldur meiri en áætlað er, nægir þetta til þess að sýna, að fjárhagurinn er alt annað en glæsilegur.

Jeg skal þá víkja að nokkrum brtt., sem fyrir liggja, og fyrst að sendiherranum. Jeg býst við því, að jeg greiði atkv. með till. háttv. þm. Ísaf. (M. T.), þótt jeg sje í rauninni samþykkur háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), að fella beri þennan lið alveg. Jeg lít svo á, að okkar utanríkismál sjeu aðallega fólgin í verslunarmálum, og að aðrir menn en „sendiherrar" sjeu betur fallnir til þeirra starfa.

Jeg býst ekki við því, að jeg geti greitt atkv. með brtt. á þgskj. 940, þótt mig langi til. Í fyrsta lagi skiftir þessi styrkur svo litlu, að hann dregur sama og ekki neitt til þess að bæta úr húsnæðisleysinu hjer í Reykjavík. Í öðru lagi er hjer farið inn á nýja braut, sem vont er að sjá hvert stefnir, að lítt athuguðu máli. Í þriðja lagi vil jeg benda á, að húsagerð verður yfirleitt að geta með leigunni borgað byggingarkostnaðinn, rentur og afborgun, og ef hús eru leigð, svo að nokkru nemi, svo að þau beri sig ekki, þá myndi það geta leitt til þess, að húsaleiga yfirleitt lækkaði meira en eðlilegt er og heppilegt. Afleiðingin gæti orðið sú, að húsagerð fremur minkaði en ykist og að ver væri farið en heima setið.

Þá skal jeg snúa mjer að þeirri einu brtt., sem mitt nafn er við, styrkaukanum til dr. Helga Pjeturss. Jeg hefi nú lítið um þá till. að segja um fram það, sem háttv. meðflm. minn (H. St.) hefir sagt, sem sje, að þessi maður hefir oftast verið settur til jafns við nafna sinn, Helga Jónsson, og engin ástæða hefir komið fram, sem rjettlæti það, að af honum sje dregið fremur öðrum. Jeg býst raunar við því, að sú ástæða vaki fyrir mönnum, að þessi maður sje ekki við fulla heilsu. En jeg veit ekki betur en að landinu sje talið skylt að sjá fyrir starfsmönnum sínum yfirleitt, þegar þeir missa heilsu, og sje ekki, að þessi maður þurfi að vera undanskilinn. Annars held jeg, að hann sje talinn veilli en hann er. Hann skrifar að mínu áliti einna fegurst mál, sem nú er ritað hjer á landi, og myndi hann tæplega gera það, ef hann væri svo heilsuveill, sem talið er.

Frsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Það má nú búast við því, að tekið sje að síga á seinni hluta umræðnanna, enda eru nú komin venjuleg háttumál heiðarlegra manna. Jeg verð þó að neyðast til þess að gera nokkrar athugasemdir út af ræðum ýmsra háttv. þm.

Um deilu þá, er staðið hefir milli hæstv. ráðherra og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um nafn sendimannsins, skal jeg ekki vera margorður. Eins og jeg tók fram, eru atkvæði nefndarmanna óbundin um það atriði. En frá mínu sjónarmiði má

kalla, að hjer sje deilt um keisarans skegg. Svo framarlega sem fjárhæðin er söm og jöfn, virðist mjer á sama standa um nafnið. Jeg fæ ekki sjeð, hvað það þarf að hneyksla, að sendimaðurinn sje kallaður sendiherra, sem er gott og gamalt orð, sem allir skilja, eða hvað unnið sje með því, að taka upp nýtt orð, sem enginn þekkir og er óákveðið að merkingu. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) gat þess og, að þótt vjer notuðum þetta nafn, fæli það samt ekki í sjer neitt það, sem gæti bundið sendimanninn til óþarfa tildurs eða prjáls.

Annað atriði í ræðu hv. þm. Ísaf. (M. T.) var um barnaskólann á Ísafirði, þess efnis, að hann fengi 1000 kr. af því fje, sem ætlað er til barnaskóla í kaupstöðum, og eftir upplýsingum hans sje jeg ekki ástæðu til að vera á móti þeirri till. Jeg býst við að orsökin til þess, að Ísfirðingar hafa farið á mis við þennan skólastyrk síðastliðið ár, sje ekki fólgin í ófyrirgefanlegum trassaskap af þeirra hálfu, en geri ráð fyrir, að það hafi verið óhepni eða vangá, að skýrslur og reikningar bárust eigi fræðslumálastjóra nógu snemma, og því ekki rjett að svifta þá styrk alfarið, þótt reikningurinn kæmi ekki í tæka tíð. Eins og háttv. þm. mintist á, er þetta í raun og veru ekki tekið frá neinum, því aðrir, er fá nú þeim mun minna, hafa fengið þeim mun meira áður af þessu fje.

Að því er snertir brtt. hv. þm. Ísaf. (M. T.) um að fella niður styrkinn til Bjarna Jónssonar frá Vogi til að þýða Goethe's Faust, þá virtist hann rökstyðja það helst með því, að þingið hefði farið svo vel með þennan mann, að ekki væri þörf að veita honum þennan styrk. Jeg gæti skilið þetta og gengið inn á það, ef þessi styrkur væri að eins veittur honum til lífsviðurværis, en ekki litið á hina hliðina, að í stað styrksins komi verðmæt þýðing. Fyrst þegar lagt var út í að veita þennan styrk, mátti margt um hann ræða, og það litu margir svo á, að annað þarfara lægi fyrir framan okkur næstu árin en að kosta þessa þýðingu. En úr því það ráð var tekið að veita styrkinn, og það hefir verið gert um nokkur undanfarin ár, og verkið þar af leiðandi komið töluvert á leið, virðist mjer vera misráðið að hætta við hann í miðju kafi.

Um till. sama hv. þm. (M. T.) um að veita Önnu Bjarnadóttur 600 kr. styrk á ári, til náms í Englandi, er að vissu leyti vont að eiga. Það er ekki gaman, eða vinsælt, að berjast á móti því, að styrkja efnilegan mann eða efnilega stúlku til náms. En hv. þm. (M. T.) viðurkendi sjálfur, að nefndin hefði mikið við að styðjast um það að veita ekki stúdentum styrki úr ríkissjóði. En háttv. þm. (M. T.) taldi, að hjer væri um undantekningu að ræða, og studdist við, að nefndin hefði veitt styrk til rafmagnsnáms. En jeg verð að telja, að það sje ekki saman berandi. Við vitum, að það er ekki unt að verða fullnuma í rafmagnsfræði hjer heima, — fossamálum vorum og hagnýting fossanna er ekki enn þá svo langt komið —, en hins vegar mikil þörf fyrir slíka menn. Öðru máli er að gegna um enskunám. Þó ekki sje hægt að verða eins fullkominn í ensku hjer og á Englandi, þá er þó hægt að læra mjög vel ensku hjer heima, eins og hvert annað tungumál, eða að minsta kosti svo, að við megi una.

Í sambandi við þessa till. og ummæli hv. þm. Ísaf. (M. T.) mintist hv. 2. G.-K. (K. D.) á afstöðu nefndarinnar gagnvart styrk til íslenskra námsmanna erlendis yfirleitt. Hann kvartaði undan því, að hann vantaði umsögn fjárveitinganefndar beggja hv. deilda um það, hvernig með það mál skuli fara.

Jeg kannast við það, að að því er ekki vikið í áliti fjárveitinganefndar Ed., og svo

mun og vera um nefndarálit fjárveitinganefndar Nd. Það er gömul og eðlileg venja nefndanna að víkja ekki að þeim málum, sem þær ganga fram hjá, og kemur það af því, að fjárveitinganefndunum berast svo mörg skjöl, að það mætti æra óstöðugan, ef það ætti að gera grein fyrir hverju einstöku þeirra í nál. Því hafa nefndirnar jafnan látið sjer nægja að geta þeirra erinda einna, sem þær leggja til að sint verði að einhverju leyti, en sleppa hinum.

Jeg býst við því, að það hafi vakað fyrir fjárveitinganefndunum, að því er þetta atriði snertir, að stúdentar þessir mundu fá styrk úr sáttmálasjóði háskólans, og stofnskrá hans bendir í þá átt, að það sje rjett á litið. Það er skýrt tekið fram í 3. liðnum, að styrkja skuli íslenska námsmenn erlendis. Og jeg sje ekki, að það sje rjett, er hv. þm. Ísaf. (M. T.) vildi halda fram, að Anna Bjarnadóttir sje útilokuð frá styrknum vegna þess, að hún ætlar að stunda nám í Englandi, því hún er íslenskur stúdent jafnt fyrir því, og stundar nám erlendis. Vextir sjóðsins nema 50 þús. kr. á ári, og þó 10 þús. kr. væri varið til að leggja við höfuðstól, þá væru samt eftir 40 þús. kr. til að glíma við, og virðist, að eitthvað af því mætti nota í áminstu augnamiði.

Loks vill hv. þm. Ísaf. (M. T.) láta falla niður athugasemdina við 16. gr. 17. lið fjárlaganna b. Jeg get að vísu kannast við, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) hafi rjett til að amast við þeim 500 krónum á ári, sem þar á að verja til kenslu á Ísafirði, en hann hefir engan rjett til að reyna að koma í veg fyrir, að Fiskifjelagið megi verja af þessu fje upphæð til launa og ferðakostnaðar handa sendimanni sínum. Jeg kannast ekki við, að stjórn Fiskifjelagsins hafi beðið hann að ganga hennar erinda. Ef stjórn fjelagsins hefði talið þess þörf að fella þessa athugasemd niður, mundi hún hafa snúið sjer til fjárveitinganefndar Ed. eða fjárveitinganefndar Nd., en það hefir hún ekki gert. Jeg tel því, að hv. þm. komi þetta atriði lítið við, og best sje að lofa athugasemdinni að standa.

Þá þarf jeg að víkja nokkrum orðum að hv. þm. Ak. (M. K.) og meðflytjanda hans, hv. þm. Vestm. (K. E.). Þeir mæltu, eins og lög gera ráð fyrir, sterklega með brtt. sinni um að veita Byggingarfjelagi Reykjavíkur 6000 kr. styrk hvort árið. Það er í sjálfu sjer ekki furða, þó þeir mæli með því, þar sem þeim er alvara með till., og þeir fullfærir um að tala vel máli sínu.

Hv. þm. Ak. (M. K.) gerði sjer von um það, að ef brtt. næði fram að ganga hjer, þá mundi hún fá góðan byr í hv. Nd., þó hún hefði fallið þar áður, þegar upphæðin var hærri. En jeg efa, að svo sje; að minsta kosti er upphæðin mjer ekki þyrnir í augum, heldur stefna sú, er till. byggist á. Hitt er aukaatriði, hvort veittar væru 6, 8 eða 12 þús. kr. á ári í þessu skyni; aðalatriðið er og hlýtur að vera stefnan. Og jeg tel stefnuna óheillastefnu. Hv. þm. Ak. (M. K.) taldi, að þessi till. mundi ekki leiða neinn dilk á eftir sjer, en það var auðheyrt, að hv. meðflytjandi hans (K. E.) leit öðruvísi á það atriði og taldi það vel farið og sjálfsagt að veita öðrum kaupstöðum samskonar styrk síðar meir. Það lítur svo út, sem hv. þm. Ak. (M. K.) og Vestm. (K.E.) vilji, að fólkið dragist sem mest til kaupstaðanna, en jeg er þar á annari skoðun. Jeg tel það óholt fyrir þjóðfjelag vort, ef straumurinn til kaupstaðanna yrði mjög mikill. Það gæti þá jafnvel farið svo, að sveitirnar legðust að meira eða minna leyti í auðn og landið yrði mestmegnis eða eingöngu fiskiver. Og skil jeg ekki, að margir sannir og þjóðhollir Íslendingar æski þess. Frá sveitunum hefir þjóðinni komið sá kraftur, sem hefir lyft henni áfram á braut menningar og framfara, og ef fólkið hverfur úr sveitunum, þá gef jeg ekki mikið fyrir framtíð þjóðarinnar.

Tilgangurinn með þessari till. á víst að

vera sá, að koma í veg fyrir kjallaraíbúðir og aðrar slæmar íbúðir. Jeg efa nú ekki, að þessi tilgangur er í sjálfu sjer góður. En jafnframt verður að gæta þess, að till. gerir og það að verkum, að húsaleiga verður ódýrari, og fólksflutningurinn til bæjarins þar af leiðandi vex. Og þegar aðstreymið er meira en húsrúmið leyfir, eins og verið hefir, þá verða kjallaraíbúðirnar fullar eftir sem áður. Þessi góði tilgangur háttv. þm. næst því ekki með till.

Hv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að það væri eðlilegt, að fólkið leitaði til kaupstaðanna, af því að stórbændur í sveitinni hefðu leikið það svo illa. Jeg kannast ekki við, að hjer á landi sjeu nokkrir stórbændur, og jeg hefi aldrei heyrt talað um það, að bændur leiki illa fólk sitt. Reglan mun vera sú, að vinnufólkið líður súrt og sætt með húsbændunum sjálfum. Jeg játa það, að kaupgjaldið hefir verið lágt, en það var það líka í kaupstöðunum fram á síðustu ár. Síðan kaupgjaldið hækkaði í kaupstöðunum hefir það einnig hækkað til sveita. Það er hægt að slá því fram, eins og hv. þm. gerði, að það sje hægt að gera vistlegra í sveitinni en er, svo að fólkið vilji eins vel vera þar og í kaupstöðunum. En jeg hefi ekki orðið var við, að þingið vildi gera það, sem er undirstöðuatriði til þess, sem er verulegar samgöngubætur, svo sem járnbrautarlagning. Það hefir verið talað um það, og þar við látið sitja, ár eftir ár. Og meðan svo er látið ganga hlýtur fólkið takmarkalítið að streyma til kaupstaðanna, þar sem það nýtur meiri lífsþæginda, sem og skemtana, að ógleymdum Bióunum, sem ekki er hægt að hafa í sveitunum.

Jeg er fyllilega samdóma hv. þm. (M. K.), að hv. deild hafi vel gætt sóma síns í öllum málum á þessu þingi, og að hún eigi og svo að gera að því er snertir þessa till. En það gerir hún best með því að fella hana, en ekki samþykkja.

Jeg er einnig samdóma honum um það, að eitt óheillaspor geti komið miklu illu til leiðar. En þótt við sjeum samdóma um það, þá er það með mismunandi skilningi á þessari till. Óheillasporið er frá mínu sjónarmiði það, að lofa þessari tillögu hans að ganga í gegn.

Víkja vil jeg fáum orðum að mínum góða og gamla vini, hv. þm. Snæf. (H. St.). Jeg þarf ekki að taka það illa upp, þótt hann hafi verið illvígur í minn garð, því hv. þm. hafa oft heyrt það, að hann getur einatt, þegar hann vill svo vera láta, verið talsvert illvígur í orðum, án þess að hann meini verulega ilt með því. Jeg mun því ekki kippa mjer neitt upp við það, þótt hann hafi að þessu sinni beint allhörðum orðum til mín. Og ekki mun jeg fara í neitt skítkast við hann. Hann sagði, að skýrsla mín um aukalæknirinn á Ísafirði væri röng og villandi, en jeg get ekki kannast við, að jeg hafi sagt neitt, er rangt væri, um þetta atriði. Jeg sagði, að ef brtt. hv. þm. (H. St.) væri samþykt, væri aukalæknir þessi eins vel settur og læknir í lægsta flokki eftir launalögunum. Læknir í lægsta launaflokki ætti að fá 2500 kr. laun, og þar við bætist dýrtíðaruppbót, svo hann fær alls um 4800—5000 krónur, en eftir till. hv. þm. á þessi aukalæknir að fá 4000+800 kr. sem aukalæknir, eða alls 4800 kr., og verða það því nærfelt sömu launin.

Nefndin lítur svo á, að með þessu sjeu laun hans orðin svo há, að hann muni ekki sækja um læknishjerað, en hjer er í sjálfu sjer um einskonar biðlaun að ræða, þar sem starf þetta á að leggja niður.

Jeg þarf ekki að vera langorður um ummæli hv. 1. landsk. þm. (S. F.). Hann ljet í ljós, að hann væri óánægður með, að það sæist ekki glögt í fjárlögunum, hvernig fjárhagnum væri varið. Jeg kannast við að svo sje, en það er ekki unt að setja inn í fjárlögin alstaðar rjettar tölur úr launa-

lögunum. Ef það hefði átt að gera, hefði þurft að athuga hvern einstakan starfsmann, hve lengi hann hefði verið í embætti o. s. frv., og þar sem þinglausnir standa fyrir dyrum, vildi nefndin ekki ráðast í það. Það er víst, að það hefði tafið mjög þingið, lengt það að minsta kosti um viku.

að hv. þm. (S. F.) hafi gert þetta upp efa jeg mikillega. Til þess að það væri svo gert, að vel væri, hefði hann þurft að rannsaka embættis- eða starfsaldur hvers embættis- eða sýslunarmanns, og hann hefði jafnframt þurft að rannsaka, hvort þeir hefðu ekki áður verið „settir" til starfans, því það er talið með. Þessi rannsókn, ef ábyggileg ætti að vera, tekur mikinn tíma og útheimtir meiri gögn en jeg býst við að hv. þm. hafi haft. Auk þess er enn ekki kunnugt, með hvað hárri dýrtíðaruppbót eigi að reikna, þ. e. a. s. hver vísitalan verði.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um mál þetta að sinni.

Magnús Kristjánsson: Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) sagði, að kominn væri háttatími fyrir siðað fólk. Samt hjelt hann sjálfur langa ræðu, þó sennilega eigi ekki að skilja það svo, að hann teljist ekki til siðaðs fólks.

Að því sem ræða hans tók til mín, þá er það að segja, að hann lagði mjer í munn orð, sem jeg hefi aldrei sagt, og lagði svo út af því. Hann sagði t. d., að jeg hefði sagt, að stórbændurnir færu mjög illa með verkafólk sitt. Að vísu má vera, að hv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefði þótt nærri sjer höggið með slíkum orðum. En jeg sagði í þessu sambandi ekki annað eða meira en jeg get staðið við.

Það er annars sorglegt til þess að vita, þegar lagst er af misskilningi á móti svo nytsömu máli og því, sem hjer er um að ræða. Hv. þm. (E. P.) gat þess að vísu, að það væri ekki fjárhæðin, sem sjer yxi í augum — heldur stefnan. Og um hana hafði hann þau þungu orð og óþörfu, að hún væri óheillastefna. En sem betur fer, er það vafasamt, að slík ósæmileg ummæli beri þann árangur, sem til er ætlast. Og þrátt fyrir alla mótspyrnu hins hv. frsm. (E. P.), þá vona jeg samt, að hinn góði málstaður sigri að lokum, en ekki hið þrönga sjónarmið hv. 1. þm. Rang. (E. P.). Aðalástæða hv. þm. var reyndar sú tilgáta, að þetta mundi verða til þess að auka mjög aðstreymið að kaupstöðum og sjávarþorpum. En ekki virðist mikil ástæða til þess, þó að bygð sjeu nokkur hús yfir þá, sem verst eru staddir, þegar vitanlegt er, að mörg hundruð manns eru svo að segja á götunni. Og að kalla þetta óheillastefnu virðist mjer beinlínis ósæmilegt.

Í sambandi við þetta er svo alt tal hv. þm. (E. P.) um það, að sveitirnar leggi til kraftinn og kjarnann í þjóðina. Það er reyndar — af ofurskiljanlegum ástæðum — ekki ósennilegt, að svo hafi verið, meðan svo að segja allir voru sveitamenn. Og auðvitað stafa kaupstaðabúar þaðan. En hitt leyfi jeg mjer að efa, að þetta kaupstaðafólk standi yfirleitt að baki sveitafólkinu. Það er óviðeigandi gorgeir að vera sífelt að ala á þessu. Og út yfir tekur þó, þegar menn eru að tala um, að verið sje að gera landið að menningarsnauðu útskeri eða fiskiveri. Jeg veit ekki betur en bæjarmenn standi eins vel í stöðum sínum og sjeu yfirleitt eins þjóðnýtir og sveitamenn, að þeim annars ólöstuðum.

Annars er árangurslaust að fara mörgum orðum um þetta. Jeg hefi að eins viljað benda á það, að ómaklega hafi verið að mjer ráðist og af misskilningi á orðum mínum, vægast sagt, orðum, sem í alla staði voru hógvær og sanngjörn, bæði í garð sveitamanna og bæjamanna.

En við skulum nú samt gera ráð fyrir

því, að fólk hafi flykst meir en góðu hófi gegnir til kaupstaðanna. En ef það tæki nú snögglega sinnaskiftum við ræðu hv. 1. þm. Rang. (E. P.) og vildi nú flytjast aftur til sveitanna í stórum stíl, hvað tekur þá við? Hvaða kjör fær það þar? Jeg veit ekki betur en að það sjeu tíu fyrir einn um hvert kot, sem losnar, og ekki hlaupið að því að fá jarðnæði, ef menn vilja byrja búskap. Bændurnir margir hafa umráð yfir miklu landi, og vilja sennilega búta það sundur í smáhluta — til að bjarga þjóðfjelaginu frá glötun, eins og hv. þm. komst að orði. En þó svo væri, að hægt væri að fá landið, þá þarf fleira til að geta byrjað búskap; það þarf að koma upp sæmilegum bústað — og til þess þarf aurið fje. En ef hv. þm. (E. P.) yrði þar samkvæmur sjálfs sín stefnu, er jeg ekki viss um, að það yrði nægilegt, sem hann teldi fært að leggja af mörkum „til viðreisnar landbúnaðinum".

En hjer skal jeg láta staðar numið um þetta atriði — enda er minn málstaður þeim mun betri en málstaður hv. 1. þm. Rang. (E. P.), að ekki þarf að flytja fyrir honum jafnrösklega ræðu og hann taldi nauðsynlegt sínu máli til stuðnings.

En úr því að jeg er staðinn upp á annað borð, langar mig til að minnast lítils háttar á ummæli hv. þm. Snæf. (H. St.) um aðstoðarlæknirinn á Ísafirði. Um rjettmæti eða nauðsyn þessa embættis get jeg vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt. En þó vil jeg benda á það, að þar sem í ráði er að skifta þessu hjeraði og stofna þar nýtt læknisembætti fast, virðist því minni ástæða til að hafa þar líka þriðja manninn, fastan og hálaunaðan, á svona hlutfallslega litlu svæði, ekki síst þegar litið er á þau vandræði, sem ýmsar aðrar sveitir verða að þola vegna læknisleysis, þar sem Alþingi synjar þeim um læknishjálp, þó að meiri sje þörfin en þarna.

Þar sem hv. þm. Snæf. (H. St.) sagði, að jeg hefði áður haldið því fram, að læknirinn ætti í fjárlögunum að fá uppbót, svo að hann yrði ekki ver úti en áður, þá er þess að gæta, að þar átti jeg auðvitað að eins við það, að hann yrði ekki ver úti en hann er nú. En að telja, að með því sje verið að níðast á manninum, er alveg ósæmilegt. Hann er látinn njóta fullrar sanngirni.

Þá verð jeg að víkja nokkrum orðum að hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.), út af ummælum hans um byggingarfjelagið. Jeg hafði þó ekki búist við slíkum undirtektum frá honum, því mjer hefir virst rjettlætistilfinning hans á svo háu stigi. En öllum getur skjátlast. Röksemdir hans voru að mestu leyti þær sömu og hv. 1. þm. Rang. (E. P.) flutti, og eru þær marghraktar. Hann fór líka að tala um fjárhaginn yfirleitt og hið aumlega ástand hans nú. Þetta er reyndar ekki ný saga — þó jeg hafi ekki sannfærst um það enn, að hún sje rjett. Þarna er að eins litið á aðra hlið málsins; en til þess að komast að skynsamlegri niðurstöðu er vissast að skoða báðar hliðarnar. Yfirleitt held jeg, að það sje of snemt að slá nokkru föstu um fjárhaginn. En eins og það er hættulegt að lýsa ástandinu of vel — eins er það hættulegt að láta þjóðina halda, að ástandið sje verra en það er. Það getur dregið kjark úr fulltrúum þjóðarinnar og þjóðinni sjálfri, en það aftur dregið úr nauðsynlegum framkvæmdum.

Halldór Steinsson: Jeg held, að það megi segja, að hv. þm. Ak. (M. K.) hafi í launamáli aukalæknisins á Ísafirði snúist eins og skopparakringla. (*Forseti*: Ekki svona orð.) Hann reyndi að vísu að klóra yfir framkomu sína, með því að segja, að hann hefði að eins ætlast til að bæta læknisnum upp, eftir því sem kjör hans væru nú. En hann mun standa einn uppi með þenn-

an skilning. Allir aðrir munu eflaust hafa ætlast til, að þessum manni yrði bættur skaði hans, í hlutfalli við kjör annara lækna, hvað sem þeir kunna nú að álíta.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. Rang. (E. P.). Það voru reyndar ekki prestleg orð, sem hann viðhafði, þegar hann sagðist „ekki ætla í skítkast“ við mig, og forseti átaldi þau ekki. Annars sagði hann, að lítill munur væri á till. nefndarinnar og launafrumvarpinu. En jeg skil ekki svona dæmalausa sljóskygni. Dæmið er ósköp einfalt, og skal jeg nú setja það skýrt upp. Eftir till. nefndarinnar ætti maður þessi að fá 2000+800 kr. = 2800 kr., en eftir launalögunum ætti hann að hafa 3200 kr., að viðbættri dýrtíðaruppbót, sem sje 6400 kr., þar sem hann hefir nú verið læknir í 12 ár. Þegar 2800 kr. eru nú dregnar frá 6400 kr., býst jeg við, að ekki þurfi um það að deila, að útkoman sje 3600 kr., en það er sú upphæð, sem skaði læknisins nemur við það, að vera kipt út af launalögunum. En jafnvel þó að mín till. væri samþykt, væri honum samt ekki alveg bættur skaðinn — jeg geri ekki ráð fyrir því, að prestleg rjettlætistilfinning fjárveitinganefndarinnar eða deildarinnar leyfi það — en það verður bætt mikið úr honum með því að samþykkja till. Þá fær læknirinn sem sje 4000+800 kr. = 4800 kr., eða tapar m. ö. o. 1600 kr.

Þetta virðist mjer vera svo ljóst, að jafnvel þó að hv. 1. þm. Rang. (E. P.) vilji ekki skilja það, ættu þó aðrir hv. deildarmenn að skilja það. Hv. þm. (E. P.) var að fárast yfir því, að með því fyrirkomulagi, sem jeg sting upp á, gæti aukalæknirinn orðið jafnlaunahár og aðallæknirinn. En mjer er nú spurn: Hafa þeir ekki báðir kostað jafnmiklu til sín? Hafa þeir ekki báðir sömu mentun? Hafa þeir ekki báðir jafnan rjett samkvæmt stöðu sinni? Jeg veit ekki betur — og því skyldi þá þurfa að gera þann greinarmun á launum, að öðrum þeirra verði ókleift að lifa á þeim.

Guðmundur Ólafsson: Það er reyndar leiðinlegt að segja nokkuð, þegar svona margt hefir verið sagt áður — og misjafnt.

Jeg get þó ekki stilt mig um að minnast dálítið á byggingarstyrkinn og leiðrjetta misskilning, sem þar kom fram. Það var sem sje sagt, að alger kyrrstaða hefði verið á húsabyggingum í Reykjavík í síðastliðin 5 ár. En þetta er ofsagt. Því nú er mikið bygt, og 1914 var sömuleiðis bygt töluvert, en jeg get ekki sjeð, að þar sjeu 5 ár á milli.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) lýsti því átakanlega, að hingað til Reykjavíkur streymdu bjargarlausir vesalingar, sem hvergi ættu höfði sínu að að halla. (M. K.: Það hefi jeg aldrei sagt). En ef svo er, þá er hjer eftir einhverju að sækjast. Að öðrum kosti yrði fólkið ekki of margt fyrir húsnæðið.

Það er rangt, að hjer í Reykjavík hafi verið alger kyrrstaða hvað byggingar snertir í síðastliðin 5 ár. Öll árin hefir verið nokkuð bygt, og mikið 1914 og eins í sumar. Ef það er örðugt að byggja hjer, þá er enn örðugra að byggja annarsstaðar, því hjeðan er meginið af öllu byggingarefni flutt út um landið.

Það var á háttv. þm. Ak. (M. K.) að heyra, að „þessir stórbændur“, sem hann svo kallaði, flæmdu fólkið úr sveitunum í kaupstaðina. Hann sagði, að þeir þyrftu ekki að setja sig upp á móti till., hún væri í þeirra þágu að því leyti, sem hún kæmi í veg fyrir, að þeir þyrftu að taka á móti hópum af endursendu fólki heim í sveitirnar. Svo hefir það þó verið, að kaupstaðirnir hafa endursent töluvert af óvinnandi ómagalýð, og held jeg, að það myndi halda áfram eins og hingað til, enda eru bændur farnir að venjast slíku.

Sami þm. (M. K.) sagði, að bændur ættu að gera eitthvað til þess að hæna vinnufólk að sjer. Fyrst út í þetta er komið, get jeg lítillega borið saman kjör verkafólks í sveitum og kaupstöðum eða veiðistöðum. Það er ósjaldan, sem fólkið, sem kemur úr síldarvinnunni, hefir ekki betri sögu að segja en kaupavinnufólkið úr sveitunum. Það kemur stundum allslaust og ver farið en þegar það fór af stað. Kaupafólkið hefir jafnan vissar tekjur, og þær ríflegar. Það gengur ekki á þær meðan það dvelur í sveitinni. Og það þekki jeg ekki, að fólk sje þar svikið um kaupið.

Þá gat háttv. þm. (M. K.) um fjárveitingu til húsabygginga í sveitum. En jeg veit ekki betur en að líkt sje á komið um sveitir og kaupstaði að því er þetta snertir, ef fjárlögin eru látin halda sjer eins og þau nú eru.

Háttv. þm. lýsti yfir því, að deildin ætti kann ske kost á að sjá lög byggingarfjelagsins. Jeg get trúað því, að þau sjeu ekkert leyndarmál. Þau líta auðvitað vel út, eins og lög annara fjelaga. Jeg hefi aldrei dregið það í efa. En ósjeð er samt, hvernig þeim verður framfylgt. Jeg lasta ekki fjelagsskapinn, þó að jeg sje því mótfallinn, að ríkið styrki hann. Styrkurinn er talinn smávægilegur. En jeg hygg, að auðvelt sje að sýna fram á, að húsakynni sjeu engu betri en í Reykjavík hvar sem er annarsstaðar á landinu. Flest kauptún, sjávarþorp og sveitarfjelög á landinu myndu því koma á eftir og biðja um samskonar styrk. Jeg hygg,að það yrði tölurvert erfitt að neita þeim, ef Reykjavík nýtur svona styrks. Það yrði ekki vandi að koma af stað byggingarfjelögum, sem öll rjettu út höndina eftir fjárveitingum. Það yrði sama sagan og um almennu dýrtíðarlánin hjer um árið.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að það ætti ekki að braska með húsin. Þau verða náttúrlega ekki bygð í þeim tilgangi. En hvaða tryggingu höfum við fyrir því, að húsin verði ekki seld eða braskað með þau, því að enginn mun neita því, að húsabrask sje nú einn af arðvænlegri atvinnuvegum bæjarbúa.

Þá hafði þingmaðurinn mörg orð um það, að deildin hafi hingað til verið nokkuð góð, en að sá dómur mundi breytast til hins gagnstæða, ef umrædd brtt. væri feld. Jeg geri mjer samt vonir um, að deildin mundi ekki missa meira í en háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F.). Háttv. þm. Ak. (M. K.) gaf honum þann vitnisburð, að hann væri góður og mjög samviskusamur maður, en að honum hafi skjöplast í þessu máli. Jeg vona, að deildin sleppi með ekki verri útreið.

Mig furðar á því, að háttv. þm. skyldi í öðru hverju orði hnýta í bændur. Þetta mál er að vísu óskylt bændum, en þeim er þá betur trúandi til að hafa óhlutdræga dómgreind á því en háttv. þm. Ak. (M. K.). Jeg sje, að flutningsmenn brtt. eru úr tveim aðalkaupstöðum landsins utan Reykjavíkur. Jeg er ekki grunlaus um, að þeim gangi það til, að krækja í eitthvað handa sínum kjósendum á næsta þingi. Það er satt, að þessi fjárveiting er ekki mikil, en þetta dregur sig saman þegar þeir koma með sín kjördæmi, og þá hver af öðrum. Hjer er því sannarlega um viðsjárvert fordæmi að ræða.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg á hjer engar brtt. Það er að eins ein brtt., á þgskj. 940, sem jeg vildi minnast á, því jeg vildi ógjarnan, að atkvæði mitt um hana yrði misskilið. Jeg get líka varla setið hjá þegjandi, þegar jeg heyri allan þennan matning milli sjávarútvegs og landbúnaðar. Það hefir jafnan verið og er mín skoðun, að landbúnaðurinn sje sá aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, sem eigi að hafa forsætið að því er heiður snertir. Jeg get því ekki setið þegjandi hjá, er jeg heyri land-

búnaðinum niðrað, eins og háttv. þm. Ak. (M. K.) leyfði sjer að gera, og einkum er jeg heyri talað um „stórbændur" með fyrirlitningu. Jeg veit að sönnu ekki, hvort hægt er að tala um stórbændur hjer á landi. En jeg þykist vita, að háttv. þm. Ak. hafi átt við góða og gilda bændur, sem búa við sæmileg efni. Þeir eru stundum kallaðir „stórbændur", af því að ekkert stórt er til samanburðar. En bændur þessa þekki jeg ekki að öðru en að vera mestu heiðursmenn. Þeir eiga góð heimili og eru heimafólki sínu hinir bestu húsfeður. Það er í alla staði óverðskuldað að bera þeim á brýn, að hagur fólks, sem vinnur hjá þeim, sje að jafnaði lakari en þess fólks, sem vinnur hjá útgerðarmönnunum. Jeg hygg þvert á móti, að hann muni vera betri.

En þar sem þetta er skoðun mín, þá er jeg ekki óhræddur um, að atkv. mitt um brtt. á þgskj. 940 kynni að verða misskilið, því að mjer dettur ekki annað í hug en að greiða henni atkvæði. Það er bjargföst skoðun mín, að það sje óheppilegt, að fólk streymi úr sveitum í kaupstaðina. En það er líka óheppilegt, að það fólk sje rekið í hópum heim á sveit sína, sem fyrir margra hluta sakir er orðið stórspilt sem verkafólk í sveitum. Jeg á ekki við aðra siðspillingu en þá, sem að vinnubrögðum lýtur, þó að um víðtækari siðspillingu gæti einnig verið að ræða.

Það fjelag, sem um er rætt að styrkja, er stofnað með samvinnusniði. Það er stofnað vegna einstakrar húsnæðiseklu hjer í Reykjavík, því að sú sætta vofir yfir vor og haust hjer, að fólk verði að liggja úti hópum saman. Það væri að vísu ráð og lögum samkvæmt að taka alt húsnæðislaust fólk og senda það heim á sína sveit, ef það á ekki sveit hjer. Jeg er of gamall sveitarstjórnarmaður til þess að vita ekki, hvaða hagræði væri að slíku fyrir sveitirnar. Því kvíði jeg mest fyrir hönd sveitanna, að þær fái slíkar sendingar að hausti til, þegar minst vonum varir. En sem betur fer er mannúðin orðin svo rík í kaupstöðunum, að menn skirrast við að reka fólk þaðan nauðugt. Til þess eru einnig mörg dæmi, að fólk, sem ekki hefir getað komist af í sveitum, hefir komist sæmilega af í kaupstað.

Það væri mjög óheppilegt, bæði fyrir þjóðfjelagið og einstaklingana, ef menn eru reknir þaðan, sem þeir geta bjargað sjer, vegna húsnæðisleysis. Og þó að duganda menn bærust með þessum ómagasendingum, þá yrði það til lítils gagns fyrir sveitirnar, því að þeir myndu óðara en betur áraði rjúka til kaupstaðanna aftur.

Verst af öllu öfugstreymi úr sveitunum í kaupstaðina er það, þegar góðir bændur eru að bregða búi og skifta á öllum eigum sínum og rándýrum húsaskrokkum hjer í Reykjavík. Það væri vel, ef sá straumur væri hindraður. Þrátt fyrir alla húsnæðisekluna eru hjer til braskhús, sem góðir bændur hafa verið narraðir til að kaupa. Þetta þarf að hindra. En sveitirnar eru litlu bættari, þó að fátækt fólk sje látið frjósa hjer á götunum, þar til það skilur við þetta líf, eða er flutt á sveit sína, sem það að öðrum kosti hefði aldrei fallið til byrði. Þá þarf að styrkja þá til að byggja, sem ekki geta bygt af eigin ramleik.

Af greindum ástæðum mun jeg hiklaust greiða atkvæði með brtt., sem fer fram á einar 6000 kr. árlega til samvinnubyggingarfjelags, og það því fremur, sem Reykjavíkurbær leggur drjúgan skerf á móti til þess að bjarga fólki, sem honum ber ef til vill engin skylda til að framfleyta. Þetta er hjálp við þær sveitir, sem annars ættu að taka á móti ómagasendingunum. Jeg gæti rakið mörg dæmi þess, að fátækt fólk hafi komist betur af í kaupstað en í sveit. Jeg skal að eins nefna konu, sem var svo óheppin að eignast krakka í sveit. Hún komst ekki af, heldur lenti krakkinn á

sveitinni. Sjálf fór konan í kaupstað, en óhepnin elti hana, og hún eignaðist þar annað barn, en í kaupstaðnum hefir hún komist af hjálparlaust með seinna barnið til þessa dags. Jeg veit það, að sú sveit, sem hefir framfærsluskyldu þessarar konu, þætti ekki gleðiefni að fá hana endursenda, enda vænti jeg, að Reykjavíkurbæ takist að skjóta skjólshúsi yfir alla, sem þaðan vilja ekki fara.

Jeg vildi verja öllum mínum kröftum til að hlynna að landbúnaðinum, því jeg álít, að hann sje hyrningarsteinn íslensks þjóðlífs. Ef hann er færður úr skorðum, er þjóðfjelagi voru hætt. Og samt, eða rjettara sagt vegna þessarar skoðunar minnar, greiði jeg atkv. með brtt. á þgskj. 940. Hún er landbúskapnum í hag.

Frsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Það eru aðallega tveir háttv. þm., sem hafa beint skeytum sínum til mín, þeir hv. þm. Snæf. (H. St.) og hv. þm. Ak. (M. K.). Þó að þeir væru ósammála um flest, kom þeim þó saman um, að jeg hefði komist óprestslega að orði. Jeg er að vísu prestur, en það kemur ekki við þessu máli, svo það voru óþarfaslettur að tala um óprestslega framkomu af mjer. Mjer skilst, að þessir herrar telji það eitt prestslega framkomu, sem ekki hneykslar þá. En jeg fyrir mitt leyti lít ekki svo á, að það sjeu endilega óprestsleg orð, sem þá kann að svíða undan hjer við fjárlagaumr. Hv. þm. Ak. (M. K.) var að kenna mjer það, að prestum bæri að fara með sannleika. Veit jeg það vel. En jeg veit líka, að það er ekki að eins skylda fyrir presta. Kaupmönnum er jafnskylt sem prestum að fara með sannleika. Þó að þeir stundum leyfi sjer að nota smábrellur í viðskiftum, þá munu allir telja kaupmönnum skylt, jafnt sem öðrum, að vera sannorðir menn. Það, sem gaf hv. þm. Ak. (M. K.) tilefnið til þessarar kennimensku, var tilvitnun mín í þau orð hans, „að stórbændur fari oft illa með fólk sitt og flæmi það úr sveitinni". En tilvitnunin er enginn tilbúningur. Jeg skrifaði orðin niður um leið og hann sagði þau.

En svo að jeg víki að brtt., þá er það stefnan, sem alt veltur á, en ekki þessi lága upphæð. Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) vildi rjettlæta afstöðu sína með því, að fjárhæðin væri svo lítil. En ef rjettmætt er að veita fjárhæðina nú, þá er einnig rjettmætt að veita hana framvegis, og ef Reykjavík er rjett komin að henni, þá eru aðrir kaupstaðir landsins það ekki síður. En fyrst svona er ástatt, þá er ekki um smáupphæð að ræða, heldur stórfje. Hjer er að vísu að eins um litlafingurinn að ræða. En höndin sjálf kemur sennilega bráðlega á eftir. Ofan á það bætist, að með þessu er, eins og jeg hefi tekið fram, og ekki verður með rökum mótmælt, ýtt undir fólk með að flytja úr sveitunum til kaupstaðanna.

Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) benti á, að bændur væri nú í óða önn að flytja sjálfir til kaupstaðanna. En hvernig stendur á því? Ástæðan er auðvitað, að verkafólkið þyrpist á undan til kaupstaðanna, og bændur geta ekki setið einir eftir með konur sínar og börn. Bændastraumurinn til kaupstaðanna minkar því ekki, heldur eykst, ef farið er að hlynna að fólki í kaupstöðum umfram sveitafólk. Jeg hjelt, að það væri sjálfsagður hlutur, að kaupstaðirnir reyndu ekki að draga til sín fleira fólk en þeim er nauðsyn á, heldur gerðu sjer þvert á móti far um að beita þeim lagaákvæðum, sem til eru, til að hefta fólksstrauminn, sem í þessu húsnæðisleysi verður þeim að eins til trafala, enda mundu þeir auk eigin hagsmuna gera sveitunum mikið gagn með því.

Eftir því, sem ráða má af venjunni, verður fjárveitingin endurtekin, sje hún samþ.

í þetta sinn, og þá sennilega einnig einhverjar svipaðar upphæðir til hinna kaupstaðanna. Og þá er fjárveiting þessi, þótt nú sje talin smá, orðin að stórupphæð, sem frá mínu sjónarmiði orkar engra tvímæla að illa sje varið.

Hvað snertir hv. þm. Snæf. (H. St.), þá fór hann ekki rjett með orð mín um aukalækni á Ísafirði. Jeg hjelt því ekki fram, að læknirinn væri eins vel settur eins og hann stæði í launalögunum, yrði till. fjárveitinganefndarinnar samþ. En hitt tók jeg fram, að væri till. háttv. þm. sjálfs samþ., þá væri hann ekki ver launaður en læknar með lægstu launum. Eftir till. hv. þm. Snæf. (H. St.) ætti læknirinn að hafa 4000 + 800, sem verður þá eins og lægstu læknislaun. Hvað snertir till. fjárveitinganefndar, ættu laun hans að vera fullkomlega þrefölduð frá því, sem nú er, þar sem hann hefir nú 800, en hefði eftir till. 2800 kr. Það er ekki hægt að segja, að illa sje farið með mann með því, að þrefalda laun hans, og verða margir embættismenn ekki betur úti en svo, og flestir ver. En eftir till. hv. þm. Snæf. (H. St.) yrðu laun þessa manns sexföldu, og ætla jeg engin dæmi vera til slíks. Jeg álít hneykslanlegt að hækka laun þessa manns frekar en annara og hafa þannig tvo hálaunaða lækna í sama kaupstaðnum. Því vitanlega kemur manninum ekki til hugar að sækja um nokkurt annað læknishjerað, fái hann slíka launafúlgu, sem hv. þm. Snæf. (H. St.) ætlar honum.

Magnús Torfason: Til upplýsingar get jeg þess, út af styrk til Önnu Bjarnadóttur, að jeg hefi átt tal við föður háskólasjóðsins, og skýrði hann mjer frá því, að námstyrkur þessi væri ekki ætlaður próflausum mönnum.

Svo ætlaði jeg að leiðrjetta mishermi hv. 1. þm. Rang. (E. P.). Það varð ekki annað skilið af ræðu hans en jeg væri á móti 500 kr. styrknum til sjómannakenslu á Ísafirði. Jeg taldi 500 kr. smánarborgun, vildi, að Fiskifjelagið legði meira fram. Í öðru lagi sagði hann, að jeg væri með að fella upphæðina til Fiskifjelagsins, en það, sem jeg sagði um þá till. var ekki annað en það, að jeg vildi, að Fiskifjelagið bæri eitt ábyrgð gerða sinna, sendi mann utan, ef því fyndist það við þurfa, ella ekki. Jeg tek þetta sjerstaklega fram af því, að jeg fullyrði, að þeirri stjett hafi aldrei orðið að gagni utanferðir sendimanns síns.

Magnús Kristjánsson: Jeg ætla að eins að leiðrjetta það, sem nokkrir hv. þm. hafa borið mjer á brýn, því þeir hafa haft eftir mjer orð, sem jeg hefi aldrei talað. Jeg neita því, að jeg hafi á nokkurn hátt farið óvirðulegum orðum í garð sveitabænda. Tilefnið til, að jeg mintist á þetta, voru ummæli hv. 1. þm. Rang. (E. P.). Það, sem jeg sagði, var, að jeg teldi vafasamt, hversu heppilegt það væri, að fjöldi Reykvíkinga neyddist til að flytja út í sveit og selja stórbændum sjálfdæmi um vinnu sína og kaup. Jeg mótmæli því fastlega orðum þeim, sem hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.), hv. 4. landsk. þm. (G. G.) og hv. 1. þm. Rang. (E. P.) hafa haft eftir mjer, því þau hefi jeg aldrei talað.

ATKVGR.

Brtt. 937. feld með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. F., G. Ó., K. D., M. T.
nei: E. P., G. G., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., M. K., S. E., S. J., G. B.

Brtt. 941,1. samþ. með 11 shlj. atkv.

— 938. feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. T., S. E., S. J., G. Ó., H. St., K. E., K. D.

nei: M. K., S. F., E. P., G. G., H. Sn., Jóh. Jóh., G. B.

Brtt. 941,2. samþ. með 10 : 2 atkv.
— 939. — — 9 : 1 —
— 941,3. — — 8 shlj. atkv.
— 941,4. — — 10 — —
— 941,5. — — 10 — —
— 932. — — 8 — —
— 941,6. — — 9 — —
— 941,7. — — 10 : 1 atkv.
— 941,8. — — 10 : 2 —
— 943. — — 8 shlj. atkv.
— 942. feld með 10 : 1 atkv.
— 923. samþ. með 8 : 4 atkv.
— 935. — — 10 shlj. atkv.
— 941,9. — — 11 — —
— 933. feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., K. D., M. K., M. T., S. E., G. B.
nei: E. P., G. G., G. Ó., St. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. J., S. F.

Brtt. 934. feld með 10 : 3 atkv.
— 940. samþ. með 8 : 6 atkv.
— 941,10. — — 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv., og endursent Nd.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 24. sept., var útbýtt

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 953).

Á 73. fundi í Nd., fimtudaginn 25. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 953, n. 966, 967, 968, 969, 970, 971, 972, 973, 977, 978, 979, 981, 982).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 979, 981 og 982. Afbrigði leyfð og samþ. í e.hlj.

Forseti: Frumvarpinu verður skift svo, að fyrst verða teknar fyrir til umr. og atkvgr. brtt. við 1.—11. gr., þá við 12.—14. gr., og loks brtt. við 15.—24. gr.

Frsm. fjárhagsnefndar (Magnús Guðmundsson): Það má segja, að fjárlögin hafi ekki farið til ónýtis upp í Ed., því að tekjubálkurinn hefir hækkað um 2 milj. En það verður ekki sagt, að deildin hafi með þessu fundið upp „púðrið", því að hækkanirnar eru fólgnar í því, að færa upp allar tekjuáætlanir. Þessi deild og nefndin hjer hafa fylgt þeirri reglu, að áætla tekjurnar varlega, til þess að afgangur yrði til að koma á móti væntanlegum fjáraukalögum og umframgreiðslu. En þessa stefnu hefir Ed. brotið með því, að áætla tekjurnar eins hátt og freklega má við búast, að þær verði. Sumar hækkanirnar eru að vísu þann veg til komnar, að tekjuaukalög hafa verið samþ., eins og t. d. lög um húsaskatt og aukatekjur. En þó álít jeg fullríflegt að búast við 50 þús. kr. tekjuauka af þeirri breytingu, sem gerð hefir verið á 55. gr. aukatekjulaganna.

Áætlunum um dýrtíðar- og gróðaskatt er einnig teflt á fremsta hlunn. Það er gert ráð fyrir 100 þús. kr. En jeg efast um, að skatturinn nemi svo miklu. Ed. hefir farið eftir því, að skatturinn verður nú á annað hundrað þús. En tekjurnar verða ekki framvegis eins miklar eins og þær hafa verið undanfarin ár, því að gróði manna er minni, og einn af helstu gjaldendunum, sem greiddi 30—40 þús., er farinn af landi burt.

Erfðaskatturinn er ekki heldur varlega áætlaður. En jeg tók eftir í nál., að Ed gekk út frá því, að 1. ársfjórðunginn

hefði hann numið 20 þús., og mun mörgum ganga það í augu. En þess ber að gæta, að skattur þessi var mestur úr einu ríku búi, sem fjell til eins ríks erfingja, og því nam hann svo miklu.

Útflutningsgjaldið er líka fullhátt áætlað, 600 þús. Þar er bygt meira á síldarveiðunum en jeg tel varlegt. Er gert ráð fyrir 125 þús. tunnum. En það er ekki varlegt, að mínu áliti.

Sama er að segja um stimpilgjaldið Ekki fæ jeg sjeð, hvers vegna Ed. gerir mun á árunum. Ef hún býst við verðfalli, ætti hún að gera ráð fyrir því víðar.

Póstgjöld voru áætluð 190 þús. kr. eftir áætlun póstmeistara, og var sú áætlun bygð á sömu porto og var í vetur. Nú hafa ný lög verið samþykt, sem hafa fært burðargjald á brjefum úr 20 niður í 15 aura, en hækkað burðargjald undir böggla. Býst jeg við, að það hafi yfirleitt lækkandi áhrif.

Það er spurning, hvort Nd. á ekki að breyta þessari áætlun. En svarið við því er, að nefndin vill ekki eiga það á hættu, að þessi breyting verði feld í Ed. og frv. fari í sameinað þing vegna tekjubálksins. Nefndinni er kunnugt um, að þessi áætlun var samþ. í Ed. með öllum atkv. gegn einu.

Eins og jeg tók fram í byrjun, þá er það ekki meining mín, að tekjurnar verði ekki eins háar og hjer er gert ráð fyrir. En þá vantar fyrir fjáraukalögunum og umframgreiðslu. Frv. gefur ekki rjetta hugmynd um fjárhag landsins. Ef rjett ætti að vera, þyrfti að bæta 3 milj. kr. við gjaldmegin. Jeg áætla 1 milj. fyrir aukafjárlögin og 2 milj. í launabætur, og er það lágt.

Aukagjöld árið 1918—1919 eru rúmar 800 þús. kr. Til samræmis kemur nefndin með þá brtt. á tekjuáætlun, er leiðir af því, að samþ. var hækkun á vörutollinum, sem nemur ½ milj. á fjárhagstímabilinu. Ef þessi brtt. verður samþ., verður tekjuafgangurinn sem næst 900 þús., segjum 1 milj. En þá vantar 2 milj. til þess, að tekjurnar hrökkvi fyrir gjöldunum. Þetta kemur heim við það, sem jeg sagði við framhald 1. umr. En þó skal jeg geta þess, að önnur miljónin af þessum tveim miljónum er afborgun af skuldum. Við verðum þess vegna 1 miljón fátækari í lok fjárhagstímabilsins heldur en við erum nú. En þó þarf ekki að fara saman tekjuhalli og tap ríkisins. Tekjuhalli er það, að tekjurnar nægja ekki. En þar með er ekki sagt, að því verði ekki varið til þess að borga skuldir eða lagt í arðvænleg fyrirtæki. 1 miljón er borguð samkvæmt 8. gr., og auk þess er lagt til Landsbankans, og er það ekki eyðslufje. Það, sem liggur fyrir næsta þingi, er að afla tekna, og stjórnarinnar verk, að sjá fyrir því.

Að lokum vil jeg minna á það, sem jeg drap á í upphafi, að fjárhagsnefnd þessarar deildar telur það illa farið, að vikið er frá þeirri gömlu og góðu reglu, að áætla tekjurnar varlega, til þess að þær mæti óvissum útgjöldum. En nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að breyta þessu, vegna þeirrar ástæðu, að þá lægi fyrir frv. að fara í sameinað þing.

Annars verður ekkert sagt með vissu um fjárhagsútlitið. En þó að sum blöð sjeu að prjedika það, að enginn hafi botn í fjármálunum hjer á þingi, þá býst jeg samt við, að reynslan skeri úr því, að það sje nokkurn veginn rjett, sem hjer er gert ráð fyrir.

Frsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson):* Eins og deildarmenn munu hafa orðið varir við, hefir nefndinni ekki unnist tími til að skrifa neitt nefndarálit. Vænti jeg því, að menn taki vel eftir því, sem jeg segi um hinar einstöku brtt.

Jeg skal byrja mál mitt á því, að nefndin getur verið Ed. þakklát fyrir meðferð hennar á fjárlögunum. Fjárveitinganefnd Ed. hefir stigið spor í sömu átt og fjárveit-

*) Þingmaðurinn óskar þess getið, að hann hafi ekki lesið yfir í handriti ræður sínar við þessa umr. fjárlagafrv.

inganefnd Nd., enda hefir nefnd Nd. viljað brjóta sem minst í bág við stefnu nefndar Ed.

Jeg skal geta þess, að gjöldin hafa vaxið um 200 þús. kr. í Ed. En fjárveitinganefnd Nd. hefir nú borið fram ýmsar brtt. við þessa gjaldhækkun, og ef þær verða samþ., hækkar hún um 100 þús. Og ef brtt. samsamgöngumálanefndar verða samþ., nemur hækkunin 150 þús. Jeg hefi ekki lagt saman þá hækkun, sem brtt. einstakra manna hafa í för með sjer, því að brtt. þær, sem tilheyra þeim kafla, sem jeg á að hafa framsögu í, eru að eins 3. Og skal jeg nú fara nokkrum orðum um helstu brtt. nefndarinnar.

Fyrsta brtt., á þgskj. 970, er ekki efnisbreyting. Liðurinn er kominn inn á skakkan stað, en nefndin vildi kippa þessu aftur í lag.

Þá er 2. brtt., sem fer í þá átt, að hjer í Reykjavík skuli vera 4 tollverðir. Jeg gat um nauðsynina á þessu máli við 2. umr. Till. Nd. hefir Ed. ekki breytt, en hins vegar tekið það fram, að þó að fje yrði ekki veitt til fleiri en 3, þá gæti lögreglustjóri tekið 4. manninn. Þetta vildi nefndin undirstrika með því, að setja laun handa 4 tollvörðum í fjárlögin, og vænti jeg, að þessi fjárhæð verði nægileg.

Að svo komnu máli hefi jeg ekki fleira að segja.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal geta þess, að stjórnin gerði ráð fyrir, að tekjurnar væru áætlaðar mjög varlega. Jeg gerði ráð fyrir ½ milj. kr. tekjuafgangi, og komst þar að líkri niðurstöðu og hv. frsm. fjárhagsnefndar (M. G.), sem áætlar hann 439 þús. Í launabætur fara 2 miljónir, og verður þá 1 miljón kr. halli. Og þar við bætist 1 miljón kr., sem má gera ráð fyrir að fari í óviss útgjöld. Það er satt, að 1 miljón kr. er afborgun, en samt vil jeg vekja athygli manna á 4. lið 5. gr., sem fjallar um tekjur af skipum. Þessar tekjur eru áætlaðar 700 þús. kr., en þar er ekki gert ráð fyrir rýrnun. En í afborgun eru ætluð 400 þús. Aftur má búast við, að rýrnunin muni nema meiri upphæð en þetta, en það, sem rýrnunin nemur meiru, kemur til frádráttar tekjunum.

Þetta vildi jeg að eins benda á.

Jón Jónsson: Eins og bent hefir verið á, er nauðsynlegt, að á næsta aukaþingi yrðu tekjurnar auknar svo, að þær stæðust hjer um bil á við gjöldin. Enda hefir það áður komið fram hjer í hv. deild, að hv. þm. hafa skorað á stjórnina að rannsaka eða láta rannsaka skattamálin og það, hvort ekki væru neinar nýjar leiðir, sem mætti fara. Þurfa nýjar till. að miðast við þörf á auknum tekjum að mun. Jeg vildi leyfa mjer að vekja athygli stjórnarinnar, út af þessari till., á því, að hún þarf að athuga gaumgæfilega, á hvern hátt best er að leiða þetta mál til lykta. Í því sambandi vildi jeg benda á, að má ske væri ráðlegt að heita háum verðlaunum fyrir bestu ritgerðina, sem samin yrði um skattamál. Það er ekki að vita, nema það kynni að bera einhvern árangur. Það er ekki gott að segja um, hverjir kunna að hafa best vit á þeim málum. Það gætu alveg eins verið einhverjir af þeim, sem lítið eða ekki hafa látið til sín heyra um þau mál hingað til. En ef heitið væri t. d. 2000 kr. verðlaunum, þá er ekki að vita, nema það yrði hvöt fyrir þá til þess að láta álit sitt uppi í ritgerð. Svo mætti auk þess heita öðrum og þriðju verðlaunum fyrir þær ritgerðir, er næstar væru að gæðum. Þó að til þessa gengi 4—5000 kr., þá er það ekki mikil upphæð, ef það yrði til þess að greiða fyrir málinu. Það er ekki svo lítið unnið við það, ef góðar till. fengjust í þessu máli, sem gæti má ske orðið til þess að minka óþarfa þref hjer á þingi. Jeg vildi að eins skjóta þessu fram til hæstv. stjórnar, svo að hún vissi, að hún

stæði ekki ein, þó hún tæki þetta ráð. Enda býst jeg við, að hún telji sig hafa heimild til að gera þetta.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vildi taka það fram, að jeg hefi lýst því yfir, að ef svo færi, að jeg yrði í stjórninni áfram, sem jeg veit ekkert um enn þá, þá mundi jeg telja mjer skylt að koma fram með svo mikil tekjuaukafrv., að það yrði ekki neinn verulegur halli á fjárlögunum fjárhagstímabilið 1922. — Eins og háttv. þm. vita, þá er þetta mjer áhugamál, enda lýsti jeg því yfir þegar í þingbyrjun.

Um verðlauna-uppástungu hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) er það að segja, að jeg er ekki trúaður á, að hún bæri neinn árangur. Það hefir verið ritað talsvert mikið um þetta mál. En mjer vitanlega hefir engin tillaga komið fram, sem telja mætti sjálfsagða, og benti á einhverja nýja leið. Og það síst úr þeirri átt, þaðan, sem árásirnar hafa verið mestar. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að það eru alstaðar miklar deilur um skattamál, um þær meginreglur, sem rjettast sje að fara eftir. Menn mega heldur ekki búast við, að þessar deilur mundu hætta, þó að skattalöggjöfin væri endurskoðuð. Þar er komið svo nálægt peningapyngju manna, að það verður altaf viðkvæmt mál. Enda er altaf hálfgerður reipdráttur um slík lög.

Það er síður en svo, að ástæða sje til að ámæla þessu þingi fyrir, hve lítið það hafi komið með af tekjuaukafrv. Miklu fremur ætti það hrós skilið fyrir það, sem það hefir afkastað á þessum erfiðu tímum. Og þegar verið er að segja, að menn viti ekki, hvernig fjárhagurinn standi, þá er það hin mesta meinloka, því honum hefir verið lýst af mjer í þingbyrjun í stórum glöggum dráttum. Og á þinginu þar á undan var einnig gefin glögg skýrsla um fjárhaginn.

Jeg vil endurtaka það, sem jeg sagði í upphafi ræðu minnar, að jeg lýsi því yfir, að verði jeg áfram í stjórninni, þá tel jeg það skyldu mína að koma fram með nægileg tekjuaukafrv. til að jafna upp hallann. Hins vegar er ekki að búast við, að endurskoðun skattalöggjafarinnar verði tilbúin fyrir næsta þing. Fyrir það verður væntanlega ekki hægt að leggja annað en bráðabirgðatillögur.

ATKVGR.
um 1.—11. gr. frv.
Brtt. 966. samþ. með 21 shlj. atkv.
— 970,1. samþ. án atkvgr.
— 970,2. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 970,3. samþ. án atkvgr.

Frsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson):* Þá skal jeg halda áfram með brtt.

Þá er næst 4. liður á þgskj. 970, um að styrkurinn til Hólshrepps falli niður. Þessi till. er ekki nema sjálfsögð, þar sem hjeraðið nú hefir lækni á launalögunum.

Þá er 5. liður á þgskj. 970, um að hækka laun aukalæknisins á Ísafirði. Þá till. verð jeg að skýra dálítið nánar. Eins og hv. þm. sjálfsagt muna, þá stóð í 12. gr. launafrv., þegar það fór hjeðan úr deildinni, að aðstoðarlæknirinn á Ísafirði skyldi hafa að launum 2500 kr., hækkandi upp í 3500 kr. En launanefnd háttv. efri deildar gerði það, þó þetta væri samþ. í samvinnunefnd, að hún tók þennan mann út af launafrv., þó með því fororði, að hann skyldi í staðinn tekinn upp í fjárlagafrv. og skyldi ekki bíða neinn halla. Þrátt fyrir þessi heit hv. deildar er nú reynslan sú, að þessi læknir á að fá einar 2000 kr. uppbótarlausar. Menn þurfa ekki langan tíma til að sjá, hvaða munur er á því, sem ákveðið var í launalögunum, og þessum 2000 kr., sem nefnd Ed. nú leggur til að hann fái. Honum var ætlað í launafrv., eins og jeg tók fram áðan, 2500 kr., hækkandi upp í 3500

*) Sjá neðanmálsgrein við 520. dálk.

kr. Þar við bætist auðvitað uppbótin. Og að henni meðtaldri yrði það eitthvað á 6. þús. kr., sem hann átti að fá samkvæmt launafrv. Af þessum ástæðum vill nefndin nú bæta upp þetta ranglæti, sem þessi læknir hefir orðið fyrir, og leggur því til, að hann fái 4000 kr. hvort árið, í staðinn fyrir 2000. Eins og hver maður sjer, er það þó hvergi nærri fullbættur skaðinn, sem háttv. Ed. bakaði þessum manni. Jeg skal taka það fram, að jeg býst ekki við, að hv. Nd. þurfi að hræðast hv. Ed., þó að þessi till. verði samþ. hjer, því þessi till. var feld í hv. Ed. með jöfnum atkv. Menn þurfa því ekki að kynoka sjer við að samþ. hana hjer. Auk þess býst jeg ekki við, að sumir hv. þm. Ed. haldi þessu til streitu, þegar þeir sjá, að alvara fylgir málinu hjeðan. Enda yrði það að skoðast sem móðgun á móti þessum manni, ef þetta næði ekki fram að ganga.

Þá kem jeg að 6. lið á 970. Um þann lið þarf jeg ekki að fjölyrða, því það er sama till. og nefndin hefir borið upp hjer áður. Hjer er farið fram á að færa augnlækninn upp í þá sömu upphæð, sem hann var í áður. Þegar nefndin bar þá till. fram hjer, þá var hún samþ. mótatkvæðalítið. Við vildum því ekki una við, að þessi liður væri lækkaður, sjerstaklega með tilliti til þess, að allir læknar, sem standa í 12. gr., hafa verið hækkaðir hlutfallslega við þetta. Jeg skal geta þess, að það er ekki ætlast til, að þesir menn fái neina dýrtíðaruppbót af þessum launum.

Þá er næst 7. liður. Það er nýr liður, sem fer fram á að veita Ólafi Hjaltested uppbót á vinnu við að setja niður miðstöð í holdsveikraspítalanum. Hann tók þetta verk að sjer 1915. Og það skal tekið fram, að tilboð hans var miklu lægra en þau útlendu tilboð, sem fram komu. Þegar svo farið var að kaupa verkfæri og vjelar, sem til þurfti, og framkvæmdir á verkinu byrjuðu 1916—17, þá voru vjelar og vinnulaun hækkuð að miklum mun á ófyrirsjáanlegan hátt. Eftir því, sem Ólafur hefir gefið upp samkvæmt reikningi, þá hefir hann skaðast á efnis- og áhaldakaupum um 4—5000 kr. En auk þess nam skaðinn af hækkun vinnulauna 6900 kr. Nú finst okkur í nefndinni ekki vera nema sanngjarnt að bæta þetta upp að nokkru, þar sem sjerstaklega vinnulaun hækkuðu fyr en við mátti búast. Nefndin leggur því til, að honum verði bættur skaðinn, sem hann beið af vinnunni, þannig að hann fái 6000 kr. Það hefir legið fyrir nefndinni skýrsla um vinnukaupið, og er hún áreiðanlega rjett. Þar að auki hafa bæði læknir og ráðsmaður spítalans talið þetta rjettmæta og sanngjarna kröfu. Og sama er að segja um hæstv. forsætisráðh. (J. M.). Jeg býst við, að hæstv. ráðherra lýsi afstöðu sinni til þessa liðs, þegar þann tekur til máls. — En að nefndin skuli ekki fyr hafa komið fram með þessa till., þá stendur þannig á því, að skjölin þessu viðvíkjandi hafa á einhvern hátt farið forgörðum á leiðinni til þings og stjórnar.

Þá kem jeg að 8. lið á 970, um styrk til Kristjáns Símonarsonar á Hraunum til að leita sjer lækninga. — Jeg gæti skilið, þó þessi till. kæmi hv. deild dálítið kynlega fyrir sjónir, því það er ekki venja að veita svona utanfararstyrk nema alveg sjerstaklega standi á um sjúkdóma, sem ekki eru tök á að lækna hjer. Og jeg held, að mjer sje óhætt að segja, að þetta sje sjerstakt, sem hjer ræðir um. Þessi maður, sem sækir um styrkinn, er 26 ára gamall, en er blindur á báðum augum. Hvaða sjúkdómur það er, sem hefir valdið blindunni, hefir nefndin ekki fengið upplýsingar um. Að vísu fylgir vottorð frá hlutaðeigandi hjeraðslækni umsókninni. Í því vottorði telur læknirinn líkur fyrir því, að maðurinn geti fengið lækningu, ef hann kemst sem fyrst til lærðra sjerfræðinga erlendis. Þó álítur nefndin rjett, að sjerfræðingur hjer á landi verði látinn dæma um það, hvort hann telji von um lækningu, svo að maðurinn fari ekki að flækjast til útlanda, ef

ekkert bíður hans nema vonbrigði. En ef augnlæknirinn hjer telur þetta ekki vonlaust, þá vill nefndin, að hlaupið verði undir bagga með þessum manni. Eins og jeg tók fram, þá stendur sjerstaklega á með þennan mann. Það er alt útlit fyrir, að hann sje afburðamaður að hugviti og smiðsgáfum. Síðan hann varð blindur hefir hann sýnt svo mikið hugvit og handlægni, að það er næstum ótrúlegt. Hann hefir smíðað ýms áhöld, svo sem rennivjel og ljáklappavjel, sem bera vott um mikið hugvit. Og nú fyrir skömmu hefir hann lokið við sleða, sem gengur fyrir vjelaafli, og er þannig gerður, að hann rennur jafnt hvort sem er á lausamjöll eða ísum. Nefndin leit svo á, að hjer væri um sjerstakan hæfileikamann að ræða, sem sjálfsagt væri að hjálpa, ef hægt væri. Það væri verulegt tjón fyrir þjóðina, ef þessi maður færi forgörðum, jafnmikill hæfileikamaður og hann vafalaust er. Það hefir verið safnað saman upphæð handa honum þar heima í átthögum hans. Enda mundu þær 1500 kr., sem nefndin leggur til að veita, hvergi nærri hrökkva til.

Þá munu ekki vera fleiri brtt. við 12. gr.

En svo eru brtt. við 13. gr., frá fjárveitinganefnd, sem eru á sjerstöku þgskj., 977. Eins og hv. þm. hafa sjeð, þá hefir hv. Ed. breytt liðnum til póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur þannig, að hún hefir tekið út af frv. þá, sem standa í launalögunum, póstafgreiðslumennina á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði, án þess þó að lækka nokkuð upphæðina. Þetta mun gert í þeim tilgangi, að með því, sem sparast við þetta, sje hægt að bæta upp hinum póstafgreiðslumönnunum, sem lægri laun hafa, með sem svarar 25%, en aftur er ekki gert ráð fyrir neinni dýrtíðaruppbót.

Eins og sjest á frv., þá hefir nefndin gert ráð fyrir, að 49 þús. kr. skuli ganga til dýrtíðaruppbótar handa þeim símamönnum, sem ekki standa í launalögunum.

Nú fanst fjárveitinganefnd neðri deildar ósamræmi milli þessara starfsmannaflokka, þar sem öðrum eru ætlaðar dýrtíðaruppbætur, en hinum ekki, sjerstaklega þegar litið er á það, að sumir póstmanna, er ekki standa í launalögunum, hafa, eftir núgildandi dýrtíðarlögum, fengið dýrtíðaruppbætur. En nú eru með launalögunum dýrtíðarlögin úr gildi feld, svo að þessir menn geta því enga uppbót fengið, nema í fjárlögum. Eru því þessir menn talsverðum mun ver settir en áður. Er þess vegna tilgangur nefndarinnar að færa þetta í samræmi við aðra starfsmenn. Fyrri till., um 5 þús. kr. lækkun, miðar til þess, að launin haldist nokkurn veginn við hæfi, svo að ekki er bein hækkun á þeim. Að vísu er það örlítið hærra, en er áætlunarupphæð, sem nefndin vildi ekki skera um of við neglur, enda er við búið, að póstmeistari þurfi meira fje. Það bætast við nýjar póstafgreiðslur, og svo þarf ef til vill að hækka þóknunina á einstöku stöðum, til þess að geta haldið fólkinu við starfið. Það getur komið fyrir við póstmálin, eins og símann.

En uppbótin er reiknuð þannig, að gert er ráð fyrir, að þeir menn, sem ekki eru í launalögum, fái alt að 100% dýrtíðaruppbót af $^{2}/_{3}$ launanna. Er það með öðrum orðum talsvert lægri dýrtíðaruppbót en í launalögum. Þessi 30 þús. kr. til dýrtíðaruppbótar eru miðuð við það. Það sýndist nú svo, að dýrtíðaruppbótin ætti að vera 100% af öllum launum. En þess er að gæta, að þar eru menn, sem fengið hafa dýrtíðaruppbót áður, eða fá samkvæmt gildandi lögum. Eru það skrifstofumenn og póstafgreiðslumenn á stærri stöðum úti um land. Laun þessara manna nema, eftir skýrslu póstmeistara, 13 þús. kr. Með öðrum orðum nema þá öll þessi laun 44 þús. kr. En það er gert ráð fyrir, eins og sjest af till., að af þessari uppbótarfjárhæð sje engin dýrtíðaruppbót veitt

til brjefhirða og póstmanna. Það er ómögulegt að gera áætlanir um það, þar sem póstarnir eru ráðnir sitt á hvað, dýrtíðaruppbótarlaust eða með dýrtíðaruppbót. Sama er að segja um brjefhirðana.

Þá vil jeg geta þess, áður en jeg fer út í síðustu brtt. við þessa grein, þar sem ekki hefir unnist tími til að semja nál., að eins og hv. deildarmenn hafa sjeð, hefir hv. Ed. bætt inn athugasemd um símalagningarnar, sem samþyktar voru í Nd., sem er svo hljóðandi:

> „Símalínurnar undir staflið c.—e. (Blönduós—Kálfshamarsvík, Hólmavík—Reykjarfjörður og Búðardalur—Króksfjarðarnes) verði því að eins lagðar, að trygging sje fyrir, að ný lína, lögð fyrir lánsfje, komi jafnframt frá Reykjavík til Borðeyrar Að öðrum kosti má verja fjárhæðunum, sem til þeirra eru ætlaðar, til lagningar þeirrar línu.“

Þetta er auðvitað ekki að neinu leyti í ósamræmi við það, sem fjárveitinganefnd neðri deildar hjelt fram. Það var altaf gert ráð fyrir, að stofnlínan gangi á undan, og hún myndi aldrei geta hindrað framgang þeirra. Nefndin áleit, að það gæti aldrei komið til mála, að hæstv. landsstjórn gæti ekki fengið lán til hennar. Það er óhugsanlegt í framkvæmd, þótt það sje „teoretiskt“ mögulegt. En til frekari tryggingar vill nefndin skjóta því til hæstv. stjórnar, að svo framarlega sem hún treystir sjer ekki til að afla láns til þessarar símalagningar, nema svo, að það komi í bága við hinar, þá geri hún hlutaðeigandi hjeruðum aðvart, gefi þeim kost á að útvega lánsfje, svo að þau geti sjálfum sjer um kent, ef verkið tefst, eins og gert var ráð fyrir í nál. Nd. nefndarinnar um vinnukraftinn.

Þá er 9. brtt. nefndarinnar, á þgskj. 970. Það er alveg ný till., um að byggja nýjan vita á Hvanney í Hornafirði. Er gert ráð fyrir 6000 kr. fjárveitingu. Óskir um þessa vitabyggingu hafa komið frá Austfirðingum, mjög ríkar. Eftir því, sem frá er skýrt, er fiskibátaflotinn á Austfjörðum altaf að færa sig meir og meir til Hornafjarðar. Síðastliðið ár voru þar 20 bátar, og í vetur er enn gert ráð fyrir, að þeim fjölgi. Eins og menn vita, bæði af afspurn og eigin reynd, er leiðin inn ósinn mjög ill og vandrötuð, ekki síst í myrkri. Útgerðarmenn eystra hafa því mikinn áhuga á, að þarna komi sem fyrst viti. Vitamálastjórinn hefir skoðað vitastæðið, og telur það í alla staði forsvaranlegt að áætla ekki hærri upphæð, þar sem um smávita er að ræða. Nefndin vill verða við þessum tilmælum, og ætlast til, að vitinn sje bygður fyrra árið, ef kleift er. Svo er eitt, sem mælir mjög með því, að vitinn sje bygður á þessu ári. Einmitt þetta ár er gert ráð fyrir, að bygðir verði vitar í nágrenninu. Yrði dýrara að byggja vitann seinna en sama árið, er ekki þarf að flytja fólk eða áhöld lengri leið. Með því yrði sparað eitthvert fje. Að öðru leyti geri jeg ekki ráð fyrir, að hv. deildarmenn þurfi frekari skýringu. En ef þeir skyldu vilja fá að vita meira um staðháttu, mun hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) fúslega gefa þær landfræðilegu skýringar, er menn kynnu að óska.

Skal jeg þá að eins nefna brtt. einstakra þm. við þennan kafla. Ein brtt., á þgskj. 968, er um styrk til nokkurra hreppa til læknisvitjunar. Skal jeg að eins geta þess, að um hana hafa nefndarmenn óbundin atkvæði.

Þá er brtt. samgöngumálanefndar. Skal jeg að eins lýsa því yfir, fyrir nefndarinnar hönd, að meiri hluti hennar er hlyntur till. En öllum nefndarmönnum þótti þessi styrkur nokkuð hár, í samanburði við þær samgöngur, er fyrir hann ættu að

koma. En jeg geri ráð fyrir, að hv. samgöngumálanefnd hafi gengið svo vel frá málinu, að ekki hafi verið hægt að komast af með minni fjárupphæð. Annars vona jeg, að frsm. samgöngumálanefndar (B. St.) skýri till.

Skal jeg svo ekki tefja tímann, en vænti þess, að enn sem fyr verði brtt. nefndarinnar rjett metnar og nái fram að ganga.

Frsm. fjárveitinganefndar (Bjarni Jónsson): Jeg vildi skýra brtt. nefndarinnar við 14. gr. Er þá fyrst 10. liður, á þgskj. 970, námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum. Þegar stjórnin hjer gerði fyrirspurn um það til Danmerkur, hversu verja skyldi miljóninni þar, sem þeir hafa til umráða, þá var svarað, að hugsað væri til, að sá styrkur yrði fyrir „viderekomne". Sýndist þá varlegra að áætla eitthvað, svo að þeir stúdentar verði ekki í vandræðum, er leita þurfa sjer mentunar í öðrum löndum, í þeim námsgreinum, sem hjer eru ekki kendar við háskólann. Hygg jeg, að þessu sje nokkuð í hóf stilt, því að þessi aðalupphæð er hnitmiðuð við þá, sem sóttu um styrk til þingsins. Hafi því einhver gleymt að sækja, er vafasamt, hvort upphæðin hrekkur til. En sú upphæð, sem ætluð er hverjum einstökum að hámarki, er 1200 kr., sem menn sjá. En eins og menn vita, var „Garðstyrkurinn", sem eiginlega er íslenskur styrkur, íslenskt kirknafje, nægilegur, eigi að eins fyrir fæði, heldur og húsnæði og þjónustu. Er mjer kunnugt um það, frá því er jeg var í Kaupmannahöfn við nám, að sumir voru svo sparsamir, að þessi styrkur nægði þeim. En nú vita allir, að fæðið eitt kostar yfir 100 kr. á mánuði í Danmörku, þar sem það er einna ódýrast. En í Svíþjóð og Noregi er það enn þá dýrara, svo að þessi styrkur er því tæplega fyrir fæði.

Sú athugasemd er gerð við þennan lið, að ein stúlka, Anna Bjarnadóttir Sæmundssonar skólakennara, skuli fá jafna upphæð af þessum styrk sem aðrir nemendur. Hún ætlar sjer að sækja ágætan skóla í Englandi, einskonar háskóladeild, sem varla getur fallið undir orðið háskóli, eins og það er skilið. Þess vegna vildi fjárveitinganefndin taka það fram, að stjórninni væri heimilt að veita henni styrk til jafns við aðra. Þessi stúlka er frábærlega gáfuð og ágætlega að sjer. Væri því lítið vit í því, að neita henni um styrk, af því einu, að skólafyrirkomulagið í enska heiminum er öðruvísi en annarsstaðar. Geta má og þess, að faðir hennar, Bjarni Sæmundsson, hefir nú lengi verið kennari við lærða skólann, og auk þess um tugi ára haft á hendi fiskirannsóknir hjer við land fyrir 600 kr. árlega. Hefir hann, sem að líkindum ræður, til þeirra ferða greitt fje úr eigin vasa, en eigi ábatast. Þar hefir hann því tekið á sig aukavinnu í landsins þarfir, og greitt fje fyrir að vinna hana. Skil jeg því ekki annað en að einnig frá því sjónarmiði telji hv. þm. það sjálfsagt að lofa dóttur hans að njóta sama styrks og öðrum, einkum þar sem hún er frábærlega gáfuð og mentuð. Vona jeg, að eigi þurfi að orðlengja þetta frekar.

Þá er brtt. við mentaskólann, að setja inn „ræstingar", til þess að eigi skuli hvíla á dyraverði að borga úr sínum vasa dýra ræstingu, af litlum launum. Auk þess hefir maður þessi undanfarið verið svo illa staddur, að það er hrein hörmung. Hann hefir varla getað teygt svo lánstraust sitt, að hann hafi getað dregið fram lífið. Er þar sama máli að gegna um hann og aðra dyraverði. Þess má geta, að maður þessi hefir staðið ágætlega vel í stöðu sinni, er mjög liðlegur maður, söngfróður og áhugasamur um þá hluti.

Þá er 12. liður mjög eðlilegur frá sjónarmiði nefndarinnar. Bæði neðri deild og efri deild hafa aukð það fje, sem veitt er nafngreindum unglingaskólum, en lækk-

að á hinum. En á hina hliðina hefir nú nefndin frjett, að einn skóli að minsta kosti muni halda áfram, er áður var ástæða til að ætla, að fjelli niður. Er það skólinn í Hjarðarholti í Dölum Jörðina hefir nú keypt kennari, sem hefir gott orð á sjer fyrir kenslu. Mun skólinn liggja niðri næsta ár, en síðara ár fjárhagstímabilsins mun hann geta komið til greina, eins og aðrir skólar. Nefndin sá sjer ekki annað fært en að auka fjeð um 3000 kr., og er þá hóti nær, að þeir skólar njóti einhvers góðs af almannafje og sjeu eigi með öllu hornrekur nafngreindu skólanna.

Þá er ætlast til, að við Flensborgarskólann sje bætt einu þúsundi, því að svo telst til, að skólastjórinn þar, sem er vel metinn og góður kennari, fái ekki að öðrum kosti neina dýrtíðaruppbót, samskonar og greidd er öðrum starfsmönnum ríkisins. En skóli þessi er ekki ríkisstofnun, og hvorki Alþingi nje stjórn vill því að öðru leyti skifta sjer af honum, eða beinlínis takast á hendur frekari skyldur en verkast vill og hvert Alþingi ákveður. En þetta þótti nefndinni sæmilegt, að hækka svo, að fært væri, vegna fjárskorts, að líta á þessa nauðsyn. Býst jeg við, að maðurinn sje að svo góðu kunnur, að menn muni ekki á neinn hátt ýfast við þessa litlu fjárveitingu.

Þá á nefndin eina till. enn við þessa grein. Er hún þess efnis, að kennarinn í gotnesku við háskólann skuli fá 3500 kr. í stað 2800 kr. Af stjórninni var í fjárlög sett sama upphæð og svo kallaðir „docentar" hafa haft. En nú hækka þeir með launalögunum upp í 3500 kr. Nú þykir nefndinni ekki nema hæfilegt að halda þessu eins og stjórnin ætlaðist til að þessi maður fái sömu upphæð og docentarnir að byrjunarlaunum. Nú er þess líka að gæta, að þessi maður naut uppbótar síðastliðið ár. Býst jeg við, að því hafi þótt sjálfsagt, að hann hefði lægri laun. En jeg verð að harma mjög, að þessum manni hefir ekki verið ákveðin nein dýrtíðaruppbót frá þinginu nú, því að það er lítill heiður að fara svo með ungan og efnilegan vísindamann, áhugameiri en flestir aðrir. En jeg vænti nú, að háttv. deild samþykki þessa litlu till. En hins vænti jeg og, að stjórnin sjái svo um, að þessi maður fái ekki lægri laun en símamenn og póstþjónar og aðrir slíkir vísindamenn, sem borguð er uppbót.

Svo er og ein till. frá háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), um skólann á Hólum. Fjárveitinganefnd hefir ákveðið að mæla með þessari till., því að henni þykir rjett að veita þetta, þar sem verkið er stíflugerð og getur komið að fullum notum til vatnsveitingar, þótt eigi yrði af rafveitu. Býst jeg við, að eigi þurfi önnur meðmæli með till. en nafn flutningsmanns, því að kunnugt er, að hann er enginn gapi í fjárveitingum.

Man jeg nú eigi fleira viðvíkjandi 14. gr., sem jeg þyrfti að minnast á fyrir nefndina, svo að jeg get látið úttalað um þennan kafla.

Frsm. samvinnunefndar samgöngumála (Björn R. Stefánsson): Samgöngumálanefnd á nokkrar brtt. á þgskj. 973, og tel jeg mjer skylt að gera nokkra grein fyrir þeim. Eins og kunnugt er, fór svo við 2. umr., að annað fjelagið, sem um styrk sótti til strandferða við Faxaflóa, varð út undan. Samt hafði nefndin fengið þær upplýsingar um fjelagið, að það ætti von á góðu skipi, og að það hefði verið stofnað í þeim tilgangi, að bæta samgöngur hjer umhverfis. Þegar nú nefndin fór að hugsa um þetta, fanst henni það ekki vera viðunandi að veita því engan styrk. Þess vegna tók hún það til athugunar, hvort ekki væri hægt að bæta úr þessu, þótt seint væri, og veita því einhvern styrk, en treysti sjer

þó ekki til að leggja það til, nema hún þá sæi veg til þess að spara önnur útgjöld. Þess vegna fór nefndin að semja áætlanir um ákveðnar ferðir, því að öðrum kosti var ekki að tala um, að fjelagið fengi styrk, en að það hjeldi uppi vissum áætlunarferðum, er almenningur vissi um. Til þess að spara önnur útgjöld sá nefndin ekki aðra leið en að breyta svo ferðum Sterlings, að væntanlegt tap af hennar ferðum yrði minna en ella, og næðist þannig upp í styrkinn til þessa fjelags.

Af þessum ástæðum rjeðst nefndin í það, að búa til uppkast að nýrri áætlun fyrir Sterling, og sömuleiðis nýja áætlun fyrir Suðurland. Þessi áætlun var ekki gerð fyr en í fyrradag, og var hún ekki lögð fyrir nefndina fyr en í gærmorgun. Það var því ekki hægt að prenta hana fyrir þennan fund. Þegar við töluðum við fulltrúa fjelagsins í gær, ljetum við þess getið, að það væri krafa nefndarinnar, að þetta skip færi fastar ferðir eftir áætlun; yrði hún samin í sambandi við áætlanir hinna skipanna, svo að það í ferðunum austur mætti altaf Sterling á Fáskrúðsfirði, en í vesturferðunum skipi Þorsteins Jónssonar á Ísafirði. En þetta áætlunaruppkast mætti ýmsum athugasemdum hjá sumum nefndarmönnum. Vildu þeir bæta inn á áætlunina ýmsum viðkomustöðum í hjeruðum sínum. Loksins var áætlunin orðin svo, að ekki var unt fyrir nokkurt skip að sigla eftir henni. Af þessari ástæðu, meðal annars, var hún ekki prentuð. Af þessu má sjá, að nefndin skildi full ágreiningi um þetta mál. En það var líka annað, sem nefndina greindi á um. Vil jeg taka þetta fram, því að það verður ekki annað sjeð á þgskj. 973 en að nefndin sje öll á sama máli. Vil jeg geta þess, að 3. liður brtt. var samþyktur með 5 : 4 atkv. Verður því að telja þann lið að eins frá þeim meiri hluta samgöngumálanefndar, sem mætti á fundinum. Þetta má nú ekki skilja svo, að þessir 4 hafi verið á móti því að styrkja fjelagið, en okkur þótti styrkurinn of hár í samanburði við notagildi ferðanna og saman borið við þann styrk, sem öðrum fjelögum er veittur. Vil jeg geta þess persónulega fyrir mig, að eftir að jeg skoðaði skipið, fjell jeg algerlega frá því, að veita því svona háan styrk. Skipinu hafði verið lýst mjög glæsilega fyrir mjer, en er jeg sá það, varð jeg fyrir vonbrigðum, eins og oft vill verða, þegar búið er að lýsa einhverju glæsilega fyrir manni, þá á maður von á svo miklu, og svo samsvarar það ekki lýsingunni. Fyrir hönd Austurlands, sem á að missa að mestu leyti ferða Sterlings milli Austurlandsins og Reykjavíkur, get jeg alls ekki gengið inn á, að þetta skip sje hæft til fólksflutnings, svo langa leið, eða fullnægi fólksflutningaþörfinni þaðan og hingað til Reykjavíkur. Á skipinu er að vísu viðunanlegt pláss fyrir 30 manns í 2—4 daga. Það pláss, sem kallað er millidekk, er svo óviðunandi og óvistleg vistarvera, að þar getur ekki fólk hafst við dögum saman. Jeg vona, að flestir þingmenn hafi skoðað skipið. Jeg gerði það, sem í mínu valdi stóð, til þess að fá þá til þess í gær. Ætla jeg svo ekki að lýsa útbúnaði skipsins nánar. Mjer dylst það ekki, að ef þessi áætlun yrði samþykt, þá mundi eitthvað sparast við ferðir Sterlings, en ferðirnar, fyrir Austurland að minsta kosti, verða margfalt verri. Þess vil jeg og geta, að jeg og annar maður úr samgöngumálanefnd færðum þetta nýja fyrirkomulag, eða uppástunguna um það, í tal við framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags Íslands, og ljet hann vel yfir.

2. lið brtt. á þgskj. 973 kann jeg ekki við. Finst mjer þar vera of hvast til orða tekið. Auðvitað er það ekki nema sjálfsagt, að stjórnin gangi ríkt eftir, að skilyrðunum sje fullnægt, en eftir þessum lið lítur svo út, sem hægt sje að svifta Þor-

stein Jónsson öllum styrknum, hversu lítið sem út af bjátar. Finst mjer alveg nægilegt, að stjórnin viti það, að það sje vilji samgöngumálanefndar, að hún líti vel eftir skipinu og gangi ríkt eftir skilyrðunum.

Býst jeg við, að margir þurfi að tala í þessu máli, og læt jeg því mjer staðar numið fyrst um sinn.

Magnús Guðmundsson: Jeg á hjer brtt. á þingskjali 967, sem fer fram á, að 5000 krónur verði veittar til undirbúnings raforkuveitu á bændaskólanum á Hólum. Eins og gefur að skilja, þarf töluverðan undirbúning undir slíkt starf, sem hjer um ræðir, og mun alls ekki veita af þessari upphæð. Meðal annars, sem gera þarf, þarf að hlaða þar garð, sem uppistöðugarð, og þarf hann að vera töluvert tryggari en venjulegur vatnsveitugarður. Er ekki því að neita, að till. er aðallega borin fram til þess, að fje sje fyrir hendi, er garðinn þarf að hlaða. Jeg benti á við 1. umr., að það væri gróðavænlegt fyrir landssjóð að koma upp þessari raforku. Jeg fór þá fram á, að 50 þús. kr. yrðu veittar til hennar, en háttv. deildarmenn vildu ekki fallast á það. Vona jeg nú, að háttv. deild samþykki þessa till., eftir að jeg hefi strikað eitt núllið aftan af.

Þá er það 8. liðurinn á brtt. nefndarinnar, sem jeg hefi töluverðan áhuga fyrir, og er það lækningastyrkurinn til Kristjáns Símonarsonar á Hraunum, en frsm. (M. P.) hefir mælt svo vel fram með þeim lið, að jeg tel það óþarft. En úr því að jeg stóð upp, get jeg ekki annað en minst á brtt. samgöngumálanefndar. Það undarlega hefir komið fram, að brtt. er sögð frá samgöngumálanefnd, en svo berst frsm. hennar (B. St.) á móti henni, og það með góðum rökum, að því er mjer virðist. Vildi jeg vekja athygli háttv. þingdm. á þessu.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil að eins segja örfá orð viðvíkjandi brtt. samgöngumálanefndar.

Mörgum mun þykja nokkuð hár styrkurinn, sem Alþingi hefir veitt til samgöngumála, en þrátt fyrir það hefir samt sumum landshlutum ekki verið sjeð fyrir nægilegum samgöngum. Jeg hefi heyrt, að á ferðinni væri till. þess efnis, að sameina styrkinn til Sterlings og til þessa fjelags, og hafa endastöðina á Austfjörðum. Er þá tilætlunin, að Sterling og Suðurland mætist á Fáskrúðsfirði. En ef endastöðin á að vera á Fáskrúðsfirði, þá get jeg ekki gengið inn á, að þessi styrkur yrði tekinn inn í fjárlögin, því að þær ferðir mundu koma að litlu haldi á Austfjörðum. Fáskrúðsfjörður er alls ekki aðalkaupstaðurinn á Austurlandi, heldur eru það bæði Norðfjörður og Seyðisfjörður. Er einkum sá síðartaldi miðstöðin fyrir samgöngur allar þar eystra, enda er þangað þægilegt að sækja úr Hjeraði, enda mun flest fólk leita þangað, ef það þarf að komast eitthvað, en alls ekki til Fáskrúðsfjarðar. Það mætti því breyta áætluninni svo, að í stað þess, að Sterling og Suðurland mættust á Fáskrúðsfirði, þá mættust þau á Seyðisfirði. Þessi áætlun, sem samin hefir verið af undirnefnd samgöngumálanefndar, og síðan prentuð, án þess að hún hafi verið borin undir alla samgöngumálanefnd, er mjög ranglát, eða að minsta kosti verður mitt kjördæmi herfilega út undan. Eins og kunnugt er, á skip Þorsteins Jónssonar að annast ferðir frá Ísafirði og til Austfjarða, en skipið er svo lítið, að það mun alls ekki geta fullnægt flutningaþörfinni á þessum fjörðum, enda er svo, að samgöngumálanefnd ætlast til, að Sterling annist þessar strandferðir líka. Væri ekki vanþörf á, að slíkt hið sama gilti um Austfirði.

Viðvíkjandi Sterlingsáætluninni vil jeg

taka það fram, að nefndinni hefir sjest herfilega yfir hvað samræmið snertir á samgöngum Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu. Verslunarmagnið í Norður-Múlasýslu, að undanteknum Seyðisfirði, er helmingi meira en í Norður-Þingeyjarsýslu. Samt á Sterling að koma fjórum sinnum á Kópasker og fjórum sinnum á Þórshöfn, en ekki nema tvisvar á Borgarfjörð og tvisvar á Bakkafjörð. Viðvíkjandi kostnaðinum við innsiglinguna, er hann enginn inn á þessa tvo firði, ekki annað en að kasta akkerum, en aftur á móti er mjög löng innsigling á Þórshöfn.

Vona jeg, að hv. samgöngumálanefnd athugi þessar misfellur, en ef hún treystir sjer ekki til þess, þá vona jeg, að stjórnin líti ekki á þessa áætlun sem fullnaðaráætlun, heldur breyti henni eftir þörfum.

Viðvíkjandi Eimskipafjelagi Suðurlands vil jeg láta þess getið, að jeg get alls ekki fallist á, að því verði veittur svona hár styrkur, ef skip þess á ekki að fara lengra en á Fáskrúðsfjörð.

Pjetur Jónsson: Það er út af tillögu samgöngumálanefndar, sem jeg kveð mjer hljóðs. Hjer í þinginu hefir sú till. áður verið á ferðinni, að veita þessu fjelagi styrk til Faxaflóaferða, en þá komst hún ekki í gegn. Veit jeg, að mörgum var og er það mikið áhugamál, að þetta skip, sem vitanlega er ætlað til slíkra ferða hjer við land, fengi einhvern styrk, og á þessu er auðvitað till. samgöngumálanefndar bygð.

Háttv. frsm. þessarar nefndar (B. St.) lýsti því aftur á móti yfir, að þeir nefndarmenn væru ekki alls kostar ánægðir með till., eins og hún liggur fyrir, og sagði hv. frsm. (B. St.), að hann mundi ekki geta gefið henni atkv. sitt, eins og hún lægi fyrir. Taldi hann það fyrst til, að styrkurinn væri of hár, saman borið við áætlunarferðirnar, og í öðru lagi væri ekki komið fult samkomulag á um, hvernig breyta ætti ferðum Sterlings, svo að sá hagnaður fengist í aðra hönd, að hægt væri að veita til Suðurlandsins það, sem sparaðist. Það er ekki nema ósköp eðlilegt, að nefndarmenn gætu ekki allir brætt sig saman um þetta í einni svipan, og mjer finst ekki heldur, að deildin geti það. Mjer hefir því dottið í hug, að einfaldast væri að veita stjórninni nægilegt fje í einu lagi til þess að styrkja bæði skipin, og hún skipi svo fyrir um ferðirnar með ráði Eimskipafjelags Íslands. Leyfi jeg mjer því að koma með brtt. við þennan lið í fjárlögunum, er sje orðuð þannig:

(Sjá A. 982).

Að vísu er í þessari till. farið fram á sömu upphæð alls og í till. á þgskj. 973, munurinn að eins sá, að vísa þessu nú til stjórnarinnar, og svo semji stjórnin við Eimskipafjelag Suðurlands um ferðir, og greiði sanngjarnt verð fyrir, en svo gangi það, sem eftir verður af styrknum, til Sterlings. Er það ekki ólíklegt, að með þessum ferðum Suðurlands sparist svo mikið, að Sterling geti farið einni ferð fleiri til útlanda.

Sveinn Ólafsson: Það er ekki girnilegt að fallast á brtt. á þgskj. 973, meðan ekki er kunnugt, hvernig áætlun Sterlings verður breytt. Og er ekki að vita, nema sú breyting dragi úr samgöngum fyrir þennan hluta Suðurlands.

En aðallega stóð jeg upp vegna þess, að jeg hefi átt tal við Þorstein Jónsson, og telur hann sig ekki bundinn við tilboð sitt, ef annað skip verður sett til að keppa við hann. Ef þingið vill alveg sleppa tökum á tilboðinu, þá er ekkert við því að segja. En það getur verið vafamál, hvort vel gengur að kippa þessu í viðunandi horf, ef tilboðinu er slept.

Það hefir verið tekið fram af hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), að endastöð sú, sem áætluð er, sje óheppileg, en það er

óhætt að segja, að áætlunin sje yfirleitt óheppileg. Það eru áætlaðar 4 hafnir í Suður-Múlasýslu, en af þeim er að eins ein, sem skiftir máli. Á hinar verður ekki komist, nema í góðum veðrum, því skerjagarður er fyrir landi. Það er þýðingarlítið að setja hinar og þessar hafnir á áætlun, ef ekki er hægt að komast þangað nema með höppum og glöppum. Þessar hafnir hafa líka heldur rýr viðskifti og þurfa því ekki eins mikinn flutning, og ferðamannastraumur er þar ekki mikill. Það þýðir lítið að stilla slíku upp, og afskifta með því hafnir, sem slægur er í.

Jeg sje mjer því ekki fært að greiða þessari till. atkvæði, meðan jeg veit ekki hvernig áætlun Sterlings verður breytt, og eins af hinu, að jeg óttast, að Þorsteinn Jónsson dragi sig til baka, þegar hann fær þennan keppinaut.

Jeg get ekki heldur fallist á þær athugasemdir, sem eiga að fylgja. Þær eru niðrandi og óþarfar. Óþarfar af því, að gera má ráð fyrir, að stjórnin hafi vaðið fyrir neðan sig, og niðrandi af því, að gefið er í skyn, að maðurinn vilji ekki standa við tilboð sitt og hafi í hyggju að svíkjast undan því.

Jeg vona, að till. verði ekki samþykt að órannsökuðu máli.

Gísli Sveinsson: Háttv. framsm. (B. St.) talaði um till. á þgskj. 973, og er það satt að segja, að hann talaði sem andstæðingur hennar. Það var satt, að samvinnunefndin var ekki öll á einu máli, en stór meiri hluti var þó með því, að bera fram till., og minni hlutinn lýsti því yfir, að hann mundi ekki gera málið að kappsmáli, þó hann áskildi sjer rjett til að greiða annari till. atkv., ef hún kæmi fram. Hv. frsm. (B. St.) skýrir því ekki rjett frá, þegar hann segir, að minni hlutinn hafi ætlað að greiða atkv. á móti þessari till., og getur hann að eins sagt slíkt um sjálfan sig. En nefndinni var þó ekki kunnug þessi afstaða hv. frsm. (B. St.), því hann var rokinn af fundi, áður en hann fengi gefið slíka yfirlýsingu.

Viðvíkjandi efni till. er það að segja, að Suður- og Vesturland eru olnbogabörn um strandferðir. Norður- og Austurlandi er borgið með Sterling og skipi Þorsteins Jónssonar, og jeg fæ ekki skilið, að þeir, sem þar búa, geti verið á móti því, að reynt verði að bæta strandferðir annarsstaðar líka. Um keppinaut við Þorstein Jónsson er ekki að tala, og skil jeg ekki, að hann eigi heimtingu á einokun á strandferðum landsins, þó að hann hafi tekið að sjer hluta þeirra fyrir ærið fje, og, að því er mjer og öðrum virðist, of mikið fje. Jeg held, að það sjeu hagsmunir hans að þurfa ekki að anna Suður- og Vesturlandi, því hann á fult í fangi með að þeytast milli endastöðvanna og halda áætlun. Það er því sprottið af ókunnugleik að halda, að þetta verði Þorsteini Jónssyni til ama, og hann getur ekki hlaupið frá tilboði sínu, því við það er hann bundinn.

Um skilyrðið er það að segja, að nefndin taldi rjett, að skýrt væri ákveðið, að uppfylla þyrfti áætlunina. Þetta er ekki sprottið af vantrausti, heldur eru það sjálfsagðar skorður. En þó virðist full ástæða til að hafa allan varann á. Það er grunsamlegt, að Þorsteinn Jónsson hefir ekkert skip til, og E. Nielsen efast um, að hann fái það. Þegar svo er, taldi nefndin sjálfsagt að reisa skorður við því, að ekkert yrði úr þessu og landið strandferðalaust. Það virðist heldur engin meining í því, að veita fjelagi ærið fje, og vita svo ekkert, hvort það uppfyllir það, sem um er samið, eða ekki. Jeg vona, að háttv. þm. sjái, að það er ekki forsvaranlegt að henda 100 þús. kr. út í óvissu; það verður að gera ráðstafanir til, að sú upphæð komi að tilætluðum notum.

Nefndin hefir lagt til að færa styrkinn

til Sterlings niður um 25 þús. kr. og bæta því við strandferðir til Suðurlands. Það er meiningin að losa Sterling við eina ferð norður og austur, og gert ráð fyrir, að hægt verði að fara eina ferð til útlanda, og á þeirri ferð á að græðast.

Um áætlunina er það að segja, að hún er engan veginn fastákveðin, heldur eru að eins teknir fram frumdrættirnir. Smáatriðum verður auðvitað breytt, eftir því sem best á við.

Faxaflói hefir orðið út undan um samgöngur, og á nú að veita 25 þús. kr. til þeirra, auk þess, sem fyrir er. Ef þessar 50 þús. kr. verða of mikið, þá má verja því til ferða um Breiðafjörð, og reyna að bæta eitthvað úr því málamyndakáki, sem nú er. Þetta verður viðlit til að bæta úr þörfinni, þar sem hún er brýnust.

Einnig er það viss hluti Suðurlands, sem alveg hefir orðið út undan, og er illa fyrir honum sjeð með því káki, sem nú er. En þó að ekki sje úr því bætt, þá verð jeg að sætta mig við till., eins og hún er.

Það er ekki að vænta, að allir hv. þm. hafi jafnan áhuga á strandferðum við hina ýmsu hluta landsins, og get jeg því sætt mig við þá tilhögun, að stjórnin semji nánar um ferðir Sterlings og Suðurlands, og gerir hún það vitanlega eftir tillögum stjórnar Eimskipafjelags Íslands.

Stjórninni er selt sjálfdæmi, og er það viðunandi lausn, til þess að alt lendi ekki í skelfingu, eins og hætt er við, þegar sumir gera alt sitt til að ónýta málið og ganga erinda einstakra manna, sem hagsmuna hafa að gæta.

Jón Jónsson: Það er á ferðinni frumv. um stofnun læknishjeraðs í Hróarstungu, og eru örlög þess óviss. Till. á þgskj. 968 er fram komin til þess, að eitthvað verði gert, ef frv. skyldi falla. Þegar þess er gætt, hvað þingið hefir gert í samskonar málum, þá mælir öll sanngirni með því, að þessi till. verði samþykt. Jeg ætla ekki að lýsa því, hve menn eiga þarna örðugt með að ná til læknis; því hefir verið lýst áður, og um þörfina verður ekki deilt. Vitanlega fjelli þessi styrkveiting niður, ef frv. verður samþykt; hún er að eins til vara.

Þá á jeg brtt. við 13. gr., um að lækka styrkinn til strandferða sunnanlands úr 50 þús. kr. niður í 35 þús. kr. Jeg heyrði, að nefndin fjelst á till. hv. þm. S.-Þ. (P. J.), um að láta stjórnina ákveða áætlunina og sundurliða styrkveitinguna, svo að það er víst þýðingarlaust að bera fram þessa till., en mitt álit er það, að 35 þús. kr. nægi til þessara strandferða. En ef það verður ofan á, að stjórnin ákveði þetta, þá er ekki til neins að ræða það frekar hjer. En jeg vildi skjóta því til stjórnarinnar, að athuga rækilega, hvort 50 þús. kr. eru ekki fullhár styrkur, með því fyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á. Jeg sje ekki ástæðu til að taka till. mína aftur nú, en ætla að bíða og sjá, hverju fram vindur.

Bjarni Jónsson: Mjer sýnist tillaga hv. þm. S.-Þ. (P. J.) vera mjög góð. Jeg tel það rjett, að stjórnin ráði þessu, í samráði við E. Nielsen framkvæmdarstjóra, sem manna best mun fær um að meta þörf hvers staðar fyrir sig. Jeg tel sjálfsagt, að bæta við þessum 25 þús. kr., en vil skjóta því að mönnum, hvort sú uppbót muni ekki of lítil. Helst þyrfti að fá annan bát, auk Sterlings, og býst jeg við, að það yrði gróði. En þó jeg líti þannig á, mun jeg þó sætta mig við þessa tilhögun.

Jeg stóð hjer upp til að lýsa minni skoðun á þessu máli, og eins til að sýna, að við hv. þm. S.-Þ. (P. J.) getum verið á sama máli, ef hann ber fram það, sem skynsamlegt er.

Sveinn Ólafsson: Háttv. þm V.-Sk. (G. Sv.) lagði áherslu á, að Suðurland og

Vesturland hefði orðið út undan með strandferðir, og bæri því að styrkja „Suðurland" til strandferða þar sjerstaklega. Jeg trúi því vart, að hv. þm. (G. Sv.) hafi sagt þetta í fullri alvöru, ef hann annars hefir lesið yfir fjárlagafrv.; að öðrum kosti mundi hann varla hafa sagt þetta. Því að þegar að er gáð, þá eru, auk styrksins til strandferða umhverfis land alt, veittar um 70 þús. kr. á ári til bátaferða á flóum og fjörðum við Vesturland og Suðurland, og enginn þess kyns styrkur til annara landshluta. Jeg get því ekki verið samþykkur hv. þm. (G. Sv.) um, að þessir landshlutar verði út undan með strandferðir.

Hv. þm. (G. Sv.) ljet þess og getið, að jeg væri málsvari fjelags þess, sem tekið hefir að sjer strandferðirnar við Norður- og Austurland. Það er jeg ekki, enda engin ástæða til að telja mig það, þótt jeg skýri frá því, sem aðalmaður fjelags þessa ljet uppi við mig, að hann teldi fjelag sitt eigi bundið við tilboð þess, ef annað skip yrði styrkt til að gerast keppinautur þeirra ferða. En nú hefir hv. þm. (G. Sv.) skýrt frá því, að engin slík samkepni yrði styrkt, og ætti hann að reyna að sannfæra þá um það, sem hjer eiga hlut að máli, fremur en vera með staðlausar dylgjur til mín, út af því einu, að jeg vara við þessu.

Hv. þm. (G. Sv.) ljet einnig í veðri vaka, að hið umrædda fjelag mundi ekki geta efnt gefin loforð, eða útvegað skip, sem hæfilegt væri til strandferðanna. Mjer finst koma fram í orðum hv. þm. (G. Sv.), sem og í 2. lið brtt. samgöngumálanefndar, vantraust á fjelaginu, og veit jeg ekki, á hverju það byggist. Jeg fyrir mitt leyti tel óþarft, og jafnvel miður viðeigandi, að samþykkja þennan lið í brtt., því að ef samningar við stjórnina verða vanhaldnir, getur hún eflaust komið ábyrgð fram á hendur fjelaginu, og er hreinasti óþarfi að vera að minna hana á slíkt í fjárlögunum.

Að öðru leyti er allur dagur til stefnu með að útvega strandferðaskip, sem eigi á að hefja göngu fyr en í apríl, og skil jeg ekki, hví hv. þm. (G. Sv.) er að fetta fingur út í það, að skipið er ókomið. Hann býst þó varla við því, að það verði látið liggja hjer til sýnis í 6 mánuði, áður það byrjar strandferðir.

Forsætisráðherra (J. M.): Því miður er jeg ekki að öllu við því búinn að tala um það, sem jeg ætlaði að taka fram um þennan kafla fjárlaganna, þ. e. a. s. um styrkinn til Eimskipafjelags Suðurlands. Jeg átti von á upplýsingum frá forstjóra Eimskipafjelags Íslands, sem jeg geri ráð fyrir að hafi verulega þýðingu fyrir málið. Þær munu og vera á leiðinni, þótt ókomnar sjeu í mínar hendur enn. Jeg skal geta þess, að það kom til orða, að fjelag, sem í vetur var verið að hugsa um að stofna, keypti gott skip til ferða um Faxaflóa. Var talað um þetta við stjórnina, og hvatti hún til þess, að skipið væri keypt, með því skilyrði þó, að það væri gott og hentugt til þessara ferða. Meðan við fjármálaráðherra vorum í Kaupmannahöfn í vetur, var verið að reyna að ná í skip það, sem nú er hingað komið. Hvöttum við fremur til þess, að skipið væri keypt, en gátum þó að sjálfsögðu engu ákveðnu lofað um styrk til að halda ferðum þess uppi. Bentum að eins á, að venja hefði verið að styrkja fjelög slík sem þetta, til að halda uppi áætlunarferðum. Mjer var þá skýrt frá, að skip þetta væri ágætt; þó væri það nokkuð gamalt og þar af leiðandi frekar kolafrekt, en að því hefði verið haldið ágætlega við. Það varð þá ekki úr þessum kaupum.

Síðan hefir stjórnin ekki haft með málið að gera. En síðar myndaðist annað fjelag, með sumum hinum sömu mönnum þó sem hitt fjelagið, og keypti það skipið. Jeg skýri frá þessu til að sýna, að stjórn-

in hefir ekki bundið sig „formelt“ með neinum heitorðum við fjelag þetta, en eins og jeg sagði áðan, gaf hún í skyn, að þingið mundi sem fyr styðja slíkan fjelagsskap.

Jeg skal bæta því við, að jeg hygg það nauðsynlegt að útvega gott skip, ekki stórt, til að bæta samgöngur við Vestur- og Austurland, og má þá undarlega við bregða, ef þingið reyndist ekki fúst á að veita sæmilegan styrk til þess að koma þeim ferðum á. Það mun vera bygt á ókunnugleik að segja, að styrkur sá sje of hár, sem samgöngumálanefnd leggur til að veittur sje. Að minsta kosti segir forstöðumaður Eimskipafjelags Íslands, að hann telji, að Eimskipafjelag Suðurlands muni ekki geta tekið að sjer, því að skaðlausu, hinar áætluðu ferðir fyrir minna en 50000 kr. Er hann þó allra manna kunnugastur þessum málum; hefir stjórnin haft mikið saman við hann að sælda, og aldrei reynt hann að öðru en að hann væri hinn áreiðanlegasti í áætlunum sínum, og að jafnan væri óhætt að fara að hans ráðum, því að það reyndist rjett, er hann sagði. Jeg tel því, að óhætt muni vera að samþykkja till. samgöngumálanefndar. Mjer fanst líka þessi fjárupphæð, 50000 kr., ærið há, þegar litið er á, hvað venja hefir verið að undanförnu að veita til ferða samsvarandi þessum áætluðu strandferðum. En öllum, sem við skipaútgerð fást, ber saman um, hve afarkostnaðarsöm hún sje, og að ekki sje útlit fyrir, að kostnaður minki fyrst um sinn.

Jeg skil það svo, að áætlun sú, sem hjer liggur fyrir, sje ekki með öllu bindandi fyrir stjórnina. Hitt er annað mál, hvort fjelagið muni fáanlegt til að láta bátinn fara alla leið til Seyðisfjarðar, og er að svo stöddu varla við því að búast.

Í 14. gr. C. 2. b. er það sett sem skilyrði fyrir styrkveitingu, að skipið sigli eftir áætlun, sem þingið samþykki. Jeg hefi ekki orðið var við, að þingið hafi hjer samþykt nokkra áætlun. En sje svo skoðað, að áætlunin sje samþykt jafnframt fjárveitingunni í fjárlögunum, þá hefi jeg í sjálfu sjer ekkert við það að athuga. Þó held jeg, að það hefði verið rjettara af þinginu að fela stjórninni að gera samning við fjelagið, eins og fyrrum var gert við Thorefjelagið og Sameinaða fjelagið. En það tek jeg fram, að æskilegt er, að yfirlýsing komi frá frsm. fjárveitinganefndar og samgöngumálanefndar, um að stjórnin megi skoða ferðaáætlun þá, sem hjer liggur fyrir, samþykta samhliða fjárveitingunni í fjárlögunum. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að áður var venja þingsins að ganga miklu ræklegar frá málinu en nú er gert: þá lágu fyrir þinginu nákvæmir samningar um ferðirnar, þar sem tiltekið var, hvað þá skyldi draga af tillaginu, ef eitthvað brygði út af með ferðirnar. Enda er það áríðandi, að svo sje frá samningunum gengið, að um ekkert sje að villast fyrir stjórnina. Þó mun jeg eftir atvikum láta mjer nægja yfirlýsingu háttv. samgöngumálanefndar um það, hvernig hún hugsi sjer samningum og áætlunum hagað.

Nú hefi jeg fengið brjef forstjóra Eimskipafjelags Íslands, það er jeg gat áðan um. Segir hann í því, að skipið „Suðurland“ hafi rúm fyrir 32 farþega á fyrsta farrými og 150 á milliþilfari; telur hann skipið vera gott. Mun því vera óhætt að mæla með skipinu og telja, að því muni óhætt í alllangar ferðir, að minsta kosti að sumrinu til.

Það má vera, að brtt. hv. þm. S.-Þ. (P.J.) sje að sumu leyti góð, en þó er sá galli á henni, að ef Suðurland á að fá 50 þús. kr. af 75 þús. kr., þá er hætt við, að 25 þús. kr. verði alt of lítið handa Sterling, og að hallinn á strandferðum hans verði meiri en því nemur. Þá er og þess að gæta, að ef brtt. er samþykt, þá verður blandað saman tvennu, sem ekki á saman. Upphæð-

in, sem Sterling er ánöfnuð, er áætlunarupphæð; en það, sem „Suðurlandi“ er ætlað, er fastákveðin upphæð. Þó ætti ekki að vera frágangssök að aðhyllast till. eins og hún er, ef hana má skilja þannig, að stjórninni sje heimilt að veita til „Suðurlands“-ferðanna alt að 50 þús. kr., ef með þarf.

Jeg teldi það illa farið, ef Eimskipafjelagi Suðurlands yrði ekki veittur viðunandi styrkur, því að þetta mun vera í fyrsta sinn, sem innlent fjelag hefir eignast verulega gott og hentugt skip til strandferða hjer.

Pjetur Jónsson: Mjer er ekki kappsmál með miðlunartillögu þá, sem jeg hefi borið fram. Mjer fanst kominn hálfgerður glundroði í málið, og ætlaði jeg að bæta úr, ef unt væri, með tillögunni. Mjer fanst ekki fást samkomulag um, hvernig haga skyldi ferðum Sterlings og Suðurlands, og taldi jeg það best, að stjórninni væri falið að greiða úr málinu á þann veg, er hún teldi best henta. En um leið liggur beinast við að fela stjórninni á hendur að skifta fjárupphæðinni, sem ætluð er til skipaferðanna, milli skipanna, eftir því hvernig ferðum þeirra verður hagað. Sjálfsagt tel jeg, að stjórnin mundi, eftir því sem hægt er, fara í þessu eftir bendingum frá þinginu og hagnýta sjer aðstoð forstjóra Eimskipafjelagsins, einkum við samning ferðaáætlana.

Jeg tel sjálfsagt, að stjórnin geri fastan skriflegan samning um strandferðirnar, bæði við Eimskipafjelag Suðurlands og við Þorstein Jónsson, og jeg ætlast til þess, að hve nær sem stjórnin semur um slíkar ferðir, hvort heldur er við fjelög eða einstaka menn, þá sje ekki einungis samið um ferðaáætlanir, heldur og um hvað annað, sem snertir ferðirnar, svo sem hvernig styrkurinn skuli greiðast, og hvað skuli við liggja, ef samningar verða eigi uppfyltir. Á þetta legg jeg áherslu fyrir mína hönd og fjárveitinganefndar, að samningar þessir sjeu gerðir og þeirra vel gætt.

Þórarinn Jónsson: Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) taldi, að tillaga samgöngumálanefndar um að veita Eimskipafjelagi Suðurlands styrk, til að halda uppi ferðum til Vesturlands og fram með Suðurlandsströndinni, mætti skoðast þannig, að með þessu ætti að vekja samkepni við fjelag Þorsteins Jónssonar. Þetta er ekki rjett athugað, þar sem hans skip á að ganga með fram Norður- og Austurlandi, en ætlast er til, að hitt skipið gangi fram með Suður- og Austurlandi.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var óánægður yfir athugasemdinni, sem samgöngumálanefnd vill bæta við styrkveitingarskilyrðin til fjelags Þorsteins Jónssonar. Hún byggist á því, að nefndin er á því, að ferðirnar til Norðurlandsins megi á engan hátt bregðast, og að sjerstaklega þurfi að vanda skip til þeirra. Vill hún með athugasemdinni brýna þetta fyrir stjórninni, því frekari ástæða var til að minna á þetta, sem skip mun enn ófengið til ferðanna. Þetta má því skoða sem bending til stjórnarinnar, en ekki sem vantraust á Þorsteini Jónssyni. Tel jeg það á engan hátt geta talist nefndinni til vansæmdar, þótt hún vilji tryggja ferðir þessar sem best.

Það hefir altaf verið nokkur ágreiningur út af Suðurlandi og styrkveitingunni til þess í samgöngumálanefndinni, og er svo enn. Nokkur hluti nefndarinnar var ófús á að samþ., að styrkurinn væri tiltölulega hærri en til hins skipsins. Nú er svo áætlað, að skip Þorsteins Jónssonar sje 200 daga í strandferðum og verði styrkt með 100,000 kr. Suðurland er gert ráð fyrir að fari strandferðir í 70 daga, og ætti það því að fá 35,000 kr. styrk, að rjettri tiltölu við

hitt. Þannig taldi og minni hluti nefndarinnar rjettast, að styrkurinn væri ákveðinn, en vildi þó ekki gera beinan ágreining út af því.

Jeg gæti fallist á till. hv. þm. S.-Þ. (P. J.),ef svo væri tilskilið, að stjórnin veitti Eimskipafjelagi Suðurlands tiltölulegan styrk við það, sem hinu fjelaginu er veittur, en hærri ekki. Eftir því, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir skýrt frá, er skipið Suðurland gamalt og nokkuð kolafrekt; eru það ekki meðmæli með því, en getur hins vegar orðið því valdandi, að það þurfi hærri styrk, til þess að ferðir þess borgi sig. Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) taldi styrk þann, er lagt er til að veittur sje Eimskipafjelagi Suðurlands eigi of háan, og bar þar fyrir sig forstjóra Eimskipafjelags Íslands, og bar hann saman við styrk þann, sem áætlaður er handa Sterling. Styrkurinn til Sterling var ákveðinn með samráði við sama mann, og miðaður við það, að ágóði mundi verða af ferðum skipsins til útlanda.

En jeg þarf ekki að taka það fram, að jeg segi þetta ekki af því, að jeg sje á móti þessu skipi, síst af því, að jeg sje á móti því, að greiða sem best fyrir samgöngunum kringum land.

En jeg vil ekki, að þessu fjelagi sje gert hærra undir höfði en öðrum með styrkinn, og þar sem talað var um það, hve marga farþega skipið gæti tekið, þótti mjer fulllangt gengið.

Jeg hefi sjeð skipið, og jeg get ekki trúað, að það geti flutt svo marga farþega á þilfari, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) gat um.

Þá spurði hæstv. forsætisráðh. (J. M.) um það, hvort svo mundi eiga að líta á, sem áætlunin væri samþ. með fjárlögunum. Áður hefir það verið svo, að þingið hefir ekki samþ. þessar áætlanir sjerstaklega, og mun verða svo enn. Venjan hefir verið sú, að þingið hefir gert þær, og eftir þeim hefir verið farið. Það má því líta svo á, að áætlun þessi sje samþ. með fjárlögunum, þar sem þingið hefir gert hana, engu síður en áætlunina fyrir Sterling.

Þá sagði hæstv. forsætisráðh. (J. M.) einnig, að rjettast væri að ganga frá þessu með samningum. Það er alveg rjett, og það er stjórninni innan handar að gera þá samninga.

Hingað til hefir af þinginu að eins verið ákveðinn styrkurinn til strandferðabáta, og stjórnin síðan ráðið, hvernig honum var varið. Og þessu vildi samgöngumálanefndin ekki breyta. Það er því stjórnin, sem gera á þessa samninga.

En þótt gerðir hafi verið samningar við Thorefjelagið, þá er það alt öðru máli að gegna, þar sem það er útlent fjelag. En það er síður en svo, að samgöngumálanefndin sje því mótfallin, að stjórnin geri samninga um þessi atriði. Nefndin telur það meira að segja sjálfsagt, að samningar verði gerðir við hvert af þessum fjelögum.

Jeg hefi svo ekki fleira að taka fram, en eftir afstöðu minni í nefndinni býst jeg við að greiða atkv. með till. háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.), þar sem komið er á samræmi í styrkveitingum þessum með henni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg gaf að eins lauslega skýrslu um skip þetta áðan. En þar sem hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) taldi það efasamt, að það rúmaði svo marga farþega, sem jeg sagði, skal jeg lesa upp þýðingu á kafla úr brjefi því, sem jeg hefi nýfengið frá framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins. Hann segir svo:

> „Skipið hefir milliþiljur, og er vel hæft til þess að hafa 150 farþega milli þilja. Það hefir eitt herbergi fyrir konur, sem rúmar 6 konur, og auk þess ýms herbergi með rúmum, og ágæta afturkáetu með góðum legubekkjum.

Þetta til samans er svefnrými fyrir 32 farþega á 1. farrými. Á þilfari er góður reykingasalur.

Fyrir utan 1. farrými er lítið 2. farrými frammi í skipinu, sem hefir verið minkað til að auka farmrýmið, en það má stækka aftur. Á efstu þiljum eru setubekkir. Það hefir raflýsingu í besta lagi og getur brotið ís, og er 1. flokks skip".

Þetta segir hann um skipið. Auk þess segir hann það bygt árið 1891, og hefir það síðan siglt með póst og farþega milli Borgundarhólms og Kaupmannahafnar. En það er vondur sjór og krappur og hættulegur jafnvel stærri skipum.

En þetta skip hefir reynst þar ágætlega. En hann telur rjett að loka hlerunum beggja megin eða taka þá alveg burtu.

Svo endar hann með því, að hann telji Suðurland mjög hentugt skip til þessara strandferða, að minsta kosti þangað til stærra skip verður til þeirra fengið.

Þetta er vitnisburður þessa manns, sem sjálfsagt enginn getur efast um að sje rjettur. Og hann hefir sagt það, að ef skipið fari þær ferðir, sem nú eru áætlaðar, þá sjeu 50,000 kr. alls ekki of hár styrkur. Skipinu væri þá betra að sigla óbundið, því að það er mikill munur á, hvort siglt er eftir áætlun eða að eins það, sem best hentar í hvert sinn.

Og ef Norðurlandsskipið verður eins gott farþegaskip, þá er styrkurinn til þess of lítill. En sje það að eins eitthvað, sem slegið er upp til bráðabirgða, þá er öðru máli að gegna.

Og nú er því svo farið, að þetta skip vita menn um, en hitt ekki. Ef það verði 250 tons netto og vel útbúið að öllu leyti, þá er styrkurinn lítill, og jeg kalla það vel gert, ef öll skilyrði verða uppfylt.

En jeg sje ekki neina ástæðu til þess að veita meira en um er beðið. Og þetta er þegar afgert.

En að veita hjer að eins 35,000 kr. tel jeg mjög vafasamt, þar sem óvíst er, að fjelagið geti gengið að því.

Jeg fyrir mitt leyti treysti því, að það sje rjett, sem framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins segir, að 50,000 kr. sje alls ekki of mikið, og fjelagið muni ekki geta gengið að minna.

En um brtt. háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) skal jeg segja það, að jeg get vel felt mig við hana.

Frsm. samvinnunefndar samgöngumála (Björn R. Stefánsson): Jeg skal fyrst minnast á það, sem fundið hefir verið að áætlun Suðurlands. Jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert út á það að setja þótt endastöðvarnar sjeu settar á Seyðisfirði. En þetta var svona á uppkasti því, sem jeg sýndi fulltrúa fjelagsins, Sveini Sveinssyni. Það var sett þannig eftir að jeg hafði heyrt á honum, að skipið væri ekki vel fallið til langferða vegna kolageymslu. Auðvitað hefi jeg ekkert út á það að setja, að það fari lengra, en jeg hjelt, að þess væri ekki þörf, og þess vegna voru þessar endastöðvar settar. En eftir því, sem fram kom í nefndinni, að borið var saman, hve marga viðkomustaði hvert skip fengi, þá get jeg ekki gengið inn á það, að strykaðir verði út af áætlun Sterlings viðkomustaðirnir milli Eskifjarðar og Seyðisfjarðar. Ef það er gert og Sterling er ekki látin fara lengra en til Seyðisfjarðar, þá get jeg ekki gengið inn á það. — En hins vegar tel jeg það til bóta, að Suðurland hafi endastöð á Seyðisfirði, ef ekki er gerð nein breyting á áætlun Sterlings, þó svo sje breytt.

Háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) talaði um það, að nauðsyn væri á þessu vegna þess, að Seyðisfjörður væri miðstöð Austfjarða, en það er ekki rjett; það er Reyðarfjörður, því að þangað liggja sambandslínur af öllu Austurlandi.

Háttv. samþingismaður minn (Sv. Ó.)

leit svo á, að fjelag Þorsteins Jónssonar mundi telja sig laust allra mála af tilboðum sínum, ef þetta yrði samþ., en jeg get ekki litið svo á. Í tilboðinu frá því eru engin skilyrði um það sett, hvort önnur skip megi sigla um það svæði eða ekki, og þótt þetta skip fari til Seyðisfjarðar, þá er ekki um það svæði að ræða, sem það fjelag aðallega fær styrk fyrir að sigla um.

Að vísu hefir þetta ekki verið rætt í nefndinni, en jeg verð að líta svo á, sem þetta sje bindandi, þar sem fyrir liggur ákveðið tilboð frá Þorsteini Jónssyni, og hefir það verið samþ. með því, að samþ. tillagið, sem hann bað um til þessara ferða, þótt ekki hafi enn verið gerðir samningar. Það var vitanlega ekki hægt að gera samning meðan ekki var víst, að samþ. yrði till. nefndarinnar.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) furðaði á því, að jeg sem frsm. skyldi tala á móti till. þessari. En jeg gat þess þó í fyrri ræðu minni, að jeg hefði aldrei verið með því að veita svona háan styrk og mundi því greiða atkvæði móti því.

Jeg mun því greiða till. háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) atkv., því að jeg felli mig betur við hana en till. háttv. þm. S.-Þ. (P. J.).

Mjer finst það vera nokkuð í lausu lofti að tengja saman ákveðna fjárveitingu og áætlaða fjárupphæð.

Hæstv. stjórn hefir líka heyrt það af umr., að þótt menn vilji veita styrk til þessa fjelags, þá þykir mönnum 50,000 kr. alt of hátt, fyrir ekki meiri ferðir.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði um það, að styrkurinn til Þorsteins Jónssonar væri of hár í samanburði við þetta. Þess ber þó að gæta, að Suðurlandi er ekki ætlað að sigla nema 75 daga í föstum ferðum, en hinu skipinu 200 daga. Það skip er líka stærra, því að sjálfsagt verður að ganga út frá því, að það verði eins og hjer er um talað og í skilyrðunum er fastbundið. Hitt tel jeg mjög óheppilegt, að tala um það hjer, að svo muni ekki verða.

Það er eins og þingið sje að vefengja það, að skipið verði svo úr garði gert, sem lofað er. En slíkt getur ekki orðið til annars en að vekja ilt blóð í þeim, sem við er samið, og gefa það fyrirfram í skyn, að aldrei hafi verið við því búist, að hann fullnægði því, sem til er tekið. Hann getur því heimtað allan styrkinn, þó misbrestur verði á efndunum frá hans hendi, því hann getur bent á það, að þingið hafi sjálft samþ. þessa fjárupphæð til hans, án þess nokkurn tíma að búast við því, að skipið yrði svo úr garði gert, sem áskilið er.

Í þessu máli tel jeg miklu hyggilegra, eins og áður er sagt, að samþ. till. háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.), heldur en till. háttv. þm. S.-Þ. (P. J.).

Um farþegafarrými á Suðurlandi mun það láta nærri, sem sagt hefir verið, að það taki 32 farþega á 1. farrými og 150 milli þilja.

Það hugsa jeg að megi vel við una, ef ekki er um lengri ferðir að ræða en 6—10 klst. En hins vegar tel jeg, eins og jeg hefi áður sagt, ekki gott fyrir marga að eiga að dvelja þar langvistum. Til þess þyrfti að minsta kosti eitthvað að lagfæra.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að ekki væri til neins að samþ 35,000 kr. styrkinn, því að fjelagið myndi ekki ganga að því. Það getur vel verið rjett. En þá er ekki um annað að gera en halda sjer við það „plan", sem hjer var áður gert, og þá áætlun, sem þá var samin. Við hana voru allir búnir að sætta sig.

Björn Kristjánsson: Það voru að eins fá orð, eins og minn er vandi, að halda ekki langar ræður. Jeg vil þá fyrst geta þess, að jeg ætla mjer að styðja og samþ. till. háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), og hafa fleiri háttv. þm. úr meiri hluta samgöngumálanefndar

lýst fylgi sínu við hana. Enn fremur er það mín skoðun, að stjórnin eigi altaf að semja um ferðir, sem fje er veitt til í fjárlögum, þar sem fjárlögin geta ekki talist neinir samningar, heldur felast í þeim að eins drög til samninga. Auðvitað er best, að þau sjeu sem fullkomnust. Af þeirri ástæðu er fram komin till. sú, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) flytur.

Jeg er því líka samþykkur, að þessi styrkur megi ekki vera minni en 50,000 kr. Jeg er því alveg á gagnstæðri skoðun við þá, sem halda því fram, að í samanburði við styrk til annara skipaferða eigi hann ekki að vera hærri en 35,000 kr. Sá samanburður er ekki frambærilegur, þar sem hjer stendur alt öðruvísi á. Suðurland á að sigla á allar verstu hafnir landsins: skal jeg þar til nefna fyrir Vesturlandi Búðir, Sand og Ólafsvík, þar sem alstaðar er hafnleysa. Þá er Hvammsfjörður, þar sem skip verða oft að bíða í 12 tíma bæði til að komast inn og út. Þá má nefna fyrir Suðurlandi bæði Grindavík, Stokkseyri og Eyrarbakka, þar sem einnig er hafnlaust. Í vor varð t. d. Sterling að bíða, þegar jeg kom að austan, í heilan sólarhring á Eyrarbakka í besta veðri, og varð samt að fara svo búin. Þá þekkja allir Vík í Mýrdal, þar sem skip verða oft að bíða, ef til vill í hálfan mánuð, til að ná sambandi við land. Þá er Hornafjörður, sem líkt er ástatt með og Hvammsfjörð. Loks er Djúpivogur, og er þar líka ill höfn og þokubæli. Menn sjá því, að þessu skipi er ætlað að sigla til allra verstu hafna landsins, en af því leiðir mikinn kostnaðarauka fyrir skipið, ef vel á að rækja ferðirnar. Það er því hreinasta fjarstæða að bera saman styrkinn til þessa skips og annara, sem sigla eiga á bestu hafnir landsins. Jeg vona því fastlega,að feld verði till. um að lækka styrk þennan. Styrkurinn til Þorsteins Jónssonar er alls ekki of lágr í samanburði við þennan styrk, þar sem gera má ráð fyrir, að þessar ferðir verði dýrari en allar aðrar ferðir. Þetta vildi jeg taka fram, af því jeg er sannfærður um, að það er hreinasta fásinna að ætla sjer að þröngva þessu fjelagi til að halda uppi siglingum á þessar hafnir með litlum styrk. En ef till. hv. þm. S.-Þ. (P. J.) verður samþ. og stjórnin verður látin semja við fjelagið, þá mun það koma í ljós, hvort fjelagið vill taka að sjer þessar ferðir fyrir minna, og er þá altaf hægt að taka því, ef svo yrði. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál.

ATKVGR.
um 12.—14. gr. frv.

Brtt. 970,4. samþ. án atkvgr.
— 968. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. J., J. B., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., B. St.
nei: E. Árna., G. Sv., H. K., J. M., M. G., P. J., S. S., S. St., St. St., B. Sv., E. A., Ó. B.
Einn þm. (E. J.) fjarstaddur.

Brtt. 970,5. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 970,6. — — 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S St.
nei: Sv. Ó., Þór. J., B. St., E. A., E. Árna., H. K., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Ó. B.
Einn þm. (E. J.) fjarstaddur.

Brtt. 970,7. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 970,8. — — 20 — —
— 977,1.-2. — — 18 : 3 atkv.
— 982. — — 15 : 6 —
— 973,1. og 3. og 981. sjálffallnar.
— 973,2. samþ. með 14 : 4 atkv.

Brtt. 970,9. samþ. með 18 : 1 atkv.
— 977,3. — — 13 : 4 —
— 970,10. — — 15 shlj. atkv.
— 970,11. samþ. án atkvgr.
— 967. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 970,12. — — 14 — —
— 970,13. — — 15 : 1 atkv.

Frsm. fjárveitinganefndar (Bjarni Jónsson): Jeg skal reyna að vera svo stuttorður, sem jeg má. Og skal jeg þá fyrst taka það fram, að jeg verð að láta þingið njóta sannmælis um það, að í fjárframlögum sínum til mentamálanna er það eitt rjettsýnasta þingið, sem lengi hefir setið. Nokkrar smábreytingar hefir fjárveitinganefnd gert á þessum kafla fjárlaganna, og vona jeg, að hv. þm. hafi ekkert við þær að athuga.

Það er þá fyrst að minnast á 14. liðinn á þgskj. 970. Hann var áður í till. nefndarinnar, en var tekinn út og geymdur, af því að ekki var útkljáð um, hvort Danir mundu vilja leggja fjeð fram. En nú er upplýst orðið, að svo er ekki. Þess vegna er þetta aftur fram komið.

15. liðurinn er um skáld og listamenn. Fjárveitinganefnd Ed. lækkaði liðinn um 4000 kr., en Nd. nefndin getur látið sjer lynda, að styrkurinn lækki um 2000 kr., svo hann verði 20,000 kr. Vænti jeg, að þetta nái fram að ganga.

Þá eru hjer 4 liðir um ýmsa heiðursmenn, sem þingið hefir veitt ofurlítinn styrk í viðurkenningarskyni. Er lagt til, að styrkurinn verði hækkaður um 200 kr. á mann. Vænti jeg, að menn leggi ekki á móti þessu.

20. liðurinn er eiginlega leiðrjetting á villu, sem komist hefir inn, og er líklega prentvilla. Það er að eins fyrri fjárveitingin, sem á að vera svona há, vegna þess, að fyrra árið þarf að kaupa ýms verkfæri til jarðeðlisrannsóknanna. En seinna árið eiga 1500 kr. að nægja.

21. liðinn vildi Nd. nefndin færa til sama lags aftur. Sumir vilja, að styrkurinn sje veittur öllum búnaðarfjelögum, án tillits til þess, hvort þau eru í búnaðarsamböndum, en hinir, sem vilja binda styrkinn við búnaðarsamböndin, segja, að fjelögin getigengið í samböndin, og hyggur nefndin það heppilegra fyrir samvinnuna.

22. liður er um fjárveitingu til leiðbeiningar um raforkunotkun. Það er eiginlega gamall styrkur, sem Guðmundur Jónasson verkfræðingur hefir haft, sá sem kallar sig Hlíðdal, ef menn ekki kannast við hans eigið nafn. Þessi styrkur hefir orðið til mikils gagns. Því þegar Guðmundur hefir verið á ferðum sínum í þarfir vitamálanna, hefir hann oft getað brugðið sjer frá og gefið bændum og öðrum, sem óskað hafa, upplýsingar um raforkunotkun. Nefndin vill ekki láta þennan lið niður falla, því með honum er hægt að forða mörgum manni frá að ráðast í heimskuleg fyrirtæki.

23. liður er um styrk þann til flugfjelagsins, sem Ed. feldi. Vill nefndin taka hann upp aftur, og vitna jeg til þeirra orða minna, sem jeg mælti þá með styrknum.

Þá er einn liður, 39. liður 16. gr., sem nefndin hefir lagt til að falli niður. Það er hlutteikning í skaða þeirra manna, sem tekið höfðu upp surtarbrand í Gilsnámu í Hólshreppi. Surtarbrandurinn var tekinn upp eftir fyrirsögn ráðunauts, sem stjórnin sendi vestur. Nefndin vildi ekki veita þessa skaðabót, en þó voru skoðanir manna þar skiftar, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur. Jeg vil fyrir mitt leyti ekki, að bæturnar falli niður. Jeg hygg, að það sje óþarfi að vega að öllu, sem snertir Ísafjörð. Það hefir alt verið drepið, sem komið hefir nálægt því kjördæmi. Þykir mjer því, að vel megi við una, að Ísafjarðarkjördæmi fengi að halda þessum lið, og jeg mun greiða atkvæði móti því, að hann falli niður. Vona jeg, að enginn brigsli mjer um, að jeg geri þetta til þægðar háttv. þm. Ísaf. (M. T.) fyrir að hann rjeðst á þennan nafnfræga

Gvend Faust. Jeg þurfti ekki að láta neitt í móti koma, en jeg hygg, að Ísfirðingar hafi sama rjett sem aðrir landsmenn.

Þá er 25. liður, 1000 kr. þóknun til Guðmundar Hjaltasonar í Tröð í Álftafirði, fyrir að bjarga mönnum úr sjávarháska. Maður þessi hefir bjargað 7 mönnum úr sjávarháska, með snarræði miklu, og lagt sjálfan sig í hættu. Jeg tel það sjálfsagt, að íslenska ríkið geri ekki ver við slíka menn en erlend ríki. Manninum kemur miklu betur að fá 1000 kr. heldur en kross eða stjörnu, enda hefir ríkið ekki slíkt glingur á boðstólum. Í sambandi við þennan lið vil jeg geta um aðra till. samskonar, sem nefndin hefir fallist á, og jeg vil leyfa mjer að mæla með, enda á sá maður hlut að máli, sem það á skilið, þar sem er 1. þm. Árn. (S. S.).

Þá er 26. liður, sem er þess efnis að fella burtu styrkinn til ekkju Jóhanns Sigurjónssonar, þar sem hann stóð. Ed hefir ætlast til, að hún fengi uppbót eins og eftirlaunafólk. En nefndin kann ekki við að búta styrkinn þannig sundur og vill heldur greiða hann hreinan og uppbótarlausan. Þess vegna hefir hún flutt liðinn aftur fyrir, þangað sem hann var, þegar frv. fór hjeðan úr deildinni síðast.

Þá er sú brtt. á þgskj. 977, að Petru Jónsdóttur, ekkju Jóhanns Kristjánssonar, verði greiddar 100 kr. með hvoru barni, auk 300 kr. En börnin eru tvö og bæði í ómegð, annað fætt 1913, en hitt 1915. Býst jeg við, að jeg þurfi ekki að mæla frekar með þessum sjálfsagða uppeldisstyrk.

Þá er 28. brtt., um að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaunum hans, eftir sömu reglum sem starfsmönnum bankans. Nefndin gat ekki betur sjeð en honum bæri þessi uppbót sem öðrum eftir launalögunum. Hann hefir ekki fengið neina uppbót hingað til, og ber því að líta svo á, sem hann fái uppbótina frá þeim tíma, sem hann fjekk eftirlaun.

Þá er heimild til að veita Birni Sigurðssyni, fyrverandi bankastjóra, sem nú hefir starfað erlendis í þágu ríkisins, sömu eftirlaun sem Birni Kristjánssyni og sömu uppbót. Nefndin hefir borið þessa till. fram eftir beiðni stjórnarinnar og fallist á, að hún sje rjettmæt. Er ekki til ætlast, að hann fái þessi eftirlaun meðan hann hefir á höndum störf fyrir ríkið, heldur að eins er hann hætti þeim. Jeg býst við, að jeg þurfi ekki að halda langa tölu fyrir þessum lið, þar sem nýtur og vinsæll maður á hlut að máli.

Þá hygg jeg, að jeg hafi gert grein fyrir brtt. þeim, sem tilheyra mínum kafla og nauðsynlegar eru, og skal því láta þar við lenda. En þá skal jeg drepa á brtt. einstakra manna við 15. gr.

Er þá fyrst brtt. frá 1. þm. Reykv. (J. B.) og þm. Borgf. (P. O.), um að veita Arnóri Sigurjónssyni 400 kr. viðbót við þann styrk, sem hann hefir. Maður þessi er sonur skáldsins og alþingismannsins Sigurjóns Friðjónssonar. Þetta er ungur og gáfaður maður og hefir fengið 1600 kr. til utanfarar af fje því, sem veitt er í fjárlögum til utanfarar kennara. En þar sem slíkur styrkur er nú lægstur 2000 kr. og farið er fram á, að þessi maður njóti sömu hlunninda sem aðrir kennarar, vil jeg mæla með þessari hækkun, fyrir hönd nefndarinnar.

Þá er brtt. á þgskj. 669, frá þm. V.-Sk., (G. Sv.) um að hækka styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar um 600 kr., eða úr 1200 upp í 1800 kr. Atkvæði nefndarmanna eru hjer óbundin, en meiri hluti nefndarinnar hallast að þessari breytingu, og skal jeg svo ekki fara frekari orðum um hana, fyrir hönd nefndarinnar.

Þá er brtt. á þgskj. 972, frá þm. Barð.

(H. K.), þess efnis, að fyrir 1500 komi 1200 kr. Eins og jeg hefi drepið á áður, þá lagði nefndin það til, að þessi liður fjelli niður. En þó að meiri hluti nefndarmanna hallaðist að þessari skoðun, eru atkvæði þeirra samt óbundin. Annars býst jeg við, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) muni gera grein fyrir afstöðu sumra nefndarmanna til þessarar till. Jeg hefi gert grein fyrir minni afstöðu til þessa máls, og skal því ekki fjölyrða um þetta frekar.

En þá hefi jeg gerst svo djarfur, að bera fram eina brtt., þótt mjer hepnaðist ekki að vinna fylgi meiri hluta nefndarinnar með mjer. Jeg hefi samt ráðist í að bera brtt. þessa fram, af því að jeg vissi, að deildin mundi líta öðruvísi á. Till. þessi fer fram á að veita Guðbrandi Jónssyni 2000 kr., til þess að halda áfram rannsókn á sögu dómkirkjunnar á Hólum og ljúka riti sínu um það. Hann fjekk 2000 kr. styrk til þess að rannsaka þessa kirkju og fleiri kirkjur hjer á landi. Mjer er kunnugt um, að hann fjekk þennan styrk með því, að stjórnin óskaði eftir vilyrði fjárveitinganefndar fyrir fjárveitingunni, enda varð hún við þeirri ósk. Þetta var líka gert með tilliti til þess, að maður þessi hafði gert landinu mikinn greiða, sem var með þeim hætti, að jeg get ekki skýrt frá honum hjer. En meðan stríðið stóð yfir var honum haldið lengi í prísund hjer á landi af þeim völdum, sem á hafinu drotnuðu. Jeg vona því, að menn verði ekki móti þessari styrkbeiðni. Það hefir sýnt sig, að þessi maður hefir orðið manna fljótastur til að koma með mjög merkilega ritgerð um þessi efni, sem fengið hefir verðlaun úr sjóði Jóns Sigurðssonar, og verðlaun úr þeim sjóði fá að eins úrvalsritgerðir. En nú á hann eftir síðara hluta þessa verks, og þar sem hann er fátækur maður og hefir orðið fyrir fjártjóni síðustu árin, þykir mjer líklegt, að þm. vilji samþykkja þessa till., til þess að honum sje hægt að ljúka við þetta merkilega verk. Jeg býst við, að hann geri hreint fyrir sínum dyrum og skili verkinu fyr en síðar, því að hann er verkmaður mikill, sem faðir hans. Það sýnist varla vera vansalaust að neita þessari styrkbeiðni, miðað við ástæðurnar.

Matthías Ólafsson: Jeg hefði getað sparað mjer að mæla með brtt. á þgskj. 979, ef mjer hefði ekki þótt þau orð, sem flm. hafði um hana, vera fá og kraftlítil.

Jeg býst við, að hv. þingdeildarmönnum sje þetta mál ekki eins kunnugt og mjer. Og jeg skal játa, að jeg tel það vanrækslu af mjer, að jeg skuli ekki hafa orðið fyrri til að koma með slíka till., og óska jeg því, að hv. deildarmenn greiði henni atkvæði.

Maður þessi hefir gert meira að því en flestir aðrir að bjarga mönnum úr sjávarháska. Eins og skýrsla sú ber með sjer, sem hjer liggur fyrir, hefir hann bjargað 53 mönnum, sem óhjákvæmilega hefðu farist ella. Og þess utan er efasamt, hvort 12 menn aðrir hefðu ekki druknað, ef hann hefði ekki bjargað þeim. Þar að auki hefir hann orð á sjer sem ráðsnjall og duglegur hafnsögumaður. Hygg jeg, að hann eigi þessa viðurkenningu skilda flestum fremur. Alls hefir hann bjargað mönnum 6 sinnum úr sjávarháska, og auk þess 12 mönnum úr enskum botnvörpungi, sem varla hefðu komist af ella. En hinum 53 hefir hann bjargað sumpart úr fullum skipum af sjó eða af kjöl. Ed. hefir sæmt annan mann, Sveinbjörn Sveinsson á Hámundarstöðum í Vopnafirði, með 2000 kr. fyrir samskonar afrek. Þó liggur ekki fyrir nein skýrsla um afrek hans. Er því auðsætt, að Jón Sturlaugsson hefði átt að taka fram yfir hann.

Þá eru 1000 kr. í viðurkenningarskyni til Guðmundar Hjaltasonar. Jeg veit, að það, sem um hann hefir verið sagt, er

rjett, og að hann er allrar virðingar verður. Það, sem mjer þykir að till. hv. 1. þm. Árn. (S. S.), er, að hún gerir Jón Sturlaugsson jafnan Guðmundi Hjaltasyni. Hann ætti að rjettu lagi að fá meira, en úr því er ekki hægt að bæta hjeðan af. Jeg hefði óskað, að hann hefði verið settur hæst af þeim mönnum, sem til álita hafa komið. Annars ættu tilmæli um slíkar viðurkenningar sem þessa að koma frá Fiskifjelagi Íslands, og því að eins að vera teknar til greina, að það legði með þeim, ef þær kæmu annarsstaðar frá.

Sigurður Stefánsson: Jeg vildi segja nokkur orð um 24. liðinn í brtt. nefndarinnar, að fjárveitingin til Gilsnámunnar skuli falla niður. Þetta varð ofan á í nefndinni, fremur víst af því, að henni voru ekki nægilega kunnugir málavextir. En tildrögin eru þau, að árið 1917, í eldsneytiseklunni, var byrjað að vinna surtarbrand úr námu þessari; var það gert samkvæmt bjargráðaráðstöfunum þings og stjórnar. Bæjarstjórn Ísafjarðar og Hólshreppur fengu 100,000 kr. lán til surtarbrandsvinslunnar, en stjórnin sendi mann vestur, til þess að leiðbeina við námureksturinn. En þegar maður þessi kom vestur, gaf hann þann úrskurð, að hætta við námureksturinn í námu þeirri, sem byrjað var í, en vísaði hins vegar á aðra námu þar skamt frá, sem lítt hafði verið unnin, en hann taldi arðvænlegri. Samkvæmt þessari leiðbeiningu var hætt við eldri námuna og farið að vinna þessa nýju námu, en hún reyndist miklu verri; var unnið þar þrjá mánuði, og reyndist náman æ verri og verri, og árangurinn varð æ minni, uns hætt var við hana og aftur farið að vinna í gömlu námunni.

Niðurstaðan hefir nú orðið sú af þessari vinnu, að tekjuhallinn varð 52000 kr. Hjer er því ekki um að ræða eftirgjöf á láni, heldur lítilfjörlega hjálp, til þess að standast þennan halla. Og þegar litið er til þess, að víða urðu mistök á dýrtíðarvinnu, þá sýnist ekki til mikils mælst, þó að þingið liti á nauðsyn þessara sveitarfjelaga. Þar að auki urðu ærin mistök frá hálfu stjórnarinnar á útvegun verkfæra og sprengiefnis: verkfærin voru ljeleg og sprengiefnið lítt nothæft, og þess vegna gekk vinnan miklu ver en ella mundi.

Þetta var fjárveitinganefndinni ekki svo kunnugt sem skyldi, þegar hún feldi niður liðinn; nefndin leit svo á, að hjer væri eingöngu að ræða um eftirgjöf á láni, og á það vildi hún ekki fallast; mjer var því ekki heldur fullkunnugt um málavöxtu, en hefi síðan fengið betri vitneskju um þá. Það má segja, að hjer hafi farið allmikið fje í súginn, en svo hefir og víðar verið, þar sem dýrtíðarvinna var unnin, og hefir landssjóður hlaupið undir bagga og lagt allmikið fje fram til kolanáms, en haft lítið í aðra hönd. Þannig styrkti þingið til kolanáms í Gunnarsstaðagróf, og stóð þó fjelag einstakra manna fyrir því. Þegar litið er á ýmsa aðra dýrtíðarvinnu, sem kostað hefir landið ærna fje, þá sýnist margt mæla með, að það sje veitt, sem hjer er farið fram á. Maður sá, er stjórnin sendi til leiðbeiningar við kolanámið, reyndist misvitur í tillögum sínum, og hallinn af verkinu varð meiri af því, að eftir hans ráðum var farið, en ella mundi hafa orðið. Það er ekki svo að skilja, að jeg telji stjórnina eiga sök á þessu; afskifti hennar af málinu hafa sjálfsagt verið í góðu skyni gerð. Jeg þakka hv. frsm. (B. J.) fyrir ummæli hans um málið, og jeg vona, að hv. deild lofi liðnum að standa eins og hann er í frv., því að það er sanngjarnt. Brtt. hv. þm. Barð. (H. K.), um niðurfærslu þessarar fjárveitingar í 12,000 kr., er samkomulagstillaga, sem er stórum betri en að liðurinn sje niður feldur,

þótt jeg hins vegar óski, að upphæðin fái að standa óbreytt, eins og hún er í frv.

Þá skal jeg minnast á till. fjárveitinganefndar um, að Guðmundi Hjaltasyni í Tröð í Álftafirði sjeu veittar 1000 kr. í viðurkenningarskyni fyrir bjargráð við menn í sjávarháska. Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hefir talað svo vel fyrir þessari till., að jeg hefi þar litlu við að bæta. Umsókn þessari fylgdi vottorð tveggja manna, og sjálfum mjer er kunnugt um alla skiptapana, nema einn, sem varð áður en jeg kom vestur. Síðan hefir hann bjargað mönnum af 4 skipum, tveimur og þremur í senn. Mundi það hafa verið á fárra færi annara en hans að bjarga skipshöfnum þessum, því að hann var afburðamaður að dugnaði og formensku. Nú er maður þessi á sjötugsaldri og bláfátækur, og mundi það gleðja hann mjög að fá þessa viðurkenningu á gamalsaldri.

Það er rjett hjá hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að sá styrkur er maklegri en margur annar, sem veittur er fyrir að hafa bjargað mörgum mannslífum; og skiptapar eru svo tíðir hjer við land, að öllum ætti að vera ljúft að sjá það í einhverju við þá, sem auðnast að draga úr manntjóni því, er þeir valda.

Matthías Ólafsson: Jeg bað um orðið af því, að nú eru ekki nema tveir úr fjárveitinganefnd auk mín viðstaddir, og báðir hafa þeir horfið frá að fylgja fram þeirri till. fjárv.nefndar, að liðurinn um styrkveitinguna til Gilsnámu í Hólshreppi falli niður. Nefndin var öll óskift um þessa till., en eins og háttv. deild hefir heyrt, eru tveir nefndarmanna þegar horfnir frá henni. Þrátt fyrir það hefi jeg ekki farið eins að, og síst hefir ræða hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) orðið til að hagga minni skoðun; miklu fremur hefir hún sannfært mig um, að jeg hafi á rjettu að standa, er jeg held fast við það, að liður þessi eigi að falla niður.

Háttv. þm. (S. St.) lagði aðaláhersluna á, að kolanámið hefði farið fram að tilhlutun landsstjórnarinnar, og að hún hafi lánað mann til þess að leiðbeina við það, en að sá maður hefði ekki reynst heppilegur. Það hefir verið sagt, að hann hafi látið hætta að vinna í holu, sem að vísu hafi ekki verið góð, en vísað á aðra, sem hafi þó verið mun lakari. Þetta eiga að vera meðmæli með því, að landssjóður gefi eftir lán, sem hann veitti til námurekstrarins. Eftir þessu ætti þá landsjóður að greiða bætur fyrir, ef ráðunauta hans hendir það, að leggja á ráð, sem miður þykja reynast.

Þá hefir og verið talað um, að landssjóður hafi lagt til verkfæri til vinnunnar. Á hann þá að veita styrk fyrir það?

Það er auðvelt að sýna fram á samræmið hjer, eða öllu heldur samræmisleysið.

Í fyrra var farið fram á ofurlítinn styrk til kolanáms í Súgandafirði, og þá var synjað um það. Þótt lán hefði fengist til þessa, þá mundi mjer aldrei hafa komið til hugar að biðja um uppgjöf á því, og jeg mundi ekki fara fram á slíkt, þótt kjósendur mínir færu fram á það. En til þess kom nú ekki með þetta, því að þeim var synjað um hjálpina, og urðu því að vinna verkið upp á eigin spýtur, og urðu svo að bera tapið, af því að þeir voru ekki svo hepnir að fá lán, er þeir gætu síðar komist hjá að borga, með því að leita eftirgjafar á því. Jeg er mótfallinn allri eftirgjöf á landssjóðslánum, nema ef vera skyldi hallærislánum, þegar svo stendur á. Og þetta verður aldrei gefið eftir með mínu samþykki, þótt það væri að vísu ekki verra en ýmsar aðrar eftirgjafir lána.

Það lítur helst út fyrir, að ætlast sje til, að því fremur sje gefið eftir af landssjóðsláninu, sem landssjóður, auk þess að leggja

fram fje, lánar verkfæri til vinnunnar. Þessi ágengni þykir mjer ganga úr hófi.

Hákon Kristófersson: Síst kom mjer til hugar, að brtt. mín á þgskj. 972 mundi leiða af sjer aðra eins rimmu og raun er á orðin. Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) gerði svo góða grein fyrir till., að jeg hefi litlu þar við að bæta.

Mikið af ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) var útúrsnúningur, sem þarflaust er að gefa gaum. Háttv. þm. (M. Ó.) sagði, að ræða háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefði ekki sannfært sig. Skal jeg ekki rengja það, en það sýnir ekki annað en að háttv. þm. (M. Ó.) lætur ekki sannfærast af góðum og gildum rökum.

Jeg skoða þessa fjárveitingu ekki sem eftirgjöf af láni, heldur sem styrk til að framkvæma dýrtíðarráðstöfun. Það er líkt háttað með þetta og með Tjörnesnámuna, sem landssjóður varð að taka að sjer vegna styrjaldarinnar.

Háttv. þm. (M. Ó.) sagði, að það væri ósamræmi að veita þessum mönnum eftirgjöf, en öðrum ekki. En jeg segi, að það sje einmitt til að koma á samræmi, og skal jeg í því sambandi minna á Eskihlíðarvinnuna og Hafnarfjarðarveginn. Vinnan á báðum þessum stöðum var sumpart dýrtíðarvinna til hjálpar fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð. Um líkt er hjer að ræða, að því er snertir Ísafjörð og Bolungarvík.

Enn er eins að gæta. Vegna kolanámsins í Gilsnámu nutu Ísfirðingar minni niðurfærslu á landsjóðskolunum tiltölulega en aðrir, því að þeir höfðu kolin úr námunni. Sparaðist landssjóði fje við þetta.

Till. fjárveitinganefndar um að synja um styrk þennan mun ekki vera af sparnaði einum sprottin, heldur af ástæðum, sem ekki hæfir að nefna hjer í deildinni.

Að lokum skal jeg minna á, að styrkur var veittur til kolanáms í Strandasýslu og að þar stóð líkt á og hjer. Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) dæmdi um mál þetta af þekkingu, og fyrir því ætti háttv. deild að beygja sig.

Sigurður Stefánsson: Meðan háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) var að flytja ræðu sína, datt mjer í hug þessi setning úr Heljarslóðarorustu: „Þá hló kammerráð eitt á Vesturlandi svo hátt, að hvalir hlupu á land í Trjekyllisvík.“ Slíkan hávaða hefi jeg ekki heyrt nýlega í þingsalnum. Háttv. þm. (M. Ó.) hjet á allan þingheim að duga, rjett eins og ættjörðin væri í voða stödd, og hann ætlaði að bjarga henni með bægslagangi sínum.

Í mínum augum er þetta nú ekki það stórmál, að ástæða sje til að ganga af göflunum vegna þess með hávaða, fjarstæðum og fáryrðum. Annað eins og þetta hendir sjaldan minn góða vin og sessunaut. Það má segja líkt um hann og Einar Þambaskelfir sagði forðum: „Þá hefir Erlingur hræddur verið“. Hv. þm. (M. Ó.) hefir verið hræddur um, að þessari till. mundi hyrja betur en styrkbeiðni hans í fyrra til kolanáms í Súgandafirði. Jeg greiddi atkv. með þeirri beiðni, og væri það því ósamræmi, ef jeg styddi ekki þessa líka.

Háttv. þm. (M. Ó.) þótti hart, ef landssjóður ætti að bíða halla af þessu fyrirtæki. En það er einmitt það, sem hann hefir orðið að gera á þessum styrjaldar og dýrtíðartímum. Þeir hafa kostað landssjóð svo hundruðum þúsunda króna hefir skift. Háttv. þm. (M. Ó.) mun eflaust átta sig á þessu, ef hann lætur ekki geð sitt hlaupa með sig í gönur. Hann man eflaust eftir Tjörnesnámunni, Hafnarfjarðarveginum og Öskjuhlíðarvinnunni, að jeg ekki nefni fleira.

Jeg gat þess að eins, að það hefði verið fyrir áeggjan manns, sem stjórnin sendi, að kolanna var leitað á óheppilegum stað. Það má segja, að þar hafi verið of lengi unnið, en víst má þó virða það til vorkunn-

ar, þar sem trúnaðarmaður stjórnarinnar hafði ráðið til þess; enda mátti skoða það sem skipun af stjórnarinnar hendi, þar sem hennar maður lagði svo fyrir, að hætta á þeim stað, sem vinnan var hafin á, og hverfa að hinum, sem miður reyndist.

Hjer er ekki um eftirgjöf á láni í venjulegum skilningi að ræða, heldur hitt, að stjórnin hlaupi undir bagga með þessum mönnum, sem öðrum fleiri, og ljetti lítið eitt undir með þeim, vegna halla þess, er þeir biðu við að ráðast í óarðvænlega vinnu, til að ráða fram úr eldsneytisskortinum.

Jeg hefi nú fengið upplýsingar um verðið á kolunum úr námunni; þau voru seld á 12—15 kr. skippundið á staðnum, eða um 20 kr. skippundið á Ísafirði. Þetta mun verða talið fullhátt verð, þegar þess er gætt, að þessi kol eru ekki annað en surtarbrandur.

Jeg hefi ef til vill ekki tekið það fram, að verkfærin, sem að láni voru fengin, hafa verið borguð fullu verði.

Jeg sje enga ástæðu til að tala um mál þetta af nokkrum æsingi. En það verð jeg að telja, að þessi fjárbeiðni eigi við eins góð rök að styðjast eins og margar aðrar, sem þingið hefir tekið til greina. Það hygg jeg að viðurkent muni verða, að við Vestfirðingar höfum ekki verið handalangir í landssjóð, en þykjumst hins vegar greiða okkar hluta gjalda í landssjóðinn, og að því leyti sje þessi litla fjárveiting til þeirra ekki órjettmæt.

Matthías Ólafsson: Jeg þarf ekki miklu að svara undangengnum ræðum, því að í þeim hefir verið gnægð af vindhöggum, en lítið röksemda; get jeg því alveg látið það liggja milli hluta. Jeg mundi jafnt hafa greitt atkvæði gegn 15,000 kr., 10 kr. eða 5 kr. eftirgjöf á láni þessu, því að fyrir mjer er málið „princip"-mál. Jeg vil ekki, að neinar eftirgjafir, slíkar sem þessar, eigi sjer stað af landssjóðs hálfu, hvort sem þær eru stórar eða smáar. Tillaga hv. þm. Barð. (H. K.) hefir því ekki minstu áhrif á mig. Aðdróttunum hv. þm. (H. K.) til nefndarinnar vísa jeg aftur til hans sjálfs. En má ske sannast hjer hið fornkveðna: „Maður þekkir mann af sjer."

Jeg vík ekki frá því, að skoðun mín sje rjett í þessu máli, hvernig sem vinur minn, hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) lítur á það. Og enginn má ætla, að jeg greiði atkvæði gegn skoðun minni. Jeg veit annars ekki betur en að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sje yfirleitt á þeirri skoðun, að eigi sje rjett, að landssjóður greiði gjald fyrir glappaskot sveita eða sýslufjelaga, eða vanrækslu þeirra. Þannig mun það hafa verið, þegar heimtað var allmikið fje úr landssjóði til viðgerðar á Ölfusárbrú, sem sýslufjelögin höfðu vanrækt að halda við. (*S. St.*: Jeg greiddi þó atkvæði með því.) Hvað sem því kann að líða, munum við báðir geta orðið samdóma um, að það sje ósæmilegt betl að leita lána í landssjóð með það á bak við eyrað, að losast við að endurgreiða lánið að einhverju eða öllu leyti. Móti slíkum eftirgjöfum mun jeg jafnan verða; það er ekki heiðarlegt að hafa út fje á þann veg; og mjer rennur í skap, þegar jeg verð þess var, að slíkt á að leika. Lái mjer það hver sem vill.

Að verkfæri hafi verið keypt, en ekki fengin að láni, breytir engu. Þeir geta eigi hafa fengið þau með öðru móti en að borga fyrir þau.

Þeir, sem yfirleitt geta fengið af sjer að greiða atkv. með því, sem ósanngjarnt er, geta greitt atkv. með þessu. En þetta og þvílíkt er á móti mínu skapi, og jeg hygg allra hugsandi manna í landinu. Slíkan hugsunarhátt á ekki að ala upp í fólki.

Gísli Sveinsson: Jeg ætla hjer ekki í neinn kolamokstur, og mjer hefir ekki hitnað svo af kyndingu þeirri, er hjer

hefir fram farið um skeið, að jeg sje í neina geðshræringu kominn.

En jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt., sem mjer skilst, að hv. fjárveitinganefnd, að meiri hluta, hafi hallast að, við 15. gr. 23. c., að styrkur sá, sem þar er ánafnaður einum orðabókarmanninum, Þórbergi Þórðarsyni, sje hækkaður upp í 1800 kr. Þessi maður, Þórbergur Þórðarson, hefir sótt um 1800 kr. veitingu, eða 1200 kr. hækkun. Hefir hann haft 600 kr. undanfarin ár til að vinna að íslensku orðabókinni. En fyrir þessar 600 kr. hefir hann, sem að líkindum ræður, ekki getað unnið neitt slíkt, er vera ætti og hann hefði sjálfur viljað.

Þessi maður hefir verið tekinn af Alþingi til að vinna við orðabókina, sem Alþingi hefir um hríð veitt, og veitir vænt anlega áfram, fje til. Og meining Alþingis mun vera, að þetta verk sje sæmilega unnið. Það, sem hann sjerstaklega hefir haft með höndum, er að safna orðum úr íslensku alþýðumáli, sem ekki hafa komið í orðabækur áður, nje heldur aðrar bækur. Það gefur að skilja, að mikill fjöldi orða íslenskrar tungu finst alls ekki í bókum og ritum, heldur að eins í mæltu máli. Það er mesti fjöldi orða, sem aldrei hefir verið skrifaður, nema þá ef til vill í brjefum manna á milli. Sum þessi orð eru einkennileg og æfagömul, og bera vott um sjerstaka menningu á sumum stöðum, og sjerstakt íhald á sumum stöðum, sem sjálfsagt er, í menningarskyni, að varðveita.

Það er líka hverjum ljóst, að ef ræða er um fullkomna orðabók, sem menn munu ætlast til, og Alþingi sjálfsagt vill að verði, þá getur þetta ekki orðið fullkomin orðabók, nema alþýðumálsorðin sjeu tekin með. Þess vegna hefir þessi maður fengið veitingu á starfi við orðabókina, að hann á sjerstaklega að vinna að þessu starfi. Nú hefi jeg ekki heyrt nokkurn efast um, að þessi ungi maður sje allra manna færastur að vinna þetta verk. Hann hafði sýnt alveg einstakan áhuga á þessu starfi áður en hann var ráðinn að orðabókinni. Hann er efni í einstakan fræðimann, auk þess sem þar er um mjög einkennilegar gáfur að ræða á mörgum sviðum.

Þessu starfi er svo háttað, að maðurinn verður að ferðast um meðal almennings og safna orðum. Til þess þarf mikla nákvæmni og ástundun. Sá, er það gerir, getur ekki gert það að marki, nema hann sje vel fróður og vel lærður. En tíminn, sem að þessu verður unnið, er að sumrinu, og má ekki minni vera en 4 mánuðir sumarsins. Þegar þess er gætt, að sumartíminn er sá tími, sem von er um atvinnu, sæmilega borgaða, þá er ljóst, að þeim tíma yrði niður slept af honum, ef hann fengi sæmilegan styrk til starfans. En ella yrði hann að sleppa þessum tíma, ef hann yrði að nota sumarið til að hafa ofan af fyrir sjer, og væri þá ver farið en heima setið. Hann gæti þá ekki gert þetta, sem hann er að kominn og manna færastur til. Jeg tel þess fulla nauðsyn, að honum sje gert kleift að ferðast um 4 mánuði að sumrinu og safna orðum. En það er jafnvíst öllum, er til þekkja, að þetta næst ekki, nema einu sumri sje varið á hvert einstakt svæði. Á veturna vinnur hann að því, að raða orðunum, skipa þeim niður, vinna að hinum vísindalega hluta þessa verks. Og yrði þó með þessum styrk, 1800 kr., um það að ræða, að þessi maður yrði að stunda einhverja aðra atvinnugrein með, til þess að geta lifað.

Þessi maður, Þórbergur Þórðarson, hefir farið fram á alls 1800 kr. Það er svo hóflegt, að það er alveg einstakt í styrkbeiðnum, að menn vilji vinna svo mikið starf fyrir slíkt kaup. En það er kunnugt þeim, er til þekkja, að þessi maður er einkar sparsamur og gerir ekki miklar kröfur til lífsins. Mun hann framfylgja

því eftirleiðis, að gera ekki háar kröfur, en inna eitthvert starf af höndum fyrir það fje, sem honum yrði veitt.

Hygg jeg því, að hv. Ed. hafi ekki tekið upp 1800 kr. fjárveitingu af því, að henni hafi ekki verið það ljóst, að minna gat hjer ekki komið til mála, og líka af því, að þá var ekki búið að samþykkja að efna til orðabókar á þann hátt, sem nú hefir orðið ofan á. Því að sjálfsagt er það svo, að hv. deild hefir ætlast til, að vel væri að verkinu unnið. Nú hafa verið ráðnir 2 menn aðrir, og þarf þá að vera í þessari grein einn maður, vel fær. Þarf þá að gera honum mögulegt að vinna þannig, að eitthvert viðlit sje, að það komi að haldi.

Vona jeg því, að hv. deildarmenn taki þessari till. ekki ver en hv. fjárveitinganefnd hefir gert, en fylgi henni að meiri hluta. Meira er ekki krafist.

Hákon Kristófersson: Það sýndist svo, að jeg hefði móðgað hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) með ummælum mínum áðan. Jeg sagði ekkert um það, að hann hefði ekki minst á till. mína, en ummæli hans stóðu í svo nánu sambandi við hana, að ekki virtist neitt óþinglegt að minnast á þau.

Hv. þm. (M. Ó.) sagði, að hann gæti ekki verið með þessari málaleitun, af því að hann væri á móti „principinu“. Jeg skil ekki, hvernig hann getur litið svo á, jafnvitur maður. Jeg sje ekki, hver „princip“-munur er á því, að veita styrkinn eftir á eða fyrirfram. Það er ekki langt síðan hv. þm. sótti um styrk í sama skyni handa hreppi í hans kjördæmi. Jeg var því líka fylgjandi, og skammast mín ekkert fyrir, því að mjer virtist sú málaleitun hv. þm. (M. Ó.) fullkomlega þess makleg, að hún næði fram að ganga.

Hann kvað mig hafa farið með getsakir, eins og oft áður. En jeg vil í því sambandi leyfa mjer að benda honum á:

„Maður, líttu þjer nær,
liggur í götunni steinn.“

Því að jeg veit ekki hvað eru getsakir, ef ekki það, að beina því að mönnum, að þeir sjeu að narra út fje að láni hjá landssjóði, með þeim ráðnum hug, að borga það aldrei aftur. Þetta tel jeg meiri getsakir en þótt jeg segði, að svo liti út fyrir, að hjer lægju að baki einhverjar þær hvatir, er maður kynokaði sjer við að nefna í þingsalnum.

Hvernig sem fer um þetta mál í deildinni, verð jeg að líta svo á, að þá sje fult samræmi í gerðum þings og stjórnar, ef styrkur þessi er veittur þessum hjeruðum, eins og mörgum öðrum í líku skyni. Þó að jeg virði alla sparnaðarviðleitni, virðist mjer sjálfsagt að gæta þess, að öllum hjeruðum sje sýnd sama sanngirni. Að jeg færi styrk þennan niður í 12 þús. kemur af því, að menn myndu, sparnaðar vegna, frekar fallast á það en 15 þús., jafnvel þótt sú veiting hv. efri deildar sje í alla staði rjettlætingarverð, eins og vænta mátti, þar sem jafnmætir og ágætir menn fjölluðu um.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) tók rjettilega fram margt um ýmislegan kostnað og óhagræði, er fyrirtæki þessu mætti. Því vil jeg þó bæta við, að meðal annars, er gerði það að verkum, að hallinn varð eins gífurlegur og raun hefir á orðið, var það, að þrír mánuðir fóru algerlega í ýmsar rannsóknir, sem lutu að því, hvar heppilegast væri að byrja á námunni. Þessar rannsóknir voru gerðar samkvæmt fyrirmælum þeirra manna, er stjórnin fal að rannsaka námuna, því eins og tekið hefir verið fram, þá átti hún aðalþáttinn í því, að á henni var byrjað. En auðvitað er ekki stjórninni um það kent, þótt hún fyrirskipaði framkvæmdir. En þar sem af því leiddi tap, þá er ekki nema rjett, að þingið hlaupi hjer undir bagga með hjeraðinu. Sá baggi er nógu þungur, þótt hjer-

aðið greiði ekki nema 40,000 kr. af þeim halla, sem vitanlegt er að hefir orðið á kolagreftinum.

Matthías Ólafsson: Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. (H. K.) talaði um, skal jeg taka það fram, að það, sem jeg vítti, var það, að því var dróttað að fjárveitinganefnd, að eitthvað annað en skoðanir hefðu ráðið afstöðu hennar. (*H. K.*: Það getur ekki verið „principið"!) Vill ekki þingmaðurinn þegja, meðan annar talar, sem leyfi hefir til þess. Það á ekki að bregða mönnum um slíkt, síst þegar þeir hafa ekki haldið öðru fram en því, sem byggist á meginskoðunum þeirra. Menn víkja ekki frá meginskoðunum sínum, nema þeir fái á sig vindhanaorð. En það orð hefi jeg aldrei haft á mjer. Jeg hefi jafnan haft og hefi ákveðna skoðun í þessu máli. Jeg vil ekki, að sveitarfjelög eða aðrir fái lán úr landssjóði án þess að borga aftur. Það gæti helst komið til mála, ef um hallærislán væri að ræða, að einhverjum hreppum Barðastrandarsýslu væri gefið upp, ef þeir væru komnir „á kúpuna".

Ef þessari deild yrði það glapræði á, að samþykkja að gefa upp þetta lán, þá mun það vera af því, að hún er nokkrum sinnum áður búin að drýgja þessa yfirsjón. En þá væri henni best að snúa sem allra fyrst frá villu síns vegar.

Þótt þessi málaleitun hefði komið úr mínu eigin kjördæmi, hefði jeg verið á móti henni. Hún stríðir gegn mínu eðli. Jeg vil, að hver borgi sína þörf. Sjá menn það, er þeir líta á afstöðu mína til annara mála. Jeg vildi hækka læknataxtann, af því að jeg vil, að þeir, sem læknis þurfa, gjaldi honum sjálfir. Jeg vil, að menn borgi sjálfir prestum, er þeir vilja hafa.

Verði þessi tillaga samþykt, sem jeg í lengstu lög vona að ekki verði, þá fæst enn þá ný átylla til að geta sjer þess til, að þingmenn skoði landssjóðinn sem einskonar hrossskrokk, og þá um leið einkaerindi þeirra á þingið að kroppa eins og hrafnar af beinunum, og þá auðvitað hver þeirra sem mest handa sínu kjördæmi.

Sigurður Stefánsson: Styttri athugasemd en hv. síðasta ræðumanns. Þótt hann jafni okkur þm. við hrafnahóp, mun hann sjálfur ekki aftastur í þeirri lest. Hjer er ekki að ræða um neina eftirgjöf á láni, heldur styrk upp í halla á verki. Er sú málaleitun í fullu samræmi við það, er þingið hefir áður gert, er ræða hefir verið um dýrtíðarvinnu og mistök á henni. Er öðru nær en að hlutaðeigendur hafi í þetta ráðist af eigin hvötum. Það var beint eftir bendingu þess manns, er var fulltrúi stjórnarinnar. Vegna ráða hans varð þessi halli á verkinu. Þau reyndust ekki vel.

Það var að eins þessi athugasemd. Og jeg endurtek það, að jeg tek mjer ekki nærri að vera einn í hrafnahópnum, þegar eins góður maður og hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) er þar með.

Hákon Kristófersson: Jeg vildi bara taka það fram, að þó að jeg virði hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) mikils, þá vil jeg alveg vísa frá mjer, að jeg sje einn af þeim 40 hröfnum, sem rifið hafa í sig landssjóðinn eins og hestskrokk. Allra síst hefi jeg gert það til eigin þarfa, og ef hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) er eins laus við það, má hann vel við una.

ATKVGR.
um 15.—24. gr. frv.
Brtt. 970,14. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 978. feld með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. A., G. Sv., J. J., M. P., S. S., St. St., Þorst. J.

nei: Þór. J., B. K., B. St., E. Árna, H. K., J. M., J. B., M. G., M. Ó., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.
Þrír þm. (B. Sv., E. J. og P. J.) fjarstaddir.

Brtt. 970,15. samþ. með 13 : 5 atkv.
— 969. — — 14 shlj. atkv.
— 970,16.—19. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 970,20 samþ. án atkvgr.
— 971. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 970,21. feld með 12 : 8 atkv.
— 970,22. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 970,23. — — 15 : 6 atkv.
— 970,24. feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þór. J., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., Ó. B.
nei: St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. K., H. K., J. J., J. M., J. B., P. Þ., S. S., S. St.
Tveir þm. (B. Sv. og E. J.) fjarstaddir.

Brtt. 972. samþ. með 17. shlj. atkv.
— 970,25. — — 14 — —
— 979. — — 18 — —
— 977. — — 16 — —
— 970,26.–27.— — 20 — —
— 970,28. — — 13 : 4 atkv.

Frv., svo breytt., samþ. í e. hlj. og endursent Ed.

Á 66. fundi í Ed., föstudaginn 26. sept., kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921,

eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 986).

Á 67. fundi í Ed., s. d., kl. 4 síðdegis, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 986).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Eins og háttv. deildarmenn sjá, liggja hjer ekki fyrir neinar brtt., hvorki frá fjárveitinganefnd nje einstökum mönnum. Bendir þetta í þá átt, að frv. muni ætlað að ganga fram, eins og það liggur fyrir. Veit jeg það þó, hvað fjárveitinganefnd snertir, að það er ekki af því, að hún sje ánægð með frv.

Ef litið er á útkomurnar, sjest, að háttv. Nd. hefir tekist það á þessum stutta tíma, sem hún hafði málið síðast til meðferðar, að hækka gjöldin um 173 þús. og 200 kr., að því er mjer telst til. Reyndar verður tekjuafgangurinn líka miklu hærri hjá Nd. en hjer, en það stafar ekki af sparnaði hennar, heldur af því, að hún hefir hækkað tekjuáætlunina um 500 þús. kr.

Eftir þessari útreið frv. í Nd. að dæma, mætti því búast við því, að hagurinn batnaði ekki við það, að þvæla frv. lengur og láta það hrekjast í Sþ. Gjöldin mundu sjálfsagt hækka frekar en lækka við þá meðferð. Því auk þess, sem flestir útgjaldaliðirnir, sem við hafa bæst, hafa verið samþ. með svo yfirgnæfandi meiri hluta í Nd., svo að vonlaust væri að reyna að hnekkja þeim, þá er við búið, að nýir útgjaldaliðir kynnu að bætast við í Sþ.

Þó að það hafi þess vegna lítið að segja, að jeg fari nokkrum orðum um þau atriði, sem helst eru mjer og fjárveitinganefnd þessarar deildar yfir höfuð þyrnir í augum, get jeg samt ekki látið hjá líða að benda á nokkra liði, sem virðast helst farið hafa aflaga í hv. Nd.

Fyrst skal jeg þá geta um annan lið 23. gr. Þar er sem sje farið inn á þá mjög varhugaverðu braut, að veita eftirlaun, við að eins eina umr. Jeg segi þetta ekki af því, að maðurinn, sem hjer er um að ræða, geti í sjálfu sjer ekki verið launanna verður,

eins og margir aðrir. En það er aðferðin, sem mjer geðjast ekki. Og þegar maðurinn er einu sinni kominn þarna, þarf ekki að gera ráð fyrir því, að farið verði að stryka hann út aftur. Það má líka í þessu sambandi minna á þá erfiðleika, sem stallbróðir hans, Björn Kristjánsson, átti við að stríða til að ná sínum eftirlaunum. Jeg man ekki betur en að það hafi kostað níu umr. í þinginu. En hjer eru eftirlaun stallbróður hans veitt við að eins eina umr. og hygg jeg, að mönnum dyljist ekki, að hjer er varhugavert spor stigið.

Þá eru ýmsir útgjaldaliðir, sem jeg á erfitt með að sætta mig við, svo sem hækkunin til póstmanna, sem mun vera gerð eftir beiðni sambandsstjórnar starfsmanna landsins. Skal jeg ekki fjölyrða um það nú, en vísa til þess, sem jeg hefi áður um það sagt. En þó vil jeg benda á það, að engin þörf virðist hafa verið á því að bæta upp laun póstafgreiðslumanna í sveitum, frekar en þegar var búið að gera. Því í sumum tilfellum var nýsamið við þá, og í flestum tilfellum mun þetta vera lítið aukastarf, og margir mætir menn, sem eftir því keppa. Og ef þessum mönnum er bætt upp, þarf enginn að ímynda sjer, að brjefhirðingamenn sætti sig við sín kjör. Þeir koma að sjálfsögðu á eftir.

Þá tel jeg það varhugaverða braut, sem stigin er í 14. gr. II, að veita íslenskum stúdentum námsstyrk erlendis. Það er þó ekki af því, að margir þeirra muni ekki hafa styrksins þörf, heldur af hinu, að jeg hygg, að þetta gæti leitt ilt af sjer. Jeg get sem sje búist við því, að ýmsir stúdentar láti ginnast af þessari fjárvon til að sigla, eyði þar 1—2 árum til ónýtis og komi svo hingað aftur, án þess að hafa nokkurn verulegan gróða haft af utanförinni. Hitt væri nær, að veita styrkinn stúdentum, sem búnir eru að stunda nám í 1—2 ár og einhver festa væri komin í, að því er nám snertir. Annars hafði jeg haldið, að slíkan styrk sem þennan ætti ekki að taka upp í fjárlögin, heldur mundi háskólasjóðurinn eiga að bera hann. En ef lög háskólans skyldu vera þessu til fyrirstöðu, virðist auðsætt, að þeim verði að breyta.

Þetta eru, að mínu áliti, stórvægileg atriði í frumv. Hitt er smávægilegra, þótt fjárveitinganefnd og Nd. hafi látið sjer vera svo fast í hendi með, að augnlæknirinn sje svo miklu hærri en aðrir læknar við háskólann. Það er öllu varhugaverðara, að háttv. Nd. hefir hækkað aukalækninn á Ísafirði upp í 4000 kr. á ári, svo hann hefir 4000 kr. styrk, auk 800 kr. laun, sem aukalæknir, eða með öðrum orðum, laun hans hafa verið sexfölduð, því þar sem segja má, að hjer sje um einskonar biðlaun að ræða, þá er þessi hækkun fjarska mikil. En þrátt fyrir þessa og aðra galla frumv., þá sjer nefndin sjer ekki annað fært en að leggja til, að að því sje gengið og það samþykt óbreytt, með því að hjer má segja um, að lengi geti ilt versnað.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 : 1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 996).

---

2. Innflutningsgjald af síldartunnum.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bráðabirgðainnflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær (A. 17).

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): 6. mars 1919 voru þessi bráðabirgðalög gefin út. Ástæðan til þess, að þau voru gefin út, var sú meðal annars, að hjer á landi lá mikið af dýrum tunnum, og var því þeim, er þær áttu, erfitt að keppa við þá, sem fengu ódýrari tunnur. Þótti því rjett að leggja skatt þennan á, og jafnframt var það gert til þess að útvega landssjóði tekjur.

Það er ekki unt að segja fyrir, hve miklar tekjur muni af þessu fást, en jeg skal geta þess, að útlit er fyrir, að innflutningur á tunnum muni ekki verða eins mikill og venjulega. Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) í e. hlj.

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 14. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 60).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Eins og nefndarálitið á þgskj. 60 ber með sjer, leggur fjárhagsnefnd það til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Það er töluvert annað, sem liggur að baki þessu frv., heldur en öðrum tekjuaukafrv., sem sje það, að þegar bráðabirgðalög þau, sem hjer er farið fram á að Alþingi samþykki, voru gefin út, voru hjer á landi birgðir allmiklar af síldartunnum frá fyrra ári. Þessar tunnur voru í svo háu verði, að hægur leikur er að flytja nú inn tunnur, sem verða ódýrari, og standa því þeir, sem nú kaupa tunnur, mun betur að vígi heldur en þeir, sem tunnur eiga frá því í fyrra. Það er því ekki nema rjettlátt og nauðsynlegt að leggja toll á þær tunnur, sem inn verða fluttar, til þess að jafnvægið raskist ekki um of. Og jeg fæ heldur ekki skilið annað en að Norðmenn, Svíar og aðrir útlendingar hljóti að skilja, hvernig á þessum skatti stendur, enda hvílir þessi skattur einnig á þeim Íslendingum, sem flytja inn síldartunnur á þessu ári. Það hefir heyrst, að vísu, að útlendingar hafi í hyggju að salta síld sína utan landhelgi, og það er ekki laust við, að farið sje að bóla á því, en jeg fæ ekki skilið, hvernig það getur orðið alment, því það hlýtur að hafa mikinn kostnað og óþægindi í för með sjer. Það leiðir af sjálfu sjer, að það verður að ganga ríkt eftir, að þessi tollur verði greiddur, því þá getur orðið talsverður tekjuauki að honum, þó ekki sje gott að ætla á, hversu mikill hann verði.

Jeg sje ekki ástæðu til að hafa lengra mál um þetta frv. Nefndin álítur, að rjettast sje að samþ. það breytingalaust, enda er erfitt að fara nú að breyta því, þar eð farið er að framkvæma lögin eins og stjórnin gerði þau úr garði.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg stend að eins upp til þess að þakka háttv. fjárhagsnefnd fyrir það, hversu vel hún hefir tekið í þetta frv. og hversu hún hefir orðið við þeirri ósk minni, að flýta því sem mest. Jeg vona sömuleiðis, að háttv. Alþingi hraði þessu máli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2.—3. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 17).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg vildi að eins gefa háttv. deild þær upp-

lýsingar um gjald þetta, að samkvæmt skýrslu frá bæjarfógetanum á Akureyri eru nú þegar komnar inn 100 þús. kr. í Eyjafjarðarsýslu, og má víst búast við öðru eins, á þessu ári. Á öðrum stöðum mun einnig koma nokkuð. Að öllum líkindum verður það nærri sanni að búast við 300 þús. kr. alls. Auðvitað verður ekki sagt um það með vissu, en það er þó víst, að tekjuauki þessi verður ekki svo smávægilegur. Þetta tek jeg fram til þess að sýna, að hjer er ekki um smámál að ræða.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 10. fundi í Ed., föstudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bráðabirgðainnflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 94).

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er fremur óvenjulegt að leggja á skatta með bráðabirgðalögum, og stjórnin lítur svo á, að þá aðferð eigi ekki að viðhafa, nema því að eins, að einhverjar sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi.

En nú stendur líka sjerstaklega á. — Þannig er ástatt í landinu, að ýmsir útgerðarmenn áttu fyrirliggjandi miklar tunnubirgðir, er kostað höfðu of fjár, í samanburði við þær, er nú flytjast til landsins, og hefðu þeir útgerðarmenn, er svo var ástatt um, ekki getað staðist samkepni við erlenda útgerðarmenn, er engar tunnur áttu fyrirliggjandi.

Lögin voru því nauðsynleg til þess að vernda innlenda útgerðarmenn, auk þess sem þau afla landinu rjettmætra tekna.

Það er ekki auðið að segja, hve miklu þetta innflutningsgjald muni nema, en ekki er ólíklegt, að svo kunni að fara, að ríkissjóður fái alt að 300 þús. kr.

Þar sem ástæðurnar eru svo brýnar, að vernda síldarútgerðina annars vegar, en hins vegar að afla landinu tekna, þá vænti jeg þess, að háttv. deild taki frv. vel, ekki síður en háttv. Nd., og vísi því til 2. umr.

Guðmundur Ólafsson: Fjárhagsnefnd taldi sjálfsagt, að frv. þessu yrði vísað til hennar, og hefir hún því orðið fyrri til að athuga það. Nefndin hefir orðið sammála hæstv. stjórn og leggur til, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj atkv.

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 94).

Guðmundur Ólafsson: Brtt. hafa engar komið fram, og sje jeg því ekki ástæðu til að ræða neitt um málið nú, en leyfi mjer að mælast til þess, að málið verði látið ganga til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed. föstudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 94).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 165).

3. Framlenging vörutollslaga.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 41, 2. nóv. 1914, laga nr. 15, s. d., og laga nr. 3, 5. júní 1918 (A. 19).

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Í fjárlagafrv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir því, að þeim skattalögum, sem nú eru í gildi, verði ekki kipt í burt. En jafnframt er drepið á hina brýnu nauðsyn, sem á því er að endurskoða skattalöggjöfina. Fyrir þetta þing gat þeirri endurskoðun ekki verið lokið, og þarf ekki að færa rök að því, svo augljóst er það, þar sem stjórnin var önnum kafin við ýms stórmál og á síðasta sumri voru 2 þing, annað í 100 daga, en auk þess var ekki heppilegt að hefja harða hríð um skattameginreglur á þessu þingi, því að vel gæti hún leitt til þess, að lítið kæmist af tekjuaukum í gegnum þingið, en eitthvað fallið af því gamla, en þetta þolir landssjóður ekki. En til bráðabirgða verður því aðallega að hugsa um að ná í auknar tekjur, en endurskoðunin verður að bíða til 1920 og 1921, en á því tímabili ætti henni að vera lokið.

Jeg leyfi mjer að vænta þess, að frv. verði, að lokinni umr., vísað til fjárhagsnefndar.

Bjarni Jónsson: Jeg heyrði hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) geta þess, að stjórnin hefði í athugasemdum sínum lagt til, að þessi tekjulög haldist óbreytt. Jeg skal ekki rengja hana um, að hún vilji ógjarnan láta tekjurnar lækka, og býst við, að hún vilji fremur hækka þær.

Jeg þykist því ekki vera meinsmaður hæstv. stjórnar, þótt jeg lasti þennan toll, sem er þungatollur, og jafnhár af hveitisekknum, er hann nú kostar 70 kr., og hann var þegar sekkurinn kostaði 10 kr., þegar landssjóður samtímis verður að gjalda 4 kr. fyrir eina. Hygg jeg því, að það sje sýnt, að rjett hafi það verið, sem jeg og fleiri vildum, að svo kallaður verðtollur væri tekinn upp í staðinn.

Jeg vona því, að sú nefnd, er mál þetta fær til meðferðar, breyti því í rjett horf, og láti nú ekki framvegis vera sama innflutningstoll af einu pundi af demöntum og einu pundi af lýsissápu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) í e. hlj.

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 14. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 46).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Þetta frv. er enginn nýr gestur hjer á þingi. Oft hefir það verið meðal handa háttv. þm., en sjaldan hefir slíkur tollur verið vel sjeður gestur, enda hefir altaf verið eitthvað að honum fundið. Þetta bendir ótvírætt til þess, að þjóðin öll er farin að heimta, að skattakerfinu verði breytt og komið í betra horf heldur en nú er. Það verður því að vera lögeggjan frá þingsins hálfu, og er það áreiðanlega frá þjóðinni líka, til stjórnarinnar, að undirbúa nýja skattalöggjöf fyrir þingið 1921. Enda er nú fyrir-

heif frá stjórninni um þetta í athugasemdum við frumvarpið. Og afsakanlegt virðist það, þó stjórnin á þessum reikulu tímum hafi ekkert aðhafst, en hjeðan af er engin afsökun til.

Að þessu athuguðu og með þetta fyrir augum álítur fjárhagsnefnd rjett vera að framlengja það form, sem skattalögin nú eru í. Fjárhagur landsins er líka svo kominn, að hann krefst þess, að ekki sje dregið úr þeim tekjum, sem landssjóður á að fá. Það, sem gæti komið til mála fyrir þá, sem óánægðir eru með þennan toll, væri að breyta honum í einhvern annan toll, svo landssjóður misti einskis í. Hv. þm. Dala. (B. J.) drap t. d. á það við 1. umr. málsins, að breyta honum í verðtoll, en því er til að svara, að þar sem það liggur fyrir að gerbreyta skattalöggjöfinni, þá er það varhugavert að fara nú að setja nýjan toll fyrir þetta fjárhagstímabil. Gæti það valdið hinum mesta glundroða að gera þannig bráðabirgðabreytingar, þar sem nú má segja, að innheimta þessa tolls sje nú komin í það besta lag, sem hún hefir nokkru sinni náð, en aftur innheimta á verðtolli háð því eftirliti, sem við höfum alls ekki ráð á, jafnframt því sem verðtollurinn gefur tilefni til hinna mestu tollsvika, með því að koma vörum í hina misdýru flokka, eða dýrari flokkum í ódýrari flokka.

Af þessum ástæðum hefir nefndin lagt það til við hv. deild, að hún samþykki þetta frv. breytingalaust.

Bjarni Jónsson: Mjer þykir það illa farið, að nefndin skuli ekki hafa sjeð sjer fært að fara eftir tillögum mínum í þessu máli, þeim, að fella niður vörutollinn og láta koma verðtoll í staðinn. Jeg hefi altaf verið sannfærður um, að það eitt væri rjettlátt, að leggja toll á eftir verði, en ekki eftir þunga. Það ætti ekki að þurfa, að þessu sinni að fara ítarlega út í þetta, því það ætti að vera öllum augljóst, en þó ætla jeg að rifja upp dæmið, sem jeg tók um daginn. Maður flytur inn í landið eitt pund af demöntum; annar flytur inn í landið eitt pund af lýsissápu. Það sjá allir, að það er með öllu rangt, að þeir skuli báðir vera látnir greiða sama toll. Það er nú mikið talað um tekjuþurð, og hversu landssjóður þurfi að fá meiri tekjur. Nú er þessi tollur greiddur í peningum af hverju innfluttu pundi. Peningarnir hafa, eins og alkunnugt er, lækkað mikið í verði. En hvers vegna á að láta landssjóðinn einan bera skaðann, sem verðfallið veldur? Hann verður þó að gjalda starfsmönnum sínum þann skaða, er þeir hafa orðið fyrir. Það verður því að reikna tekjurnar eftir sama mælikvarða sem gjöldin.

Menn segja, að það mundi koma hart niður á þjóðinni að hækka tolla, í dýrtíð þeirri, sem nú er.

En í fyrsta lagi er þar til því að svara, að þótt tollurinn hækki að krónutali, þá hækkar hann ekki í raun og veru.

Í öðru lagi hljóta öll gjöld, sem í landssjóð renna, að koma frá þjóðinni, því að ekki munu aðrar þjóðir fara að leggja gjald í landssjóð, og þess mun langt að bíða. að þær verði hjer skattskyldar.

Mjer þykir því leitt, að nefndin skuli ekki hafa orðið við tilmælum mínum og breytt gjaldi þessu, þar sem einnig stendur mjög vel á því nú, þegar stjórnin á eftir að semja ný skattalög. En nú getur vel svo farið, að hún verði ekki tilbúin með skattafrv. sitt 1921, og þótt svo yrði, er það ekki víst, að þingið afgreiddi þau lög þá, þar sem málið er allumfangsmikið. Ef til vill verður þess að bíða í ein 5—10 ár.

Hjer verður því alls ekki sagt, að tjaldað sje til einnar nætur. Þess vegna var það næstum sjálfsagt að láta þá breytingu fram fara nú, að koma á verðtolli.

Það hlýtur að standa ómótmælanlegt,

að frá þjóðinni hljóta gjöldin að koma í ríkissjóðinn, en þar með er ekki sagt, að ekki mætti finna annan rjettlátari gjaldstuðul en tollana.

En á undanförandi þingum hefir ekki verið nærri því komandi að fá því breytt. En eins og hv. þm. er kunnugt, hefi jeg aldrei talið tollana annað en lögleyfðan vasaþjófnað; en þó svo sje, tel jeg ekkert geta mælt í móti því, að hafa vit nokkurt í þeim ræningjahætti og taka meira gjald af því, sem meira er vert.

Mjer þykir það undarlegt, að lög þessi skyldu nokkurn tíma vera samþykt, en hitt þykir mjer undarlegra, að þingið skuli liggja á þeim sömu fúleggjum enn þann dag í dag.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. nefnd fyrir það, að hún hefir lagt til að samþykkja frv. þetta óbreytt.

Jeg get vísað til fyrri ummæla minna um endurskoðun á skattalöggjöfinni, sem ætlast er til að fari fram á árunum 1920 og 1921, *en samkvæmt þeim sá stjórnin* sjer ekki fært nú að gera gerbreytingu þá á þessu frv., sem hv. þm. Dala. (B. J.) leggur til, en væntir hins vegar, að hv. deild samþykki frv. þetta, með sjerstöku tilliti til hinnar brýnu tekjuþarfar.

Það er að vísu leiðinlegt, að ekki skuli vera hærri tollur á gullskrauti og glingri heldur en nú er. Og það ætti ekki að vera ókleift að taka það verðmæti út úr og leggja á það sjerstakan skatt. En erfiðleikarnir felast í því, að reynt mundi verða að koma vörum úr þeim flokki yfir í aðra verðminni flokka.

En til þess að hafa fullnægjandi eftirlit með því þyrfti sterkari tollgæslu en nú er.

Annars vildi jeg taka það fram, í sambandi við skattafrv., að það myndi margborga sig að auka tollgæsluna, sjerstaklega hjer í Reykjavík, og vona jeg, að það verði sem fyrst tekið til greina af þinginu.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi ekki farið fram á, að breytt yrði hjer neinni grundvallarstefnu, því að þótt komið yrði á verðtolli, er grundvallarstefnan alveg sú sama, að taka fje úr vösum manna.

Deila um grundvallarstefnu getur því ekki orðið neinum gjaldstofni að bana á þessu þingi. Jeg hefi að eins bent á nýja leið, sem gera mundi þennan vasaþjófnað rjettlátari og hallkvæmari fyrir landssjóð.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) var að afsaka það, að ekki er lagður hærri tollur á gimsteina og skartgripi. En það kemur ekki mínu máli við. Jeg tók það að eins sem dæmi upp á misrjetti það, sem nú á sjer stað.

En slíkt misrjetti kæmi ekki til greina, ef verðtollur væri. Það væri að eins einfalt reikningsdæmi, ef tekið væri ákveðið hundraðsgjald af verðinu. Það var að eins þetta, sem jeg vildi benda á, og jeg tel það víst, að betur yrði framkvæmdur þessi lögleyfði vasaþjófnaður, ef þessu væri komið til leiðar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það, sem jeg tók fram um glysvarninginn, var alls ekki í sambandi við ræðu háttv. þm. Dala. (B. J.). Jeg sagði það að eins af því, að mjer finst það leiðinlegt og órjettlátt, að ekki skuli vera hærri tollur á þeim vörum, en ástæðurnar eru þær, er jeg greindi áðan, of lítið tolleftirlit.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg get fallist á það með háttv. þm. Dala. (B. J.), að verðtollur mundi vera að ýmsu leyti rjettlátari. En jeg get ekki gengið inn á það, að eftir því, sem dýrtíðin eykst, eigi tollurinn að hækka.

Ef nauðsyn bæri til þess, þá yrði að

færa hann yfir á aðra skattstofna en lífsnauðsynjar.

En út í þau atriði skal jeg ekki fara frekar.

En það er eitt, sem mig furðar á. Og það er, hversu háttv. þm. Dala. (B. J.) virðist hafa mist traust sitt á hæstv. stjórn, þar sem hann svo mjög vantreystir henni til að undirbúa skattamálin. Það hefir breyst í honum hljóðið eigi alllítið, því að hingað til hefir hann álitið, að óhætt væri að trúa henni fyrir öllu.

En jeg hefi þá trú, að óhætt sje að treysta henni til þess að undirbúa þetta mál sem fyrst, og jeg lít svo á, að full afsökun sje fyrir því, að það hefir ekki verið gert enn. En það álít jeg rangt, að taka fyrir einn lið og breyta honum, þegar breytingin öll er fyrir dyrum. Þar þarf alt að vera samfara, svo að ekki verði brotið það kerfi, sem farið verður eftir í heildinni.

En þess vildi jeg geta, eins og jeg hefi áður tekið fram, að jeg tel víst, að innheimta á verðtolli yrði lítt möguleg, eins og nú standa sakir. Þar mundi áreiðanlega verða hætt við undanbrögðum, þar sem það skifti svo miklu, að koma vörunum úr einum flokki í annan.

ATKVGR.

1. og 2. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 19).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 10. fundi í Ed., föstudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 44, 2. nóv. 1914, laga nr. 45, s. d., og laga nr. 3, 5. júní 1918,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 93).

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Stjórninni er kunnugt um, að ekki eru svo fáir, sem mótfallnir eru lögum þeim, sem nú eru til umr.

Jeg fyrir mitt leyti sje ýmsa galla á þeim, en hins vegar er það skoðun mín og allrar stjórnarinnar, að á þessu þingi vinnist ekki tími til að endurskoða skattalöggjöfina.

Hins vegar var það ómögulegt fyrir stjórnina að vera búna að endurskoða skattalöggjöfina nú, því tíminn til þess var svo stuttur, en 2 þing síðasta sumar, og inflúensan síðasta haust.

En þótt tími hefði verið til, þá hefði þó eigi verið rjett að endurskoða skattalöggjöfina á þessu þingi. Nú er alt í óvissu, og því ekki rjett að tefla fram ýmsum skattaprincipum og láta þau heyja stríð. Gæti svo farið, að ríkissjóður misti tekjur í þeirri orrustu, en því má hann síst við nú.

Aðalhlutverk þessa þings er að afla ríkissjóði nægilegra tekna. Jafnvel þó ekki verði fundin heppilegasta leiðin, að þessu sinni, verður þó að sjá ríkissjóði farborða.

Halldór Steinsson: Fjárhagsnefnd hefir orðið á undan tímanum við meðferð þessa máls. Hefir hún athugað frv., án þess að því hafi verið vísað til hennar, og aðhylst það. — Ræður nefndin hv. deild til að samþ. frv. og mælist til þess, að því verði vísað nefndarlaust til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 93).

Halldór Steinsson: Jeg hefi ekkert sjerstakt að athuga við þessa umr., en óska frv. góðs gengis til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. — — — 13 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 15. fundi Ed., föstudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 93).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv., og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 166).

---

4. Ríkisborgararjettur.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa. (A. 38).

Á 4. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 5. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta frv. er afleiðing sambandssamningsins, og eru aðalákvæði þess í samræmi við það, sem áður hefir staðið um þetta efni í íslenskum og dönskum lögum, og annars yfirleitt gildir víðast hvar í löndum.

Það, sem er sjerstakt við þetta frv., er ákvæðið um það, hverjir skuli teljast íslenskir og hverjir danskir ríkisborgarar nú, eða frá því að sambandslögin gengu í gildi, 1. des. f. á. Það hefði verið ekki óeðlilegt, að ákvæði um þetta hefði verið sett í sambandssamninginn sjálfan, en það var nú ekki gert, og má því segja, að frv. sje í rauninni viðbót við þann samning, enda er það svo úr garði gert, komið frá ráðgjafareða sambandsnefndinni, sem svo er kölluð, og má því, að nokkru leyti teljast viðbótarsamningur.

Jeg skil ekki, að frv. geti valdið nokkurri óánægju. Þjóðernið er lagt til grundvallar, svo Íslendingar verða íslenskir og Danir danskir ríkisborgarar, þó svo, að Danir, sem hjer voru búsettir fyrir 1. des. f.á., geta fengið íslenskan ríkisborgararjett.

Vona jeg, að Alþingi geti fallist á frv. og þyki það eðlilegt í alla staði.

Jeg legg til, að frv. verði vísað til hv. stjórnarskrárnefndar, og mun gefa henni allar þær upplýsingar, sem hún kann að óska og jeg get gefið um málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til stjórnarskrárnefndar (sjá A. bls. 2014) með 13 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 77).

Jóhannes Jóhannesson: Úr því að hv. ritari nefndarinnar (K. E.) er ekki viðstaddur á fundinum, skal jeg leyfa mjer að vekja athygli á, að nefndin hefir engar efnisbreytingar gert á frv. Nefndin hefir að eins gert fáar og lítilsverðar orðabreytingar. Jeg sje, að hv. ritari nefndarinnar er kominn á fundinn og læt honum því eftir orðið.

Frsm. (Karl Einarsson): Það er engin þörf á löngu máli. Hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) hefir tekið af mjer ómakið og drepið á brtt. nefndarinnar, sem allar eru orðabreytingar, nema 4. brtt. Um hana skal tekið fram, að nefndin vildi greiða fyrir, að sami maður gæti haft ríkisborgararjett í tveim ríkjum í einu, Danmörku og Íslandi. En grein frv. má skilja svo, ef orðalaginu er ekki breytt eitthvað í líkingu við það, sem brtt. fer fram á.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 77,1. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

3.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 77,2. samþ. með 12 shlj. atkv.

— 77,5. samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt., 77,3. samþ. með 12 shlj. atkv.

— 77,4. — — 12 — —

11. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

12.—13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., föstudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 95, 100).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 100, sem of seint var fram komin.

Frsm. (Karl Einarsson): Frv. þetta verður væntanlega afgr. nú frá þessari deild.

Jeg skal geta þess, að jeg kann hálfilla við, hve seint frv. hefir verið útbýtt, svo seint, að jeg hefi ekki getað kynt mjer hvort það er rjett prentað, svo að ekkert hafi fallið úr. Segi jeg þetta ekki af því, að jeg efist um það, að skrifstofan geri skyldu sína.

Hjer liggur fyrir ein brtt., á þgskj. 100, sem að eins er orðabreyting, og kann jeg fyrir mitt leyti fult eins vel við orðalagið í brtt., en læt þetta atriði alveg afskiftalaust.

Kristinn Daníelsson: Jeg stend að eins upp út af orðabreytingunni á þgskj. 100. Þar er farið fram á að leiðrjetta eitt orð í samræmi við lögræðislögin samkvæmt því, sem þetta orð var á sínum tíma samþykt í þessari deild, er sömu menn eiga sæti í sem nú.

Jeg skal í sambandi við þetta benda á, að ósamræmi er í 4. gr. stjórnarskrárfrv. og 7. gr. sama frv., en væntanlega lagfærir stjórnarskrárnefnd þetta.

ATKVGR.

Brtt. 100. samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 112).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg leyfi mjer að geta þess, að frv. þetta er að skoða sem afleiðing af sambandslögunum og að nokkru leyti sem viðbót við þau. Það er komið fram við samkomulag, er skifta skyldi þegnunum milli ríkjanna, og er bygt á þjóðerni; voru allir málsaðiljar sammála um, að það væri hinn rjetti skiftigrundvöllur. Jeg hygg, að hepnast hafi að haga ákvæðunum þannig, að allir geti vel við unað, enda hefi jeg ekki annað heyrt hjer í þinginu, og báðir hlutar lögjöfnunarnefndarinnar voru ánægðir með þau.

Jeg skal geta þess, að ákvæðin í 7. og 9. gr. segja má ske meira en bein ástæða er til. Þar segir, að þegnar annara ríkja en Íslands og Danmerkur, sem lögheimili áttu á Íslandi 1. des. 1918, haldi heimilisfangi sínu þrátt fyrir breytinguna. Meiningin með þessu er ekki önnur en sú, að lög þessi eigi ekki að hafa nein áhrif á ríkisborgararjett þeirra. Það er alls eigi tilgangurinn að fara að gefa reglur um það hjer, hvort ríkisborgarar annara ríkja skuli halda borgararjetti sínum eða ekki. Það heyrir undir hlutaðeigandi ríkisvöld að kveða á um slíkt. Þetta er að eins formleg athugasemd frá minni hálfu, og má athuga þetta atriði betur við seinni umr. málsins, ef þörf þykir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 112).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. og 2. gr samþ. í e. hlj.
3.—13. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 31. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 112).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 229).

---

5. Tollagabreyting.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911 (A. 33).

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Tollhækkun sú, sem farið er fram á í frv. þessu, er aðallega á vínum, áfengum og óáfengum, og svo á tóbaki.

Af vínfangatolli og sódavatni má búast við 50 þús. kr. tekjuauka, en af tóbaki og vindlingum um 126 þús. kr. tekjuauka. Má því gera ráð fyrir, að tekjuauki verði hjer um bil 170 þús. kr. samkvæmt þessu frv.

Jeg leyfi mjer að leggja það til, að frv. þessu verði vísað til fjárhagsnefndar að lokinni umræðu. Væri það mjög svo æski-

legt, að hún greiddi fyrir því sem unt væri, svo að hægt væri að afgreiða það sem lög frá Alþingi hið allra fyrsta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005), hvorttveggja í e. hlj.

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 14. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 62).

Frsm. (Einar Árnason): Jeg geri ráð fyrir, að öllum háttv. þm. sje ljóst, að ástæðan til þess, að frv. þetta kom fram, er sú, að ríkissjóður þarfnast tekjuauka. Geri jeg ráð fyrir, að um þá þörf verði ekki skiftar skoðanir.

En hitt er annað mál, hvernig það tekst að bæta úr henni.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir fer í þá átt, að hækka toll á ýmsum munaðarvörum, og hefir nefndin eindregið fallist á það.

Nú er því svo varið, að síðan peningar fjellu í verði virðist fólk ekki skifta það miklu, hvort vörur þessar eru dýrari eða ódýrari, að eins ef þær fást. Tollauki þessi mundi því hvorki minka söluna nje verða svo tilfinnanlegur fyrir kaupendurna. En gert er ráð fyrir, að tollauki þessi nemi ekki minnu en 170 þús. kr. á ári.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um frv., en vil að eins leggja áherslu á það, sem bent er á í nál., að allar þær súkkulaðitegundir, sem ekki eru beinlínis suðusúkkulaði, heyra undir 13. lið 1. gr. laganna, eins og þau verða, þegar sú breyting er komin á, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Þá er það einnig ósk nefndarinnar, að frv. fái að ganga greiðlega gegnum þingið, svo að það komi sem fyrst að notum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með öllum greiddum atkv.

2.—3. gr. samþ. með öllum gr. atkv

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 33, 82).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 17. júlí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 33, 82, 192).

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj. um brtt. 102, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Einar Árnason): Það hafa komið fram tvær brtt. við þetta frv., frá tveimur háttv. þm. Þær eru á þgskj. 82 og 102. Jeg býst ekki við, að komið geti til mála að fallast á brtt. á þgskj. 82. (*P. O.*: Það er búið að taka hana aftur). Jæja, fyrst svo er, sný jeg mjer að brtt. á þgskj. 102. Þó að hún hafi ekki komið fyr en í þessari andránni og fjárhagsnefnd hafi þess vegna ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til hennar, þá geri jeg ráð fyrir, að mjer sje óhætt að segja, að nefndin muni vera á móti henni, að minsta kosti að því er snertir tóbaks- og vindlatollinn.

Um hækkun sódavatnstollsins úr 4 aurum upp í 6 aura er það að segja að þetta hefir litla þýðingu fyrir landssjóð, og tekjuaukinn, sem af þessu leiddi, gerði hvorki af nje frá. Hann næmi svo afarlitlu, varla nema örfáum hundruðum króna. Innihaldið er verðlítið, að eins nokkrir aurar, og þess vegna yrði gjaldið tiltölulega hátt. Þegar svo við þetta bætist, að tollurinn gæti skoðast sem verndartollur, því innlendar sódavatnsgerðir eru

hjer nokkrar, þá er vafasamt, hvort rjett er að samþykkja þessa hækkun.

Þá vík jeg mjer að tóbakstollinum. Brtt. fer fram á að nema brott hækkunina á tóbaki og lækka hana af vindlum úr 8 kr. niður í 7 kr. Ef farið verður að róta þannig til frv. stjórnarinnar, fella burtu, lækka og skera af, þá verður það að mestu þýðingarlaust. Frv. stjórnarinnar gerir ráð fyrir 170 þús. kr. tekjuauka fyrir landssjóð, þar af tæp 130 þús. af tóbaki og vindlum. Okkur kemur öllum saman um, að þörf sje á að auka tekjur landssjóðs, og þar sem þetta frv. yrði þýðingarlítið án tóbakshækkunarinnar, og þar sem tóbak og þess háttar getur á engan hátt talist nauðsynjavara, þá verð jeg að leggja á móti brtt.

Þá er farið fram á að hækka tollinn á brjóstsykri úr 1,50 kr. upp í 2 kr. Það virðist sjálfsagt að tolla, og það allhátt, brjóstsykur og annað sælgæti, sem að eins er skaðleg óhófsvara. Hækkun sú, sem brtt. leggur til, nemur ekki miklu, og væri víst ekki mikill skaði skeður, þó hún næði fram að ganga. En þar sem hjer er rekin innlend brjóstsykurgerð, þá verður tollurinn, þegar hann er orðinn 2 kr. á kg, verndartollur fyrir þá iðju. Og það út af fyrir sig eru mótmæli gegn brtt. En með því nefndinni hefir borist til eyrna, að von sje á frv. um gjald af innlendri brjóstsykurgerð, og í því trausti, að það gangi fram, þá mun nefndin greiða atkv. með þessari brtt.

Björn R. Stefánsson: Eftir því, sem ætla mætti, ef bygt væri á greinargerð stjórnarinnar, þá fer brtt. okkar, mín og háttv. þm. Borgf. (P. O.), fram á tekjurýrnun, sem næmi alt að 97 þús kr. Jeg get viðurkent, að það er ábyrgðarhluti, nú á þessum tímum, að rýra tekjur landssjóðs. En þó eru óneitanlega takmörk á því, hvað langt má ganga í því að tolla einstakar vörutegundir, en auk þess býst jeg ekki við, að tekjurýrnunin verði eins mikil og áætlað er.

Það, sem aðallega hvatti mig til að bera fram þessa brtt., var óttinn við tollsvik. Tóbak er vara, sem auðvelt er að smygla inn, og óspart er smyglað inn. Jeg hefi orðið var við tollsvik á tóbaki og það áður en tollurinn var orðin tiltakanlega hár. Hásetar, bæði á fiskiskipum og öðrum skipum, hafa oft með sjer poka og pinkla, úttroðna af ýmsum tegundum tóbaks. Þetta hefir átt sjer stað lengi um land alt, og hlýtur að aukast, eftir því sem tollurinn hækkar. Ábatavonin verður meiri, freistingin meiri, tollsvikin meiri. Og það er einmitt þetta, sem veldur ótta minn á því, að tekjurnar hækki ekki að sama skapi og tollurinn. Og það er af þessari ástæðu, að jeg býst ekki við, að brtt. okkar hafi í för með sjer eins mikla tekjurýrnun og ætla má, eftir greinargerð stjórnarinnar.

Hv. frsm. (E. Árna.) gat líka um sódavatn, öl og þess háttar, og þótti hækkunin mikil á svo verðlítilli vöru. En hún er ekki eins verðlítil og hann vildi halda fram. Lítrinn af sódavatni er hjer seldur á aðra krónu, og þegar svo er, þá er auðsætt, að það er ekki svo verðlítið, að það — slík vara — ekki megi bera þetta gjald. Hann talaði einnig um verndartolla. Jeg get fallist á, að margt geti verið til í því. Því gæti verið rjett að taka tillit til þessa og leggja skatt á innlendan gosdrykkjatilbúning, þegar aðflutningsgjaldið er orðið þetta hátt. Á leiðinni er líka frv. um skatt á innlendan brjóstsykur. Jeg veit ekki, hve miklu hann næmi, því engar skýrslur hefi jeg enn athugað um eyðslu á honum. En hún er mikil; það eitt er víst. Hann er síst þarfari en tóbakið og mætti að öllu leyti eins vel bera álagningu. Að vísu er altaf leiðinlegt að skatta innlendan iðnað, en þó er það að eins hlið-

stætt því, sem gert er við tóbakið, og væri því ekkert nýmæli í íslenskri löggjöf.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg er þakklátur fjárhagsnefnd fyrir það, hve vel hún hefir tekið þessu frv. En að því er snertir brtt. á þgskj. 102, þá verð jeg að mæla á móti því, að hún verði tekin til greina. Mjer finst óskiljanlegt annað en menn verði að viðurkenna, að þessi hækkun, sem frv. fer fram á, er rjettlát, þegar tillit er tekið til þeirra tíma, er við lifum á. Ef við lítum til annara þjóða, þá sjáum við, að þær velja einmitt þessa leið. Þær hækka toll að miklum mun á samskonar vörum og þeim, sem frv. ræðir um. Þar sem stjórnarfrv. fer fram á 8 kr. toll af vindlum, þá getur það ekki talist of mikið. Þessarar vöru neyta aðallega efnaðri menn, og hækkunin verður þess vegna ekki tilfinnanleg.

Aðalástæða háttv. flutningsmanns þessarar brtt. var óttinn við tollsvikin, og háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) talaði um háseta, sem bæru tóbak í land í pokum og pinklum. Jeg get ómögulega litið svo á, að þessi rök sjeu nægileg til að byggja á brtt. Hækkunin, sem frv. fer fram á, ætti ekki að hafa í för með sjer meiri smyglun en nú er. Þeir, sem eru þannig skapi farnir, að þeir finni hjá sjer hvöt til tollsvika, mundu eins smygla inn hvort heldur þeir fengju einni krónu meira eða minna. Annars er það dálítið einkennilegt að vera á móti tollhækkun af hræðslu við tollsvik. Það lægi óneitanlega miklu nær að reyna að skerpa eftirlitið, þannig að smyglunin minkaði af því, en ekki vegna þess, að tollarnir væru lágir.

Jeg vona, að háttv. deild taki frv. vel og fari ekki að draga úr þessari sanngjörnu hækkun. Ef svo verður gert, ef brtt. á þgskj. 102 verður samþ. þá veit jeg ekki hvar lendir, því sú breyting drægi aðrar á eftir sjer. Við getum ekki farið þá leið, því landsjóði er bráðnauðsynlegur tekjuauki. Það munar ekki mikið um liðinn a. Jeg fyrir mitt leyti skal ekki leggja á móti því, að þessi hækkun á sódavatnstollinum nái fram að ganga. Sama má segja um d., og hvað viðvíkur skatti á innlendum brjóstsykri, þá virðist mjer hann sanngjarn. Að vísu gæti hann ekki fært landssjóði mikið, en það safnast þegar saman kemur. En um liðina b. og c. hefi jeg að endingu það eitt að segja, að jeg vil eindregið mæla með því, að þeir verði feldir, því jeg fæ ekki annað sjeð en þessi hækkun á tóbaks- og vindlatolli sje í alla staði sanngjörn, auk þess sem hún er nauðsynleg landssjóði.

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki vera langorður. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) vildi gera lítið úr óttanum við tollsvik, og vildi ekki telja það næga röksemd fyrir framkomu brtt. okkar, um niðurfærslu tóbakstollsins. Hvað sem um það verður sagt, þá er það víst, og það undirskrifa líklega flestir, að freistingin til tollsvika hlýtur að aukast við hækkun tollsins. Nú er ætlast til, að hann verði helmingi hærri heldur en hann var fyrir fáum árum. Þá var hann 2 kr., 1917 var hann færður upp í 3 kr., og frv. stjórnarinnar fer fram á að hækka hann nú upp í 4 kr. Meðan hann var 2 kr., þá komu þráfaldlega fyrir tollsvik, og það í stórum stíl, t. d. hjer í Reykjavík. Nú á að gera tollinn tvöfalt hærri en þá, og það dylst víst engum, að freistingin, og þá tollsvikin, verði meiri. Ástæðu okkar, hvað þetta snertir, er því enn ekki hnekt.

Mjer skilst, að þessi hækkun sje rökstudd með því, að landssjóður þarfnist tekna, hvað sem það kostar, og þá sje rjettast að hækka tolla á þeim vörum, sem ekki sjeu nauðsynjavörur. Tóbak er ekki kallað nauðsynjavara; en hvað um það; margir telja sig alls ekki geta án þess verið. Jeg hefi heyrt marga tóbaksmenn halda

því fram, að þeir vilji heldur vera svangir en tóbakslausir. Þó að þeir kjósi þetta ef til vill ekki til lengdar, þá nægir þetta þó til að sýna, að tóbak er vara, sem menn afla sjer í lengstu lög, og það þó þeir verði að neita sjer um ýms önnur þægindi til þess.

Mig minnir, að það væri hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), sem komst að þeirri niðurstöðu 1917, er tóbakstollurinn var þá til umræðu, að meðaltóbaksnotkun væri um 4 kg. á mann. Setjum nú svo, að það sjeu 5 menn á sama heimili, sem neyta tóbaks; þá er þessi tveggja ára tollur 40 kr. skattur á slíkt heimili, af þessari einu vörutegund.

Það hefir verið talað um, að þessi hækkun kæmi aðallega við ríku mennina; en svo er ekki. Þeir borga ef til vill mest af tollinum, en hann kemur þó ekki tilfinnanlegast við þá; jeg tel ekki eftir þeim að borga hann. Þeir, sem mest finna til hans, verða fátæklingar og gamalmenni, sem geta ekki neitað sjer um tóbak. Þeir slíta sjer út og hafa slitið sjer út í þágu þjóðfjelagsins, hafa átt við þröng kjör að búa, hafa, sumir hverjir, lítils notið af gögnum og gæðum lífsins. Einasta ánægjan þeirra í ellinni er ef til vill pípan eða pontan. Sjer til skap- og hugarljettis taka þeir í nefið, eða þess háttar. Svo á að fara að taka af þessum mönnum ánægjuna, eða gera þeim erfiðara fyrir að geta veitt sjer hana; það á að leggja á þá byrði, í stað þess að ljetta af þeim.

Stjórnin ber fyrir sig, að auka þurfi tekjurnar, og það er satt. Helst hefði þurft að taka alla tollalöggjöfina fyrir og endurskoða. En ekki vil jeg kasta hnútum að stjórninni, þó henni hafi ekki unnist tími til þess. Á þessu þingi verður því að reyna að lappa eins mikið og hægt er upp á þetta margbætta fat, til þess að það geti hulið nekt landssjóðs. En það get jeg ekki fallist á, að altaf eigi að bæta á þessa sömu tekjustofna, og þá einkum þessa sömu vörutegund, sem þó ber mikið fyrir. Hún er heldur ekki að minsta kosti meiri óþarfi en margt annað, og get jeg þar nefnt brjóstsykurinn. Við viljum láta hækka á honum, og jeg er hissa á, hvað hæstv. fjármálaráðherra tók því fálega. (*Fjármálaráðherra:* Jeg var því meðmæltur.) Já, að vísu, en gerði afarlítið úr því, sem þó er ekki rjett, því hækkunin næmi miklu, þar sem mikið er flutt inn, og svo höfum við, flm. þessarar brtt., hugsað okkur að koma með frv. um toll á brjóstsykri, sem búinn er til hjer á landi. Og lítinn skaða gæti jeg talið það, þó þess háttar væri ríflega tollað. Brjóstsykurinn gerir ekkert annað en æsa upp og egna fýsnir barna og unglinga, og skaðskemmir tennur þeirra. Nú er svo komið, í kaupstöðum að minsta kosti, að önnur hver manneskja er tannlaus um fermingaraldur, og mikið af brjóstsykuráti.

Þá mætti líta víðar og tolla og hækka toll á ýmsum nýlenduvörum, svo sem rúsínum og kryddvörum. (*E. A.:* Ekki eru þær óþarfi.) Menn geta að minsta kosti vel án þeirra verið. (*E. A.:* Komast menn af án grauts?) Ekki ef ekki gæti annað komið í hans stað, og enginn er of góður til að jeta hann rúsínulausan.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) benti á aðrar þjóðir í þessu sambandi, hvað þær sjeu nú djarftækar í skatta- og tollaálögum, og dettur mjer þá í hug að vekja athygli hæstv. fjármálaráðherra á því, að Englendingar hafa í hyggju að koma á piparsveinaskatti, og mætti vel athuga það. (Hlátur.) Jeg álít að minsta kosti, að betra væri að hæfa gjaldþol þeirra, áður en farið verður að níðast á fátæklingum og gamalmennum. (*B. J.*:En því ekki líka piparmeyjaskatt?) Háttv. þm. Dala. (B. J.) getur komið fram með tillögu um það, ef hann álítur, að það fækki piparmeyjum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það var að eins örstutt athugasemd. Ástæður stjórnarinnar fyrir því, að hækka tollinn á tóbakinu, voru aðallega þær, að það hlýtur að teljast óþarfavara.

Jeg ímynda mjer, að óhætt sje að halda því fram, að mönnum líði alt eins vel, þótt þeir sjeu án þess, því að vitanlegt er, að það hefir skaðleg áhrif á líkamann.

Jeg verð því að segja það, þótt jeg unni gamalmennum alls hins besta, að jeg tel ekki rjett að taka svo mikið tillit til þess, að þessi sanngjarni skattur verði ekki lagður á tóbakið.

Háttv. þm. Borg. (P. O.) reyndi í ræðu sinni að slá á tilfinningastrengi manna í máli þessu, og jeg verð að játa það, að hann varði brtt. sína eins vel og unt var. En það, sem hjer verður að ráða úrslitum, er það, að hjer er um munaðarvöru að ræða, sem vel er fallin til skattaálagningar.

Jeg get vel verið með því, að hækka beri skatt á glysi og nýlenduvörum, en sú leið er vandrötuð, og mundi þar stranda á sama skerinu, sem oft hefir verið á minst, en það eru vandræðin með tollgæsluna.

Annars hefir ekkert komið fram, sem rjettlætt geti það, að fella þessar till. stjórnarinnar.

Og víst er um það, að rjettlátara er að hækka tollinn á tóbaki en að flytja hann yfir á matvöruna, og mundi það engu síður koma hart niður á gamalmennum.

Sú leið, sem háttv. þm. benti á, að leggja skatt á piparsveina, býst jeg við að þurfi nánari athugunar við.

Frsm. (Einar Árnason): Báðir háttv. flm. brtt. á þgskj. 102 (P. O. og B. St.) eru fjárhagsnefndinni sammála um það, að brýn þörf sje á að auka tekjur ríkissjóðs. Það lægi því nærri að ætla, að þeir vildu styðja hana að málum í þeim sökum.

En það er ekki nóg að viðurkenna þörfina, en gera ekkert til þess að bæta úr henni.

En besta hjálpin, sem þeir gætu veitt, væri sú, að taka aftur brtt. sínar.

Nú er jeg alls ekki viss um það, þótt tollhækkun þessi komi í gildi, að hún nemi þá meiru en sem svarar verðfalli peninga. En allir sjá, að ríkissjóður getur ekki staðist það, að fá tekjur sínar svo að segja í sviknum eyri, en verða þó að greiða gjöld sín í fullum mæli.

En hvað hefir svo verð á tóbaki verið hjer undanfarandi? Það hefir komist upp í 20 til 30 kr. pundið, og sýnir það, eins og jeg hefi áður sagt, að hjer er ekki um það spurt, hvað varan kostar, heldur hitt, að hún að eins fáist.

Ein aðalástæðan, sem flutt er fyrir brtt., er tollsvikin. En það er hið sama og altaf hefir kveðið við síðan fyrst var um tolla talað.

Á þingi 1917 flutti jeg, ásamt fleirum háttv. þm., frv. um tollhækkun á þessum sömu vörum, og var þá einnig borin fram sama ástæðan á móti, og meira að segja talið víst, að tekjuaukinn mundi enginn verða fyrir landssjóð.

Jeg skal nú ekki segja um, hvort tollsvik hafa aukist síðan, en hitt veit jeg, að tollur þessi hefir orðið landssjóði talsverður styrkur.

Auðvitað verður ekki hjá því komist, að einstöku skipverjar komi tollsvikum við, en það er engin ástæða móti frv. þessu; það mætti þá eins segja, að hætta yrði við alla tolla af þeim ástæðum.

Aðallega mun tóbak vera flutt á land hjer í Reykjavík, og því skal ekki neitað, að tollgæsla er hjer helst til lítil. En hins vegar verður það að teljast vel mögulegt,

að hún verði aukin, og sömuleiðis í öllum stærstu kauptúnum landsins.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) talaði í sömu átt og jeg, og hefi jeg því ekki ástæðu til að segja fleira. Að eins vil jeg, fyrir nefndarinnar hönd, leggja það fastlega til, að b.- og c.-liður brtt. á þgskj. 102 verði feldir. Hina liðina tvo mun nefndin ekki gera að neinu kappsmáli.

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki vera langorður, því að jeg veit, að allir bíða með eftirvæntingu næsta máls á dagskrá.

Háttv. frsm. (E. Árna.) gat þess, að við flm. brtt. 102 mundum báðir viðurkenna þörfina á því, að auka tekjur ríkissjóðs, en vildum þar hins vegar hvergi nærri koma.

Jeg veit þó ekki betur en að við höfum stutt öll þau tollafrv., sem komið hafa frá háttv. fjárhagsnefnd hingað til.

Jeg verð því að telja það algerlega rangt og ástæðulaust af háttv. þm. (E. Árna.) að beita okkur þeim orðum.

Þá gerði hann lítið úr því, að tollsvik mundu aukast eftir því, sem tollur hækkaði.

En það verð jeg þó að álíta beina afleiðingu, svo framarlega sem eftirlitið er ekki aukið, og má geta nærri, hvernig fara mundi, þegar tollurinn á tóbaki er orðinn meira en helmingi hærri en innkaupsverðið á „normal"-tímum.

Háttv. frsm. (E. Árna.) sagði, að verðið hefði nú komist upp í 20—30 kr. pundið. En það verð þekki jeg ekki. Hjer á Suðurlandi hefir það að minsta kosti tæplega komist upp úr 8 kr., eða þar um bil.

En væri nú svo, að menn keyptu það við slíku verði, þá mælir það mjög sterklega á móti þeirri fullyrðingu hæstv. fjármálaráðherra, að tóbakið sje ekki nauðsynjavara, því að hverjum mundi koma til hugar að gefa 20—30 kr. fyrir eitt einasta pund af því, ef hann teldi sjer það ekki nauðsynlegt?

Bjarni Jónsson: Jeg skil ekki, að beðið sje með eftirvæntingu næsta máls, þar sem menn sýna svo mikinn áhuga í þessu máli, með ýmsum getsökum hver í annars garð.

Það er ekki rjett, að háttv. þm. Borg. (P. O.) vilji engan tekjuauka, þar sem hann vill koma á piparsveinaskatti, en þess var ekki rjett getið hjá honum, að Englendingar hefðu orðið fyrstir manna til þess að koma á slíkum skatti.

Hjer á Íslandi er það svo, að samkvæmt gildandi lögum gjalda piparsveinar, sem hafa 2000 kr. í árslaun, 900 kr. í skatt á ári.

Hugsanlegt væri það líka, að sá skattur næði til piparmeyja, og ef þær hljóta þann titil með sextán ára aldri, þá mundi það verða drjúgur tekjuauki.

Mjer kemur ekki til hugar að fara að mæla á móti frv. þessu, enda mundi það þýðingarlaust, þar sem það er fyrir löngu viðurkent rjettmætt hjer að leggja hærri tolla á heilsuspillandi vörur, og hlýtur sú hugsun að liggja á bak við, að gjaldþol manna aukist við það að spilla heilsu sinni.

ATKVGR.

Brtt. 82. tekin aftur.

— 102.a. samþ. með 13 : 1 atkv.

— 102.b. feld með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., B. K., B. St., E. J.

nei: P. Þ., S. S., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., Ó. B.

Tveir þingmenn (P. J. og B. Sv.) fjarstaddir.

Brtt. 102,c. tekin aftur.

— 102,d. samþ. með 16 : 1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 10. fundi í Ed., föstudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 105).

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Þeir tekjustofnar, sem hjer er lagt til að hækkaðir verði og mestu máli skifta, eru tollur á tóbaki og vindlum.

Að vísu er vindla- og tóbakstollurinn hár, en stjórnin lítur svo á, að hjer sje að ræða um ónauðsynjavörur í eiginlegum skilningi, er rjett sje að tolla hátt, enda svo gert með öðrum þjóðum.

Auknar tekjur, sem af hækkun þessari leiða fyrir ríkissjóð, mun óhætt að meta ca. 170 þús. kr.

Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frumvarp þetta; vil þakka fjárhagsnefnd fyrir það, hversu vel hún hefir tekið í hin frv., og vænti þess, sjerstaklega með tilliti til þess, hversu tekjuþörfin er brýn, að frv. þetta sæti jafngóðum viðtökum.

Magnús Torfason. Fjárhagsnefnd hefir athugað mál þetta, þó ekki hafi því enn verið vísað til hennar, og sjerstaklega hefir vaknað sú spurning við athugun hennar á 2. málsgr. 2. liðs, hvort ekki væri rjett að taka einnig toll af þessum vínanda, þar sem hann, þó hann eigi að vera óhæfur til drykkjar, er talsvert drukkinn, og því ekki eingöngu notaður í þeim tilgangi, sem undantekningin er bygð á.

Vil jeg spyrja hæstv. ráðherra (S. E.), hvað hann muni segja um þessa breytingu, og eins hitt, hvort hann álíti, að greinin megi vera svo orðuð, sem hún nú er, því tvírætt geti verið, hvort undir hana fjelli vínandi, sem innfluttur væri til iðnaðar, en næði þó ekki 16° styrkleika.

Jeg veit ekki, hvort slíkur vínandi er notaður í því skyni, en vænti upplýsinga hæstv. ráðherra (S. E.) um þessi atriði.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg held, að ekki sje fluttur inn til eldsneytis og iðnaðar annar vínandi en sá, er nær 16°; er þó ekki viss um það. Ákvæði þetta er tekið upp úr eldri lögum, og mætti athugast betur.

Ástæðan til þess, að stjórnin hefir ekki lagt til, að skattur verði talinn af þessum lið, er sú, að mestur hluti þess vínanda, sem þar er talinn, er notaður til eldsneytis og iðnaðar, og því nauðsynlegur.

Því miður mun hann einnig nokkuð notaður til drykkjar, og væri ekkert á móti því, að tolla *þann* vínanda mjög hátt, en gallinn er sá, að ekki er hægt að greina á milli.

Jeg fyrir mitt leyti mun ekki spyrna við lágum skatti á þessum lið, en tel mjög varhugavert að leggja háan skatt á hann.

Halldór Steinsson: Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) taldi varhugavert að leggja háan skatt á þennan lið, og gat sem ástæðu fyrir því, að vínandi sá, sem þar er nefndur, væri að mestu notaður til iðnaðar.

Jeg vil leyfa mjer að benda á það, að meðalaspíritus er eins mikið notaður til iðnaðar, sbr. áfengisbækur smiða o. fl., og jafnvel meira. (*G. B.*: Mikið meira.)

Jeg skil ekkert í þeirri gleymsku stjórnarinnar, að gleyma þessum stóra lið.

(*Fjármálaráðh.*: Ekki gleymska). Og tel jeg fyrir mitt leyti miklu meiri ástæðu til að tolla þennan lið, og legg því til, að sá tollur verði a. m. k. jafnhár tollinum á meðalaspíritus.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að máli þessu verði vísað til fjárhagsnefndar, og vildi gjarnan tala við hana um þetta atriði, en tek það fram, að jeg vara við of háum tolli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 10 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 105, n. 151).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta er eitt af tekjuaukafrv. þeim, sem stjórnin hefir lagt fyrir Alþingi að þessu sinni.

Býst jeg við, að allir sjeu sammála um nauðsynina á tekjuauka, og ekki er hægt að halda því fram, að frv. þetta sje ekki sæmilega athugað, þar sem það, auk þess að vera flutt af stjórninni, hefir gengið í gegnum hv. Nd.

Nefndin telur bót að þessu frv., þar sem tekjuauka þarf, og leggur því til, að það verði látið ganga fram.

Smávegis breytingar gerði nefndin á frv., þar sem hún leggur til, að sherry, portvín og malaga verði tollað undir 2. lið, í stað 3. liðar, sem hún áleit að það heyrði síður undir.

Þá kemur að aðalbrtt., í síðustu málsgr. 2. liðs, þar sem lagt er til, að lagður verði 4 kr. tollur á hvern lítra af vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gerður óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds.

Í frv. var ekki gert ráð fyrir neinum tolli af þessum vínanda.

Nefndin var ekki sammála um það, hversu hár þessi tollur ætti að vera, en hins vegar kom öllum nefndarmönnum saman um það, að hjer væri að ræða um hæfan tollstofn. Þó að vínandi þessi sje nauðsynlegur, leikur grunur á, að hann sje ekki varlega notaður, og eins er hins að gæta, að fjölmargar nauðsynjavörur eru skattlagðar.

Jeg vil geta þess, að fjárhagsnefnd var ekki ánægð með hækkun þá, er hv. Nd. hefir gert á tóbakstollinum, en vildi ekki breyta því, þar sem hún áleit það ekki til neins, þar sem till. um niðurfærslu á honum fjell með miklum atkvæðamun í Nd.

Umtal varð í nefndinni um það, að hækka tollinn á tegrasi o. fl., en niðurstaðan varð þó sú, að ekki væri vert að gera það að þessu sinni, þar sem ríkissjóður er altaf síhungraður, eins og einstaka menn og stofnanir í voru ríki, og því viðeigandi að geyma einhvern tollstofn, sem hækka mætti, þegar líkt frv. þessu kemur fram á næsta þingi.

Magnús Kristjánsson: Jeg tel ekki þessar brtt. nefndarinnar til bóta. — Að vísu get jeg ekki haft neitt verulegt á móti 1. brtt., jafnvel þó gert sje ráð fyrir helmingshækkun, en þykir þó undarlegt að vera að hækka toll á vöru, sem notuð er til lækninga.

Síðari brtt. nefndarinnar gengur út á það, að lagður sje 4 kr. tollur á hvern lítra af vínanda, sem nota á til eldsneytis og iðnaðar og gerður er óhæfur til drykkjar.

Mig stórfurðar á þessari brtt., því jeg sje ekki, að hún geti haft önnur áhrif en þau, að gera fátæklingum lífið erfiðara.

Á síðari árum hefir vínandi þessi mikið verið notaður til eldsneytis. — Bæði hefir

hann verið tiltölulega ódýr, og víða er húsum svo háttað, að ekki er hægt að nota önnur áhöld til suðu en þau, sem þetta efni er notað við.

Jeg býst við, að nefndin hafi ekki athugað þetta nægilega.

Ef maður vildi gera sjer grein fyrir því, hvað fyrir nefndinni hefir vakað, er hún kom fram með till. þessa, mun hún hafa óttast, að vara þessi væri misbrúkuð á þann hátt, að hún væri notuð til neyslu.

En þó svo væri, að hún væri að einhverju leyti misbrúkuð, þá er ekki komið í veg fyrir það með þessum tolli.

Þeir, sem eru svo djúpt sokknir, að leggja sjer slíkan óþverra, sem brennsluspíritus er, til munns, myndu engu síður gera það, þó þessi hái tollur sje lagður á hann.

Þar sem jeg býst við, að ekki verði mikill tekjuauki að tolli þessum, en þyngslin af honum komi niður þar, sem síst skyldi,vona jeg, að hv. þm. athugi mál þetta vel áður en þeir greiða atkv. um brtt., en að sjálfsögðu mun jeg greiða atkvæði á móti henni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg þakka hv. fjárhagsnefnd, hvernig hún hefir tekið í frv. þetta, og sömuleiðis fyrir brtt. a. 1. og b. 3. — Virðist mjer ekkert athugavert, þó tollurinn af sherry, portvíni og malaga sje hækkaður upp í 2 kr. af hverjum lítra. Að vísu eru þessar tegundir notaðar sem læknislyf, en að minni hyggju mun lítið um, að aðrir sjúklingar noti það en þeir, sem hafa ráð á.

Hins vegar finst mjer alt of langt gengið að leggja 4 kr. toll á hvern lítra af vínanda, sem nota á til eldsneytis og iðnaðar. — Jeg játa það, að væri hægt að greina á milli þess vínanda, sem notaður er til eldsneytis, og hins, sem notaður er til drykkjar, mætti tolla þann síðarnefnda mjög hátt; en slíks er ekki kostur.

En að tolla vínanda, sem notaður er til eldsneytis, eins og farið er fram á í brtt., nær ekki nokkurri átt. — Slíkur vínandi er mikið notaður til eldsneytis, sjerstaklega af fátæku fólki, og myndi því sá tollur koma hart niður.

Verði brtt. hv. fjárhagsnefndar samþ., mun jeg koma fram með brtt. um lægri toll við 3. umr.

Jeg veit, að það situr ekki á fjármálaráðherra að snúast á móti skattatill., sem ganga í þá átt, að bæta hag ríkissjóðs. — En þar sem hjer er að ræða um skatt, sem er svo hár, og kemur mest niður á fátæku fólki, mun jeg leitast við að fá hann lækkaðan.

Kristinn Daníelsson: Jeg er sammála hv. 2. þm. Húnv. (G.Ó.) um það, að tollur á tóbaki sje orðinn nokkuð hár. — Tóbak má segja að sje nauðsynjavara, sem notuð er jafnt af fátækum sem ríkum. — En þar sem nefndin kom ekki með neina brtt., kom jeg ekki með neina sjálfur, en áskil mjer rjett til að geta komið með brtt. við 3. umr., og vænti fylgi nefndarinnar, og ef til vill deildarinnar.

Vel gæti verið, að hv. Nd. breytti skoðun sinni, þegar hún sæi vilja Ed., og þó svo fari ekki, sje jeg ekkert á móti því, að deild þessi láti í ljós skoðun sína á málinu.

Hvað vínandanum viðvíkur, hygg jeg, að hann sje meira notaður til iðnaðar en eldsneytis, og sje ekki betur en fara mætti einhvern milliveg.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil, út af ræðu hv. 2. þm. G.-K. (K. D.), mæla eindregið á móti því, að dregið verði úr hækkuninni á tóbakstollinum.

Jeg tel engan tekjustofn færari um að bera háan toll en t. d. vindla, sem er fullkomin óhófsvara. (*K. D.*: Mætti greina sundur).

Sama er að segja um annað tóbak, það er hrein og bein óþarfavara.

Það er talið mæla með lágum tolli, að gamalmenni geti ekki án tóbaks verið. — En svo er um alla tolla, að þeir koma einhversstaðar hart niður.

Tóbak er óhófsvara, og þarf því ekki að hafa samvisku af að hækka tollinn á því, enda er það tollað mjög hátt annarsstaðar í heiminum.

Væri óverjandi að fara að lækka tollinn á því, þegar verið er að seilast til þess, að tolla fullkomnar nauðsynjavörur.

Vona jeg, að þessi hv. deild fallist alls ekki á, að till. stjórnarinnar um hækkun á tóbakstollinum verði færðar niður, enda myndi hv. Nd. taka það mjög illa upp.

Halldór Steinsson: Þó jeg hafi skrifað fyrirvaralaust undir nál., er það ekki svo að skilja, að jeg sje alls kostar ánægður með frv. eða nál. sjálft. Það er þó einkum 5. tölul. 1. gr., sem jeg er óánægður með, og mun greiða atkv. móti honum. Á þingi 1917 var tóbakstollurinn hækkaður. Þá var jeg móti hækkuninni. En nú er hún enn meiri fjarstæða. Það er altaf hægt að tönlast á því, að tóbak sje ónauðsynleg vara. Það vita allir. Og það getur jafnvel verið skaðlegt, ef það er notað í óhófi. En tóbak er vara, sem mannlegur líkami heimtar og getur illa án verið, ef hann er orðinn vanur því. Og tollur venur menn ekki af því. Jeg gæti betur skilið hækkunina, ef sú ástæða væri færð fyrir henni, að tollurinn ætti að útrýma tóbaksbrúkun, og þó veit jeg, að sá tilgangur myndi aldrei nást. Það kann reyndar að vera, að það mætti hafa tollinn svo háan, að fátæklingar yrðu að hætta tóbaksbrúkun, en efnamenn myndu halda áfram. En hvaða rjettlæti væri í því? Meðalbrúkun á neftóbaki mun vera 1 pd. á mánuði, 12 pd. á ári, sem með núverandi verðlagi kostar 100—120 kr. Þetta er að vísu ískyggilega mikil eyðsla í svokallaðan óþarfa, en ekki myndi hækkaður tollur draga úr henni. Það er alkunnugt, að margur fátæklingurinn, sparar heldur við sig ýmsar nauðsynjar, til að þurfa ekki að vera án tóbaks. Þurrabúðarmenn í kaupstöðum og sjávarþorpum eiga verst með að neita sjer um tóbak og kaffi. Því er jeg algerlega á móti hækkun á tolli á þessum vörum.

Þá er vínfangatollurinn, sem farið er fram á að hækka, í 2. og 3. lið 1. greinar. Mjer þótti satt að segja kynlegt, þegar jeg sá, að hæstv. stjórn hafði komið sjer saman um að stinga upp á hækkun á vínfangatolli hjer í bannlandinu. Áfengi er bannvara, að öðru leyti en því, að það er leyfður innflutningur á því til meðalanotkunar og iðnaðar. Á þessu leyfða áfengi lendir því tollurinn eingöngu. En það er hál braut að leggja toll á vínföng, sem notuð eru til lækninga. Það má með jafnmiklum rjetti leggja toll á öll önnur meðul, og dettur þó engum í hug, að það nái nokkurri átt. Það virðist svo, sem hæstv. stjórn hafi borið meiri umhyggju fyrir suðuspritti, sem kvað vera notað mikið til drykkjar, og nokkuð til að kveikja á „primusum", heldur en vínföngum, sem notuð eru til lækninga ýmsum kvillum. Það er hlutur, sem jeg fæ ekki skilið, hvers vegna hæstv. stjórn hefir viljað tolla meðul, en ekki suðuspritt. Jeg hefi hvorki getað fengið skýrslur um innflutning á suðuspritti frá stjórnarráðinu eða hagstofunni, en eftir því, sem kunnugur kaupmaður segir mjer, mun það ekki vera undir 35—40 þús. pt. á ári. Það er víst sannfæring mín, að skatt á suðuspritti beri ekki að færa niður úr því, sem ákveðið er í brtt. nefndarinnar.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hv. þm. Ak. (M. K.) vildi andmæla tolli á suðuspritti á þeim grundvelli, að hann kæmi illa niður á fátæklingum. En hvaða tollar eru það, sem ekki koma illa niður á fátæklingum? En þeir borga ekki suðusprittstollinn fremur en hinir efnuðu. Það er hægt

að hringla með fátæklingana á móti hvaða tolli sem er. Sami hv. þm. hjelt því fram, að suðuspritt væri notað mikið hjer í Reykjavík vegna þrengsla. Jeg á ekki gott með að átta mig á þessari ástæðu. Er það svo að skilja, að ýmsir drekki það vegna þrengsla, eða hvað? En það er fleira en suðuspritt, sem fátæklingar þurfa að nota. Miklu meiri ástæða væri til að vorkenna fátæklingum tóbakstollinn. Það væri þess vert að minnast nánar á hann. En jeg sleppi því vegna þess, sem hv. þm. Snæf. (H. St.) og hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) hafa þegar tekið fram.

Jeg get fallist á þá skoðun hv. þm. Ak. (M. K.), að tollurinn muni ekki fyrirbyggja óhóflega notkun á suðuspritti. En það kemur engu að síður rjettilega niður, að þeir borgi toll, sem brúka þessa vöru í óhófi.

Mjer þótti að vissu leyti gaman að heyra hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), að svo miklu leyti sem hann talaði um suðuspíritusinn. Mjer skildist á honum, að það væri farið að hækka í ríkissjóðnum, jafnvel svo, að út af flyti. Mjer þótti bara verst, að annað hljóð skyldi koma í strokkinn þegar hann mintist á tóbakstollinn. Býst jeg þó við, að fátæklingarnir eigi alveg eins ilt með að vera án tóbaks eins og suðuspritts.

Eftir hans skoðun ætti þessi hækkun á tóbakstollinum ekki að verða til að auka tekjur rkissjóðs, jafnauðvelt og hann telur fátæklingum að hætta við tóbakið, sem hefir þá í för með sjer, að innflutningur á því minkar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vildi skjóta því til hv. frsm. (G. Ó.), að hækkunin á tóbakstollinum muni nema fyrir landssjóð einum 116 þús. kr., og er þó varlega áætlað. Hækkunin verður að öllum líkindum meiri. Satt að segja get jeg ekki fundið, að frsm. hafi haft tilefni til að beina þeim orðum að mjer, að jeg teldi vera orðið fullhátt í ríkissjóði. Framsm. (G. Ó.) mintist á, að jeg væri á móti brennslusprittstollinum. Jeg verð að halda fast við þá skoðun mína, að óviðeigandi sje að leggja háan toll á vöru, sem fátæklingar nota jafnalment, og það af brýnustu nauðsyn. Aftur er jeg hálfhissa á, hvað menn tala með mikilli andakt um tóbakið. Það hefir jafnvel verið sagt, að menn vildu heldur vera svangir en tóbakslausir. (*K. D.*: Og svo er það). Það er þó vitanlegt, að án tóbaks geta menn lifað, og það góðu lífi, en án matar alls ekki. Svo það þarf ekki að eyða orðum að því, hvort sje betra, að vera án matar eða tóbaks. Hv. þm. Snæf. (H. St.) bjóst við því, að tóbakstollshækkunin gæti orðið til þess, að fátæklingar hættu að neyta tóbaks, en hinir ríku mundu halda áfram. Það væri óskandi, að hann hefði þessar afleiðingar fyrir fátæklingana. Þeim mundi líða betur eftir en áður. Jeg er satt að segja hissa á, að lækni skuli þykja tóbakið svona nauðsynlegt.

Þá sagði hv. þm. Snæf. (H. St.), að sjer kæmi kynlega fyrir sjónir, að skattar á víni, sem notað er til meðala, skuli vera auknir. Fyrir það fyrsta, eins og jeg mun hafa tekið fram hjer áður, þá er lítið um það, að efnaminni menn brúki vín til lækninga, en í öðru lagi er óhugsandi, að alt þetta vín, sem flutt er inn undir yfirskini lækninganna, fari til þeirra hluta.

Það hljóta að vera ýmsir alheilbrigðir, sem fá töluvert vín til drykkjar. Jeg efast um, að tollur yrði ýkjamikill af því víni, sem brýn nauðsyn er á til lækninga.

Jeg vona, að hv. deild leyfi frv. að ganga fram óbreyttu. Einkum er það von mín, að ekki verði hreyft við tóbakstollsákvæðunum. Það er algerlega óþarfi að halda langar ræður um, að ómögulegt sje að vera án tóbaks. Menn mundu hafa gott af að venjast af því. Þetta tala jeg af eigin reynslu. Mjer hefir altaf liðið betur, þegar jeg hefi hætt að reykja. (*E. P.*: En hví

var hæstv. fjármálaráðherra þá að byrja aftur?). Mannlegur breyskleiki, prestur minn!

Halldór Steinsson: Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hjelt því fram, að mikill meiri hluti víns, sem flutt væri inn í landið til lyfja, væri ekki notað á löglegan hátt. Jeg vil segja, að þessi árás á stjórnina fyrir að láta brjóta bannlögin komi úr hörðustu átt. Auðvitað er það landsstjórnin, sem á að gæta bannlaganna, sem annara laga. Það situr því síst á henni að vera að koma hjer á þingi með getsakir um brot á lögum, sem hún samkvæmt embættisskyldu sinni á að sjá um að sjeu haldin. Fjármálaráðh. (S. E.) hefir líklega ætlað að skjóta þessari ör til læknastjettarinnar, en hún hitti þó stjórnina og hann sjálfan.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er sannleikur, sem er á allra vitorði, að bannlögin eru brotin. Jeg hefi ekki tekið að mjer stjórn þessa lands með því skilyrði, að hætta að segja sannleikann. En ef jeg væri deigur við að segja það, að bannlögin væru brotin, og það úr ráðherrastólnum, þá væri jeg farinn að sniðganga sannleikann allmikið. Mjer er það mikið óánægjuefni að þurfa að segja þetta, en örðugt er það fyrir stjórnina að varna því, að lög sjeu brotin, enda batnar ekki við það, þó ekki sje tekið á hlutunum eins og þeir eru. En vitanlega bendir þetta alt á, að skarpara eftirlit þarf að hafa með bannlögunum.

Magnús Kristjánsson: Háttv. frsm. (G. Ó.) var að reyna til að vera fyndinn, en tókst ekki, svo því þarf ekki að svara. Jeg stend við það, að það er óhæfilegt að leggja aðflutningsgjald á suðuspritt, sem vitanlega er eingöngu notað til eldsneytis og iðnaðar. Jeg veit ekki betur en að svo sje fyrirskipað að suðuspritt skuli gert óhæft til drykkjar. Það er beint hugsanarangt að halda því fram, að suðuspritt sje drukkið, ef þessu ákvæði er framfylgt. En þó maður nú fjellist á, að það hefði við eitthvað að styðjast að tolla suðuspritt, þá yrði maður að játa, að hjer er um einbert kák að ræða. Það lægi ætíð nær að leggja toll á hárvötn, en á því sjest enginn litur í frv. Hingað flyst mjög mikið af „Bayrum", og hvað þau nú heita þessi hárvötn. Þau eru altaf óþörf, og öllum er vitanlegt, að þau eru mikið notuð til drykkjar. Háttv. nefnd ætti að gera bragarbót, sem að gagni mætti koma, en ekki að vera að þessu fálmi. Suðuspritt er notað mikið af fátæklingum vegna þrengsla í húsum. Jeg stend við þessi orð mín, þó háttv. frsm. (G. Ó.) vildi reyna að gera þau hlægileg. Vegna þrengsla eru margir fátæklingar eldavjelarlausir; þeir búa í einu herbergi með fjölskyldu sína og verða að sjóða alt á „primusum." Á áttavita á skipum hefir það einnig verið notað, þó ilt sje. Einnig mikið til ýmiskonar iðnaðar. Ýms heimili nota 10—12 lítra á ári. Þetta dregur sig saman, svo ekki er ástæða til að halda, að mikið af því, sem innflutt er, sje notað öðruvísi en heimilt er. Jeg vil beina því til háttv. nefndar, að ef það á að verða eitthvað úr því, að aðflutningsgjald verði lagt á suðuspritt, þá á hún að ganga lengra og sjá um, að hármeðul og alt, sem vínandi er í, verði tollað, og það ekki lægra.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg skildi illa þau orð hv. þm. Ak. (M. K.), sem lutu að því, að jeg hefði verið að reyna til að vera fyndinn. Jeg hefi að eins haldið því fram, að nefndin hefði ástæðu til að halda, að suðuspritt væri notað óhóflega, og þess vegna væri sanngjarnt að tolla það. Hv. þm. Ak. (M. K.) kallaði það kák að tolla suðuspritt, en ekki hármeðul. Jeg hefði ekkert á móti því, að þau væru tolluð. Jeg væri hv. þm. Ak. (M. K.) þakklátur, ef

hann kæmi fram með brtt. um það við 3. umr.

Hv. þm. Snæf. (H. St.) fræddi hv. deild um það, að suðuspritt væri ekki notað á kompása, en hv. þm. Ak. (M. K.) gaf þær upplýsingar, að svo væri þó, en jeg hygg, að það sje ekki rjett.

ATKVGR.

Brtt. 151,a. fyrri málsgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 151,a. síðari málsgr. samþ. með 9 : 4 atkv.
— 151,b. samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 194, 195, 197, 199).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Fjárhagsnefnd hefir leyft sjer að bera fram brtt. á þgskj. 197, á þá leið, **að fjögra** króna tollur verði lagður á hvern lítra af ilmvötnum og hárlyfjum, sem vínandi er í. Jeg býst við, að háttv. deild geti fallist á, að hjer sje ekki um neina nauðsynjavöru að ræða og sje þetta að því leyti góður tollstofn. Einnig gæti þessi tollur numið álitlegri upphæð, þó að ekki sje unt að koma með áætlun um það. Jeg hygg því, að ekki þurfi að mæla mikið með þessari brtt. Engum mun koma til hugar, að þessi tollur kæmi hart niður á fátæklingum, því að þeir munu síst nota þessar vörur, en annars hafa þeir viljað flækjast fyrir mönnum nokkuð sitt á hvað, þá er um tollhækkanir hefir verið að ræða.

Þá hafa þrír háttv. þm. flutt þá brtt. á þgskj 195, að tollur af tóbaki sje lækkaður niður í 3 kr., úr 4 kr. Jeg gat þess við 2. umr., að fjárhagsnefnd væri því fremur hlynt, að tóbakstollurinn yrði ekki hækkaður frá því, sem nú er. En nefndin flutti ekki brtt. um þetta af þeirri ástæðu, að hún hugði það árangurslaust. Hækkunin á tóbakstollinum var samþykt með svo yfirgnæfandi meiri hluta í háttv Nd., 18 atkv. gegn 8, að þessi háttv. deild getur litlu um þokað, nema hún sje öll á einu máli. Það væri því leikur einn, að samþ. þessa brtt., þar sem háttv. Nd. stendur svo fast á móti og mundi eflaust fella hana. Annars hefir nefndin ekki tekið afstöðu til þessarar brtt., svo að atkvæði nefndarmanna eru frjáls í þessu efni.

Þá vil jeg minnast á brtt. á þgskj. 199, frá háttv. þm. Ak. (M. K.). Þar er lagt til, að tollur á vínanda, sem notaður er til eldsneytis eða iðnaðar, sje 2 kr., í stað 4 kr. í frv. Mjer er óhætt að fullyrða að meiri hluti nefndarinnar leggur eindregið á móti því, að þessi tillaga sje samþ. Þó að tollurinn væri ef til vill ákveðinn í hærra lagi af nefndinni, þá mætti minna gagn gera en að lækka hann um helming.

Annars skal jeg ekki ræða um þessa vöru sem tollstofn. Það var gert svo rækilega við síðustu umr., að jeg hefi þar engu við að bæta. En ef tollurinn fær að standa óhaggaður, myndi hann nema allmiklu, alt að 50 þús. kr. Á það ber einnig að líta, því að við verðum að gera alt, sem unt er, til þess að auka tekjur ríkissjóðs.

Kristinn Daníelsson: Vjer höfum leyft okkur, þrír deildarmenn, að flytja brtt. á þgskj. 195, um að tóbakstollurinn verði ekki hækkaður frá því, sem nú er. Vjer gerðum það fyrst og fremst af því, að

vjer töldum ekki rjett að hækka tollinn svona mikið, og í öðru lagi vegna þess, að vjer þóttumst heyra á ummælum háttv. frsm. (G. Ó.), og enda fleiri háttv. þm., að fjárhagsnefnd og mikill hluti háttv. deildar væri mótfallinn hækkun á tollinum.

Jeg skal eigi mótmæla hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), að hjer er ekki um eiginlega nauðsynjavöru að ræða og það væri sjálfsagt vel farið, ef enginn notaði tóbak. En vjer verðum að taka tillit til þess, sem er, en ekki þess, sem ætti að vera. Tóbak er allmikið notað af alþýðu manna, og það tóbak, er brtt. ræðir um, nota jafnt fátækir sem ríkir. Tollhækkun þessi mundi draga talsvert þann fátækling, er ekki væri nema meðaltóbaksmaður. Jeg þekki marga, sem þetta gæti numið um 12 kr. á ári.

Með þessari tollhækkun er alls ekki til þess ætlast, að hún dragi úr tóbaksnautn fólks. Það er einmitt ætlast til þess, að tóbak sje jafnt keypt eftir sem áður, og því að eins gæti tollhækkunin náð tilgangi sínum, sem er að auka ríkissjóði tekjur.

Annars skal jeg ekki lengja umræðurnar frekar, en legg brtt. á vald háttv. deildar.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi leyft mjer að flytja brtt. á þgskj. 199, við 1. gr., 2. tölulið, um vínanda, sem notaður er til eldsneytis og iðnaðar. Gerði jeg grein fyrir skoðun minni á þessu atriði við 2. umr.

Háttv. frsm. (G. Ó.) lýsti því yfir, að meiri hluti fjárhagsnefndar væri eindregið mótfallinn þessari brtt. Það bykir mjer allundarlegt, þar sem hann þó í öðru orðinu viðurkennir, að nefndin hafi farið gönuskeið og ákveðið tollinn of háan. Það er og hverju orði sannara, því þetta mundi verða 50 kr. árlegur skattur á fjölda heimila í landinu. Jeg tel þetta mjög miklar öfgar og fer eins langt og jeg get, með því að leggja til, að 2 kr. tollur verði lagður á hvern lítra.

Á það var minst um daginn, að þessi vörutegund væri mjög misnotuð. Háttv. þm. Snæf. (H. St.) hjelt því mjög fram, að tollurinn ætti að vera hár af þeirri ástæðu. Jeg hygg, að erfitt muni vera að sanna þetta, og væri vert að athuga, hvort aðrar tegundir sjeu ekki miklu meir misnotaðar. Auk þess er þetta algerlega óframbærileg ástæða. Ef vissa væri fyrir því, að menn drykkju þessar tegundir eitthvað að ráði, þá er það skylda lögreglunnar að sjá svo um, að þær væru í raun og veru gerðar óhæfar til drykkjar, svo sem lög mæla fyrir. Það er vegurinn til þess að koma í veg fyrir misnotun, en ekki að leggja háan toll á vöruna.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði mig hafa viðurkent, að nefndin hefði farið gönuskeið og að tollurinn væri óhæfilega hár. Jeg hefi ekki sagt þetta, en jeg býst við, að hann hafi hengt hatt sinn á þau ummæli mín, að tollurinn væri ef til vill fullhár. Um það er ekki gott að segja, þar sem nú er verið að leggja á þennan tollstofn í fyrsta sinn. Meiri hluti nefndarinnar er þess fullviss, að 4 kr. tollur á lítranum sje nær sanni en 2 kr. Auðvitað má um það deila, en við deilum einnig um, hvað sje hæfilegt að leggja á aðra tollstofna, svo sem tóbakið og fleira.

Magnús Kristjánsson: Brtt. á þgskj. 197 og 199 hafa verið gerðar áður en frv. var útbýtt endurprentuðu eftir 2. umr. og geta því ekki fallið inn í það, eins og það er orðað. Ef brtt. á þgskj. 199 yrði samþ., mundi lækkunin einnig ná til þeirrar vöru, sem um ræðir á þgskj. 197, en það var aldrei tilætlun mín. Jeg álít heppi-

lægra, að brtt. á þgskj. 197 kæmi á eftir orðunum „af hverjum lítra“. Þetta vona jeg að háttv. þingdm. athugi.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sje ekki ástæðu til að ræða frekar um nauðsyn tóbaksins. Jeg vil að eins benda á það, að tekjur þær, sem um er að ræða af hækkuninni á tóbakstollinum, eru hjer um bil 80 þús. kr. á ári. Það dregur ríkissjóð allmikið, og mun ef til vill nema meiru. Enn fremur má búast við því, að allmikið tóbak muni flutt inn það sem eftir er ársins, og veitti ekki af því, að tollhækkunin minkaði eitthvað tekjuhallann, sem fyrirsjáanlegur er 1919. Jeg vona því, að háttv. deild fari varlega í að lækka tóbakstollinn aftur.

Jeg fellst á brtt. fjárhagsnefndar á þgskj. 197. Virðist mjer 4 kr. tollur sæmilegur og ekki ástæða til að hafa hann lægri. En í samræmi við ummæli mín við síðustu umr. aðhyllist jeg brtt. hv. þm. Ak. (M. K.), um að tollurinn á vínanda til eldsneytis og iðnaðar sje ekki hærri en 2 kr. á lítra. Eins og háttv. þm. Ak. (M. K.) tók fram, þyrfti að breyta brtt. á þgskj. 197 þannig, ef brtt. á þgskj. 199 verður samþ.: „svo og af ilmvötnum og hárlyfjum, sem vínandi er í, kr. 4.00 af hverjum lítra“, og láta þessa setningu koma aftan við greinina. Jeg vona, að hæstv. forseti fallist á, að þessu sje hægt að breyta með skriflegri brtt. nú á fundinum, svo að ekki þurfi að taka málið út af dagskrá. Ef báðar tillögurnar verða samþ., yrði líka 2 kr. tollur á ilmvötnum, en það er hvorki tilætlun háttv. flutnm. (M. K.) nje mín.

Magnús Torfason: Jeg vil geta þess, að fjárhagsnefnd gerði það af ásettu ráði, að orða brtt. á þgskj 197 svo, að sama gengi yfir ilmvötn og suðuspiritus. Nú verða menn að velja um það, hvort þeir vilji heldur leggja 2 kr. toll en 4 kr. á suðuspritt og ilmvötn. Hjer er ekki að ræða um neina villu hjá nefndinni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það var ekki skoðun mín, að um villu frá nefndarinnar hálfu væri að ræða. En vilji hv. þm. Ak. (M. K.) kemur ekki rjettilega fram eins og brtt. eru orðaðar. Hann ætlast til, að tollurinn sje 2 kr. af suðuspritti, en af ilmvötnum 4 kr. Það er ekkert við brtt. að athuga frá sjónarmiði hv. nefndar, heldur frá mínu sjónarmiði og hv. þm. Ak. (M. K.).

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er ekki svo á liðið þingtímann, að eigi megi taka málið út af dagskrá og lagfæra brtt., svo að atkvgr. geti orðið greinileg.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að vísu rjett, að nú er ekki mjög áliðið. En það varðar allmiklu,að þetta frv. sje afgr. fljótt. Innan skamms er von á skipi með allmiklu af tollvörum, og væri æskilegt, ef þetta frv. væri þá orðið að lögum. Vil jeg því mælast til þess, að málið sje eigi dregið óþarflega á langinn.

Halldór Steinsson: Fjárhagsnefnd var þess fyllilega meðvitandi, hvað hún var að gera, þegar hún samdi brtt. á þgskj. 197.

Það varð að ráði að leggja það til, að tollurinn af ilmvötnum skyldi vera 4 kr. á lítra, einmitt af þeirri ástæðu, að þá þótti heldur von til, að tollurinn á suðuspíritus yrði ekki lækkaður.

Hv. þm. Ak. (M. K.) berst fyrir því, að fá tollinn lækkaðan, og gerir mikið úr því, að suðusprittinu sje varið til iðnaðar; taldi hann, að hjer væri um 50 kr. eyðslu að ræða á hvert heimili. Hjer hygg jeg, að hann hafi farið upp í maximum. Það geta verið til heimili, sem svo mikið nota, en að

meðaltali hygg jeg, að eyðsla þessa efnis fari ekki fram úr 10—20 kr. á hvert heimili. Það mun láta nærri, að allur þorri heimila brúki að eins 2—4 flöskur um árið: það er að eins í hinum stærri kaupstöðum, sem suðuspritt er brúkað til allskonar hitunar, en annarsstaðar ekki.

Sami hv. þm. (M. K.) dró það í efa, að suðusprittið væri misbrúkað. Jeg held, að háttv. þm. hljóti þó að vera það kunnugt, eins og mjer, að einmitt svo er, og af því, að hjer er um eitur að ræða, og það mjög skaðlegt eitur, þá virðist rjett að reyna að fyrirbyggja þessa misbrúkun með því að greiða háan toll af þessari vöru. Misbrúkunin verður ekki útilokuð með auknu eftirliti, enda er og þegar eftirlit með þessu, þar sem suðuspritt er gert óhæft til drykkjar: það yrði aldrei gert svo óhæft til drykkjar, að ekki yrði það drukkið samt. Það er svo, að þegar menn hafa vanið sig á eitur, þá veitir mönnum erfitt að venja sig af því aftur.

Jeg tel sjálfsagt fyrir deildina að ganga að till. fjárhagsnefndar.

Forseti: Háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir lýst yfir því, að till. hans taki að eins til áfengis, sem gert er óhæft til drykkjar, en nái ekki til ilmvatna og hárlyfja. En þótt segja mætti, að þörf væri á því að taka frv. út af dagskrá, þá hefir þó hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) mælst til þess, að það yrði afgreitt nú, og formaður nefndarinnar hefir tjáð mjer, að hann sje ekki á móti því. Fyrir því úrskurða jeg, að frv. og brtt. skuli bornar til atkv.

ATKVGR.

Brtt. 199. samþ. með 9 : 3 atkv.
— 197. — — 10 shlj. atkv.
— 195. feld með 6 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. P., G. G., H. St., K. D., S. F., G. B.

nei: G. Ó., H. Sn., Jóh. Jóh., M. K., S. E., S. J.

M. T. greiddi ekki atkv., og færði til ástæðu, er forseti mat gilda.

Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 31. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 51, 11. júlí 1911,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 217).

Á 23. fundi í Nd. föstudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til einnar umr. (A. 217, n. 225).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 217, n. 225, 227, 236).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. er nú komið aftur hingað frá Ed., og hafa þar verið gerðar á því ýmsar breytingar.

Helstu breytingarnar eru þær, að bætt er inn í frv. þremur víntegundum, sem eru tollaðar yfir 2 kr. lítrinn. Einnig er lagður 2 kr. tollur á vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis (brennsluspritt), og enn fremur, að hármeðul með vínanda sjeu tolluð með 4 kr. lítrinn.

Fjárhagsnefnd hefir athugað þessar breytingar og getur eftir atvikum fallist á þær, þó ekki sje hún vel ánægð með þær. Sjerstaklega telur hún óheppilegt að setja þannig lagaðan toll á hármeðul, því vafi leikur á því, að hann gefi nokkrar teljandi

tekjur, vegna þess, að mjög erfitt verður að innheimta hann. Samt telur fjárhagsnefnd þetta atriði svo smávægilegt, að hún vill ekki gera það að ágreiningi, og með því verða þess valdandi, að frv. hrekist lengi milli deilda, þar sem líka ríkissjóður getur tapað stórfje á því, að málið dragist á langinn.

Í þessari hv. deild hafa komið fram brtt. við þetta frv., og að sjálfsögðu leggur nefndin á móti þeim. Í brtt. á þgskj. 227 er það lagt til, að í stað 4 kr. tolls af ilmvötnum og hárlyfjum komi 2 kr. tollur. Í sjálfu sjer skiftir þetta ekki miklu máli, en þó finst nefndinni ekki taka því að reka málið aftur og fram á milli deildanna af þessum ástæðum.

Aftur á móti er farið fram á það í brtt. á þgskj. 236 að lækka tollinn á tóbaki úr 4 kr. niður í 3,50 kr. Þessi breyting fer í mjög svipaða átt og till., sem var hjer til umr. við 2. umr. málsins og þá var feld með miklum atkvæðamun. Finst nefndinni ekki tímarnir svo breyttir síðan þá, að ástæða sje til þess að taka mark á þessari brtt., og leggur því til, að hún verði feld.

Í öðrum lið brtt. á þgskj. 236 er gengið inn á nýja braut, þar sem farið er fram á að tolla matvæli, svo sem rúsínur, sveskjur og ávexti. Nefndin getur alls ekki felt sig við þessa breytingu, enda geta menn trauðla sagt hvar staðar á að nema, ef farið er inn á þá braut, að tolla matvæli. Gæti jeg bent á ýmsar matvörutegundir, sem jafnrjettlátt væri að tolla og þær vörutegundir, sem í brtt. eru tilnefndar. En þó nú þessi breyting yrði gerð á frv hjer, þá er líklegast, að annaðhvort yrði bætt við þessar nauðsynjavörur í Ed. ýmsum öðrum, eða þá að þetta yrði alt felt úr frv. aftur. Er þá málið komið á alt of mikla hrakninga, og leggur því fjárhagsnefnd eindregið á móti þessum breytingum.

Björn R. Stefánsson: Þegar þetta frv. var hjer til 3. umr., tók jeg ekki til máls aftur, er mælt hafði verið á móti brtt. mínum. Jeg taldi þess ekki þörf, þar eð meðflutningsmaður minn hafði svarað svo rækilega. Þess vil jeg þó láta getið nú, að þó jeg hafi ekki svarað þá, mátti ekki skilja það svo, að jeg teldi á rökum bygð mótmælin, sem fram komu gegn því, að færa niður tóbakstollinn. Mig furðar á að heyra því haldið fram af hv. andmælendum mínum, að tóbakið kaupi ekki aðrir en þeir, sem efni hafa næg, því jeg hjelt, að enginn svo fáfróður maður um hag alþýðu væri til, og þó síst hjer innan þilja, að hann ekki vissi, að tóbak kaupa engu síður fátæklingar, og jafnvel öreigar, heldur en efnamenn. — Þá hefi jeg fært fram sem eina ástæðu gegn því að hækka tóbakstollinn, að því hærri sem tollurinn væri, því meiri gróðavegur væri að smygla tóbakinu inn í landið, og mundi því hækkunin verða til þess, meðal annars, að þessi ósiður ykist. Því var þá svarað, að tóbakstollurinn væri nú þegar orðinn svo hár, að hann gæfi nóga hvöt til smyglunar, svo að því leyti gerði þetta hvorki frá eða til, og mundu tollsvik því ekki aukast fyrir það. Jeg held nú samt sem áður, að hvötin mundi aukast við, að gróðavonin vex; það liggur í mannlegu eðli. Því var haldið fram, að tollurinn væri alls ekki hár; það get jeg alls ekki skrifað undir, því þegar tollurinn á einhverri vörutegund er orðinn hærri heldur en varan sjálf kostar, þá verður varla tollurinn lágr kallaður.

Er þetta mál var hjer áður til umræðu, ljet hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) þess getið, að nauðsynlegt væri að tolla eitthvað af nauðsynjavöru, og þá helst nýlenduvörutegundir. Þess vegna kom jeg fram með síðari lið brtt. á þgskj. 236. Við þá umr. man jeg eftir því, að háttv. frsm. (E. Árna.) sagði, að í raun og veru væri hækkunin á tóbakstollinum ekki nein hækkun, því hún gerði ekki meira en að

svara því verðfalli peninganna, sem orðið væri. Þetta get jeg játað. En þetta mætti segja um alla tolla, og væri því eftir þessu rjett að hækka þá alla, sem svaraði verðfalli peninganna, en láta það ekki koma niður á tóbakstollinum einum.

Þá ljet hv. frsm. (E. Árna.) þess getið, að ekki gæti komið til mála að samþykkja tillögur, sem færu í þá átt, að rýra tekjur ríkissjóðs. En nú verður þeirri mótbáru ekki lengur komið við, því að í síðari lið breytingartill. minnar er bent á nýjan tekjulið, er mundi nema alt að 80,000 kr. Að gamni mínu tók jeg yfirlit yfir árlegan innflutning af vörutegundum þeim, sem þar eru nefndar. Voru það ár, sem jeg tók, inn flutt 320,000 kg., og með 25 aura tolli á hverju kg. mundi það nema 80,000 kr. á ári. Mundi það fyllilega bæta upp þann halla, sem yrði, ef tóbakstollurinn yrði færður niður, því samkvæmt frv. stjórnarinnar ætti tekjuaukinn af því að hækka hann ekki að verða meiri en 35,000 kr., en eins og áður er sagt, verður tekjuaukinn eftir breytingartill. minni 80,000 kr. Jeg skal að vísu játa, að allar vörutegundirnar, sem taldar eru í síðari lið breytingartill. minnar, eru ekki algerlega óþarfar vörur, og á jeg þar sjerstaklega við rúsínur og sveskjur. En það mun jeg ekki gera að kappsmáli, þó þær tvær vörutegundir yrðu strykaðar út, því mjer telst til, að samt nemi tollurinn 52,500 kr. Aðflutningur af rúsínum og sveskjum nam sem sje þetta ár 110,000 kg. Þó nú þessum vörutegundum sje slept, nemur þó aðflutningur af hinum öðrum vörutegundum 210,000 kg., en tollur af því yrði 52,500 kr. með 25 aura tolli af kg. Þær 27,500 kr., sem töpuðust við það, að rúsínum og sveskjum væri slept, mætti, ef svo sýndist, fyllilega jafna, með því að hækka tollinn á hinum tegundunum, sem taldar eru í liðnum, úr 25 aurum upp í 40 aura, því þá næmi sá tollur 84,000 kr., eða 4000 kr. meira en ef liðurinn væri samþyktur óbreyttur, eins og hann liggur nú fyrir á þgskj. 236. Þó nú einhver vilji halda því fram, að hinar vörutegundirnar sjeu nauðsynjavörur, þá get jeg ekki fallist á það, því mjer finst, að þótt tollaðar yrðu döðlur, fíkjur og ýmsir niðursoðnir og þurkaðir ávextir, þá væri það aðallega „luxus"-skattur, sem lenti að mestu leyti á fólki, sem eyðir fje sínu í óþarfa, án þess að gjalda nokkuð að ráði í landssjóð. Hv. frsm. fjárhagsnefndar (E. Árna.) lagði á móti þessum till., og fanst mjer hann gera það aðallega af þeirri ástæðu, að ef þær yrðu samþyktar, kæmist málið á flæking milli deildanna, og óvíst væri þá, hvernig um það færi. Þetta verð jeg að segja, að mjer finst ekki nein veigamikil ástæða, því málið þyrfti af þessum ástæðum ekki að tefjast nema 2 daga. Jeg veit ekki annað en að báðar deildir sjeu því samþykkar að afgreiða sem flest mál, og það sem fyrst. Auk þess veit jeg ekki til, að þetta mál hafi sætt neinum verulegum andróðri hjer í þessari hv. deild, og jeg get ekki að ástæðulausu ætlað hv. Ed. svo ilt, að hún geri leik til þess að tefja þetta mál, fremur en þörf krefur. Sje jeg því ekki, að nein hætta vofi yfir málinu, þó það gengi aftur í gegnum deildirnar. Jeg heyri einn hv. nefndarmann hvísla því um bekki, að hv. Ed. mundi drepa málið, ef hún fengi það aftur milli handa; en að mínum dómi hefir hún ekki sýnt neinn lit í þá átt, heldur hefir hún jafnvel farið fram á að bæta við frv. þetta ýmsum tekjuaukum, og get jeg því ekki sjeð annað en að henni ætti að getast vel að brtt. minni.

Og þó að nú væri látið staðar numið við þetta frv., þá sje jeg eigi betur en seinna verði að finna aðra leið til tekjuauka, og jeg tel ósennilegt, að fundin verði önnur sanngjarnari leið en brtt. mín fer fram á.

Hv. frsm. (E. Árna.) sagðist vita af mörg-

um fleiri vörutegundum, sem ástæða væri til að tolla. Jeg hefði gaman af að heyra, hverjar þær vörutegundir væru. Jeg fór yfir vöruskrár og gat ekki fundið aðrar vörutegundir, sem fremur væri ástæða til að tolla.

Einar Arnórsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þgskj. 227. Jeg skal byrja mál mitt á að lýsa yfir því, að jeg tek þessa brtt. aftur. Og ástæðan til þess er í fyrsta lagi sú, að fjárhagsnefnd er hrædd um, að frv. verði limlest, ef það gengur aftur til Ed. En jeg sje ekki ástæðu til að stofna frv. í hættu fyrir brtt. mína. Í öðru lagi er ástæðan sú, að í frv. er farið fram á að leggja háan toll á ilmvötn og hármeðul. Ef þessi liður nær fram að ganga, býst jeg við, að þessi efni verði ekki tekjustofn, því að nú er komið hjer fram frv. um að banna innflutning á þeim. Og í þriðja lagi er ástæða mín sú, að þessir vökvar flytjast ekki inn í svo stórum ílátum, að nemi 1 lítra. Aðalatriði málsins sýnist vera það, að bannað verður væntanlega að flytja þessa vöru inn í landið. Úr því jeg er svona frjálslyndur, geri jeg ráð fyrir, að 2. þm. S.-M. (B. St.) taki sína brtt. líka aftur. Þótt hann mælti fjálglega fyrir henni, hefir það getað verið líkræða, því að það er oft siður viturra og snjallra ræðumanna að mæla spakleg orð eftir látna vini sína. — Sveskjur eru ekki meiri nauðsynjavara en sykur, en ef ætti að telja upp alt, sem mætti tolla, yrði sú upptalning óendanleg.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki neitað því, að mjer finst frv. ekki hafa tekið miklum bótum í hv. Ed. Jeg hygg, að tollur á brennisuspíritus komi allilla niður. Eins og vjer vitum, er brennisuspíritus einkum notaður af fátækara fólki, svo að það yrði sjerstaklega að bera þær byrðar, sem tollurinn hefði í för með sjer.

Tilgangurinn með frv. þessu er í raun og veru að koma í veg fyrir, að menn drekki suðuspíritus. En hjer hefði mátt fara aðra leið, sem Siglfirðingar hafa farið, og komið hefir að mjög góðu haldi, að því er sagt er, nefnilega selja hann að eins eftir seðlum. En sakir þess, að illa hlýðir, að brugðið sje fæti fyrir tekjufrv. af hálfu stjórnarinnar, eins og nú stendur á, þá ætla jeg ekki að koma fram með breytingartillögu við frv., þótt jeg verði að telja, að hjer sje lagður á mjög athugaverður tollur, enda má vera, að hið háa þing sjái leið til þess að bæta úr á annan hátt.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg þarf ekki að segja margt, úr því að brtt. á þgskj. 227 hefir verið tekin aftur, og tilgangslaust að endurtaka það, sem jeg sagði áður um brtt. á þgskj. 236.

Um tóbakstollinn er sömuleiðis tilgangslaust að deila, því sú brtt. er dauðadæmd.

Háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) lagði áherslu á það, að síðari liður brtt. sinnar mundi gefa miklar tekjur, ef hann yrði samþyktur, sennilega um 80 þús. kr. Þetta kann vel að vera. Jeg gæti meira að segja trúað, að svo mörgum matvælategundum mætti prjóna við hann, að hann gæfi tvennar 80 þús. En það út af fyrir sig er engin sönnun fyrir rjettmæti brtt. Það var misskilningur hjá hv. þm. (B. St.), að nefndin hefði verið á móti þessum lið einungis af ótta við að hrekja frv. aftur til Ed. Þar var aðallega átt við brtt. á þgskj. 227, en ekki þessa. Annars tjáir ekki um þetta að deila. Jeg býst við, að nefndin hviki ekki frá skoðun sinni, og afstaða deildarinnar til frv. mun koma fram við atkvæðagreiðsluna.

Gísli Sveinsson: Jeg hafði búist við, að fram kæmi till. hjer í deildinni um að fella burtu liðinn um toll á suðuspíritus.

Jeg hafði þess vegna ekki búið mig undir að koma með brtt. Enn fremur bjóst jeg við, að brtt. háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) kæmi til atkvgr.

Jeg er sammála hæstv. forsætisráðherra um, að óheppilegt sje, að tollur sje lagður á suðuspíritus. Þó að vera kunni, að leiða megi rök að því, að suðuspíritus hafi verið notaður til drykkjar, þá er það ekki nægileg ástæða til, að lagður sje á hann tollur. Aðalatriði málsins er þetta, hvort suðuspíritus er ekki nauðsynleg vara, og hvort svo mikið flyst af honum til landsins, að það taki því að tolla hann. Þeir, sem nota hann, nota hann vafalaust til fullra nauðsynja. Og jeg geri alls ekki ráð fyrir, að þeir, sem drekka hann á annað borð, hætti því fyrir þá skuld, að hann hækkaði í verði. Það mætti stemma stigu fyrir því á annan hátt, að menn notuðu hann til drykkjar; t. d. má takmarka sölu á honum með seðlum.

Í sambandi við þetta vil jeg leyfa mjer að bera fram svo felda skriflega brtt. við 2. tölulið frv., að síðasta málsgrein orðist svo:

„Af ilmvötnum og hárlyfjum, sem vínandi er í, kr. 2.00.“

Það þarf að vísu afbrigði þingskapa til þess, að till. geti komið til atkvæða, en jeg get ekki sjeð, að neitt þurfi að vera því til fyrirstöðu.

Frsm. (Einar Árnason): Af þeim ástæðum, sem jeg hefi þegar tekið fram, að jeg vil hvorki tefja málið, nje eiga neitt á hættu með breytingar, sem Ed. kynni að gera á frv., verð jeg að mæla eindregið móti brtt. háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.).

Gísli Sveinsson: Mjer kemur það kynlega fyrir, hversu háttv. nefnd reynist ósanngjörn, að hún skuli láta frsm. lýsa yfir því, að hún sje á móti till., þar sem hún hefir ekki til taks nein frambærileg rök fyrir máli sínu. Jeg álít það vera móðgun við hv. Ed., sem jeg hygg að hún umi illa, að gera henni þær getsakir, að hún bani öllu málinu, þótt hjer yrði á ger þessi litla breyting. Lögum samkvæmt á Nd. aðalatkvæðið um fjármál og skattamál, og þó að Ed. samþykki stundum ekki till. hennar, þá sje jeg enga ástæðu til að ætla, að hún láti slíkt frv. sem þetta stranda á svona lítilfjörlegu atriði. Jeg tel getsakir hv. frsm. (E. Árna.) í garð Ed. algerlega órjettmætar, og er hissa á, að hv. fjárhagsnefnd skuli leyfa sjer að ætla Ed. slíkt gerræði, sem fram kom í ræðu frsm.

Jörundur Brynjólfsson: Þegar jeg veitti eftirtekt, hve hátt gjald hv. Ed. lagði á suðuspíritus, þótti mjer það mjög svo órjettmætt. Hinu undrar mig þó meira á, að hv. fjárhagsnefnd þessarar deildar skuli, af ótta fyrir, að Ed. felli frv., ef því verður breytt, þó ekki sje nema þessu atriði, gera þetta að kappsmáli. Jeg get með engu móti sætt mig við þetta atriði óbreytt. Hins vegar játa jeg, að illa væri farið, ef breytingin yrði til þess, að frv. næði ekki fram að ganga í Ed. Að vísu væri það ekki sök Nd. En jeg hygg, að Ed. hugsi sig um tvisvar, áður en hún fellir frv. fyrir það, þótt þessi litla breyting verði gerð. Þessi skattur verður fátækum almenningi, einkum í kauptúnum, mjög tilfinnanlegur. Brennsluspíritus kostar nú 3—4 kr. hver lítri. Það er svo hátt verð, að ekki er gerlegt að leggja 2 kr. skatt þar á. Jeg vil sem best styðja brtt. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og vænti, að hv. fjárhagsnefnd ljái lið, svo breytingin nái fram að ganga.

Björn R. Stefánsson: Fyrst farið er að bera fram skriflegar brtt., þá ætla jeg að koma hjer með eina. Hún er við brtt. 236 og er svo hljóðandi:

1. *Við 2. lið. „Rúsínur og sveskjur" falli burt.*
2. *Við sama lið. Fyrir „kr. 0.25 komi: kr. 0.40.*

Jeg hefi minst á þetta áður. Ef brtt. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) verður samþykt fyrst, þá þurfa menn ekki að óttast afleiðingarnar af að samþykkja mína brtt. á eftir. Sú ástæða er þá fallin burtu, að ekki megi samþykkja till. mína af ótta við Ed., því frv. fer til Ed. hvort sem er, ef brtt. hv. þm. V.-Sk. verður samþykt.

Sveinn Ólafsson: Mjer skilst, að það sje nokkuð tvísýnt, hvernig atkvæðagreiðslan fer. Jeg vil þess vegna láta uppi álit mitt á málinu.

Jeg var ekki alls kostar ánægður með frv. eins og það fór hjeðan úr deildinni síðast, og því síður eins og það er komið frá hv. Ed., og þó að mjer sje ekki vel við innflutningsleyfi fyrir brennisuspíritus, þá verð jeg að vera hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sammála um, að hv. deild beri að fella till. um, að hann sje tollaður. Jeg mun þess vegna greiða atkvæði með till. hans.

Dálítið öðru máli er að gegna með brtt. á þgskj. 236. Jeg sje mjer ekki fært að fylgja henni, af því að mjer finst óríettlátt að leggja innflutningsgjald á þessa vöru. Að vísu mætti segja, að ávextir sjeu ekki meiri nauðsynjavara en t. d. sykur. En hann er líka sú vörutegund, sem að míntum dómi ætti ekki að tolla með þeim tollskyldu vörum, sem frv. telur. Hitt eru alt, að meira eða minna leyti, munaðarvörur. Vjer búum hjer í ávaxtasnauðu landi og höfum ávaxtanna fylstu þörf, engu síður en aðrar þjóðir. Er þess vegna óviðeigandi að tolla þá, einkum þær tegundir, sem eigi geta þroskast hjerlendis, og þó eru alment notaðar, svo sem rúsínur, plómur og epli. Nær hæfi mundi jeg telja að tolla jarðepli. Þau má rækta hjer svo nægi landsbúum öllum, og tollur á þeim mundi hvetja til aukinnar ræktunar.

Að vísu mun þessi till. um ávaxtatollinn borin fram til að vinna upp eftiræskta lækkun á tóbakstollinum, en tóbakstollurinn hefir nú verið samþyktur í báðum deildum, og eru því litlar líkur til þess, að hann verði lækkaður.

Frsm. (Einar Árnason): Út af ummælum hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), þar sem hann sagði, að jeg hefði farið með ósæmilegar getsakir í garð Ed., vil jeg taka það fram, að þetta er ósæmileg rangfærsla á orðum mínum. Jeg hefi aldrei sagt, að Ed. myndi fella frv. Hitt ljet jeg uppi, að hún ef til vill gerði þær breytingar á því, er þessari hv. deild þættu óaðgengilegar, og þó að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vildi gefa í skyn, að Ed. hefði engan tillögurjett í þessu máli, þá býst jeg ekki við, að hún fari að því. Jeg vísa því frá mjer ummælum hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sem annari markleysu.

Magnús Pjetursson: Mjer þykir ærið kynlegt, að þm. skuli vera farnir að bera fram skriflegar brtt. Þessi aðferð er mjög óviðkunnanleg, eigi síst þar sem enginn þingfundur hefir verið haldinn í tvo daga. Þingmenn hafa því haft nægan tíma til undirbúnings. En nú rís upp hver á fætur öðrum með skriflegar brtt.

Jeg er hissa á, hve þm. hafa tekið illa breytingum þeim, sem Ed. gerði á frv. Þessi tollur á suðuspíritus er þó lítill í samanburði við þann toll, sem er á öðrum vínanda.

Nú er það sálfsagt meiningin hjá þeim, sem vilja fella burt tollinn á brennisuspíritus, að það sje vegna þess, hve nauðsynlegur hann sje til eldsneytis, en það sje ekki gert af neinni samúð við þá, sem leggja það í vana sinn að drekka hann.

En nú er það alkunnugt, að það er flutt allmikið af spíritus inn í landið í öðru skyni, sem sje í því skyni, að hafa hann í meðul, og það hygg jeg að menn verði þó að viðurkenna, að sú notkun hans sje enn nauðsynlegri en eldsneytisnotkunin, því að flestir munu telja læknislyf lífsnauðsynleg. Ætti því engu síður, nema fremur sje, að undanskilja þann spíritus tolli en hinn, skoðað frá sjónarmiði nytsemdarinnar.

Svo er annað í þessu efni. Af þeim spíritus, sem ætlast er til að 4 kr. tollur sje lagður á, er töluvert notað til iðnaðar; það mun og vera með nokkuð af brensluspíritusinum, og er líkt á komið um þessar tvær tegundir að því leyti. En þá kemur ósamræmið fram hjá þeim, sem vilja leggja 4 kr. toll á lítrann af annari tegundinni, en ekkert á hina.

Það er því miðlunarvegur, sem hv. Ed. hefir farið, þar sem hún vill leggja nokkurn toll á báðar tegundirnar, en þó helmingi lægri á brensluspíritusinn.

Jeg mun hiklaust greiða atkvæði móti hinni hjákátlegu aðferð hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að reyna að koma að hjer í deildinni skrifaðri brtt., og fái hann því framgengt, sem ólíklegt er, þá mun jeg greiða atkvæði móti brtt. sjálfri. Það hefði verið sæmilegra af hv. þm. (G. Sv.), ef honum er mjög ant um að koma að brtt. sinni, að hann hefði leitast við að fá málið tekið út af dagskrá, en að beita þessari óvenjulegu og viðsjárverðu aðferð.

Jeg tók ekki eftir, að hv. frsm. (E. Árna.) mintist á eitt atriði þessa máls, sem þó er töluvert þýðingarmikið. Síðasta gr. frv. segir: „Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.“ Það er því áríðandi fyrir oss, sem viljum ná sem mestum tekjum í landssjóð, að málið fái sem fyrst framgang, og að vjer forðumst að láta það hrekjast milli deildanna, en reynum að sjá til, að lögin sjeu komin í gildi áður en næstu skip koma frá útlöndum. Þetta er að minsta kosti jafnþýðingarmikil ástæða fyrir því, að oss beri að afgreiða málið nú þegar, eins og hræðslan við að hleypa því upp í efri deild aftur, af því að þar muni því verða spilt eða það felt með öllu.

Matthías Ólafsson: Háttv. þm Stranda. (M. P.) sagði, að það hefði verið vorkunnarlaust fyrir þá, sem vildu, að koma fram með brtt. við frv. þetta, þar sem liðið hefðu nú tveir dagar milli þingfunda. En veit hv. þm. (M. P.) ekki, hve miklum önnum þingmenn voru yfirleitt hlaðnir þá daga, nje heldur, að sumir voru þá fjarverandi úr bænum þeirra, sem mest eru við mál þetta riðnir?

Samanburður hv. þm. (M. P.) á brensluspíritus og hreinum spíritus var gerður meir af vilja en mætti; þess gætir ekki mikið, þótt nokkur tollur sje lagður á meðalaspíritus, því að það mun vera fágætt, að hann sje gefinn öðruvísi en í smáskömtum *sem læknislyf*. Munu því spíritusmeðul hvers einstaklings ekki geta hækkað að verulegum mun í verði. Tillaga hv. Ed. um toll á brensluspíritus er afaróbilgjörn, ekki síst á þessum tíma, þegar flestur eldiviður er svo afskaplega dýr; og svo er þess að gæta, að tollur þessi legst mestmegnis á kaupstaðabúa, en sveitamenn komast að mestu hjá honum; þeir brenna mestmegnis sauðataði, og sumir mó með, en munu fæstir nota suðuvjelar, svo nokkru nemi. Aftur á móti nota fjölmargir kaupstaðabúar að miklu leyti steinolíuvjelar, sem kveikt er á með brensluspíritus, því þótt það sje dýrt, verður annað eldsneyti þó enn dýrara, auk þess sem húsnæðisskorturinn einn út af fyrir sig knýr ýmsa til að nota þessar vjelar. Það verða því fyrst og fremst fátækari heimilin, sem tollurinn legst á, og mun síst of mikið í lagt, að hann nemi, með kaupmannságóðanum á honum, 15—20 kr. á

heimili, þar sem olíuvjelarnar eru mikið brúkaðar.

Hv. þm. Stranda. (M. P.) fanst það mæla mikið með því, að frv. væri samþykt óbreytt hjer, að það flýtti fyrir því, að lögin kæmust í gildi. Hv. Ed. hefir ekki litið þannig á, að mjög mikið lægi á að hraða málinu sem mest, því að hún kynokaði sjer ekki við að tefja fyrir því, með því að breyta frv., og eiga með því á hættu, að það hrektist milli deildanna. Það er ekki í fyrsta sinn, sem hv. Ed. leikur sjer að því, að breyta frv. þessarar deildar, og það eins þótt fjármálafrv. sjeu, og lætur hótanir fylgja, sje ekki gengið að breytingunni, eða svo heyrðist á hv. frsm. (E. Árna.), að í þessu máli væri. Slíkar hótanir ætti þessi deild ekki að láta hræða sig til að hverfa frá því, sem hún telur rjettast. Lofum hv. Ed. að fella frv., ef hún þorir, og taki hún svo á sig ábyrgðina af því. (*E. A.:* Hvers virði er sú ábyrgð?)

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi ekki heyrt nema lítinn hluta af umræðunum um þetta mál, því að jeg var við annað bundinn. Þó mæli jeg hiklaust með því, að frv. sje samþykt óbreytt. Þó skal jeg taka það fram, að í sjálfu sjer var mjer það ekki kappsmál, að tollur væri lagður á vínanda, sem ætlaður er til iðnaðar og brenslu, og 4 kr. tollur þótti mjer alt of hár; hins vegar get jeg vel unað við 2 kr. tollinn. Það er kunnugt, að allmikill ágreiningur hefir verið í þinginu um hina ýmsu liði frv. Sumir hafa lækkað tollinn á þessum liðnum, en hækkað á hinum, og menn greinir yfir höfuð á um, hvað tolla skuli og hvað ótollað skuli látið. Þegar svo er háttað, þá er eigi lítil áhætta að láta málið hrekjast milli deilda, og afdrif þess þá með öllu óviss.

Jeg legg áherslu á það, eins og hv. þm. Stranda. (M. P.), að málið sje afgreitt sem fyrst frá þinginu, því að landssjóður missir tekjur við hvern drátt, sem á því verður.

Breytingin á frv. frá því það fór úr þessari deild er eigi önnur en sú, að bætt hefir verið við tolli á brensluspíritus og ilmvötn. Hvað ilmvötnin snertir, geri jeg ráð fyrir, að allir sjeu á því að tolla þau; einasta má óttast, að erfitt verði að ná í þann toll; þó geri jeg ráð fyrir, að hv. deild muni eigi þykja ráðlegt að láta málið hrekjast milli deilda þess vegna.

Það, sem á milli ber, er þá tollurinn á brensluspíritus. Sá tollur hafði fylgi í hv. Ed., og líklega hefir hann líka það fylgi hjer í deild, að hann muni fá framgang; það er því að eins til að tefja fyrir málinu, að fallast ekki strax á hann. (*E. A.:* Þá er líka ráðlegast að tala sem skemst.) Hv. þm. (E. A.) er vanur að tala langt og ítarlega um mál sín, og þótt mjer hafi stundum leiðst ræður hans, þá hefi jeg aldrei fundið að margmælgi hans. Að öðru leyti eru skattamálin þau alvörumál, að hjer á ekki við neitt spaug.

Bjarni Jónsson: Það hefir nú verið talað nokkuð mikið um þennan brensluspíritus, sem jeg veit ekki betur en að notaður sje mestmegnis til drykkjar, því að langt er síðan menn komust upp á að kveikja á hinum svo kölluðu prímusum með steinolíu. Það hefir verið lagður tollur á áfengi, og sekt er við lögð, ef menn láta sjá sig drukna á götum bæjarins. Nú er brensluspíritus síst óáfengari en annað, og því alveg eins rjettmætt að leggja toll á hann, eigi síður en annað áfengi, þegar hann er hafður til drykkjar. (*E. A.:* Hefir hv. þm. (B. J.) smakkað brensluspíritus?) Nei, jeg hefi ekki einu sinni þefað af honum, nema út úr öðrum; ekki segi jeg hverjum.

Jeg stóð annars upp til að minna á það,

að hjer um daginn bar jeg upp frv., sem lítil greinargerð þótti fylgja, og var það fyrir þá sök felt frá umræðu í þessari hv. deild. En nú er hjer borin fram brtt. krotuð upp á blað, till. sem enginn hv. þingdm. hefir sjeð fyr en á þessari stundu. Jeg veit ekki til, að það hafi verið neitt verkfall í prentsmiðju þingsins, og þó er ætlast til, að þessi brtt. komist hjer að, svona fyrirvaralaust. Eigi hún að komast að, væri sæmra, að hæstv. forseti tæki málið út af dagskrá, svo að hún verði borin fram á venjulegan hátt.

Gísli Sveinsson: Hv. frsm. (E. Árna.) brást reiður við, er jeg sagði, að hann hefði haft þær getsakir í frammi, að hv Ed. mundi fella frv. þetta, ef því yrði breytt hjer í deild. En þegar hann hugsar sig betur um, mun hann ranka við sjer og minnast þess, að hann gaf þetta fyllilega í skyn. Hann sagði berum orðum, að frv. væri í hættu, ef því væri aftur hleypt upp í Ed. Þetta kalla jeg að bera óhæfilegar getsakir á hv. Ed.; en ef hann vill ekki kannast við, að orð hans verði að skilja á þennan veg, þá fer jeg að efast um, að hv. þm. (E. Árna.) skilji mælt mál.

Það er með öllu ósæmilegt að gera hv. Ed. þær getsakir, að hún muni fella frv., þótt einhver breyting verði á því hjer; og því ólíklegra er, að hún muni ráðast í það, þar sem hún kynokar sjer ekki við að koma með þær breytingar á frv., frá því sem það fór hjeðan, er hún mátti ganga að sem vísu að mundu sæta megnum mótmælum hjer í deild. Þessi ótti við hv. Ed. á alls eigi að geta ráðið niðurlögum brtt.; það sæmir ekki þessari deild að vera svo hjartveik; og þótt því sje haldið fram, að það ríði á, að lögin komist sem fyrst í gildi, þá ríður þó ekki minna á hinu, að þau sjeu sæmilega og sanngjarnlega úrgarði gerð. Það er og ekki til þess að hugsa, þrátt fyrir allan dugnað löggjafarvalds og stjórnar, að þau verði gengin í gildi áður en næsta skip kemur frá útlöndum, því að það er von á því hingað í kvöld.

Það var undarlegt, hvílíkur fítonsandi þaut í hv. þm. Stranda. (M. P.), þegar hann heyrði brtt. mína; hann ber, eins og kunnugt er, að eins hreinan spíritus fyrir brjóstinu, og má ekki heyra nefndan annan, án þess að hamast, rjett eins og annar spíritus sje eigi nauðsynlegur og nothæfur til ýmsra hluta.

Hv. þm. (M. P.) þótti það hjákátlegt, að jeg skyldi koma fram með brtt. mína skrifaða; slíkt er þó eigi svo í sjálfu sjer. Mjer þótti öðrum en mjer standa það nær að koma með brtt. og bjóst við, að þeir mundu gera það; en þegar það fórst fyrir, greip jeg til þessa úrræðis.

Hv. þm. Dala. (B. J.) kvað það hefði verið sæmilegra fyrir mig að fá nefndina til að taka málið út af dagskrá en hafa þessa aðferð, en því er þar til að svara, að mjer var það fullkunnugt, að hún mundi neita þeirri málaleitan. Nú ætla jeg að reyna frjálslyndi hv. deildar, hvort hún muni ekki leyfa, að brtt. komist hjer að, og að óreyndu geri jeg ráð fyrir, að hv. þm. Dala. (B. J.) verði með því, þótt hann taki það ekki að jafnaði sárt, að þjarmað sje frv. annara en sjálfs hans. Mjer þykir líklegt, að hann minnist þess, að um daginn var jeg með því, að frv. frá honum kæmi til umr., þótt því fylgi engin greinargerð, og launi það nú, að jeg vildi láta náð ganga fyrir rjetti, því að jeg tel það rjett að fylgja ekki bókstaf þingskapanna út í ystu æsar, þegar um minni háttar atriði er að ræða, og þannig mun háttv. þm. (B. J.) hafa litið á, er hann bar fram frv. sitt, og væntí jeg þess, að ekki sje eitt fyrir honum í dag, en annað á morgun. Háttv. þm. (B. J.) sagði, að kveikja mætti með steinolíu á prímusum; þetta er engin ný speki, því að flestum mun kunnugt, að kviknar í steinolíu við nægan hita; en hitt hjelt jeg

að hv. þm. (B. J.) væri og kunnugt, að prímusar endast hálfu skemur, ef steinolía er notuð til að kveikja á þeim, og að þegar öllu er á botninn hvolft verður það miklu dýrara að nota steinolíu en brennsluspíritus til uppkveikjunnar. Það kostar ekki lítið að þurfa sí og æ að láta gera við prímusa og hreinsa þá, og svo við og við að verða að kaupa þá nýja, og það miklu oftar en ella, ef lagður er steinn í götu manna með að nota þann suðuvökva, sem hentugur er. Jeg er í sjálfu sjer ekki á móti því, að málið sje tekið út af dagskrá, og vænti jeg, að hv. þm. Stranda. (M. P.) verði því fylgjandi, ef til þess kemur.

Magnús Pjetursson: Mig furðar á því, hve ill áhrif orð mín höfðu á sessunaut minn, hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), því að jeg finn eigi, að nokkuð það hafi komið fram í ræðu minni, er gæfi honum ástæðu til að tala svo geyst, sem hann gerði.

Það er misskilningur hjá hv. þm. (M. Ó.), að tollur þessi komi eingöngu niður á mönnum við sjávarsíðuna. En við það miðast mótstaða hans. Það er mjög farið að tíðkast í sveitum að nota prímusa, og um engjaslátt má telja, að þeir sjeu mjög mikið notaðir sumstaðar þar sem jeg þekki til.

Hv. þm. (M. Ó.) sagði, að verið hefði meir af vilja en mætti samanburður minn á hreinum vínanda og brennsluvínanda. Þó tókst hv. þm. (M. Ó.) allófimlega að hrekja þennan samanburð minn. Hann vildi gera þann mismun á þessum tveim tegundum, að hreinn vínandi væri tekinn inn í smáskömtum, en hinn tæki eldurinn í stórskömtum. En þegar að er gáð, þá má ætla, að á prímus fari, og þar er hann aðallega notaður, ein matskeið í senn af brennsluspíritus, segjum þrisvar á dag, og er það líkt og gerist og gengur með meðalainntökur.

Hv. þm. (M. Ó.) bar ekki við að hrófla við samanburði mínum á notkun hinna tveggja vínandategunda til iðnaðar, enda mundi honum hafa veitt erfitt að fetta fingur út í hann.

Jeg þarf ekki að svara neinu verulegu hinni *stuttu* (!) athugasemd hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), enda var ekki við að búast, að hann gæti komið að í henni miklu svaraverðu. Hv. þm. (G. Sv.) tók það fram, að jeg mundi eingöngu bera fyrir brjósti hreinan vínanda. Framkoma mín sýnir best, hvort svo muni vera, þar sem jeg hefi ekki tekið til máls nje kvartað yfir hinni stórfeldu tollhækkun á honum. — Það er ekki rjett að draga það út úr orðum mínum, að jeg sje með því, að málið sje tekið út af dagskrá; jeg er því með öllu mótfallinn.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) nje kasta hnútum í hann, þótt auðvelt sje, svo að hann þurfi ekki að biðja um orðið í fjórða sinn í þessu máli. Það lítur annars nærri því út, eins og hv. þm. (G. Sv.) hafi öðlast eitthvert einkaleyfi til að brjóta að ósekju 35. gr. þingskapanna.

Matthías Ólafsson: Jeg hefði getað sparað mjer að standa upp, því að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) er nú nokkuð búinn að upplýsa hv. þm. Dala. (B. J.) um villu hans viðvíkjandi prímusum og steinolíu. Það er rjett, að það má vel kveikja á prímusum með steinolíu, en það eyðileggur andrúmsloftið svo, að þar verður blátt áfram ólifandi. Hv. þm. Dala. (B. J.) hefir sýnilega ekki verið í húsi, þar sem kveikt er með steinolíu á eldfærum þessum dag eftir dag. Það er víst, að ef hreint loft er eitt af brýnustu lífsnauðsynjum mannkynsins, þá er ekki ráðlegt að kveikja á prímusum með aðferð hv. þm. Dala. (B. J.). Auk þess er það rjett, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók fram, að með þessari kveikingaraðferð eyðileggjast prímusar miklu fyr.

Þá er það hv. sessunautur minn (M. P.). Það er mikill misskilningur, ef hann heldur, að jeg myndi heldur vilja tolla þetta

eldsneyti, ef það væri notað í sveitum. Mjer er það nóg, ef menn alment sjá sjer hag í því að nota suðuspíritus til brenslu, hvort sem þeir eru til sjávar eða sveita. Vildi jeg því undir öllum kringumstæðum afnema þennan toll. En sjerstaklega nú, þegar eldsneyti er svo dýrt, að það gleypir stórfúlgu af tekjum almenningsmanna, þá er það blátt áfram samviskusök að leggja þennan toll á. Það dregur sig saman, er þessi skattur er á hverjum lítra. Það mun láta nærri, að það leggi á mörg heimili í Reykjavík aukin útgjöld svo hundruðum króna skiftir.

Bjarni Jónsson: Jeg verð að minnast örfáum orðum á „frjálslyndi" háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Hann bregður mjer um ófrjálslyndi, er jeg vil ekki láta veita afbrigði um skriflega brtt. Mjer fanst það engin synd, þótt jeg stæði nú upp í stað þess þingmanns, sem því er vanastur að mótmæla afbrigðum og fljótastur að spretta upp úr sæti til þess. Jeg benti á að taka málið út af dagskrá, og sýndi svo frjálslyndi mitt. Jeg tala alls ekki um að binda alt við þingsköpin, og tel oft rjett að eltast ekki um of við bókstaf þeirra. En það stóð ekki svo á um daginn, að víkja þyrfti frá þingsköpum, því að greinargerðin með frv. var til. Þarf því ekki að minna mig á það. Jeg þurfti þá engra afbrigða að leita.

En nú er á valdi hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá, svo að ekki þurfi að leita afbrigða. Svo vil jeg og benda á, að ef forseti vill ekki upp á sitt eindæmi ráðast í það ógurlega fyrirtæki, getur hann borið það undir atkvæði deildarinnar, hvort málið skuli tekið út af dagskrá eða ekki. Þá skal jeg lofa hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) að fylgja því, að málið sje tekið út af dagskrá. En jeg er á móti afbrigðum.

Þá er ekki annað eftir en hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Jeg þakka honum þær upplýsingar, er hann gaf mjer og öðrum þgdm. í prímusa-fræði sinni. Mjer þykir að eins leitt að verða að skýra frá grundvelli þeim, sem fræði hans byggist á. Hún hvílir á því, sem alment er nefnt subbuskapur. (*M. Ó.*: Hvernig?) Ef þrifalega er farið með prímusa, þarf ekkert óloft að stafa af því, þótt olía sje notuð til eldkveikna. Læt jeg mjer nægja athugasemd þessa við hans fræðigrein.

Fjármálaráðherra (S. E.): Ef hv. deild þykir nauðsynlegt að taka málið út af dagskrá, því þá ekki eins að leyfa afbrigði? Það er engin ástæða til að tefja slíkt mál með leikaraskap.

ATKVGR.

Till. um að taka málið út af dagskrá feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., B. Sv., B. J., B. St., E. A., G. Sv., H. K., J. B., M. Ó., P. J. P. O.
nei: P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., E. Árna., E. J., J. J., J. M., M. G., M. P., Ó. B.

Afbrigði um framkomnar skriflegar brtt., aðra frá þm. V.-Sk. (G. Sv.) og hina frá 2. þm. S.-M. (B. St.), leyfð af ráðherra, en feld með 10 : 15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M.Ó., P. J., P. O., Sv. Ó., Þorl. J., B. Sv., B. St., E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., Ó. B.
nei: P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. Árna., J. J., M. P.

Tillögurnar komu því ekki til atkv.

Brtt. 227. tekin aftur.
— 236,1. feld með 13 : 4 atkv.
— 236,2. — — 14 : 4 —

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 260).

6. Hrossasala.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra (A. 32).

Á 4. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er vonandi, að þau þurfi ekki að vera mörg hjer eftir þau frv., sem stjórnin leggur fyrir hið háa Alþingi í tilefni af ófriðnum. Er óskandi, að þetta verði hið síðasta.

Frv. þetta er bráðabirgðalög, sem gefin voru út áður en horfur voru á, að draga mundi saman með stórþjóðunum áður en þing kæmi saman, og útlit var fyrir, að stjórnin yrði að gera ráðstafanir um verslunarviðskifti við útlönd.

Tildrögin voru þau, að bestur markaður fyrir hross var í Danmörku, og útflutningsleyfi til annara landa fekst ekki. Það voru húsmannafjelögin dönsku, sem keyptu valin hross, og seldust þau vel. Barst hingað í vor tilboð frá danska landbúnaðarráðuneytinu um útvegun á hrossum, og var þess óskað, að stjórnin hefði sömu meðferð og síðastliðið ár. Jafnframt komu og fram raddir um það innanlands, að æskilegt væri, að stjórnin tæki einkasölu á hrossum út úr landinu. Þess vegna voru lög þessi gefin út.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um mál þetta, enda er háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) því kunnugri en jeg. En það má taka fram, að landsmenn, þeir er hross hafa til sölu, fella sig vel við það, að stjórnin hafi einkasölu á þeim. Eins álitlegur markaður fekst ekki í öðrum löndum, svo sem Noregi og Svíþjóð, eins og þarna var vænst að stæði til boða. Í ástæðum frv. er og bent á, að örðugt sje um nógan skipakost til útflutnings.

Jeg hefi farið um frv. þetta svo mörgum orðum vegna þess, hve greinargerðin er stutt. Óska jeg, að frv. fái að ganga til 2. umr. og verði falið landbúnaðarnefnd til athugunar.

Pjetur Jónsson: Það þykir kannskerjett, af því að jeg er í útflutningsnefnd, að jeg geri nokkra grein fyrir þessu hrossasölumáli. Hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) hefir nú gert grein fyrir bráðabirgðalögunum sjálfum, og þarf jeg ekki að fara út í það. Þá er bráðabirgðalögin voru út gefin, var gert ráð fyrir því, að verðið í Danmörku yrði svipað í ár og það var í fyrra. En þegar formaður útflutningsnefndar, Thor Jensen, kom til Danmerkur, fór hann að skygnast eftir um þetta mál. Enda var þá og vísað til hans um samninga fyrir landsstjórnarinnar hönd við húsmannafjelögin dönsku eða erindreka þeirra. En þá kom í ljós, að húsmannafjelögin vildu ekki gefa eins hátt verð og í fyrra, eða svo hátt verð, að líklegt væri að við gætum gengið að. Verð á hrossum í Danmörku fjell í haust sem leið, en þó einkum í vor, svo að verð á jótskum hrossum var fallið um hartnær helming. Fór þá svo, að Thor Jensen gat ekki komist að neinum samningum um verðið. Þegar sást hvað að fór um samninga við húsmannafjelögin, fór herra Thor Jensen til kaupmanna þeirra, sem að undanförnu hafa keypt hesta frá Íslandi. En þeirra ítrustu boð reyndust enn þá lak-

ari en húsm.fjelaganna. Þá fór hann að þinga við hrossakaupmenn, sem eigi höfðu áður fengist við verslun á íslenskum hestum, og fór þá svo á endanum, að samningur náðist um þau kjör, er stjórnin gat felt sig við, og var útflutningsnefnd falið að gera samninginn. Hefir nú verið samið svo um, að öll þau hross, upp að 4000, er til Danmerkur fara á þessu sumri, eru seld með þessum sömu kjörum. Verðið er heldur lægra en í fyrra, munar um 70 kr. á hrossi. Og búast má við, að kostnaður verði meiri en í fyrra, svo sem heykostnaður og vinnukostnaður. En sá er munurinn til bóta, að nú er hægt að selja fleiri hross, eða að minsta kosti 4000, í stað 1000 í fyrra. Í fyrra var tágmarkið 49 þuml., en nú má fara niður í 47 þuml., og nú má selja þriggja vetra hross, en í fyrra mátti það ekki, svo að því leyti er samningurinn betri nú.

Það var eindregið álit útflutningsnefndar, að ekki væri vogandi að sleppa af þessum tilboðum, sem hún fekk best, en hún fekk þau teygð eins lengi og unt var. Alt er nú í óvissu, og meiri líkur til verðfalls. Voru því líkur til, að ekkert, eða minna en ekkert, ynnist við að draga sölurna. En auk þess mátti engum tíma sleppa til þess að koma svona stórum útflutningi í verk, útvega skipakost, menn til framkvæmda, hey, haga og annað, svo alt þetta væri komið á rekspöl í miðjum júlí.

Jeg áleit mjer skylt að skýra frá þessu, áður en málið fer til nefndar.

Einar Jónsson: Jeg vil leyfa mjer, að lýsa því yfir, að mjer finst það varhugavert gagnvart hrossaeigendum að leyfa stjórninni einkasölu á hrossum eins og nú standa sakir.

Að vísu er enginn vafi á því, að í fyrra höfðu hrossaeigendur gott af afskiftum stjórnarinnar af málinu. En þess ber þá líka að gæta, að þá var valið úr hrossunum og að eins þau stærstu og fallegustu seld, en það verður ekki hægt í framtíðinni, og má því búast við, að hrossaverðið lækki nokkuð, þar eð hrossin verða bæði misjafnari og verri.

Jeg hefi heyrt því haldið fram, að hrossasalan í vor hefði getað gengið vel, en svo hafi alt farið út um þúfur við það, að stjórnin tók málið í sínar hendur. Jeg hefi sem sje heyrt því haldið fram, og legg jeg talsverðan trúnað á þann orðróm, að þegar stjórnin fór að spyrjast fyrir um hrossaverð erlendis og bjóða þau, þá hafi erlendu hrossakaupmennirnir tekið sig saman um að halda verðinu sem mest niðri, og hafi jafnvel ákveðið, hvað bjóða skyldi. Í stað þess átti stjórnin að ákveða sjálf verðið og kunngera það svo utanlands. Má mikið vera, ef þá hefði ekki betur til tekist.

Ekki fæ jeg heldur sjeð, að vöntun á skipakosti sje nein ástæða fyrir einokun stjórnarinnar á hrossunum, því skipakosturinn eykst ekkert við það, þó stjórnin standi fyrir útflutningnum. Hrossin þurfa jafnmikið rúm í skipunum, hvort heldur sem þau eru á vegum stjórnarnnar eða einstakra manna.

Jeg býst við að málinu verði vísað til nefndar, og þarf jeg fyrir mitt leyti að fá frekari upplýsingar en jeg hefi fengið, til þess að jeg geti verið fylgjandi þessu frv.

Bjarni Jónsson: Jeg vil að eins gera þá fyrirspurn til stjórnarinnar, hvort hún hafi ráðið þessu máli svo til lykta, að hún geti ekki gengið að betri boðum, því jeg hefi vissu fyrir því, að nokkrir menn vilja gefa meira fyrir hrossin heldur en hjer er ákveðið.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg þykist mega fullyrða, að síðar meir muni vera

hægt að veita hv. 2. þm. Rang. (E. J.) þær upplýsingar í málinu, er fullnægjandi megi telja.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. Dala. (B. J.) vil jeg láta þess getið, að málið hefir að öllu leyti verið í höndum útflutningsnefndar. Ráðuneytið hefir því ekki haft dagleg kynni af málinu, og leyfi jeg mjer því að vísa fyrirspurninni til hv. þm. S.-Þ. (P. J.), sem sæti hefir átt í þeirri nefnd. Persónulega er mjer með öllu ókunnugt um, að hærra verð hafi verið í boði heldur en það, sem hjer er boðið.

Gísli Sveinsson: Jeg hefi hlýtt á þessar umr. í von um, að einhverjar markverðar upplýsingar kæmu frá hv. stjórn eða útflutningsnefnd, en þær hafa engar komið fram, hvorki í umr. eða greinargerð frumvarpsins.

Það gat verið hugsanlegt, að stjórnin hefði sjeð sig tilneydda til þessa úrræðis, sökum ófriðarástandsins. Og er skeytið kom til lögreglustjóra landsins um það, að bannaður væri útflutningur á öllum íslenskum afurðum, og þó um leið, að leyfður væri útflutningur á öllum íslenskum vörum nema hrossum og 2 öðrum, þá hjelt jeg, að þetta hefði verið gert eftir kröfu bandamanna, þótt það á hinn bóginn væri allótrúlegt, þar eð vopahlje hafði verið samið og ófriðurinn um leið á enda. Það er þá líka komið upp úr kafinu, að þessar voru ekki ástæðurnar.

Þannig liggur sem sje í öllu, að landbúnaðarráðuneytið danska fór fram á það við íslensku stjórnina, að hún tæki í sínar hendur einkasölu á hrossum. Var þetta auðvitað gert að ráði danskra manna, er hrossanna þurftu.* Óttuðust þessir menn, að hrossamarkaðurinn yrði þeim hár, og því eru samtök höfð til þess að koma verðinu niður. Húsmannafjelagið danska tekur málið í sínar hendur, snýr sjer, eins og áður er sagt, til landbúnaðarráðuneytisins danska, og segir, að þetta verð, og ekki meira, vilji þeir gefa fyrir hrossin. Að þessu verði gengur síðan íslenska stjórnin, þó í gegnum aðrar hendur sje, enda þótt það væri mjög svo lágt. Þetta er því einkennilegra, sem ófriðurinn mátti heita á enda kljáður, eins og jeg hefi tekið fram, og skyldi maður því ætla, að hægt hefði verið að kaupa og selja nokkurn veginn hindrunarlaust og frjálst. Það hefði verið sök sjer, ef stjórnin hefði látið málið sig skifta í þeim einum tilgangi, að tryggja mönnum skipakost og flutning hrossanna, en öll önnur afskifti tel jeg með öllu óleyfileg, eins og sakir í raun og veru stóðu. Það er fullkunnugt, að nú er svo komið, að full þörf er að losna við hrossin við sæmilegu verði, en þessar tiltektir hafa orðið til þess eins, að halda niðri því verði, sem landsmenn hefðu ella getað fengið fyrir hrossin og þurftu með.

Hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) ljet sjer þau orð um munn fara, að allir þeir hrossaeigendur, er til greina komu, hefðu felt sig vel við þessa ráðstöfun stjórnarinnar. En þetta er mjer með öllu óskiljanlegt, því að hjer í hv. deild eru fulltrúar úr flestum hjeruðum landsins, og þeir munu, hver um sig, vera reiðubúnir að votta hið gagnstæða. Þessi staðhæfing hæstv. ráðherra er á jafnmiklum rökum bygð og staðhæfingar sumra blaða, er halda, að öllum landsmönnum geðjist það eitt, er nokkrir menn hjer í Reykjavík álíta satt og rjett.

Það er því með öllu óleyfilegt, að stjórnin skuli með þessum tiltektum sínum hafa bundið landsmenn á klafa í þessu máli, og hefðu því þessi bráðabirgðalög átt að koma í þingið til þess eins, að þau yrðu svæfð. En nú er líklega svo í garðinn búið, að eigi er það tiltækilegt.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil

að eins gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.).

Í fyrsta lagi vil jeg láta þess getið, að hrossin hafa ekki verið seld neinu húsmannafjelagi í Danmörk. Það verður því augljóst, að þótt þau hefðu myndað með sjer hring, þá hefir sá hringur alls ekki komist hjer að.

Í öðru lagi verða hrossin fyrir þessar aðgerðir stjórnarinnar miklu vandaðri vara og hæfari til að keppa á markaðinum.

Í þriðja lagi er enn þá frjáls sala til Englands á lakari hrossum en reglugerðin tilnefnir, og

í fjórða lagi get jeg upplýst, að áður en einkasala stjórnarinnar var ákveðin kom fram áskorun frá sýslunefnd Skagafjarðarsýslu þess efnis, að stjórnin tæki í sínar hendur alla sölu á hrossum.

Jeg hefi enn fremur gert fyrirspurnir um þetta víðar, og ekki fengið neinar umkvartanir.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að þreyta umræður um þetta mál, en þess get jeg látið getið, að varla var nokkur maður í allri Dalasýslu, sem gat látið sjer þetta lynda. Jeg hefi meira að segja fengið áskorun um það á fundum þar vestra, að koma fram með fyrirspurn um það til stjórnarinnar, hvers vegna þurft hefði að bjóða út íslensk hross löngu áður en markaðurinn hófst, og hvers vegna gengið hefði verið að boðum einstaks strámanns, sem býður miklu lægra fyrir hvert hross heldur en boðið var í fyrra.

Meðan þetta upplýsist ekki munu menn vera óánægðir, en ef það kemur upp úr kafinu, að hið íslenska ríki hafi verið í voða, nema þetta hafi verið gert, þá munu Dalamenn láta sjer vel líka, þó þeir tapi 100—200 kr. á hverju hrossi.

Jeg lýsi því hjer með yfir, að síðar mun jeg koma fram með fyrirspurn um þetta mál.

Pjetur Jónsson: Jeg er hræddur um, að hv. þm. Dala. (B. J.) hafi ekki tekið nógu rækilega eftir ræðu minni. Þar ljet jeg þess getið, að ekki hefði verið hægt að selja húsmannafjelaginu danska hrossin, vegna þess, að þau hefðu ekki fengist til þess að bjóða nógu hátt verð. Sömuleiðis vildu gamlir kaupendur engu sinna tilboðum vorum, svo þeir, sem keypt hafa, eru algerlega nýir kaupendur, og buðu þeir þá kosti, sem að var gengið. Enn fremur vil jeg taka það fram aftur, að hrossin eru *þegar* seld, en það virðist hafa farið algerlega fram hjá hv. þm. Dala. Hann segir og söluna hafa farið fram eftir tilboði, sem einn einstakur „strámaður" rjeði, en þetta er með öllu rangt, því stjórnin gerði sitt ítrasta til að fá sem flest og hæst tilboð.

Þá vil jeg lýsa því yfir, að útflutningsnefndin ber enga ábyrgð á einkasölunni; það er stjórnin, sem ákveður, að einkasala skuli vera, en útflutningsnefndin gerir ekkert annað en að framkvæma boð stjórnarinnar einkasölunni viðvíkjandi.

Einar Arnórsson: Jeg þykist vita, að menn muni almennt vera orðnir þreyttir á þeim verslunarhömlum, sem löggjafarvald og framkvæmdarvald hefir neyðst til þess að leggja á vegna ófriðarins, og vilji gjarnan fá þeim ljett af hið bráðasta. Það var t. d. samþykt á einum þingmálafundi í Árnessýslu að skora á þingið að afnema þegar alla stjórnareinokun á verslun landsins.

Jeg sje af bráðabirgðalögum þeim, sem frv. þessu fylgja, að þau hafa hlotið konungsstaðfestingu 30. apríl. Þá er ástandið svo í heiminum, að þess má vænta, að friður komist á innan skamms, og um leið verði allar verslunarhömlur upphafnar. Jeg verð því að beiðast skýringar á því, hvers vegna þessum lögum skuli vera flaustrað af í apríl, áður en nokkuð hefir

frjest um friðarskilmálana. Jeg vil fá að vita ástæðurnar fyrir þessu, því án margra og mikilla ástæðna er þetta mjög hvatvíslega ráðið. Það má vel vera, að nægar ástæður sjeu fyrir þessum lögum, en þær hafa ekki komið fram enn þá, hvorki frá hæstv. stjórn nje útflutningsnefnd.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók það fram, að menn væntu, að verslunin yrði gefin alfrjáls. Svarið við þessari væntni hv. þm. er að mestu leyti komið undir vilja þessa hv. þings. Aðrar ástæður heldur en þær, er þegar eru taldar, tel jeg rjett að bíði. Þar til hv. þm. Dala. (B. J.) hefir komið fram með fyrirspurnina, og verður hv. 2. þm. Árn. (E. A.) að taka á þolinmæðinni þangað til. Hins vegar tel jeg aðgerðir stjórnarinnar í þessu máli hafa verið mjög hagkvæmar og samkvæmt vilja landsmanna.

Einar Arnórsson: Mjer þykir leiðinlegt að heyra, að einhver dularhjúpur skuli hvíla yfir þessu máli, dularhjúpur, sem hæstv. stjórn neitar að svifta af, fyr en hv. þm. Dala. hafi komið fram með fyrirspurn sína. En hver getur sagt, hve nær það verður? Má vera, að það verði ekki fyr en í þinglok. En mjer skilst, að hv. þingmenn verði að vita, hversu brýnar ástæðurnar eru fyrir þessum lögum, því að eftir þeim hljóta þeir að ákveða örlög þeirra. Ef það reynist t. d. satt, að stjórnin hafi þegar bundið sig með sölusamningi, þá verður hún hið bráðasta að fá samþykki þingsins, svo hún standi ekki eins og glópur. Það er því í allra þágu að fá dularhjúpnum svift af sem fyrst.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg ljet þess getið áðan, að þótt vopnahlje hafi verið, er lögin voru samþykt, þá vissu menn þrátt fyrir það ekkert um friðinn. Landsmenn voru líka í fyrra mjög ánægðir yfir hrossasölunni þá, og var að heyra á öllum, er til náðist, að þeir vildu hafa sama fyrirkomulag þetta árið. Með þessar ástæður, sem gefnar eru, verður hv. 2. þm. Árn. (E. A.) að gera sig ánægðan, en því skýt jeg til manna, hvort þær eru nægilega knýjandi eða ekki.

Gísli Sveinsson: Það er ekki nema rjett, að hv. þm. Dala. (B. J.) komi fram með fyrirspurn viðvíkjandi þessu máli, en þó tel jeg hana óþarfa, því jeg þykist sannfærður um, að stjórnin hefir nú þegar komið fram með þær ástæður, sem hún getur fram borið. En þessar ástæður hæstv. stjórnar eru þannig vaxnar, að tiltækið verður ekki forsvaranlegt.

Spurningin yrði þá að eins, hvort þessi bráðabirgðalög hefðu orðið varin á þeim tíma, er þau voru gefin, án þess að nú komi til þess, að Alþingi staðfesti þau með sínu samþykki.

En upprunalega hefir stjórnin rasað út í þetta mál, fyrir áeggjan þeirra, er kaupa vildu. Hafa þeir gert fjelag með sjer og fengið í lið með sjer ríkisstjórn Danmerkur, til þess að eiga hægra með að koma sínum vilja fram við landsstjórnina hjer.

Aftur á móti hafa landsmenn engu fengið að ráða, hvorki hvaða hross þeir selji, eða við hvaða verði.

En það lá þó hvergi nærri, að landsstjórnin þyrfti að taka málið í sínar hendur, til þess að annast um það, hvaða hross yrðu seld, því að til eru lög í landinu um það, hvernig hross megi flytja út, og eftirlit má hafa með því, að þeim sje hlýtt. Og sannleikurinn er sá, að það, sem landsmenn selja, verða þeir að selja innan vjebanda þeirra laga, er þar um fjalla. Þeir geta því alls ekki sætt sig við það, að landsstjórnin setji þessar nýju hömlur á

söluna, þar sem viðskifti eru nú orðin frjáls.

Það, sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði um skipakostinn, get jeg heldur ekki fallist á, því að auðvitað mundi stjórnin telja sjer það skylt, að hjálpa til við að útvega skiprúm hverjum þeim, er sendi hrossin, svo mikið nauðsynjamál er það; auk þess er það rjett, sem hv. 2. þm. Rang. (E. J.) sagði, að hrossin þurfa jafnmikið rúm, hvort heldur þau eru stjórnarhross eða annara.

Jeg vil ekki ganga út frá því, að myndaður sje hringur milli stjórnarinnar og „húmbugs"-nefnda þessara, þannig að það eitt geti náð fram að ganga, sem af þeim er ráðstafað. En þá færi að vandast málið, og vafasamt, hvort þingið ætti ekki að taka í taumana sem fyrst.

En hjer mun ekki þýða að spyrja neitt frekar. Landsstjórnin hefir þegar bundið söluna, og það á mjög óhagkvæman hátt.

Alþingi verður því annaðhvort að ganga að þessu, þótt það skaði landsmenn um hundruð þúsunda kr. (*Atvinnumálaráðh.*: Hvernig vita menn það?) Það mun brátt verða uppskátt. Hv. þm. Dala. (B. J.) hefir einnig bent á, að boð hafi komið um hærra verð, og mun vera fyrir því full vissa. Eða þingið synjar um samþykki sitt og lætur stjórnina bera ábyrgð á þessu, sem hún þó sjálfsagt ekki rís undir.

En þess vænti jeg þó ekki. Stjórn þessi hefir hingað til framið svo mörg hneykslismál, og lítt verið um fengist, svo að ekki er líklegt, að mikið verði úr gert þeim smámunum, að hún skaði landsmenn, bændur og búalið, nú um nokkur hundruð þúsunda króna.

En það finst mjer rjett vera, ef einhver skyldi hnýsast í þessi mál síðar meir, að þá sjáist það skýrt og verði öllum mönnum vitanlegt, hvað stjórnin hefir gert og hvernig því var tekið af hv. þingi.

Einar Arnórsson: Jeg vildi að eins gera þá fyrirspurn, hvort stjórnin eða útflutningsnefndin, sem gert hafa sölu- eða gjafasamninga þessa, eins og sumir vilja kalla þá, hafa gert þá skilyrðislaust, eða bundna við samþykki Alþingis?

Pjetur Jónsson: Í sambandi við það, sem jeg skaut fram um skipakostinn, vildi jeg geta þess, að bæði hv. 2. þm. Rang. (E. J.) og þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafa snúið út úr þeim orðum mínum. Það er að vísu vitanlegt, að skipakosturinn vex ekki við það, að stjórnin ráði yfir því, sem út er flutt. En það er annað, að þar sem hann er mjög takmarkaður, þá er þess full þörf, að gerðar sjeu ráðstafanir *í tíma*, til þess að tryggja hann til útflutningsins og nota hann sem haganlegast. Nú hefir það reynst mjög örðugt að ná heppilegum samningum við Sameinaða gufuskipafjelagið um útflutning hrossanna, þótt þeir samningar sjeu loks nokkuð á veg komnir.

Viðvíkjandi því, hvort nokkur fyrirvari sje í sölusamningunum, skal jeg taka það fram, að svo er ekki. En það er annað, sem bætir úr. Áður en samningurinn var gerður var leitað upplýsinga um hestasveitirnar og leitað undirtekta um þessi kjör, og fengust þá loforð hestaeigenda fyrir talsvert miklu af hrossum með þessum kjörum, sem samningar náðust um.

Gísli Sveinsson: Út af þessum síðustu orðum, er hjer fjellu, skal jeg geta þess, að jeg veit ekki til, að þessi loforð hestaeigenda hafi fengist fyr en nú alveg á síðasta tíma. Það var víst ekki fyr en um 24. júní, en bráðabirgðalög þessi voru sett miklu fyr. Þetta verður því ekki skilið öðruvísi en svo, að eigendurnir hafi skuldbundið sig til þess út úr neyð, að selja svo og svo mörg hross við þessu verði, þegar þeir sáu, að þeir gátu alls ekki selt neitt

með öðru móti. En áður höfðu þeir lofað Sláturfjelaginu hrossum sínum, og ætlaði það að hafa milligöngu í frjálsri sölu.

En eftir að þetta einokunarákvæði stjórnarinnar var sett, urðu allir að sæta því, ef þeir á annað borð vildu selja nokkuð.

En þar með er alls ekki sagt, eða rjett að segja, að menn hafi sætt sig við kjör þessi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009) með 13 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 106).

Frsm. (Jón Jónsson): Það hefir verið spurt að því hjer í deildinni, hvað stjórninni hafi gengið til að taka að sjer einkasölu á hrossum. Að vísu hefir ekki verið mikið um svör enn þá, en jeg býst við, að stjórnin svari við þessa umr.

Í athugasemdum við frv. stjórnarinnar um einkasölu á hrossum er svo að orði komist:

> „Til þess að reyna að tryggja hagkvæma sölu íslenskra hrossa á erlendum markaði, og til þess að draga úr erfiðleikum við flutning hrossa til útlanda, vegna ónógs skipakosts, taldi stjórnarráðið nauðsynlegt að hafa heimild til að taka í sínar hendur sölu á hrossum til útlanda og svo útflutning þeirra."

Þetta eru töluverðar ástæður, og þessi athugasemd stjórnarinnar hefir við rök að styðjast. Það sjest hvergi á skjölum þessa máls, að stjórnin hafi tekið fram fyrir hendurnar á útflutningsnefnd um það, hverjum selja skyldi hrossin. Sumum kann að hafa dottið í hug, að hrossin hafi verið boðin dönskum húsmönnum til sölu af þeirri ástæðu, að þeir eru samvinnufjelagsmenn. En ekki verður sjeð, að stjórnin hafi haft tilhneigingu til að selja þeim öðrum fremur. Það er vitanlegt, að danska stjórnin fór fram á það við íslensku stjórnina að hafa á hendi einkasölu á hrossum, og gaf henni von um hátt verð. Það hefir þess vegna við engin rök að styðjast, að danska stjórnin hafi farið fram á þessa einkasölu í því skyni, að fá ódýr hross frá Íslandi. Hún gat miklu fremur litið svo á, að þetta væri nauðsynlegt fyrir Dani, til þess að fá nægan fjölda hesta, en hins vegar ekki lagt verulega áherslu á verðið. Þegar litið er á samninga útflutningsnefndar við útflutningsnefndarmanninn, er ekki hægt að saka nefndina um, að hún hafi ekki reynt að fá eins hátt verð fyrir hrossin og frekast var hægt. Menn mega ekki kippa sjer upp við það, þótt verðið á hestunum sje lægra en í fyrra, því að danskir hestar eru nú í hálfu lægra verði en þeir voru þá. Útflutningsnefnd barst tilboð frá dönskum hrossakaupmönnum snemma meðan á samningunum stóð, og síðan ítrekaði nefndin við húsmannafjelögin, hvort þau vildu greiða hærra verð fyrir hestana en hrossakaupmennirnir höfðu boðið. Þau kváðust ekki vilja greiða hærra verð. Hinn 5. júní kom tilboð frá Louis Zöllner. En það er ekki álitlegt. Loks leitaði nefndin fyrir sjer um hrossamarkað í Svíþjóð; en þar var engin eftirspurn eftir þeim, nema fyrir mjög lágt verð. Nefndin hefir þess vegna leitað fyrir sjer um hestamarkað þar sem helst voru tök á, í Danmörku, Svíþjóð og Englandi. Og þessi tilraun hefir gengið, eins og nefndarálitið ber með sjer. (*B. J.:* Reyndi nefndin ekki fyrir sjer í Þýskalandi?) Nei, nefndin hefir ekki leitað þar fyrir sjer. Hún bjóst við, að það mundi vera miklum erfiðleikum bundið að semja við

Þjóðverja, og sá sjer því ekki fært að beina neinum samningaumleitunum í þá átt. En hins vegar er gert ráð fyrir markaði á Suður-Jótlandi, ef það verður danskt. Og hrossamarkaður hefst aftur í Þýskalandi, þegar kleift verður að semja við Þjóðverja með góðu móti.

Þegar hjer var komið sögunni, tók nefndin að semja við nýjan hestakaupmann, Trygg Levin Hansen að nafni. Þessar samningaumleitanir komust svo langt, að hann var talinn bundinn við tilboð um að kaupa alla íslenska hesta, sem út yrðu fluttir þetta ár, fyrir 400—600 kr. En gallinn á þessum samningaumleitunum var sá, að tryggingu vantaði, enda kipti Hansen að sjer hendinni, þegar á átti að herða. Hann hefir sennilega litið svo á, þegar hann fór að athuga málið betur, að hjer mundi vera gengið lengra en honum væri fært að efna. Hann fjekst aldrei til að gera neina skriflega samninga. En formaður útflutningsnefndar náði í fjelaga hans, Poulsen Karise, og hjelt áfram samningatilraunum við hann. En hann tók fyrst fjarri að skuldbinda sig til að kaupa alla íslenska hesta, sem út kynnu að verða fluttir þetta ár. Hann kvaðst ekki hafa efni á að hætta á að kaupa alt að 6 þús. hesta, ef svo illa skyldi takast til, að hann biði skaða af kaupunum. En loks gekk hann að samningum þeim, sem prentaðir eru í nál. Verðið er svipað og fjelagi hans hafði lofað, en seljandi skal greiða allan kostnað innanlands og almenna sjóábyrgð, og flutningsgjald, sem mestu munar, en að öðru leyti tekur kaupandinn við hestunum á sína ábyrgð á höfn hjer og greiðir verð þeirra, þegar þeir eru komnir á skipsfjöl og sjóábyrgðargjald greitt. Það, sem mun hafa hvatt hann til að skuldbinda sig til að kaupa svona mörg hross, um 4000, var, að hann gerði sjer von um markað fyrir alt að 1000 hross í Suður-Jótlandi. En eftir öllum upplýsingum að dæma eru ekki líkur til, að hægt sje að selja fleiri hross í sjálfri Danmörku en gert er ráð fyrir í erindi þeirra Brödr. Zöllner og P. Westergaard & Sön, þ. e. 3000 hross. En framboðið getur orðið svo mikið, að á markaðinn komi 6—8 þús. hross. Jeg veit að vísu ekki, hversu margir muni vilja selja hross, en af því að hrossasala hefir verið lítil undanfarin ár, geri jeg ráð fyrir, að salan verði nú í meira lagi. Það er ekki ósennilegt, að hægt sje að fá fleiri hross en ákveðið er í kaupsamningunum, eða yfir 4 þús.

Það liggur í augum uppi, að það var mikið vandamál að semja við nýja menn, og nefndin hlaut að leggja áherslu á, að kaupendurnir gæfu tryggingu fyrir tilboðum sínum, svo ekki yrði gabb úr öllu. En það er einmitt þetta, sem gert hefir samningana erfiðari, því að það er að eins efnamönnum fært að leggja fram til tryggingar alt að 1 miljón króna, til þess að hægt sje að gera bindandi samninga.

Þá athugaði nefndin, hvort unt hefði verið að fá hærra verð fyrir hestana, ef samningunum hefði verið frestað. En hún gat ekki betur sjeð en útflutningsnefnd hafi verið ókleift að fá samningunum lengur frestað en til 24. júní, því að maðurinn, sem hafði skuldbundið sig til kaupanna, gat kipt að sjer hendinni, og gaf ekki lengri frest, og síðan gat farið svo, að engir kaupendur fengjust að hrossunum.

Útflutningsnefnd hefir og lagt sig í líma með að fá eins hátt verð fyrir hrossin og frekast var unt. Það eru engar líkur til, að kleift hefði verið að fá jafnhátt verð fyrir jafnmörg hross með frjálsri sölu. Þegar farið var að semja við Sameinaða fjelagið um flutningsgjald, kvaðst það ekki fara niður úr 125 kr. fyrir hvert hross, ef salan yrði í höndum einstakra manna. En með því að stjórnin annaðist sölu og útflutning, er flutningsgjaldið ekki nema 100 kr. fyrir hross hvert.

Jeg þarf ekki að fjölyrða frekar um

þetta efni. Málið er augljóst, og menn ættu að geta áttað sig á því af nál.

Pjetur Jónsson: Jeg vil geta þess, til skýringar því, sem sagt er á 2. bls. nál., að gert er ráð fyrir, að hrossin þurfi að vera 1 þuml. hærri á markaðsstað heldur en á útflutningsstað. Í auglýsingu útflutningsnefndar verður hæðarmálið þess vegna 1 þuml. meira en skýrt er frá í nál., með því að þar er sagt frá áskilinni lágmarkshæð hrossanna á útflutningsstað.

Þessi mismunur styðst við þá reynslu, að hrossin slæpast og lækka á löngum rekstri; þau geta lækkað um ½—1 þuml. En þótt þessi munur komi einkum fram á hrossum þeim, sem rekin eru langt að, vildi nefndin samt gera öllum hjeruðum jafnhátt undir höfði í þessu efni, hvort sem þau væru í grend við útflutningsstað eða langt í burtu.

Bjarni Jónsson: Mjer þótti vænt um, er jeg heyrði hv. frsm. nefndarinnar (J. J.) segja það sem loforð, að stjórnin myndi gefa þessi svör, sem jeg hefi beiðst. Jeg sje þarna hæstv. forsætisráðh. (J. M.). Ætti hann nú að gera það. Mjer hefði þótt gaman að fá skýr svör við því, hvers vegna stjórninni þótti ástæða til að taka hrossasöluna í sínar hendur. Því að ástæðan um skiprúmið er alls ekki nægileg. Sama skiprúm, sem stjórnin getur útvegað sjálfri sjer, getur hún og útvegað öðrum, sem hún vill hjálpa. Það er því engin ástæða. Stjórnin gat blátt áfram auglýst, að hún myndi hjálpa mönnum um farkost fyrir hross. Það var enn einfaldara. Var því ekki ástæða til að taka söluna í sínar hendur, en hitt fallegt, að vilja hjálpa mönnum að selja hross sín. Enda virtist það og sjálfsagt, þar sem það er alkunna, að stjórnin hefir haft ráð yfir öllum skipakosti landsins á styrjaldartímunum, og enn er ástandið ekki svo breytt, að menn hafi alment ráð á skipakosti sjálfir, enda eru ekki nema fáir dagar síðan friður var saminn.

Jeg vil ekki vanþakka útflutningsnefnd söluna, en það þykir mjer þó undarlegt við gerðir hennar, að samningar skyldu endilega þurfa að gerast svo fljótt. Því að sje þessi kaupskapur Dana sprottinn af þörf á íslenskum hestum, þá átti hún ekki að minka, og þá gerði ekkert til, þótt fullnaðarsamningar hefðu dregist fram á þing. Því að óhætt mun mega fullyrða, að Dönum hefði ekki boðist hestar annarsstaðar frá, sem líkir eru þeim íslensku. Þörfin hefði því verið söm, þótt lengra hefði liðið, og jafnvel gæti svo hafa farið, að Danir hefðu frekar haft hitann í haldinu, það er að segja, ef þetta hefir verið gert til að fylla þörf Dana.

En hafi Danir keypt hesta vora af eintómum bróðurkærleika, til þess að vjer yrðum ekki innisvelta með hesta vora, þá var sjálfsagt að grípa gæsina, meðan hún gafst.

Ef litið er á mál þetta frá verslunarsjónarmiði, þá var sjálfsagt að bíða. Hjer er og önnur ástæða. Það gat vel opnast markaður fyrir hesta annarsstaðar, þegar búið var að semja frið. Og þótt ekki þurfi að taka Sljesvík til dæmis um hestaþörf í Þýskalandi, þá er því ekki að neita, að þörfin á hestum í Þýskalandi hlýtur að vera mikil nú. Vitanlegt er, að þörfin á þeim hefir verið mikil í stríðinu, og verð á hestum í Danmörku hefir komist svo hátt, af því að eftirspurnin var svo mikil af Þjóðverja hálfu. En sakir þess, að sú hækkun stafaði af stríðinu, þá þarf ekki verðlækkun á dönskum hestum að standa í beinu sambandi við verðlækkun á íslenskum. Verð á íslenskum hestum gat haldist fullkomlega, þótt Þjóðverjar hættu að kaupa af Dönum þeirra stóru hesta. Það er alt önnur tegund hesta, og verðlag á þeim hlýðir alt öðrum lögum.

En þó að jeg sje nú að gera mjer þessa

skraddaraþanka, þá getur vel verið, að færa megi svo djúp og rík rök að nauðsyn þessarar aðferðar, að telja verði hana alveg sjálfsagða. Fái jeg þessi svör nú, þá mun jeg ekki gera fyrirspurn þá, sem jeg hafði hugsað mjer.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það eru hestarnir aftur, eins og vænta mátti. Jeg hefi nú litið yfir nál. Aftur heyrði jeg ekki fyrri hlutann af ræðu hv. þm. Dala. (B. J.). Ef til vill hefir þar ekki komið fram neitt nýtt til viðbótar við það, sem hann mælti við 1. umr.

Spurningin er, og fyrir mjer er það aðalatriðið, hvort verið hafi veruleg þörf fyrir hrossaseljendur, að stjórnin tók einkasöluna, hvort það hafi verið nauðsyn. Því er hægt að svara, að óumflýjanleg nauðsyn var það ekki. En þörf var að fá sem best verð fyrir hrossin, sem voru farin að fjölga í landinu. Jeg býst við, að menn muni það, sem stendur í nál. um tildrögin. Þar er rjett tekið fram, að stjórnin var ekki búin að bindast neinum samningum um einkasölu, er samningaumleitanir fóru fram við útlenda kaupendur. Stjórnin leitaði álits manna í hrossauðugustu hjeruðum landsins, hvort þeir vildu selja og hve mikið. Jeg veit ekki, hvort farið hefir verið vestur í Dalasýslu, en sjálfsagt hefir verið símað þangað, eins og í önnur hestahjeruð.

Þetta voru fyrstu málaleitanir stjórnarinnar til að fá hesta hjeðan. Hún gerði fyrirspurnir um, hve mikið menn vildu selja, og við hvaða verði. En svo kom það upp, að kaupendur, sem vildu fá íslenska hesta og borga þá vel, kiptu að sjer hendinni og vildu ekki borga nærri eins hátt, eða þriðjungi lægra en búist var við. Jeg veit ekki af hvaða ástæðu það var. En þar sem hv. þm. Dala. (B. J.) heldur því fram, að ekki þurfi að vera samband á milli verðfalls á þessu stóra hestakyni hjá Dönum og á íslenskum hestum, þá er slíkt mjög hæpin ályktun, en það má líka hugsa sjer, að þörfin hafi minkað á báðum tegundum, og verð því fallið á báðum. Til samanburðar má benda á það, sem vjer allir vitum, að Danir hafa keypt kjöt hjer á landi mjög ódýrt, en selt sitt kjöt aftur miklu hærra verði til Þýskalands. Getur vel verið hið sama um hestana. Virðist eins rjett að hugsa svo.

Jeg ætla ekki að tefja tímann með því að deila við hv. þm. Dala. (B. J.) nje aðra um eðli verslunar yfir höfuð. Það er ekki verulega líklegt, að við getum orðið sammála um það. En það stendur óhrakið, að áður en gert var út um hrossasöluna var leitað álits um það í hrossasveitum landsins, hvort stjórnin skyldi hafa einkasöluna eða ekki. Og þegar framboðið varð lægra, varð stjórnin hikandi og leitaði álits manna. Vildu þá seljendur samt, að stjórnin hjeldi áfram einkasölunni. Þótt ekki næðist til hvers manns, var það yfirleitt svo, að seljendur vildu þetta. Eftir röksemdaleiðslu hv. þm. Dala. (B. J.) var það ekki of seint, fyrst samningar voru gerðir offljótt. Þeir, sem leitað var til, voru m. a. stjórn Sláturfjelags Suðurlands, sem hafði hugsað sjer að safna saman hrossaframboðum hjer á landi. Var hún því eindregið fylgjandi, að stjórnin hjeldi einkasölunni áfram. Enn fremur var t. d. formaður Búnaðarsambands Suðurlands eindregið með.

Jeg skil ekki, hvað vakir fyrir mönnum, er þeir heimta frekari skýringar á þessu. Jeg fyrir mitt leyti verð að efast um, að þeir skilji þá verslunarlegu þýðingu, sem það hefir að safna framboðum saman á eina hönd. Þeir hafa slegið því fram, að af þessu hafi hlotist skaði svo þúsundum króna skiftir, en ef til vill eru það einhverjir hrossa-„spekúlantar", sem þann skaða hafa beðið. Með því er ekki rökstutt, að landið tapi, og geri jeg því ekki meira úr orðum þeirra en ummælum verslunar-

fróðra manna hjer í deildinni. Hvað vilja þeir gera? Jeg hefi ekki heyrt, hvort það er hugsun háttv. andstæðinga að láta lögin ganga gegnum deildina, eða hvort þeir vilja ekki láta þau ná fram að ganga. Eflaust vita þeir sjálfir, til hvers refirnir eru skornir hjá þeim, og hafa víst gert sjer ljósar afleiðingarnar, ef lögunum verður synjað staðfestingar.

Gísli Sveinsson: Nál. háttv. landbúnaðnefndar er, eins og sjá má, að eins umsögn útflutningsnefndar um þetta hrossasölumál. Það er sýnilegt, að hv. landbúnaðarnefnd hefir á engan hátt sjálfstætt athugað málið, eða aflað sjer neinna upplýsinga frá öðrum en formanni útflutningsnefndar. Mátti þá vita fyrirfram, þótt nál. hefði verið styttra, hvernig það myndi vera. Það gefur að skilja, að þegar þeir, er sjálfir hafa framkvæmt, skýra frá framkvæmdum, sem orka tvímælis, þá verður jafnan einhliða frá skýrt. Það er jafnvel eðlilegt, og ekki tiltökumál. En þingnefnd, sem falið er mál til athugunar, og á að athuga meira en frá einni hlið, henni er skylt að rannsaka það frá rótum og sjálfstætt, en á ekki að fara í smiðju til þeirra eingöngu, sem talist geta sjálfir aðiljar í málinu.

En þetta hefir hv. landbúnaðarnefnd gert. Hún hefir farið í smiðju til útflutningsnefndar. Á nál. hennar er því ekki mikið að græða, nema rök útflutningsnefndar. Hitt hefir komið fram í umr., hvaða rök landsstjórnin hefir að færa fyrir sinni ráðabreytni. Við 1. umr. var hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) spurður, hvaða nauðsyn hefði knúð stjórnina til þess, á þessum tíma, að taka í sínar hendur einkasölu á hrossum. Svar hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) var engan veginn fullnægjandi, og jeg get nú ekki sjeð, að hæstv. stjórn hafi farið minstu vitund fram í því, að svara fyrir sig. Það hefir komið fram utan þings í blaði, og nú í nál. útflutningsnefndar (því að svo kalla jeg það), að rökin til þessarar sölu eru fyrst og fremst málaleitun dönsku stjórnarinnar til íslensku stjórnarinnar um einkaútflutning og sölu á hrossum.

Það er einkennilegt, ef það eiga að vera fullnægjandi rök, þótt einhver erlend stjórn fari fram á það, að eitthvað sje gert, eins og t. d. að hindra sölu á ákveðnum afurðum, fyrir því, að landsstjórnin verður við því, og ræðst í annað eins og það, að hefta alla frjálsa sölu á afurðum landsins og stórskaða með því þegnana.

Ef nú er athugað, hvers vegna danska stjórnin fer fram á þetta, þá getur ekki verið um annað að ræða en það, að hún vill fá fyrir hönd Dana, sinnar þjóðar, hestana með sem vægustum kjörum. En þessi vilji og viðleitni dönsku stjórnarinnar getur ekki verið regla fyrir íslensku stjórnina. Þessi málaleitun Dana átti einmitt að verða til þess, að íslenska stjórnin væri enn betur á verði og kastaði sjer ekki í fang dönsku hrossakaupmönnunum, að lítt rannsökuðu máli.

Þá er annað atriði, sem nefndin telur til meðmæla með einkasölunni, en það er „álit margra landsmanna“ um, að einkasalan hækkaði verðið og bætti útflutninginn. Því til sönnunar er ályktun frá sýslunefnd Skagfirðinga. Þó að nú Skagfirðingar sjeu miklir menn, og sýslunefnd þeirra hálfu meiri en aðrar sýslunefndir, er mjer þó ómögulegt að fallast á, að hún eigi að ráða fyrir alla landsmenn, eða að þetta geti gert kröfu til að kallast „margir landsmenn“ í slíku máli. Þetta er ekkert smámál, hvort landsmenn eiga að fá sæmilegt verð fyrir afurðir sínar, eða kasta þeim út fyrir hálfvirði. Hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) sagði, að leitað hefði verið álits margra landsmanna um það, hvort einkasalan skyldi halda áfram, en hinu gleymir hann, að stjórnin

hafði þegar gert ráðstafanir með bráðabirgðalögum, svo að einkasalan var þegar á komin, er þessa álits var leitað. En hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) hefir ekki, og útflutningsnefnd ekki heldur, bent á þessa „mörgu landsmenn". (*Atvinnumálaráðh.*: Jeg gerði það áðan!) Jú, hann nefndi 2 menn, forstjóra Sláturfjelags Suðurlands og formann Búnaðarsambands Suðurlands. Jeg hefi sannfrjett, að stjórnin hefir ekki „haldið út" að hafa Sláturfjelagið með í ráðum. Það ætlaði sjer, áður en einokunin komst á, að vera sem einskonar milliliður milli seljanda og kaupanda í frjálsri sölu. Og hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) mun hafa kvatt það til þess að vera með í ráðum. En þegar komið var að því að ákveða, hvort taka skyldi tilboði Dana, var fulltrúi Sláturfjelagsins ekki spurður ráða. Jeg sje nú ekki, að þeir geti kallast neinir ráðunautar í þessu máli. (*P. J.*: Þetta er rangt!) Þeir hafa sagt mjer það, sem jeg hefi eins mikla ástæðu til að trúa og þeim hv. þm., er nú tók fram í. Sje haldið fast við þessa ástæðu, sje jeg ekki, að það hefði verið svo hættulegt að fresta ákvörðun í málinu, eða þá láta Sláturfjelagið hafa milligöngu um söluna, eins og til stóð. Það hefir verið sagt, að alt væri í voða vegna hrossaprangs hjer heima. (*Atvinnumálaráðh.*: Hverjir segja það?) Þar hefi jeg fyrir mjer hrein orð, sem þessi hæstv. ráðherra hefir sagt. Andinn í þeim var þessi, þótt engin þori auðvitað að fullyrða neitt! Jeg held, að málinu hefði verið vel borgið í höndum Sláturfjelagsins, sem er ekkert prangarafjelag, og tilheyrir jafnvel hugmynd þeirri í viðskiftamálum, sem hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) hallast að. En landsstjórninni lá svo á að „praktisera" þessa einokun, að hún varð að nota hverja átyllu til að koma henni á. Er þetta víst það „eðli verslunarinnar" og þess háttar, sem ráðherra talaði um og hv. þm. Dala. (B. J.) skilur ekki. (*Atvinnumálaráðh.*: Alveg rjett!).

En þótt svo sje jafnvel, að sýslunefnd Skagfirðinga hafi samþykt þetta, og það mun hið eina, sem stjórnin hefir svart á hvítu, þá er nú sagt, að síðan er sýslufundurinn var hafi Skagfirðingar sumir dregið sig til baka. Þeir hafa víst gengið út frá því í fyrstu, að stjórnin myndi sjá um, að verðið yrði að minsta kosti ekki minna en í fyrra, en nú aftur á móti þóst vissir um, að verð stjórnarinnar væri minna en þeir gætu fengið annarsstaðar. Má af því ráða, að þótt menn ætli að fylgja stjórninni í einhverju, sem hún tekur sjer fyrir hendur, þá er ekki með því sagt, að þeir fylgi henni hversu hraklega sem henni tekst, jafnvel ekki Skagfirðingar. Jeg hefi heyrt það úr Skagafirði, að þegar þeir fengu boðin um verðið, þá hafi t. d. einhver hrossauðgasti hreppurinn, Akrahreppur, engu lofað. Þetta ber vott um, að jafnvel fylgi sýslunefndar muni ekki vera heilt, því að einn nefndarmanna hlýtur þó að vera úr Akrahreppi.

Nú er það mjög einkennilegt, þegar verið er að fullyrða um þessa „landsmenn", sem hafi verið spurðir álits, að enginn þingmaður hefir um það heyrt. Getur verið, að útflutningsnefndin hafi spurt örfáa menn í pukri, án þess að almenningur fengi um það að vita. Það er satt, að hún hefir farið til eins manns eystra og annars í Reykjavík og svo fengið „álit Skagfirðinga". Þetta er fylgi allra — eða margra — landsmanna! Sjá allir, að þetta er engin frambærileg ástæða, heldur er það þvert á móti hin mesta ósvinna, að koma á einokun, og koma fram fyrir Alþingi með gerðan samning, bygðan á þessum rökum.

Jeg álít, að frsm. (J. J.) sje búið að svara, og þarf ekki að endurtaka það.

Þriðja ástæða nefndarinnar er líka ljettvæg. Sláturfjelagið var búið að fá loforð fyrir öllum þessum hrossum, og þá gat landsstjórnin eins fengið skiprúm handa því eins og sjálfri sjer, með sæmilegum kjörum.

Hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) játaði það, að nauðsynin til þessa tiltækis stjórnarinnar hefði sjálfsagt ekki verið óumflýjanleg, en jeg tel alls ekki leyfilegt að gera annað eins, nema það sje alveg óumflýjanlegt.

Það virðist nú mega ráða af ferðalagi formanns útflutningsnefndar, að honum hafi verið mikið kappsmál að koma út hrossunum, fyrir hvað sem var, en það vill einmitt reynast svo, að þegar menn leggja mikla áherslu á að bjóða út einhvern hlut, þá eru menn minna ginkeyptir fyrir að bjóða í hlutinn en ella.

En vitanlega höfðu húsmannafjelögin dönsku þörf fyrir hestana, og hana brýna, enda er það sami aðilinn, sem ríkisstjórn Dana ber fyrir brjósti, þegar hún er að leita hófanna hjá íslensku stjórninni um að taka að sjer einkasöluna. Eða getur hæstv. ráðherra, formaður útflutningsnefndar eða útflutningsnefndin sjálf fært nokkur rök fyrir því, að kaupandi hafi ætlað eða ætli sjer að flytja út hrossin úr Danmörku?

Það má ráða af áliti útflutningsnefndar, sem landbúnaðarnefnd kallar sitt, að samningar hafi farið fram í byrjun júní, og verðið ákvarðað þá, og svo framarlega, sem hinn ákveðni hrossafjöldi fengist, áttu þeir samningar að standa. En það sjá nú allir heilvita menn, að þetta var alt of snemt, og samningar vafalaust mátt bíða, uns þing kæmi saman.

Rökin, sem færð eru fyrir þessu tiltæki, eru sem sagt á engan hátt fullnægjandi. Alt ber að þeim brunni, að hjer hafi verið flanað að verki, án þess nokkuð ábyggilegt hafi verið við að styðjast hjá stjórninni eða frá landsmönnum.

Hið eina, sem landsmenn lögðu hjer til mála, var svar þeirra við þeirri fyrirspurn, hvað menn vildu selja mörg hross. Getur stjórnin varla talið sjer það til inntekta, þó að menn vildu láta hross sín. Menn munu yfirleitt hafa þóst öruggir um, að málinu mundi vegna vel, þegar Sláturfjelag Suðurlands, sem er samvinnufjelag, ætlaði að hafa milligöngu um söluna. Aldrei var spurt í mínu umdæmi, hvort menn vildu einkasölu á hrossum, því að það var búið að lögleiða það áður en fyrirspurnin kom um, hvað menn vildu láta. Að eins kom símskeyti frá stjórninni, þar sem tilkynt var alment bann gegn öllum afurðaútflutningi þessa árs, sem þó fengist leyfður, nema á hrossum, hrognum og meðalalýsi. Datt mjer ekki annað í hug en að hjer væri um ráðstafanir að ræða vegna kúgunar bandamanna og út af ófriðnum, og þegar menn spurðu mig um, hvernig stæði á þessu með hrossin, gat jeg ekki afsakað hæstv. stjórn með öðru en því, að þessu mundi stríðið sjálfsagt valda. Því jeg var að afsaka hæstv. landsstjórn, þótt hún ef til vill trúi því ekki á mig, en þá tókst svo til, að jeg ætlaði henni of góðar hvatir.

Annars býst jeg nú vart við því, þó [illegible] meiningin **væri að láta stjórnina sæta** rjettlátri ábyrgð í þessu máli, að það mundi takast, því að jeg býst ekki við, að þetta hv. þing fari að gera sjerstakt veður út af hrossasölunni. Hæstv. landsstjórn hefir sem sje gert svo mörg afglöp og axarsköft áður, að hún hefði ekki getað setið í nokkru öðru siðuðu landi, en þingið hefir ekki fengist um, og hún situr enn, eins og raun gefur vitni.

Hæstv. þm. S.-Þ. (P. J.) telur hrossin verða að vera minst 47 þuml.; þó sagði hann, að hæðin mætti vera 46 þuml. á framskipunarstað. Það er undarlegt, að ekki skyldi nást samningur um „normal"-hæð á hrossunum. Landsmenn verða að selja 47 þuml. hross eins og þau væru 46 þuml., þar sem hjer er reiknuð svo kölluð rýrnun á leiðinni ofan úr hjeraðinu

og til skips, sem líka verður misrjetti gegn ýmsum afskektum sýslum. Og tel jeg það illa frá gengið, að hafður sje af landsmönnum þó ekki sje nema einn þuml. af hverju hrossi. Útflutningsnefndin „stelur“ þarna einum þumlungi af hverju hrossi, sem út er flutt. Svo er eins og útflutningsnefndin seilist með verðsetningu sinni eftir að ná í bestu hrossin, en vilji kúga landsmenn til að skilja eftir alt ruslið heima, því að til þess að fullnægja kröfunum verða menn að velja úr hrossum sínum. En þetta er beinasti vegurinn til þess að úrkynja hrossin í landinu. Jeg held, að Danir geti líka gert sig ánægða með að fá hrossin upp til hópa.

En auðheyrt er, að háttv. útflutningsnefnd skoðar þetta ekki neitt alvörumál, og það virðist, sem þeir háttv. þm., sem við það eru riðnir, geri bara gys að því. Slíkan áhuga hafa þeir á framleiðslu landsmanna og stórkostlegu fjárspursmáli í afurðasölu þeirra.

Bjarni Jónsson: Kjósendur mínir báðu mig að spyrja stjórnina, hvernig stæði á því, að hún tók hrossasöluna í sínar hendur. En stjórnin hefir ekki svarað þessu enn þá. Eitthvað hlýtur að liggja hjer á bak við. Mundi það þá vera tilmæli dönsku stjórnarinnar einna helst? Nú hefir hún þó vart það vald, sem enska stjórnin hafði, nema hún hafi eitthvert það vopn á stjórnvora, sem bíti. Heyrt hefi jeg utan að mjer, að fyrir þetta, að stjórnin íslenska varð við tilmælum þeirrar dönsku um einkasölu á hrossum, hafi fengist betra verð á sykri frá Danmörku, en jeg trúi því ekki. (*Atvinnumálaráðh.*: Það er líka tóm vitleysa). En þá skil jeg líka ekki, hvernig stendur á þessu, því jeg held menn til hjer á landi, sem æfðari eru í hrossakaupum en stjórnin. (*E. A.*: Er það nú víst?).

Enn þá eru alls engar sönnur færðar á það, hvort ekki hefði mátt fá miklu hærra verð fyrir hross. Það lítið jeg veit um hrossasölu í Danmörku er það, að fyrir skömmu var selt í Kaupmannahöfn íslenskt tryppi, þrevett, fyrir 1000 krónur. Það var enginn kostagripur, heldur venjulegt miðlungshross, svo sú sala mælir ekki með hrossasölu stjórnarinnar.

Jeg ætla, að hæstvirtur atvinnumálaráðh. (S. J.) nefndi hrossakaupmenn með dálitlum þjósti. Þeir munu þó vart verri en aðrir kaupmenn. Má vel vera, að þeir græði vel, en allir kaupmenn græða meira og minna. Enda er það ekki það, sem seljandi á að líta á, heldur það, hvernig hann getur sjálfur selt, nema það sje sjerstaklega nauðsynlegt, að dönsku hrossaprangararnir græði.

Þetta danska húsmannafjelag hefir alveg sjerstaka aðferð til þess að ná í íslenska hesta. Það velur úr hestunum, sendir svo úrkastið til Englands og Svíþjóðar, til þess að fella verðið á íslenskum hestum. Þetta sagði mjer sænskur hestakaupmaður í Göteborg. Hann samdi um kaup á íslenskum hestum við húsmannafjelögin, en þegar Svíinn kom til að velja, var búið að tvívelja úr rjettinni (Fælleden), svo hann fekk ekki annað en úrkast. Svo kom Svíinn heim og keypti hjer heima hesta, og þá hækkaði verðið að mun á íslenskum hestum. — Þetta danska húsmannafjelag má nú kalla hrossaprangara, sem bera nafn með rentu.

Sem sagt tel jeg svör stjórnarinnar, enn sem komið er, ekki nægilega skýrandi, en get hins vegar ekki lagt til, að lögin verði feld, úr því að samningarnir eru gerðir, því jeg veit ekki, hvort hv. stjórn er svo efnum búin, að hún geti borgað skaðabætur.

Pjetur Jónsson: Það eru að eins tvö atriði, sem jeg vildi athuga og svara nokkrum orðum.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) virtist halda,

að Thor Jensen hefði ferðast til Danmerkur beint til að semja um hrossasölu fyrir stjórnina, en það er ekki rjett. Thor Jensen fór sinna erinda og hafði ákveðið ferð sína áður en hann hafði hugmynd um þessa hrossasölu. En af því að ferð hans fjell fyrir um það leyti, sem hrossasalan kom til og stjórnin ákvað einkasöluna, tók hann að sjer erindi fyrir stjórnina í þessu máli.

Svo var það hitt atriðið, sem jeg vildi minnast á. Það er um hvatir stjórnarinnar til að halda áfram einkasölunni á hrossunum. Stjórnin gat að vísu hætt við einkasöluna, en þetta var ekki orðið þegar verðtilboðin komu.

Eftir hvítasunnuna voru umræður um það milli útflutningsnefndar og stjórnar, hvort sinna ætti fyrirliggjandi tilboðum, og í öðru lagi, hvort stjórnin ætti að halda áfram einkasölunni. Varð það að ráði að bera þetta mál, bæði um einkasöluna og eins um tilboðið, sem frammi var, undir þá menn, sem þetta mál einkum snerti og hægt var að ná í. Útflutningsnefnd boðaði þá, fyrir hönd landsstjórnarinnar, þá menn á fund, sem stjórnin áleit að helst væru fulltrúar hrossaeigenda. Þessir menn voru framkvæmdarstjóri Sláturfjelags Suðurlands og framkvæmdarstjóri Samb. ísl. samvinnufjelaga, af því að sambandið hafði tekið að sjer umboð á sölu hrossa fyrir þau hjeruð, sem það náði yfir. Sláturfjelagið hafði einnig safnað hrossaloforðum, undir þeim skilyrðum, að fjelagið hefði rástöfunarrjett yfir þeim. Það er víst óhætt að segja, að ekki hafi verið hægt að fá fullkomnari fulltrúa fyrir hrossaeigendur. Þá boðaði og nefndin formann Búnaðarfjelags Íslands, og enn fremur náðist í forstjóra kaupfjelagsins „Heklu" á Eyrarbakka. Því næst var fundurinn haldinn, og voru á honum tveir menn úr útflutningsnefndinni. Það voru aðallega tvær spurningar, sem lágu fyrir, fyrst sú, hvort menn vildu halda einkasölunni áfram, og þar næst hitt, að taka afstöðu til boðsins, sem komið var. Nefndin kaus þá afstöðu, að hafa sjálf engin áhrif á málið og láta ekki uppi sitt álit, til þess að hinir fundarmenn væru áhrifalausir í sínu áliti. Niðurstaða þessara manna varð sú, að mæla eindregið með því að halda áfram einkasölunni. Þessi niðurstaða var einnig samhljóða þeirri, sem málsmetandi maður, (*Forsætisráðh.*: Mjög málsmetandi), sem hefir eftir stöðu sinni gott vit á þessu máli, því það er formaður Búnaðarsambands Suðurlands, komst að. Þá er það líka kunnugt, að ekki var þetta á móti vilja Skagfirðinga, því sýslunefnd þeirra ætlaðist beinlínis til þess. Frá Húnvetningum komu líka eindregin meðmæli, og stóð svo á, að við höfðum símtal við menn á almennum fundi á Hvammstanga þennan dag. Úr Dalasýslu komu engar tillögur í þessu máli. (*B. J.*: Þar er sími, og þess vegna er hægt að spyrja.) Enn fremur tók nefndin þegar í stað að safna loforðum, sem sýslumenn söfnuðu. Þar sem nú loforð voru gefin, og engin mótmæli komu gegn þessari aðferð jafnframt þeim, þá getur það skoðast sem nokkurskonar atkvæðagreiðsla um málið. (*G. Sv.*: Engan veginn. *B. J.*: Alls ekki.) Þegar engar athugasemdir komu fram, þá verður að líta svo á, að menn hafi verið því sammála. Um þetta verður hver að dæma eftir sinni skoðun, og þær geta verið skiftar. (*G. Sv.*: Þetta er misskilningur.) Jeg segi að eins frá því, sem gerðist, og annað ekki.

Þegar þessi fundur var haldinn, var nefndin enn ekki búin að fá vitneskju um, hvort hægt væri að selja lægri hross en 48 þumlunga. Var henni falið að reyna að koma lægri hrossum að, og það hepnaðist. Fundurinn var haldinn á fimtudag, en svör við fyrirliggjandi tilboði áttu að koma á föstudag. Það fyrsta, sem gera

varð, var að reyna að fá tilboðið teygt, að minsta kosti þangað til Thor Jensen væri kominn heim; á þetta lagði fundurinn mikla áherslu, og rjeð því frá að samþykkja boðið breytingarlaust þegar í stað. Og svo fór, að hægt var að fá tilboðið framlengt til 24. júní, en þó svo, að kaupendurnir álitu sig ekki bundna við það að öllu leyti.

Um útflutningsnefndina ætla jeg ekki að þrátta hjer. Hennar forum er ekki á þessum stað. Hún hefir ekkert gert í málinu nema það, sem landsstjórnin fal henni, og á að standa landsstjórninni reikningsskap. En jeg fyrir mitt leyti get sagt það, að jeg var því meðmæltur, að einkasalan hjeldi áfram, því það áleit jeg að myndi verða landinu fyrir bestu og að mestu gagni, eins og nú standa sakir. Og ekki hefði verið neitt hik á mjer í sporum stjórnarinnar að gera slíkt hið sama og hún gerði.

Frsm. (Jón Jónsson) Það má víst þrátta lengi um þetta mál. Mjer kemur það þannig fyrir sjónir, að menn verði að dæma eftir líkum, því það er svo fátt ábyggilega upplýst í því. Og aðalatriðið verður óneitanlega það, hvort með þessu móti, að landið taki að sjer einkasölu hrossa, fáist hærra verð fyrir þau eða ekki. Það varðar vitanlega mestu.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) var eitthvað að hnjóða í landbúnaðarnefnd fyrir það, að hún hefði ekki starfað sjálfstætt að athugun málsins. Þetta er alls ekki rjett. Nefndin hefir starfað eins sjálfstætt og hún og aðrar nefndir eru vanar, en hefir vitanlega orðið að leita sjer upplýsinga í málinu. Jeg get sagt fyrir mig, að jeg hefi gengið alveg hlutdrægnislaust að starfi. Jeg hefi reynt að afla mjer upplýsinga, bæði hjá útflutningsnefnd og öðrum, sem jeg vissi til að höfðu skilyrði til að geta gefið upplýsingar. Sjerstaka áherslu hefi jeg lagt á það, hvort með einkasölunni fengist hærra verð en ef salan væri frjáls. Í mínum augum veltur alt á þessu atriði. En jeg hefi ekkert svar fengið. Jeg hefi þess vegna neyðst til að dæma eftir þeim gögnum og líkum, sem fyrir lágu, og byggja niðurstöðuna á því. Þetta hefi jeg gert, og sama er að segja um hina nefndarmennina. Nefndin hefir því starfað fullkomlega sjálfstætt.

Þá vildi hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) halda því fram, að lítið væri að byggja á dönsku stjórninni í þessu efni. Hún hugsi vitanlega mest um að fá sem ódýrasta hesta handa Dönum. En afskifti dönsku stjórnarinnar þurfa ekki að vera sprottin af þessari ástæðu. Hitt er miklu líklegra, að hún hafi óttast, að ekki fengjust nógir hestar, borið kvíðboga fyrir, að nóga hesta vantaði, og óttast, að sú yrði reyndin á, ef sala yrði frjáls og verð því lægra. Nauðsyn á hestunum gekk fyrir verðinu. Hins vegar er ómögulegt að sanna, að hærra hefði mátt fá með frjálsri verslun. Það getur ekki hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), og aðrir hafa ekki getað það. Það er aftur á móti bersýnilegt, að stjórnin hefir verið hjer í vanda stödd. Hún gat ekkert vitað með vissu. Reynsla fyrri ára sannaði ekkert í þessu efni. Alt er óvíst, og ógerningur að vita, hvað uppi hefði orðið. Hitt vissu menn, að hestar voru að falla í verði.

Annars held jeg, að lítið græðist á því, að ræða þetta mál mikið meira, þar sem engar sannanir koma fram um tap á einkasölunni. Þingmenn geta að eins sagt álit sitt, án þess að geta lagt sannanir á borðið. Verður því að sitja við það, sem komið er, og engan áfellisdóm hægt að kveða upp.

Gísli Sveinsson: Jeg ætla að víkja nokkrum orðum að landbúnaðarnefnd, eða rjettara sagt frsm. hennar, hv. 1. þm. N.-M. (J. J.). Hann vildi mæla á móti því, sem jeg hafði sagt um nefndina, að hún hafi ekki starfað sjálfstætt eða athugað málið, sem henni bar. En álitið sýnir sig. Það er

ekkert annað en álit útflutningsnefndar. Í raun rjettri hefði það átt að heita svo, en slíkt getur ekki gengið, og þess vegna siglir það undir merki landbúnaðarnefndar. En hvað sem því viðvíkur, þá er það víst, að það er engu að síður álit útflutningsnefndar, sem er aðili í sjálfu málinu.

Hv. frsm. (J. J.) talaði um líkurnar, sem hann áleit að mættu sín svo mikils í þessu máli, þar sem svo fátt væri, sem hægt væri að segja með vissu. Þetta er alveg rjett hjá honum; hjer verður að vega eftir líkum, og það var einmitt það, sem jeg var að vona að hv. nefnd mundi gera. Jeg bjóst satt að segja við, að hún mundi bregða upp fyrir okkur metaskál rakanna og hlaða síðan rökum, líkum og staðreyndum eftir því, hvort þær mæltu með eða móti. En þetta hefir nefndinni láðst. Eftir því, sem fram hefir komið, virðist sem hún hafi lítið athugað þessar margumræddu líkur, heldur látið sjer nægja að hafa þær eftir. Hún hefir lítið fengist um það, hvort það, sem fyrir hana var borið, var rjett, heldur hefir tekið það alt sem góða og gilda vöru.

Þá kvað hv. frsm. (J. J.) það rangt, að fyrir dönsku stjórninni hefði vakað að fá lágt verð. Þeir segja mest af Ólafi konungi, sem hvorki hafa heyrt hann nje sjeð. Það er vitanlegt, að um þetta verður ekkert sagt með vissu, hvorki af frsm., eða öðrum. Hjer verður því að athuga líkurnar, og þá býst jeg við, að engum geti dulist, að hver og einn vill fá þá vöru, sem hann þarfnast, með eins vægu verði og hægt er. Það er því augljóst, að danska stjórnin hefir vonast eftir að fá hrossin með vægu verði, eins og hún fjekk það líka í fyrra, og þá var verðið þó hærra en það verður nú. Það hefir verið látið í ljós af ábyggilegum manni og kunnugum, að verðið á hrossum í fyrra hafi verið lægra vegna þess, að danska stjórnin ljet íslensku stjórnina fá sykur og kornvöru með vægu verði. Með öðrum orðum, að tvöföld hrossakaup hafi farið fram. Það er þó skárra, að verðið lækki fyrir svona ívilnanir, heldur en fyrir ekki neitt, nema ef til vill grunnhygni. En það er þó engan veginn eðlilegt, og stríðir algerlega á móti eðli og einkennum allrar verslunar, sem hæstv. atvinnumálaráðherra þykist þó vera sjerfræðingur í. Það er óeðlilegt að láta suma borga fyrir aðra, eða í þessu tilfelli, hrossaeigendur borga fyrir alla landsmenn.

Menn hafa miðað við verðið frá í fyrra, og gert sig ánægða með það, eftir atvikum, en nú kemur það upp úr kafinu, að það verður mikið lægra, og þá er óskiljanlegt, að menn haldi, að hrossaeigendur sjeu alment ánægðir með það, eða geti ekki hafa haft von um, að það yrði hærra, ef frjálst væri. Það má að minsta kosti virðast ærið einkennilegt, sjerstaklega þegar líka þess er gætt, að það, sem lækkaði verðið í fyrra, er nú fallið úr sögunni, og kemur ekki til greina, sem sje skiftin á hrossum og korni og sykri.

Það lítur svo út, sem landsstjórnin hafi ekki athugað líkurnar til fulls, útflutningsnefnd ekki heldur, og að síðustu hefir háttv. landbúnaðarnefnd farið á hundavaði yfir þeirra athuganir. Því skal engan furða, þó ekki sje djúpt rist.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg ætla að eins að drepa á það, að mjer heyrðist hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) segja, að að eins hefði verið leitað tveggja manna. Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) tók fram fleiri, svo óþarfi er að telja þá hjer upp. Jeg hefi altaf litið svo á, að ef ráðgast er við fulltrúa, þá megi telja svo, sem leitað sje atkv. þeirra, sem í fjelaginu eru. (*G. Sv.*: Ef fulltrúarnir eru í samræmi við skoðun þeirra.) Jeg vil benda hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) á það, að hann er hjer sem fulltrúi fyrir

kjósendur sína og greiðir atkvæði í þeirra nafni. (*G. Sv.*: Jeg mun aldrei verða svo djarfur, að ætla að leiða yfir þá einokun.)

Viðvíkjandi þessari einkasölu má geta þess, að þegar einn er umsjónarmaðurinn, þá sparast margt, sem annars yrði ekki hjá komist. Má þar nefna t. d. skipakost. Auk þess er hægt að hafa viðskiftin skýrari og fá gleggra, hve mikið á að flytja, og þá spillir ekki hver fyrir öðrum. Jeg veit það um einn hrossakaupmann, að hann spilti fyrir því, að annar kæmi út sínum hrossum.

Annars hefi jeg að eins heyrt eitt atriði, sem ætti að vera rök á móti málinu. Hv. þm. Dala. (B. J.) talaði um tryppi, sem hefði verið selt dýrt í Danmörku. Ef þetta er það eina, eitt tryppi, þá ætla jeg engum getum að því að leiða, hvernig þetta mál fer hjer í deildinni. Hjer á landi eru og til dæmi um afarverð á einstaka hesti, enda svo þúsundum kr. skiftir. Eftir rökfærslu hv. þm. (B. J.) ætti að gera þetta að almennum mælikvarða fyrir hestaverði hjer, þ. e. álykta frá því einstaka til hins almenna.

Einar Arnórsson: Það er sprottið af misskilningi, að ráðist hafi verið á útflutningsnefnd hjer í dag fyrir afskifti hennar af þessu máli. Gerðir hennar eru eflaust allra þakka verðar. Það virðist augljóst, eftir því, sem fram hefir komið, að hún hafi gert alt, sem í hennar valdi stóð, til að fá sem best verð fyrir hestana. En vitanlega hefir hún orðið að fara eftir skipunum frá hærri stöðum, sem sje stjórninni.

Það er að vísu satt, að það er þýðingarlítið að ræða þetta mál mikið nú, því að það má segja, að því sje þegar ráðið til lykta. Stjórnin er víst bundin með samningi, og það getur haft ýmsar leiðinlegar og óþægilegar afleiðingar, ef samningum verður riftað. Það getur dregið óþægilegan dilk á eftir sjer, ekki að eins fyrir stjórnina, heldur líka fyrir alt landið í heild sinni. Það er vitanlegt, að hrossakaupmaðurinn gerir þá allháa skaðabótakröfu, og landið kemst víst ekki hjá að borga hana.

Af þessu er það augljóst, að ýmsir neyðast til að greiða atkvæði með þessu máli, þó þeim sje það þvert um geð. En hitt er annað, og ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að menn láti í ljós óánægju sína með framkomu stjórnarinnar. Þá verður það fyrst til, að byrjað er á samningunum þegar í apríl og þeim er ráðið til lykta 24. júní, eða rjettri viku fyrir þing. Það er eins og stjórnin hafi viljað flýta þessu sem mest og ljúka því af áður en þinginu gafst kostur á að láta í ljós sitt álit. (*P. J.*: Það er búið að taka það fram, að það var ekki hægt að fá samningunum frestað lengur). Það getur vel verið. Hrossakaupmaðurinn hefir fundið, hvar feitt var á stykkinu, og viljað tryggja sjer bitann sem fyrst.

Þá hefir verið talað um það, að ekki hafi verið hægt að fá hærra verð. Sjerstaklega var það háttv. frsm. landbúnaðarnefndar (J. J.), og vildi hann skella því yfir á mótstöðumennina að sanna hið gagnstæða. Þetta fæ jeg ekki sjeð að rjett sje. Mjer virðist þvert á móti, að sönnunarbyrðin hvíli á meðmælendum frv. og þeim, sem eru upphafsmenn að því. Þeir hafa borið það fram með þeirri röksemd, að ekki hafi verið hægt að fá hærra verð, og þess vegna ber þeim að sanna hana, því að með henni fellur eða stendur frv. Nú eru allar líkur á því, að öll viðskifti komist bráðlega í samt lag, og þá ekkert til fyrirstöðu því, að verslunin sje frjáls. Þegar þetta er athugað, þá verður það enn ljósara, að þeim, en ekki okkur, ber að færa þessar sannanir, og þá sjerstaklega hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), sem mun eiga mestan, ef ekki allan, þátt í því.

(*Atvinnumálaráðh.*: Ónei). Hinir voru að minsta kosti ekki hjer á landi, þegar ráðist var í þetta, en annars skal jeg ekki þrátta um það, hver hjer á aðallega sök á máli.

Þó að sönnunarbyrðin hvíli eingöngu á meðmælendum frv., þá ætla jeg hjer að tilfæra nokkrar líkur fyrir því, að verðið hefði ekki orðið lægra, heldur þvert á móti hærra, ef verslunin hefði verið frjáls, og styð jeg mig þar aðallega við ræðu hv. frsm. landbúnaðarnefndar (J. J.). Hann sagði, að danska stjórnin hafi ekki verið ófús á að gefa nokkuð hátt verð fyrir hestana, því að hún hafi borið kvíðboga fyrir því, að ekki fengjust nógir hestar. Þetta virðist óneitanlega benda á það, að verðið hefði orðið hærra. Ef danska stjórnin hefði ekki getað fengið hesta eftir geðþótta, þá hefði hún neyðst til að bjóða hærra verð. Það er öllum kunnugt, að verð á vörum fer mest eftir eftirspurn, ef þá ekki nær eingöngu. Mjer virðist, sem hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) hafi þarna veitt allsterkar líkur fyrir því gagnstæða, sem hann vildi halda fram.

Jeg get annars ekki lagt mikið upp úr þeim bollaleggingum, sem fram hafa farið í þessu máli af hálfu talsmanna frv. Það var þegar búið að semja eða stóð á samningum við útlendinga, sem hross kaupa. (*P. J.*: *Umleitunum*). Jeg hefi ástæðu til að ætla, að það hafi verið meira en umleitanir. Thor Jensen var í Kaupmannahöfn seinast í apríl, og þegar svo langt var komið, að hann var tekinn þar að leita samninga, þá hefir stjórnin skoðað sig bundna. Og það sýnir best, að hún hefir talið sig bundna, að hún gefur út bráðabirgðalög um sölu hrossa, álítur það nauðsyn að hafa lög að baki sjer, ef í það fer. Nú er búið að taka fullnaðarákvörðun og það að þinginu fornspurðu, og þá er ekki svo hægt um vik að snúa aftur af þeirri braut, sem valin var.

En hvernig sem þessu er varið, þá er svo mikið víst, að af hálfu margra þeirra, sem hross vilja selja, er nú talið víst, að hrapað hafi verið að þessu, án þess að svo vandlega **væri** athugað, sem skyldi.

(*P. p.*: Hvaða sannanir hafa komið fyrir því?) Það eru sannanir fyrir mjer, sem jeg hefi heyrt í viðtali við ýmsa menn, og þegar einhver maður segir, að hann sje óánægður með eitthvað, þá verður slíkt ekki rengt, nema ef vera skyldi af háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), sem ef til vill trúir engum í máli þessu nema hæstv. stjórn og útflutningsnefnd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 32).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., föstudaginn 25. júlí. var útbýtt

Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, og svo útflutning þeirra,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 146).

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg óska

þess, að málið verði látið ganga til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A.bls.2002) með 7 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 146, n. 234).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Snemma í vor gaf landsstjórnin út bráðabirgðalög um þetta efni, og eru þau samhljóða frv. því, sem nú liggur fyrir.

Frv. þetta hefir verið samþ. óbreytt í Nd. — Landbúnaðarnefndin hjer komst að sömu niðurstöðu og hv. Nd. og lítur svo á, að eftir öllum líkum að dæma hafi það verið heppilegast, að landsstjórnin tók mál þetta í sínar hendur að þessu sinni. Nefndinni er og kunnugt um það, að sama álit ríkir víðs vegar um landið. Vitanlega er verð hrossa, sem seld verða til Danmerkur í sumar, til muna lægra en í fyrra, eða um kr. 70.00 lægra fyrir hvert hross, en það er mjög eðlilegt, því að hross þar hafa fallið miklu meira í verði, jafnvel alt að helmingi.

Aftur á móti er markaðurinn að ýmsu leyti hentugri nú en í fyrra. Þá voru ekki seld, fengust ekki flutt út, nema 1000 hross, en nú 4000. Þá voru hrossin valin, þ.e. krafist, að hrossin hefðu öll vissa hæð, en nú má helmingur þeirra vera lægri en þá var tilskilið, og býst jeg við, að öllum þyki miklu, ef ekki mestu, máli skifta að geta selt rýrari hrossin, en haldið þeim eftir, sem stærri eru og efnilegri.

Legg jeg til, að hv. deild samþ. frv.

Eggert Pálsson: Eins og málið liggur fyrir, getur vart annað komið til mála en að ljá því fylgi, hvort sem menn eru ánægðir með ráðstafanir stjórnarinnar eða ekki.

Það orkar mjög tvímælis, hvort það er gott eða ekki, að stjórnin hefir tekið mál þetta í sínar hendur.

Ýmsar sagnir ganga um það, að ráðstafanir þessar geti eins vel orðið til tjóns hrossaeigendum, eins og þeir hafi hag af þeim, en mig vantar gögn til að leggja dóm á slíkt, og mun jeg því leiða það hjá mjer.

Hins vegar lít jeg svo á, að rjettara hefði verið af stjórninni að taka ekki einkasölu á hrossum í sínar hendur, enda munu litlar nauðsynjar hafa rekið hana til þess.

Mjer er ekki kunnugt um, að almennur vilji hrossaeigenda hafi knúð hana til þess; að minsta kosti kom enginn slíkur vilji fram austan fjalls. Ef til vill hafa einstakir menn ráðlagt henni að gera svo, en fundir voru þar engir haldnir um þetta mál. Og þar af leiðandi engar fundarsamþyktir gerðar, sem stjórnin hafi getað stuðst við.

En hafi svo verið, að almennur vilji hrossaeigenda hafi eigi knúð stjórnina til að stíga spor þetta, þá álít jeg, að rjettara hefði verið af henni að leiða það hjá sjer.

Það er svo margt, sem stjórnin fær ámæli fyrir, að ekki virðist rjett af henni að taka á sig ábyrgð á ráðstöfunum, sem enginn nauður rekur hana til, og orkar jafnvel tvímælis hvort sje til góðs eða hins gagnstæða, eins og þessi ráðstöfun hefir gert og gerir alla tíð. Því jeg hygg, að aldrei verði til fullnustu úr því leyst, hvort það hefir orðið til góðs eða ills, að stjórnin tók það í sínar hendur.

Jeg mun ekki greiða atkv. móti frv., en vildi þó taka það fram, sem jeg nú hefi sagt.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það eru að eins örfá orð út af ræðu háttv. 1. þm. Rang. (E. P.).

Hann byrjaði með því að segja, að það orkaði mjög tvímælis, hvort stjórnin hefði átt að taka mál þetta í hendur sínar eða ekki. Mig furðar ekki á því, því fátt er hægt að gera, sem ekki orkar tvímælis.

Þá sagði hann, að sjer væri ekki kunnugt um, að almennur vilji hrossaeigenda hefði knúð stjórnina til að taka að sjer einkasölu á hrossum. Þetta er líklega rjett. Jeg sagði aldrei, að almennur vilji hrossaeigenda væri fyrir hendi, heldur að fjöldi manna væri með því, og þá getur líka margt manna verið á móti því.

Einn nefndarmannanna upplýsti, að Sláturfjelag Suðurlands hefði fyrir hönd hrossaeigenda á því stóra svæði, sem það nær yfir, ýtt undir stjórnina að taka að sjer einkasölu á hrossum, og er jeg hissa, að hv. 1. þm. Rang. (E. P.) skuli ekki hafa vitað um þetta. (*E. P.*: Sláturfjelag Suðurlands sótti um að fá sjálft leyfi til að flytja út hross fyrir fjelagsmenn sína, en fór ekki fram á neina einkasölu).

Jeg er á gagnstæðri skoðun við hv. þm. um það, að stjórnin eigi ekki að taka á sig byrðar, þótt orkað geti tvímælis, ef hún er sannfærð um, að það sje þjóðinni til heilla.

Aðalskylda stjórnarinnar er að styðja að almenningsheill, og ef hún, í slíkum málum sem þessum, hyggur sig geta gert betur en aðra, er betra, að hún taki þau í sínar hendur, en að hún dragi sig í hlje, svo lítið sje hægt um hana að segja.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 146).

Enginn tók til máls.

ATKVGR
Frv. samb. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
Sjá A. 288).

---

7. Skrásetning skipa [bráðabirgðalög].

A. 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 56 frá 30. nóv. 1918 um skrásetning skipa (A. 39).

Á 4. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg leyfi mjer að vísa til þess, sem jeg sagði um frv. þegar það var lagt fram, og legg til, að því verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2003) með 10 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n 103).

Frsm. (Karl Einarsson): Frv. þetta er orðrjett eins og bráðabirgðalögin 30. nóv. 1918. Það var nauðsynlegt að gefa þau lög út, eins og þá var komið, að kveðinn var upp úrskurður um íslenskan farfána. Það er því síður ástæða til þess að breyta þess-

um lögum, sem nú liggur fyrir frv. um skrásetning skipa, og gilda þessi lög þá til 1. jan. næstkomandi, þangað til þau taka við.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 39).

Frsm. (Karl Einarsson): Um þetta frv. hefi jeg ekkert sjerstakt að segja, vil að eins mæla með, að hv. deild samþ. það.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 24. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breytina á löggjöfinni um skrásetning skipa (A. 144).

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 26. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Vegna sambandslaganna gaf Hans Hátign konungurinn út bráðabirgðalög um skrásetning skipa. Þær breytingar, sem gerðar hafa verið eru svo sjálfsagðar og auðsæjar, að mjer þykir ekki taka að fara inn á þær, t. d., að í lögunum skuli hvarvetna koma „íslenskur fáni" fyrir danskt flagg, og að hugtakið íslenskt skip er nú ákveðið í samræmi við ríkisviðurkenninguna.

Jeg leyfi mjer að óska þess, að frv. þessu verði vísað til sjávarútvegsnefndar, því að sú nefnd mun hafa fjallað um það í hv. Ed.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2010), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 144, n. 237).
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A 144, n. 237).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Frv. þetta er komið frá Ed., eins og nál. á þgskj. 237 ber með sjer, og er það shlj. bráðabirgðalögum frá 30. nóv. 1918. Það er ætlast til, að þau bráðabirgðalög gildi þangað til frekari breyting á lögunum um skrásetning skipa, sem nú eru í efri deild, ganga í gildi, ef þau ná fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., föstudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 144).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 314).

---

8. Útflutningsgjald.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. (A. 37).

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg mundi ekki hafa stungið upp á þessum tekjuauka, ef nauðsynin væri ekki eins brýn og hún er. Það er þá líka bót í máli, að skatturinn er svo lágr, að sjávarútvegurinn kemur til að muna lítið um hann, en ríkissjóðinn munar aftur mikið um tekjuaukann af þessu frv., sem er áætlaður um kr. 160,000.

Annars þarf ekki að eyða neinum orðum um frv., en jeg vil óska, að hv. Alþingi afgreiði það sem fyrst.

Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) í e. hlj.

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 14. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 63, 73).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 19. júlí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 37, n. 63, 73).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg býst við, að hv. þm. komi það ekkert undarlega fyrir, þótt fjárhagsnefnd sje með þessu frv., því að á þinginu 1917 kom fram samskonar frv., og fjárhagsnefnd mælti þá með því, og var þá skipuð sömu mönnum og nú, að einum undanteknum. Þá var frv. mjög stutt, og hljóðaði að eins svo, að útflutningsgjald af sjávarafurðum skyldi tvöfaldast. Var það rökstutt þá með því, að þegar útflutningsgjald var fyrst lagt á fiski og lýsi, árið 1881, þá var það gert í því skyni, að vega skyldi ámótilausafjárskatti, en sá skattur hafði þá tvöfaldast frá stríðsbyrjun. Forlög frv. í deildinni urðu þá þau, að það fjell með jöfnum atkvæðum. Nú hefir hæstv. stjórn fundið, að rjett var að taka frv. upp aftur. En hún hefir ekki tekið tillit til þess, að síðan 1917 hefir lausafjárskatturinn enn hækkað, svo að nú er hann orðinn þrefaldur við það, sem hann var í upphafi, og á eftir að hækka enn, verður hærri að ári en hann er nú. Það getur hver maður sjeð, ef athugað er verðið á þeim afurðum, sem verðlagsskrá byggist á.

Ef nú ætti að vera samskonar samræmi milli lausafjárskattsins og útflutningsgjalds þessa eins og ætlast var til 1917, þá hefði útflutningsgjaldið átt að þrefaldast. En þetta hefir hæstv. stjórn ekki lagt til, og nefndin ekki heldur, vegna þess, að frv. 1917 var ekki eins vinsælt og það átti skilið.

Nefndin hefir leyft sjer að stinga upp á einstökum breytingum, sem allar miða að því að hækka þetta gjald. Það er að

vísu lítið, en þó nokkur munur. Er munurin naðallega sá, að gjald af saltkjöti og hertum fiski er hækkað úr 20 aur. upp í 25 aur. af hverjum 50 kg. Enn fremur er útflutningsgjaldið af fóðurmjöli og fóðurkökum hækkað úr 50 og 60 aur. upp í 100 aur. En sú hækkun er þó ekki sjerstaklega vegna skattsins í landssjóð, því að hún mun ekki nema mikilli upphæð. En það, sem vakti fyrir nefndinni var að stuðla að því, að þessar vörutegundir væru ekki fluttar út, heldur notaðar í landinu sjálfu. Þær eru einhver hinn besti fóðurbætir, sem völ er á. Því hærri sem útflutningstollurinn er, því síður eru þær fluttar út, og þá því fremur notaðar til fóðurbætis innanlands.

Svo er ein brtt. um nýjan lið aftan við 1. gr., um útflutningsgjald af nýjum fiski. Eins og kunnugt er, hefir sú aðferð verið höfð á stríðsárunum, og var enda byrjað á því áður, að botnvörpungar fiskuðu í ís og fluttu fiskinn út sjálfir, án þess að nokkurt gjald væri af honum greitt. Ákvæðið í lögunum frá 1881 um útflutningsgjald af nýjum fiski hefir verið skilið svo, að það ætti að eins við þau skip, er tækju við nýjum fiski af öðrum til útflutnings, en ekki þau skip, er bæði veiddu fiskinn og flyttu hann út sjálf. Hafa því botnvörpungar ekkert útflutningsgjald greitt af fiski þeim, er þeir seldu í Englandi. Ekki er heldur greitt stimpilgjald af farmskírteinum um þennan fisk, af þeirri einföldu ástæðu, að ekkert farmskírteini er gefið út. Það sýnist þess vegna alveg sjálfsagt að setja útflutningsgjald á þennan fisk. Það virðist með öllu meiningarlaust að leggja ekkert gjald á hann. Nefndinni kom saman um að setja gjaldið 1% af söluverði fiskjarins brutto í Englandi. Það svarar til þess stimpilgjalds, sem greitt væri, ef gefin væru út farmskírteini um fiskinn. Það er því í raun og veru ekki gert ráð fyrir útflutningsgjaldi af þessum fiski, heldur að eins stimpilgjaldi, eða með öðrum orðum: Þetta útflutningsgjald kemur í stað stimpilgjaldsins.

Jeg vona og, að fyrirkomulagið á innheimtu þessa útflutningsgjalds valdi ekki neinum óþægindum. Jeg hefi spurt lögreglustjórann hjer, hvort aðferðin mætti ekki vera sú, sem nefndin gerir ráð fyrir. Hefir hann fallist á það.

Hinar brtt. frá nefndinni eru svo lítilfjörlegar, að ekki er ástæða til að minnast sjerstaklega á þær.

En svo eru brtt. á þgskj. 73. Jeg get tekið það fram strax, að nefndin gat ekki aðhylst þær, og ræður hv. deild til að fella þær. Er það einkum af þeirri ástæðu, sem jeg áður tók fram, að frv. þetta, eins og það er, miðar einmitt að því, að jafna milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins. Og því verður ekki móti mælt, að með því er ekki hækkað eins á sjávarútveginum og skattar á landbúnaðinum hafa hækkað síðastliðin ár.

Jeg býst við, að hv. flutningsmönnum hafi sýnst nauðsynlegt að bera fram þessar brtt., til þess að koma á jafnvægi milli atvinnuveganna, en ekki vegna þess, að þeir álíti, að það muni landssjóð neinu verulegu, því að tekjuaukinn af þeim myndi ekki nema meiru en 20—30 þús. kr. Er því ekki mikið við þær unnið frá því sjónarmiði.

Það er, held jeg, áreiðanlegt, að það er ekki hægt að benda á, ef þetta frv. er samþykt með brtt. nefndarinnar, að þar sje neitt hallað á sjávarútveginn. Er því ekki þörf á till. til þess að gera jafnvægi. Og því síður er ástæða til þess, sem vitanlegt er, að nú stendur fyrir dyrum endurskoðun á allri skattalöggjöf landsins.

Matthías Ólafsson: Hv. frsm. (M.G.) var að enda við að tala um brtt. þær, sem jeg, ásamt hv. sessunaut mínum (S. St.), hefi flutt við frv. þetta. Áður en jeg minnist

á hana ætla jeg að minnast nokkuð á frv. sjálft.

Af því að nú vantar svo tilfinnanlega tekjur í landssjóð, þá get jeg fallist á þessa hækkun á útflutningsgjaldi af fiski og fóðurmjöli. Og hvað fóðurmjölið snertir, er það ekki af því, að líkur sjeu til, að það gjald lendi mestmegnis á útlendingum. Það lendir engu síður á Íslendingum. En jeg fellst á það vegna þess, að það gæti þá frekar lent í landinu sjálfu til fóðurs, ef minna yrði flutt út af því vegna þessa útflutningsgjalds.

Þá kemur viðbótin, sem nefndin flytur við 1. gr. Það er rjett, að ekkert gjald hefir verið goldið af ferskum fiski, sem botnvörpungarnir flytja út sjálfir. En jeg vil spyrja: Ætlast nefndin til þess, að hver útlendur botnvörpungur, sem kemur hjer inn á höfn fullur af fiski, borgi útflutningsgjald af fiskinum, sem hann flytur út? Eða ætlast hún til, að sá einn borgi, sem er gerður út af útgerðarmanni hjer, en hinn ekki, sem flytur fiskinn til útgerðarmanns síns í Englandi? Ef Íslendingar einir eiga að borga þetta gjald, þá er það ójöfnuður, og jeg get ekki fylgt þessu, nema útlendingar borgi líka. En jeg held, að ilt yrði að eiga við það. Að minsta kosti hygg jeg, að það hafi áður verið samningum bundið, að útlendingar máttu koma hjer inn með afla sinn án þess að borga skatt. En jeg veit ekki, hvort nú er hægt að breyta þessu, þegar landið er viðurkent ríki. En hæstv. stjórn ætti að geta gefið upplýsingar um það.

Þá sný jeg mjer að brtt. okkar. Við hjeldum, að nefndin hefði gleymt þessu, og komum með brtt. til að bæta úr gleymsku hennar. Við hjeldum, að hún myndi ekki vilja leggja á sjávarútveginn án þess að hún myndi, að eitthvað er til, sem heitir landbúnaður, og hann ætti að greiða eitthvað.

Jeg hefi heyrt færðar ástæður fyrir því, að rjett væri að leggja hækkað gjald á allar fiskiafurðir, til þess að vega upp móti hækkuðum lausafjárskatti. En nefndin tekur bara saltfiskinn einan og leggur á hann til móts við lausafjárskattinn, enda þótt kunnugt sje, að sjávarútvegurinn borgar nú þegar í tollum svo skiftir hundruðum þúsunda. Hún hefði þá eins vel getað tekið eina grein, eins og t. d. ýsuna, og lagt alt þetta á hana. Það hefði verið álíka sanngjarnt.

Það er rjett, að lausafjárskattur hefir hækkað, en gjöldin á sjávarútveginum hafa líka hækkað, fullkomlega til móts við lausafjárskattinn.

Jeg ætla nú að færa rök fyrir því, að þessar brtt. okkar sjeu svo sanngjarnar, sem nokkuð getur verið, og það þótt nefndin mótmæli því til eilífðar.

Jeg vil taka til dæmis eina tunnu af kjöti og eitt skippund af fiski. Eftir till. nefndarinnar verður líkt útflutningsgjald af einu skippundi af fiski og við ætlumst til að greitt sje af kjöttunnunni. En nú vita allir, sem nokkurn snefil hafa af þekkingu í þessum efnum, að það er ekki ódýrara að framleiða eitt skippund af fiski en eina tunnu af kjöti. Er því ekki ósanngjarnt, þótt borgaðir sjeu þessir 60 aurar af einni tunnu af kjöti, því að söluverð hennar er álíka og eins skippunds af fiski, og ekki lægra. Enda væri sama, hvort dýrara er. Munurinn er aldrei svo mikill, að þetta sje ekki rjettmætt, þegar bæði er tekið tillit til framleiðslukostnaðar og söluverðs hvorratveggja þessara afurða.

Á hvíta ull vildum við ekki setja hærra gjald en 2 aura á kg. sem er þó lágt gjald. Og á annari ull getur gjaldið kallast afarlágt, 1 eyrir af kg.

Þá er ekki hátt gjald á söltuðum sauðargærum, 1 eyrir af hverju kg. Líkindin fyrir því, að íslenskar sauðargærur haldist í háu verði, eru mjög miklar.

Það getur nú vel komist það horf á,

að íslenskt sauðfje yrði flutt út. Ef svo færi, gæti 15 aur. af hverri sauðkind ekki talist mikill skattur.

Þá kem jeg að hrossunum. Er sennilegt, að það muni vaxa mönnum mest í augum. Er þar farið fram á að greiða 5 króna gjald af hverju hrossi, sem nær ákveðinni hæð. Þegar tekið er tillit til þess, hve framleiðslukostnaður er hjer afarlítill, þá er þetta mjög lítið gjald. Aftur er gert ráð fyrir minna gjaldi á minni hrossum, sem seljast fyrir lægra verð.

Þá er æðardúnninn. Við höfðum mikla tilhneigingu til að setja þetta gjald hærra. En vegna þess, að vinnulaun við framleiðslu hans eru há, í hana fer mikil vinna, og verðið hins vegar óstöðugt frá ári til árs, þá höfðum við gjaldið ekki hærra. En jeg skal taka það fram, að það var ekki hv. meðflutnm. minn (S. St.), sem vildi hafa gjaldið lægra. Það er mjer að kenna. Jeg vildi taka tillit til erfiðleikanna við þessa framleiðslu. Hann vildi gjarnan hafa gjaldið hærra. Jeg vildi taka þetta fram, til að fyrirbyggja allan misskilning, þar sem hann er sjálfur dúneigandi.

Þá er það eitt, sem undrar mig, og það var, að nefndin skyldi ekki finna sjávarlykt af selskinnum og láta þau fljóta með í afurðum sjávarútvegsins. En ef til vill hefir henni fundist þau eins vel mega teljast til landbúnaðarafurða, og þess vegna gleymt þeim. Við höfum nú viljað bæta úr þessari gleymsku og lagt til 10 aura gjald af hverju skinni.

Þá eru tófuskinnin. Við leggjum til, að af þeim sje greitt 50 aura gjald. Það er mjög lágt, en þó nógu hátt, borið saman við verð nú, sem er fremur lágt. En gjaldið mætti hækka, ef skinnin stíga í verði. En það er heppilegt að taka þetta gjald nú, þótt ekki sje hátt.

Jeg hefi þá ekki mikið meira að segja, en verð að láta í ljós þá skoðun, að ef það getur komið til mála að leggja gjald á afurðir landbúnaðarins — og það er alveg sjálfsagt — þá sje ekki hægt að hafa það lægra. Jeg verð því að segja, að ef fulltrúar landbúnaðarins geta ekki fallist á tillögur þessar, misbjóði þeir mjög metnaði þeirra. Jeg veit það, eftir þekkingu minni á hinum góðu og gömlu höldum í bændastjett, að þeir hafa svo mikinn metnað, að þeir vilja fá að gjalda eitthvað meira en þeir hafa gert til ríkisþarfa.

Jeg vildi láta þessum till. fylgja þá ósk, að hv. deildarmenn greiði atkv. með þeim, hvað svo sem fjárhagsnefndin fimmblaðaða hefir sagt og mun segja um þetta mál.

Pjetur Jónsson: Jeg hefi gert mjer það að skyldu undanfarið, bæði á þingi í fyrra og nú, að greiða atkv. með öllum tillögum um tekjuauka, hve leiðinlegar — og mjer liggur við að segja vitlausar — sem þær hafa verið. Jeg greiddi í fyrra atkvæði með stimpilgjaldinu, sem mjer þótti ekki neitt fráleitt gjald á útflutninginn, eftir því sem á stóð, en líkaði illa að formi. Mjer geðjaðist illa að því, að það kom ekki fram sem reglulegt útflutningsgjald, er legðist á framleiðendur krókalaust, þar sem öll slík gjöld lenda og eiga að lenda að síðustu.

En nú, þegar leitað er þeirra ráða, að hækka útflutningsgjald af fiski, lýsi og öðrum sjávarafurðum, þá hefði mjer þótt heppilegra, að stjórnin hefði lagt það á sig að ná þessu gjaldi á annan sanngjarnari og heppilegri hátt.

Jeg hefi orðið þess var sjerstaklega, að sjávarútvegsmönnum hafa þótt öll útflutningsgjöld ósanngjörn, sjerstaklega þegar þau eru jöfn, hvort sem þeir stórskaðast á útgerðinni eða græða. Er það ekkert óeðlilegt. Þegar útgerðarmaðurinn gerir upp reikninga sína, og kemst að því, að hann hefir skaðast á öllum sviðum, þá er ekki nema eðlilegt, að honum þyki all-

tilfinnanlegt að bæta stórri skattgreiðslu við skaða sinn.

Stjórnin hefði nú ekki þurft lengi að leita til að finna skatt, sem svo er fyrir komið, að hann verði ekki hár, ef menn hafa skaðast. Jeg hefði því álitið hana gera þarft verk, ef hún hefði komið á verðhækkunargjaldi í nýrri mynd, og komið af stimpilgjaldinu, jafnframt og hún að auki hækkaði gjaldið svo á normalverði, að næmi eigi minna en eftir fyrirliggjandi frv. Það hefði jafnvel með slíku verðhækkunargjaldi mátt leysa af gamla útflutningsgjaldið á fiski og lýsi.

Það var aðalannmarkinn á verðhækkunargjaldinu um árið, til þess að það yrði til frambúðar, að skattfrjálsa verðið var tiltölulega of hátt, og skatturinn gat því alveg horfið af vörunni, en eftirlit með gjaldinu og fyrirhöfn stóð eftir sem áður. Það er misskilningur, að allur sá hluti vöruverðsins, sem lendir í kostnað, þurfi að vera gjaldfrí. Þessi kostnaður er svo misjafn og hvikull eftir atvikum og verður einungis áætlaður. Jeg álít þess vegna, að ef verðhækkunartollur yrði í lög leiddur, þá ætti ekki að hafa gjaldfrítt nema nokkurn hluta af framleiðslukostnaðinum.

Verðhækkunargjaldi mætti koma svo fyrir, að nokkur hluti vöruverðsins, sem gengi í kostnað, væri alveg gjaldfrítt. Næsti hluti verðsins væri með lágu gjaldi, og þó svo, að gjaldið hyrfi aldrei alveg af vörunni. Þriðji hlutinn af vöruverðinu, sem að jafnaði yrði hreinn gróði fyrir útgerðina, bæri svo hátt gjald.

Jeg er orðinn talsvert kunnugur þessum málum síðan árið 1915, þegar jeg var í nefnd þeirri, sem fór með þau þá á þingi. Leitaði jeg þá upplýsinga ýmsra í bænum og hafði stuðning margra góðra manna við samning frv. þá. Og jeg er þess fullviss, að svona verðhækkunargjald mundu menn fella sig best við. Viðvíkjandi brtt. á þgskj. 73 og þeim athugasemdum, sem fram hafa komið við þær um of mikla hækkun á landbúnaðarafurðum, þá vil jeg ekki fyrir mitt leyti, að bændur fari að setja sig upp á móti hækkun, þó að útgjöldin til landbúnaðar undanfarin ár hafi stöðugt farið lækkandi. Því mjer finst ekki vert, að bændur dragi sig í hlje, heldur auri saman í landssjóðinn, ekki síður en aðrir; ekki mun af veita.

Nú verður t. d. ekki hægt framvegis að halda uppi Búnaðarfjelagi Íslands, nema með því að hækka styrkinn til þess afarmikið. Líka skal jeg benda á, að ef vegirnir eiga að fá bætur, þótt ekki sje nema í samræmi við það, sem var fyrir styrjöldina, þá verður að þrefalda upphæðina til þeirri úr landssjóði; ella kemur afturkippur í öll vegamálin. Jeg tek þetta fram til þess að benda á, að ekki sje heppilegt fyrir bændur að veigra sjer við eða metast um það, að aura saman í landssjóðinn.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg leyfi mjer að þakka hv. deild fyrir góðar undirtektir við þetta frv., og get verið samþykkur brtt. á þgskj. 63. Brtt. á þgskj. 73 munu, eins og bent hefir verið á, fram komnar til þess að skapa meira jafnvægi milli útgjalda sjávarútvegsins og landbúnaðarins, og svo til að auka tekjur landssjóðs. Jeg verð nú að játa, að það er mjög erfitt að finna hið rjetta hlutfall þar á milli. Jeg hefi sjálfur gert athuganir um það, en þær eru ekki svo ítarlegar, að jeg treysti mjer til þess að sýna, hvernig hlutfallið á að vera, enda mun það allerfitt.

Aðalástæðan til þess, að stjórnin hefir komið fram með frv. um hækkun á ábúðarskatti, var einmitt sú, að reyna að hafa nokkurt jafnvægi á milli atvinnuveganna.

Jeg býst yfirleitt við því, að landbúnaðarmenn uni því betur, að skattar sjeu

hækkaðir á gömlu skattstofnunum, en að nýir skattastofnar sjeu innleiddir, rjett áður en endurskoðun á skattamálunum fer fram.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) tók það fram, að ýmsir skattar hefðu verið samþyktir á undanförandi þingum, sem sjer hefðu verið mjög ógeðfeldir, og tók stimpilgjaldið til dæmis. Jeg held nú, að menn þvert á móti megi yfirleitt gleðjast yfir þeim skatti, því hann hefir mjólkað landsjóðnum drjúgt, án þess að koma þungt niður á mönnum alment.

Hv. sami þm. (P. J.) vildi láta breyta stimpilgjaldinu og útflutningsgjaldinu í verðhækkunarskatt. En sá skattur átti mjög litlum vinsældum að fagna hjer í þinginu, og óvíst, hvort hann hefði hafst fram. Nú, og náist engin verðhækkun á vörunni, þá getur ekki verið um neinar tekjur í landssjóð að ræða af verðhækkun. En þannig lagaðir skattar, jafnótryggir og breytilegir, geta ekki komið að haldi. Landssjóður verður að hafa tryggingu fyrir, að tekjur komi inn, verður að hafa vissar tekjur, en ekki óvissar. Og á tímum eins og verið hafa undanfarið er ómögulegt að taka með silkihönskum á gjaldendum.

Jeg hefi svo ekki meira um málið að segja, en vona, að hv. deild leyfi því framgang.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil þakka hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) fyrir undirtektir hans, því nú er þó komið dálítið annað hljóð í strokkinn en 1917, svo honum hefir farið fram síðan í hitteðfyrra, og er það gleðilegt.

Hv. þm. (M. Ó.) lagði þá spurningu fyrir deildina, hvort tilætlunin væri, að útlendur skipstjóri, sem kæmi hjer inn á höfn, ætti að greiða þetta nýja gjald af ísfiski. Þar til er því að svara, að gamall úrskurður er um, að útlendur skipstjóri, sem umhleður fiski á höfn hjer á landi, greiði eigi útflutningsgjald, en eftir frv. er opin leið til nýs úrskurðar um, hvort þetta eigi að haldast áfram.

Árið 1917 reyndi jeg að sýna hv. þm. fram á, að það væri alls ekki rjett, að meiri skattar hvíldu hlutfallslega á sjávarútveginum en landbúnaðinum. Var það í engu hrakið þá, og er því eigi þörf á að endurtaka það hjer, og vísa jeg því í þessu efni til þingtíðindanna 1917.

Stimpilgjaldið, ábúðarskatturinn og tekjuskatturinn, alt eru þetta skattar, sem koma jafnt niður á báðum atvinnuvegum. Hvaða skatta á þá hv. þm. (M. Ó.) við?

Hv. þm. (M. Ó.) sagði, að það kostaði jafnmikið að framleiða eitt skpd. af fiski og eina tunnu af kjöti. Jeg held, að þetta sje svipuð „logik" eins og þegar hann sagði, að það þyrfti því meira eftirlit með sparisjóðum, sem þeir væru minni.

Þegar hv. þm. (M. Ó.) var að tala um æðardúninn, þá gægðist upp hjá honum, hve vinnan væri dýr. En ætli kaupgjaldið hafi ekki hækkað hlutfallslega jafnt, hvort sem vinnufólkið vinnur við að hreinsa æðardún eða við að hirða skepnur? (*S. St.*: Ekki er það nú alveg.)

Aðalástæðan til þess, að nefndin mælti á móti brtt., er því sú, að gjöldin, sem á að koma á með þeim, valda ósamræmi en ekki samræmi á milli atvinnuveganna, auk þess sem þau yrðu svo lítil, að landssjóðinn munaði sáralítið um þau. (*E. A.*: Þá munar landbúnaðinn heldur ekki um þau). Jeg vona þess vegna, að hv. deild snúi orðum hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) við, þannig að hún taki ekkert tillit til orða hans, heldur fari eftir till. nefndarinnar.

Þá vil jeg snúa mjer með fáum orðum að hv. þm. S.-Þ. (P. J.), og skal taka það fram, að jeg býst alls ekki við, að fjárhagsnefnd sje tilleiðanleg til að taka upp verðhækkunartollinn aftur. Því auk þess sem sá tollur er óviss, þar sem búast má við, að afurðir lækki, var skattur þessi ákaflega óvinsæll, og komið

annað gjald í hans stað, sem er stimpilgjaldið.

Nefndin getur ekki sagt neitt um afdrif frv. um hækkun á ábúðarskatti, en hætt er við, að hún verði ekki fús á að mæla með því, ef brtt. á þgskj. 73 ná fram að ganga.

Matthías Ólafsson: Jeg viðurkenni fúslega þá viðleitni sjórnarinnar, að vilja jafna rjettlátlega hlutfallið milli útgjalda landbúnaðar og sjávarútvegs í landssjóðinn, ef sú viðleitni gæti borið einhvern árangur

Háttv. frsm. (M. G.) hrósaði mjer fyrir það, að mjer hefði farið fram síðan 1917, og vildi jeg geta sagt það sama um hann, þótt það, því miður, verði ekki hægt að þessu sinni. Meðal margs annars fróðlegs sagði hann að tollurinn af landbúnaðarafurðunum samkv. brtt. á þgskj 73 yrði svo lítill, að landssjóð mundi ekkert muna um hann. Mjer hefir þó talist svo til, að ef brtt. ná fram að ganga, þá muni ágóðinn ekki verða undir 58,000 kr., en nefndin segir, að hækkunin af sjávarútvegstollinum muni nema ca. 40,000 kr.

Það er rjett, að leggja þurfi nú á þyngri skatta en áður, en mjer virðist frsm. (M. G.) hafa farið aftur en ekki fram í fjármálunum, er hann segir landbúnaðinn bera eins mikla skatta og sjávarútvegurinn, því það er með öllu rangt. Hitt er satt, að jeg hefi álitið sjávarútveginn geta borið dálítið meira en áður.

Það hefir verið sagt, að upphæðin, sem fengist með þessum skatti, yrði lítil. Það er satt. Landssjóð munar ekki tiltakanlega um einar 60 þús. kr. En þá er þess meiri ástæða að vera með því, úr því að það er lítið. Fyrir mjer eru peningarnir, sem fást, engan veginn aðalatriðið. Mjer er þetta blátt áfram „princip"-spursmál. Jeg álít, að það sje ekki rjett að láta annan aðalatvinnuveg landsins bera mestallar byrðarnar, meðan hinn er sama sem frjáls. Það hefir verið talað um, að sjávarútvegurinn hefði ríkari menn innan sinna vjebanda, og það er alveg rjett. En þetta á að eins við um einstaka menn, en allur fjöldinn á í vök að verjast, engu síður en smábændur. Það er svo langt frá mjer að vilja hafa á móti því, að skatti verði náð af efnamönnum, en það er misskilningur að halda, að að það sjeu ekki líka hinir, sem borga þá skatta, sem á sjávarútveginn eru lagðir. Það er ekki svo að skilja, að jeg sje að stynja undir sköttum fyrir hönd sjávarútvegsins, heldur vildi jeg að eins benda á, að öll sanngirni mælir með því, að landbúnaðurinn beri líka sinn hluta, eftir því sem hann er fær um, og jeg álít, að þetta, sem hjer er farið fram á, sje honum engan veginn of vaxið.

Einar Arnórsson: Það má segja um brtt. á þgskj. 73, að oft veldur lítil þúfa þungu hlassi. Þúfan er lítil, og það er eins og henni hafi verið talið það til gildis, að lítið munar um hana. Það er alveg rjett, að hún vegur ekki mikið, en þó munar óneitanlega dálítið um 60 þús. kr. Það þarf vitanlega meira en þennan litla títuprjónshaus til að fylla þá hít, sem landssjóður er orðinn. Þar má mikið bera í áður en nóg er komið, því að seint fyllist sálin prestanna, eða ef til vill rjettara í þessu tilfelli Sigurðanna.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) benti á, að leggja mætti á verðhækkunarskatt, líkan því, sem gert var með lögum 1915 til bráðabirgða. Mjer virðist það ekkert viðlit nú, enda er algerlega óvíst, hvort sá skattur gæfi nokkuð í landssjóð. Verðhækkun er sama sem engin nú frá því fyrir stríðið. Það má sem sje ekki fara eftir því, sem kann að virðast á pappírnum, heldur verður að taka þar alt til greina. Það verður að reikna út kostnaðinn við

það, að framleiða vöruna, og athuga hlutfallið á milli hans og þess, sem fyrir vöruna fæst. Kæmi það þá í ljós, að varan hafi í raun og veru ekkert hækkað, þá verður skatturinn, eða að minsta kosti ætti að verða, sama sem núll. Ef aftur kostnaðurinn er meiri núna, í hlutfalli við söluverðið, heldur en hann var fyrir stríðið, þá hefir varan lækkað, og aftur verður skatturinn ekki neitt. Bygður á rjettlátum grundvelli yrði þessi skattur að líkindum að eins á pappírnum, en gæfi ekkert í aðra hönd.

Út af þeirri deilu, sem risið hefir milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins, þá er afarerfitt að skera úr því til fullnustu, hvor verður færari að bera gjöld framvegis. Jeg býst ekki við, að nokkur þeirra háttv. þm., sem hjer eru, sjeu færir um að leysa úr spurningunni. Það er að vísu hægt að athuga ástandið í fortíðinni, en hverju erum við nær fyrir það? Um framtíðina verður ekkert sagt. Atvik og kringumstæður, sem ómögulegt er að segja fyrir eða reikna út, geta kollvarpað öllum staðhæfingum um það efni. Enginn getur sagt um, hvaða verð verður á smjöri, fiski, kjöti, síld o. s. frv. En til þess að dæma um færleika atvinnuveganna til að bera gjöld þyrfti að vita um alt þetta.

Það er að vísu hægt að segja nú fyrir eftir líkum, hvernig það verður í ár, en erfiðara næsta ár, og enn verra þar næsta ár o. s. frv. Og vilji menn taka þann kost, að bera saman, hvernig þeir skattar, sem nú eru, koma niður á hvorum um sig, þá er það líka vandi að segja til. Það er altaf hægt að þylja upp tölur, en margir skattarnir snerta svo báða, að ilt er að gera upp á milli. Eins er ef á að fara að athuga, hvor atvinnuveganna ber meira úr býtum úr landssjóði. Þar er svo margt í þarfir beggja, og ekki margt, sem hægt er að segja að komi að eins öðrum til góðs.

Það er alveg rjett, að hækkunin á áburðaðarskattinum, sem hugsuð er í öðru frv., eigi að koma á móti þeirri hækkun, sem þetta frv. stjórnarinnar fer fram á, og þess vegna þurfi ekki og sje ekki rjett að samþykkja þessar viðaukatill.

Háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) kom fram með útreikning, sem var samanburður. Jeg hefi ekki athugað það svo nákvæmlega og tek háttv. þm. trúanlegan um það, að útreikningurinn sje rjettur það sem hann nær. En það er eins og háttv. þm. (M. G.) athugi það aldrei, að það eru til aðrir skattar, og þá er að gæta að því, hvernig þeir koma við þessa atvinnuvegi. Og ef það er athugað, þá held jeg, að það dyljist ekki óhlutdrægum manni, að þar er ljettara á landbúnaðinum heldur en á sjávarútveginum. Þá er fyrst til að nefna vörutollinn. Það er enginn efi á því, að sjávarútvegurinn borgar þar meira. (*S. St.*: En kaffi- og sykurtollurinn?). Jeg ætla ekki að taka nema eitt fyrir í einu. Það er vitanlegt, að landbúnaðurinn notar minna af aðfluttum vörum en hinn aðalatvinnuvegurinn. Þá má nefna kol og salt. Það hvílir nær eingöngu á sjávarútveginum. Það er varla teljandi, sem landbúnaðurinn notar af kolum. Það er ef til vill eitthvað til hitunar í heimahúsum, en svo hverfandi lítið á móts við það, sem t. d. togarar nota, að það getur varla talist með. Salt notar landbúnaðurinn ekki heldur, svo að teljandi sje. Aftur á móti sjávarútvegurinn eða allir, sem framleiða fisk, nota mikið þessa vöru. Auk þess má nefna olíu, sem er svo að segja nær eingöngu notuð af sjávarútveginum. Á öllu þessu er vörutollur, og við hann losnar landbúnaðurinn að mestu leyti.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) skaut fram í um kaffi- og sykurtoll, og er það alveg rjett, að hann borga sjávarmenn auðvitað meira en sveita. Því þó að bændur drekki líka kaffi, þá hafa þeir þó mjólkina um fram, og eyðslan á hinu er þess vegna ekki

eins mikil. (*H. K.*: Kostar mjólkin ekki neitt?). Jú, að vísu, en það er þó ekki greiddur tollur af henni. Þá er hægt að telja dýrtíðar- og gróðaskatt, sem er mest borgaður af útgerðarmönnum, kaupmönnum og þess háttar atvinnurekendum. Jeg hefi tekið þetta til dæmis, til að sýna, að eftir núgildandi skattafyrirkomulagi verður sjávarútvegurinn að bera meira. Það er langt frá mjer að mæla sjávarútveginn undan rjettmætum gjöldum. Jeg vildi að eins benda á þetta, úr því að farið var í þennan samanburð á annað borð.

Ef á hinn bóginn eru teknar fyrir greiðslur úr landssjóði til beggja atvinnuveganna, þá sjest, að þar er mikill munur á. Og það verður landbúnaðurinn, sem ber meira úr býtum. Í fjárlagafrv. stjórnarinnar er farið fram á, að veitt verði um 160 þús. kr. til vega (*M. P.*: Það er of lítið). Það getur verið, ef litið er á það eitt út af fyrir sig, en ekki í sambandi við önnur útgjöld. En hvað um það, þetta er upphæð, sem sjávarútvegurinn nýtur lítið góðs af. (*P. J.*: Eru bændur einir um að nota vegi?) Eins og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) hefir áður rjettilega tekið fram, þá eru vegir aðallega fyrir landbúnaðinn. Þeir eru til þess, að bændur geti komið vörum sínum á markað, og eins aflað sjer þess, sem þeir þurfa að fá annarsstaðar frá. Háttv. þm. hefir ef til vill ekki sagt þetta berum orðum, en það var augljóst af ræðu hans, að hann bar fullan skilning á þetta atriði. Þá er það Búnaðarfjelag Íslands. Það fær nú ekki nema 60 þús. kr. á ári, en þykir of lítið, og er farið fram á að hækka það mikið. (*S. S.*: Strandferðir eru fyrir sjávarútveginn og eins vegir að nokkru leyti). Hve nær hefir þm. sjeð skipum siglt um vegi? Strandferðirnar eru að vísu meira í þarfir sjávarútvegarins, en alls eigi að öllu leyti. Aðallega eru þær til að flytja vörur á milli og fólk, og þarf landbúnaðurinn ekki síður á því að halda en aðrir. Sjávarútvegurinn gæti að miklu leyti staðið óhallur, þótt ekki væri lögð eins mikil áhersla á vegi og gert er. (*S. S.*: En vitar?). Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) talar um vita, og er það rjett, að þeir eru fyrir sjávarútveginn, auk þess sem þeir eru fyrir verslun og siglingar alment. En svo má benda á það, að til er vitagjald, og það gefur af sjer meira en það, sem til vitanna er veitt. (*Þorl. J.*: Strandgæsla). Einhver talar um strandgæslu. Það er ekki ýkjamikið, sem hingað til hefir verið lagt til hennar, og ætti síst að telja eftir.

Þá eru eftir tvö atriði, sem skifta miklu máli og jeg ætla að drepa stuttlega á. Fjárhagsnefnd leggur til, eftir beiðni ráðuneytisins, að innflutningstollur verði lagður á salt. Þetta er bygt á því, að verða muni tap á saltverslun landsins, og það tap verði að vinna upp. Jeg ætla ekki að fara að dæma um það hjer, hvort þetta tap getur reiknast stjórninni til syndar eða ekki. Jeg vil að eins benda á þá staðhöfn, að tap er, og það verður að vinnast upp. (*Þór. J.*: Fyrir hverja er salt útvegað?) Sjávarútvegurinn borgar tollinn, og það verður að teljast sanngjarnt, úr því svona er komið, og verður að firra landssjóð tapi.

Þá hefi jeg heyrt, að tap muni verða á kolaversluninni. Hvort það er reikningstap eða ekki, þá er það víst, að kol landsins verða með hærra verði en kol kosta nú. Jeg álít, að til að vinna upp þetta tap eigi að fara líka leið og með saltið og leggja á toll. Jeg álít það þó skárra en einokun. En þessir tollar lægju nær eingöngu á sjávarútvegsmönnum og kaupstaðarbúum. Auk vörutolls af kolum og salti borguðu þeir líka þennan toll. Þegar þetta er athugað, þá virðist ekki, að fram á of mikið sje farið, þótt þessar viðaukatill. vinanna að vestan sjeu samþ. Landbúnaðurinn ætti að vera fær um að borga þessar 60 þús. kr. ef hann er yfirleitt fær um að borga nokkuð, sem auðvitað getur verið vafamál. En ef þetta

yrði samþ. þá þyrfti ekki að samþ. hækkun á ábúðar- og lausafjárskattinum. (*M. Ó.*: En að nema hann úr gildi? Þetta eru einar 80 þús.). Það gæti komið til mála. (*P. J.*: Er þetta sagt til að gera gys að landbúnaðinum). Nei engan veginn, það er sagt í fullri alvöru og er samhljóða því, sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) hjelt fram í síðustu ræðu, eða hugsuninni úr ræðu hans. Náttúrlega er ógerningur að vita, hvernig næsta ræða hans verður. Af því, sem áður er sagt, hugsa jeg, að ef miða á gjöldin við það, hvernig menn gjalda nú í landssjóð, þá sje landbúnaðinum ekki gert rangt til, þó þessar till. sjeu samþ. En hitt er annað mál, hvort það samt sem áður er ekki of þungt fyrir hann að bera það, undir þeim kjörum, sem hann lifir, úreltum verkfærum, háu kaupgjaldi og fólkseklu.

Magnús Pjetursson: Umræður eru orðnar svo langar, að jeg hálffyrirverð mig fyrir að lengja þær enn meira. Annars verð jeg að segja það hreinskilningslega, að jeg skil ekki, hvað alt þetta málæði á að þýða út af þessu frv.; mjer finst ágreiningurinn ekki svo mikill, að minsta kosti ekki milli hv. þm. Ísafjarðarsýslu og stjórnarinnar. Skal jeg færa rök fyrir þessu.

Bæði hæstv. stjórn og brtt.mennirnir eru sammála um það, að leggja aukinn skatt á landbændur; að eins kemur þeim ekki saman um aðferðina. Stjórnin vill taka skattaukann með því að hækka ábúðarskattinn, en tillögumennirnir með útflutning gjaldi. Eftir áætlunum yrði þessi skattur líkur að upphæð hjá hvorumtveggja aðilja. Hvers vegna leggur þá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) svo mikla áherslu á þessa brtt.? Jú, hann segist gera það vegna þess, að hann vill koma þeirri stefnu inn, að útflutningsgjald verði lagt á landafurðir. En þetta er einnig ástæðulaust að gera að kappsmáli, því það hefir þegar verið lagður útflutningstollur á landafurðir. *Það var gert hjer á síðasta þingi.* Það er gert með stimpilgjaldslögunum. Það var gert þegar stimpilgjald var lagt á farmskrár. Þessi ástæða hv. þm. V.-Ísf. fellur því niður, og hann getur verið fyllilega ánægður. Hans stefna hefir verið þannig upp tekin, svo hann má að því leyti vera ánægður. Af því, sem jeg þá hefi þegar sagt, ræður af líkum, að jeg álít smávægilegt atriði, hvort þessi till. þm. V.-Ísf. verða samþ. Verði þær samþ., fellur að sjálfsögðu hækkun ábúðarskattsins, en verði till. feldar, þá treysti jeg því, að ábúðarskattsfrv. verði samþ.

Landbúnaðurinn fær þá eftir sem áður aukinn skatt, og tel jeg ekkert á móti því, vegna þess, að jeg er algerlega á sömu skoðun og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), að ekki megi alveg draga landbúnaðinn undan skattaálögum, þar sem einmitt þetta þing *verður* að leggja miklu meira af mörkum við hann hlutfallslega en við aðra atvinnuvegi landsins.

Það var ekki tilgangur minn að ræða mikið um brtt., en úr því að jeg stóð upp, get jeg ekki látið hjá líða að beina þeirri spurningu til háttv. fjárhagsnefndar, hvort hún telji það ómögulegt að laga nú stimpilgjaldslögin og taka út úr þeim útflutningsgjaldið og færa það yfir í þessi lög.

Þótt það hafi reynst mjög þægilegt að innheimta það gjald á þennan hátt, þá er ekki víst, að svo verði altaf.

Meðan ófriðurinn stóð yfir hafa allar afurðir oftast verið seldar áður en þær voru fluttar út. En fyrir ófriðinn voru þær oft fluttar út áður en þær voru seldar, og liðu oft jafnvel 6 mánuðir frá því þær voru fluttar á skipsfjöl og þangað til þær seldust, og seldust þær þá oft við alt öðru verði en við var búist í fyrstu.

Ef slíkt fyrirkomulag tækist nú upp aftur, sem mikil líkindi eru til, mundi þá ekki verða erfið innheimtan á stimpilgjaldinu, sem greiðast á áður en skipin fara af höfn?

Gerum ráð fyrir, að vörurnar seldust

hærra en áætlað var. Er þá hægt að innheimta það af stimpilgjaldinu, sem á vantar? Eða ef vörurnar seljast lægra en áætlað var, getur þá seljandi krafist aftur þess af stimpilgjaldinu, sem umfram var greitt.

Alt þetta held jeg sje vafasamt og mjög athugavert, og jeg skil ekki, hvernig því verður við komið, því jeg hefi álitið líkt farið stimpluninni og því, er maður frímerkir brjef og frímerkið er stimplað, að það verði ekki aftur tekið, þó ofborgað reynist.

Jeg þykist þess nú fullviss, að að minsta kosti sumir í háttv. fjárhagsnefnd telji sjer það enga ofætlun að lagfæra þetta. En treysti hún sjer ekki til þess að athuga það fyrir 3. umr., þá gæti það hugsast, að jeg flytti frv. um breyting á stimpilgjaldslögunum, og sömuleiðis brtt. við þetta frv.

Pjetur Jónsson: Jeg skaut þessu inn í umr., um verðhækkunargjaldið. En jeg býst nú við, að ekki þýði að tala mikið um það, fyrst háttv. frsm. fjárhagsnefndar (M. G.) vill ekki taka það til greina. Jeg skal líka játa það, að sú háttv. nefnd hefir mörgum og miklum störfum að gegna.

En jeg tók eftir því, að þeir háttv. þm., sem talað hafa, höfðu ekki fullkomlega skilið það, sem jeg var að tala um.

Jeg átti ekki við stríðsgróðaskatt, samskonar og hann, sem lagður var á árið 1915. Að vísu mundi tilhögun verða lík, en þó er ekki um það sama að ræða. Þá var að eins tekinn skattur af þess hluta vöruverðsins, sem umfram var tilkostnað.

En nú dettur mjer ekki í hug að hafa skattinn þannig, heldur stöðugt gjald af vörunum, sem ekki hverfi af, nema sjerstaklega standi á.

Þess vegna hefi jeg stungið upp á því, að vöruverðið yrði greint í þrent, þannig að nokkur hluti þess, sem ætlaður væri fyrir framleiðslukostnaði, yrði gjaldfrí, þá yrði nokkur hluti þess með lágum skatti, og loks síðasti hlutinn, sem telja mætti umfram tilkostnað allan, með háum skatti.

Þessi skattur kæmi því þannig fram, að þegar verðlag er lágt, hlyti hann einnig að vera lágr.

Þegar meðalverðlag er, mundi hann verða nærri því, sem í fyrstu yrði áætlað.

En þegar verðlag er hátt, mundi hann komast langt fram úr áætlun.

Þetta álít jeg líka sanngjarnt, að skatturinn standi í beinu hlutfalli við gengi framleiðslunnar.

Um brtt. er það að segja, að jeg vil ekki fara út í neinn samanburð á sjávarútvegi og landbúnaði. Enda hefir oft reynst svo hjer, að sá samanburður hafi orðið rangur, og svo er enn.

En það, sem jeg meinti með því, að telja bændur á að samþ. þessar brtt., var ekki það, að tekjuaukinn, sem af þeim stafar, verði svo mikil, heldur var það hitt, að jeg er hræddur um, ef fara á í reipdrátt á milli atvinnustjetta um fjárlögin, að þá kynni það að verða til þess, að lítið yrði úr þeim.

Metingur er altaf til ills eins, en sjerstaklega nú, þegar svona mikið liggur á að fá fje.

Og jeg álít, þar sem atvinnuvegunum liggur á að fá styrk, sjerstaklega þó landbúnaðinum, að þá sæti það síst á okkur bændum að fella tekjuaukafrv. þetta.

Jeg mintist á vegina í þessu sambandi, þó ekki af því, að jeg áliti, að þeir sjeu allir eingöngu fyrir landbúnaðinn, heldur af því, að svo er alment álitið, að þeir sjeu ekkert áhugamál fyrir sjávarútvegsmenn, og sjest það best á því, að kaupstaðir hafa verið losaðir við allan veg og vanda af þeim. Það verður því hlutverk sveitahjeraðanna að gangast fyrir vegabótunum og afla styrks til þeirra úr ríkissjóði. En því verður þó ekki neitað, að ef menning öll er

sameiginleg eign landsmanna allra, þá eru vegirnir það líka.

Fjármálaráðherra (S. E.): Tveimur aðalbreytingum hefir verið stungið upp á hjer. Önnur er frá háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), að breyta tolli þessum í verðskatt, og skýrði hann það nú nokkru nánar.

Vildi hann tryggja vissan tekjuauka, vissan lágmarksskatt, hvernig sem verðið væri, en láta skattinn stíga með verðhækkuninni. Hjer er það til að segja, að lágmarksskatturinn er hjer ákveðinn eftir annari reglu en verðhækkunarreglunni, eða eftir sömu meginreglu og í stjórnarfrv., og lægri mætti skatturinn ekki vera heldur en ákveðið er þar, vegna þurftar landssjóðsins. Aftur yrði skatturinn, sem fengist eftir verðhækkunarmeginreglunni, nýr skattur á sjávarútveginn, og því sýnilegt, að á honum yrði ekki ljett eftir uppástungu hv. þm. S.-Þ. (P. J.), heldur yrði honum þvert á móti íþyngt.

Hin till., frá háttv. þm. Stranda. (M. P.), um að breyta stimpilskattinum í útflutningsgjald, er beinlínis hættuleg, því sú till. mundi geta orðið fleygur í þetta mál, orðið því að fótakefli, en hver má nú á tímum taka þá áhættu á sig.

Þótt jeg sje ekki á móti brtt. háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), þá get jeg vel skilið það, að landbúnaðarmenn vilji heldur taka skattinn af gömlum tekjustofnum, því að þótt skattur þessi sje sanngjarn og lágr, þá mundi ekki líða á löngu áður en hann yrði hækkaður.

Þess vegna vilja þeir heldur auka ábúðar- og lausafjárskattinn, og fá þannig aukningina alla í einu lagi.

En það vona jeg, að háttv. deild sje það ljóst, að jeg vil á hvorugan aðalatvinnuveg landsins halla og vil hvorugum gera hærra undir höfði en öðrum. Enda hæfði það illa, að fjármálaráðh. færi í slíkan ójöfnuð.

Jeg vona líka, að hv. deild hverfi ekki að því óyndisúrræði, að fallast á till. háttv. þm. Stranda. (M. P.), um að flytja stimpilgjaldið inn í frv. þetta, því að með því væru afdrif frv. fyrirsjáanleg.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að aðalmunurinn á gjöldum þessara tveggja umræddu atvinnuvega lægi í tollunum.

Það virtist háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) einnig álíta, en af því hann rakti það mál miklu rækilegar, mun jeg geyma að svara því, þar til jeg kem að honum.

Sami hv. þm. (M. Ó.) spurði, hvers vegna tolla ætti að eins sjávarútveginn.

Þá spurningu mátti hann vel spara, þar sem honum hefir verið margsagt það. Það er til þess að fá jöfnuð á móti lausafjárskattinum. Þá sagði hann, að sá skattur mætti eins vel niður falla, þar sem hann mundi ekki nema meiru en sem svarar 80 þús. kr., en jeg get þá frætt hann á því, að hann mun verða miklu meiri, sjálfsagt tölu vert á annað hundrað þús. kr., og 1918 nam útflutningsgjaldið eigi nærri svo miklu, svo að háttv. þm. fer hjer heldur villur vegar.

Þá kem jeg að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) Eyddi hann mörgum orðum í samanburð á sjávarútvegi og landbúnaði, og komst að þeirri niðurstöðu, að sjávarútvegurinn bæri hlutfallslega meira af gjöldum. Í fyrsta lagi nefndi hann í sambandi við vörutollinn kol, olíu og salt.

Um olíuna er það að segja, að sveitamenn nota hana líka; þeir þurfa engu síður að kveikja ljós en sjávarbúar. Sama er að segja um saltið. Þótt meira þurfi af því í fiskinn en það, sem sveitamenn nota, þá er það eðlilegt og stafar af því, að sú framleiðsla er meiri.

Og það er ekki nema eðlilegt, að mest er notað af olíunni til sjávaratvinnurekstrar. En það verður að teljast til framleiðslukostnaðar, en sveitamenn þurfa einnig

miklu til að kosta sinnar framleiðslu, svo að það jafnar sig.

Dýrtíðar- og gróðaskattur kemur hjer ekki til greina, því að svo framarlega, sem hann er meiri af sjávarbúum, þá stafar það af því, að þeirra gróði er meiri.

Þá nær það engri átt að telja vegina eingöngu vera fyrir landbúnaðarmenn.

Jeg þykist viss um, að háttv. þm. (E. A.) fái ýmsar vörur til sín fluttar eftir þeim, eins og flestir aðrir sjávarmenn, auk þess sem þeir hafa óbeint gagn af þeim.

Það er alveg rjett, að hækka þarf fjárveitingar til landbúnaðarins, en ætli sjávarútvegsmenn fari eigi fram á hið sama fyrir þann atvinnuveg?

Salttollurinn er að vísu ekki hjer til umr., en þess skal jeg þó geta, að ef hækka þarf hann, þá tel jeg eðlilegast, að það komi niður á þeim, sem þar eiga hlut að máli. Ef skaði hefir orðið, er það af því, að keypt hefir verið ofmikið í ákveðnum tilgangi fyrir ákveðinn atvinnuveg, og er þá rjettast, að sá atvinnuvegur borgi.

Því þarf enginn að halda fram, að landbúnaðurinn dragi sig í hlje með að gjalda það, sem honum ber, og sýndi jeg fram á það í fyrstu.

Þá vildi jeg skjóta því til háttv. þm. Stranda. (M. P.), að jeg tel það hvorki rjett nje hyggilegt að fara að breyta stimpilgjaldslögunum nú, þegar endurskoðun skattamálanna stendur fyrir dyrum. Það mundi að eins verða til þess að koma ruglingi á.

Fjárhagsnefndin mun líka verða treg til þess, og jeg vona, að hv. þm. hætti við slíka tillögu.

Um erfiðleika þá, sem á því geta orðið að ákveða stimpilgjaldið, er það að segja, að hið sama mundi eiga sjer stað um verðhækkunartollinn.

Mjer skildist á háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), að hann liti svo á, að frv. mundi alt falla ef brtt. á þgskj. 73 yrðu feldar. Jeg get þó ekki skilið, að svo þurfi að fara, þar sem háttv. flm. þeirra till. (M. Ó. og S. St.) eru frv. fylgjandi ásamt brtt. nefndarinnar.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið, enda eru umr. orðnar helst til langar.

Magnús Pjetursson: Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sagði, að jeg hefði altaf litið stimpilgjaldslögin illu auga. Þessu vil jeg mótmæla, því það er ekki rjett; þó jeg ekki gæti greitt atkv. með þeim, þá var það að eins af því, að jeg vildi ekki blanda inn í þau útflutningsgjaldinu. Annars mundi jeg hafa ljeð þeim atkv. mitt.

Jeg get aldrei skilið, að erfiðara væri að ná inn þeim skatti, þótt hann væri kallaður sínu rjetta nafni, en ekki breidd yfir hann þessi huliðsblæja, eins og nú er gert.

Það er eins og verið sje að draga í efa rökskygni manna, ef til þess er ætlast, að hann gangi betur í augun á þennan hátt.

Hinu hefi jeg aldrei gert ráð fyrir, að skatturinn fjelli niður, þó hann yrði fluttur á sinn rjetta stað.

Jeg get að nokkru skilið aðstöðu fjárhagsnefndar, þar sem hún er svo sannfærð um, að endurskoðun skattamálanna fari fram á næsta ári.

Jeg er ekki sannfærður um, að svo verði. Margt getur hindrað slíkt. Og jafnvel þó svo yrði, þá get jeg þó búist við, að ýms óþægindi, jafnvel vandræði og ranglæti, geti af því leitt að láta þetta útflutningsgjald frá í fyrra halda áfram að sigla undir *fölsku flaggi*.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal taka það fram út af síðustu orðum hv. 2. þm. Árn. (E. A.), að það var þegar búið að semja um mikið af þeim kolum, sem komu hingað í vor, í fyrra vor. Það er alls ekki rjett, að kolin sjeu seld of dýrt, þau eru

ekki seld hærra verði en hæfilegt er eftir því, sem þau kosta nú; þau eru afskaplega dýr í Englandi og flutningsgjald hefir verið afarhátt alt til þessa. Á hinn bóginn er jeg alls ekki viss um, nema það sje heppilegt að hafa nú talsverðar kolabirgðir í landinu, því nú sem stendur virðist fremur örðugt að fá kol á Bretlandi.

Þórarinn Jónsson: Það er ekki af löngun til að tala, að jeg stend upp, heldur af því, að mjer blöskra svo umræðurnar. Minnist jeg ekki þess, að hafa hlustað á óþarfari umr. í þessari deild, og hefir þó oft vel verið. Þegar farið er að jafna saman árum og orfum og reikna út verðgildi þeirra til tollálagninga, þá eru menn komnir í alveg óviðeigandi smámuni. Hins gæta menn ekki, að löggjafarvaldinu er skylt að líta á báða þessa atvinnuvegi sem þjóðarnauðsyn, og ekki síður landbúnaðinn, því með honum stendur menning og þjóðerni þessa lands.

Jeg vil nú í stuttu máli minna menn á, hvernig horfir fyrir þessum atvinnuvegum. Sjávarútvegurinn sækir á einhver bestu fiskimiðin í heimi. Landbúnaðurinn á við mjög ófrjósöm gróðurlönd að fást og erfið ræktunarskilyrði. Sjávarútvegurinn hefir nýtískutæki, landbúnaðurinn úrelt og ónothæf; sjávarútvegurinn hefir aðgang að bönkunum, en landbúnaðurinn mjög takmarkaðan. Þetta vil jeg biðja hv. deildarmenn að athuga til 3. umr

En hvað hitt snertir, að leggja útflutningsgjald á landbúnaðarafurðir, þá er jeg því algerlega mótfallinn, þegar af þeirri ástæðu, auk margra fleiri, að ýms hjeruð losna algerlega við þennan skatt, sem selja afurðir sínar í bæjunum, og koma þær aldrei til útflutnings. Verður því um megnan ójöfnuð að ræða. Og að jeg fylgdist með í því, að þessi grímuklæddi útflutningstollur væri settur inn í stimpilgjaldslögin, þá var það ekki af því, að jeg áliti það rjettlátt, heldur af fjárhagsástæðum ríkisins, sem neyðarúrræði í svipinn.

ATKVGR.

Brtt. 63,1.a. samþ. með öllum gr. atkv.
— 63.1.b. og c. samþ. með öllum gr.atkv.
— 63,1.c. samþ. með öllum gr. atkv.
— 63,1.d. — — — — —
— 63,1.f. — — — — —
— 73,15. feld með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., B. K., B. St., E. A., H. K., J. M., M. P., M. Ó.
nei: P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. Árna., J. J., J. B., M. G., G. Sv., P. J., P. O., Ó. B.
Tveir þm. (B. Sv. og E. J.) fjarstaddir.

Brtt. 73,16.—19. feld með 13 : 8 atkv.
— 73,20.—21. feld með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., M. Ó., P. J., S. St., B. K., B. St., E. A., H. K., J. M.
nei: P. O., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. Árna., G. Sv., J. J., J. B., M. G., St. St., Ó. B.

Tveir þm. (B. Sv. og E. J.) fjarstaddir.

Brtt. 73,22.—24. feld með 13 : 8 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj atkv.

Brtt. 63,2. samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 122).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka og breytingu á lögum 1. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 141).

Á 15. fundi í Ed., föstudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Eins og kunnugt er, hefir verð á fiski hækkað allmikið síðan útflutningsgjald var lagt á hann fyrir mörgum árum. Verður þessi hækkun á útflutningsgjaldinu því ekki tilfinnanleg fyrir sjávarútveginn, enda var frv. tekið vel í hv. Nd., einnig af fulltrúum hans.

Stjórnin gerði ráð fyrir, að þessi hækkun myndi nema um 160,000 kr. á ári. En hv. Nd. breytti frv. í tveimur verulegum atriðum. Í fyrsta lagi var 1. liður hækkaður um 5 aura, og í öðru lagi var það ákveðið í 15. lið að leggja 1% á brúttósöluverð afla, sem veiddur er hjer við land og fluttur er út ósaltaður og óhertur. Jeg get ekki sagt um það, hve miklu þessi hækkun muni nema; ekki ólíklegt, að hún muni verða um 20,000 kr. Verður tekjuaukinn af frv. þessu þá um 180,000 kr.

Frv. sætti mjög litlum mótmælum í hv. Nd., eins og jeg drap á áðan. Að eins var athugli vakin á því í sambandi við 15. lið, hvort samningar við erlend ríki myndu vera því til fyrirstöðu, að leggja á fisk, sem aflast hjer við land og ekki er lagður hjer upp, heldur fluttur beina leið til útlanda. Jeg hygg, að svo sje ekki. Að vísu er til landshöfðingjabrjef fyrir því, að ekki megi leggja útflutningsgjald á slíkan afla, en þetta brjef hygg jeg að sje að eins skýring á núgildandi útflutningsgjaldslögum, og er því að sjálfsögðu burt fallið, er ný lög koma, þar sem þetta er ótvírætt tekið fram.

Jeg vona, að frv. verði tekið vel og að það fái að ganga greitt í gegnum hv. deild.

Magnús Kristjánsson: Jafnvel þótt æskilegt sje, að mál þetta fái fljóta afgreiðslu, þá hygg jeg, að ekki verði hjá því komist að vísa því til nefndar. Vildi jeg, með tilliti til þessa, drepa á örfá atriði, er æskilegt væri að væntanleg nefnd tæki til athugunar.

Jeg er ekki alls kostar ánægður með frv., en á hinn bóginn er það fyrirsjáanlegt, að ekki verður hjá því komist að hækka tekjur ríkissjóðs til muna. Þessar breytingar á tollum og útflutningsgjöldum eru orðnar nokkuð margbrotnar, og er erfitt að átta sig á þeim. Hefði verið einfaldast að hækka þá um svo og svo marga af hundraði, í hlutfalli við aukin útgjöld ríkissjóðs í dýrtíðinni. Inn á þá braut hefir verið gengið að nokkru með því, að leggja stimpilgjald á útfluttar vörur, sem í raun og veru er ekki stimpilgjald, heldur útflutningsgjald. Þetta hefði verið heppilegra, enda hefði hækkunin þá náð til fleiri vörutegunda. Jeg býst ekki við, að unt sje að breyta þessu nú, þar sem málið er komið svo langt, en það er nefndarinnar að athuga það.

Jeg vil þá drepa á 15. liðinn. Hygg jeg, að full þörf sje á því, að orða hann nánar. Fyrsta spurningin er sú, hvernig

sje hægt að framkvæma innheimtuna og eftirlit það, sem henni er samfara. Þetta er talsvert óákveðið í frv. Eins og kunnugt er, stundar fjöldi skipa veiðar hjer við land, án þess að þau hafni sig eða hafi nein mök við landsmenn.

Þetta ákvæði í 15. lið á að líkindum að skilja svo, að skip, sem fengju sig afgreidd á einhverri höfn hjer, yrðu að greiða útflutningsgjaldið. Viðkunnanlegra er að orða liðinn nokkuð nánar. Tilætlunin getur ekki verið sú, að lögreglustjórarnir verði á þönum „úti um sjóinn alstaðar", til þess að kynna sjer, hver skip hjer sjeu að veiðum, og leggja síðan útflutningsgjald á afla þeirra. Það er vafasamt, að hve miklu leyti hægt er að skattleggja afla, sem veiddur er utan landhelgi, og jeg býst ekki við því, að hægt verði að teygja ákvæðið lengra en svo, að það nái til þeirra útlendra skipa, sem leita hafna til þess að hagnýta sjer veiðina, eða hafa samskifti við landsmenn.

Þetta vildi jeg að eins drepa á til athugunar væntanlegri nefnd, sem jeg býst við að verði söm sem í Nd., sem sje fjárhagsnefnd.

Magnús Torfason: Jeg hafði hugsað mjer að beina nokkrum fyrirspurnum til til hæstv. fjármálaráðherra, til leiðbeiningar nefndinni.

Í fyrsta lagi, hvers vegna er í 2. lið gjaldið áfram látið miðast við hundraðstölu, en ekki við þyngd, eins og í hinum 13 liðunum? Og hvort sjerstök ástæða er til þess að halda því ákvæði, þar sem þó ábyggilegt er, að tollur hefir ekki verið innheimtur samkvæmt þessum lið í mörg ár?

Í öðru lagi væri fróðlegt að vita, hver munur er á „nýr" í 2. lið og „ósaltaður og óhertur" í 15. lið. Mjer skilst í fáfræði minni, að ákvæði 15. liðar sjeu annars eðlis en ákvæði 2. liðar, og er þá spurningin, hvort hin tilfærðu orð í 15. lið sjeu víðtækari en „nýr" í 2. lið. Í nál. Nd. er ekkert orð, sem gefi bending um það, hvernig þetta ákvæði 15. liðar beri að skilja.

Í þriðja lagi vildi jeg mega spyrjast fyrir um það, hvort það er af ásettu ráði, að gjaldið samkvæmt 5. lið á eigi að greiðast lengur en til 1. janúar 1920. Jeg vek máls á þessu af því, að í öðru frv., sem hjer er á ferðinni um gjald af sömu vöru, er gildistökudagur settur 1. apríl 1920. Er þá meiningin, að þessi vörutegund verði gjaldfrjáls þessa 3 mánuði, eða er hjer um ósjálfrátt niðurfall að ræða?

Hv. þm. Ak. (M. K.) hefir minst nokkuð á 15. lið og bent á það, hvort ekki væri rjett að afnema hundraðsgjaldið og hafa í þess stað stimpilgjald.

Sami hv. þm. hefir og drepið á það, hvernig skilja megi 15. lið. Ef athugað er upphaf 1. gr. l. nr. 16, 4. nóv. 1881, þá er það ljóst, að lögin miða fyrst og fremst við, að skipin sjeu afgreidd frá einhverri höfn á Íslandi, eða að minsta kosti aflinn sje tekinn innan landhelgi. En eins og ákvæðið er orðað hjer í 15. lið, virðist ekki útilokað, að lögin eigi að ná til skipa, sem ekki fiska í landhelgi eða leita hafna, sbr. orðin: „sem stunda fiskveiðar hjer við land", en „fiskveiðar hjer við land" getur eins átt við fiskveiðar á miðum utan landhelgi. Þetta ákvæði getur gefið tilefni til fleiri spurninga. Jeg skal t. d. nefna það, ef botnvörpungur fyrir sakir vis major leitar hafnar. Ber honum þá að greiða þetta gjald af afla sínum? Jeg býst við því, að ef þessu ákvæði væri fram fylgt eftir orðalaginu, þá yrðu armar rjettvísinnar nokkuð langt teygðir, og eftir þeim byr, sem allar tillögur um að styrkja starf hennar hafa fengið hjer í þinginu, þykir mjer ólíklegt, að nægilegt fje fáist til þess að gæta þessa ákvæðis út í ystu æsar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi tekið það fram, bæði hjer og í Nd., að það er á engan hátt tilætlun stjórnarinnar að endurskoða skattalöggjöfina á þessu þingi. Þess vegna hefir stjórnin í frv. sínum um þessi efni haldið sem mest fyrirkomulagi eldri laga.

Því er það að segja við 1. fyrirspurn hv. þm. Ísaf. (M. T.), um 2. lið, að honum er haldið óbreyttum, sem áður var hann. Jeg fann enga sjerstaka ástæðu til þess að breyta honum; Nd. ekki heldur. En vitanlega má breyta honum, ef svo sýnist; það skiftir engu máli.

Í annan stað spurði sami hv. þm. (M. T.), hvort „nýr" í 2. lið og „ósaltaður og óhertur" í 15. lið væri sömu þýðingar. Að vísu er 15. liður ekki runninn frá stjórninni, heldur er sá liður kominn inn í frv. í Nd., en jeg hygg, að orðin muni tákna eitt og hið sama, og valdi því eigi misskilningi; vitaskuld má samræma þau, ef þörf þykir.

Í þriðja lagi gat sami hv. þm. (M. T.) þess, að gildi þessa frv. væri útrunnið 1. janúar 1920, en síldarlögin gengju þar á móti ekki í gildi fyr en 1. apríl 1920. Þetta er alveg rjett athugað, og benti jeg á þetta í Nd., að þessu þyrfti að breyta, svo að varan yrði ekki gjaldfrjáls í 3 mánuði; en mig minnir, að þá hafi málið verið komið til 3. umr., svo að of seint hafi verið að lagfæra þetta. Undir öllum kringumstæðum varð jeg of seinn með brtt. í þessa átt. En þessu má altaf breyta hjer og er sjálfsagt.

Jeg skal játa það, að orðalag 15. liðar, sem Nd. setti inn í frv., er tvírætt, sem sje hverra skipa það taki til, hvort það sjeu að eins hjer skrásett skip, eða einnig skip, sem koma inn til bráðabirgða. Það er víst, að ákvæðið tekur til allra innlendra skipa, en vafasamt, hvort það tekur til hinna, en það yrði þá komið undir úrskurði stjórnarráðsins, svo framarlega sem ákvæðinu verður ekki breytt hjer.

Það hefir verið minst á stimpilgjald í þessu sambandi og vakið máls á því, hvort ekki myndi vegur til þess að sleppa hækkun útflutningsgjaldsins og hækka í þess stað stimpilgjaldið. Mjer er nær að halda, að sú leið sje mjög óheppileg. Satt að segja þykir stimpilgjaldið nú fullhátt, og kemur líka svo víða niður.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, þá eru miklir örðugleikar á því, að koma fram sköttum, sem fullnægi ríkissjóðnum nú á tímum. Þess vegna hefir stjórnin fyrst og fremst borið fram frv. um þá skatta, sem hún þykist viss um að smjúgi í gegnum Alþingi.

Jeg vona, að fyrst þetta frv. hefir sloppið gegnum Nd., þar sem þó eiga sæti margir sjávarútvegsmenn, þá fái það einnig framgang hjer. Og jeg vil alvarlega vara menn við því, þótt einhverjir kynnu að vilja heldur hækkað stimpilgjald, að fara að gera slíkar tilraunir, með því að óvíst er, hvernig þeim yrði tekið í Nd., en þetta frv. er þó sloppið í gegnum þann hreinsunareld.

Magnús Torfason: Jeg þakka hæstv. fjármálaráðherra hans gegnu og einkar greinilegu skýringar og vil minna hann á, að fjárhagsnefnd á fund með sjer í dag kl. 5.

Magnús Kristjánsson: Jeg gleymdi áðan einu atriði, sem jeg vildi biðja nefndina að taka til íhugunar, sem sje 5. lið. Það er kunnugt, að hjer liggur nú fyrir annað frv. um sama efni, þótt tímatakmarkið sje annað. Jeg vil beina því til nefndarinnar að taka til athugunar, hvort ekki væri ástæða til þess að hækka lítillega gjaldið á þessum lið, t. d. svo, að það verði kr. 1.50. En sá böggull fylgir,

að þá færi hitt frv. ekki lengra en það er komið; ef þetta ráð væri tekið, gæti jeg verið með þessari hækkun, sem jeg nefndi.

Jeg álít, að þetta væri hyggilegt ráð, bæði af því, að með þessu mundu tekjurnar aukast nokkuð, og þar með er girt fyrir það óráð, að leggja á slíkt útflutningsgjald, sem það frv. fer fram á, á atvinnuveg, sem enginn veit hvernig rekinn verður í framtíðinni. Það væri alveg nóg, að næsta þing legði á það útflutningsgjald, ef viðunanlega tækist næsta ár. Þessi mál standa í svo nánu sambandi, að mjer þykir rjett að benda nefndinni á þetta til athugunar nú þegar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Ef hægt er að hækka gjaldið samkvæmt 2. lið um 50 aura af hverri tunnu, þá er það í sjálfu sjer gott. En ef sú hækkun er því skilyrði bundin, að stjórnin falli frá síldarfrumvarpinu, þá fer hagurinn að verða tvísýnn. Gerum ráð fyrir, að veiðin nemi 200 þús. tunnum, þá mundi tekjuaukinn nema 100 þús. kr. En eftir síldarfrv. stjórnarinnar mundi tekjuaukinn nema nálægt ½ miljón kr. Ef því frv. yrði komið fyrir kattarnef, þá liti illa út með tekjuaukana, og þá mætti svo fara, að grípa yrði til óyndisúrræða, sem ekki yrðu betur þokkuð. Þá mundi verða neyðst til þess að hækka toll á kaffi og sykri.

Ætli það væri betur sjeð?

Jeg hefi áður tekið það oft fram hjer á hinu háa Alþingi, að það liggja sjerstakar ástæður til þess, að tollur á síld er æskilegur. Í fyrsta lagi sópa útlendir menn hjer upp fje, og ekki nema rjett, að þeir greiði skatt af því í ríkissjóð. Í öðru lagi er hjer að ræða um þá atvinnu, sem er stórgróðaatvinna, svo að skattgreiðendurnir hafa nóg bolmagn til að greiða tollinn, og enn fremur má líta á það, að þeir taka allan vinnukraft frá öðrum aðalatvinnuvegi landsins, landbúnaðinum. (*M. T.*: Taka frá!) Já, það er ekki hægt að neita því: þeir gera það með því að hækka svo kaupið, að skortur er á vinnukrafti við landbúnaðinn.

Þegar á alt er litið, er því eigi nema rjett að leggja skatt á síldina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 12 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 141, n. 274, 304).

Frsm. meiri hl. (Halldór Steinsson): Aðalágreiningurinn út af síldartollinum er fólginn í því, að meiri hlutinn vill fara meðalveg milli stjórnarfrumvarpsins og brtt. Nd., en minni hlutinn vill fara langtum skemra. Jeg held, að allir nefndarmenn hafi verið sammála um, að stefna Nd. sje ekki rjett, tollurinn í ár sje helst til lágr, en tollur næstu ára of hár. Tollurinn í ár er lagður á nokkurn veginn vísan afla, en afli næstu ára er óviss. Ef svipaður afli verður á næsta fjárhagstímabili og útlit er fyrir að hann verði í ár, eða um 300 þús. tunnur, nemur tollurinn samkvæmt till. stjórnarinnar á næstu þrem árum kr. 2.100.000, samkvæmt till. Nd. kr. 2,700,000, en samkvæmt till. okkar kr. 2,400,000. Við förum því meðalveginn í tillögum okkar. Að ekki er farið hærra í ár en í 2 kr., liggur í því, að áður er búið að leggja skatt á síldartunnur, aðfluttar, en hann fellur burtu fljótlega. Þó sá skattur komi aðallega niður á útlendingum, þá er hann samt töluvert tilfinnanlegur fyrir Íslendinga, því margir innlendir menn hafa í sumar flutt inn síldartunnur. Um hitt er aðalágreiningurinn, hvort 3 kr. skatt-

ur á næstu árum sje sanngjarn. Það er að vísu satt, að síldarútgerðin er stopull atvinnuvegur, en flestir, sem byrjað hafa á honum, munu þó hafa haldið áfram. Og altaf eru fleiri og fleiri, sem bætast við, enda eiga margir auðæfi sín að þakka þessum atvinnuvegi. Þegar á þetta er litið, og hins vegar þörf landssjóðs, og það, á hve fáum tekjustofnum er völ, þá verður ekki annað sjeð en að sanngjarnara sje að leggja þennan skatt á síldina en á aðrar atvinnugreinar, sem ekki mættu við því. Þess ber og að gæta, að mikið af þessum skatti bera útlendingar, og hefði fjárhagsnefnd farið miklu lengra, ef Íslendingar bæru ekki skattinn líka. En hjer er ekki svo auðvelt að skilja sauðina frá höfrunum. Það má að vísu segja, að æskilegt væri, að engir tollar hvíldu á innlendri framleiðslu, en hagur ríkissjóðs er nú svo bágborinn, að ekki er um annað að velja. Þessu verður að halda áfram meðan skattalöggjöfin ekki er komin í betra horf en raun er á.

Þá skal jeg minnast stuttlega á ástæður hv. minni hluta. Mig furðar á, að síldin skuli hafa getað komið hv. þm. Ísaf. (M. T.) í jafnslæmt skap og minni hluta álitið ber vott um. Hann kallar skattinn „viðrini“ talar um „skattarán“ o. s. frv. Hann heldur því fram, að þingið með þessum lögum afneiti fyrri stefnu sinni í skattamálum. En þetta er ekki rjett. Síldartollurinn er í samræmi við önnur gjöld á íslenskum afurðum, sem út eru fluttar. Síldin er ekki tekin út úr, heldur er hún tekin *með* og lagt hlutfallslega á hana. — Þá talar hv. minni hluti (M. T.) um verð á síld. Á einum stað telur hann síldartunnuna kosta frá skipi kr. 16.00. Á öðrum stað segir hann, að útflutningshæf síldartunna standi útgerðarmönnum í 60—70 krónum. Þetta er hvorttveggja handahófságiskanir. Það liggur í hlutarins eðli, að kostnaðurinn er mjög mismunandi, og ómögulegt er að segja, í hve miklu verði útflutningshæf síldartunna standi útgerðarmanni. Það kann að vera, að þeir, sem selt hafa nýja síld, hafi fengið 16 kr. fyrir tunnu síldar, en í þeim 16 kr. felst hagnaður útgerðarmanna, svo rangt er að segja, að hún standi þeim í 16 kr. — Þá telur hv. minni hluti enga nauðsyn á að leggja þennan toll á vegna tekjuhalla landssjóðs. Landssjóður hafi „yfrið nægar“ tekjur. Það skín í gegn, að hann hafi jafnvel ofmiklar tekjur. Bjartsýni er að vísu góð, en þó held jeg, að of mikil bjartsýni sje síst til bóta, þegar um ríkissjóð er að ræða. Best er að stjórna landsbúinu á líkan hátt og einstaklingarnir stjórna sínum búum, en hygnir búendur leggja oft mikið á sig til að verjast skuldum og eiga fremur afgang. Jeg býst við, að það verði engin vandræði með að koma út þeim peningum, sem fást upp í þennan toll.

Þá er það eitt, sem mikils er um vert að sje ráðið heppilega fram úr; jeg á við hlutfallið milli tollsins í ár og tollsins næstu ár. Næstu ár verða síldartunnurnar miklu ódýrari en nú. Sá mismunur nemur miklu meiru en mismunurinn á tollinum.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í málið að þessu sinni. Meiri hluti nefndarinnar gengur út frá því sem sjálfsögðu, að annað frv., sem fyrir nefndinni liggur, um 4 kr. skatt á síldartunnu á næsta fjárhagstímabili, fari ekki lengra, ef brtt. nefndarinnar verður samþ.

Um 1. og 3. brtt. held jeg að nefndin hafi verið sammála.

Nefndin vill fella 15. lið burtu vegna þess, að þar er tollurinn miðaður við verð aflans, en alstaðar annarsstaðar í frv. er miðað við þunga; hefir nefndin flutt 15. lið að efni til undir 2. lið. Að vísu má búast við, að tollurinn komi ekki allur til skila, en sama hefði orðið ofan á, þó að 15. liður hefði fengið að standa.

Af öðrum brtt., sem fram hafa komið, eru tvær frá háttv. minni hl. (M. T.), en ein frá háttv. þm. Ak. (M. K.). Fyrri brtt.

háttv. minni hluta (M. T.) er svo fjarri öllum sanni, að ekki kemur til mála, að nefndin geti fallist á hana. Mjer skildist ekki betur í nefndinni en að hann fjellist á 2 kr. toll, þó að ekki vildi hann fara lengra. Till. háttv. þm. Ak. (M. K.) er aftur samhljóða fyrri stefnu háttv. þm. Ísaf. (M. T.), en fer þó of skamt til þess að meiri hlutinn geti fallist á hana

Um 2. brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.) get jeg að eins gefið þær upplýsingar, að hún var ekki rædd af nefndinni, svo mjer er ekki kunnugt um, hvaða afstöðu háttv. 3. nefndarmaðurinn muni taka gagnvart henni.

Mælist jeg svo til þess fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, að háttv. deild samþ. brtt. meiri hl., en felli 1. brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.) og brtt. háttv. þm. Ak. (M. K.).

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Það hefir verið sagt, að jeg hafi þótt harðorður um þennan nýja skatt, sem nú á að fara að leggja á eina af afurðum landsins. Jeg vil að eins benda á, að á aukaþinginu 1916—17 kom fram líkt frv., og var það þá alt annar þingmaður en jeg, sem talaði um, að það væri hrein vansæmd fyrir þingið að lögleiða það. Ekki var sá þingmaður ávíttur af forseta fyrir, svo að jeg get ekki sjeð, að jeg hafi sagt meira en það, sem háttv. deild hefir áður fallist á að væri fullkomlega sæmilegt.

Jeg hefi haldið því fram í nál., að hjer væri um nýja stefnu í skattamálum að ræða. Jeg vil leyfa mjer að standa fast við það, að jeg hefi þar á rjettu að standa. 1916 var háttv. deild því algerlega mótfallin, að íþyngja innlendum útgerðarmönnum með auknum sköttum á síldinni. Frsm. meiri hl. (H. St.) var þá á þeirri skoðun. Hann samþykti að vísu skattafrv. hjeðan úr deildinni, en sagði, að það bæri auðvitað að endurgjalda íslenskum útgerðarmönnum þann halla, sem þeir biðu af því. Stefna mín nú er því hin sama sem háttv. meiri hl. á aukaþinginu 1916—17. Þá kom og fram frv. um síldartoll, sem átti að vernda íslenska síldarframleiðslu. Þetta var holl stefna og góð. En nú er horfið frá henni. Eina sæmilega ástæðan, sem gæti rjettlætt þetta háttalag, væri sú, að ómögulegt væri með öðru móti að ná í sæmilegar tekjur handa landssjóði. Áður en jeg fer lengra út í það, hvort svo sje, vil jeg minna á, að á nefndu þingi var stjórninni falið að undirbúa lög um síldartoll, en það hefir hún látið undir höfuð leggjast. Þeirri áskorun þingsins hefir stjórnin algerlega brugðist.

Skal jeg við þessa umr. ekki fara lengra út í þetta atriði.

Jeg verð að halda fast við, að það sje rjett, sem jeg hefi sagt í nál., bæði um verð síldartunnunnar frá skipi og um kostnaðinn við verkunina. Jeg hefi leitað mjer upplýsinga um þetta atriði hjá þeim mönnum, er best hafa vit á því, og hafa þeir sagt mjer, að máltunna síldar kosti eigi minna en 25 krónur. Þegar á að leggja toll á síldartunnuna, verður að miða við hvað kostar að ná henni. Þar dugir ekki að grípa alt af handahófi. Að vísu getur kostnaðurinn á skipum, sem veiða vel, orðið nokkru minni en hjer er sagt; en þeir, sem miður afla, verða aftur á móti að leggja meira í kostnað, og þykir mjer rjettara að miða fremur við þá, sem minna mega sín.

Hvað því viðvíkur, að síldartunnan kosti 60—70 krónur, þá er það verð miðað við íslenska útgerðarmenn. Má vera, að útlendingum, sem ekki eiga gamlar tunnur, sje hún eitthvað ódýrari.

Eins og jeg hefi sagt, kostar tunnan 25 kr., saltið í hana 16 kr. og verkun 8 kr. Til samans eru þetta 59 krónur; en þá er ótalið vextir, fyrning og slit, en hið síðasttalda kom aðallega niður á íslensku út-

gerðarmönnunum, því tunnur þeirra voru gamlar og láku saltleginum, svo varan skemdist. Íslenska síldin fjekk þess vegna óorð á sig síðasta ár, og mun það ekki bæta um síldarverð nú.

Jeg held því, að enginn geti borið mjer á brýn, að tölurnar í nefndaráliti mínu sjeu teknar af handahófi. Ef nokkuð er, munu þær sýna sig að vera fulllágar, er öll kurl koma til grafar.

Hv. meiri hluti hefir haldið fram, að með þessu frv. sje ekki lagt meira á síldina en aðrar afurðir. Mjer þykir furða, að hv. þm. Snæf. (H. St.) skuli geta látið sjer slíkt um munn fara. Skatturinn á fyrsta lið frv., fiskinum, nemur eigi nema ½%, en á síldinni verður hann eftir till. háttv. meiri hluta 12½%, eða nákvæmlega 25 sinnum meiri. Þannig er samræmið hjá háttv. samnefndarmönnum mínum, og skal jeg ekki þreyta menn á að fara lengra út í það.

Mjer er sjerstaklega illa við að gera þennan síldarskatt að fastaskatti. Hitt er annað mál, þó lagður sje á hverju ári skattur á síldina, er sjeð er, hvernig verðlagið er og veiðiskapurinn gengur. Það getur enginn sjeð fram í tímann nú, fremur en 1917. — Býst jeg við, að sama verði upp á teningnum nú, ef síldin bregst, eins og 1918. Þá datt ekki nokkrum manni í hug að leggja skatt á hana.

Allir, sem nokkuð þekkja til, vita hversu stopul síldveiðin er, og að þeir, sem hafa stundað hana, hafa unnvörpum orðið gjaldþrota. Fyrstu menn, sem stunduðu síldveiði við Ísafjarðardjúp, voru Norðmenn. Nú eru þeir allir horfnir þaðan fyrir löngu.

Árið 1884 voru um 80 síldveiðaskip á Seyðisfirði, en fjórum árum síðar var ekkert orðið eftir. Sýnir þetta, hve veiðin er stopul, svo árin 1917—'18 eru ekki nein undantekning. Við það bætist, hvað rekstrarkostnaðurinn er orðinn gífurlegur. Það var alt annað að reka þennan atvinnuveg þegar tunnan kostaði framleiðandann 10 kr. eða minna, en nú, þegar hún kostar 60—70 krónur. Þá fyrst fer útvegurinn að verða hættulegur.

Íslendingar standa og yfirleitt ver að vígi en útlendingar, því útvegur þeirra er meira af vanefnum gerður. Skal jeg í því sambandi geta þess, að lendingartækin við Ísafjarðardjúp voru lítt nothæf, síldarpallarnir svo ljelegir, að hrein vandræði voru að starfa á þeim. Húsnæði vantaði, og veiðin var yfirleitt svo illa undirbúin, að menn urðu þess vegna fyrir mörg þúsund króna tjóni.

Áður fyr var altaf verið að klifa á, að það ætti að vernda þennan atvinnuveg, það ætti að græða á síldinni, en nú virðast menn vilja amast við því.

Það er að vísu rjett, að á fyrstu stríðsárunum, 1914—'15, græddist einstaka mönnum stórfje á síld, en yfirleitt voru það menn, sem studdust við alt aðra atvinnuvegi. Flestir þeirra eru hættir síldveiðinni, og margir hafa í hyggju að hætta ef vel gengur í ár.

Hv. frsm. meiri hlutans (H. St.) sagði, að brtt. mín væri fjarri öllum sanni, því jeg hefði aðhylst 2 kr. tollinn í nefndinni. Jeg hefi að vísu staðið í þeirri trú, að það, sem sagt væri innan vjebanda nefndar, ætti ekki að fara lengra. En jeg get lýst yfir því, að aðstaða mín í nefndinni, eins og í háttv. deild, var sú, að jeg mundi ekki gera 2 króna tollinn að ágreiningsatriði, ef tekið yrði tillit til síðari brtt. minnar. En háttv. þm. Snæf. (H. St.) hefir ekki enn lýst yfir því, að hann vilji taka landbúnaðarafurðirnar inn í frv.

Að síðustu skal jeg geta þess, að þessi hái skattur er lagður á algerlega út í bláinn. Háttv. þm. hafa ekki hugmynd um, hvaða verð verður á síldinni. Jeg hefi reynt að grenslast eftir því, en hefi ekki getað fengið neinar upplýsingar um það.

Hið eina sem við vitum er, að ef alt fer skaplega, mun síldartunnan kosta framleiðanda 60—70 krónur. Eru þó líkur til, að hann skaðist ekki á veiðinni, en á hinn bóginn alveg óvíst, hvort hann hefir nokkurn verulegan gróða. En þótt síldveiðamenn græði eitthvað, er það ekki tiltökumál, því áhættan er mikil, og út í hana leggja menn ekki nema í von um hagnað.

Jeg skil ekki, að það er eins og menn amist við því, ef einhver eignast skilding, en þó eru menn altaf að kvarta yfir, hvað við sjeum fáir og smáir. — Eins og nú er komið, er alt útlit fyrir, að útvegur landsins geti komist í sæmilegt horf á nokkrum árum, þótt enn sje töluverður frumbýlingsháttur á öllu. En með þessu frv. er spornað af alefli við því, að sjávarútvegurinn verði innlendur. Útlendingunum verður ekki klekt á, því þeir hafa auðmagnið að baki sjer.

Jeg vil leyfa mjer að segja, að skattálögurnar sjeu yfrið nógar orðnar. Og þegar hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) fer fram á, að lagður verði á slíkur skattur sem þessi, þvert ofan í allar sæmilegar skattareglur, verður hann að sýna með skýrum tölum, að landssjóður þurfi nauðsynlega á þessum tekjum að halda. Hann verður að koma með ljóst yfirlit yfir tekjur og gjöld landssjóðs. Vona jeg, að háttv. deildarmenn sjeu mjer sammála að krefjast þessa.

Loks vil jeg benda á, að eitthvað verður að skilja eftir handa þeim örfáu hjeruðum, sem hjer er lagst á; eitthvað verða þau að hafa til sinna eigin þarfa.

Í Reykjavík eru aukaútsvörin orðin ein miljón króna, og á Ísafirði hafa þau þrefaldast síðan stríðið byrjaði, og er kaupstaðurinn samt stórskuldugur. Auk þess hefir verið lagður á okkur sæmilegur tekjuskattur, en yfir honum kvarta jeg ekki, því sá skattur er rjettlátur.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg er búinn að tala alloft um þetta mál, enda skal jeg ekki vera langorður í þetta sinn.

Háttv. meiri hluti nefndarinnar hefir lagt til, að síldarskatturinn yrði í ár 2 kr., en framvegis 3 kr. Er þetta hækkun frá því, er stjórnin ætlaðist til, en lækkun frá því, sem samþ. var í hv. Nd. Þar eð svo lítur út, sem till. háttv. meiri hluta muni verða vegur til samkomulags, mun stjórnin styðja þær.

Háttv. minni hluti vill vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá, en jeg hefi ekki orðið var við eina einustu gilda ástæðu fyrir þessari tillögu.

Hv. minni hluti segir, að útflutningsgjald á framleiðslu nauðsynja sje viðrini, er fari í bág við grundvallarreglur sæmilegrar skattalöggjafar. Má vera, að yfirleitt megi finna betri leiðir en útflutningsgjaldsleiðina, en í íslenskri skattalöggjöf hefir sú leið verið farin hvað eftir annað, og eins og margoft hefir verið tekið fram um þetta útflutningsgjald, þá eru sjerstakar ástæður, sem mæla með því fram yfir alt annað útflutningsgjald, er skapa því fullkomna sjerstöðu.

Þá talar minni hlutinn um það, að þetta frv. brjóti bág við stefnu Ed. á aukaþinginu 1916—1917, að leggja ekki slíkt gjald á síldarútgerð hjerlendra manna. Þar er því til að svara, að þótt hv. deild hafi samþykt eitthvað fyrir nokkrum árum, þá er hún alls ekki bundin við það nú. En þá stefnu, að leggja sama gjald á erlenda útgerðarmenn sem hjerlenda, en endurgreiða hjerlendum mönnum aftur gjaldið, get jeg ekki lengur felt mig við. Jeg hygg, að ekki sje rjett að gera þennan greinarmun á innlendum og erlendum mönnum, eins og nú stendur á.

Háttv. minni hluti hefir reiknað út, hve mikið útflutningshæf síldartunna muni kosta framleiðanda, og kemst hann að þeirri niðurstöðu, að tunnan muni standa honum í 60—70 kr. Það er mjög erfitt að

reikna út kostnaðinn á hverri tunnu, og má gera það á mismunandi hátt. Jeg hefi einnig aflað mjer útreikninga um þetta efni. Sumum hefir kostnaðurinn reiknast 62 kr., öðrum 65 kr. o. s. frv. En ýmsir liðir á þessum útreikningum virðast alt of háir. Jeg er t. d. ekki í neinum vafa um það, að ofhátt er að reikna síldartunnuna á 26 kr., eins og gert er á einum útreikningnum. Þó tunnurnar sjeu dýrar, og einstaka menn hafi ef til vill keypt tunnur sínar svo háu verði, þá mun þó sanni nær, að meðalverð sje sett á 2 kr. Ef margir liðir eru jafnhátt reiknaðir, er lítið byggjandi á þessum útreikningum.

Jeg veit ekki, á hvaða tunnuverði minni hlutinn byggir, og ekki heldur hve mikið salt hann ætlar í hverja tunnu, hvort það er ¼ tn. eða ⅓ tn. eða jafnvel ½ tn. Fyrir ófriðinn gerðu menn ráð fyrir, að ¼ tn. af salti þyrfti í hverja síldartunnu, en nú reikna menn venjulega ⅓. Jeg veit heldur ekki hvaða saltverð hann leggur til grundvallar, en ekki mætti það vera hærra en verð landsverslunarinnar, að viðbættum flutningskostnaði.

En þrátt fyrir það, að kostnaðurinn við síldarútgerð er mikill, leggja menn mjög mikla áherslu á að reka þessa veiði. Verkafólki er borgað afskaplega hátt kaup, til þess að nægur mannafli fáist. Þetta sýnir, að hjer er um arðsaman atvinnuveg að ræða. Það er ekki til neins að bera á móti því. Það nær ekki neinni átt, að menn vildu leggja jafnmikið fje í hættu, ef eigi væru líkur fyrir stórgróða í aðra hönd. Jeg bað einn útgerðarmann að gera áætlun yfir kostnað við síldarútgerð og söluverð síldarinnar. Niðurstaðan varð sú, að mörg þúsund króna tap varð á útgerðinni. Jeg á bágt með að trúa því, að menn leggi út í slík fyrirtæki með fyrirsjáanlegu stórtapi, og er því lítið að marka slíka útreikninga. Enda er það alkunnugt, að stórefni hafa skapast við þennan atvinnuveg.

Það er rangt hjá hv. þm. Ísaf. (M. T.), að menn amist við því, að fje safnist í landinu. Síður en svo. En þegar ríkissjóður þarf mikla tekjuauka, er sjálfsagt að líta í þau hornin, þar sem peningahrúgurnar eru hæstar. Þaðan verður að taka fjeð.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) legst mjög á móti því, að þetta útflutningsgjald verði gert að fastaskatti. En mjer hefir skilist það af brtt. hv. þm. Ak. (M. K.), að hann fallist á 2 kr. gjald á tunnu af veiði þessa árs, og er það í samræmi við ummæli hans við 1. umr. En líti menn til næsta árs, hygg jeg, að 3 kr. gjaldið verði ekki of hátt, ef mönnum er leyft að greiða 2 kr. gjald nú, því að mikil líkindi eru til þess, að framleiðslukostnaðurinn minki. Það má t. d. búast við því, að tunnur verði komnar niður í ca. 12 kr. að ári, og verður þá betra að greiða 3 kr. af tunnunni, er hún kostar 12 kr., heldur en 2 kr. þegar tunnan kostar 20 kr.

Einnig að öðru leyti er þessi gjaldstofn vel fallinn til þess að verða fastur stofn. Að eins helmingurinn af þessum skatti kemur niður á landsmenn; hinn helmingurinn kemur niður á erlenda útgerðarmenn, er færa sjer í nyt auðæfi landsins. Nú legg jeg ekki áherslu á að leggja skatta á útlendinga að ástæðulausu. En á þá, sem raka saman fje hjer við strendur landsins, er þetta sannarlega ekki of þungur skattur. Um þetta ættu allir að geta verið sammála.

Árið 1914 veiddu Íslendingar 26% af öllum síldarafla við strendur landsins. 1915 veiddu þeir 32% og 1916 um 50%. Nú geri jeg ráð fyrir því, að Íslendingar muni framvegis veiða jafnmikinn hluta. Ef við áætlum síldaraflann 200,000 tunnur alls, myndu útlendingar greiða 300,000 kr.

árlega, með 3 kr. útflutningsgjaldi. Um rjettmæti þessa helmings af skattinum ætti ekki að þurfa að ræða. Hinn helmingur skattsins kemur niður á þá, sem efnamestir eru í landinu. Þetta er því einn hinn besti tekjustofn, sem unt er að fá.

Þá segir hv. þm. Ísaf. (M. T.), „að með örlitlum undirbúningi af hendi stjórnarinnar var í lófa lagið að ná nægilegum tekjuauka í landssjóð, án þess tiltölulega að íþyngja neinum gjaldanda frá því, sem orðið var".

Þetta er mjer óskiljanlegt. Jeg hygg, að það myndi verða mjög erfitt.

Loks kemur það bert fram, að hv. þm. lítur svo á, að landssjóði sje engin þörf á tekjuaukum. Kvað hann það vera stjórnarinnar að skýra þinginu ljóslega frá þörfum landssjóðs. Þetta er sjálfsagt. En jeg man ekki betur en að stjórnin gerði þetta þegar fjárlögin voru lögð fyrir þingið. Jeg hefi altaf álitið það nauðsynlegt, að þingmenn hefðu sem besta hugmynd um fjárhag landsins, svo að þeir geti gert sjer ljósa grein fyrir þörfum hans, og því tók jeg þá reglu upp, að gefa þegar í byrjun hvers þings eins nákvæma skýrslu um allan fjárhag landsins og hægt var.

Samkvæmt yfirliti því, er jeg gaf í hv. Nd., þegar fjárlögin voru lögð fyrir hana, nam tekjuhallinn árið 1918 2½ miljón króna. Þetta sýnir, að engin vanþörf er á því að auka tekjur landssjóðs. Jeg gat þess og þá, að jeg myndi gera gleggri grein fyrir því síðar, hvernig útlitið væri fyrir yfirstandandi ár. Þá lagði jeg og áherslu á, að tekjuaukafrv. stjórnarinnar gengju greiðlega gegnum þingið, og að svo yrði gengið frá fjárlögunum fyrir 1920—1921, að á þeim yrði ekki tekjuhalli. Með þessu eina móti sagði jeg, að fjárhag landsins myndi sæmilega borgið.

Jeg tók það og fram, að þeir tekjuaukar, sem stjórnin legði fyrir þingið, væru tæplega nægir til að vega á móti hallanum á yfirstandandi fjárhagstímabili og samkvæmt fjáraukalögunum og launafrv. stjórnarinnar. Verði það samþ. kt, má búast við 800,000 kr. útgjaldaauka árlega. Hann er ekki færður í fjárlagafrv. En að sjálfsögðu verður að reikna með honum, því að ganga verður að því vísu, að þingið skilji ekki svo við, að embættismenn ríkisins fái ekki einhverjar launabætur. Auk þess hafa komið í ljós ýmsir aðrir útgjaldaaukar samkvæmt sjerstökum lögum.

Það má því alls ekki rýra tekjuauka stjórnarinnar, sem eru á ferðinni í þinginu, heldur miklu fremur bæta við þá. Þetta hefir hv. Nd. skilið og greitt vel fyrir frv. stjórnarinnar. En ef farið er eftir till. hv. þm. Ísaf. (M. T.), fara tekjuaukar stjórnarinnar að rýrna.

Jeg álít það samviskusök, ef hv deild samþykkir ekki frv. Enn þá hefir ekki, hvorki af hv. þm. Ísaf. (M. T.) nje öðrum, verið bent á aðrar tekjuaukaleiðir en þessar. Og verði það ekki gert, er óverjandi að stytta frv. aldur.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þgskj. 304. Hún er ekki fyrirferðarmikil, en hún hefir samt sína þýðingu. Hún er borin fram í því skyni, að reyna að koma í veg fyrir þá stefnu, sem rekið hefir upp höfuðið í fjárhagsnefnd Nd.

Það má vel vera, að dýpri rætur liggi til þess, að nefndin kom fram með þetta örökstudda frv. um að leggja 4 kr. útflutningsgjald á hverja síldartunnu á komandi árum. En það er athugavert, að frv. gengur í þá átt, að íþyngja einum aðalatvinnuvegi landsmanna svo stórkostlega, að afleiðingin verður annaðhvort sú, að allir innlendir menn hætta að stunda þennan atvinnuveg, eða hann kemst á hendur fárra auðmanna.

Það er óhætt að segja, að síldartollsfrv.

beri vott um talsverðan skort á reynslu og þekkingu á þeim málum, sem hjer er um að ræða.

Það lítur út fyrir, að fjárhagsnefnd Nd. hafi litla hugmynd um, hvernig um þennan atvinnuveg hagar á ýmsum tímum. Mönnum verður starsýnt á ástandið, sem nú er. Af því að síld er í geypiverði á þessum ófriðartímum, ætla þeir, að þarna sje gjaldstofn, sem leggja megi á takmarkalaust. Þetta er ekki rjett. Kostnaðurinn við útgerðina er svo gífurlegur, að hreinn ágóði getur orðið svo lítill, að ekki sje á hann leggjandi.

Það hefir verið upplýst hjer í hv. deild, að síldartunnan muni standa útgerðarmönnum í 60—70 kr. Nú er það ólíklegt, að hærra verð fáist fyrir síldartunnuna en 75 kr. Jeg vil þá spyrja, hvort 20% útflutningsgjald af hagnaðinum á hverri tunnu sje ekki fullhátt. Það er þó þetta, sem jeg legg til í brtt. á þgskj. 303. Og þó eru fleiri kvaðir ótaldar. Fyrst er stimpilgjaldið, 65—75 aurar á tn., og þá salttollurinn, sem mun nema 30—35 aurum á tn. Eftir brtt. minni yrði alls lagt 20—25% á væntanlegan hagnað af útgerðinni í ár. Þessu get jeg fylgt. En ef menn vilja ganga lengra og leggja jafnhátt gjald eða hærra á útgerðina næstu ár, meðan alt er í óvissu um, hvernig hún gengur, þá skilja leiðir. Jeg hygg, að þessi atvinnuvegur geti ekki orðið hagfeldari en í ár, og er því alveg misráðið að leggja nú á afarháan toll fyrir næsta ár. Myndi það ekki vera fult svo hyggileg stefna að slá þessu gjaldi ekki föstu fyrir margra ára bil, heldur taka það til athugunar í hvert skifti, hvað þá á við?

Með þessu móti er kann ske hægt að gera sæmilega fjárhagsáætlun á pappírnum. En tekjur þessar eru meira en óvissar. Það er margt, sem vert væri að minnast á í þessu sambandi. Mál þetta á sína sögu, og hana ekki ómerkilega. 1907 var lagt 25 aura útflutningsgjald á hverja tunnu, sem var helmingshækkun, úr 25 aurum upp í 50 aura, en það þótti of langt gengið, sem rjett var, svo að ástæða þótti til að setja í lögin, að nokkrum hluta gjaldsins skyldi varið beinlínis til eflingar sjávarútveginum. Svo var hljótt um þetta mál, þar til á aukaþinginu 1916—17. Þá var það eindregið álit manna, að hækka bæri útflutningsgjald af síld að mun. Var það ekki nema að vonum, því 1915 og '16 voru mestu uppgripaár, sem komið hafa, einkum fyrir stærri útgerðarmenn. Þá voru stofnuð auðæfi þeirra manna, sem nú eru taldir stóreignamenn. En við slíkum uppgripum er ekki hægt að búast í framtíðinni. 1916 var það þó álit allflestra, að ekki kæmi til mála að leggja hærri skatt á síldartunnu en kr. 1.50, að því er snerti innlenda menn. En mönnum kom saman um, að ekkert væri á móti 3 kr. tolli, ef ráð fyndist til að endurgreiða innlendum útgerðarmönnum helming gjaldsins. Þetta var gert til að ná sem mestum gjöldum af útlendingum, sem stunda síldveiðar hjer við land. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) var þá alls óhræddur við að gera greinarmun á innlendum mönnum og útlendum. Nú er aftur sá ótti farinn að gægjast upp hjá honum. (*Fjármálaráðh.*: Jeg er ekkert hræddur). Ekki verður samt annað sjeð. Úr því nú sú veðrabreyting er orðin hjá honum, að ekki beri að leggja hærra gjald á útlenda menn en innlenda, þá verð jeg að telja ótækt að hafa gjaldið hærra en 2 kr. á hinum. Þrátt fyrir mótmæli hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) og meiri hluta fjárhagsnefndar, þá trúi jeg því ekki, að brtt. sú, sem jeg ber fram, falli. Svo sanngjörn er hún. Að vísu væri frekar hætta á því nú, þar sem deildin ekki er fullskipuð. Það er dálítið erfitt að gera sjer skiljanlegt, hvaða ástæða getur legið til að gera sjer þessar miklu vonir um framtíðina. Þetta mál horfir dálítið öðruvísi við

ef alt kemst aftur í sama horf og var 1912—'13. Þá var allur framleiðslukostnaður síldartunnu 15 krónur, og þá þótti vert að stunda útgerðina, ef 1—2 króna hagur var af tunnunni. Við þetta sættu menn sig þá, jafnvel þó þessi litli hagnaður væri töluverðri óvissu undirorpinn. Væri það ekki einkennilegt að leggja 3 króna útflutningsgjald á 1—2 króna hagnað. Þar væri lagt á tap, en ekki hagnað. En svona gæti þetta vel farið, og miklar líkur til, að það verði innan skamms.

Það væri fullkomin ástæða til að athuga nánar ummæli hv. frsm. meiri hlutans (H. St.), en jeg tel rjettara að sleppa því þar til síðar, ef jeg neyðist til að biðja aftur um orðið. Jeg treysti hv. deildarmönnum til að sjá það rjett, að engin hætta getur verið að því, þó brtt. mín verði samþ. Því næstu þingum er altaf í lófa lagið að hækka útflutningsgjaldið, ef verð afurðanna hækkar. Hitt ætti að virðast sjálfsagt, að reyna að koma í veg fyrir, að tjón á atvinnurekstri verði skattlagt.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal verða stuttorður. Ekki man jeg betur en hv. frsm. minni hlutans (M. T.) hafi á nefndarfundum fallist skilyrðis- og „halalaust" á 2 kr. toll. En það virðist svo, sem hann hafi dregið að sjer höndina. Þó honum hafi virst einhver hugnun að því, að koma með viðbótartill. um útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, þá getur hann ekki búist við, að það verði til neins. Það er fyrirsjáanlegt, af því sem á undan er gengið, hvernig slíkar till. færu í Nd.

Hv. frsm. minni hlutans (M. T.) telur í öðru orðinu stórtjón að síldarútgerð, en í hinu stórgróða að henni. Þetta gengur sitt á hvað hjá honum. Jeg hygg, að það þurfi ekki mörgum blöðum um það að fletta, hvort sje rjett hjá honum. Menn voru yfirleitt svo fíknir í þessa atvinnu, að það getur varla verið um stórtjón af henni að ræða venjulega, heldur hið gagnstæða. Engir borga hærra kaup en síldarútgerðarmenn. En ef við borð liggur, að flestir hætti útgerðinni, ef þeir afla í sumar í þær tunnur, sem þeir eiga nú, eins og hann hefir öðru hvoru á orði, hví er hann þá hræddur við þennan skatt framvegis? Jeg er hræddur um, að þessi fullyrðing háttv. þm. hafi við lítið að styðjast. Annars væri varla þessi ákafa mótspyrna.

Hv. þm. Ak. (M. K.) hefir talað í líkum anda, en fremur hallast að því, að altaf væri tap að síldarútgerðinni. Það er altaf gott að vera ánægður með sjálfan sig, eins og hv. þm. Ak. (M. K.) er, en mundi ekki vera ástæða til að halda, að í 5 manna nefnd í Nd. væri jafnmikið vit á þessu máli og í hv. þm. Ak. (M. K.) einum? (*M. K.*: Nefndin er ókunnug þessum efnum). Þrátt fyrir barlóm þessa hv. þm. sýnir reynslan samt, að síldarútvegurinn hepnast oftast, enda hafa tollarnir á honum hækkað ört, eins og þm. sýndi fram á.

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) mintist á dagskrána frá þinginu 1916—17. Jeg hefi hana hjer prentaða fyrir framan mig. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) neri mjer og öðrum því um nasir í þann tíð, að við værum hræddir við Norðmenn. Studdi hann þá mjög á þá strengi, að meiri hætta stafaði af deiglunni í okkur en karlmenskunni. Jeg fæ ekki betur sjeð en að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sje nú orðinn eins deigur og við vorum þá. Það getur auðvitað ekki annað en glatt mig. En hann þarf ekki stórt að láta. (*Fjármálaráðh.*: Man þingmaðurinn eftir tunnutollinum?). Jeg veit ekki betur en að sá tollur komi á innlenda menn líka. Það er hreint ekki svo lítið, sem einstakir, innlendir menn hafa flutt inn í ár af tunnum.

Áminst dagskrá fór fram á, að síldarmálið væri undirbúið. Það þarf ekki mikinn undirbúning til þess að hreyta úr sjer

þessu frv., sem nú er til umræðu. Tilætlunin var, að stjórnin fyndi leiðir til þess að komast hjá því, að þessi atvinnuvegur væri tollaður sjerstaklega um fram aðra. En nú hefir stjórnin hreint og beint ráðist á síldarútgerðina. Þó er mjer til efs, að stjórnin eigi hjer öll óskift mál.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) var að bera sig til að hrekja tölur mínar um kostnað við síldarframleiðslu. Jeg fór í útreikningi mínum eftir leiðbeiningum frá sjerfróðum mönnum, og stend fast við, að hann sje rjettur, og að minsta kosti ekki of hár.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) vildi fá að vita, hvað saltið kostaði. Það mun fara kring um 1/3 tn. salts í tn. síldar. (*Fjármálaráðh.*: En hvað er verðið talið í áætluninni?). Það er ekki fullkomlega rjett að miða við 150 króna verðið hjer í landsversluninni. Spánarsalt var í sumar selt á Ísafirði fyrir 180 krónur. Á landsverslunarsaltið hefir og lagst flutningskostnaður þangað. Sumir útgerðarmenn neyddust jafnvel til að senda vjelbáta sína frá síldveiðunum til að sækja salt. Þá verður saltverðið síst talið lægra en 180 krónur, enda smálest salts á Ísafirði seld á 200 kr.

Hæstv. fjármálaráðherra endurtekur sífelt það, að allir vilji reka þennan atvinnuveg, og virðist telja það sönnun fyrir því, að leggja megi á hann skatta takmarkalaust. En hæstv. fjármálaráðherra ætti að vera um það kunnugt, hvílík reiðinnar ósköp af dýrum tunnum lágu hjer frá síðustu vertíð, og margir munu hafa látið fleiri báta ganga í ár en áður, að eins til að fylla tunnunnar. Það, hve gírugir menn reynast til þessa atvinnuvegar, kemur fyrst fram þegar gömlu, dýru tunnurnar eru þrotnar.

Sami ráðherra lagði áherslu á það, að nú myndi öll aðstaða síldarútvegsins batna, þegar gömlu tunnurnar væru búnar. Það er enn eftir að vita, hvort hún muni batna svo, að menn reynist óðfúsir til að gera út á síld.

Kaupgjald fer stöðugt hækkandi fyrir þennan atvinnuveg, sem aðra. En hins vegar er ekkert líklegra en að síldarverð lækki nú stórkostlega, þegar löndin fara að hafa nógan mat. Fjármálaráðh. (S. E.) kvartaði yfir, að jeg vekti yfir síldinni. Þetta var rjett athugað, og jeg skammast mín ekkert fyrir. Síldarútvegurinn er annar aðalatvinnuvegur Ísafjarðarkaupstaðar, sem alt stendur og fellur með. En nú virðist það vera stefnan að skilja okkur ekkert eftir til eigin þarfa.

Jeg vil annars frábiðja mjer, að það sje snúið út úr því, er jeg segi, og það ætti að mega ætlast til þess, að fjármálaráðherra ríkisins geti að minsta kosti lesið rjett það, sem hann hefir prentað fyrir framan sig. Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sagði, að jeg hefði ekki bent á neinn tekjustofn. Þetta er ekki rjett hermt, án þess jeg fari neitt nánar út það, því það var gert í einkasamtali. Jeg hefi bent á, að það má hækka vitagjaldið; það gjald lendir eigi minna á erlendum mönnum en innlendum, og fargjöld eru há og atvinnuvegurinn arðberandi. Þá má og hækka aukatekjugjöld og erfðafjárgjald, og áður en nýir skattar eru lagðir á þjóðina er rjettara að laga skatta þá, er nú hvíla á henni, og gera þá rjettari en nú er. Enn fremur má hækka vörutollinn meir en gert hefir verið, og allir þessir tekjuaukar eru sæmileg fúlga, er þeir koma saman.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) þóttist gera hreint fyrir dyrum sínum og sýna fram á tekjuþörfina, en af yfirliti því, er hann gaf, fjekk jeg enga skýringu, er mjer nægir. Við vitum, að skattalögin gefa meiri tekjur næsta ár en hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) gerði ráð fyrir í yfirliti sínu við 1. umr. fjárlaganna í Nd., og svo bætast við öll tekjuaukafrv. þau, er hið háa Alþingi samþ. nú,— en þau eru um 8 talsins, að ógleymdri kolaeinokuninni — og telst mjer til, að þetta alt sje

frekar yfir 4 milj. króna en undir því. Jeg vænti þess, að ef hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) vill hrekja þetta, þá leggi hann fram nákvæma áætlun um þetta við næstu umr. þessa frv.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) var að dá hv. Nd. fyrir það, hversu hún skilaði fljótt og samþ. fljótt sjálfsagða tekjuauka. Mjer finst engin ástæða til þess, þegar þess er gætt, hvernig þessir skattar eru vaxnir og hverjir eiga sæti í fjárhagsnefnd Nd. Með frv. þessum er öllum sköttunum dembt á sjávarútveginn, en sjávarútvegurinn á engan fulltrúa í fjárhagsnefnd Nd. Og það er altaf eðlilegt, að menn sjeu greiðari á að skattleggja aðra en sjálfa sig.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) taldi það vera samviskusök að vera á móti þessu frv., en það er það þá fyrst, er hann hefir sýnt fram á, að þörf sje á þessum tolli, en það verður hann óneitanlega að sýna betur fram á en hann hefir gert. Og þegar hann var að tala um síldartollinn, þá mintist hann ekki með einu orði á það, hvaða verð mundi fást fyrir síldina; það leit helst út fyrir, sem hann teldi það hreint aukaatriði; og ekki mintist hann heldur á brtt. mína um að setja útflutningsgjald á landbúnaðarafurðir, en jeg legg áherslu á, að þær till. sjeu samþ., og landbúnaðarmenn geta ekki með óskertum heiðri greitt atkv. móti jafnsjálfsögðum brtt. Það viðurkenna og allir, að till. þessar sjeu af fullri sanngirni gerðar, og því undarlegra, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) skyldi ekki minnast á þær; það er þó tekjuauki fyrir ríkissjóð. Við vitum það og, að hugir manna í hv. Nd. hafa leyst um þetta síðan um daginn, og jeg veit, að fjölmörgum bestu bændum landsins þykir skömm til koma að hlaupast undan skattabyrðum ríkisins. Þeim finst það vera sjálfsagt og rjett, að þeir beri sinn hluta af sköttunum. Og það er svo sem hægt að sjá, hvert stefnir um þetta, þegar þess er gætt, að frv. um að hækka ábúðarskattinn er enn fast í fjárhagsnefnd Nd., og það hefir ekki heyrst, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hafi rekið á eftir því. Ekki er það frv. þó margbrotið, og á honum er þó rjett verðlag.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) taldi það þroskaleysi hjá þinginu, að það vildi kynoka sjer við að leggja skatt á afurðir hjerlendra manna (*Fjármálaráðh.*: Jeg man ekki eftir því). Það getur verið, að hv. þm. Ak. (M. K.) geti þá mint á það. (*Fjármálaráðh.*: Jú, 25 aura skattinn). En ef á að tala um þroskaleysi, er þá ekki rjettara að tala um það þegar menn hugsa um það eitt, að leggja byrðarnar á aðra en sjálfa sig.

Viðvíkjandi því, er hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) tók fram, skal jeg geta þess, að jeg vil ekki karpa hjer um það, er gerðist í nefndinni, en eins og hann vissi, vildi jeg strax í öndverðu, að skatturinn yrði lagður á landbúnaðarafurðir eins og sjávarafurðir.

Eggert Pálsson: Í máli þessu eru tvö aðalatriði, og finst mjer rjett að halda þeim sem fastast, svo þau kafni ekki í einhverjum smá-aukaatriðum.

Fyrra aðalatriðið er, hvort þörf sje á nýjum viðbótarskatti, og hitt er, hvar eigi að leggja þennan viðbótarskatt á.

Um það, hvort þörf sje á þessum viðbótarskatti, hygg jeg, að ekki geti verið skiftar skoðanir. Jeg hygg, að allir hljóti að komast þar að einni og sömu niðurstöðu, að það sje brýn þörf fyrir hann, og jafnvel þótt meiri væri. Það vita allir, að núliggja fyrir dyrum mikil og aukin útgjöld ríkissjóðs. Þetta er svo alkunnur sannleikur og staðreynd, að það þarf ekki að benda á nein einstök dæmi því til sönnunar, og mjer finst líka, að hv. frsm. minni hlutans (M. T.) komist að sömu niðurstöðu um þetta, þótt hann gefi annað í skyn í nefndarálitinu, því hann virðist viðurkenna það með 2. brtt. sinni.

En það vill nú vera svo, að þótt menn viðurkenni, að þörf sje á skattinum, þá eru skiftar skoðanir um það, hvað eigi að skatta. Hv. þm. Ísaf. (M. T.) vill nú, eins

og endranær, að engir skattar verði lagðir á sjávarútveginn, þennan atvinnuveg, sem hann sagði í gær að ætti alt. Og þótt hann sje málsvari þess atvinnuvegar yfir höfuð, þá er þó einkum eins og komið sje við hjartað í honum, ef minst er á síldina í því sambandi; hann vill heldur láta skatta alt annað en hana. Orsök sú, er hv. þm. (M. T.) tilfærir fyrir því, að það sje algerlega ófært að skatta síldina, á nú á eina hliðina að vera sú, að á þingi 1916—'17 var borið fram frv. til laga um síldartoll, og því frv. var vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. En eins og allir vita, var orsökin til þess, að svo var gert, en tollurinn þá ekki hækkaður, sú, að hv. deild líkaði ekki aðferð hv. Nd. í svipuðu máli. Og hvað þessa rökstuddu dagskrá snertir, þá bendir hún eigi í þá átt, að hv. Ed. sje á móti þessum tolli í raun og veru, eða líti svo á, að hann eigi aldrei að eilífu að hækka. Ef hún hefði litið svo á, hefði hún ekki falið stjórninni að undirbúa málið, eins og hún þó gerði með dagskránni.

Önnur ástæða, er hv. þm. Ísaf. (M. T.) færir fram á móti hækkun á síldartolli, er sú, að þessi atvinnugrein borgi sig afarilla. En ef svo væri, þá væri það harla undarlegt, að hún færi altaf vaxandi ár frá ári; en svo hefir það verið hingað til.

Hv. þm. Ak. (M. K.) rakti í sambandi við síldartollinn sögu síldveiðanna hjer á landi, og hann sýndi fram á það, að altaf hafa verið lagðir meiri og meiri skattar á atvinnuveg þennan. En þótt svo hafi verið, sem jeg skal ekkert mótmæla, þá hefir þó reynslan sýnt, að útvegur þessi hefir altaf blómgast meir og meir; og virðist það ótvíræðilega benda á það, að þessi atvinna sje mjög svo arðvænleg. Það bendir og á hið sama, að helstu auðmenn vorir hafa orðið auðmenn fyrir það, að leggja stund á þennan atvinnuveg.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) færði það fram sem ástæðu fyrir, að þessi atvinnuvegur hefði borgað sig illa, að kaupgjaldið væri orðið svo hátt. En af hverju stafar þetta gífurlega háa kaupgjald, sem nú er orðið? Mun það ekki einmitt vera þessi atvinnuvegur, framar öðrum, sem hefir skapað það? En að bjóða svo hátt kaupgjald eins og hann gerir, svo hátt, að segja má, að hann bjóði alla aðra atvinnuvegi frá, kemur vitanlega af því, að hann finnur að hann stendur sig við það.

Það sjá líka allir, að þetta háa kaupgjald, sem þm. minntist á, lendir líka á öðrum atvinnuvegum, á meðan þeir eru við lýði; því þegar síldveiðamenn bjóða svo og svo hátt kaup, eins og þeir gera, verða aðrir að gera það líka, ella fengju þeir ekkert fólk til sinnar iðju. Hjer er því ekki um neina sjerstaka ástæðu að ræða á móti hækkun síldartollsins. Ef hv. þm. (M. T.) vildi vera í samræmi við sjálfan sig um þetta, þá hefði hann ekki átt að bera fram 2. brtt. sína. Annars skal jeg ekkert segja um þá brtt., eða það, hvort leggja eigi útflutningsgjald á landbúnaðarafurðir eða ekki, en í sambandi við það vil jeg benda á, að fyrir þinginu liggur frv. til laga um að hækka ábúðarskattinn úr $^2/_5$ al. í $^4/_5$ al., eða um helming. En þegar alls er gætt, þá er hjer í raun og veru farið fram á að hækka ábúðarskattinn mikið meira en um helming. Því eins og allir vita, er hann reiknaður í álnum, en verðmæti alinar hefir breyst mjög með hækkandi verðlagsskrá, minst þrefaldast síðan hann var ákveðinn, svo í raun rjettri er hann með áminstu frv., rjett á litið, sexfaldaður. Jeg kvarta þó ekki yfir þessu, og jeg hefi ekki heyrt neinn gera það. (*M. K.*: Hver er skattupphæðin?) Það hefir ekkert að segja í þessu sambandi, hver upphæðin er; skattur er jafnt skattur, hversu stóra eða smáa upphæð hann gerir samanlagður.

Það má öllum ljóst vera, að öll reynsla bendir á, að síldveiðarnar borgi sig vel, hvað sem þm. Ísaf. (M. T.) segir. Hví skyldu þær annars aukast? Og ef þær ekki væru arðvænlegri en hv. þm. (M. T.) gefur í skyn, ætli útgerðarmennirnir mundu þá ekki hugsa meira um þorskveiðarnar en þeir gera um sumartíma; þeir hafa þó allan útbúnað til þess, skip, veiðarfæri og menn, engu síður en til síldveiðanna.

Jeg býst við, að hv. þm. sjeu allir búnir að átta sig á frv. og því sje ekki þörf á að ræða einstök aukaatriði, en læt mjer nægja, með þessum fáu orðum, að vekja athygli á aðalatriðum málsins. Og þau benda ótvíræðlega í þá átt, að hækka beri síldartollinn framar öðrum sköttum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttv. þm. Ak. (M. K.) vjek að því, að þessi síldartollur, sem gert er ráð fyrir í frv., gæti orðið til þess, að að eins auðmenn legðu fje í síldarútgerð, en að fátækir menn hættu við það. Jeg verð nú að játa, að jeg skil ekki þessa röksemdafærslu, að ef það borgi sig fyrir auðmanninn, að það borgi sig ekki eins fyrir þann fátæka. (*M. K.*: Jeg trúi því vel). Þetta virðist að eins vera sett hjer fram til þess, að svo líti út, eins og hv. þm. (M. K.) sje að berjast fyrir rjetti fátæklinganna, í stað þess, að hann gengur hjer að eins í erindum auðvaldsins. Sama kom ljóst í ljós, þegar verið var að deila um tekjuskattinn fyrir árið 1916, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) barðist fast á móti. (*M. T.* og *M. K.*: Þetta er rangt.) Það má fletta upp í þingtíðindunum frá þeim tíma, og mun þá strax sjást að jeg hefi rjett fyrir mjer, enda harla einkennilegt, ef jeg myndi það ekki, þar sem jeg barðist þá við hv. þm.

Hv. þm. Ak. (M. K.) var að reyna að slá því föstu, að síldartunnan kostaði um eða yfir 60 kr., en jeg efa, að þetta sje rjett. Vísa jeg til þess, sem jeg sagði áðan um útreikningana um hvað síldartunnan kostaði. Svona reikning má setja upp á ýmsan hátt, en jeg hygg samt þennan reikning fullháan.

Hv. þm. Ak. (M. K.) fjelst á, að leggja megi 2 kr. skatt á tunnu þetta ár. En þar sem hann hefir gengið inn á þetta, býst jeg við, að röksemdaleiðslan verði honum erfiðari, er hann ætlar að sanna, að ekki nái neinni átt að leggja á líkt gjald fyrir næsta ár. Þegar tunnur, kol og salt er í jafnháu verði sem nú, er það auðsætt, að áhættuminna verður að leggja 3 kr. útflutningsgjald á næsta árs framleiðslu, þegar búast má við, að þessar vörur verði mun ódýrari, heldur en 2 kr. á framleiðslu þessa árs.

Hv. þm. Ak. (M. K.) sagði það veðrabreytingu hjá mjer, þar sem jeg vildi nú leggja sama skatt á innlenda sem útlenda menn. Hv. þm. (M. K.) mun reka minni til þess, að þá er stjórnin ræddi við nokkra þingmenn í vetur um tunnutollinn, þá var skjálftinn ekki mestur í fjármálaráðherranum. En jeg álít ekki vert að gera meiri mismun á innlendum og útlendum mönnum í bili. Meðan verið er að gera ýmsa samninga við erlend ríki, fyrir landsins hönd, hygg jeg rjett að fara varlega. Þó að jeg hafi verið á annari skoðun fyrir nokkrum árum, þarf engum að þykja undarlegt, að jeg held nú þessu fram; það eru nýjar kringumstæður fyrir hendi. Enda virðist hv. þm. Ak. (M. K.) og hv. þm. Ísaf. (M. T.) vera mjer sammála í þessu efni; þeir hafa ekki borið fram neinar brtt. um þetta atriði.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) gat um dagskrána, er síldartollsfrv. var afgreitt með á þingi 1916—1917. Mjer finst það í fullu samræmi við dagskrána, að stjórnin ber þetta frv. fram nú. Jeg sá enga ástæðu til að láta langa greinargerð og útreikn-

inga fylgja frv., en stjórnin hefir fært hinar sjálfsögðu ástæður fyrir rjettmæti þess.

Það er broslegt að heyra því haldið fram, að stjórnin ráðist á þennan atvinnuveg, þó að hún vilji leggja hæfilegan skatt á hann.

Þá vildi hv. þm. ekki telja það sönnun fyrir því, að þessi atvinnuvegur væri arðvænlegur, að menn sækjast svo mjög eftir að stunda hann. Kvað hann útgerðarmenn eiga mikinn tunnuforða, er þeir þyrftu að nota. En Norðmönnum finst það svara kostnaði að flytja nýjar tunnur til landsins og greiða 5 kr. skatt af þeim. Þetta sannar best, að hjer er að ræða um arðsaman atvinnuveg.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að jeg hefði vitnað rangt í nál. hans. Setningin hljóðar svo:

> „Að því sleptu, að með örlitlum undirbúningi af hendi stjórnarinnar var í lófa lagið að ná nægilegum tekjuauka í landssjóð, án þess tiltölulega að íþyngja neinum gjaldanda frá því, sem orðið var ....“

Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en eftir því, sem orðin hljóða. Hvað á hv. þm. (M. T.) við með „tiltölulega að íþyngja“? Jeg skoða þetta sem gáleysi hjá hv. þm. (M. T.). Það getur komið fyrir alla, sjerstaklega þá, sem eru jafn-önnum kafnir og hv. þm. Það var því ekki ætlun mín að gera meiri eld út úr þessu. En mjer er sem áður ekki ljóst, hvar hv. þm. vill fá tekjuauka. Jú, hann sagðist hafa skotið því að mjer í einkaviðtali að hækka vitagjaldið. Mjer hafði komið það til hugar áður. En hve miklu myndi sú hækkun nema? Vitagjaldið er nú 30—40 þúsund kr árlega, og er auðsjeð, að ekki er hægt að ná í stórfje, þó að það væri hækkað. Það myndi og draga landssjóð lítið, þó að erfðafjárskatturinn væri hækkaður; hann er nú um 12000 kr. En ef gera má ráð fyrir 200,000 tn. veiði, næmi síldartollurinn 600,000 kr. árlega. Það er fásinna að benda á annað eins smáræði og vitagjaldið eða erfðafjárskattinn í samanburði við þetta.

Mig furðar stórum á því, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) skuli enn vera í vafa um, að landssjóður hafi brýna þörf á fje, þegar jeg hefi nú skýrt frá hag landsins og bent á hallann á liðnum og komandi árum. Hv. þm. (M. T.) er svo glöggur, að honum hlýtur að vera ljóst, að landssjóður þarf að minsta kosti að fá þessa tekjuauka. Það lítur svo út, að hv. þm. sje að reyna að sannfæra menn um, að landið þurfi enga tekjuauka, til þess að bjarga síldinni.

Hallinn á fjárlagafrv. stjórnarinnar er 400,000 kr. og verður án efa aukinn að mun, sbr. væntanleg launalög. Auk þess má búast við miklum útgjaldaaukum samkvæmt öðrum sjerstökum lögum. Nú hefir t. d. verið borið fram frv. um vega- og brúargerðir, sem mun baka landinu 2 milj. króna útgjöld, ef það verður samþykt, og enn er verið að hugsa um að ráðast í húsabyggingar. Þó að gert sje ráð fyrir, að tekið verði lán til að standast þenna kostnað, þá þarf að greiða vexti og afborganir af þeim lánum, og ef einnig á að taka lán til þess að greiða árlega vexti af lánum o. s. frv., hygg jeg, að fáir muni fást til þess að bera ábyrgð á fjárhag landsins.

Því verður ekki neitað, að síldarútvegur er allra atvinnuvega arðvænlegastur. Útlendingar hafa svo mikla tröllatrú á því, að þeir græði á síldveiðinni, að þeir sækja hingað um langan veg til þess að stunda hana. Jeg skil því ekki, hvernig menn geta haldið áfram að þverskallast við því, að lagt verði á jafnsjálfsagðan gjaldstofn. Jeg hygg, að því muni illa tekið af þjóðinni.

Stjórninni hefir verið borið það á brýn,

að hún vilji ráðast á sjávarútveginn. Það er alrangt. Stjórnin vill jafnvægi milli atvinnuvega landsins og hefir sýnt það með því að leggja til, að hækkaðir verði skattar á landbúnaðinum. Í hv. Nd. var borin fram svipuð till. þeirri, sem hv. þm. Ísaf. (M.T.) flytur nú, að leggja útflutningsgjald á nýja stofna, sem eru ýmsar landbúnaðarafurðir. Sú till. var feld í þeirri hv. deild með miklum atkvæðamun. Jeg tók það þá fram, að jeg myndi ekki setja mig á móti þeirri till., þó að jeg væri sannfærður um það, að bændur vildu heldur, að gömlu stofnarnir væru hækkaðir, heldur en lagt væri á nýja. Jeg býst og við því, verði till. hv. þm. Ísaf. (M. T.) samþykt hjer í hv. deild, að hv. Nd. muni fella hana, eftir því sem fram kom, er mál þetta var þar til umræðu. Jeg álít þess vegna til lítils að samþykkja þessa till. og er af þeirri ástæðu í vafa um, hvort jeg muni geta greitt henni atkv.

Forseti: Með því að umræður um þetta mál hafa staðið nærfelt 3 tíma, en málið mun ekki enn útrætt, sje jeg ekki annað fært en að taka málið út af dagskrá og fresta umr. til næsta fundar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg tel það illa farið, ef tafið verður óþarflega fyrir þessu frv., því að nú mun þegar vera farið að flytja út síld. Jeg vil því fastlega mælast til þess, að málið verði afgreitt til 3. umr. í dag.

Forseti: Með því að nefndir hjer í hv. deild munu eiga svo annríkt, að ekki tjáir að skerða fundartíma þeirra, og þar að auki vantar einn hv. þm., verð jeg að halda fast við það, að málið sje tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 11. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 141, n. 274, 304).

Magnús Kristjánsson: Jeg hafði skrifað hjá mjer nokkrar setningar úr ræðum ýmissa hv. þm. við þessa umr. málsins, en jeg sje ekki ástæðu til að svara þeim nákvæmlega. Þær ástæður virðast ekki veigamiklar, sem komið hafa fram til stuðnings því, að gjald þetta væri sanngjarnt eða á viti bygt. Jeg leiði hjá mjer að fara út í þessi smávægilegu atriði, sem mönnum verður svo tíðrætt um, svo að umræðurnar líkjast svo mjög venjulegu baðstofuhjali. Það er nauðsynlegt í þessu máli sem öðrum að halda sjer við aðalatriðin, en þyrla ekki eingöngu upp ryki.

Aðalatriðið er það, hvort það getur talist sanngjarnt að leggja sjerstaka atvinnugrein í einelti með sköttum, sem hún fær ekki risið undir. Afleiðingin verður sennilega sú, að innlendir menn munu ekki sjá sjer fært að stunda þennan atvinnuveg að verulegu ráði.

Þó að stórefnamenn geri enn þá tilraun til að halda útgerðinni áfram, er það víst, að allur þorri smærri útgerðarmanna, sem ekki urðu fyrir neinu happi áður, en hafa lagt mikið í kostnað 2 undanfarin ár, sem hvort hefir verið öðru óhagstæðara, munu nú vera á heljarþröminni. Um það geta bankarnir borið. Og hjer er verið að gera tilraun til þess að koma þeim alveg á knje. Er þetta rjett stefna? Jeg álít hana fyrir mitt leyti, mjög hættulega.

Útlendinga, sem stunda þennan atvinnuveg, mun jeg síst mæla undan sanngjörnum sköttum. En hræddur er jeg um, að svona hátt útflutningsgjald muni verða til þess, að þeir finni upp aðferðir til þess að hagnýta sjer veiðina úti á hafi, svo að landið tapi öllum þeim tekjum, sem það hefir haft af veiði þeirra. Og væri þá ver farið en heima setið.

Menn ættu að gæta vel að því, hvað hjer ber á milli. Stjórnin og fjárhagsnefnd Nd. gerðu ráð fyrir því, að útflutningsgjaldið yrði 1 króna á tunnu þetta ár. Aftur ætlaðist stjórnin til þess, að það hækkaði upp í 3 krónur næstu ár, en fjárhagsnefnd Nd. vildi hækka það upp í 4 krónur, og fjelst stjórnin á þá hækkun. Munurinn er nú sá, að ef gert er ráð fyrir meðalafla, fengi landssjóður 600,000 krónur þetta ár eftir minni till. og jafnmikið næsta ár, samtals 1,200,000 krónur. En eftir till. fjárhagsnefndar Ed., sem í samráði við stjórnina hefir fallist á mína till., að leggja 2 kr. gjald á fyrir þetta ár, en vill hækka það upp í 3 krónur næsta ár, fengi landssjóður bæði árin samtals 1.500,00 kr. Munurinn er því 300.000 kr. En verði þessi hái skattur til þess að draga úr veiðinni, gæti svo farið, að landið tapaði á hækkuninni.

Jeg skal þá víkja að þeirri skoðun, sem óbeinlínis hefir komið fram í háttv. deild, að ekki sje hættulegt að láta síldarútvegginn sæta þungum búsifjum, því hann væri í raun rjettri skaðræðisgripur. Jeg vona, að þetta sje ekki skoðun margra, en hins vegar virtist mega draga þessa ályktun af orðum háttv. 1. þm. Rang. (E. P.). Hann kvað síldarútveginn hættulegan vegna þess, að hann byði svo hátt kaup, að aðrir atvinnuvegir gætu ekki staðist samkepni við hann. Þetta virðist mjer tæplega frambærileg ástæða. Hvernig væri hagur fjöldans, ef síldarútgerðin hefði ekki verið? Hún hefir bjargað almenningi í dýrtíðinni. Hefði hún ekki verið fær um að bjóða hækkandi kaup, hvernig hefði þá litið út fyrir mönnum? Jeg geri ekki ráð fyrir, að landbúnaðurinn hefði sjeð sjer fært að veita vinnulýðnum nándar nærri jafngóð kjör. Þetta er stórmikilvægt atriði. Hefði kaupgjaldið hjer á landi ekki stigið fullkomlega í hlutfalli við verðhækkunina á öllum nauðsynjum, þá hefði orðið hin mesta neyð meðal fjöldans, eða ríkið hefði orðið að hleypa sjer í stórskuldir til þess að lækka vöruverðið. Hjá þessu varð komist af því, að til var atvinnuvegur, er gat greitt nægilega hátt kaup. Afleiðingin af þessu er aftur sú, að fjárhagur landsins er vonum betri og má kallast sæmilegur.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um málið, en vona, að þetta sje nægilegt til þess að sýna, að athugavert er að sýna þessum atvinnuveg banatilræði.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil geta þess, að háttv. þm. Ísaf. (M. T.) hristi höfuðið og bar á móti því, er jeg sagði, að hann hefði verið mótfallinn því, að tekjuskattur væri lagður á fyrir árið 1916. Jeg hefi síðan gáð að þessu í þingtíðindunum og sje, að jeg hefi farið með rjett mál.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að verið væri að leggja þennan atvinnuveg í einelti og reyna að koma honum á knje. Enn fremur kvað hann útlendinga mundu finna upp einhver ráð til þess að hagnýta sjer síldveiðina úti á hafi, án þess að flytja aflann á land. Þessu er kastað fram alveg að ástæðulausu. Og sjerstaklega er þetta ástæðulaust frá hans sjónarmiði. Hann vill þó leggja 2 króna gjald á tunnuna, og ef gert er ráð fyrir uppgripaafla, munar á till. hans og meiri hl. fjárhagsnefndar um 300.000 kr. Af því myndi um 150,000 kr. koma niður á útlendinga og jafnmikið á innlenda útgerðarmenn. Þessi upphæð á að rjettlæta þá staðhæfingu, að verið sje að leggja þennan atvinnuveg í einelti.

Háttv. þm. (M. K.) gat þess, að þessi atvinnuvegur borgaði svo hátt kaup, að með því hefði hann forðað landinu frá því, að taka miljónalán. Jeg veit vel, að hann hefir hækkað kaupgjald mikið. Það sýnir með öðru, hvað hann er arðsamur. Þannig ber alt að sama markinu, bæði hjá þeim, sem mæla móti þessu gjaldi, og hinum, er mæla með því, að þessi atvinnuvegur er langhæfastur til þess að bera skatta.

Enga trú hefi jeg á því, að útlendingar muni finna ráð til þess að komast hjá þessu gjaldi, með því að gera að síldinni fyrir utan landhelgi. Enda er það vitanlegt, að þeir hafa reynt það nú í sumar vegna tunnutollsins, en þeim hefir ekki tekist það.

Það sýnir eitt með öðru rjettmæti skattsins, að jafnvel hv. þm. Ak. (M. K.), jafnmikill síldarmaður, aðhyllist 2 kr. útflutningsgjald. (*M. K.*: Jeg er enginn útgerðarmaður). Það veit jeg vel, en jafnvel þótt háttv. þm. væri síldarútgerðarmaður, hefði mjer ekki komið til hugar að gera honum þær getsakir, að hann væri að berjast fyrir sínum hag, eftir þeim kynnum, sem jeg hefi haft af háttv. þm. (M. K.). En jeg veit, að hann hefir frá byrjun haldið hlífiskildi yfir þessum atvinnuvegi og amast við sköttum á hann.

Ástæðan fyrir því, að stjórnin vildi leggja 1 kr. gjald á síldarútflutninginn í ár, en 3 kr. framvegis, er sú, að tunnutollurinn var fyrir. En þar sem þeir, er annast er um þennan atvinnuveg, telja 2 kr. gjald tiltækilegt í ár, sjer stjórnin enga ástæðu til að amast við því.

Röksemdir mínar og annara fyrir rjettmæti þessa skatts, að helmingur hans fæst frá útlendingum, en hinn helmingurinn frá þeim, er mestu fje velta í landinu, standa enn óhraktar. En um nauðsyn ríkissjóðs á þessum tekjuauka get jeg vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt um það atriði.

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Jeg verð að segja nokkur orð áður en jeg dey, jafnvel þótt jeg viti, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir fleiri líf en kötturinn.

Jeg skal þá fyrst víkja nokkrum orðum að háttv. 1. þm. Rang. (E. P.). Hann var að taka upp eftir mjer ummæli, er jeg viðhafði í öðru máli. Getur verið, að mjer hafi orðið mismæli, eins og mörgum öðrum, en jeg tók það skýrt fram strax á eftir, við hvað jeg átti. Vænti jeg þess, að háttv. þm. (E. P.) sje samkvæmt stöðu sinni svo kristilega sinnaður, að hann viðurkenni, að einnig jeg eigi leiðrjettng orða minna.

Háttv. þm. (E. P.) ætlaðist víst til þess, að jeg skýrði fyrirfram muninn á áhrifum þorskkindarinnar og síldarinnar á mannsandann. Jeg er í engum færum um það, enda býst jeg við, að hæstv. forseti myndi telja það utan við umræðuefnið.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sagði það rjett hjá sjer, að jeg hafi verið á móti tekjuskatti á þinginu 1916. (*Fjármálaráðh.*: Það sagði jeg aldrei, heldur að hv. þm. hefði á þingi 1919 verið á móti því, að leggja á tekjuskatt fyrir 1916). Jeg veit, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) muni hafa orðið mismæli. Jeg skildi vel hvað hann átti við, en var að eins að borga fyrir mig, sýna, að fleirum getur orðið mismæli en mjer. Jeg var á móti því 1917, að tekjuskatturinn verkaði aftur fyrir sig, enda er það viðurkend regla um allan heim, að svo megi ekki vera. En þá reyndi jeg og að gera skattinn notabetri, þó að till. mínum yrði ekki framgengt, fyrir mótstöðu hæstv. fjármálaráðherra (S. E.).

Jeg verð að fara nokkrum almennum orðum um málið vegna þess, að það hefir komið í ljós, að menn þekkja ekki, hvernig liggur í málinu. Það er auðsjeð, að stjórnin hefir ekki athugað við undirbúning málsins, hvernig skatturinn kæmi niður á menn, og hún hefir enga hugmynd um það enn þá.

Menn eru að klifa á því, að sjálfsagt sje að taka skatt af þessari afurð af því, að útlendingar veiða hana. En þeir þykjast ekki vita, að þessi atvinnuvegur verður meira innlendur með hverju ári. Á Ísafirði t. d. eru engir útlendir útgerðarmenn, heldur eru það eingöngu innlendir menn, er stunda þennan atvinnuveg. Þess vegna

vænti jeg, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) skiljist, að ekki megi leggja svo mikinn þunga á þennan atvinnuveg, að hann fái ekki af borið. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg hafi hag af síldveiðum. Jeg er enginn útgerðarmaður. En jeg er tollheimtumaður og myndi hafa hag af því, ef tollurinn væri hækkaður, og má því segja, að jeg sje að berjast gegn hagsmunum mínum.

Á Ísafirði er þessi atvinnuvegur þriggja ára gamall. 1916 var ágætisár, en 1917 og 1918 voru neyðarár, og mun síldarútvegurinn hvergi ver staddur en á Ísafirði.

Það hefir löngum kveðið við hjer í hv. deild, að það eigi að leggja á þennan atvinnuveg af því, að menn sækist svo mjög eftir honum. En þetta er ekki nema yfirborðsástæða. Athugandi er hvernig stendur á því, að menn sækjast eftir þessum atvinnuvegi. Það má ekki eingöngu byggja á ástandinu nú, heldur verður einnig að taka tillit til fyrri ára.

Það er vitanlegt, að síldin er og hefir verið gullnáma, og eins og mönnum er kunnugt, er gullsóttin í mönnunum óstöðvandi. En samt er nú svo komið, að enginn atvinnuvegur er háskalegri en einmitt gullnámurekstur. Gullnámur eru nú nálega eingöngu reknar af stóreignafjelögunum, sem hafa yfir hundruðum miljóna að ráða. Fyrir fátæklinga er gullnám einhver rýrasti og misjafnasti atvinnuvegur. — Það er heldur ekki eingöngu af því, að síldveiðin sje svo framúrskarandi arðvænleg, að hún er stunduð. Á sumrin eru botnvörpuveiðar yfirleitt mjög magur atvinnuvegur, og hafa því margir botnvörpuútgerðarmenn tekið það ráð, að nota fólk sitt og skip til síldveiða þennan tíma, heldur en láta það standa aðgerðalaust. Botnvörpungaeigendur hafa sagt mjer, að í meðalári sje engan hagnað af síldveiðinni að hafa. Það eru því nú aðallega mótorbátar, sem stunda þessa veiði. Á Ísafirði stunda allir mótorbátarnir síldveiði á sumrin, því lóðaveiðin hefir eigi þótt borga sig þennan tíma.

Eitt af því, sem athuga þarf, þegar á að fara að skattleggja þessa veiði, er verðið á síldinni. Jeg hefi spurt hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) um það, en ekkert svar fengið. Jeg hefi sömuleiðis gert fyrirspurn til fjármálaskrifstofunnar, en hún gat heldur engar upplýsingar gefið. Verðið er því enn ósýnt.

Viðvíkjandi hinum hækkaða framtíðarskatti benti hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) á, að tunnurnar ættu að lækka í verði, en hæstv. fjármálaráðherra sjer hjer ekki köttinn í tunnunni, sem sje að á stríðsárunum hafa verið uppgangstímar, en nú þvert á móti, og þó að tunnurnar lækki eitthvað í verði, er engin ástæða til að ætla, að kaupgjaldið lækki, eða að síldin haldist í góðu verði. Jeg álít afarvarhugavert að gera skattinn að framtíðarskatti. Þarf jeg eigi annað en benda á árið 1916—17, er engar tekjur voru til að taka skatt af.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagðist vel, er hann lagði til, að skatturinn yrði hækkaður í ár, en lagði á móti framtíðarskatti. En þótt háttv. þm. Ak. (M. K.) og jeg ef til vill greiðum atkvæði með 2 kr. skatti, er það eigi af því, að við sjeum því samþykkir, heldur gerum við það nauðugir og eingöngu til að afstýra verra böli.

Jeg get ekki betur sjeð en að þessi skattur sje á móti öllum skattareglum hæstv. fjármálaráðherra. Hann hefir áður lýst yfir því, að hann væri á móti öllum óbeinum sköttum (*Fjármálaráðh.*: Hefi aldrei sagt það), en þó sjerstaklega útflutningsgjaldi. En þetta, sem hjer er farið fram á, er versta tegund af óbeinum sköttum.

Eina ástæðan, sem komið hefir fram þessum skatti til stuðnings, er að landssjóður geti ekki án hans verið Þykist

hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hafa sýnt fram á, að svo sje, en mjer virtist ræða hans fremur löguð til þess að villa mönnum sýn en skýra þetta atriði. Jeg skoðaði hana sem einskonar veiðibrellu til að fá hv. þingmenn til að veita landssjóðnum altaf meiri og meiri tekjur. Jeg segi þetta alls eigi til lasts hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), því jeg tel það fremur kost, að hann vill ná peningum í landssjóðinn En jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að nokkur þörf sje á þessum tekjuauka. Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) vildi kenna það íhugunarleysi minu, en það er nefndarskylda mín að íhuga fjárhag landsins, og þykist jeg hafa gert það töluvert nákvæmlega.

Eftir áætlun minni eru allar líkur til, að með þeim tekjuauka, sem nú gengur í gildi, verði að minsta kosti unnið upp allur tekjuhallinn á árinu 1919, ef eigi verður tekjuafgangur. Það hefir mikið verið gert úr tapi því, sem landssjóður hafi orðið fyrir á saltkaupum landsverslunarinnar og kolakaupum; en mjer finst vera búið að troða rækilega upp í þau göt.

Líti maður á fjárlögin næstu, þykist jeg alls ekki reikna of hátt, þó jeg áætli, að tekjur landssjóðs verði á næsta fjárhagstímabili 2 miljónum kr. hærri en áætlað er þar; án þess þó að taka tillit til tekjuauka þess, sem nú er farið fram á. En hann mun nema nær 2 miljónum króna, svo eftir því hækkuðu tekjur landssjóðs um 50%. Býst jeg ekki við, að fjárhagsfrv. landsstjórnarinnar sje svo fráleitt, að alls þessa þurfi.

Hæstv. fjármálaráðherra vildi gera lítið úr skattatillögum mínum. Fanst honum lítið til um vitagjaldið; en tekjur af því mundu þó nema einum 100 þús. krónum, og virðist það gjald koma öllu betur niður en síldarskatturinn. Auk þess mætti leggja á verðskatt, og væri það miklu rjettara, er búast má við, að allur varningur falli í verði

Svo er eitt atriði í þessu máli, sem eigi hefir verið tekið til athugunar. Óskar hv. þing þess, að þessi hæstv. stjórn syndi í peningum? Mjer er að vísu eigi vel kunnugt um þetta atriði, en jeg efast þó um að svo sje.

Hjer er verið að leggjast á innlendan atvinnuveg, sem er að skapast. Býst jeg við, að það stafi af því, að mönnum finnist hann skaðlegur. En fátt er svo með öllu illt, að ekki boði nokkuð gott. Háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir bent á, að síldin hefir stuðlað til að hækka kaup verkamanna, svo þeir gætu komist af í dýrtíðinni. Auk þess er kjöt nú orðið svo dýrt, að fáir hafa efni á að hafa það á borðum; að minsta kosti er embættismönnunum það ofvaxið; en síld er ágætismatur, og þó þjóðin sje eigi alment komin upp á að borða hana, kæmi mjer eigi á óvart, þó hún að fáum árum liðnum yrði borðuð á hverju einasta heimili. Auk þess er síld einhver hinn besti fóðurbætir og afurðir hennar landbúnaðinum beinlínis nauðsynlegar sem áburður, meðan eigi er farið að vinna fossana Þróist þessi atvinnuvegur, eru líkur til, að hann geti orðið landbúnaðinum hin mesta hjálparhella.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sagðist hafa komið fram með áburðarskattinn til að koma á jafnvægi milli landbúnaðarins og sjávarútvegs. — Jeg varð satt að segja hissa þegar jeg heyrði þetta. Áburðarskatturinn er um 40 þús. kr., en síldarskatturinn á 2. miljón. Á þetta að kallast jafnvægi? Þar að auki býst jeg ekki við, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sje maður fyrir að koma því frv. í gegnum þingið.

Hvað snertir, að landssjóður þurfi miklar tekjur, vil jeg að eins benda á, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hefir beinlínis varað bændurna við að láta leggja skatt á landafurðir. Ef hann hefði stutt málið að sama skapi og hann vann á móti því, er eigi ósennilegt, að það mál hefði gengið í gegn.

Það hefir löngum brunnið við, að bændur hafa eigi viljað vera undir sömu lögum og útgerðarmenn. En þó hafa trúnaðarmenn bændastjettarinnar sagt mjer, að þeim hafi verið mjög mislagðar hendur, er þeir drápu frv. um útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

Það hefir löngum kveðið við, að bændurnir væru svo fátækir. En jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að almenn velmegun sje langtum meiri í sveitum en við sjó. Þetta má sjá á sveitarreikningunum. Jarðarverðin hafa hækkað geysilega, og bændur leggja nú svo 100 þúsundum króna skiftir í togara. Í sveitunum eru veðsetningar hverfandi, en svo má heita, að hver kofi við sjó sje veðsettur.

Að endingu skal jeg minnast á það, sem hæstv. fjármálaráðh. sagði, að síldarskatturinn kæmi að miklu leyti niður á útlendingum. — Jeg er hræddur um, að svo geti farið, að þessi skattalöggjöf verði einmitt til þess, að við náum engum peningum af útlendingum. Það er þegar farið að brydda á því, að þeir fiska síld í landhelgi, þar sem vitanlega er engin strandgæsla hjer við land, sem því nafni má nefna, og fara svo beina leið heim til sín með veiðina. Mætti ætla, að þessi skattur mundi heldur stuðla að því, að sú aðferð yrði höfð.

Jeg held, að eigi sje vert að styðja á stjettaríg í landinu, heldur beri öllum framleiðendum að taka saman höndum, og það því fremur, sem landbúnaðurinn hefir stórfeld framfarafyrirtæki með höndum, sem þarf stórfje til að koma í framkvæmd. Jeg hygg því, að þeir fari mjög óhyggilega að ráði sínu, er vilja leggja allar byrðar á sjávarútveginn, en draga sjálfa sig undan öllum sköttum. Held jeg, að það muni koma þeim í koll áður lýkur.

Eggert Pálsson: Ýmsir af þeim, sem hafa tekið til máls, hafa lofað að verða ekki langorðir. Jeg ætla ekki að gefa neitt loforð um það, en á hinn bóginn vona jeg, að jeg verði ekki langorðari en þeir hafa, þrátt fyrir loforð sín, orðið.

Meðmælendur síldarinnar, hv. þm. Ísaf. (M. T.) og hv. þm. Ak. (M. K.), eru nú báðir dauðir. En jeg vona, að þeir telji sjer ekki vansæmd í því, þó jeg verði til þess að kasta þá moldum.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) talaði um, að nauðsynlegt væri að snúa sjer að aðalatriðunum. Er jeg honum sammála um það. Hins vegar vildi hann draga út úr ræðu minni, að jeg legði kapp á, að þessi atvinnuvegur yrði skattlagður, af því, að jeg vildi hann feigan. Þetta er hinn mesti misskilningur. Jeg vildi leggja skatt á þennan atvinnuveg, af því að jeg held hann færastan allra atvinnuvega um að bera aukinn skatt. Og jeg get ekki betur sjeð en að háttv. mótstöðumenn skattsins sjeu mjer sammála um það í raun og veru. Þeir hafa tekið fram, að hjer sje um gullnámu að ræða.

Og hvar á frekar að taka nauðsynlega skatta en úr þessari miklu gullnámu?

Að þessi atvinnuvegur er fær um að bera gjöldin sýnir ekkert frekar en það, að hann þolir að spenna upp kaupgjaldið. Sömuleiðis má rökstyðja gjaldþol þessa atvinnuvegar með því, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) drap á, að landbændur eru farnir að leggja fje í hann. — Hvers vegna skyldu þeir verða að klífa þrítugan hamarinn til að eignast hluti í þessum atvinnuvegi, ef ekki væri um meiri gróða að ræða en af öðrum fyrirtækjum?

Það liggur í hlutarins eðli, að þar sem þessi atvinnugrein ber sig vel og borgar hátt kaup, dregur hún fólkið að sjer. Hins vegar hafa andmælendur mínir tekið fram, að þessi atvinnuvegur sje afarstopull. Sje það nú hvorttveggja rjett, verðum við að líta lengra. Ef honum er leyft að vaða

uppi því sem næst skattfrjálsum, meðan hann ber sig svo mætavel, sem hann nú gerir, hvað á þá að gera við fólkið þegar að því rekur, að hann stoppar? Er ekki rjett að nota þessa miklu tekjulind meðan hún gefst, heldur en að hleypa henni skattfrjálsri fram hjá sjer þangað til hún er þrotin, og jafnframt búin að eyðileggja aðra atvinnuvegi landsins.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) tók það fram, að sjer hefði orðið mismæli eða hann afturkallaði fyrri ummæli sín um það, að sjávarútvegurinn ætti alt. Hefi jeg ekkert að athuga við það, en býst þó við, þegar hann ljet þau ummæli falla, að fyrir honum hafi vakað, að hann, sem fulltrúi sjávarútvegsins, mætti sín mikils hjer í deildinni, og því væri óhætt að bera sig borginmannlega. En svo er hann varð þess vísari, að áhrif hans voru ekki eins mikil og hann hjóst við, hafi hann sjeð, að slíkt háttalag lánaðist ekki, og því tekið upp þá aðferðina, að vera lítillátur og telja sjávarútveginn öreiga, sem þurfi linkinda með, í von um, að sú aðferðin færði honum betri árangur.

Jeg læt hjer svo staðar numið. Umr. eru þegar orðnar langar, og býst jeg við, að atkv. þm. breytist eigi, þó þær verði lengri.

Frsm. meiri hl. (Halldór Steinsson): Jeg þarf ekki að svara andmælum þeim, er komið hafa fram gegn áliti meiri hlutans, því þau hafa ekkert það hrakið, er tekið var fram í framsöguræðu minni.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.), sem því miður ekki er viðstaddur, virðist taka hart á því, að jeg birti í deildinni, hverja skoðun hann ljet í ljós á máli þessu innan nefndarinnar, og taldi það ekki eiga við, að birtar væru í þinginu skoðanir þær, er menn ljetu í ljós innan nefndar. Um þetta atriði er jeg honum sammála, enda hefði mjer ekki komið til hugar að birta hana, ef hann hefði ekki lýst henni yfir sjálfur utan nefndarinnar.

Þá var hv. þm. Ísaf. (M. T.) að fárast um það, að meiri hluti nefndarinnar hefði ekki tekið afstöðu til síðari hluta brtt. hans. En hún var ekki rædd í nefndinni, og meiri hlutinn átti ekki kost á að sjá hana áður en *hún fór í prentsmiðjuna.*

Þá sagði hv. þm. Ísaf. (M. T.), að síldarútvegsmönnum færi fækkandi, þeir væru tilneyddir til að stunda þá atvinnugrein í sumar vegna tunnueignar, en myndu fegnir að losna næsta sumar; en sömuleiðis sagði hann, að atvinnuvegur þessi væri altaf að verða innlendari og innlendari. Er mikið samræmi í þessu?

Enn sagði háttv. þm. (M. T.), að margir bláfátækir menn stunduðu síldarútveg, en slíkt getur ekki staðist, því bláfátækir menn hafa yfirleitt ekki lánstraust til þess, þar sem útgjöldin eru mjög mikil samfara þessum útveg.

Þá taldi hv. þm. Ísaf. (M. T.) ríkissjóði ekki vera þörf á þessum skatti, þar sem tekjuafgangur á næsta fjárhagstímabili myndi verða um 2 miljónir króna. (*M. T.*: Hefi ekki sagt það). Jú, jeg hefi skrifað það niður. Jeg hygg þetta vera handahófsáætlun, og meðan hv. þm. ekki sannar hana með tölum, vil jeg leyfa mjer að vefengja hana. Jeg gæti með meiri rökum sagt, að tekjuafgangur yrði enginn, eða öllu fremur tekjuhalli.

En þó að tekjuafgangur yrði, væri þá svo mikill skaði skeður? Þurfum við altaf að búa við skuldir?

Hv. þm. Ak. (M. K.) talaði eins og sá maður, sem einn hefði vit á málinu, (*M. K.*: Ekki einn!) og kvað nefndina hafa skort þekkingu á málinu, og álasaði henni einnig fyrir fljótfærni.

Hvað síðara atriðinu viðvíkur, skal jeg taka það fram, að nefndin vann vandlega að málinu, en þó svo hefði verið, að okkur hefði skort þekkingu, var sú bót í máli, að við áttum kost á að afla okkur leiðbeiningar manna, sem jafnvel eru engir eftirbátar hv. þm. Ak. (M. K.) í slíkum málum.

Háttv. þm. hjelt því fram, að hættulaust væri að samþ. brtt. sína, þar sem næsta þingi væri í lófa lagið að hækka tollinn, ef það sýndi sig, að hann íþyngdi sjávarútveginum ekki um of. Ætli að ekki mætti með jafnmiklum rjetti snúa setningunni við og benda hv. deild á, að næsta þingi er á sama hátt í lófa lagið að lækka tollinn, þó nú sje farið eftir till meiri hlutans, ef það sýnir sig, að sjávarútveginum verði um megn að bera hann.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, að eins benda á, að prentvilla er í 3. gr., þar sem stendur 12. okt. 1912, í stað 22. okt. 1912.

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að síldartollurinn kæmi mikið við kjördæmi sitt. Veit jeg, að það stendur á bak við þann mikla áhuga, sem hann hefir sýnt í þessu máli.

Hann kannast nú við, að hafa verið á móti tekjuskatti árið 1916. Það var einmitt það, sem jeg sagði, og ekki annað. Og hlaut hv. þm. að sjá við hvað var átt, svo voru orð mín ljós.

Rjett var það hjá háttv. þm., að síldin er gullnáma. Alstaðar er fjörugt kringum síldina, og hún kemur víða við — gægist jafnvel upp í fagurfræðinni. — Í Brandi eftir Ibsen er talað um síld. Sjera Brandur dregur fólkið með guðlegri andagift upp í öræfi með sjer, en prófasturinn og fógetinn eru í öngum sínum yfir að missa söfnuðinn, en engar fortölur duga. Þá dettur fógetanum það snjallræði í hug, að hvísla að einum, sem rak lestina: Það er komin síld í fjörðinn. En þetta töfraorð þaut frá eyra til eyra, og söfnuðurinn yfirgaf öræfin og sjera Brand og þaut í síldina. Að vísu var þetta skröksaga hjá fógetanum um síldina, en hún dugði samt.

Altaf er gull í kringum síldina, æsingar og ákafi, og því erfitt að koma skatti á þessa gullnámu, því margir spyrna á móti. Það er því ekki nema mannlegt af hv. þm. Ísaf. (M. T.) að vilja verja gróðann óskiftan í kjördæmi sínu.

Ekki var margt nýtt í ræðu hv. þm. Ísaf. (M. T.). Hann sagði, að þess yrði að gæta, að alt væri að fara niður á við, verðið væri óvíst, en ekki fyrirsjáanlegt, að kaupgjald lækkaði. En jeg vil benda honum á það, að fyrirsjáanlegt er, að kol og salt lækki, og eins ýmislegt annað, er að síldarútvegi lýtur.

Hvað verðinu viðvíkur, verður ekki krafist af mjer, að jeg segi, hversu hátt það muni verða, en líkur eru til þess, að það verði hátt, eftir því sem ýmsir síldarvelviljaðir menn segja nú.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að ekki mætti draga þá ályktun af till. hv. þm. Ak. (M. K.), að þeir væru með framtíðarskatti á síld. Jeg dró að eins þá ályktun af henni, að hv. þm. Ak. (M. K.) væri með framtíðarskatti á síld. Mjer er næst að halda, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) sje ekki einungis móti skatti á síld, heldur vilji hann miklu fremur láta ríkissjóð styrkja þá vesalings aumingja með fjárframlögum, sem leggja peninga í slíka óvissu sem síldveiðin er.

Jeg vil leyfa mjer að álíta, að þar sem hv. þm. Ak. (M. K.) hefir gengið svo langt, að vera með 2 kr. skatti á hverri síldartunnu, sje ekki athugavert að skatta þær með 3 kr.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að jeg hefði lýst því yfir, að jeg væri á móti óbeinum sköttum. Þetta er rangt, með öllu algerlega rangt. Hitt hefi jeg sagt, að mjer væri illa við að leggja háan skatt á afurðir landsins, en tók þá jafnframt fram, að jeg áliti, að sjerstaklega væri ástatt með síld, þar sem mikill hluti af þeim skatti, er á hana er lagður, kæmi rjettilega niður á útlendingum. En þess er gætandi, að á tímum eins og þessum er ekki rjett að halda dauða-

haldi í hin eða þessi skattaprincip. Ríkissjóður þarfnast fjár, og það er aðalatriðið.

Þá er enn eitt. — Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að ríkissjóður þyrfti ekki meiri skatta og að fjárlagaræða mín væri veiðibrella til þess að draga fje í hann. Jeg vildi óska að svo væri, en því miður er þetta fjarstæða. Hann sagði, að tekjuafgangur myndi verða 1919. En þetta nær engri átt. Árið 1918 var tekjuhallinn 2½ miljón kr., og venjulega er seinna ár fjárhagstímabilsins verra. Að vísu er von á auknum sköttum þetta ár, tunnuskatti, auknum tóbakstolli og ágóða af síld, en hins vegar er enginn vafi á, að útgjaldaauki verður afarmikill, svo að jeg er sannfærður um, að árið rætist aldrei svo vel, að ekki verði töluverður tekjuhalli, þótt hann verði ekki eins gífurlegur eins og árið 1918.

Þá sagði háttv. þm. Ísaf. (M. T.), að fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir árin 1920—1921 væri varlega samið. Þetta er satt, og hefi jeg búist við, að ef það fer eins frá þinginu og það kom frá stjórninni, verði ekki halli. En það nær ekki nokkurri átt að segja, að tekjuauki sje áætlaður 2 miljón krónum of lágt, eða hvað meinar þm.? (*M.T.*: Að gefnu tilefni skal jeg upplýsa, að samkvæmt handriti mínu hefi jeg áætlað tekjurnar áætlaðar 2 miljón kr. of lágt og fjárhæð skattaukanna um 2 miljón krónur.).

Það er að ganga alt of langt að álíta, að tekjurnar verði 1 miljón kr. hærri á ári en áætlað er.

En hitt er hægt að segja með vissu, að útgjöldin munu fara langt fram úr áætlun. Má í því sambandi nefna, að hækkun samkvæmt launafrv. nemur ca. 800 þús. kr., og auk þess hafa aukin útgjöld samkvæmt sjerstökum lögum numið alt að 2 miljón kr. undanfarin ár, en í fjárlagafrv. er ekkert gert fyrir þeim.

Ef frv. þetta verður felt, þá verður útkoman hneykslanleg. Og ef þingið feldi tekjuauka þennan og ljeti eigi koma annað í staðinn, væri það rothögg fyrir landið. (*M. K.*: Hver talar um að fella það?). Er ekki háttv. þm. Ísaf. (M. T.) að tala um 50 aura skatt af hverri síldartunnu á þessu og næsta ári?

Hvar ætti að taka tekjur? Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) benti á vitagjald, en það yrðu hreinustu smámunir; kann ske menn vilji hækka kaffi- og sykurtoll?

Víst er þörf á meiri tekjuauka, og ef þessum er slept, mun enginn finnast, er líklegt er að kæmist gegnum þingið. Þetta er enginn leikur. Öruggasta stoðin undir sjálfstæði landsins er fjárhagurinn, og ábyrgðarhluti að kippa henni undan.

Hvað ábúðarskattinum viðvíkur, mun jeg gera mitt til, að hann verði samþyktur.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) mintist á, að útlendingar myndu finna upp aðferðir til að fiska utan landhelgi, þannig að ríkissjóður færi á mis við toll frá þeim. En því var að eins kastað fram til að gera dimt fyrir augum og hefir við engin rök að styðjast.

Jeg skil ekki hvers vegna háttv. þm. Ísaf. (M. T.) er að reyna að ýta undir stjettastríð í landinu. Jeg veit, að það er mjög hættulegt, og hefi altaf verið á móti því. (*M. T.*: Í orði).

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) vill halda gullnámunum fyrir utan skatt. Hann sýnir það nú, og hann sýndi það forðum, er hann var á móti tekjuskattinum. En við hinir sjáum tiltækilegast að skatta þær.

Kristinn Daníelsson: Jeg skal ekki lengja umr. með því að fara út í hin dýpri rök, sem helst hafa hleypt hita í menn

Það er út af brtt. hv. þm. Ak. (M. K.), að jeg stend upp, með því að mjer þótti leitt, að enginn háttv. þingdm hefir ljeð

henni stoð, en jeg verð að telja hana mjög sanngjarnan og eðlilegan meðalveg í þessu efni.

Ástæður mínar eru þessar í stuttu máli:

Í fyrsta lagi er till. að minni skoðun mjög sanngjörn.

Í öðru lagi er hún mjög eðlileg, eða rjettara sagt það, sem frv. fer fram á, er mjög óeðlilegt, sem sje að leggja nú í allra besta ári 2 kr. skatt á tunnuna og gera ráð fyrir hækkun skattsins á næstu árum, sem enginn veit hvernig verða.

Í þriðja lagi er hjer engin hætta á ferðum, hvort sem litið er á þörf landssjóðs, sem auðvitað er jafnan mikil, eða hitt, að tryggja landssjóði tekjur eftirleiðis. Til þess að tryggja landssjóði tekjur eftirleiðis, ef hann þarf þess, má grípa til þess ráðs, sem háttv. frsm. meiri hl. (H. St.) gat um, þótt óbeinlínis væri, sem sje að hækka tollinn á næsta þingi, og það er miklu eðlilegra en að gera það nú, því að þá verður vitað, hvernig árferðið er.

Mönnum hættir til þess að gleyma því, hvert áhættuspil hjer er um að ræða. Það hefir verið bent á það, að menn fengju stórgróða af þessum atvinnuvegi; því neitar enginn, að einstakir menn hafa haft stórgróða af þessum atvinnuvegi, en það má þá ekki gleyma því, að þessir menn greiða um leið háa skatta að öðru leyti, og enn hitt, að einstakir menn berjast í bökkum, eða jafnvel tapa. Það má ekki leggja einhliða áherslu á þetta, og ekki heldur á það, þótt útgerðarmenn borgi fólki sínu hátt kaup; þeir hafa beint neyðst til þess; afli þeirra yrði ónýtur, ef enginn væri til þess að hirða hann, og betri er hálfur skaði en allur, hugsa þeir, þótt kaupgjaldið geti orðið þeim ofvaxið.

Magnús Kristjánsson: Jeg vil þakka hv. 1. þm. Rang. (E. P.) fyrir það að þótt hann vilji oss alla feiga, sem erum á gagnstæðri skoðun við hann, þá skuli hann þó sýna svo mikla óeigingirni, að vilja kasta á oss rekunum endurgjaldslaust.

Jeg þykist nú sjá, að hinn verri málstaður muni verða ofan á og að mín sanngjarna till. muni verða feld. En með því að mjer þykir ilt, að menn saurgi hendur sínar með blóði hennar, tek jeg hana aftur með því skilyrði, að hæstv. forseti beri upp í tvennu lagi 2. brtt. meiri hl. á þgskj. 274, hvora setninguna sjer.

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Út af ábyrgð þeirri, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) ætlast til að jeg taki á mig, skal jeg geta þess, að jeg er ekki svo hræddur við hana, þegar þess er gætt, að með 2 kr. tollinum einum fær landssjóður 300 þús. kr.; hjer við bætast svo tollaukar þessa þings, að ótöldu því, að með till. hv. þm. Ak. (M. K.) er stjórninni viss fugl í hendi. Og ábyrgðin gæti aldrei orðið meiri en hluti úr 300 þús. kr.

ATKVGR.

Brtt. 304. tekin aftur.

— 274,1. (meiri hl.) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 274,2. (meiri hl.), fyrri málsl., samþ. með 14 shlj. atkv.

— 274,2. (meiri hl.), síðari málsl., samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. J., S. F., E. P., G. G., G. Ó., H. St., H. Sn., S. E.

nei: Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., M. T., G. B.

Brtt. 274,1. (minni hl.) sjálffallin.

— 274,2. (minni hl.) samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., M. T., S. E., S. F., H. St., G. B.

nei: S. J., E. P., G. G., G. Ó., H. Sn.

Brtt. 274,3. (meiri hl.) samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. ágúst, var tekið til 3. umr. (A. 338).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Jeg skal ekki fara langt út í þetta mál nú, enda mun það lítið þýða, sem komið er.

Jeg vildi að eins hafa bent á það, að í 2. gr. hefði þurft að fella burt síðustu orðin, með því að þau standa í sambandi við 15. lið; hefði meiri hl. átt að athuga þetta, um leið og hann lagði til að kippa 15. lið burt, þótt vitanlega geri þetta ekki mein.

Jeg get ekki komist hjá því, að rjettlæta mig lítið eitt eftir þær umræður, sem fjellu síðast eftir að jeg var dauður. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) vildi vefengja áætlun mína um tekjuaukann 1919. Jeg hefi nú athugað þetta efni nánara og komist að þeirri niðurstöðu, að tekjuaukinn 1919 muni nema sem næst 2½ milj. króna. Þess ber að gæta í þessu sambandi, að sumt af tekjuaukanum 1918 kom ekki fram fyr en seint á því ári. Eftir þessum athugunum mínum eru tekjuaukarnir þessir, umfram það, sem þeir voru 1918:

Vörutollur	200	þús. kr.
Stimpilgjald	500	— —
Dýrtíðar- og gróðaskattur	100	— —
Útflutningsgjald	600	— —
Aðflutningsgjald	100	— —
Símatekjurnar hækkuðu um mitt ár 1918 og verða því hærri nú um ca.	200	þús. kr.
Enn fremur kúguðum við hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) til að græða á síldinni	300	— —
Tunnutollur	500	— —

Alls nemur þetta 2500 þús. kr., að því ógleymdu, að árið nú verður hið mesta veltiár í aflabrögðum. Samkvæmt þessu mun öllum skiljast, hve feikilega og frámunalega skökk áætlun hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) var, og hefði síst tekið því fyrir hann að þyrla upp því moldviðri, sem hann gerði í gær, enda var ekki um nema 300 þús. kr. að ræða, með frádrætti þó.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) vildi ekki viðurkenna, að hann væri á móti óbeinum sköttum. Jeg heyrði hann þó lýsa yfir þessu í ræðu, sem hann hjelt í Nd., og var þó óþarft fyrir hann að segja þetta. Hygg jeg, að þetta muni sjást svart á hvítu, ef vel er grafið í umræðurnar. Auðvitað má vera, að hann hafi mismælt sig.

Síldarveiðin á Ísafirði byrjaði svo, að menn þar höfðu ekki ráð á því að kaupa síldartunnur, og urðu því að veiða í tunnur, sem Norðmenn áttu, og við það mistu þeir mjög mikið af ágóðanum.

Hv. frsm. meiri hl. (H. St.) vildi halda því fram, að jeg hefði verið í mótsögn við sjálfan mig, þar sem jeg hefði sagt, að veiðarnar væru að verða innlendar, og að þær mundu ef til vill hætta. En jeg sagði, að veiðarnar hefðu orðið smátt og smátt innlendar. Þetta vita allir að er satt. Hvaða innlendar síldveiðar voru hjer fyrir 10 árum? Alls engar. Og það var eðlilegt, að þær færu vaxandi, þar sem allar vörur fóru hækkandi: eins eðlilegt er það, að þegar alt fer lækkandi, þá hætti menn síður fje í jafntvísýna atvinnu.

Hv. þm. Snæf. (H. St.) sagði, að jeg

hefði sagt, að tekjuafgangur í fjárlögunum yrði 2 milj. kr.; þetta er hreinn misskilningur. (*H. St.*: Eða mismæli). Nei, jeg tók það skýrt fram, að tekjur fjárlaganna mundu fara 2 milj. kr. fram yfir áætlun stjórnarinnar, en það er alt annað. Annars á jeg því láni að fagna, að hv. þm. bíða með að svara mjer, þar til jeg er dauður, og leggja mjer þá allskonar orð í munn, sem jeg hefi aldrei talað.

Hv. þm. Snæf. (H. St.) var að tala um þekkingu mína og hv. þm. Ak. (M. K.). Hvað sem henni líður er það víst, að í þessu máli eru það við, er höfum vitið og þekkinguna, en ekki hv. þm. Snæf. (H St.).

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil skýra frá því, að jeg hefi í dag fengið fregnir frá Siglufirði, þar sem skýrt er frá því, að innan fárra daga muni að öllum líkindum fara mörg síldarskip þaðan til útlnda. Það er því nauðsynlegt, að þetta mál verði afgreitt hjeðan í dag, og að hv. þm. veiti afbrigði til þeirrar afgreiðslu málsins, ef nauðsyn ber til.

Til þess að draga úr halla á komandi ári er nauðsynlegt að samþykkja þetta frv., og sjest nauðsynin ef til vill ljósast á því, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) verður að reikna tekjurnar eftir þessu frv., til að fá jafnvægi í hina merkilegu útreikninga sína.

Stimpilgjaldið telur hann ½ milj. kr. meira en það er nú. Sú áætlun er óhæfilega há; það má alls ekki áætla það meira en 500 þús. kr., og síðasta ár varð stimpilskatturinn ekki nema 300 þús. kr.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) er svo djarfur að halda því fram, að jeg hafi sagt, að jeg væri á móti öllum tollum, án þess þó að geta sýnt nokkurn staf fyrir því. Jeg mótmæli fastlega þessum staðhæfingum þingmannsins. Fer nú eins fyrir honum og þegar hann fullyrti, að jeg hefði verið á móti svo kölluðum hala í hv. Nd., en síðar sást, hve mikið hann hafði fyrir sjer í því atriði. En allur þessi merkilegi misskilningur hv. þm. (M. T.) stafar náttúrlega af síldinni; hún verkar svo undarlega á hann, svo það verður að fyrirgefast.

Aðalatriðið er, að frv. þetta verði samþykt í dag, og þykist jeg viss um, að svo verður, og því get jeg látið aukaatriðin, hnúturnar til mín, eins og vind um eyrun þjóta.

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Stimpilgjaldið varð margir tugir þús. kr. yfir tímabilið 12. ág. 1918 til 31. des. 1918, eða í rúma 4 mánuði; það er því strax ljóst, að áætlun mín um þetta er sanni nær en hæstv. fjármálaráðh. Jeg er heldur ekki í neinum vafa um, að afurðir þær, er fluttar verða til útlanda, nema 60—70 milj. kr., og sjá þá allir, hverjar þessar tekjur verða.

Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að stimpillögin voru afgreidd frá þinginu 13. júní, þótt þau gengju ekki í gildi eða yrðu staðfest fyr en 12. ágúst, svo ekki lá þá á. Ef útflutningurinn hefir þá verið álíka og tímabilið, sem eftir var af árinu, hefir tapast á því um 100 þús. kr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Í tilefni af athugasemd háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um stimpilgjaldið skal jeg geta þess, að dráttur inn á frv. kom af því, að málið þurfti mikinn undirbúning, stimpilmerki, (*M. T.*: Það voru notuð fyrst póstfrímerki), reglugerðir og fleira, og því var þessi dráttur nauðsynlegur, enda fóru svo að kalla engin skip frá landinu með þessar vörur á því tímabili.

ATKVGR.

Frv. samþykt með 12 shlj. atkv og endursent Nd.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 342, n. 348).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Frv. þetta er nú loksins komið aftur frá Ed. Því var hraðað gegnum Nd. eins og hægt var, og afgreitt þaðan til Ed. fyrir 21 degi, og vitanlega var lögð áhersla á, að því yrði hraðað gegnum Ed. En Ed. hefir tekið þessar óskir þann veg til greina, að hún hefir haldið frv. hjá sjer í 21 dag og sent það frá sjer með breytingum.

Breytingarnar, sem Ed. hefir gert á frv., eru í fyrsta lagi, að sett er útflutningsgjald á allskonar landbúnaðarafurðir, og í öðru lagi er feldur burtu 15. liður 1. gr. frv., eins og það fór hjeðan.

Fjárhagsnefnd hlýtur að telja báðar breytingar þessar til hins verra En samt hefir nefndin ekki sjeð sjer annað fært en leggja það til, að deildin samþ. frv. með áorðnum breytingum. Svo er sem sje ástatt, að síldarskip búa sig í óða önn til brottferðar um þessar mundir, til þess að losna við útflutningsgjald af síldinni. Hver dagur sem líður kostar landssjóð tugi þúsunda króna. Rjett áðan átti jeg tal við bæjarfógetann á Akureyri. Hann sagði, að eitt síldarskip færi til útlanda í dag og annað á morgun. Nefndin sjer sjer þess vegna ekki fært að leggjast á móti frv., þótt hún sje hins vegar afar-óánægð með það.

Það, sem gerir frv. meðal annars óaðgengilegt, er, að nú hafa hross verið flutt út sumsstaðar af landinu, en eru óútflutt á öðrum stöðum. Þau eru t. d. útflutt úr Borgarfirði, Árnessýslu og Rangárvalla, en óútflutt á Norðurlandi. Nú vildi jeg skjóta þeirri spurningu til hæstv stjórnar og þess manns úr útflutningsnefnd, sem á sæti í þessari háttv. deild, hvort hún sæi sjer ekki fært að jafna útflutningsgjaldinu niður á öll hrossin, til þess að fyrirgirða misrjetti. Jeg skil ekki annað en að stjórninni sje þetta kleift. Nefndin leggur öll mjög mikla áherslu á þetta sem rjettlætisatriði. Og jeg veit ekki hvernig nefndarmenn snúast við málinu, ef þessu verður ekki vel tekið.

Því var haldið fram í Ed., að ákvæði 15. töluliðs væri óframkvæmanlegt. En þessi skoðun er bygð á bláberum misskilningi. Liðurinn var saminn í samráði við lögreglustjórann hjer í Reykjavík. Hins vegar leggur Ed. það til, að útflutningsgjaldið verði tekið eftir þunga. En ríkið verður að eiga það undir ráðvendni skipstjóra á botnvörpuskipum, hversu þungan er talinn mikill. Hjer er því breyting til hins verra, því að það er auðsætt, að þetta er miklu verra fyrirkomulag en hjer var gert ráð fyrir í þessari háttv. deild, er gjaldið var miðað við brúttó-söluverð erlendis. Og jeg tel líklegast, að breyta verði þessu á næsta þingi.

Að lokum vil jeg árjetta þá yfirlýsingu, að jeg álít það gersamlega óviðunandi af Ed. að draga mál þetta svona á langinn, þar sem nauðsyn bar til, að frv. yrði sem fyrst að lögum. En þessi dráttur ljet þó að líkum, því að sumir háttv. þm. Ed. álíta alla tekjuauka vera óþarfa, en reynslan mun áreiðanlega sýna hið gagnstæða.

Að síðustu er þess að geta, að einasta ástæðan til þess, að nefndin sjer eigi fært annað en samþykkja frv., er fyrirsjáanlegt stórtap fyrir ríkissjóðinn í mistum síldartolli, ef því verður eigi leyft að ganga

áfram óbreyttu og leitað konungsstaðfestingar á því í dag.

Fjármálaráðherra (S. E.): Þetta frv. er, eins og háttv. deild er kunnugt, komið hingað frá háttv. Ed. eftir að hafa gengið þar í gegnum mikla eldraun. Aðalkjarni þess er síldartollurinn. Eftir till. stjórnarinnar var ætlast til, að sá tollur yrði 1 kr. á tunnuna í ár, en 3 krónur síðar. Hjer í deildinni var því breytt þannig, að 1 kr. tollinum á síldartunnu var haldið þetta ár, en frambúðartollurinn færður upp í 4 kr. Háttv. Ed. hefir hjer þrætt milliveg. Hún færir tollinn í ár upp í 2 krónur af tunnu, en framtíðartollinn niður í 3 kr., eins og var í frv. stjórnarinnar upphaflega, og stjórnin fellst að sínu leyti á þennan meðalveg, enda tek jeg það aftur fram, að síldartollurinn er aðalkjarni frv.

Jeg er háttv. fjárhagsnefnd hjer í deild þakklátur fyrir það, að hún vill ganga að frv. þrátt fyrir breytingarnar á því hjá háttv. Ed., því það liggja ríkar ástæður til þess, að frv. þetta sje samþykt sem allra fyrst. Jeg hefi nýlega talað við lögreglustjórann á Siglufirði, og kvað hann mörg skip vera að búa sig til brottferðar þaðan. Það getur því munað landssjóð tugi þúsunda kr., ef málinu verður nokkuð frestað.

Háttv. frsm. (M. G.) skaut því til stjórnarinnar, hvort hún mundi ekki sjá sjer fært að jafna útflutningstollinum á hestum niður á þá alla, sem útfluttir verða. Stjórnin mun taka þetta atriði til yfirvegunar, og fyrir mitt leyti mun jeg styðja að því, að svo verði.

Að endingu tek jeg það fram, að jeg mæli fast með því, að frv. sje samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed., því að verði hjer gerð breyting á því, svo að það verði aftur að fara til Ed., þá veit jeg ekki, hvort það muni sleppa klaklaust aftur gegnum þá nýju eldraun, er þess mun bíða þar. Þetta veit jeg að háttv. fjárhagsnefnd hefir skilið, og því hefir hún tekið í málið eins og háttv. frsm. (M. G.) skýrði frá.

Matthías Ólafsson: Jeg er ekki ánægður með breytingu þá, sem háttv. Ed. hefir gert á 2. lið 1. gr., að flytja yfir í hann fisk þann, sem fluttur er til útlanda óhertur og ósaltaður, og áður tilfærður í 15. liðnum, og þá gert ráð fyrir, að 1% af söluverði hans yrði greiddur í toll, en nú á að greiða tollinn eftir þyngd hans, en búast má við, að einatt verði allerfitt að fá glögga vitneskju um hana. Reyndar er það bót í máli, að hann mun að jafnaði vera seldur í svo kölluðum „kitts", og að hvert þeirra hefir hjer um bil ákveðna þyngd. Getur skipstjórinn gefið upp tölu þeirra, og má fara eftir henni við tollheimtuna. Þó mundi sanngjarnara að taka tollinn eftir verði en vigt fisksins.

En það tjáir ekki að einblína um of á galla frv., einkum þar eð vænta má, að lög þessi verði skamma stund óbreytt í gildi. Jeg hefði meðal annars kosið, að þriggja króna tollurinn hefði verið lagður á síldina í ár, en ekki nema tvær krónur eftirleiðis. Nú er það þegar sjeð, að síldarafli muni verða góður í ár, og vonir um sæmilegt verð, en hvorttveggja óvíst næsta ár. Eigi að síður verð jeg að taka undir með hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), að nauðsyn beri til að samþ. frv. óbreytt, þrátt fyrir gallana á því.

Pjetur Jónsson: Jeg get svarað spurningu háttv. frsm. (M. G.) þannig, að mjer finst sanngjarnt, að útflutningsgjaldinu á hesta sje jafnað niður á þá alla jafnt, bæði þá, sem þegar eru farnir, þegar lögin koma í gildi, og hina, sem ófarnir eru þá. Því hefir þannig verið til hagað, að hrossin hafa verið borguð ofurlítið lægra en við

má búast, að fyrir þau fáist, að kostnaði frádregnum; er svo tilætlunin, að bæta seljendunum upp þennan mismun þegar fullsjeð er, hver hann verður. Að vísu má ekki vænta, að hjer sje um mikla upphæð að ræða, en þó að líkindum fult eins háa og útflutningsgjaldinu nemur. Jeg geri ráð fyrir, að samnefndarmenn mínir í útflutningsnefndinni muni verða mjer sammála um þetta. En að sjálfsögðu heyrir fullnaðarúrskurður um þetta undir landsstjórnina. En jeg geri ráð fyrir, að hún muni fara nokkuð eftir tillögum útflutningsnefndar og fjárhagsnefndar þingsins um þetta.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Mjer þótti hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) taka nokkuð linlega í jöfnuð útflutningsgjaldsins á hrossum, þar sem hann fór ekki lengra en að hann kvað stjórnina mundu yfirvega málið. En jeg óska fyrir hönd nefndarinnar eftir ákveðnu loforði um þetta. Aftur á móti er jeg þakklátur hv. þm. S.-Þ. (P. J.) fyrir undirtektir hans, og bæði jeg og nefndin öll göngum út frá því sem sjálfsögðu, að mismunurinn verði jafnaður, því að það er fullkomlega sanngjörn krafa, að svo sje gert.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) var sammála nefndinni um, að breyting háttv. Ed. á 15. lið væri til verra eins, en var þó að bera í bætifláka með því að segja, að skipstjórinn mundi geta greint allnákvæmlega frá þyngd fiskjarins, sem hann seldi. Þetta mun rjett vera; en eigi að síður verður tollheimtumaðurinn að eiga mikið undir skipstjóranum og ráðvendni hans, og það er miklu auðveldara að fá að vita rjett um söluverðið en þyngdina.

Það er annars óþarfi að lengja umræður um málið; það er komið sem komið er. Töluvert af síld verður komið út úr landinu áður en lögin ganga í gildi, og það verða einkum útlendingar, sem hafa haginn af drætti háttv. Ed. á málinu. Fyrir hennar tilstilli losna útlendingar við að greiða nokkra tugi þúsunda í hinn ísl. ríkissjóð.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 349).

9 Hæstirjettur.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um hæstarjett (A. 28).

Á 3. fundi í Ed., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og kunnugt er, hefir ríkisvaldinu nú um nokkurn tíma verið skift í þrent, í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Af þessu þrennu hefir dómsvaldið, það er að segja æðsta dómsvaldið, ekki verið í höndum íslensku þjóðarinnar. Jeg hefi oft furðað mig á, að kröfurnar um, að við tækjum þetta vald í vorar hendur, skyldu ekki hafa verið háværari, og það því fremur, sem danska ríkisvaldið hefir gefið undir fótinn með, að ekki væri vonlaust um, að þetta vald væri gefið eftir, sbr. stöðulögin. Jeg geri ráð fyrir, að ástæðurnar til þess, að við höfum svona lengi sætt oss við núverandi ástand, hafi í fyrsta lagi verið þær, að hæstirjetturinn danski hefir verið mjög góður dómstóll, í öðru lagi hefir kostnaðurinn við að flytja hæstarjett inn í landið vaxið mönnum í augum, og í þriðja lagi hafa menn borið

kvíðboga fyrir því, að innlendur hæstirjettur yrði ekki vel tryggur eða óhlutdrægur, vegna fámennis okkar.

Nú hefðum vjer vitanlega getað beðið tvö ár enn eftir þessari breytingu, og ef til vill lengur, en það er harla óviðkunnanlegt fyrir fullvalda ríki að hafa ekki dómsvald í sínum eigin málum. Jeg býst því við, að þegar nú er borið fram frv. um heimflutning hæstarjettar, muni enginn í móti mæla. Jeg þykist vita, að sumir muni bera kvíðboga fyrir, að dómstóll þessi verði ekki svo vel skipaður, að hann standi hæstarjettinum danska jafnfætis. Slíkur ótti er fullkomlega rjettmætur. Við getum að sjálfsögðu ekki átt völ á jafnágætum dómurum og aðrar miklu stærri þjóðir, og kostnaðarins vegna er ekki hægt að hafa dómendurna eins marga og ákjósanlegt hefði verið. Vegna kostnaðar er og gert ráð fyrir í frv. stjórnarinnar, að yfirrjetturinn falli burtu. Þó þetta sje öfugt við það, sem annarstaðar er, er það þó ekki mikil breyting fyrir okkur frá því, sem verið hefir. Í framkvæmdinni hefir hjer venjulega verið látið nægja með tvo dómstóla. Þetta er auðvitað að eins gert vegna sparnaðar, og ef þingið álítur það nauðsynlegt, og kleift kostnaðar vegna, þá má halda yfirrjettinum. Eins er um tölu dómaranna. Þeir eru áætlaðir fimm, en væri heppilegast, að þeir væru fleiri. Fjölgunin er því að eins kostnaðarspursmál. En þó yfirrjetti sje slept og dómararnir ekki fleiri, þá held jeg, að það geti vel staðist, einkum ef vel er vandað til málfærslumanna. Það ríður næstum ekki minna á góðum málfærslumönnum en góðum dómurum fyrir heppileg úrslit mála. Í frv. er því reynt að tryggja það, að aðrir fái ekki að flytja mál fyrir hinum innlenda hæstarjetti en þeir, sem eru hæfir til þess.

Frv. er samið af próf. Einari Arnórssyni, og jeg held, að óhætt sje að segja, að svo vel sje frá öllu gengið, að væntanleg nefnd þurfi ekki miklu að breyta. Jeg legg til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til allsherjarnefndar.

Eggert Pálsson: Mjer virðist vera náið samband milli frv. um hæstarjett og stjórnarskrárfrumvarpsins. Bæði eru fram komin vegna sambandslaganna. Það færi því vel á því, ef nefnd verður kosin til að íhuga stjórnarskrármálið, að þessu frv. væri þá vísað til sömu nefndar. En þá nefnd er ekki mögulegt að kjósa nú þegar. Jeg tel því heppilegt, að málið væri nú tekið út af dagskrá, en tekið svo aftur inn á fund við hentugleika og þá vísað til stjórnarskrárnefndar. Allsherjarnefnd hefir afarmiklum störfum að gegna, og virðist ástæða til að ljetta á henni, eftir því sem hægt er. Jeg geri það því að tillögu minni, að málið verði tekið af dagskrá.

Forsætisráðherra (J. M.): Má vera, að það skifti ekki miklu máli, hvort frv. verður vísað til allsherjarnefndar eða væntanlegrar stjórnarskrárnefndar. En jeg verð að segja, að jeg get ekki komið auga á skyldleikann milli þessa frv. og stjórnarskrárfrv. (*E. P.*: Sambandslögin). Það verður ekki sagt, að þau myndi neitt samband milli frv., því frv. um hæstarjett gat vel komið fram áður en sambandslögin urðu til. Jeg veit ekki, hvernig hv. deild muni skipa stjórnarskrárnefnd, en í allsherjarnefnd eru tveir lögfræðingar, og á frv. því hvergi betur heima en þar.

ATKVGR.

Till. um að taka málið af dagskrá samþ. með 8 : 2 atkv.

Á 4. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. júlí,

var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 28).

Á 5. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. júlí, var enn fram haldið 1. umr. um frv. (A. 28).

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst ekki við, að annað verði gert við þessa framhaldsumr. en að vísa málinu til nefndar. Tvær tillögur hafa fram komið um nefndarskipun, önnur um að vísa frv. til allsherjarnefndar, hin til stjórnarskrárnefndar.

Jeg endurtek þau orð mín frá upphafi þessarar umr., að jeg sje ekki betur en að þetta frv. eigi rjettilega heima í allsherjarnefnd. Það einasta í þessu frv., sem snert getur stjórnarskrána, er spurningin um það, hvort vjer eigum að hafa íslenskan eða danskan hæstarjett. Svarið við því yrði að eins játandi eða neitandi. Að öðru leyti er frv. rjettarfarslegs eðlis, og hfa slík mál jafnan áður gengið til allsherjarnefndar, enda sú nefnd verið skipuð með það fyrir augum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 9 shlj. atkv.

Á 18 fundi í Ed., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 174, 175).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og kunnugt er, hafa allsherjarnefndir beggja deilda unnið saman að þessu frv., og brtt. þær, sem fram eru komnar, eru frá báðum nefndunum.

Það hefir ekki valdið ágreiningi meðal Íslendinga, að æðsta dómsvaldið beri að flytja inn í landið sjálft. Og fleiri en Íslendingar einir líta svo á. Jeg skal í því sambandi leyfa mjer að geta þess, sem segir í brjefi dómstjórans í hæstarjetti Danmerkur, dr. juris R. Gram, frá 20 júní þ. á., til hins danska hluta dansk-íslensku nefndarinnar, og hinn danski hluti nefndarinnar í brjefi til íslenska hlutans frá 4. þ. m. hefir fallist á.

„Ísland á, eftir 10. gr. sambandslaganna, rjett á að stofna íslenskan hæstarjett, og að því er mjer virðist, er í 17. gr. þeirra gengið út frá því, að til sje sjerstakur íslenskur hæstirjettur. Jeg fæ heldur ekki betur sjeð en að stofnun íslensks hæstarjettar sje eðlileg, já, nærri nauðsynleg afleiðing af ríkjafyrirkomulagi því, sem fram er komið við sambandslögin.“

En um önnur atriði, t. d. um það, hve mörg dómstigin skuli vera, getur verið álitamál. Stjórnin hefir talið tvö dómstig, hjeraðsdóm og hæstarjett, nægilegt, og á það hafa nefndirnar getað fallist. Annað atriði er það, hvort málfærslan skuli vera skrifleg eða munnleg fyrir hæstarjetti. Eftir frv. stjórnarinnar er ætlast til þess, að málfærslan skuli vera munnleg, og hafa nefndirnar í aðalatriðunum getað fallist á það. En bent hefir verið á það, að ef málfærslan fyrir hæstarjetti væri, að minsta kosti til að byrja með, bæði skrifleg og munnleg, mundi með því móti fást meiri trygging fyrir, að dómsástæðurnar yrðu ítarlegri og nákvæmari, en ef málfærslan væri eingöngu munnleg, og ynnu þannig dómum rjettarins meira traust og álit í augum almennings. Á þetta hafa nefndirnar ekki getað fallist í öllum atriðum, en telja, að sporna megi við óhagræði, sem fylgja kunni munnlegri málfærslu í þessu efni, með því að lögð sje áhersla á það við lagadeild háskólans, að afla lögfræðinema í munnlegri málfærslu.

Aftur á móti hallast nefndirnar að því, að taka fram komnar bendingar til greina,

þannig að málfærslan geti verið að meira eða minna leyti skrifleg þrjú fyrstu árin.

Í nál. eru færðar fram ástæður fyrir þeim breytingum, er nefndin hefir lagt til að gerðar verði á frv. og máli skifta. Þarf jeg þar engu verulegu við að bæta.

Eftir því, sem nefndin leggur til að 53. gr. verði orðuð, er hæstarjetti, fyrstu þrjú starfsár sín, heimilt að ákveða, í samráði við málflytjendur, skriflega meðferð mála fram yfir það, sem segir í 38. gr., þó þannig, að fyrsta árið verði eigi meira en þriðjungur, annað árið eigi meira en fjórðungur og þriðja árið eigi meira en fimtungur mála fluttur skriflegur, og hefi jeg ástæðu til að ætla, að yfirrjetturinn telji þetta bót á frv.

Háttv. þm. geta fengið að kynna sjer erindi yfirrjettarins til nefndarinnar, dags. 23. júlí, með áritun prófessors Lárusar H. Bjarnasonar um skoðun hans og Ólafs prófessors Lárussonar á málinu.

Einar prófessor Arnórsson situr í nefndinni, og er óhætt að segja, að hann hefir hjer margt lagt til mála.

Nefndin hefir stungið upp á allmörgum breytingum, en margar þeirra eru að eins orðabreytingar eða til að taka enn skýrar fram það, sem felst í frv.

Efnisbreytingarnar eru skýrðar nákvæmlega í nál., og sje jeg ekki ástæðu til að fara frekar út í þær, þar sem jeg býst við, að allir hv. þm. eigi hægt með að átta sig á þeim, en jeg hás og á erfitt með að tala.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg er ánægður með meðferð nefndarinnar á frv. þessu. Að vísu hefir hún gert nokkrar brtt. við það, en fæstar þeirra eru þýðingarmiklar.

Jeg get auðvitað heldur ekki verið annað en ánægður með það, að nefndin skuli hafa fallist á þá reglu, að hafa munnlega málafærslu. Það atriði var nákvæmlega athugað af okkur prófessor Einari Arnórssyni, og komumst við að þeirri niðurstöðu, að munnleg málafærsla væri heppilegri.

Eins og frsm. (Jóh. Jóh.) gat um, hefir yfirdómurinn gert tillögu um skriflega málafærslu og fært ástæður fyrir henni. Tel jeg heppilegt, að þm. gefist kostur á að kynnast áliti hans, og tel sjálfsagt, að það verði lagt fram á lestrarsal.

Tveir af prófesorum lagadeildar háskólans munu hafa lagt til, að leyfð væri skrifleg málafærsla við hæstarjett um fimm ára skeið. Nefndin hefir að nokkru leyti tekið tillögu þessa til greina, og er álitamál, hvort hún hefði ekki getað gengið lengra. En einhvern tíma verður að byrja á munnlegri málafærslu.

Menn hyggja, að munnleg málafærsla sje örðugri fyrir dómara en hún er í raun og veru; en eðlilegt er, að gamlir dómarar kvíði fyrir að breyta til, eftir langt dómarastarf.

Jeg hygg, að málin verði ekki svo flókin yfirleitt, að erfitt verði að semja dómsástæður í fljótu bragði, og þó það auðvitað geti orðið nokkuð örðugt fyrst í stað, komi það fljótt upp í vana.

Það, sem jeg legg mesta áherslu á við munnlegan málaflutning, er það, að jeg hygg, að málafærslumennirnir vandi sig betur en við skriflegan.

Þeir málafærslumenn, sem mest hafa að gera, láta einatt við skriflegan málaflutning aðstoðarmenn sína vinna það, sem þeir við munnlegan málaflutning verða knúðir til að gera sjálfir.

Eins og jeg gat um áðan, getur verið álitamál um það, hvort nefndin hefði ekki getað gengið lengra í því, að fara eftir till. tveggja lagadeildarprófessoranna, en það skiftir engu verulegu máli.

Hitt gæti verið spurning um, hvort ekki væri rjettara að láta dómarana greiða fyrsta dómsatkvæði til skiftis.

Jeg hefi átt tal um þetta við háyfir-

dómra, og telur hann, að sjerstaklega í fyrstu muni koma of mikið starf á einn mann, ef þetta ákvæði er látið haldast.

Væri ástæða til að athuga þetta.

Annað finn jeg ekki ástæðu til að taka fram, og efast ekki um, að málið fái góðan framgang í hv. deild.

Kristinn Daníelsson: Jeg geng að því vísu, að allir taki undir með frsm. (Jóh. Jóh.), að sjálfsagt sje, að æðsta dómsvald verði flutt inn í landið, eins og nú er komið málum vorum.

En jeg álít, að hjer skifti svo miklu máli, að vel sje frá gengið, að betra væri að gefa sjer tíma til að athuga öll atriði sem vandlegast. með því t. d. að fresta málinu til næsta þings, því ýmislegt í frv. þessu er mjög þýðingarmikið, t. d. það, hvort hafa skuli 2 dómstig eða fleiri.

Það er auðvitað, að við leikmenn í þessum efnum höfum harla lítið vit á einstökum atriðum þessa máls. En eigi að síður er ætlast til þess, að við greiðum atkv. um þau, svo æskilegast væri, að allir þingmenn gætu sett sig inn í málið. Jeg hefi reynt að kynna mjer málið, en hefi ekki haft tíma til að athuga það eins vel og jeg hefði viljað.

Jeg get hugsað mjer, að þeir, sem sitja á næsta þingi, væru betur undir það búnir að ráða málinu til lykta.

Enginn skilji orð mín svo, að jeg vilji leggja stein í götu þessa máls, en því neita jeg ekki, að betra hefði verið að átta sig á máli þessu, ef þess hefði verið kostur, að kynnast öllum skjölum þess, áður en það gekk til þessarar umr. Að vísu má sjá nál., að mismunandi skoðanir hafa komið fram, en þar sjest eigi, hverjar þær eru. Nú hafa menn heyrt, að þær eru frá yfirdóminum, og skoðanamismunurinn er um það. hvort heppilegra sje að hafa skriflega eða munnlega málfærslu. Jeg vil leiða minn hest frá að fella úrskurð um það, hvort sje heppilegra, en alment skoðað blandast mjer ekki hugur um, að skriflegur frágangur verði vandaðri en munnlegur. Þarf ekki annað en benda á hjer á þingi. Hver maður, sem vill halda vandaða ræðu, myndi heldur skrifa hana niður en flytja hana „blaðalaust".

Hv. frsm. (Jóh. Jóh.) benti á undanþáguna í brtt. við 53. gr. og kallaði það málamiðlun; en satt að segja sje jeg ekki að svo sje.

Að vísu hefir undantekningin verið framlengd um 1 ár, en tala málanna, sem hún á að ná til, aftur einskorðuð. Eftir 53. gr. frv. gat jafnvel meiri hluti málanna sætt skriflegri meðferð.

Skal jeg ekki fjölyrða meira um mál þetta, en þætti vænt um að vera gefinn kostur á að kynnast skjölum þess, áður en það gengur til 3. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal ekki vera langorður. Frv. þetta hefir alstaðar mætt mikilli ánægju. Um langt skeið hefir það verið ósk og þrá íslensku þjóðarinnar að fá æðsta dómstólinn fluttan inn í landið, og þessari ósk er fullnægt með frv. þessu, sem víst er um að gengur gegnum þingið.

Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.), sem sjálfsagt er frv. fylgjandi — um það þarf enginn að efast, sem þekkir fortíð hans hjer á þingi — talaði þó um, að mál þetta myndi ef til vill verða betur undirbúið, ef því væri frestað til næsta þings.

Jeg verð þó að efast um þetta. Um frv. hafa fjallað þeir menn, sem mesta sjerþekkingu hafa til að bera í þessu efni, og undirbúningurinn er mjög góður.

Auðvitað má altaf deila um það, hversu mörg dómstigin eigi að vera. Sumir álíta tryggara að hafa 3 dómstig, en ef dómurinn er vel skipaður, álít jeg fulltrygt að hafa dómstigin 2.

Frá mínu sjónarmiði er enginn vafi á, að málaflutningurinn á að vera munnlegur.

Í því liggur opinber trygging, að alþjóð geti fylgst með aðgerðum dómsins.

Hitt get jeg skilið, að þeim, sem nú skipa yfirdóminn, muni þykja mikið að starfa í upphafi, en í brtt. við 53. gr. er tekið tillit til óska þeirra.

Mjer virðist allur frágangur á málinu frá stjórn og nefnd vera þannig úr garði gerður, að mjög mikill vafi sje á því, hvort nokkuð græðist á að fresta málinu.

Í öðrum löndum mun málaflutningur nálega alstaðar vera munnlegur við hina æðstu dómstóla.

Jeg vona, að hv. deild fallist á frv., og tel það skifta mjög miklu máli, að hæstirjettur komi sem allra fyrst inn í landið, því fáir munu óska þess, að önnur þjóð haldi áfram að dæma í málum vorum.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil þakka hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fyrir það traust, sem hann bar til einlægni minnar, að jeg væri málinu hlyntur, þótt jeg vildi fresta því.

Jeg get eigi horfið frá því, að til vandaðs undirbúnings þurfi altaf langan tíma. Þó að hæfir menn hafi fjallað um málið — og jeg læt þess getið, að jeg ber fult traust bæði til hv. nefndar og höf. frv., sem jeg hygg að sje hjer nálægur — þá hefi jeg þó ekki þá oftrú á þeim, að þeir sjeu svo óskeikulir, að þeir þurfi engan undirbúningstíma við jafnmikilsvert mál og hjer er um að ræða.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Út af ræðu hæstv. forsætisráðherra (J. M.) skal jeg taka það fram, að yfirdómurinn hefir ekki í erindi sínu til nefndarinnar minst á það atriði, að yngsti dómarinn myndi um of hlaðinn störfum, ef honum væri gert að skyldu að greiða fyrsta dómsatkvæðið.

Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) leit svo á, að heppilegra myndi hafa verið, að mál þetta hefði verið látið bíða til næsta þings. En jeg er fullviss um, að fleiri hv. þm. eru á gagnstæðri skoðun.

Og ef stjórnin hefði ekki borið frv. þetta fram, myndi það alt að einu hafa verið lagt fyrir þingið sem þingmannafrumvarp, og býst jeg þá við, að undirbúningur þess hefði verið lakari en nú á sjer stað.

Þá fanst mjer hv. þm. þykja tekið of lítið tillit til brtt. yfirdómsins við 53. gr. frv. En jeg vil benda honum á, að samkvæmt 53. gr. frv. gat dómurinn því að eins ákveðið skriflega málsmeðferð, að málaflutningsmenn beggja aðilja æsktu skriflegrar málsmeðferðar, í stað þess, sem hæstirjettur hefir, samkvæmt brtt. nefndarinnar, frumkvæðið að því, að málafærslan verði skrifleg, auk þess sem tíminn er lengdur um eitt ár.

Auk þessa stendur 38. gr. óhögguð, en þar stendur, að mál skuli flytja skriflega:

1) ef stefndur sækir eigi þing, og

2) ef báðir aðiljar, eða umboðsmenn þeirra, óska þess, enda telji dómurinn sjerstaka ástæðu til þess, sakir þess að mál er svo margbrotið.

Enginn vafi er á því, að dómararnir búa sig undir málin áður en málafærslan fer fram. Munu þeir kynna sjer útdrættina, sem eiga að liggja frammi í viku áður en mál kemur fyrir, og get jeg hugsað mjer, að brtt. komi fram í þá átt, að sá frestur verði lengdur. Geri jeg ráð fyrir, að heimtaðir verði jafnmargir útdrættir og dómararnir eru, svo að hver hafi sinn útdrátt, og verði þannig búnir að búa sig undir að greiða atkvæði, er þeir koma í dóminn.

Eins og bent er á í nál., er varla hægt að gera ráð fyrir, að fleiri en 70—80 mál komi fyrir dóminn ár hvert.

Jeg býst ekki við, að málsskotum fjölgi til hæstarjettar frá því, sem verið hefir við yfirdóminn. Kemur það bæði til af

því, að umma appellabilis er færð úr 4 kr. upp í 25 kr., og eins af hinu, að dýrara verður að skjóta málum til hæstarjettar en verið hefir til yfirdómsins.

Er því frekar hægt að gera ráð fyrir, að málsskotum fækki, og er jeg ekki í vafa um, að vel er hægt að komast yfir að dæma þau mál svo trygt sje, ef forsvaranlega er frá dóminum gengið.

Geng jeg út frá því sem gefnu, að þingið sjái svo sóma sinn, hvað launum hæstarjettardómara viðvíkur, að þangað veljist bestu lögfræðingar landsins.

Jeg vil enda með því að taka það fram, að jeg veit ekki betur en yfirdómurinn sje ánægður með frv. í þeim búningi, sem það nú hefir fengið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 175,1.a.—b. samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 175,2. samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,3. samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,4.a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 175,4.b. — — 11 — —
— 175,4.c. — — 11 — —

6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 175,5.a. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 175,5.b. — — 11 — —

7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 175,6. (ný 6. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 175,7. samþ. án atkvgr.

10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

11. og 12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,8. samþ. með 11 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,9. samþ. með 10 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,10. samþ. með 11 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,11. samþ. með 10 shlj. atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 175,12. samþ. með 10 shlj. atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,13. samþ. án atkvgr.

20. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,14.a. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 175,14.b. — — 11 — —
— 175,14.c. — — 11 — —

21. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,15. samþ. án atkvgr.

22. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,16.a.—b. samþ. án atkvgr.

23. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,17.a. samþ. án atkvgr.
— 175,17.b. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 175,17.c. samþ. án atkvgr.

24. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
25. og 26. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 175,18. samþ. án atkvgr.

27. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 175,19. samþ. án atkvgr.

28. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
29. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 175,20. samþ. án atkvgr.

30. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
31.—33. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,21. samþ. án atkvgr.
— 175,22. samþ. með 10 shlj. atkv.

34. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,23.a. samþ. án atkvgr.
— 175,23.b. samþ. með 11 shlj. atkv.

36. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 175,24. (ný 37. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

38. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
39.—41. gr. samþ. með 11 atkv.

Brtt. 175,25. (ný 42. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

43. og 44. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,26. samþ. með 9 shlj. atkv.

45. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
46. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 175,27. (ný 47. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 175,28.a. samþ. án atkvgr.
— 175,28.b. samþ. með 8 shlj. atkv.

48. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
49.—51. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,29. samþ. með 9 shlj. atkv.

52. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 175,30. (ný 53. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 175,31.a. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 175,31.b. — — 9 — —

54. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

55. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,32. samþ. með 11 shlj. atkv.

56. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 175,33.a.—b. samþ. án atkvgr.

57. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess, með á orðinni breytingu á fyrirsögn VI. kafla, samkvæmt brtt. 175,21., samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á. 21. fundi í Ed., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 221, 239, 251).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 251, sem of seint var útbýtt.

Kristinn Daníelsson: Eins og hv. þm. sjá, þá hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt. við frv, og eru þær prentaðar á þgskj. 251. Brtt. þessar eru ekki efnisbreytingar, heldur eru þær komnar fram fyrir þá sök, að mjer fanst, að orðum þeim, er brtt. fjalla um, væri ofaukið og því færi betur á því að fella þau niður. Jeg gat ekki átt til við nefndina um þetta áður en jeg gerði tillögurnar, en síðan hefi jeg átt tal við hv. frsm. (Jóh. Jóh.), og mjer hefir skilist svo, sem hann hefði lítið við þær að athuga, eða væri jafnvel samþykkur þeim.

Fyrsta brtt. er um, að í 24. gr. falli burt orðin „sem mál er risið af“ Orð þessi virðast mjer algerlega óþörf, nema það sje ætlunin, að eigi megi vísa máli til hæstarjettar, nema málið sje risið út af að minsta kosti 25 kr., en þá færi betur á, að orðin stæðu síðar í setningunni.

Önnur brtt. er um, að orðin „þar sem ómerking á annars við“ í 34. gr. falli burt. Þessi orð virðast með öllu óþörf, þar sem greinin gerir ráð fyrir ómerkingu, og hæstirjettur sker þá úr, hvort hún á við eða ekki.

Loks er síðasta brtt., um að orðin „ef ágreiningur verður“ í 3. málsgr. 45. gr. falli burt. Orð þessi eru gersamlega óþörf, þar sem það er tekið fram, að afl atkvæða ráði úrslitum, og þá vitanlega eins ef ágreiningur verður.

Eins og jeg tók áðan fram, þá eru till. þessar komnar fram til þess að bæta frem ur mál á frv., en engin brtt. er mjer að nokkru leyti hið minsta kappsmál.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Samvinnunefnd allsherjarnefnda beggja hv. deilda hefir leyft sjer að bera fram þrjár brtt., sem eru á þgskj. 239.

Fyrsta breytingin er um, að orðið „mestu“ í 37. gr. sje felt burtu. Ætlunin með þessu er sú, að málaflutningsmennirnir sjái um, að í dómsgerðunum sje alt það, er máli skiftir. Næsta brtt. er um, að lengja um helming frest þann, er dómsgerðin á að liggja frammi, svo að málaflutningsmennirnir hafi betri tíma til að kynna sjer hana.

Síðasta brtt. er um að fella niður sekt fyrir það, ef stefndur sækir ekki dómþing. Sekt þessi er tekin upp eftir reglum þeim, er gilda um hæstarjett, en nefndin telur ekki ástæðu til að lögleiða hana hjer.

Fyrsta brtt. hv. 2. þm. G.-K. (K. D.), á þgskj. 251, finst mjer vera efnisbreyting. Eins og greinin er orðuð, verður ekki máli skotið til hæstarjettar, nema krafan nemi 25 kr., en ef brtt. verður samþykt, finst mjer, að við frumkröfuna muni mega bæta vöxtum og málskostnaði. Sumir í hv.

allsherjarnefnd vildu að vísu eigi hafa neitt fjártakmark fyrir málsskotinu, en aðrir voru þeir, er hjeldu því fram. 25 kr. upphæð sú, er greinin gerir ráð fyrir, varð að samkomulagi, og óska jeg fyrir mitt leyti, að engin breyting verði á því ger. Jeg vil því mælast til, að hv. flm. (K. D.) taki þessa brtt. aftur, eða þá að hún verði feld.

Orð þau, er hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) vill láta fella burtu úr 34. gr., um ómerkinguna, voru sett þar sem bending um, að nota má ómerking frekar en verið hefir. Bæði má ómerkja undirdóm í heild sinni, og eins vissa hluta hans; enn fremur má ómerkja uppboð og fógetagerðir. Þótt brtt. sje ekki nein efnisbreyting, því greinin yrði skilin eins eftir sem áður, þá þætti mjer betur fara á, að hv. þm. tæki hana aftur, eða þá að hún væri feld.

Um þriðju brtt. á þgskj. 251 er jeg samdóma hv. flm. Orðin, er hann vill þar fella burtu, eru óþörf, og því er rjett að samþykkja þá brtt.

Jeg vil því leggja til, að 1. og 2. brtt. á þgskj. 251 verði feldar, ef þær eru ekki teknar aftur, en hin síðasta verði samþykt.

Kristinn Daníelsson: Mjer er ekki neitt fast í hendi um brtt. á þgskj. 251, og vil því taka aftur 1. brtt. þar, þótt jeg sje alls ekki sannfærður um, að rök hv. frsm. um hana sjeu rjett.

Um önnur atriði í máli þessu, er mjer þykja máli skifta, hefi jeg ekki treyst mjer til að bera fram neinar brtt., þar sem allir lögfræðingar þingsins standa öndverðir gegn mjer, nema einn hv. þm., er því miður hefir ekki átt kost á að taka þátt í meðferð málsins.

ATKVGR.

Brtt. 251,1. tekin aftur.

— 251,2. feld með 6 : 2 atkv.

Brtt. 239,1. samþ. með 10 shlj. atkv.

— 239,2. — — 10 — —

— 251,3. — — 8 — —

— 239,3.a. — — 10 — —

— 239,3.b. — — 10 — —

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um hæstarjett,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 254).

Á 27. fundi í Nd., fimtudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., föstudaginn 8. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg get verið mjög stuttorður um frv. þetta nú við þessa umr., enda á það ekki við nú að fara út í einstök atriði.

Það má telja sjálfsagða, ef ekki óhjákvæmilega afleiðingu af því, að Ísland er nú orðið viðurkent fullvalda ríki, að það tæki æðsta dómsvaldið í sínar hendur.

Eins og menn vita, er valdinu skift í þrent, framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald.

Með sambandslögunum 30. nóv. 1918 hafði ríkið tekið í sínar hendur bæði framkvæmdarvaldið og löggjafar, en einn liðurinn var eftir, dómsvaldið. Og það er enn þá eftir, meðan æðsti dómstóllinn er í öðru ríki.

Þess vegna hefir hæstv. stjórn borið fram frv. þetta.

Af hendi Dana höfum við ummæli dómstjórans í hæstarjetti, sem telur það rjettmætt og sjálfsagt, að Ísland taki nú dómstól þennan í sínar hendur.

Það er því fullgild ástæða fyrir því, að frv. þetta er fram komið, og alt, sem mælir með því, að það verði samþ.

Að auki voru ástæður til fyrir þessu áður, og gilda þær auðvitað enn, meðal annars ókunnugleiki danskra hæstarjettardómara á íslenskum högum, kostnaður við þýðingu dómsskjala og annar kostnaður, stórum meiri. Auk þess má benda á það, að dómendur hafa ekki dómsskjölin á frummálinu og verða því að sjá með annara augum, því að þar sem skjölin eru þýdd, verður að taka þýðandann trúanlegan.

Íslensk lög skilja þeir ekki á frummáli og verða þar einnig að bjargast við þýðingar.

Aðaldrættir þessa frv. eru þeir, að hjer skuli verða tvö dómstig, hjeraðsdómur og hæstirjettur, og skal hann skipaður fimm mönnum. Er það álitið, að komist verði af með þetta; í öðrum löndum er það líka svo, að menn hafa enda hallast að því, að tvö dómstig megi nægja; svo er t. d. í Danmörku.

Skulu hjeraðsdómar þar dæma fyrst í hinum smærri málum; þeim má síðan skjóta til landsrjettar. Í öllum stærri málum er landsrjettur undirdómur, en þeim málum má síðan skjóta til hæstarjettar.

Eftir frv. er ætlast til, að málflutningur fyrir hæstarjetti sje munnlegur. Skulu dómsgerðir og annað það, sem flytjendum málsins þykir máli skifta, lagt fram svo snemma, að dómendur hafi nægan tíma til að kynna sjer það áður en dómur er háður.

Svo mun vera við flesta, ef ekki alla, æðstu dómsstóla annarsstaðar, að flutningur mála sje munnlegur, og er sú stefna nú tekin upp hjer.

Samvinnunefnd allsherjarnefnda beggja deilda, sem haft hefir frv. þetta til meðferðar, telur sjálfsagt, að flutningur mála fyrir æðsta dómstóli vorum verði munnlegur. Að eins er ákveði í 38. gr. um það, að undantekning megi gera frá því, ef mál er mjög margbrotið; þá megi flytja það skriflega. Og svo ef stefndur sækir ekki dómþing. Enn fremur er millibilsákvæði í 53. gr., er rýmkar nokkuð heimildina í 38. gr. fyrstu 3 árin.

Fjelag málaflutningsmanna hjer hefir líka talið það sjálfsagt, að málaflutningur yrði munnlegur, en aftur á móti hafa núverandi dómarar í yfirdóminum lagt til, að hann yrði skriflegur. En af þeim ástæðum, sem greindar eru í nál., hefir nefndin ekki getað fallist á þær till.

Þar sem naumast verða fleiri en 70—80 mál, sem fyrir dóminn koma á ári, þá ætti dómendum ekki að vera vorkunn á að kveða upp og rökstyðja dóm sinn í þeim, þótt þeir eigi liggi eins lengi á þeim eins og tíðkast hefir með skriflegum flutningi.

Háttv. Ed. hefir samþ. frv. þetta í e. hlj., og vona jeg, að það fái líkar undirtektir hjer. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um málið í þetta sinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., mánudaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 254, 312, 318).

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg ætla í þetta sinn að eins að víkja að þeim brtt., sem fram eru komnar við frv. Önnur er á þgskj. 312 og er frá samvinnunefnd allsherjarnefnda. Hún er við 42. gr. frv. og er fólgin í, að ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá hæstarjetti, skal hann tilkynna

hæstarjettarritara það að mista kosti viku áður en mál skal þingfesta. En í sjálfu frv. stendur minst 2 dögum áður. Breytingin er því ekki önnur en að fresturinn er lengdur. Nefndin telur þessa breytingu til bóta. Þá er og önnur breyting á sama þgskj., við 48. gr. frv. Hún er fólgin í því, að í málum, sem ekki nema 100 kr., greiðast hálf gjöld. Það er í samræmi við aukatekjulög landssjóðs, nr. 16, 11. júlí 1911. Að eins er þar ákveðið lægra mark, sem sje 50 kr. En nefndin fellst á, að miðað sje við 100 kr. Þetta er, eins og menn sjá, að eins smávægilegar breytingar. En svo er ein brtt. enn, á þgskj. 318, frá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Og er hún stórum víðtækari en hinar. Hún fer sem sje fram á, að breytt verði ákvæði 57. gr. þannig, að lögin komi ekki til framkvæmda fyr en 1. jan 1922. í staðinn fyrir 1. jan 1920, eins og það er í sjálfu frv. Á þessa breytingu getur nefndin ekki fallist. Hún hefir ekki getað komið auga á þær ástæður, er rjettlæta hana. Það getur ekki verið meiningin með till. að útvega hæfa menn, því til þess er tíminn alt of stuttur. Ef hv. 1. þm. Árn. (S. S.) álítur, að ekki sje kostur á nægilega mörgum vel hæfum mönnum, þá verður hann að leggja til, að framkvæmd laganna verði frestað um lengri tíma. Mjer er ekki kunnugt um, hvaða ástæður liggja til þessa hjá hv. þm. (S. S.). Þær hljóta að vera einhverjar aðrar og veigameiri en þetta. Því jeg geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. (S. S.) beri fram till. til að eyðileggja málið. Þó jeg hins vegar sjái, að hún er ekki óhættuleg að því leyti, því að ef farið væri að fresta málinu á annað borð, þá er alls ekki óhugsandi, að það þing, sem þá fer með málið, verði svo skipað, að það vilji fresta því í það óendanlega, og verði þannig málinu að fótakefli. Jeg vænti þess, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) skýri betur, hvers vegna þessi till. er fram komin.

Sigurður Sigurðsson: Mjer virðist svo, sem hv. 2.. þm. Árn. (E. A.) vilji leggja nokkuð mikið í þessa till. Og jafnvel tileinka mjer miður góðar hvatir þar að lútandi. En í sjálfu sjer er þessi till. afar einföld og segir ekki annað eða meira en það, sem öllum hlýtur að vera ljóst, frá hvaða sjónarmiði sem á það er litið. Mjer skilst, að það muni þurfa talsverðan undirbúning undir það að framfylgja lögunum um stofnun hæstarjettar hjer, sem ekki er þegar gerður, og ef til vill ekki verður lokið fyrir næstu áramót. Þetta er meðal annars ástæðan fyrir, að till. er komin fram.

Hvað snertir nauðsynlegt húsrúm, þá vita allir, að það er ekki tilbúið nú. Þó mætti líklega bjargast við eitthvert húsrúm, sem til er í bænum, svo að ekki þyrfti að koma til þess að byggja nýtt hús handa hæstarjetti. En að sjálfsögðu þyrfti talsverða umbót. En eins og kunnugt er, þá eru allar slíkar umbætur á húsum afskaplega dýrar nú sem stendur. Aftur á móti gæti vel hugsast, að slíkar viðgerðir yrðu ódýrari eftir nokkurn tíma, því gera má ráð fyrir, að bæði efni og vinna lækki á næstu árum.

Í öðru lagi sje jeg ekki, að það sje neitt sjerlega aðkallandi að fá hæstarjett fluttan hingað heim eða lögin framkvæmd svo að segja samstundis. Allir eru á einu máli um, að sjálfsagt sje að flytja hann þaðan, sem hann nú er, fyr eða seinna. En hins vegar eru talsvert skiftar skoðanir um, hvort nauðsyn reki til að gera það nú þegar. Jeg fyrir mitt leyti sje ekkert hættulegt við það, þó því sje frestað 1—2 ár. Að nokkur hætta stafi af því, að næsta þing, 1920, eða reglulegt þing 1921, fari að framlengja frestinn í það óendanlega, ef undirbúningur er þá nægur, — það læt jeg mjer ekki detta í hug. —

Þó jeg kannist við, að til sjeu hæfir menn að setja í þennan dóm, þá skilst mjer,

að sparnaður, sem nokkru nemur, sje að því, að hann taki ekki til starfa fyr en eftir 1—2 ár. Og mjer er ekki ljóst, að það valdi neinum óþægindum fyrir þessa menn, þó framkvæmdum sje frestað um sinn. Ef svo kynni að fara, sem jeg geri varla ráð fyrir, að þessi till. yrði samþ., þá leiddi af því, að setja yrði bráðabirgðaákvæði um laun yfirdómara í launalög embættismanna, þar til hæstirjettur væri kominn. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni.

Frsm. (Einar Arnórsson): Það voru að eins fáar athugasemdir. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) færði þau rök meðal annars fyrir till. sinni, að það skorti á, að undirbúningur þessarar stofnunar væri nægilegur. Og meðal annars mintist hann á, að húsrúm mundi ekki fyrir hendi. Jeg get frætt háttv. þm. (S. S.) á því, að hús til þessa mun sennilega vera til um nýár. Að vísu mun þurfa að „dubba" það upp að einhverju leyti, og auðvitað kostar slíkt nokkuð. En engu síður geng jeg út frá því, að ef tillaga hv. 1. þm. Árn. (S S.) verður samþ., þá muni það líka kosta eitthvað, þegar þar að kemur. Hver er kominn til að segja, að vinnulaun muni lækka á næstu árum? Það kann að vera, að efni lækki eitthvað smávægilega. En tæplega svo, að munurinn nemi nokkru að ráði, þó að ef til vill þurfi að mála 4 veggi og smíða borð, eða setja nýja hurð eða annað þess háttar. Jeg held, að þetta atriði sje smávægilegra en svo, að löggjafarvaldið geti farið að taka tillit til þess. Svo jeg víki nú aftur að húsrúminu, skal jeg geta þess, að þótt nú svo færi, að þetta hús yrði ekki fullgert um nýár, þá væri ekki úr vegi, að dómurinn gæti notað það hús, sem yfirdómurinn nú notar. Í því húsi eru nægileg herbergi, sem gera mætti þannig úr garði, að hægt væri að nota þau. Það mætti og nota bæjarþingsstofuna, sem er nokkru stærri en yfirdómsherbergið. Enda hefði stjórnin varla farið að bera þetta mál fram hjer nú, ef hún sæi engan veg hvað húsrúm snertir. Þetta eru ekki annað en yfirskinsástæður hjá háttv. þm. (S. S.). En hinar ástæðurnar, sem hann nefndi, eru þær raunverulegu, sem sje það, að hann telur ekki sjerlega aðkallandi þörf, að hæstirjettur verði fluttur inn í landið. Og skal jeg játa, að um það geta verið skiftar skoðanir. Það er komið undir sómatilfinningu hvers einstaks manns, hverng á það er litið. Það er álit háttv. 1. þm. Árn., að enginn skaði sje skeður, þó að þetta dragist um nokkurn tíma. Því er eins farið og hinu, að þetta er tilfinningaspursmál líka, og er þannig vaxið, að það er ekki hægt að sannfæra menn um hið gagnstæða, ef þeir líta þannig á það. Hann talaði enn fremur um, að það væri sparnaður að því að fresta málinu. Og er það rjett að nokkru leyti. En háttv. þm., sem fær orð fyrir að vera heldur sparmaður, lagði þó ekki mikið upp úr þessu atriði. Mestur sparnaður væri auðvitað að fella þetta frv. og taka alls ekki æðsta dómsvaldið inn í landið. Jeg lít svo á, að eftir að við höfum fengið fullveldisviðurkenningu með sambandslögunum, þá sje hneisa að því að salta þetta mál. Sæmdar okkar vegna álít jeg óhjákvæmilegt annað en að flytja hæstarjett inn í landið.

Jeg var hálft í hvoru að búast við, að háttv. þm. mundi taka till. sína aftur, þar sem hann hefir játað, að sparnaðurinn væri að eins aukaatriði. En nú sje jeg fram á, að svo er ekki. Háttv. þm. (S. S.) taldi það alveg óhugsandi, að komandi þing, 1920 og 1921, mundu vilja fresta málinu áfram, ef það yrði úr nú. En segjum nú svo, að báðar háttv. þingdeildir yrðu líkt skapi farnar og hv. samþingismaður minn (S. S.), þá gæti jeg vel trúað, að sú yrði raunin. Það er hugsanlegt, að þá komi til að eiga sæti á þingi slíkir menn, sem mæla alt á peningamælikvarða. Ef menn vilja endilega spara alt hvað unt er, því má þá

ekki eins leggja niður yfirdóminn hjer og skjóta hjeraðsmálum beint til hæstarjettar í Danmörku? Jeg vildi skjóta þessu til hv. flutningsmanns till. (S. S.).

Gísli Sveinsson: Sjálfsagt eru allir hv. þingmenn á einu máli um það, að það sje sjálfsögð afleiðing af viðurkenningunni fyrir fullveldi voru, að gerðar verði ráðstafanir til að flytja hæstarjett inn í landið. En þar með er ekki sagt, að rjett sje að áfella þá hv. þingmenn, sem kunna að hafa aðrar skoðanir á því, hve nær hæstirjettur eigi að koma til framkvæmda eða taka til starfa, hvort það eigi að gerast þegar á næsta ári eða nokkru síðar. Því að það er í raun og veru ekkert aðalatriði. Það er öllum kunnugt, að okkar hæstirjettur hefir verið í Danmörku um æðilangt skeið. Og þó menn hafi álitið, að okkur bæri að flytja hann inn í landið þegar kostur væri á, þá get jeg ekki sjeð, að neinn beinn skaði væri skeður, þó hann væri þar 1—2 ár enn. Hitt er annað mál, að spurning getur verið um það, hvort við getum dregið það sóma okkar vegna. Jeg fyrir mitt leyti sje ekki, að sæmd okkar sje skert á neinn hátt, þó svo yrði. Jeg á því ilt með að skilja, hvers vegna háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) legst svo fast móti þessari till., er hjer liggur fyrir, svo meinlaus sem hún er. Hún fer að eins fram á, að framkvæmd laganna verði frestað um 1—2 ár. Mjer skilst, að aðalatriði þessa máls sje að athuga, hvort svo knýjandi þörf reki á eftir, að það megi ekki bíða eitthvað fram yfir næstu áramót, og enn fremur hitt, hvort jafnstórfelt mál og jafnmikilvæg breyting, sem hjer er á ferð, sje nægilega undirbúin.

Jeg hafði að vísu ýmislegt við frv. að athuga, sjerstaklega frá sjónarmiði einnar ákveðinnar stjettar manna. Mjer fanst og, að sum atriði hefðu gjarnan getað verið einfaldari. En alt það læt jeg liggja milli hluta. Það, sem jeg sjerstaklega hjer hefi að athuga, er formsatriði eitt, sem sje það, hvort lögin þurfi endilega að koma til framkvæmda á næsta ári. Það kann að vera, að hæstvirt stjórn og hv. allsherjarnefnd hafi verið þeirrar skoðunar, að alt væri svo vel undirbúið, bæði hvað snertir hæfa menn í dómarasætin og annað, að sjálfsagt væri að láta hæstarjett taka til starfa þegar um næstu áramót. En þó að svo sje, þá hefi jeg hvergi sjeð færðar fram ástæður fyrir því, og ekki varð jeg þess heldur vísari af ræðu háttv. frsm. (E. A.). Það er t. d. ómótmælanlegt, að það vantar húsrúm. Og þó má ske mætti „dubba" svo upp hegningarhúsið, þar sem rjettarhöld eru nú, að það teldist samboðið hæstarjetti, þá vita allir, að nú er hin mesta dýrtíð. Jeg geri ekki ráð fyrir, að menn sjeu búnir að gleyma því, að endurbætur á stjórnarráðshúsinu hjer í bænum kostuðu allmikla fúlgu. Eins gæti jeg hugsað, að eitthvað kostaði að umskapa hegningarhúsið í hæstarjettarhús. Hitt tel jeg að sje ekki fjarri sanni, að ef þetta fengi að bíða fram að 1922, þá mundu verða talsvert betri tök á að gera sæmilegt hús handa slíkri stofnun.

En svo er annað atriði í þessu máli, sem frá mínu sjónarmiði er mikilsverðara en þetta fjárspursmál. Það er manna-atriðið. Það er álit mitt, að ekki sje nægilegur tími gefinn til að útvega hæfa dómara í hæstarjett. Ef litið er á lögfræðingastjett þessa lands, þá fæ jeg ekki skilið, að hver og einn þeirra sje fær um að hlaupa upp í hæstarjett, þó gegnt hafi embætti einu eða öðru um nokkurn tíma, að þeim alveg ólöstuðum að öðru leyti. Það er öðru nær en svo sje. Þeir, sem fyrst kæmu til greina í þessar stöður, væru sennilega dómarar í yfirrjetti. Þeir eru þrír talsins. En af þeim er einn talsvert hniginn að aldri, og því ekki víst, að hann gefi um að fara upp í hæstarjettinn. Hann er kominn á þann aldur, sem venja er annarsstaðar að dómarar láti af embætti. Þá eru tveir eftir.

En hæstarjettardómarar eiga að vera fimm. Þá skyldi maður ætla, að næstir stæðu má ske lögfræðisprófessorar háskólans. Þeir eru auðvitað fullfærir til þess, gerir maður ráð fyrir. En hvað verður þá um háskólann? Og fyrir mig skiftir það mjög miklu máli, hvort háskólinn hefir á að skipa frambærilegum kennurum, eða efnum í vísindamenn, eins og maður verður að krefjast. Auðvitað er völ á ýmsum öðrum lögfræðingum, sem gegnt hafa öðrum embættum eða störfum, þótt þeir hafi ekki áður verið kennarar í lögum, eða gegnt skyldu-embætti, sem yrði að telja hæfa, ef fengjust. Með tilliti til sýslumanna, þá mætti telja tilbærilegt að taka einhvern af sumum þeirra, hvað snertir hæfileika. En þó gæti þetta orðið vandabundið og erfitt.

Aðalatriðið er þetta, að skortur getur orðið á hæfum mönnum í þessi mikilvægu embætti, og það þá ekki síst í kennara-embætti háskólans. Það mætti nú ef til vill segja, að tvö ár sjeu ekki nægur tími til að skapa slíka menn. En það er þó ekki alls kostar rjett. Segjum, að ungir og efnilegir menn, nýútskrifaðir, hefðu löngum til að halda vísindaveginn, frekar en gefa sig við öðrum störfum, sem ganga í alt aðra átt, þá væru tvö ár einmitt góður og hæfilegur tími fyrir þá til þess að afla sjer framhaldsmentunar. Og það væri einmitt mjög ákjósanlegt, að það yrði gert að reglu að láta menn hafa sjerstakan undirbúning undir þessi störf, ekki að eins dómarastörfin við hæstarjettinn, heldur einnig kennarastörfin við háskólann. Þess er full þörf, því að ekki getur það talist heppilegt að taka hvern sem vera vill, ef hann að eins hefir staðist próf, til þess að kenna vísindi við slíkan skóla.

En auk þessara fimm dómara við hæstarjettinn er líka hæstarjettarritarinn, sem einnig á að hafa fyrstu einkunn, og auk þess uppfylla ýms önnur skilyrði. Það er með öðrum orðum, að hjer þarf á sex völdum mönnum að halda.

Mjer er það nú alveg óskiljanlegt, hvernig hv. nefnd getur ætlast til, að þetta verði alt tilbúið um næstu áramót. Þess er líka að gæta, að þeim af núverandi dómurum, sem helst kunna að koma til greina við skipun hæstarjettar, mundi einnig kært að fá undirbúning nokkurn undir starfið.

Auk þess má hið sama segja um málflutningsmennina. Þeim mundi sæmra að koma undirbúnum en flana upp í hæstarjett nokkrum mánuðum eftir að lögin eru samþykt.

Jeg get alls ekki verið á sömu skoðun og hv. frsm. (E. A.) í því, að þótt ákvæðið um frest til 1. jan. 1922 næði fram að ganga, þá gæti það orðið til þess, að sá frestur yrði framlengdur áfram og áfram.

Jeg efast ekki um, að það er vilji alls þingsins, að stofnaður verði hæstirjettur hjer, en hitt er ekki þar með sagt, að hrapa skuli að því undirbúningslaust. Þetta mál er svo mikilvægt, að nokkurra mánaða undirbúningur ætti að vera sjálfsagður, og til þess að vel fari þurfa menn að hafa nokkurn tíma fyrir sjer í einu og öðru.

Það var ýmislegt fleira, sem athuga má við frv., sjerstaklega frá sjónarmiði málflutningsmanna, en jeg skal ekki fara langt út í þau atriði.

Nefndin hefir tekið til greina í brtt. á þgskj. 312 atriði, sem var eitt af þeim, sem málflutningsmannastjettin lagði áherslu á, og er það að vísu gott.

En í frv. eru fleiri atriði, sem hörð verða að teljast í garð þeirrar stjettar. Hjer er að tala um menn, sem haft hafa leyfi til að starfa við yfirrjettinn. Nú er það tilgangurinn, að hann sje úr lögum numinn. Auðvitað er þeim gefinn kostur á að komast að við hæstarjettinn, en því verður ekki neitað, að sum af þeim skil-

yrðum, sem þeim eru sett til þess, verða að teljast mjög óbilgjörn.

Það er ekki nema rjett, að fyrir slíkt leyfi, sem um ræðir, renni gjald nokkurt í ríkissjóð, og verður að teljast hæfileg upphæð sú, sem farið var fram á í stjórnarfrumvarpinu, sem var 200 kr. En þetta gjald hefir nefndin hækkað upp í 500 kr. Það er mjög ósanngjarnt, að þeir, sem nú hafa fullan rjett til málflutnings við yfirrjettinn, en verða sviftir því starfi, skuli greiða svo tiltölulega hátt gjald. Gagnvart þeim hefðu 200 kr. átt að nægja.

Þetta var eitt af því, sem málflutningsmannafjelagið fór fram á, að nefndin breytti þessu aftur.

En það er eins og vant er með þessa hv. nefnd, að henni verður aldrei þokað frá því, sem hún hefir einu sinni tekið í höfuðið, hvort sem það er rjett eða rangt. Menn geta verið miklir, en það er ekki holt að gera sjálfan sig svo mikinn, að maður geti ekki litið á hlutina með sanngirni.

En nú er það alls ekki víst, að svo komnu, að hæstirjettur geti uppfylt sem vera bæri allar þær kröfur, sem til hans verða gerðar með rjettu.

Það er því ekki vert að gerast alt of montinn af honum, og það þegar frá ársbyrjun 1920.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst við, að þess yrði langt að bíða, að nógir menn yrðu til í hæstarjett, sem til þess starfs væru mjög vel hæfir að allra dómi. Og jeg býst við, að nokkur ár líði svo, að skortur verði hjer á mönnum, sem hafa átt svo mikið við dómsstörf, að jafnfærir teljist mönnum þeim, sem hæstarjett skipa í stóru löndunum. Það er heldur ekki hægt að ætlast til þess, að finna jafnmarga úrvalsmenn meðal 30—40 manna, eins og meðal tuga þúsunda. Það má því altaf segja, að hjer sje ekki slíkt mannval, að jafnast geti við æðstu dómara annarsstaðar.

En jeg sje enga möguleika á því, að úr þessu verði bætt, þótt beðið verði í tvö ár, því að þótt þeir ungu menn, sem útskrifast, færu að leita sjer framhaldsmentunar, þá verða þeir þó ekki hæfir í hæstarjett að svo komnu.

Jeg veit líka, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) getur ekki hafa ætlast til þess. En hitt er ekki rjett, að láta hæstarjettinn bíða vegna þarfa háskólans, enda er það ekki víst, að hann verði neitt til fyrirstöðu í þessu máli. Að vísu mun enginn neita því, að prófessorar háskólans sjeu vel hæfir í hæstarjettinn, en hitt er ekki víst, að þeir kæri sig um þau skifti.

Jeg get því ekki sjeð, að þetta sje nein ástæða til að bíða.

Það er ekki nema rjett, að ekki sje til hæfilegt húsnæði fyrir hæstarjett. En því verður að tjalda, sem til er. Held jeg því, að menn verði að sætta sig við, þótt húsnæðið sje ekki sem best. Sú var líka tíðin, að Alþingi varð að sætta sig við ljelegt húsnæði og þótti engu lakara fyrir því.

Að öðru leyti finst mjer sjálfsagt, að ekki verði deilt um það, hvort hæstirjettur er stofnaður nokkrum mánuðum fyr eða síðar. Það er nokkurn veginn sama, þó ekki sje fyr en einhvern tíma á árinu 1920, ef það reynist ókleift fyrir 1. jan., en sjálfsagt er, að það verði svo fljótt, sem hægt er.

Og jeg efast ekki um, að það verði hægt um áramót, því að hæstirjettur verður í reyndinni ekki mikið annað en yfirrjettur er nú. Hann hefir að mestu verið okkar hæstirjettur.

Og það er að eins af tilviljun, að hæstirjettur í Kaupmannahöfn hefir nú fleiri íslensk mál til meðferðar en venja er til.

Auðvitað verður það erfitt fyrir dóm-

endur og málflutningsmenn, að málfærslan breytist og verður munnleg. En sá örðugleiki verður hinn sami eftir tvö ár eins og eftir nokkra mánuði, því að jeg geri ekki ráð fyrir, að dómendur og málflutningsmenn færu að nota þau ár til þess að æfa sig í munnlegri málfærslu.

Þessar ástæður allar eru því fremur lítilsverðar.

Um gjaldið get jeg verið samdóma hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Jeg tel það ekki alls kostar rjettmætt að heimta svo hátt gjald af þeim, sem nú hafa leyfi til málflutnings fyrir yfirrjetti. En hvort hv. nefnd leggur mikla áherslu á þetta atriði, veit jeg ekki. Mjer þykir líklegast, að það standi að eins í sambandi við verðfall peninga, og getur því ekki talist annað en aukaatriði.

Jeg held því, að óhætt sje að samþykkja frv. óbreytt, eins og það kom frá nefndinni.

Sigurður Sigurðsson: Jeg er þakklátur hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fyrir það, að hann studdi brtt. mína. Hann taldi fram margt, sem mælir með henni, og sýndi fram á, að hún er ekki einasta frambærileg, heldur er nauðsynlegt að samþykkja hana.

Jeg get nú ekki heldur sjeð, þótt svo mætti skilja orð hv. frsm. (E. A.), að nokkur vansæmd þurfi að vera að því, að flytja till. þessa, eða að hann þurfi að eigna mjer fyrir það einhvern sjerstakan hugsunarhátt, sem sje þessu máli öllu samanósamboðinn.

Jeg skal í því sambandi benda á það, að í sambandslögunum er gert ráð fyrir, að hæstirjettur verði ekki stofnaður fyrst um sinn. Hjer er því ekki um neitt það að ræða frá minni hálfu, sem vansæmd sje að.

Þá vildi jeg minnast á það, sem hv. frsm. (E. A.) sagði um húsnæðið. Hann gat þess, að efni og tilkostnaður annar mundi ekki lækka á næstu tveimur árum.

Það getur hugsast, en er þó ekki víst. En hitt er víst, að ef hæstirjettur á að taka til starfa nú um nýár, þá verður stjórnin nú þegar að láta fara að laga húsnæði það, sem hann á að hafa, sem vera mun loftið í hegningarhúsinu. Að öðrum kosti verður það ekki tilbúið í tíma.

En það er gefinn hlutur, að hvort sem er nú strax eða í haust verður erfitt að fá menn til að starfa að því, nema með afarkostum.

Og það var einmitt það, sem jeg átti við, að hægara væri að sæta tækifæri, bæði með efni og vinnu, ef beðið væri, heldur en ef rokið er í þetta nú í hendingskasti.

Jeg er sannfærður um, eins og líka hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að ef ráðist verður í þetta nú þegar, þá hlýtur það að kosta mikið, sjálfsagt miklu meira en hægt er að gera sjer hugmynd um í fljótu bragði.

Mjer hefir oft fundist, þegar um sjálfstæðismál er að ræða, að þá sjeu menn svo viðkvæmir, að ekki megi minnast á praktisku hliðina á þeim málum.

En fyr má nú rota en dauðrota.

Jeg er líka viðkvæmur fyrir okkar sjálfstæðismálum, en þó ekki svo, að jeg vilji ekki láta íhuga hinar hagkvæmlegu hliðar málanna, eins og vera ber.

Jeg vil því endurtaka það, að jeg tel mjer enga vansæmd í því, að hafa komið fram með till. þessa, því að praktiskar ástæður mæla með því, að hún verði samþ.

Fyrir málið sem sjálfstæðismál gerir það ekkert til, þótt það bíði 1—2 ár, en eins og jeg hefi sagt, getur það haft talsverða praktiska þýðingu.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg get verið stuttorður, þar sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hefir svarað ýmsu af því, sem jeg þurfti að svara.

Eina ástæðan, sem færð er fram fyrir

brtt., er sú, að nauðsynlegur undirbúningur geti ekki orðið framkvæmdur á svo skömmum tíma, sem frv. gerir ráð fyrir. Þetta er sameiginleg ástæða þeirra samherjanna, hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og hv. 1. þm. Árn. (S. S.); auk þess einhverjar sparnaðarvofur frá hv. 1. þm. Árn. (S. S.).

Undirbúningurinn er nú væntanlega fólginn í þrennu.

Vil jeg þar fyrst tilnefna húsnæðið. En um það er það að segja, að jeg get ekki búist við, að ráðist verði í að byggja hús á næstu tveimur árum til þeirra hluta. Jeg býst við, að ýmsir aðrir hlutir verði, sem kalla meira að. Þá er ekki annað eftir en að notast við það húsnæði, sem nú er til. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) virðist halda, að til þess þurfi fjarskalega dýrar umbætur á húsinu. Aðalatriðið hlýtur þó að vera að gera við veggi, mála þá eða leggja veggfóðri. Þá þarf líka að gera skilrúm eða grindur yfir nokkrar álnir á gólfi. Þá þarf ef til vill að bæta við ljóstæki þau, sem nú eru, annaðhvort gas- eða rafmagnslömpum, og borð þarf ef til vill heldur stærra en nú er.

En ekkert af þessu er svo stórvægilegt, að fresta þurfi málinu þess vegna.

Jeg get ekki skilið annað en þetta megi alt gera á 4—5 mánuðum, og ekki þykir mjer sennilegt, að það þurfi að kosta meira, sem nokkru nemur, nú en eftir 1—2 ár.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vitnaði til þess, að dýr hefði orðið viðgerðin á stjórnarráðshúsinu. En þó eitthvert verk reynist dýrt, eða gefnir sjeu of háir reikningar, þá get jeg ekki sjeð, að það þurfi að verða til þess, að frestað verði öðru nauðsynjamáli. Það er víst ekki heldur meining hv. þm. (G. Sv.), að stjórnin eigi að hika við þetta verk, eða önnur nauðsynleg, þótt hún hafi verið illa leikin í því atriði.

Þá kem jeg að öðru atriðinu. Það eru mennirnir. Mjer þykir nú ekki mjög líklegt, að ný mannasköpun geti farið fram á þessu tímabili. Annars eru það að líkindum ekki nema tveir menn, sem bæta þarf við í dóminn.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) virtist halda, að stofnun hæstarjettar gæti orðið háskólanum til tjóns, en þess ber þar að gæta, að ekki er víst, að prófessorar við háskólann kæri sig neitt um embætti þessi.

Ekki fæ jeg sjeð það mikla tjón, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) segir að háskólinn muni bíða við þessa breytingu. (*G. Sv.*: Sumir prófessorar hafa þegið að verða dómarar). Þar af leiðir ekki, að prófessorarnir hjer við háskólann kæri sig um það, enda er alls óvíst, að stjórnin snúi sjer til þeirra. T. d. vitum við hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um einn prófessorinn, að hann er ekki enn löghæfur til að taka sæti í dóminum, og á jeg þar við yngsta prófessorinn í lagadeild háskólans. Svo mætti segja, að jeg vissi líka um einn, þar sem jeg er sjálfur. (*G. Sv.*: Rjett þessa stundina). Annars virðist langt frá því, að það sje fjevænlegt að komast í hæstarjett, því hæstarjettardómarar eru svo bundnir, að með sanni má segja, að „politiskt" sjeð sje það sama og að ganga í klausturlifnað að gerast dómari í hæstarjetti. (*G. Sv.*: Hann getur verið góður á stundum). Já, fyrir gamla menn og hóglífa, en varla fyrir þá, sem ungir eru og vilja ekki loka sig inni.

Það má vera, að jeg beri ekki eins mikla umhyggju fyrir háskólanum og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). En jeg þykist þó viss um, að þetta frv. skaði hann ekki neitt. Þó svo færi, að einhver prófessoranna færi í hæstarjett, þá hygg jeg, að við hefðum nóga góða og unga kandidata, er gætu byrjað kenslu án nokkurs frekari undirbúnings, enda er svo, sannast að segja, að nægur tími vinst frá kenslustörfum til

þess að búa sig undir tímana og auka við þekkingu sína.

Þá var það fært fram sem meðmæli með breytingartill. hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að málaflutningsmenn yrðu betur undir munnlega málaflutninginn búnir, ef þetta drægist nokkur ár. Þetta fæ jeg engan veginn sjeð. Eins og öllum er kunnugt, er málfærsla öll við yfirdóminn skrifleg, og mundi hún verða það áfram þessi tvö ár, sem fresta á, og mundi því æfingin verða engin fyrir málfærslumennina til að undirbúa sig undir munnlegan málaflutning, frekar þangað til en hingað til. Þá var þm. V.-Sk. (G. Sv.) að hafa það á móti þessu frv., að ef það yrði samþykt, mundu sumir málaflutningsmenn verða sviftir starfi sínu. Jeg býst ekki við, að þessi orð hans hafi átt að skilja svo, að allir málaflutningsmenn ættu þrautalaust að geta orðið málaflutningsmenn við hæstarjett. Og ef það er rjett, þá er líka sjálfsagt að láta þá ganga í gegnum einhverja eldraun. Tel jeg líka víst, að þeir, sem þá eldraun standast, auki við álit sitt og praxis, fram yfir það, sem nú er. Útlendingar eru, sem kunnugt er, farnir að hafa mikil verslunarsambönd við þetta land, og mundi það ekki vera svo lítill vegsauki í þeirra augum, að vera hæstarjettarmálaflutningsmaður. Mundu slíkir menn ganga fyrir öðrum, og hafa þeir þá fengið fult fyrir sitt. Á hinn bóginn verður ekki komist hjá því, að þeir, sem ekki standast eldraunina, muni verða hart úti, og verður ekki við gert. Auk þess er þetta prófskilyrði ekki sett þegar í stað neinum af þeim, sem nú hafa fengið rjett til þess að flytja mál fyrir yfirdómi, heldur er þeim veittur 2 ára frestur, og sömuleiðis fá þeir einnig að ganga undir prófið, sem hlotið hafa lægri einkunn en 1. einkunn í lagaprófi, ef þeir hafa áður fengið málaflutningsleyfi fyrir yfirdómi. Þótti þetta hvorttveggja sjálfsögð fríðindi.

Viðvíkjandi gjaldinu, sem greiða skal í landssjóð fyrir fengið leyfi til að flytja mál fyrir hæstarjetti, vil jeg lýsa því yfir, að mjer er ekkert kappsmál, hvort það er heldur 200 eða 500 kr., eða að þeir fengju slíkt leyfi fyrir lægra gjald, sem nú eru málaflutningsmenn.

Að lokum vil jeg biðja hæstv. forseta um að hafa nafnakall um brtt. á þgskj. 318.

Sigurður Stefánsson: Jeg vil fúslega kannast við, að þetta mál er töluvert viðkvæmt mál, þar eð það er metnaðarmál hins unga fullvalda ríkis. En þessi metnaður tel jeg að fenginn sje með sambandslögunum, því þar sem þar er ákveðið, að við höfum fullan rjett og umráð yfir þessu máli og getum því flutt æðsta dómsvald inn í landið hve nær sem vjer viljum, þá skiftir hitt litlu, hvort vjer gerum það árinu fyr eða seinna. Finst mjer mikil ástæða til, að ekki verði hrapað að undirbúningi þessa stórmerkilega máls, því ef slíkt er gert, getur metnaðurinn orðið minni og framkvæmdin ekki eins glæsileg og þetta stórmál á skilið. Að þessu leyti er jeg samdóma hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og flm. till. á þgskj. 318. En þó vil jeg taka það skýrt fram, og án þess að skammast mín nokkuð fyrir, að það er aðallega af sparnaðarástæðum, að jeg vil fresta framkvæmd málsins. Þykir mjer fullgildar ástæður fyrir því, að líta líka á þá hlið málsins, eins og fjárhag landsins er nú komið.

Jeg skal játa, að ef þessi breyting á dómsmálum landsins væri bráðnauðsynleg, þá mundi jeg ekki vilja fresta þessu. En nú hefir því verið lýst yfir, og það af sjálfum hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að svo væri komið, að ekki væru það nema örfá mál, sem færu til hæstarjettar, og tel jeg því engan skaða skeðan, þótt það dragist 1—2 ár að flytja þann dómstól inn í landið. Ástæðan til slíkra aðgerða

væri miklu meiri, ef fjöldi mála væri dæmdur í hæstarjetti, eða þá að alment væri óánægja með dómsúrslit í hæstarjetti í íslenskum málum. Þar sem nú þeirri ástæðu er ekki til að dreifa, lít jeg á málið algerlega frá hinni praktisku hlið þess. Ef þetta frv. yrði samþykt, hefði það í för með sjer 20—25 þús. kr. aukin útgjöld fyrir landssjóðinn. Það yrði að bæta við þremur nýjum mönnum í landsyfirrjett, og býst jeg ekki við, að þeim yrði boðið minna en 6—8 þús. kr. laun. Jeg býst því við, að þeir, sem líta nokkuð á fjárhag landsins, hefðu ekki legið stjórninni þungt á hálsi fyrir það, þótt hún hefði látið málið hvílast eitt fjárhagstímabil. Jeg vil ekki gera stjórninni svo illar getsakir, að málinu hafi verið flýtt svo af því, að einstöku menn hefði langað svo mjög í hinn nýja vegsauka. En þar sem svo er ástatt, að maður verður að klípa af útgjöldum til bráðnauðsynlegra mála, til styrktar atvinnuvegum landsins, já, þar sem ríkið verður nú að taka lán á lán ofan til þess að koma í framkvæmd bráðnauðsynlegum fyrirtækjum, finst mjer full ástæða til að fresta þeim útgjöldum, sem ekki eru bráðnauðsynleg eða öllum bagalaust, þótt frestað sje. Þar sem fjárhagur landsins er nú svona bágborinn, þá skammast jeg mín ekki fyrir, heldur tel skyldu mína, að styðja að því, að þessu máli verði frestað um næstu tvö ár.

Jeg lít auk þess svo á, að í þessu máli eins og í öðrum hugsjónamálum, geti fullveldishugsjónin gengið svo langt, að hægt verði að ásaka okkur um fullveldismont, en það tel jeg fullveldismont, ef látin eru sitja fyrir bráðnauðsynlegum málum önnur mál, sem vel þola nokkra bið. Það er nú orðin siðvenja hjer á landi að rökstyðja allar stærri bænaskrár með því, að nú sjeum við fullvalda og getum sóma okkar vegna ekki annað en orðið við þeim. En á það er ekki litið, og því enginn gaumur gefinn, þótt þetta fullvalda ríki geti áður en varir orðið gjaldþrota fyrir ráðleysisbrutl og fyrirhyggjuleysi löggjafanna. Jeg vil ekki segja, að við sjeum svo hætt komnir, en fyrir mjer vakir, að þá fyrst verði Ísland í raun og sannleika fullvalda ríki, er við erum fjárhagslega sjálfstæðir. Mjer þykir ekki mikið til þess fullveldis koma, er flýtur á hyldýpi skuldanna.

Að endingu vil jeg lýsa því yfir, að jeg mun greiða atkv. með frv., hvernig sem fer um þessar brtt.; geri jeg það af virðingu fyrir málinu, þótt jeg telji ver farið, ef hún fellur.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg vil leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. ágúst, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 254, 312, 318).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1.— 3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
4.—12. — — — 17 — —
13.—20. — — — 20 — —
21.—22. — — — 17 — —
23.—33. — — — 17 — —
34.—41. — — — 17 — —

Brtt. 312,1. (ný 42. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

43.—47. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 312,2. samþ. með 19 shlj. atkv.

48. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
49.—50. gr., samþ. með 18 shlj. atkv.

51.—54. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
55.—56. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 318. feld með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., S. S., S. St., B. St., E. Árna., G. Sv., H. K.
nei: J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. J., J. J,. J. M., Ó. B.

Tveir þm. (Sv. Ó. og Þorst. J.) fjarstaddir.

57. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 14. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 341).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með öllum gr. atkv. og endursent Ed.

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 15. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um hæstarjett,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 372).

Á 33. fundi í Ed., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Frv. þetta kemur hingað aftur óbreytt frá hv. Nd., að öðru leyti en því, að 42. gr. þess hefir verið breytt lítillega þar í deildinni og viðauka skotið inn í 48. gr., hvorttveggja eftir tillögum samvinnunefndar allsherjarnefnda beggja deilda.

Breytingarnar á 42. gr. eru tvær; önnur sú, að sá, er frávísun sakar vill krefjast, skuli tilkynna það hæstarjettarritara, í stað gagnaðilja, og hin er sú, að tilkynningin skuli fara fram viku áður en mál skal þingfesta, í stað 2 dögum áður eftir frv., eins og það fór hjeðan.

Viðbótin, sem skotið hefir verið inn í 48. gr., er þess efnis, að að eins skuli greiða hálf dómgjöld í málum, sem ekki nema 100 kr., og stendur sú breyting í sambandi við það, að summa appellabilis í stjórnarfrv. var 100 kr., en færð niður hjer í deildinni í 25 kr.

Jeg leyfi mjer fyrir hönd samvinnunefndarinnar að vænta þess, að hv. deild telji breytingar þessar til bóta og samþ. frv., helst í einu hljóði, eins og það nú liggur fyrir.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins taka undir síðustu orð háttv. frsm. (Jóh. Jóh.) um það, að hv. deild samþ. frv. í einu hljóði. Þessi dagur er merkilegur í sögu þjóðarinnar, þegar það er ákveðið, að æðsta innlenda dómsvaldið verði flutt inn í landið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 406).

10. Húsaleiga í Reykjavík.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík (A. 10).

Á 4. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mál þetta er fram komið fyrir tilmæli bæjarstjórnar Reykjavíkur. Hingað til hefir þingið ekki hindrað framgang þess, en næstum óskift fylgt bæjarstjórninni.

Mun jeg láta nægja að vísa til athugasemda frv. um einstök atriði þess.

En jeg er í nokkrum vafa um, til hvaða nefndar vísa skuli málinu; að líkindum verður það að fara í ruslakistu þá, er allsherjarnefnd kallast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með 16 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 79).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. er borið fram af stjórninni til staðfestingar bráðabirgðalögum 14. okt. f. á. Þetta frv. hefir því fengið töluverða reynslu, og eftir því, sem bæjarstjórninni og húsaleigunefnd segist frá, þá hefir viðbótin gefist vel. Nefndin leggur því til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Það kom til tals í nefndinni að taka undan þau hús, er reist yrðu hjer eftir, og var það borið undir borgarstjórann, en hann tók því fjarri. Hjelt hann, að viðbótin yrði orsök til togstreitu milli innanbæjarmanna og þeirra manna utanbæjar, sem hefðu hug á að flytja til bæjarins. Því fanst nefndinni rjettast, að frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir og hefir verið framkvæmt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

2. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 10).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 127).

Á 15. fundi í Ed., föstudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 10 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., fimtudaginn 31. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 127, n. 186).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Nefndin hefir falið mjer framsögu í þessu máli, þótt það í rauninni mætti sýnast misráðið, þar sem jeg á síðasta þingi bar fram brtt. við húsaleigulög Reykjavíkur, þar sem ætlast var til, að lögin yrðu vægari en þau höfðu verið áður, og auk þess vitanlegt, að jeg óska húsaleigulögunum norður og niður hið allra fyrsta.

Nefndin hefir íhugað þetta mál töluvert vandlega og komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje mikið við það að athuga. Það er að vísu hert töluvert mikið á húsaleigulögunum eins og þau nú eru, en því verður eigi neitað, að það hefir töluvert til síns máls. Í fyrsta lagi skal jeg geta þess, að þetta frv. hefir engri mótstöðu sætt, hvorki af hálfu bæjarbúa nje bæjarstjórnar. En er jeg flutti frv. mitt í fyrra um rýmkun laganna, var það eftir áskorun eigi færri en 350 borgarbúa. Í öðru lagi hefir nefndin athugað, hvort eigi bæri að undanskilja allar nýrri húsabyggingar, því hætt væri við, að svo gæti farið, að lögin yrðu til þess að tefja fyrir nýjum húsabyggingum, svo húsnæðisekian hjeldist við. Átti nefndin tal við borgarstjóra um þetta efni. Játaði hann, að þessi ástæða hefði töluvert til síns máls, en á hinn bóginn kvað hann við búið, að nýjar byggingar yrðu eigi rjett notaðar. Mundu þær aðallega ætlaðar til sölu, eigi bæjarmönnum, heldur aðallega sveitamönnum, er flyttu til bæjarins og neyddust til að kaupa, til að fá þak yfir höfuð sjer. Það er öllum kunnugt, að ýmsir menn, svo kallaðir fasteignasalar, hafa keypt hjer hús og haldið þeim óleigðum, til þess að selja þau aftur fyrir tvöfalt og þrefalt verð.

Nefndin fjell því frá þeirri miðlunartilraun sinni, að gera undanþágu þegar um nýjar byggingar væri að ræða, en vonast fastlega til, að lögin verði ekki látin gilda lengur en ítrasta nauðsyn krefur.

Ætla jeg svo ekki að ræða þetta mál meira að sinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. — — — 9 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 127).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Ed. miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Nefndin hefir ekki athugað þetta mál frá því við 2. umr., hafði ekki búist við því, að þess þyrfti. En nú hefi jeg heyrt forseta lesa upp tilkynning um það, að lögð hefði verið fram á lestrarsal áskorun frá fjölda Reykvíkinga um það, að fá lögin afnumin. Nefndin hefir ekki haft tækifæri til þess að kynna sjer þær ástæður, sem færðar eru í nefndri áskorun; fyrir því leyfi jeg mjer að óska þess, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá.

Forseti: Samkvæmt tilmælum hv. frsm. (G. G.) tek jeg hjer með frv. út af dagskrá.

Á 34. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 127).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Þetta mál var svo að segja komið á síðustu tröppu þegar það var hjer síðast á ferðinni. En þá var það tekið út af dagskrá vegna ávarps, sem borist hafði þinginu frá

yfir 600 mönnum í Reykjavík, — bæði húseigendum og öðrum — um það, að afnema húsaleigulögin, og þá auðvitað heldur ekki samþ. þetta frv. Síðan hafa um 60—70 manns bæst við á þetta skjal. Nefndin taldi þegar svona var komið, sjálfsagt að leita umsagnar þeirra, sem næst stæðu þessu máli og skrifaði þess vegna húsaleigunefndinni. En í svari sínu var hún algerlega mótfallin því, að afnema lögin, og meira að segja á móti því, að undanþiggja nýbyggingar, eins og komið hefir til mála í allsherjarnefnd.

Jeg hirði ekki um að rekja hjer allar ástæður húsaleigunefndar. Þær voru flestar veigalitlar, að mínu viti. Þó skal jeg drepa á það, að þess var þar getið, að flestar nýbyggingarnar mundu lenda í höndum braskara, sem geyma mundu þær utanbæjarmönnum, til þess að græða meira á þeim. Þetta húsabraskaraheiti er nú mjög notað, bæði í tíma og ótíma, en tæpast verður það notað í þessu sambandi, því varla eru það eintómir braskarar, þessir 6—700 menn, sem skrifað hafa undir áskorunina til þingsins. Nefndin hefir einnig skrifað borgarstjóra Reykjavíkur um málið og fengið frá honum svar í sama anda og svar húsaleigunefndarinnar. En þegar bæði þessi stórveldi hafa nú lagst svo ramlega á sveifina með lögunum, sá nefndin sjer ekki fært að gera neinar breytingar á þeim, en býst við, að þau verði samþ.

En jeg fyrir mitt leyti vil þó taka það fram, að jeg vil hafa mig undanþeginn allri þátttöku í þeim sálmasöng, sem kyrjaður hefir verið lögum þessum til lofs og dýrðar. Því mjer þykir leitt, hvernig máli þessu er komið, og það ekki síst sakir þess, að svo má segja, að þar sje að eins um að kenna því, að oflítið eða ekkert hafi verið til þess reynt af beggja hálfu að koma á málamiðlun. Því jeg játa það fúslega, að kann ske hefði það verið varhugavert að afnema húsaleigulögin nú alveg í einu. En hitt finst mjer þó engu minni fjarstæða, að ætla að herða á þeim einmitt nú, því það er alkunnugt, að þau voru í öndverðu að eins bráðabirgðarráðstöfun vegna stríðsins, og var því ætlað að falla úr gildi þegar því ljetti af. Yfirleitt held jeg að segja megi, að báðir málsaðiljar hafi skotið yfir mark. — Það hefir verið hert á þessari hengingaról húseigenda — lögin hafa verið gerð ósanngjarnari, í stað þess, að það átti að gera þau sanngjarnari. Og það eru alls ekki húseigendur einir, sem eru þeirrar skoðunar, að lögin sjeu ósanngjörn. Jeg hefi hitt ýmsa leigjendur, t. d. fátæka verkamenn, sem heldur hafa hallmælt þeim og sagst vera óvissir um það, hvort þau *hefðu* gert nokkuð gagn — hvað þá heldur um það, hvort þau *mundu* gera það hjer eftir.

Jeg vænti þess nú, að hæstv. stjórn athugi þetta mál vel, og afnemi síðan lögin svo fljótt, sem unt er — jafnvel þó svo færi, að setja yrði bráðabirgðalög aftur — því við þetta mundi að minsta kosti skapast reynsla um það, hvernig ástandið yrði með og án laganna.

En jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að alt þetta ástand um húsnæðisleysið mundi batna ef lögin væru sanngjarnari.

Því það er vitanlegt, að fólki fjölgar ekki í bænum, þó ein íbúð sje losuð og fólkið flytjist annað. Það væri þá helst, að losnaði um fólk, sem enginn vildi hafa — en það er sannast að segja um slíkt fólk, að það er fullmikið lagt í sölurnar fyrir það, að taka eignar- og umráðarjett húsakynnanna af öllum öðrum fyrir það.

Annars má minna á það — þó nefndin hafi auðvitað verið upp úr því vaxin að taka slíkt til greina — að orðrómurinn, sem gengið hefir um bæjarstjórn og húsaleigunefnd í sambandi við þetta mál, er alt annað en fagur, oft og einatt. Það er t. d.

sagt, að borgarstjóri búi sjálfur í leiguíbúð hjá sjer fátækari manni, og borgi ekki ofmikið, og það er sagt, að húsaleigunefndin vilji gjarnan hjara sem lengst, til þess að fá aurana.

En yfirleitt mun það vera satt, að ýmsir stórefnamenn noti húsaleigulögin hjer sem skálkaskjól, til þess að sitja sem fastast í leigulágum íbúðum, — sem fátækir eigendur þurfa kann ske að nota — til þess að spara sjer byggingarkostnað í dýrtíðinni, og vilja heldur vinna til að eiga í sífeldu karpi og kerlinganöldri á báða bóga en bæta úr húsnæðisekluinni með því að byggja, þó einmitt þeir væru manna færastir til þess.

Jeg er, að endingu, ekki með lögunum, en sje að það muni ástæðulaust að spyrna á móti þeim.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., Jóh. Jóh., K. D., M. T., S. E., S. J., S. F., G. B.

nei: E. P., G. G., H. St., H. Sn., K. E., M. K.

Frv. afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 425).

11. Breyting á Landsbankalögum.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, 18. sept. 1885, m. m. (A. 14).

Á 3. fundi í Nd., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það getur verið, að fyrsta tilefnið til þessa frv. hafi verið það, að launalagafrv. er lagt fyrir þetta þing. En launaákvæði bankans geta ekki heimfærst undir þau lög, en hins vegar er full ástæða til að liðka eitthvað um launakjör starfsmanna hans.

Í 5. gr. frv. eru því ákvæði, sem að því lúta, en um leið er tækifærið notað til að setja skýrt fram í einni heild ýms ákvæði um bankann. Í 9. gr. eru því talin ýms ákvæði, sem staðið hafa á víð og dreif, en eru nú úr gildi numin með lögum þessum.

Að öðru leyti vona jeg, að athugasemdirnar, sem frv. fylgja, nægi til skýringar. Vil jeg því óska, að því verði vísað til fjárhagsnefndar, að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) með 15 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 178).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Frv. þetta gerir ekki mikla breyting á núgildandi Landsbankalögum, og þarf jeg ekki að fara mörgum orðum um það, því að í nefndarálitinu er gerð grein fyrir þeim og sömuleiðis afstöðu nefndarinnar til þeirra.

Fyrsta brtt. nefndarinnar er sú, að í 4. gr. frv. falli burt orðin: „við sparisjóðsdeild". Í þeirri grein er bankastjórninni heimilað að skipa sjerstakan gjaldkera við sparisjóðsdeild bankans. En nú hefir bankastjórnin óskað að fá þessu breytt þannig, að annar fjehirðirinn annist innborganir, en hinn útborganir. Nefndin sá ekki ástæðu til að hafa á móti þessari

beiðni bankastjóranna, og hefir því borið fram þessa brtt. Annað nýmæli er það í þessari grein, að bankastjórn megi veita einum af starfsmönnum bankans umboð til að rita undir skuldbindingar í fjarveru tveggja bankastjóra. Nefndin telur ekki ástæðu til að leggja á móti þessu. Það hefir áður komið fyrir, að setja hefir orðið bankastjóra til þess eins, að skrifa undir slíkar skuldbindingar. Hjer er því í raun rjettri ekki um annað að ræða en formsatriði.

Þá er í 5. gr. frv. talað um laun bankastjóra, bókara og fjehirðis, og mun það vera aðaltilgangur frv. að bæta þau. Tveir af nefndarmönnum hafa skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara um það atriði; mun annar þeirra telja launin sett of lág, en hinn of há. Að öðru leyti geri jeg ráð fyrir, að þeir muni hvor um sig gera grein fyrir atkvæði sínu og ágreiningi.

Aðalbreyting nefndarinnar er við 8. gr. Í stjórnarfrv. er gert ráð fyrir, að stofnaður sje eftirlaunasjóður handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og að lagt sje í sjóð þennan 3% af ársarði bankans, þangað til sjóðurinn nemi 200000 krónum.

Nefndinni þótti hjer of langt farið, þar sem í lífeyrisfrv. stjórnarinnar er ætlast til, að eigi sjeu lagðar nema 50000 kr. úr ríkissjóði í lífeyrissjóð handa öllum starfsmönnum ríkisins, þeim er laun eiga að taka eftir launalögum. Leggur nefndin því til, að upphæðin sje færð mjög mikið niður og að greiddar sjeu eitt skifti fyrir öll 25000 kr. í sjóðinn; er þetta tillag þó tiltölulega mun ríflegra en það, sem ríkissjóður leggur fram í lífeyrissjóð handa sínum starfsmönnum. Í sambandi við þetta stendur önnur brtt. nefndarinnar, sú, að allir sem fá fasta atvinnu við bankana eftir að lög þessi öðlast gildi, skuli skyldir að greiða í eftirlaunasjóðinn 3% af árslaunum sínum, gegn því að fá rjett til að öðlast styrk úr honum, og að sama rjett öðlist þeir, sem eru starfsmenn bankans þegar lögin ganga í gildi, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma. Þessi skyldukvöð er samkvæm kvöð þeirri, sem ætlast er til að hvíli á embættismönnum ríkisins, að sjá sjer fyrir ellistyrk. Nefndin sá þó ekki fært að ákveða árgjaldið í eftirlaunasjóðin hærra en 3% af launaupphæðinni. Henni þótti 5%, eins og embættismönnum er gert að greiða, helst til hátt, þegar þess er gætt, að ýmsir, sem í þjónustu bankanna ganga, eru ungir menn með lágum byrjunarlaunum. Um starfsmenn bankans, þá sem eru þegar lögin öðlast gildi, er það að segja, að þeim er gefinn kostur á að greiða gjald í eftirlaunasjóðinn og öðlast þá jafnframt eftirlaunarjett. Lengra er ekki farið hjer, því það mundi hafa þótt nokkuð harðdrægt að skylda þá til að taka þessa kvöð upp á sig.

Við 9. gr. ber nefndin fram þá brtt., að lögin skuli öðlast gildi 1. jan. 1920. Þykir henni eðlilegast, að svo sje.

Enn fremur þykir nefndinni rjettast, að burt sjeu feldar nokkrar lagatilvitnanir, sem í frv. standa, því þar er að ræða um lög, sem þegar eru fallin úr gildi, og þarf því ekki að upphefja þau að nýju.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. P., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., Ó. B.

Þrír þm. (B. J., B. K. og J. B.) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 178,1. samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv.

5.—7. gr. samþ. með öllum gr. atkv. gegn 1.

Brtt. 178,2. (verður 8. gr.) samþ. með 12 :1 atkv.

— 178,3.a.—b. samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj atkv.

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4 ágúst. var frv. tekið til 3. umr. (A. 215, 216).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 215, 216, 265, 266, 268, 269, 279).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., fimtudaginn 7. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það hefir drifið að slíkur fjöldi af brtt. nú við 3. umr., að jeg verð að fara nokkrum orðum um þær.

Skal jeg þá fyrst minnast á brtt. á þgskj. 266, frá nefndinni í málinu, eða rjettara sagt frá meiri hluta hennar.

Úr því að gert er ráð fyrir, að að því geti rekið, að fjehirðar verði tveir við bankann, þá virðist rjettast, að stjórnarráðið skipi þá báða, en ekki að eins annan þeirra, eins og gert er ráð fyrir í 4. gr. frv. Brtt. gerir ráð fyrir, að aðstoðargjaldkeri verði skipaður, þegar þörf krefur, og að bankastjórnin segi landstjórninni til og ákveði, hve nær sú þörf sje fyrir hendi. Það er gert ráð fyrir, að annar þessara manna nefnist fjehirðir, en hinn aðstoðarfjehirðir. Nefndinni þótti rjett að ákveða dálitlu lægri laun handa aðstoðarfjehirðinum en hinum, en sama mistalningarfje, því að gert er ráð fyrir, að þeir sjeu hliðstæðir, og að aðstoðarfjehirðirinn sje ekki undir hinn gefinn. Þá virtist nefndinni og heppilegast, að eigi væri fastákveðið í lögunum sjálfum um verkaskiftinguna milli þessara tveggja manna, heldur ákvæði stjórnarráðið hana, að fengnum tillögum bankastjórnar. Telur hún það óheppilegt að einskorða hana nú þegar, því að sú skifting gæti síðar reynst óheppileg. Þessar breytingar, sem hjer ræðir um, eru samhljóða skoðun sjálfrar bankastjórnarinnar, sem nefndin hefir rætt við um þær.

Enn fremur vill nefndin, að það komi skýrt fram, að bankastjórarnir eigi að njóta dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og starfsmenn ríkissjóðs, en í frv. kemur þetta óskýrt fram, og ber því nefndin fram brtt., til að taka af allan vafa um þetta.

Hv. þm. Barð. (H. K.) gat ekki orðið samferða meðnefndarmönnum sínum um sum atriði, og ber því fram sjerstakar brtt. á þgskj. 269.

1.brtt. hans er sú, að þegar skuli skipaðir tveir fjehirðar, og vill hann, að annar sje nefndur fjehirðir, en hinn gjaldkeri; ætlast hann til, að sá þeirra, sem hann nefnir fjehirði, taki á móti öllu fje, sem greitt er inn í bankann, en gjaldkeri hans á að greiða alt fje út úr bankanum.

Í sjálfu sjer er ekki mikið að athuga við þessa nafnagreining; en þó mun orðið fjehirðir og gjaldkeri vera viðhaft jöfnum höndum og í sömu merkingu í daglegu tali, hvort heldur um innborgunarstarf eða útborgunar er að ræða, eða hvorttveggja.

Það, sem rjeð því, að meiri hluti nefndarinnar fjell frá þessu orðalagi, var, að það var alls ekki sýnt, að þetta væri hin einasta besta skifting starfsins, að annar hafi útborganir, en hinn innborganir. Það kom líka til mála að skifta öðruvísi Þótti nefndinni því hyggilegra að hafa þetta ekki fastbundið með lögum. Sem dæmi skal jeg nefna það, að í frv., eins og það var upphaflega, var bankastjórn heimilað að skipa sjerstakan fjehirði við sparisjóðsdeildina. Bankastjórnin áleit það heppilegt, og hefir reynt það, en það hefir ekki reynst heppilegt fyrirkomulag til frambúðar. Eins gæti það nú sýnt sig, að óheppilegt væri að skifta ekki eftir inn- og útborgunum, og þá væri ilt, að það væri lögákveðið. Og að minsta kosti er engu spilt, þótt brtt. meiri hlutans verði samþykt.

Í sambandi við þetta stendur líka sú brtt. frá sama hv. þm. (H. K.), að laun beggja fjehirðanna, eða eins og hann nefnir þá, fjehirðis og gjaldkera, verði jafnhá. Þarf ekki að ræða þá brtt. sjerstaklega. En aftur er það rjett, frá sjónarmiði meiri hlutans, að þar sem annar er nefndur aðstoðarfjehirðir, þá sje hann settur skör lægra.

Þá er meiri hlutinn ósammála minni hlutanum um styrktarsjóðinn. Hv. þm. Barð. (H. K.) vill, auk 25,000 kr., einnig láta bankann leggja fram 1½ % af nettoársarði bankans í næstu 10 ár eftir að lögin öðlast gildi. Það er ekki gott að vita, hve miklu það muni nema. En jeg hygg, að ganga megi út frá 500—600 þús. kr. gróða á ári. Verður þá þetta 9 þús. kr. á ári, eða alls 90 þús. kr. í viðbót við þessi 25 þús. kr. Þetta þykir meiri hlutanum alt of mikið, og hefir hann sjerstaklega tekið til samanburðar lífeyrissjóð embættismanna, þar sem ríkissjóður á að eins að leggja fram 50 þús. kr. í eitt skifti fyrir öll. Það er auðsætt, að ef leggja ætti fram 115 þús. kr. til styrktar sjóði handa starfsmönnum Landsbankans einum, en ríkissjóður að eins 50 þús. kr. handa öllum þeim embættismönnum, sem taka laun sín eftir almennum launalögum, þá er það rangt hlutfall. Og þó að þetta eigi einnig að ná til starfsmanna við útbú bankans, þá er það sama.

Þá vill sami hv. þm. (H. K.) hækka laun bankastjóranna allmjög. Fyrst og fremst launin sjálf, samkvæmt 3 brtt. á þgskj. 269, úr 6000 kr. upp í 8000 kr., og þar að auki, samkvæmt 5 brtt. á þgskj 268, greiða þeim 5% af ársarði bankans, sem myndi nema 10,000 kr. til hvers, svo framarlega sem gróðinn yrði 600,000 kr., eins og gera má ráð fyrir. Laun bankastjóranna myndu þá verða um 18,000 kr., og auk þess dýrtíðaruppbót, sem líklega gæti numið 3000 kr. á ári. Laun því alls um 21,000 kr. á ári. Þetta þykir meiri hlutanum of hátt. Hv. þm. Barð. (H. K.) hreyfði þessu þegar í nefndinni, en meiri hlutinn gat ekki gengið inn á það. Hann getur vel unað við það, sem lagt er til í stj.frv., að föstu launin sjeu 6000 kr. og 5% af ekki hærri upphæð en 300,000 kr. Má þá gera ráð fyrir, að launin yrðu 11 þús. kr. föst, auk dýrtíðaruppbótar, svo að launin yrðu alls 14,000—15,000 kr. Það þótti meiri hlutanum nokkurn veginn sæmilegt. Það er hærra en hæstu laun, sem greidd eru nokkrum embættismanni landsins, og er rjett að miða nokkuð við það. Það er að vísu vitanlegt, að erlendir bankar, og jafnvel Íslandsbanki, gjalda hærri laun. En þar til er því að svara, að það eru venjulegast stærri stofnanir. Annað er það, að hjer er um banka að ræða, sem er eign hins opinbera, og er þá rjett að launa starfsmönnum hans eftir líku hlutfalli og öðrum starfsmönnum hins opinbera, en þó þannig, að þeir verði hæstir.

Í samræmi við þetta getur meiri hlutinn ekki gengið að brtt. á þgskj. 268, nje heldur brtt. á þgskj. 265. Og sama er að

segja um brtt. á þgskj. 216. Þar er atriði, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) gat ekki orðið nefndinni samferða um viðvíkjandi launum bankastjóranna. Hann vill færa þau niður frá því, sem stjórnin hefir áætlað, um 1% af ágóðanum. Það myndi, eftir því sem ætla má, muna um 1000 kr. á ári fyrir hvern bankastjóra, svo að föstu launin yrðu 10,000 kr., auk dýrtíðaruppbótar.

Þá er enn ein brtt., á þgskj. 279, sem gengur út á það, að allar opinberar stofnanir og sjóðir, sem hafa handbært fje, skuli geyma það hjá Landsbankanum eða útbúum hans, ef staðhættir leyfa, og enn fremur starfsmenn ríkisins, undir sömu skilyrðum. Og svo loks, að Landsbankinn einn, með útbúum, hafi heimild til að taka við tryggingargeymslufje (depositum). Um þessa till. hafa nefndarmenn ábundið atkvæði. Jeg tala í eigin nafni, er jeg segi, að jeg get alls ekki gengið inn á þessa brtt. Er það aðallega vegna sparisjóðanna úti um landið. Þeir hafa nú heimild til þess, samkvæmt lögum, að ávaxta ómyndugra fje og opinbert fje. Þeir eru í töluverðum vexti, og lítur út fyrir, að þeir geti í sumum hjeruðum bráðlega fullnægt peningaþörfinni. Væru þessi hlunnindi tekin af þeim, yrði það til að rýra töluvert hag þeirra. En það er gott, að þeir hafi ómyndugra fje til ávöxtunar. Það stendur oft lengi á vöxtum, jafnvel alt að 20 ár. Þess vegna yrði það töluverður hnekkir fyrir sparisjóðina að missa þessa heimild. Hið sama er um opinbert fje, t. d. fje sjóða og stofnana. Og til dæmis um sjóðina get jeg nefnt það, að sjóður, sem á fyrir sjer að verða miljónasjóður, er ávaxtaður í sparisjóði. Ef breyta ætti þessu og afnema með lögum, gæti jeg alls ekki gengið inn á það, því að það sýnist hart að gengið gagnvart þessum þörfu stofnunum, sparisjóðunum.

Það sýnist líka vera undarlegt að veita einni stofnun einkarjett til að ávaxta fje. Það er óeðlilegt að útiloka allan „konkurrence". Og það er ekki búmannlega hugsað, fyrir hönd þess opinbera, að einskorða, hvar fje þess skuli ávaxtað, án þess að neitt sje hugsað fyrir kjörunum, því að ef ein stofnun fær einkarjett á ávöxtum þessa fjár, er hætt við, að sú sama stofnun geti haft tilhneigingu til að skamta vextina úr hnefa. Það er að vísu ein undantekning, þessi: „ef staðhættir leyfa". Jeg sje ekki vel, hvernig þetta ber að skilja. Staðhættir leyfa altaf að senda fje með pósti frá einum stað til annars. Þessi orð eru því óheppilega valin, eiga alls ekki við og ættu að falla burtu.

Hvað snertir starfsmenn ríkisins, þá er ætlast til, að þeir „geymi þar alla þá peninga, sem þeir hafa undir höndum fyrir ríkið". Jeg veit ekki til, að starfsmenn ríkisins megi geyma fje ríkisins í bönkum. Þeir eiga, eftir gildandi reglum nú, að skila af sjer jafnharðan í ríkissjóð. Hjer er þeim gefin heimild til að leggja fje ríkisins á vöxtu, en jeg vil alls ekki, að þeim sje gefið neitt undir fótinn um það.

Ákvæðið um tryggingargeymslufje gerir í sjálfu sjer ekki mjög mikið til, en þó getur það verið mjög óþægilegt, að enginn megi geyma „depósita" nema Landsbankinn. Það getur jafnvel gert að verkum, að menn geta ekki uppfylt þetta skilyrði, að setja tryggingu, í tæka tíð, vegna þess, að langan tíma getur tekið að flytja fjeð. En þetta kemur sjaldan fyrir, og jeg legg ekki mikið upp úr því.

En aðalatriðið fyrir mjer er það, að jeg vil alls ekki taka af sparisjóðunum þann rjett, sem þeir hafa til að ávaxta opinbert fje og fje ómyndugra.

Hákon Kristófersson: Eins og hv. frsm. meiri hl. (M. G.) gat um, hefi jeg ekki getað orðið hv. meðnefndarmönnum mínum samferða um brtt. við frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, og hefi því komið með brtt.

á þgskj. 269, sem jeg vil nú fara nokkrum orðum um.

Hv. frsm. meiri hlutans (M. G.) fór mörgum orðum um þær og skýrði þær að nokkru leyti. Jeg vil taka það fram, að bankastjórnin kom á fund nefndarinnar. Jeg lýsti þar yfir minni skoðun á þessu máli og þeim brtt., sem jeg hafði í huga að bera fram. Man jeg ekki betur en að hún væri í öllum aðalatriðum samþykk fyrirhuguðum brtt. mínum, sjerstaklega þó brtt. við 4. gr. frv. Jeg verð því að álíta, að sú brtt. sje gerð í fullu samræmi við bankastjórnina. Hún hefir viðurkent nauðsynina á því, að gjaldkerar sjeu tveir, og mun hafa hugsað sjer fyrirkomulagið þannig, að annar annaðist allar útborganir, en hinn tæki við öllum innborgunum. Eins og sjá má af brtt. mínum, þykir mjer rjettara að nefna menninа ekki báða sama sýslunarnafni, heldur kenna þá að nokkru hvern við sitt starfssvið, en þó legg jeg enga áherslu á það. Hv. meðnefndarmenn mínir viðurkenna, að mjer virðist, með brtt. sinni á þgskj. 266, að þörf sje á því að skifta gjaldkerastarfinu við bankann, og eru mjer að því leyti sammála. Það er því að eins leiðin, sem fara skal, sem virðist bera á milli. Þeir vilja leyfa að hafa menninа tvo, „ef þörf krefur", eins og þeir komast að orði. Bankastjórnin hefir lýst yfir því, að hún teldi gjaldkerastarfið við bankann svo umfangsmikið, að einn maður gæti ekki annað því, og hefir í framkvæmdinni staðfest það álit sitt með því nú þegar að skifta starfinu. Þar eð nú svo er komið, hvers vegna á þá ekki að slá fyrirkomulaginu föstu, úr því að breytingar á bankalögunum liggja hjer fyrir?

Samkvæmt till. hv. meiri hluta verður helst að líta svo á, að stjórnarráðið eigi að meta þessa „þörf" á tveim gjaldkerum. En vitanlega er það bankastjórnin, sem á að meta hana, og hún hefir, að mínu áliti, þegar gert það, með því að lýsa því yfir fyrir nefndinni, að hún óskaði þessarar breytingar. Þess má líka geta, að bankastjórnin virtist leggja áherslu á það, að báðir væri skipaðir af stjórninni. Að þessu öllu athuguðu kann jeg ekki við og finst óeðlilegt, að í lögunum standi: „Ef aðstoðarfjehirðir verður skipaður" o. s. frv. Það virðist ekki efi á, að bæði bankastjórn og landsstjórn, sem best þekkja til þessara mála, eru á einu máli um þetta atriði. Enda hefir það verið sýnt í framkvæmdinni. (*M. G.*: Hvernig?) Með því, að bankastjórn hefir þegar að nokkru leyti skift starfinu, að því er jeg best veit. Þegar því báðir þessir aðiljar, sem best þekkja til, mæla eindregið með þessari breytingu, hví þá ekki að stíga skrefið til fulls og ákveða, að gjaldkerar bankans *skuli* vera tveir? En eins og jeg hefi áður tekið fram, vil jeg nefna þann fjehirði, er tekur á móti fje, en hinn gjaldkera, sem greiðir það út. Það er ef til vill gagnstætt málvenju, enda er það ekkert aðalatriði í mínum augum, en með því virtist mjer báðir mennirnir kendir við það starf, er þeir hafa.

Varatillaga mín fer fram á það, að ef skipaður verði aðstoðargjaldkeri, þá verði það gert í samráði við þann mann, er ber ábyrgð á sjóði bankans. Eins og allir sjá, væri það rangt að skipa mann á annars manns ábyrgð í vandasama stöðu, án þess að sá, sem ábyrgðina ber, fái þar einhverju um að ráða. Að sjálfsögðu kemur þessi varatill. mín ekki undir atkvæði, ef annaðhvort aðaltill. mín eða brtt. hv. meiri hluta verða samþyktar. En það er áríðandi, að ekki verði annar aðstoðarmaður skipaður en sá, sem hefir fulla tiltrú aðalmannsins. Í orðinu „aðstoðarmaður" liggur það, að annar sje yfir og beri frekar ábyrgð á starfinu en sá, sem nefndur er aðstoðarmaður.

Önnur brtt., við 4. gr., 2. mgr., er að eins orðabreyting. En hún er ekki eins ná-

kvæm og hún ætti að vera, og þarf því frekari orðabreytingar, þar sem koma fyrir orðin „fjehirðir“ eða „gjaldkeri“.

Jeg hefi ekki viljað gera nema 500 kr. mismun á launum fjehirðis og gjaldkera, en hv. samnefndarmenn mínir vilja, að munurinn sje 1000 kr. Af hverju sá munur er rjettlátur er mjer ekki vel skiljanlegt, þar sem fullyrða mun mega, að báðar stöðurnar hljóti að vera miklar trúnaðarstöður og ekki ólíkar hver annari að öðru leyti. Að vísu mun mega gera ráð fyrir, að gjaldkerastarfið, þ. e. hjá þeim er borgar út, sje heldur hættulegra, að því er mistalningar snertir, en jeg hygg, að fjehirðir muni aftur á móti hafa töluvert erfiðara starf. T. d. mun öll afgreiðsla á aðsendum peningapósti falla í hans hlut, og hlýtur það að vera allmikið starf. Svo myndi og öll innborgun til veðdeildarinnar á haustin líka lenda hans megin, og mun það vera mjög mikið starf, því að til þess hefir bankinn haft sjerstakan mann að undanförnu, en því yrði að líkindum hætt, ef þessar fyrirhuguðu breytingar komast á. Með þessi atriði fyrir augum hefi jeg ekki viljað hafa nema 500 króna mun á launum gjaldkera og fjehirðis, og hygg jeg, að það megi ekki vera meira, ef allrar sanngirni er gætt.

Þá hefi jeg borið fram brtt. um styrktarsjóðinn fyrirhugaða, sem sje að auk 25 þús. króna tillagsins sje enn fremur lagt til af bankans hálfu 1½ % af netto-arði bankans í 10 ár. Jeg verð að geta þess, að þegar þetta atriði var til umr. í nefndinni, leit jeg fyrst svo á, og hjelt að fleiri hefðu svipaða skoðun, að þessi styrktarsjóðsstofnun ætti að eins að ná til starfsmanna Landsbankans. En við nánari athugun kom það í ljós, sem líka er rjettlátt, að þessi ákvæði ættu einnig að ná til starfsmannanna við útibúin. Nú vita allir, að útibúin eru mörg, og altaf er verið að krefjast fleiri, og má búast við, að þeim fari stöðugt fjölgandi. Geta þau orðið miklu fleiri en nú er hægt að gera ráð fyrir. Verða þeir þá allmargir, sem njóta styrks af sjóði þessum með tímanum, og ræður þá að líkindum, að til þess, að þessi sjóður komi að verulegum notum, svo að starfsmenn bankans og ekkjur þeirra fái sæmilegan lífeyri á ellidögunum, þarf hann að vera töluvert öflugur. Álít jeg því, að tillögur hv. meiri hluta um tillög frá bankans hálfu fari of skamt. Í sambandi við þetta má geta þess, að Eimskipafjelag Íslands hefir stofnað tryggingarsjóð fyrir sína starfsmenn, sem er öllu veigameiri en þessi sjóður yrði, þótt till. mínar næðu fram að ganga. Má þó slá því föstu, að fje Eimskipafjelagsins, engu síður en fje bankans, sje að meiri hluta eign landsmanna.

Það, sem fyrir mjer vakir meðal annars, er, að trygging sje fyrir því, að fá góða menn að bankanum, og að þeim sje svo sæmilega launað og sjeð borgið, að þeir vilji gera bankastarfið að æfistarfi sínu. Og þegar jafnframt er litið til þess, að starfsmönnum sjálfum er gert að greiða í sjóðinn 3% af launum sínum, þá virðist mjer þetta ekki ofmikið frá bankanum.

Hv. frsm. meiri hlutans (M. G.) tók það fram, að þetta gæti orðið allmikill sjóður, og tók það sem grundvöll til ábyggingar, að gróði bankans yrði 600 þús. kr. árlega. Um það atriði er ekki gott að segja neitt ákveðið eins og stendur. En brtt. mín, miðuð við t. d. 500 þús. kr. árlegan gróða, myndi hafa í för með sjer 7500 kr. árlegt tillag frá bankanum. Þar sem þetta er greitt að eins í nokkur ár, get jeg ekki sjeð, að þetta sje of langt gengið gagnvart bankanum. Jeg tel líka betra, að bankinn sje heldur ríflegur í greiðslum sínum til starfsmanna, heldur en hann fari of skamt hvað það snertir.

Það leyfi jeg mjer að fullyrða, að þetta atriði ríði ekki í bága við skoðanir núverandi landsbankastjórnar, og býst við, að sú landsbankastjórn, sem tekur við af þess-

ari, verði sömu skoðunar og jeg um þetta atriði. Enn fremur hygg jeg, að brtt. mínar hafi sæmilegt fylgi meðal þm., því engar brtt. hafa komið frá neinum þeirra við þær, og hefði þó verið nægur tími til að koma fram með þær.

Hv. frsm. (M.G.) drap á brtt. mína við 5. gr. frv., sem sje að í stað 6000 kr. árslauna bankastjóranna svo og 5% af ársarði bankans komi 8000 kr. Jeg tel hana mjög heppilega, því jeg lít svo á, að ef laun bankastjórnarinnar væru miðuð við hundraðsarð af ágóða bankans, þá gæti það orðið til þess, að bankastjórarnir legðu aðaláhersluna á það, að bankinn græddi sem mest. En það á ekki að vera tilgangur bankanna eingöngu, heldur hitt, að veita viðskiftamönnum sínum sem hagkvæmust kjör, eða með öðrum orðum vera fremur til almenningsaînota og almenningsheilla en sem gróðafyrirtæki eigendanna. Og sjerstaklega á þetta heima um Landsbankann, sem er ríkiseign. Hlutverk hans ætti að sjálfsögðu fremur að vera það, að halda vöxtum af peningum niðri, en hitt, að afla sjer gróða að óþörfu, og það á eigendum sínum.

Þá skal jeg ofurlítið minnast á brtt. á þgskj. 268. Má ef til vill segja, að jeg hafi farið þar út fyrir það „princip", sem jeg fylgi á brtt. mínum á þgskj. 269, en svo er ekki. Því nái þær brtt. fram að ganga, þá greiði jeg atkv. á móti brtt. á þgskj. 268. En verði brtt. á þgskj. 268 borin upp á undan brtt. á þgskj. 269 og samþ., þá tek jeg aftur brtt. mína, b.-lið við 8. gr. frv., á þgskj. 269.

Um fyrri lið brtt. við 8. gr. skal jeg taka það fram, að jeg tel miklu hagkvæmara að stofna slíkan styrktarsjóð, sem þar er lagt til, handa starfsmönnum bankans, heldur en að veita þeim styrk á annan hátt. Það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að gera ráð fyrir því, að þessir menn geti orðið styrkþurfar eins og aðrir, og er þá sjálfsagt að veita þeim styrk úr þessum sjóði, heldur en að biðja um eftirlaun handa þeim hjer í þinginu, sem kynni þá líka að koma fyrir hvað eftir annað, og jeg tel alveg ófært.

Þessi síðasta brtt. er liðuð í tvent, og vona jeg, að hæstv. forseti beri hana upp í tvennu lagi.

Hefi jeg nú farið nokkrum orðum um brtt. mínar og sje ekki ástæðu til að eyða fleiri orðum um þær.

Matthías Ólafsson: Eins og háttv. þm. sjá, hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. á þgskj. 268, ásamt tveim öðrum hv. þm. Hún fer í þá átt að hækka laun bankastjóranna þannig, að í stað þeirra 6000 króna og 5% af netto-arði bankans, — alt upp að 300 þús. kr., — komi sama fasta upphæðin og 5% af netto-arði, alt upp að 600 þús. krónum. Eða með öðrum orðum, hún hækkar um helming það hámark ársarðs bankans, sem veita má af hundraðsarð bankastjórunum. Það hafa komið fram till., sem ganga miklu lengra, eins og till. hv. þm. S.-Þ. (P. J.), en jeg verð að halda mjer fast við þessa brtt. okkar þremenninganna.

Háttv. frsm. (M. G.) fann að því, að launin yrðu of há með henni, en hjer er þess að gæta, að við verðum að hafa í bakastjóraembættin vel hæfa menn og menn, sem hafa notið sjermentunar um lengri tíma. Því við erum hjer ekki að setja lög fyrir þá, sem nú eru í þessum embættum, heldur fyrir óborna. Svo eru þetta heldur ekki mikil laun í líkingu við laun samskonar manna erlendis. Það er að vísu satt, að þau geta orðið nokkuð há, með föstum launum og dýrtíðaruppbót, ef arðurinn nær hámarki því, sem veita má af prócentur, en aldrei geta þau farið út í miklar öfgar.

Mjer er ekki kunnugt um, hvort þeir, sem nú eru bankastjórar, eiga að fá laun þessi, sem hjer er verið að ræða um, eða

ekki, en vona, að þeir verði að viðurkenna, að þau eru til stórbóta frá því, sem nú er. Og kosturinn á okkar brtt. er sá, að hún bætir fullkomlega þau launakjör, sem eru óviðunandi, án þess að fara út í öfgar.

Pjetur Jónsson: Jeg hefi komið með brtt. á þgskj. 265, sem er sama eðlis og till. hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), en gengur að eins lengra í því, að bæta laun bankastjóranna. Því jeg lít svo á, að Landsbankinn megi ekki verða í vandræðum með að geta kept við aðrar samskonar stofnanir um að fá hæfa menn í stöður sínar. En það getur að eins orðið með því, að borga mönnunum sæmilega. Og jeg hygg, að það sje vandfenginn „fagmaður" með minni launum en þeim, sem jeg sting upp á hjer.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hefi ásamt fleirum leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 279. Frsm. (M. G.) lagði á móti henni, og þótti mjer það furðu gegna, því í raun og veru er hún svo sjálfsögð, að það hefði ekki átt að þurfa að koma fram með hana öðruvísi en sem sjálfsagðan lið í frv. Það vita allir, að mikið fje er ávaxtað á öðrum stöðum en í Landsbankanum, og hversu mikils Landsbankinn fer á mis með því fyrirkomulagi er ekki gott að segja. Till. er því fram komin til að hlynna að Landsbankanum, þessari þjóðarstofnun. Hygg jeg, að samþykt till. muni ekki hindra neitt vöxt sparisjóðanna, því það er ekki tilætlun okkar að svifta þá fje, heldur að opinberir sjóðir, sem eru ríkiseign, geymist í Landsbankanum, og að fje það, sem opinberir starfsmenn hafa með höndum fyrir ríkið, ávaxtist þar. En þar, sem ekki er auðvelt að koma fje á vöxtu í Landsbankann, þar ávaxti sparisjóður það. Enn fremur er það meining okkar, að sparisjóðir, eftir sem áður, fái að ávaxta t. d. brunabótasjóði og þess háttar.

Það er ekki rjett, sem haldið hefir verið fram, að þessi till. sje óþörf vegna þess, að sparisjóðir, þar sem þeir eru komnir á fót, fullnægi peningaeftirspurninni. Það sama tilmælin um stofnun nýrra útibúa, sem drífa að hvaðanæfa, að svo er ekki. Og t. d. er nú komið útibú á Selfossi, þó að einhver stærsti sparisjóður landsins sje á Eyrarbakka.

Við ætlumst ekki til þess, flutnm., að embættismönnum ríkisins sje heimilað að geyma fje ríkisins öðruvísi en þeim er heimilt samkvæmt fyrirskipunum þeim, er þeir hafa fengið frá stjórnarráðinu, og ætlumst við til, að þá stund, sem fjeð er geymt, sje það í Landsbankanum, eftir því sem staðhættir leyfi. Nú geyma þeir það oft hingað og þangað meðan þeir eru að draga nokkra upphæð saman. Sjálfsagt er, að þeir vextir, sem af fjenu koma, renni til ríkisins.

Jeg hygg, að síðari liður till. þurfi ekki að valda neinum erfiðleikum í viðskiftum, þótt fyrirskipað sje, að tryggingargeymslufje sje geymt í Landsbankanum. Þeir samningar, sem áður hafa verið gerðir, ættu að mega standa, þótt hún yrði samþ. Svo finst mjer ekki heldur rjett að gera ráð fyrir, að Landsbankinn notaði sjer þessa lagaheimild til að halda niðri vöxtum, þótt ekki sjeu hjer fyrirmæli um það, hvaða vexti hann skuli greiða, og græða þannig fje á óheiðarlegan hátt.

Einar Arnórsson: Jeg sje á ýmsum brtt., sem fram hafa komið, að menn eru nú teknir að gerast höfðinglundaðri en áður hjer í þinginu, og er það gleðileg framför. Sjerstaklega gleður það mig, að hv. þm. Barð. (H. K.), hinn sparsami, er nú orðinn svo óspar á fje. En það verð jeg að segja, að mjer finst þetta töluvert yfirdrifið, því að við erum óvanir því hjer, að laun starfsmanna landsins geti numið 20—25 þúsundum króna um árið, eins og vel getur átt sjer stað um laun bankastjóranna, ef t. d. till. hv. þm. S.-Þ. (P. J). gengur fram.

(*P. O.*: Þau geta numið yfir 30,000 kr.). Eftir frv. stjórnarinnar saman bornu við launalagafrv. hennar (dýrtíðaruppbótarákvæðin) geta launin orðið um 15 þús. kr., en auðvitað getur þar verið um nokkurn stigmun að ræða. Jeg verð nú að telja það sæmileg laun.

Það er alls ekki meining mín að vilja telja launin eftir starfsmönnum landsins, en þess ber hjer að gæta, að skilyrðin, sem þessum starfsmönnum eru sett, eru langsamlega miklu minni en þau, sem krafist er að venjulegir embættismenn landsins uppfylli. Þeir verða að stunda sjerfræðisnám um margra ára skeið, til þess að geta gegnt embættunum, en engin slík skilyrði eru hjer sett, nema einum bankastjóranna, sem á að hafa lögfræðispróf.

Það verður einber tilviljun, hvort þeir, sem sækja, verða hæfir menn eða ekki. Jeg er ekki þar með að segja, að þeir hljóti að verða óhæfir, jeg býst heldur við, að þeir verði hæfir, en mishæfir verða þeir, þegar engin skilyrði eru sett. Það er talað um, að mikilsvert sje að fá góða menn í þessar stöður, og það er að vísu rjett. Þessi háu laun eiga að tryggja það, en jeg efast um, að þau geri það að öllu leyti, því að hæfustu mennirnir hafa þó, eins og nú er komið, meira upp úr öðrum störfum. En hjer er farin önnur leið en vant er að fara um launakjör embættismanna. Það hefir verið venja að berja því við, að altaf byðust nógu margir, og þess vegna væri ekki ástæða til að hækka launin, þótt þau væru orðin skammarlega lág. Eftir þeirri reglu, sem fylgt hefir verið um launakjör embættismanna almennt, væri það, að undirboð væri haft á embættum, eins og þegar sýslur voru seldar á leigu hjer áður á öldum. Það er hugsað mest um að þurfa að greiða sem minst, en minna að því gætt, hverjir í embættin veljast. Það heyrast t. d. engar kvartanir eða kveinstafir um það, þó að mentaskólinn missi sína bestu kenslukrafta vegna þess, hve kennaraembættin eru illa launuð. Það er eins og mönnum standi alveg á sama um þess háttar stofnanir. Nú virðist kveða við annan tón í *þessu* máli. Það er eins og menn hafi skyndilega skift um skoðanir, og tel jeg það vel farið. Jeg býst fastlega við því, að háttv. þm. Barð. (H. K.) og aðrir verði sjálfum sjer samkvæmir og sýni sama örlætið, þegar farið verður að ákveða laun embættismanna yfirleitt.

Þá ætlaði jeg að fara nokkrum orðum um brtt. á þgskj. 279. Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir talað fyrir henni, en þrátt fyrir það, er hann taldi fram, verð jeg að telja till. mjög varhugaverða. Hún byrjar á því, að *allar* opinberar stofnanir og sjóðir skuli geyma fje sitt í Landsbankanum. Jeg vildi spyrja, hvort meiningin með þessari till. væri sú, að útloka Söfnunarsjóðinn. Jeg vil ekki lasta hjer lánskjör Landsbankans, *og geri það ekki*, þótt jeg segi eins og er, að lánskjör Söfnunarsjóðsins eru miklu hentugri. (*J. B.*: Þetta var ekki meiningin). Ef þetta hefir ekki verið meiningin, þá er ekki annað fyrir en að taka málið út af dagskrá og breyta þessu. Söfnunarsjóðurinn er landseign, og jeg sje enga ástæðu til að meina mönnum að geyma fje sitt í honum, þar sem það þar er algerlega trygt. Sjóðurinn er líka í góðum höndum, að minsta kosti meðan Eiríkur Briem, sem má telja föður sjóðsins, veitir honum forstöðu. Þingið velur gæslustjóra og getur haft eins mikil afskifti og eftirlit með sjóðnum og það æskir.

Hvað viðvíkur sparisjóðunum, þá fæ jeg ekki annað sjeð en þetta sje árás á þá, eins og áður hefir verið bent á af öðrum. Sparisjóðirnir fara óneitanlega á mis við fje, ef till. verður samþ., sem þeir annars hefðu fengið til umráða.

Eins og háttv frsm. (M. G.) hefir tekið

fram, er það óviðkunnanlegt, að starfsmenn þess opinbera brjóti innheimtureglugerðina. Þeir eiga að senda landssjóði innheimt fje með fyrstu ferð og gera upp á hverjum ársfjórðungsmótum, og er þá eins og flm. till. gangi út frá því, að þeir brjóti reglugerðina og geymi fje hjá sjer lengur en leyft er, eða að ákvæðið er einskis vert.

Þá er síðasti liður till., sem fer fram á það, að Landsbankinn megi einn taka við tryggingar-geymslufje (depositum). Mjer þykir of langt gengið með þessu ákvæði. Ef jeg geri samning við einhvern, við skulum segja að það sje háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), og hann heimtar tryggingu fyrir því, að jeg haldi samninginn, þá má jeg ekkert annað fara en í Landsbankann með það geymslufje. Nú getur vel verið, að jeg verði að sæta þar verri kjörum en á öðrum stað, eða að mjer komi það á einhvern hátt ver að hafa fjeð geymt í Landsbankanum en t. d. í Íslandsbanka. Jeg vil fá leyfi til að setja það þar, sem mjer hentar best. Það má vera, að hjer sje ekki átt við samninga milli einstakra manna, heldur milli þess opinbera og einstaklings — t. d. verkasamninga — og er þá öðru máli að gegna. En ef svo er, þá verður að taka það fram. Ef þetta, sem jeg hefi fundið brtt. til foráttu, er ekki ætlun flm., þá verða þeir að gera brtt. við brtt. sína.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það hafa komið fram óvenjulega margar brtt. við 3. umr. Þær lúta flestar að launakjörum, og get jeg orðið stuttorður um þær. Stjórninni þótti líklegt, að þingið mundi ganga að þeim ákvæðum í frv., sem um launin fjallaði, og bjóst ekki við, að umboðslaunin yrðu hækkuð. Það er nú komin fram brtt. í þá átt, og vil jeg ekki leggja á móti henni; það er til þess ætlast, að í embættin veljist að eins hæfir menn, og er þá ekki nema sjálfsagt að launa þá vel.

Aðallega stóð jeg upp vegna brtt. á þgskj. 279, en þar hefir háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) að mestu tekið af mjer ómakið. Það er óhugsandi að samþ. þessa brtt. eins og hún liggur nú fyrir; hún þarfnast endurskoðunar. En til þess að hún geti farið fram þarf að taka málið út af daskrá. Að þessari till. standa margir menn hjer í þessari háttv. deild, og má því ætla, að hún hafi þó nokkurt fylgi. Það eru líka svo mætir menn, sem að till. standa, að þess vegna er engin ástæða til að ætla annað en að tilgangur hennar sje góður, og að hún geti orðið til bóta, þegar hún er komin í viðunandi form. En eins og hún er nú, þá verð jeg að telja hana varhugaverða, svo jeg noti nafnið, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) viðhafði.

Það er gagnstætt minni stefnu, að þingið vasist eins mikið í hjeraðastjórn eins og þessi till. fer fram á. Ef ekki má ráðstafa sjóðum þar sem full trygging er, heldur er þar einni stofnun veitt forrjettindi, þá tel jeg það of langt gengið, og það þó að þessi stofnun sje Landsbankinn. Í hreppnum þar sem jeg hefi lengst af dvalið eru sjóðir ýmsir almennir ávalt ávaxtaðir í sparisjóðum, og jeg býst við, að menn kunni því illa, ef út af er brugðið. Það eru talin mikil hlunnindi hvar sem er að hafa sparisjóði, og það eykur traust þeirra að fá sem mest fje til umráða. Hjer er þess vegna um óeðlilegt valdboð að ræða, sem gæti haft ill áhrif á fjársöfnun í landinu. Þar sem talað er um, að út af þessu megi bregða, ef staðhættir banna, þá er það út í bláinn sagt. Vitanlega leyfa staðhættir það altaf. Það má senda póstávísanir, síma peningana o. s. frv. Þessi brtt. þarf gagngerðrar endurskoðunar við, ef nokkuð á úr henni að vinnast. Aðrir hafa bent á Söfnunarsjóðinn, og auk þess tjóns, sem till.

ynni honum, ef hún yrði að lögum, skaðaði hún hagsmuni hjeraðanna.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Háttv. þm. Barð. (H. K.) vildi gefa það í skyn, að sínar brtt. væru í samræmi við bankastjórnina. Það getur ekki verið, því að jeg veit, að till. meiri hlutans eru í samræmi við hana, og get jeg í því efni skírskotað til hv. meðnefndarmanna okkar. Jeg veit ekki betur en að bankastjórnin sje samþ. því, að skipaður sje aðstoðarfjehirðir með fjehirði og að ekki sje í lögum tekið fram, hvernig verkaskifting eigi að vera að öðru leyti. Hún verður ákveðin með reglugerð og henni hagað eftir því, sem hentast þykir, og eftir því, sem reynslan sýnir hagkvæmast. Þá talaði háttv. þm. (H. K.) um það, að aðstoðarfjehirðir yrði undirmaður hins og væri það óheppilegt. Þetta er ekki rjett. Það verður skift með þeim verkum, og ekki verður hægt að segja, að annar sje yfirmaður hins. Þeir hafa hvor sitt starfssvið. Og það sjest best, að aðstoðarfjehirðir er ekki undirgefinn fjehirði, þar sem báðir setja tryggingu. Háttv. þm. (H. K.) hreyfði ekki í nefndinni mótmælum gegn aðaltill. um 8. gr., en nú við 3. umr. vill hann fá breytingu á því ákvæði. Háttv. þm. (H. K.) mintist á Eimskipafjelagið í sambandi við þetta. Það hefir sem sje stofnað eftirlaunasjóð fyrir starfsmenn sína. En þessi samanburður er alveg rangur og villandi. Hjá Eimskipafjelaginu er það eftirlaunahugmyndin, sem ræður, en það væri óneitanlega skrítið, ef þingið færi nú að stofna til eftirlauna fyrir starfsmenn bankans, um leið og það afnemur eftirlaun annara starfsmanna hins opinbera. Hv. þm. (H. K.) vill auka þennan sjóð að miklum mun frá því, sem meiri hluti leggur til.

Jeg held fast við það, að það sje meiningarlaust að ætla Landsbankanum svo hundruðum þúsunda skiftir til styrktarfjár starfsmönnum sínum, en leggja 50 þús. kr. fram til styrktarsjóðs handa öllum öðrum starfsmönnum ríkisins, og er næsta undarlegt, að sama stjórnin skuli leggja fyrir sama þing jafnsundurleitar tillögur og jeg verð að telja þessa bankatillögufjarstæðu.

Háttv. þm. Barð (H. K.) vill, að laun bankastjóra sjeu föst, og það hefi jeg í raun og veru ekkert **að athuga** við, en benda vil jeg háttv. þm. (H. K.) á það, að hann er í mótsögn við sjálfan sig í þessu, þar sem hann flytur, ásamt öðrum, brtt. um að hækka ágóðahluta bankastjóranna. Hins vegar er meiri hlutinn í samræmi við þessa skoðun, því að hann gerir ekki ráð fyrir ágóðahluta af hærri upphæð en álíta má að bankinn hljóti að græða á hverju ári. Annars er mjer þetta ekkert sjerlegt kappsmál.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að jeg hefði talið launin eftir hans tillögu óhæfilega há, en það er ekki rjett. Jeg benti að eins á, að þau væru há í samanburði við laun annara. Það er ekki rjett að miða við það, sem bankastjórum annarsstaðar er borgað, því þá yrði einnig að miða laun annara embættismanna við laun samskonar manna í öðrum löndum. Við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti og hafa fult samræmi í launalöggjöf okkar.

Þá er jeg **kominn að brtt. á** þgskj. 279, og það er að bera í bakkafullan lækinn að fara mörgum orðum **um hana**. Jeg ætla þó að athuga einstök atriði. Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) vildi halda því fram, að jeg hefði **sagt, að sparisjóðir** fullnægðu peningaþörfinni. Þetta hefi jeg ekki sagt, en hinu hjelt jeg fram, að þeir væru á leiðinni, væru í þann veginn að fullnægja henni.

Ef þessi tillaga verður samþ., þá hlýtur að koma afturkippur í það. Það er nægilega búið að sýna fram á, að hún hlýtur að skaða sparisjóðina mjög mikið og suma eyileggur hún ef til vill að fullu og öllu. Landsbankinn hefir átt kost á að fá ýms

af þeim rjettindum, sem tillagan fer fram á, en hefir ekki viljað, og jeg efast um, að hann vilji það heldur nú. Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að ef ekki yrði öðru við komið, þá mætti geyma fjeð í sparisjóðunum. En það hefir verið bent á, að staðhættir leyfa altaf, að fjeð sje sett á vöxtu í Landsbankanum eða útbúum hans. Ef hv. þm. (J. B.) vildi, að þetta ákvæði næði að eins til Reykjavíkur, þá gæti jeg verið með, en eins og tillagan er orðuð, þá virðist mjer óhugsandi að ganga að henni. Þetta spark hv. þm. (J. B.) í sparisjóði landsins mun mælast illa fyrir, því að þessir sjóðir eru augasteinar hjeraðanna og vinna ómetanlegt gagn. Auk þess greiða þeir margir hærri vöxtu en Landsbankinn, og því yrði um tap að ræða á því opinberu fje, sem þar er ávaxtað, eða Landsbankinn yrði að færa upp alla vexti, sem ekki gæti borgað sig.

Ef till. þessari verður breytt í þá átt, að hún nái ekki til sparisjóða, og því bætt við till., að eigi sje skylt að ávaxta opinbert fje í Landsbankanum nema hann bjóði sömu kjör og annarsstaðar er hægt að fá, mun jeg fylgja henni, en annars ekki.

Að endingu skal jeg geta þess, að jeg hefi umboð frá 1. þm. Árn. (S. S.) til að lýsa því yfir, að hann taki sína brtt. aftur ef hinar till. verða teknar aftur.

Jörundur Brynjólfsson: Menn hafa mælt mikið á móti þessari till. okkar. Og það skyldi gleðja mig, ef það væri ekki af öðrum ástæðum en að hún sje ekki nógu ljóst orðuð að einhverju leyti. Því þó nokkuð kunni að skorta á í því, þá hygg jeg, að vel hefði mátt framkvæma hana þannig, að ekki hefði komið að meini. En vegna þeirra athugasemda, sem fram eru komnar, vildi jeg leyfa mjer að biðja hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá. Þá gætum við flutnm. breytt till. eins og talað hefir verið um. Jeg vona, að háttv. frsm. (M. G.) og háttv. 2 þm. Árn. (E. A.) skilji það, að meining okkar var ekki sú, að eyðileggja sparisjóðina á nokkurn hátt, heldur að stuðla að því, að Landsbankinn fái ávaxtað fje frá því opinbera að svo miklu leyti, sem unt er og að gagni kemur. Jeg sje ekki ástæðu til, að segja fleira nú. Jeg ætla að bíða þar til jeg veit, hvort hæstv. forseti verður við óskum mínum.

Forseti: Jeg skýt því til háttv. frsm. (M. G.), hvort fjárhagsnefnd sje því samþykk, að málið sje tekið út af dagskrá.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi að vísu ekki borið mig saman við nefndina. En fyrir mitt leyti hefi jeg ekki á móti því.

Einar Arnórsson: Jeg vildi að eins slá því föstu, að hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir fyllilega viðurkent, að þær athugasemdir, sem gerðar hafa verið við till. hans, hafi verið alveg rjettmætar.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., laugardaginn 9. ágúst, var framhaldið 3. umr. um frv. (A. 215, 216, 265, 266, 268, 269, 279, 324).

Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv. um brtt. 324, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla að eins að minnast fám orðum á brtt. á þgskj. 324. Helst hefði jeg viljað, að aðalflutningsmaður hennar (J. B.) hefði gert grein fyrir henni áður en jeg tók til máls, en fyrst honum þóknast það ekki, tjáir ekki um það að tala. Jeg get þegar sagt það, að jeg er brtt. mótfallinn, og það af tveim aðalástæðum.

Fyrst er það, að í till. vantar ákvæði um,

að Landsbankinn sje skyldur til að taka við fje því, sem hjer ræðir um, með sömu vaxtakjörum, sem aðrir tryggir sjóðir bjóða. Þetta tók jeg svo skýrt fram þegar málið var hjer síðast til umr. og svo afdráttarlaust, að jeg bjóst við, eftir því sem umr. fjellu, að háttv. flutnm. mundu taka það til greina, en nú sje jeg, að svo hefir ekki orðið.

Í öðru lagi er jeg mótfallinn till. vegna sparisjóðanna, því að hún stefnir enn í þá átt, að hnekkja þeim, og jafnvel drepa þá. Háttv. flutnm. kváðust ekki vilja gera sparisjóðunum mein og kváðust mundu taka til greina það, sem brtt. þeirra var fundið til foráttu seinast. En nú kemur það fram, að svo er eigi. Eftir brtt. á þgskj. 324 eiga sparisjóðirnir það undir högg að sækja til stjórnarinnar, hvort þeir megi ávaxta opinbera sjóði og ríkisfje eða eigi; þeir þurfa að sækja um leyfi til stjórnarinnar til þess, og geta jafnan átt á hættu, að þeim verði synjað um það. Þetta ákvæði er því kynlegra og óskiljanlegra, þar sem í sparisjóðalögum frá 3. nóv. 1915 er með berum orðum heimilað að geyma fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum, sem fullnægi fyrirmælum greindra laga. En nú á að fara að skipa þeim að sækja um leyfi til þessa, eða með öðrum orðum að sækja um leyfi til þess að fara eftir hinum gildandi sparisjóðalögum. Yrði þessi brtt. samþ. þyrfti að sjálfsögðu að nema úr gildi 22. gr. sparisjóðalaganna.

Að öðru leyti kann jeg ekki við orðalagið á hinni nýju brtt. Þannig er það mjög óviðkunnanlegt að tala um að hafa handbært fje á sjóðvöxtum og allóskýrt og síst betra en var í brtt. á þgskj. 279. Líklega er í báðum tillögunum átt við handbært fje til að setja á vöxtu. Þá er það naumast rjett að tala um það, að staðhættir banni að koma fje á vöxtu í Landsbankann, svo sem jeg hefi áður tekið fram. Það, sem vaka mun fyrir flutningsmönnum brtt., kemur ekki fram í henni nema að litlu leyti. Geti þeir komið henni í rjett horf, lofa jeg þeim stuðningi mínum til að koma henni fram. En jeg mun sporna móti því, að sparisjóðum sje hnekt, því að þeir eru augasteinn hjeraðanna og eiga skilið að vera það. Og jeg skil ekki í, hví sumir þeirra, sem við brtt. eru riðnir, hafa gerst flytjendur hennar. Jeg veit ekki betur en í hjeruðum þeirra sjeu sparisjóðir, sem þar hafa orðið að góðu liði, og jeg geri ekki ráð fyrir, að þeir telji sjóðum þessum ekki trúandi fyrir fje því, sem þeir vilja nú láta svifta þá að hafa til meðferðar. Eiga þeir litlar þakkir fyrir að vilja hnekkja sjóðunum og taka af þeim fje, einmitt það fje, sem þeim er hentugast að hafa til að vinna með.

Það er kunnugt, að rígur nokkur er á milli bankanna og sparisjóðanna, og jeg veit, að þessi brtt. er runnin frá Landsbankanum; honum mun meðal annars ekki vera um, að sumir sparisjóðirnir gefa hærri vexti en hann. En eigi ætti þetta út af fyrir sig að geta verið mikil meðmæli með brtt.

Jörundur Brynjólfsson: Það lítur út fyrir, að það ætli að reynast örðugt að orða brtt. vora þannig, að háttv. frsm (M. G.) þyki ekki með henni vera gengið á rjett sparisjóðanna.

Hann segir, að samkvæmt sparisjóðslögunum hafi sparisjóðir heimild til að ávaxta fje ómyndugra og opinberra sjóða. Jeg hefi áður tekið það fram, að tilætlun okkar flutningsmanna var alls ekki sú, að svifta sparisjóðina þeim hlunnindum, sem þeir hafa af ávöxtun slíks fjár, nema að því leyti, sem þeir kunna að fara á mis við ávöxtun ríkisfjár. En jeg hygg, að þeir hafi haft að undanförnu mjög lítið af þesskonar fje á vöxtum, og býst við, að þó þessi tillaga okkar verði samþ., þá missi

sparisjóðirnir ekkert í við það. ekki einu sinni í þessu efni. En jafnvel þó svo væri, sem hv. frsm. (M. G.) segir, að sparisjóðirnir mistu eitthvað ofurlítið í við þetta, þá lít jeg nokkuð öðrum augum á sparisjóðina og starfsemi þeirra en mjer virðist hann gera. Þjóðbanki vor er alþjóðareign, honum ber að starfa í þágu alþjóðar, og honum ber þá og jafnframt að njóta þeirrar aðbúðar frá löggjafans hendi, sem honum má verða til eflingar og hagsældar. Sparisjóðirnir eru fremur eign fárra manna eða einstakra hjeraða. Mjer sýnist því eðlilegast, að Landsbankinn njóti aðalhlunnindanna af því, að ávaxta fje hins opinbera. Það heyrir beint honum til. Sje það aðalatriðið hjá hv. frsm. (M. G.) að leggjast á móti till. vorri af því, að hún miði að því að svifta sparisjóðina hlunnindum, þá missýnist honum mjög í því efni.

Hingað til hefir ríkið ávaxtað mikið af handbæru fje sínu annarsstaðar en í sparisjóðum eða Landsbankanum. Það hefir verið ávaxtað í privatbanka (Íslandsbanka), í stað þess sem það hefði ómótmælanlega átt að vera ávaxtað í þjóðbankanum. Jeg tala hjer ekki um smáupphæðir — og við þær á brtt. ekki heldur —, sem sýslunarmenn ríkisins hafa undir höndum um stundar sakir, heldur allmiklar eða miklar fjárupphæðir. Það er að sjálfsögðu heimilt, þrátt fyrir brtt., að leggja smáupphæðir inn í sparisjóði, þegar t. d. svo stendur á, að það er hentast. Það er alls eigi tilætlunin, og gat heldur ekki verið, að senda til þjóðbankans á vöxtu hverja smáupphæð, hvaðan af landinu sem er, sem fljótt þarf að grípa til aftur, enda benda orðin í till.: „nema sjerstakar ástæður banni", til þess. Jeg held, að það sje því ástæðulaus ótti hjá háttv. frsm. (M. G.), að brtt. muni verða skilin á þann veg, sem hann virðist skilja hana.

Jeg er sannfærður um, að í hvert sinn, sem sparisjóður sækir um heimild til að mega ávaxta ómyndugra fje og opinbera sjóði, t. d. brunabótasjóði sveitarfjelaga, þá muni stjórnarráðið veita hana. Jeg skil því ekki, hvernig hv. frsm. (M. G.) hugsar sjer að brtt. ætti að geta dregið úr vexti og viðgangi sparisjóðanna eða gengið á rjett þeirra. Ef það sýndi sig, sem jeg get ekki gert ráð fyrir að verði, að stjórnarráðið færi að synja sparisjóðum um heimild þessa, þá mundi lögunum þegar í stað verða breytt.

Það er varúðarákvæði hjá oss að taka það beint fram, að stjórnin megi veita sparisjóðunum heimild þá, sem hjer ræðir um, og jeg treysti því, að hún muni gera það hlutdrægnislaust.

Jeg skil ekki í, að Landsbankinn noti forrjettindi sín, sem honum eiga að veitast með brtt. vorri, til að gefa lægri vexti en aðrar peningastofnanir. Mjer finst tæpast, að maður megi gera ráð fyrir slíku. (*M. G.*: Hann gefur lægri vexti nú en sumir sparisjóðir).

Jeg geri ráð fyrir, að sparisjóðirnir fái eftir sem áður að halda öllum sínum rjettindum óskertum. Það er ekki meining okkar flm. að efla Landsbankann á kostnað þeirra. En þm. ber að efla Landsbankann eftir því sem unt er. Verði skoðun hv. frsm. (M. G.) ofan á nú hjer í hv. deild, mun Landsbankinn oft og einatt bera skarðan hlut frá borði, við það, sem vera *ætti* og vera *bæri*.

Jeg tel því ekki, að sparisjóðirnir ættu nokkurn hlut undir högg að sækja, þótt brtt. okkar yrði samþykt. Það er leiðinlegt, að svona ummæli skuli koma fram, að við flutningsmenn brtt. viljum bekkjast til við sparisjóðina, ekki betur rökstutt en það er hjá hv. frsm. (M. G.). En jeg er líka sannfærður um, að ef sú yrði reyndin á, þá hjeldist stjórninni ekki uppi með það, og þá yrði þetta numið úr lögum.

Viðvíkjandi einu atriði hjá hv. 2. þm. Árn. (E. A.), hvort ákvæðið um tryggingargeymslufje eigi einungis við opinbert fje, eða samninga, sem hið opinbera gerir, eða eigi einnig að ná til viðskifta einstakra manna, skal jeg geta þess, að það er meining mín, að það nái einnig til þess fjár, sem lagt er til tryggingar samningum manna á milli, t. d. viðskiftasamningum. Jeg sje enga ástæðu, er mæli móti því.

En ef einhver býst við því að þurfa að gera stórkostlegan viðskiftasamning, og kann ekki eins vel við sig í Landsbankanum og annarsstaðar, þá er sá einn kostur fyrir hann, að ganga í lið með þeim, er vilja drepa till.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi ekki getað sannfærst af ræðu hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Jeg hygg það alveg rjett, að hjer sje verið að ganga á þann rjett, er sparisjóðir hafa. Og hv. þm. (J. B.) getur ekki neitað því með sanngirni, ef hann lítur í lögin um sparisjóði.

Hv. þm. (J. B.) segir, að þetta megi nema úr lögum, ef það reynist illa. En til hvers er að setja það í lög, sem menn búast við að numið verði bráðlega úr gildi aftur?

Jeg hefi enga trú á þeirri nýung, að setja sparisjóðina undir „control" stjórnarráðsins, enda er það óþarft. Hv. þm. (J. B.) sagði, að sparisjóðirnir væru „privat"-eign. Jeg þekki ekki dæmi þess, og veit, að þeir eru yfirleitt eign hjeraðanna, sem þeir starfa í.

Hann var að tala um, að mikið væri ávaxtað af opinberu fje í Íslandsbanka. Það er rjett, að þar er talsvert af því fje, sem Landsbankinn vill ekki hafa og þykist ekki hafa mikinn hag af. En Landsbankinn getur fengið þetta fje ef hann vill, og jeg skal hjálpa til þess.

Jeg sný því ekki aftur með það, að þessi till. er til þess að bekkjast til við sparisjóðina. (*J. B.*: Ósannað). Hún verður til þess, hvort sem hv. flm. ætlast til þess eða ekki.

Jeg verð að álíta, að rjett sje að ávaxta opinbert fje þar, sem bestu kjörin fást. En hjer er því ekki til að dreifa, ef skipað er að hafa það á ákveðnum stað, sem getur sett kjörin eftir vild.

Hv. þm. (J. B.) talaði um, að þetta væri varúðarákvæði gagnvart sparisjóðunum. En mjer fanst hann alls ekki færa rök að því, að þess þyrfti, og jeg veit ekki til, að nokkuð það hafi komið fram, er sýni, að sparisjóðirnir sjeu ekki færir um sitt starf og ávaxti ekki fje manna fullforsvaranlega að öllu leyti.

Umr. frestað

Á 30. fundi í Nd., mánudaginn 11. ágúst, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 215, 216, 265, 266, 268, 269, 324, 327).

Stefán Stefánsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þgskj. 327, við brtt. á þgskj. 324. Er hún til þess að fyrirbyggja, að sú till. geti að nokkru leyti hamlað vexti og viðgangi sparisjóðanna. Að vísu gat hv. flm. brtt. þess við 2. umr., að þetta væri alls engin hætta og myndi alls ekki hindra sparisjóðina í að vaxa og dafna. En jeg er ekki trúaður á það. Mjer finst það liggja í augum uppi, að svo framarlega sem stjórnarráðið vill amast við, að sparisjóðirnir hafi þau rjettindi, er þeim eru veitt með lögunum frá 3. nóv. 1915, þá sje sú heimild gefin því í þessari till., eins og hún er. Jeg flyt þessa till. af því, að mjer er ant um þessar stofnanir, og mjer heyrðist við síðustu umr., að öllum hv. deildarmönnum væri ant um þær. Enda hygg jeg rjett það, sem hv. frsm. (M. G.) sagði, að sparisjóðirnir væru

augasteinar hjeraðanna, því að engar stofnanir munu koma þeim fjárhagslega að meira gagni. Má því ekki gera neitt til að hindra vöxt þeirra og viðgang. Til þess að þetta geti ekki komið fyrir hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. þessa. Vona jeg, að hún verði ekki til að lengja mikið umræður, en óska, að hún verði samþykt. Um önnur ákvæði till. á þgskj. 324 skal jeg ekki deila. Þau hafa fengið andmæli frsm. (M. G.), og ætla jeg ekki að blanda mjer inn í þær umr.

Einar Arnórsson: Jeg skal ekki neita því, að hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir að ýmsu leyti ofurlítið bætt till. sína frá því, sem hún var áður. Sjerstaklega er það þó bót nokkur á till., ef brtt. hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) við hana, á þgskj. 327, verður samþykt. En þrátt fyrir það sýnast mjer þó enn annmarkar á henni.

Jeg skal ekki fara út í sparisjóðina. Það hefir hv. frsm. (M. G.) tekið fram, og hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) var honum sammála. En önnur atriði brtt. vildi jeg tala lítils háttar um.

Mjer finst þetta boð í brtt. þeirra háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) alt of takmarkalaust, að „allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skuli geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema sjerstakar ástæður banni". Það er í rauninni of ótakmarkað, nema því að eins, að hv. flm. ætli að láta þessar „sjerstöku ástæður" gleypa aðalregluna, því að það er hætt við, að oft megi finna þessar „sjerstöku ástæður", ef menn vlja. Segjum t. d., að landsstjórnin taki miljón króna lán. Það getur þá vel komið fyrir, að þessu láni verði ekki strax varið til þeirra hluta, er á að verja því til. Þá er ekki nema gott, að landsstjórnin leggi það inn í sparisjóð Landsbankans til ávöxtunar, ef bankastjórnin vill við því taka. En ef bankastjórnin vill ekki við því taka, þá mundu þessar „sjerstöku ástæður" koma til greina. Það eru þá altaf sjerstakar ástæður, ef bankinn vill ekki taka við fje til ávöxtunar, og eins ef hann vill ekki gjalda eins háa vexti og aðrar stofnanir. Landsstjórnin kallar það þá „sjerstakar ástæður" og leggur fjeð inn á sparisjóð eða annarsstaðar, ef Landsbankinn geldur henni lægri vexti af fje en hún getur fengið annarsstaðar. Ef svo mikið má leggja inn í „sjerstakar ástæður", þá hafa hv. flm. bætt till. mikið. Það þýðir þá ekki að eins „praktiskar" tálmanir, heldur og það, ef bankinn vill ekki taka við fjenu, eða aðrir bjóða betur, og það er alveg tryggilegt.

En það er eitt atriði, sem háttv. flm. brtt. hafa ekki viljað laga og háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir lýst yfir hvernig á að skilja. En það er ákvæðið um, að Landsbankinn með útibúum sínum hafi einn leyfi til að taka við tryggingargeymslufje. Jeg tel það beint brot á viðskiftafrelsi manna, þegar um einkasamninga er að ræða, ef menn mega ekki geyma tryggingarfje sitt þar, sem þeim sjálfum kemur saman um og þeir telja tryggilegt. Ef A. kaupir jörð af B. og annar skal setja fje til tryggingar, þá er honum, eftir þessu ákvæði, ekki heimilt að leggja það annarsstaðar inn en í Landsbankann eða útibú hans. Nú getur staðið svo á, að hlutaðeiganda sje það miklu hentugra að leggja fjeð inn annarsstaðar, eða þeir vilji það heldur. Hvers vegna á að svifta menn heimild til þess? Jeg sje enga ástæðu til að ráðast þannig á viðskiftafrelsi manna. Þetta ákvæði um tryggingargeymslufje er alt of ótakmarkað. Undantekningarákvæðið í fyrri málslið nær alls ekki til þessa málsliðs.

Það er þó bót í till., að það er sagt, að ákvæði greinar þessarar taki ekki til Söfnunarsjóðs Íslands. En það er ekkert á móti því, að geymslufje hanssje ávaxtað í Landsbankanum, enda er honum skylt að ávaxta

það þar, og jeg veit ekki betur en að hann geri það.

En svo er annað í þessu máli. Hvernig á að gefa því gætur, að menn fari ekki í kring um ákvæði þessarar greinar nokkurn veginn eins og þeim sýnist? Það má ef til vill segja, að það sje ekki næg ástæða til að fella brtt. Hún geti þó verið meinlaus. En það ber þó ætíð að athuga við hverja lagasmíð, hvort hún komi að nokkru haldi. Það er ekki vert að setja þau lagaboð, sem menn leika sjer að að brjóta, án þess að til komi refsingar eða önnur viðurlög. Hvers vegna setja hv. flm. engar sektir eða viðurlög við brotum? Ef t.d. einhver gerist svo djarfur að setja tryggingarfje inn í einhverja aðra stofnun, hvað liggur þá við? Hvernig hafa hv. flm. ætlað sjer að girða fyrir brot? Hvernig ætla þeir að hafa eftirlitið? Það mun vera atriði, sem stendur í þeim að svara. Og þótt brot komist upp, þá eru engin viðurlög.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefði í raun og veru getað sparað mjer að standa upp, því að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir sagt hjer um bil það sama, sem jeg hefði viljað segja. Jeg skal ekki fara langt út í þetta mál. Það heyrir undir atvinnumálaráðherra, en hann er ekki viðstaddur. En jeg býst við, að þar sem frv. þetta er borið fram af stjórninni, muni menn geta sjer til, að jeg fylgi stjórnarfrv. og þá hv. meiri hluta fjárhagsnefndar, sem heldur sjer að miklu leyti við stjórnarfrv.

En jeg skal geta þess um þá till., er fer fram á, að bankastjórarnir skuli hafa eftirlaun úr sjerstökum sjóði, að mjer finst það í raun og veru eðlilegast, að gert sje ráð fyrir ákveðnum, lögmæltum eftirlaunum handa bankastjórunum, ef gert er ráð fyrir, að bankastjóraembættið sje lífstíðarembætti. En jeg býst við, að það sje rjett hjá meiri hlutanum, að það mundi sjóðurinn ekki þola, eins og meiri hlutinn vill stofna til hans. Jeg hygg það alveg rjettmætan samanburð, sem fram kom hjá meiri hlutanum, við eftirlaun embættismanna undir almennum launalögum. Þess vegna sýnist mjer ekki fært að samþ. þá brtt. minni hlutans, að bankastjórarnir skuli fá eftirlaun úr þessum sjerstaka sjóði. En ef stofnaður yrði almennur eftirlaunasjóður fyrir starfsmenn landsins, þá er ekki nema rjett, að þeir leggi í hann og taki úr honum eftirlaun sín, eftir sömu reglum og starfsmenn landsins. Mjer virðist alveg rjett að skoða bankastjórana sem embættismenn landsins. Það er annars hætt við, að eftirlaun þeirra yrðu nokkuð af handahófi og ekki í samræmi við almennar reglur.

Um brtt. á þgskj. 324 er jeg yfirleitt samdóma hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Jeg held, að hún sje ekki heppileg að neinu leyti, sjerstaklega þó ekki þetta ákvæði um tryggingarfjeð. Mjer skilst líka, eins og honum, að þetta sje alveg takmarkalaus fyrirskipun, að öll „deposita" eigi að leggja inn í Landsbankann. Hver getur heimtað slíkt bundið við ákveðna peningastofnun? Jeg fæ ekki skilið það. Það væri annað mál, ef einungis væri að ræða um sjerstakar tryggingar fyrir embætti o. s. frv. Enda væri annað alveg óframkvæmanlegt. Hugsum oss, að einhver samningur útheimti 10 þús. kr. tryggingarfje (depositum). Hluthafeigandi vill ekki fara í Landsbankann. Hvað gerir hann þá? Hann leggur peningana inn í einhvern sparisjóð og setur svo sparisjóðsbókina til tryggingar. Þannig má á allan hátt fara í kring um þetta ákvæði.

Aftur á móti get jeg ekki lagt eins mikið í þetta „að sjerstakar ástæður banni". (*E. A.*: Það var í spurnarformi). Maður ur getur ekki beinlínis sagt, að „sjerstakar ástæður" banni, þótt einhver önnur peningastofnun bjóði betri kjör. Mjer finst

till. að þessu leyti ekkert athugaverð. En ef bundið er við að setja fjeð í Landsbankann,þá finst mjer sjálfsagt, að eitthvað sje ákveðið um kjörin. En þá sýnast mjer engin önnur ráð en að láta það á vald stjórnarráðsins að ákveða kjörin, því það sýnist varla hægt að setja bankanum það í sjálfsvald. Það þarf eitthvað að koma á móti að þessu leyti.

En það, sem mjer finst einkum athugavert, er að það er vitanlegt, að ef takmörkin eru höfð svona, eins og till. ætlast til, þá er það ekkert annað en að banna mönnum að leggja tryggingarfje inn í Íslandsbanka.

Nú hefir landsstjórnin oft orðið að leita til Íslandsbanka um lán, og þarf þess enn. Meðan svo stendur hygg jeg varhugavert, að þingið gangi inn á þessa braut. Að minsta kosti býst jeg við, að það þyki hart, að það fje, sem Íslandsbanki lánar, eigi að setjast á vöxtu í Landsbankann. Jeg held, að það væri nóg, að Alþingi skori á stjórnina að veita Landsbankanum forgangsrjett í þessu efni, án þess að binda þannig með lögum. Og jeg skil ekki annað en að hver landsstjórn myndi, eftir því sem hægt væri, nota Landsbankann, landsins eigin banka. Jeg efast ekki um, að svo myndi gera sú fjármálastjórn, sem nú er, og hver önnur sem koma kann. Það er altaf varhugavert að setja ríkari skorður en nauðsyn krefur.

Skal jeg svo ekki orðlengja frekar.

Benedikt Sveinsson: Það er viðvíkjandi brtt. á þgskj. 324, að jeg vil segja fáein orð, því jeg er einn af flutningsmönnum hennar. Það er ekkert nýmæli, sem hjer er um að ræða, heldur að eins árjetting þeirrar kröfu, sem komið hefir hvað eftir annað frá endurskoðendum Landsbankans, nú í mörg ár. Þeir hafa haldið því fram, að það væri ófyrirgefanlegt, að fje landsins væri geymt annarsstaðar en í Landsbankanum, þar sem hann er þjóðarstofnun. Á þingmálafundum úti um land hefir oft verið skorað á þingmenn að styðja hag Landsbankans. Hjer gefst hv. þm. tækifæri til þess, með því að samþykkja þessa till. Að vísu er þetta eitt af því, sem hefði átt að vera hægt að gera án laga, eins og hæstv. forsætisráðh. sagði; en nú hefir það ekki verið gert, og þess vegna er till. fram komin.

Hv. frsm. (M. G.) hefir haft ýmislegt að athuga við till. og þó flest smávægilegt. Ekki get jeg talið það á rökum bygt, að stjórnin mundi synja um leyfi handa sparisjóðum til að geyma fjár, þegar svo stæði á, að nauðsyn bæri til. Enda mundi bankastjórn ekkert hafa við það að athuga, þótt slíkar undantekningar væru gerðar, t. d. þar sem staðhættir bönnuðu að senda fjeð bankanum, eða þar sem ekki svaraði kostnaði að senda fjeð, vegna þess að það væri svo lítið.

Frsm. (M. G.) hjelt því fram, að hjer væri haggað við rjetti, sem sparisjóðirnir hefðu haft, og leiddi það af sjer breytingu á *núgildandi lögum*, en jeg sje ekki, að til þess þurfi að koma, því að eldri ákvæði hljóta að falla úr gildi af sjálfu sjer fyrir yngri ákvæðum síðari samþ.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði um, að það mundi verða hægt að fara kring um lögin. En hvaða lög eru það hjer í landi, sem ekki er hægt að fara í kring um? Jeg held, að hv. þm. (E. A.) mundi eiga bágt með að benda mjer á mörg slík. Býst jeg við, að þeir fjelagar, sem gefa út íslenskt lagasafn, hann og Einar Gunnarsson, mundu þá geta verið fljótir að gefa út rit sitt, Íslensk lög, ef að eins ætti að prenta þar þau lög, sem ekki er hægt að fara í kring um.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) vildi ekki viðurkenna rjettmæti till. Hugði; að bankinn mundi láta misbeita henni. En þar sem stjórnarráðið mundi að sjálfsögðu fella úrskurð um það, ef bankinn færi út fyrir leyfileg takmörk, sje jeg ekki ástæðu fyrir

hæstv. forsætisráðh. (J. M.) að vera á móti till. Stjórnin getur altaf slegið varnaglann við því, að bankinn gangi of langt. Jeg er hjer alveg á sama máli og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) um það, að hjer er alls ekki verið að fá bankastjórninni í hendur vald til að fara með annara fje með afarkostum fyrir viðskiftamenn hans. Það er fjarri því, að svo sje, heldur er hjer að eins um till. að ræða, sem fram er komin vegna undangenginnar reynslu, og því full þörf á að samþ., til þess að tryggja bankanum þau sjálfsögðu rjettindi, sem hann þarf að njóta.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það eru að eins örfá orð. Jeg get verið samþ. brtt. á þgskj. 327 og vona, að deildin samþ. hana, því hún ræður bót á öllum annmörkunum á till. á þgskj. 324. En með þeirri brtt. þannig breyttri get jeg ekki heldur verið, enda er hún þýðingarlaus, ef á að leggja þann skilning í hana, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) lagði í hana og hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) virtist samþ. Má vera, að tillögur hafi einhvern tíma komið um þetta frá yfirskoðendum landsreikninganna, um að opinbert fje skuli ætíð ávaxtað í Landsbankanum. En jeg man þó fyrir víst, að engar slíkar till. komu frá þeim 1916—'17. (*B. Sv.*: Þeir eru orðnir þreyttir á að koma með þær árangurslaust). Annars er það stórgalli á brtt. á þgskj. 324, að ekki skuli vera neitt refsiákvæði, ef brotið er á móti þeim fyrirmælum, sem þar eru sett. Er ekki ólíklegt, að fyrirmælin hafi litla þýðingu, þegar hægt er að hlaupa fram hjá þeim vítalaust. En ef flm. vilja sætta sig við till. svona, þá má mjer standa á sama, þar sem jeg er á móti henni.

Jörundur Brynjólfsson: Það er nú þegar búið að ræða mikið um þetta mál, enda skal jeg að eins drepa á fátt eitt.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) lítur svo á, að með brtt. okkar sje heft persónufrelsi manna. Það er rjett, að svo er, en slíkt er ekkert einsdæmi um þessi lög, fremur en svo fjöldamörg önnur. Ákvæði till. eru nægilega skýr, því það er ljóst tekið fram, að þegar mikil nauðsyn ber til að leggja fje inn annarsstaðar en í Landsbankann, þá sje það heimilt. Forsætisráðh. (J. M.) ljet það í ljós, að till. mundi vera stíluð gegn Íslandsbanka. Skal jeg viðurkenna það hreinskilningslega, að sú tilgáta hans er alveg rjett. Íslandsbanki hefir ávalt meira og minna fje til geymslu, sem hvergi á annarsstaðar heima en í Landsbankanum, Hefi jeg aldrei farið í felur með það, að jeg álít, að því eigi að kippa í lag. Landsstjórnin hefir haft alveg óbundnar hendur með það, hvar hún hefir geymt opinbert fje, og hún getur, hjer eftir sem hingað til, eins tekið lán hjá Íslandsbanka, hvort sem hún geymir þar nokkuð eða ekki. Till. kemur ekkert í veg fyrir það. Það hefir þrásinnis verið skorað á landsstjórnina að ávaxta fje ríkisins í Landsbankanum. Og þó hefir það verið svo, að stórar fjárhæðir hafa verið í Íslandsbanka, sem áttu heima í Landsbankanum, án þess að stjórnin hafi gert nokkuð til að koma fjenu á rjettan stað. Jeg minnist þess, að þegar verið var að auka seðlaútgáfu Íslandsbanka árið 1917, var sagt, að Íslandsbanki gæti sagt upp lánum til landsstjórnarinnar, eitthvað um 2 miljónir minnir mig, ef takmarkanir yrðu gerðar þá á útgáfurjettinum. Vissi jeg þó ekki betur en lánin hefðu verið þannig af hendi látin, að það hafi verið hrein verslun, án nokkurra sjerstakra skilyrða af bankans hálfu. En stjórnin hefir nú altaf hagað sjer fremur undarlega gagnvart þessari peningastofnun, og þess vegna sá jeg heldur ekki, að bein áskorun til stjórnarinnar mundi koma að nokkru gagni til að kippa í lag þessum mistökum, heldur þurfi til beint samþykki þingsins, beinlínis lög. Því þótt landsstjórnin sje svona stimamjúk við Íslandsbanka, þá

virðist mjer hann ekki sjá það mikið við hana.

Með brtt. á þgskj. 327 er búið að laga aðalgallann, sem hv. frsm. (M. G.) þótti á till. okkar, en þó sú brtt.verði samþ., kveðst hann ekki geta verið með till. okkar. Þótti mjer fyrir því, einkum þar sem átylla hv. þm. til að vera á móti till. er þá úr sögunni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki svarað því, hvort landsstjórnin hefir tekið til greina till. endurskoðenda um að leggja opinbert fje í Landsbankann, því mál þetta er ekki í mínum verkahring. En jeg skil ekki í öðru en að fjármálastjórnin hafi gert það. Fjármálaráðh. er því miður ekki við, er bundinn í Ed.

Hákon Kristófersson: Jeg þarf að leiðrjetta nokkur atriði í ræðu hv. frsm. (M. G.), og skal vera stuttorður. Hann byrjaði með að rengja það, sem jeg sagði við fyrri umr. málsins, og þótti mjer leitt hans vegna, að hann fór þar með ósannindi. Hvað snertir 5. brtt. mína við 8. gr., þá lít jeg svo á, að þessi sjóðsstofnun eigi að eins að ná til bankans, en ekki til útibúanna. Enn fremur lít jeg svo á, að hjer sje að eins að ræða um styrk til þeirra manna, sem þurfa styrks í raun og veru, en annara ekki.

Þá mintist hv. frsm. (M. G.) á, að jeg væri í óþægilegri kreppu, þar sem væru till. við 5. gr. á þgskj. 268 og 269. En jeg get alls ekki litið svo á, að jeg sje þar í nokkurri kreppu. Jeg hefi lýst því yfir, að jeg hallaðist frekar að launahækkunarbrtt. á þgskj. 268, en ef hún yrði feld, mundi jeg greiða atkvæði með launahækkuninni á þgskj. 269. Svo hjer er um enga mótsögn að ræða.

Eitthvað var hv. 2. þm. Árn. (E. A.) að tala um, að jeg væri farinn að sýna undarlegan höfðingsskap í fjármálum, og virtist furða sig þar á sanngirni minni. En nær veit hv. þm. (E. A.), að jeg hafi lagt nokkuð annað til mála en það, sem sanngirni hefir verið í? Jeg býst við, að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) sje mjer sammála í því, að till. mínar í þessu máli stuðli eindregið að því, að til stofnunar þessarar veljist svo starfhæfir menn, sem unt er. En fyrsta sporið í þá átt er að gera kjörin svo úr garði, að vel sje viðunandi.

Einar Arnórsson: Það eru að eins fáeinar athugasemdir. Það er nú fyllilega fram komið, að brtt. á þgskj. 324 var lítt hugsuð í byrjun, en nú hefir verið reynt að skóbæta hana, og að mínu áliti er bót hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) best. Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) þykist nú hafa fundið gott „agitations"-vopn og beitir því óspart. Hann skírskotar til manna um það, hvort þeir heldur vilji styðja hag Landsbankans eða Íslandsbanka, og telur þá, er þessari brtt. fylgja, til þeirra, er bera hag Landsbankans fyrir brjósti. Háttv. þm. (J. B.) skipar þeim, sem á móti eru, í þann flokk, sem heldur vilja efla Íslandsbanka. Á kjósendafundi gæti þetta ef til vill orðið brúklegt vopn, en hjer held jeg að það komi að litlu liði. Það vita allir, að það er annað og meira, sem um er deilt; jeg efast að minsta kosti ekki um, að hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) viti það. Hjer er um það að ræða, hvort hefta eigi viðskiftafrelsi manna eða ekki. Ákvæðið um geymslufje fer greinilega fram á heftingu þessa frelsis. Menn mega ekki lengur geyma fje sitt þar sem þeim sýnist, þeir verða að láta það þangað, sem lagaboð býður. Það er viðurkent, að þetta eigi líka að ná til einstakra manna. Hjer er að smeygjast inn einokunarangi, sem jeg vil ekki hlúa að, þó reynt sje að hræða mig til þess með slagorðum, og þótt mjer sje borið það á brýn, að jeg sje að berjast fyrir hagsmunum Íslandsbanka. Jeg tek mjer slíkt ekki nærri. Jeg hefi talað

um það áður og vil benda háttv. flm. enn einu sinni á það, að það er hægt að ganga svo frá þessari till., að hún verði aðgengileg. Jeg hefði ekki á móti till., ef hún færi að eins fram á það, að þeir, sem hafa opinbert fje með höndum, láti Landsbankann sitja fyrir, ef því verður við komið. Jeg býst ekki við, að nokkur hefði á móti því. En til þess, að svo megi verða, þá verður að taka málið einu sinni enn út af dagskrá og orða till. upp.

Það var einkenni á ræðum þeirra háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að þeir fóru algerlega í kring um þetta, vildu sem minst um það tala. Jeg veit, að hvorugur þeirra er svo skyni skroppinn, að hann sjái ekki, að hjer er um bönd að ræða. Það mætti eins vel banna mönnum að leggja inn sparisjóðfje sitt annarsstaðar en lög mæltu fyrir. Tryggingarfje er eiginlega oft ekkert annað en sparisjóðsfje, þegar það er athugað nánar. Maður leggur upphæð á vöxtu, og munurinn er að eins sá, að þegar um tryggingarfje er að ræða, þá tekur sá við bókinni, sem tryggingunа á að fá, en í hinu tilfellinu eigandinn sjálfur.

Háttv. þm. gátu ekki neitað því, að þetta væri ákvæði, sem hægt væri að fara í kring um. Þeir vildu rjettlæta það með útúrdúrum, eða því, sem stundum er kallað „hundalogik“. Hvaða rjettlæting er það, þó að mörg lög sjeu til, sem fara má kring um? Af því leiðir ekki, að löggjafinn eiga að gera sjer leik að því, að búa til lagaákvæði, sem fyrirsjáanlegt er að farið verði kring um. Hættan stafar oftast af því, að lögin eru ekki í samræmi við hugsunarhátt og rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Jeg efast ekki um, að það er í fullu samræmi við rjettarmeðvitundina, að viðskiftafrelsi manna skuli ekki hefta meir en þörf er á. Ef menn vilja fá eitthvað það fram, sem heftir það meira, eins og t. d. þetta ákvæði, þá er fyrst að breyta rjettarmeðvitundinni, því á meðan hún er á móti munu lögin verða gagnslaus.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði, að hjer væri ekkert nýmæli á ferðinni. Það er rjett að því leyti, að yfirskoðunarmenn hafa látið það uppi, að æskilegast væri, að opinbert fje væri geymt í Landsbankanum. Um það atriði get jeg einnig verið þeim og hv. þm. sammála. En hitt er algert nýmæli, að vilja á þennan hátt hefta viðskiftafrelsi manna. Jeg veit ekki til, að *það* hafi komið fram áður.

Jeg hefi fátt að athuga við ræðu háttv. þm. Barð. (H. K.). Jeg vil í engu breyta þeim vitnisburði, sem jeg gaf honum um höfðingsskap og örlyndi. Jeg veit ekki betur en hann sje samur og jafn, og jeg vona, að háttv. þm. (H. K.) fái tækifæri til að sýna hann í annari mynd hjer á þingi. Jeg get ekki verið háttv. þm. (H. K.) sammála um það, að launakjör embættismanna yfirleitt standi í engu sambandi við þetta mál. Ef það er mikilsvert að hafa góða menn í þessar stöður, þá er það eins mikilsvert að fá þá í aðrar. Ef þessir góðu menn, sem um er verið að tala, fást í bankastöður með háum launum, þá fást þeir eins í aðrar á sama hátt.

Að endingu vil jeg lýsa því yfir, að jeg býst fastlega við því, að háttv. þm. verði sjálfum sjer samkvæmur og sýni sömu höfðinglundina, sömu sanngirnina og sömu „logikina“ þegar hann fer að verja hækkun á launum embættismanna.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal ekki tefja deildina með langri ræðu. Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) kom með þá athugasemd, að ekki væri tilhlýðilegt að koma með lög, sem hölluðu á Íslandsbanka, því að landið fengi þaðan lán, og gætu slík lög veikt lánstraustið. Jeg get ekki felt mig við, að þingið láti það hafa áhrif á skoðun sína, þótt eitthvað kæmi í bága við hagsmuni Íslandsbanka. Jeg sje ekki, að landssjóður sje sá

hættugripur, að ekki sje óhætt að lána honum nokkrar krónur, eða þótt allmikið fje væri, heldur tel jeg hann einmitt öruggasta skuldunaut, sem bankinn getur skift við. Jeg býst heldur ekki við, að lánstraust Íslands sje svo illa farið, að það þurfi að ganga með grasið í skónum á eftir einum banka og þori ekki að setja lög um neitt, sem ætla mætti að verða kynni bankanum á móti skapi. Mjer líst ekki á, þegar farið er að hampa þessari hræðu opinberlega, og það af hæstv. stjórn. Jeg get þá hugsað mjer, að sneyðast fari um einurðina meðal eignasmárra þingmanna, sem við bankann þurfa að skifta, t. d. þurfa víxil eða lán, þegar landsstjórnin sjálf þorir ekki landssjóðs vegna að tryggja hag landsins í jafnsjálfsögðu atriði sem því, er hjer liggur fyrir.

Háttv. þm. Barð. (H. K.) skírskotaði til mín um það, hvort till. hans um gjaldkerana væri í samræmi við skoðun bankastjórnarinnar eða ekki. Jeg get sagt það, að það var rjett hjá hv. þm. (H. K.), að bankastjórnin taldi rjettara, að stjórnarráðið skipaði báða gjaldkerana. Hún vildi komast hjá því að gera upp á milli þeirra og skaut þessu því til stjórnarinnar. En munurinn á skoðun bankastjórnarinnar og till. háttv. þm. Barð. (H. K.) var að eins orðamunur. Hann vildi hafa aðra nafnagreining, sem jeg sje reyndar enga annmarka á og litlu mun skifta.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) var mjög viðkvæmur fyrir viðskiftafrelsi manna og vildi á engan hátt láta skerða það. (*E. A.*: Ekki að nauðsynjalausu). Það er svo víða skert viðskiftafrelsi manna, og er altaf deilumál, hvort nauðsyn rekur til eða ekki. Jeg lít svo á, að þegar slíkt verður til að auka almenningsheill, en hins vegar skerðir ekki hagsmuni manna, þá sje full ástæða til að skerða þetta viðskiftafrelsi. En svo er ástatt hjer. Það er verið að efla og auka þjóðarstofnun, en mönnum má á sama standa, hvar þeir geyma fje sitt, ef kostirnir eru líkir. Jeg vona, að hv. þm. (E. A.) geri ekki meira að gamni sínu með slíku tali.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. þm. N.-P. (B. Sv.) er bankastjóri við Landsbankann og vill þess vegna á allan hátt efla hann og auka. Það er ekki nema gott og blessað. En jeg held, að hann hafi misskilið mig algerlega. Hann virtist skilja mig svo, sem jeg væri að draga einurð og kjark úr þinginu og bæri fyrir skuldir ríkissjóðs til Íslandsbanka. Jeg skil ekki, hvernig hann hefir fengið það út úr ummælum mínum.

Jeg veit ekki, hvort átt var við mig, þegar háttv. þm. (B. Sv.) talaði um þingmannaræfla, svo jeg viðhafi hans eigin orð, sem þyrftu að fá lán í Íslandsbanka og mistu með því sjálfstæði sitt í bankamálum á þingi. Ef jeg kæmist í neyð og væri hræddur um, að Íslandsbanki keypti ekki af mjer víxil nema með þessum kostum, þá reyndi jeg að snúa mjer til Landsbankans. Jeg vona, að hv. þm. (B. Sv.) gerði sitt til að forða sjálfstæði mínu.

Annars tel jeg algerðan óþarfa að hafa leitt umræður í þessa átt; jeg sje enga ástæðu til, að þess hefði þurft. Jeg vona, að þessi brtt. verði feld, því í raun og veru er hún ekki frambærileg.

ATKVGR.

Brtt. 266,1. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 269,1. þar með fallin.
— 266,2. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 269,2. þar með fallin.
— 269,3. feld með 15 : 2 atkv.
— 265. tekin aftur.
— 216. feld með 14 : 4 atkv.
— 268. — — 16 : 5 —
— 266,3. samþ. með 15 : 2 atkv.
— 269,4. þar með fallin.
— 237. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 324., svo breytt, samþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. B., M. P., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. K., B. St., E. Árna., G. Sv., Ó. B.
nei: J. J., J. M., M. G., P. J., S. St., Sv. Ó., Þór. J., E. A., E. J.
M. Ó. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (B. J.) fjarstaddur.

Brtt. 269,5.a. feld með 14 : 3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 12 ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, 18. sept. 1885, m. m.,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 336).

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 14. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta er komið frá háttv. Nd., var þar til meðferðar í fjárhagsnefnd. Legg jeg til, að því verði einnig vísað til nefndar hjer, og þá að sjálfsögðu til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 11 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., mánudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 336, n. 469, 474).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Í nál. er tekið fram, hvaða breytingar frv. geri á núverandi fyrirkomulagi.

Fjárhagsnefnd gat ekki orðið alveg sammála. Einn nefndarmanna undirritaði nál. með fyrirvara, og hefir hann nú komið fram með brtt. við það. — Þar sem jeg álít brtt. þá, sem fram komin er, ekki til bóta og veit, að formaður fjárhagsnefndar er sömu skoðunar, vil jeg fyrir hönd nefndarinnar leyfa mjer að leggja til, að brtt. verði feld og frv. samþ. óbreytt.

Halldór Steinsson: Eins og nál. ber með sjer, hefi jeg skrifað undir það með fyrirvara og komið fram með brtt. ásamt 1. þm. Rang. (E. P.).

Eins og 8. gr. frv. er orðuð, eru lagðar svo miklar hömlur á frjálst viðskiftalíf, að mjer finst slíkt ekki geta komið til mála. Samkvæmt 8. gr. frv. er Landsbankanum veittur ótakmarkaður rjettur ti að krefjast þess, að allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðsvöxtum, skuli geyma það í honum eða útibúum hans, nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir. — Áður en slíkt ákvæði er lögleitt verður að athuga það, hvort hagur sá, er það hefir í för með sjer fyrir Landsbankann, samsvari ógagni því, er landsmenn bíða við það.

Jeg hygg, að Landsbankinn hafi ekki mikinn hagnað af ákvæði þessu, nema því að eins, að hann greiði lægri innlánsvexti en Íslandsbanki. En ef svo væri, væri hjer að ræða um einokunarstimpil á þá stofnun, og óhugsandi, að slíkt yrði þolað til lengdar. Jeg hygg, að bankinn hafi lítinn hagnað af þessu ákvæði, en hins vegar gæti það gert þeim stofnunum, er skyldan kemur fram við, stóran óleik.

Ríkissjóður þarf oft á stórlánum að halda og hefir aftur á móti stundum undir höndum stórfje, er hann þarf að fá geymt nokkra daga. Hygg jeg, að Landsbankanum muni veitast erfitt bæði að ávaxta stórfje, sem hann þarf að endurgreiða eftir fáa daga, og eins hitt, að geta altaf fullnægt lánsþörf ríkissjóðs. Hygg jeg, ef slíkt kæmi fyrir, og ríkissjóður þyrfti að snúa sjer til Íslandsbanka til þess að fá lán, að hann væri tregari að veita þau, þegar Landsbankinn væri búinn að fá einkarjett til að ávaxta fje opinberra stofnana og sjóða.

Hygg jeg því, að slíkt ákvæði sem þetta geti haft óheillavænlegar afleiðingar fyrir stofnanir þær, er skyldan hvílir á.

Brtt. okkar fer eins langt og hægt er til að tryggja Landsbankann. Hún býður, að handbært fje opinberra sjóða og opinberra stofnana sje, að *öðru jöfnu*, þ. e., ef sömu kjör eru í boði, ávaxtað í Landsbankanum eða útibúum hans. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.

Jeg er tregur til að ýta undir stofnanir, hvort heldur þær eru eign einstakra manna eða hins opinbera, með lögum, sem leggja höft á aðra, og lít svo á, að geti þær eigi lifað án þeirra, eigi þær ekki tilverurjett.

Magnús Kristjánsson: Um brtt. þessa er ekki mikið að segja. Jeg sje ekki, að hún sje til bóta og býst því eigi við að geta greitt henni atkv.

Mjer finst frv. vel viðeigandi, eins og það kom frá Nd., og gegnir furðu, að jafneðlilegt fyrirkomulag og það, að Landsbankinn skuli ávaxta sem mest af opinberu fje, skuli ekki hafa verið tekið upp fyrir löngu.

Orðin „öðru jöfnu“ eru þungamiðjan í brtt. Ættu þau að skiljast á þann hátt, að þegar svo stæði á, að á einhverju landshorni væri útibú einungis frá Íslandsbanka, að eðlilegra væri að leggja fje þeirra sjóða, er þar væru, inn í útbúið, en að senda það langar leiðir með pósti, þá þyrfti það nánari skýringar við. En nú stendur í 8. gr. frv. ákvæði, er mjer finst segja nokkurn veginn það sama, sem sje „nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir“. Af þeirri ástæðu tel jeg brtt. óþarfa.

Um geymslufje væri frekar talandi, en engin brtt. liggur fyrir um það efni, svo jeg sje ekkert á móti, að um það sje ákveðið svo sem gert er í frv. Jeg tel það ekki merkilegt atriði og býst við, að Íslandsbanki telji sjer ekki mikinn óhag í því, og ekki mjög eftirsóknarvert að ávaxta það, ef skilningur hv. flm. um það, að þessi innlög sjeu oft bagaleg, er á rökum bygður.

Við skulum segja, að það kæmi fyrir, að ríkissjóður þyrfti að koma til geymslu stórri fjárhæð í nokkra daga, og Íslandsbanki sæi sjer fært að greiða hærri vexti en Landsbankinn. Jeg býst ekki við, að slík samkepni eigi sjer stað, og ekki heldur við því, að Íslandsbanki verði færari um að greiða hærri vexti en Landsbankinn. En kæmi slíkt fyrir, hver væri þá afleiðingin? Ef fjeð væri sett í Íslandsbanka, fengi ríkissjóður nokkrum krónum meira í vexti. Væri það aftur sett í Landsbankann með lægri vöxtum, lenti gróðinn hjá Landsbankanum.

Jeg lít svo á, að ríkissjóður og Landsbankinn sjeu svo nátengdir, að þetta komi í sama stað niður. Það yrði sama sem að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn.

Mjer finst Íslandsbanka enginn ógreiði gerður með þessu, heldur er að eins verið að gera það eðlilega, að styðja að því, að ríkisbankinn hafi sem mest opinbert fje og verði þannig megnugri að hlaupa undir bagga með ríkissjóði, þegar hann þarf á bráðabirgðalánum að halda.

Mjer hefir skilist, að Íslandsbanki telji sjer alla vegi færa með því að auka hluta-

fje sitt, og tel jeg það ágætt og eðlilegt. að hlutafjelagsbanki hafi sem mest fje í veltunni — þó útlent sje —, en ríkisbanki innlent opinbert fje.

Jeg vil ekki fara lengra út í mál þetta; geri ráð fyrir, að hv þm. sje orðin ljós afstaða mín til þess. Mjer hefir þótt leitt, að mál þetta hefir orðið deilumál og ýms skrif komið út um það, sem betur væru óskrifuð. Má benda á grein eftir einn af fjármálafræðingum og fyrverandi starfsmönnum landsins, en jeg hygg, að ljóst sje, að ummæli hans eru ekki á rökum bygð, enda væri ilt, ef svo væri ástatt, sem þar er gefið í skyn. Jeg vil helst komast hjá deilum um mál þetta í þessari hv. deild, og tel einfaldast og sjálfsagt að samþ. frv. óbreytt, eins og það kom frá Nd., þar sem jeg tel brtt. ekki til bóta.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það eru að eins örfá orð, til að gera grein fyrir mínu atkv. Tillaga þessi mun sprottin af því, að Alþingi hefir þótt of margir opinberir sjóðir standa inni í Íslandsbanka. Síðan jeg kom í stjórn man jeg ekki til, að neinir nýir sjóðir hafi verið settir á vöxtu í Íslandsbanka. Hins vegar hefir ekki verið skiftsjer af því, hvar sýslumenn geymdu það opinbert fje, sem þeir hafa undir höndum, og sama er að segja um landsfjehirði og landsverslun. Hvað ríkissjóði viðvíkur, hefir það verið venja, að þegar tekið er t. d. 1 miljón kr. lán, en ekki þarf að greiða nema t. d. 800 þús., að láta mismun lánsupphæðar og útborgunarupphæðar standa á conto í þeim banka, sem lánin eru tekin hjá. En landið hefir orðið að taka meiri lán hjá Íslandsbanka, af þeirri einföldu ástæðu, að þau hafa ekki fengist í Landsbankanum. Enginn skilji orð mín svo, að jeg sje að ámæla stjórn Landsbankans fyrir að vilja ekki veita landinu lán. Landsbankastjórnin hefir komið mjög vel fram gagnvart stjórninni, og ástæðan sú ein, að bankinn hefir ekki haft nóg fje.

Ljóst er nú, að bankapólitík framtíðarinnar á að ganga í þá átt, að auka svo bolmagn Landsbankians, að hann geti einn lánað ríkinu alt það fje, er það þarfnast.

Að því er snertir stefnu frv. í þá átt, að hafa mest opinbert fje í ríkisbankanum, fæ jeg ekki betur sjeð en að sú stefna sje rjett og sjálfsögð.

En þessi stefna kemur líka fram í brtt., og get jeg ekki annað sjeð en að verði hún samþykt, verði slíkt fje, praktiskt sjeð, alt í Landsbankanum, en hins vegar kann jeg illa við það, að lögskipað sje, að opinberir sjóðir þurfi að vera annarsstaðar en þar, sem þeir eiga betri kjara að njóta.

Eggert Pálsson: Jeg bjóst ekki við, að brtt. okkar hv. þm. Snæf. (H. St.) þyrfti meðmæla. Hún er svo sjálfsögð. Það er vitanlega sjálfsagður hlutur að hafa fyrir augum hag opinberra sjóða og stofnana. Samkvæmt brtt. eru umráðamenn opinberra sjóða skyldugir að geyma sjóðina í Landsbankanum, ef enginn óhagur er að því. Þetta eru góð forrjettindi fyrir Landsbankann, en aftur ekki heilbrigt að fara lengra.

Hv. þm. Ak. (M. K.) kvað vera nógan varnagla í frvgr., þar sem menn væru undanþegnir skyldunni til að geyma opinbert fje í Landsbankanum, þegar „staðhættir“ hömluðu, með öðrum orðum, þegar ekkert útibú frá Landsbankanum er á staðnum, heldur að eins frá Íslandsbanka. En þetta er ekki nóg. Það getur líka hugsast, að Landsbankinn bjóði lægri vexti en Íslandsbanki. Einnig er það hugsanlegt — og meira en hugsanlegt —, að ríkissjóður taki lán hjá Íslandsbanka, en þurfi ekki að nota lánið alt strax. Þá væri það kostnaðarauki að taka lánið alt og leggja eftirstöðvarnar í annan óviðkomandi banka.

Við það verða vextir lægri. Ríkissjóði væri margfalt hentugra að láta eftirstöðvarnar standa, þar til grípa þyrfti til þeirra. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) tók fram nauðsynina á að gera Landsbankann sem allra sterkastan. En hann yrði ekki nógu sterkur að heldur, þó hann fengi alt opinbert fje til umráða. Það liggur því í augum uppi, að enn sem komið er þarf landsstjórnin að nota sjer báða bankana jöfnum höndum. Því væri rjettast að gera ekki upp á milli þeirra að svo stöddu.

Svo er önnur hlið á þessu máli, sem taka verður til íhugunar. Gæti Landsbankinn ekki beðið tjón af slíku einkaleyfi, eins og eða ekki síður en hagnað? Ef allir umráðamenn opinbers fjár eru skyldugir til að geyma fjeð í Landsbankanum, þá er bankinn auðvitað skyldugur til að taka við öllu opinberu fje. Það er því engan veginn trygt, að Landsbankanum væri eigi með þessu gerður bjarnargreiði. Bankanum gæti orðið örðugt að ávaxta miklar fjárhæðir, og hafa þó altaf á reiðum höndum það, sem af honum yrði krafið. Eftir öllum ástæðum tel jeg heppilegast, að brtt. verði samþykt. Og með því, að gera báðum bönkunum *í þessu efni* nokkurn veginn jafnt undir höfði, tel jeg líklegt, að þá gangi greiðara að stjórna fjármálum landsins heldur en með því, að vera með þarflausar og þýðingarlausar títuprjónastungur í garð Íslandsbanka, úr því landið hvorki má án hans vera, nje getur við hann losnað, enn sem komið er.

Kristinn Daníelsson: Vjer höfum hjer fyrir framan oss heilt frv., en í umræðunum verður ekki vart við nema eina grein frumvarpsins, 8. gr. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) benti á, að stefnan ætti að vera sú, að gera Landsbankann sem sterkastan og geyma alt opinbert fje þar. En þá á jeg bágt með að skilja ástæðurnar til, að hann tjáði sig fylgjandi brtt. og kvaðst greiða henni atkvæði. Stefnan, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) játaði sem sína stefnu, og brtt. útiloka hvort annað. Ef brtt. er samþykt, er stefnunni afneitað. Aðalatriðið í brtt. eru orðin: „að öðru jöfnu“. Um leið og Landsbankanum eru gefin forrjettindi er öðrum með þeim orðum gefinn rjettur til að taka þau af honum. Landsbankinn tæki auðvitað við opinberu fje eftir sömu reglum og hann tekur við öðru innstæðufje. En svo er eins og ýtt undir aðra til að keppa við hann, með því að bjóða opinberum sjóðum t. d. ¼ % hærri vexti. Þetta gæti auðveldlega orðið til, að Landsbankinn misti fjeð. Landsbankanum er reyndar ekkert aðalatriði þessi ¼%. Það skiftir engu fyrir hann og fyrir hvorugan bankann. Aðalatriðið eru þau auknu viðskifti, sem þessu væru samfara, og hagurinn af því að hafa fjeð í veltu. Jeg get því ekki annað sjeð en að stefnan útiloki það, að opnaðar sjeu þessar hliðardyr fyrir opinbera sjóði. Sama er að segja um „deponeraða“ fjeð. Mjer finst það vantraust á Landsbankanum að trúa honum ekki til að taka við því.

Hv. þm. Snæf. (H. St.) talaði um, að Landsbankinn myndi oft eiga örðugt með að svara út eftir skamman tíma háum fjárhæðum. En það mundi gilda alveg hið sama, þó að háar fjárhæðir til skamms tíma væru lagðar á Íslandsbanka. Báðir bankarnir má auðvitað búast við að taki að eins við slíkum háum fjárhæðum til skamms tíma með sjerstökum samningi.

Það er engin ástæða til að ætla, að Íslandsbanki reynist tregari að lána ríkissjóði, ef frv. verður samþykt óbreytt. Það er blátt áfram siðferðisleg skylda Íslandsbanka að lána landinu. Hann hefir keypt seðlaútgáfurjett sinn því verði, að gera í móti landinu alt gagn, sem hann getur. Íslandsbanka mun ekki þykja það neitt óeðlilegt, að landið styrki sína eigin stofn-

un, Landsbankann, með hverju heiðarlegu móti, sem unt er. Það hljóta allir að sjá, að Landsbankinn verður sterkari fyrir þetta einkaleyfi, þó að hann með því einu verði auðvitað ekki gerður nægilega sterkur, svo sem þyrfti. En þetta miðar í rjetta átt, að efla Landsbankann með auknu veltufje. Þetta er stefna frumvarpsins, en hana er nú verið að gera tilraun til að fella burtu með brtt., sem að vísu lætur lítið yfir sjer en er þó engu að síður mjög varhugaverð.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þegar jeg sá brtt. fyrst, virtist mjer hún eðlileg og ekki líkleg til að vera hættuleg. En þegar jeg fór að íhuga málið betur, leit brtt. nokkuð öðruvísi út. Mönnum getur virst, að það geti komið fyrir, að Íslandsbanki byði betri innlánskjör en Landsbankinn. En svo er ekki. Landsbankinn getur aldrei þrifist með öðru móti en bjóða sömu kjör, og jeg hefi heimild Landsbankastjórnarinnar til að lýsa yfir því, að það gæti ekki komið til nokkurra mála, að Landsbankinn byði lægri vaxtakjör en Íslandsbanki. Ef menn samt gera ráð fyrir þeim möguleika, að Landsbankastjórnin byði ríkissjóði ósvífin kjör, mundi landsstjórnin líklega ekki hugsa sig lengi um að vísa bankastjórninni á dyr. (*H. St.*: En hver er þá hættan, þó að brtt. yrði samþykt?) Það má alveg eins snúa spurningunni við og spyrja: En hvað er þá unnið við það? Það er fjarstæða að halda, að Íslandsbanki yrði tregur til að lána landinu, ef frv. verður samþykkt óbreytt. Ríkið verður eftir sem áður einn stærsti og ábyggilegasti viðskiftavinur bankans. Íslandsbanki mundi þar að auki ekki vinna neitt, þó brtt. væri samþykt, eftir því sem sjeð verður, því raunin mundi verða sú sama.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) þóttist hafa fundið ósamræmi í ræðu minni. Jeg taldi það eðlilegra, að opinberir sjóðir væru allir geymdir í Landsbankanum. Landsbankinn hefir líka forgangsrjettinn að þeim samkvæmt brtt. „Að öðru jöfnu" á að geyma þá í Landsbankanum. Nú hefir embættisbróðir minn, atvinnumálaráðherrann, sem samkvæmt stöðu sinni hefir manna best vit á þessum málum, lýst yfir þeirri skoðun sinni hjer í deildinni, að „praktiskt" sjeð muni gilda einu, hvort brtt. verði samþykt eða feld. Það er ekki hægt að búa til neinn þjóðarhvell úr þessari tillögu; það er jeg sannfærður um. Reyndar stæði mjer á sama, þó að svo yrði. Jeg er ekki hræddur. Eftir brtt. eru þeir, sem ráða yfir opinberum sjóðum, óbundnir, ef Íslandsbanki býður betri vaxtakjör en Landsbankinn. Þeir vilja auðvitað útvega sem besta vexti af fje því, sem þeim er falið. Jeg teldi það ekki illa farið — heldur þvert á móti af hinu góða —, ef brtt. gæti átt einhvern þátt í, að bankarnir hækkuðu innlánsvexti dálítið, en lækkuðu aftur útlánsvexti, sem öllum þykja fullháir. Það væru góðar afleiðingar. Jeg þykist nú hafa fært rök fyrir, að ekkert ósamræmi á sjer stað milli þeirrar stefnu minnar, að gera Landsbankann sem voldugastan, og fylgis míns við breytingartillöguna.

Magnús Torfason: Jeg tek til máls sem einn af hluthöfum Íslandsbanka. Fyrir óheppilegan málaflutning utan þings og innan hefir bankinn ófyrirsynju verið dreginn inn í allharðar umræður, sem betur hefðu verið óhaldnar. Bankanum er áreiðanlega best að fá að lifa og starfa í friði, og enn sem komið er hefir hann ekkert af sjer brotið. Það ákvæði frumvarpsins, sem mestur ófriður hefir stafað af, er ekki svo víðtækt, að þess vegna sje ástæða til að sporna við því, að frv. gangi fram óbreytt. Og sakir Íslandsbanka tel

jeg rjettara að fella brtt., eins og nú er komið málinu. Það er alkunna, að Íslandsbanki reiknar út vexti tvisvar á ári. Það verður því eilítill munur á vaxtakjörum bankanna, af því að Íslandsbanki borgar vaxtavexti síðara missirið. En þó að þetta nemi engu, sem munar, er það nóg til þess, að Landsbankinn verði af forrjettindum sínum gagnvart Íslandsbanka, nema hann taki upp samskonar vaxtareikning og hann. Frá sjónarmiði Íslandsbankamanna hefði því verið hreinast að koma með brtt. um að þurka greinina út.

Það, sem jeg á bágast með að skilja, er það, hverjir nú berjast á móti því, að Landsbankinn sje styrktur, því það eru einmitt stífustu bændastytturnar, sem hafa mælt með brtt. Þetta er furðulegt. Landsbankinn er fyrst og fremst fasteignabanki, og hjer eru atburðir hafðir til að gera Landsbankann færari um að veita lán út á fasteignir. Slík lán eru vaxtalægri, kostnaðar- og fyrirhafnarmeiri fyrir bankana en önnur lán, og þeim er ætlað að standa um langt árabil. Sakir þessa er nauðsynlegt, að bankinn fái sem mest af fje, sem geymast á þar langdvölum. Og það hafði jeg haldið, að þeir menn, sem þykjast bera landbúnaðinn á örmum sjer, mundu fyrir engan mun spyrna gegn því, að bankinn fengi sem mest af slíku fje.

Það hefir verið haft á orði, að ekki væri örvænt um, að Landsbankinn notaði sjer þennan forrjett á þann hátt, að hann borgaði lægri vexti af opinberu fje en ella væri kostur á. Þetta er hreint og beint ósvífin aðdróttun. Því að stjórn Landsbankans verður hagað eftir því, sem stjórnin vill vera láta. Af þessu getur því engin hætta stafað. Auk þess hljóta opinberir sjóðir að sæta sömu kjörum og einstaklingar. Eins og till. er orðuð, gæti hún stuðlað að kapphlaupi milli bankanna um fjeð, en það yrði til tjóns fyrir jafnfátækt land, er helst af öllu skortir starfsfje. Því þegar innvextir hækka, verða útvextirnir einnig hærri, og er það síst fallið til að lyfta undir atvinnuvegi vora. Væg vaxtakjör er áreiðanlega heppilegust fyrir landið.

Því hefir verið haldið fram, að Landsbankinn gæti skaðast á að hafa inni stórfje um stuttan tíma. Jeg er að vísu ekki bankafróður maður, en mjer er þó kunnugt um, að Landsbankinn hefir einmitt sókst eftir slíkum viðskiftum, og skil jeg ekki í, að hann gerði það, ef hann biði tjón af; býst jeg við, að hann kunni fótum sínum forráð í því efni.

Þá hefir verið sagt, að Landsbankinn hafi ekki getað fullnægt kröfum landsins. Má vel vera að svo sje, en jeg vil biðja menn að minnast þess, að það var Íslandsbanki, sem fjekk aukinn seðlaútgáfurjett, og að nú er stríðinu lokið, svo bankinn stendur nú betur að vígi.

Enn fremur hefir verið haldið fram, að Íslandsbanki mundi tregari til að lána því opinbera, ef frv. þetta yrði að lögum óbreytt.

Jeg verð gagnvart því, eins og hv. 2. þm. G.-K. (K. D.), að halda fram, að það sje bein skylda bankans að veita stjórninni lán til nauðsynlegra framkvæmda, því auk hlunninda þeirra, sem hann hefir fengið beinlínis í því skyni, starfar hann að töluvert miklu leyti með innlendu fje. Ef hjer væri að ræða um algerlega útlendan privatbanka, væri nokkuð öðru máli að gegna. Jeg veit heldur ekki til, að Íslandsbanki hafi nokkurn tíma gert sig sekan í slíku atferli; þvert á móti verið landsstjórninni mjög innan handar í lántökum hennar.

Það er og vitanlegt, að Þjóðbankinn danski, sem þó er hlutafjelagsbanki, en ekki ríkiseign, nýtur sömu rjettinda og hjer er farið fram á fyrir hönd Landsbankans. Þegar af þessari ástæðu ætti það að segja sig sjálft, að frv. væri samþykt óbreytt.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) þykir óviðkunnanlegt að fá lán í Íslandsbanka, sem svo sje lagt inn í Landsbankann; en það er ekki annað en það, sem privatmenn gera oft og einatt. Það er afaralgengt, að menn taki lán í öðrum bankanum og leggi það inn á hlaupareikning í hinum.

Þá verð jeg að játa, að jeg get ekki skilið, að hæstv. fjármálaráðherra þurfi að knýja á hjá Íslandsbanka til þess að fá lán, rjett eins og hann væri einhver beiningamaður eða gustukamaður. Jeg hjelt að þegar landssjóður fengi lán með sömu kjörum og einstaklingar, gæti það ekki talist greiði, eigi ver statt en landið er nú, heldur ætti Íslandsbanka að vera sómi í að veita lánið; auk þess er alkunnugt, að það eru helst stóru viðskiftin, sem bankarnir sækjast eftir.

Það eru að vísu falleg orð að bera á vörunum, að það eigi að styrkja Landsbankann, en jeg gef lítið fyrir þau, þegar tillögurnar, sem þeim eru samfara, gera það ekki. En við vitum líka, til hvers fögru orðin stundum eru notuð.

Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) þarf jeg ekki að svara, því honum er fullsvarað með því, sem hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) og jeg höfum þegar sagt.

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) gaf í skyn, að jeg hefði hagað orðum mínum eins og jeg væri beiningamaður, er jeg leitaði til Íslandsbanka um lán. Jeg sagði, að Landsbankinn væri því miður eigi svo öflugur, að hann gæti veitt landinu þau lán, sem það þyrfti, og því hefði jeg orðið að biðja Íslandsbanka um lán. Hvernig hv. þm. (M. T.) kemur hjer beiningamanninum að er mjer hreinasta ráðgáta, en hann um það. Hefði Landsbankinn verið nægilega öflugur, hefði leitt af sjálfu sjer, að stjórnin hefði fengið öll sín lán þar, enda væri henni það langtum kærara.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að Íslandsbanki væri skyldugur að lána landinu fje. Lagalega er hann alls eigi skyldugur til þess, og sje honum af einhverjum ástæðum illa við að veita lán, getur hann altaf fengið einhverja átyllu til að losna við það, t. d. sagt, að bankinn hafi ekkert fje handbært o. s. frv.

Það virðist svo, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) gangi út frá því sem sjálfsögðu, að landsstjórnin geti altaf fengið lán í hvaða banka sem vera skal. En mjer er kunnugt um, að erlendar stjórnir hafa oft átt fult í fangi með að fá nauðsynleg lán. (*K. D.*: Hvaða stjórn?) Jeg er eigi skyldugur til að nefna nein dæmi, en ef hv. þm. (K. D.) hefði fylgst með í erlendum blöðum, þá hlyti hann að hafa rekið sig á þetta.

Stjórninni tókst í þetta skifti að fá 4½ milj. kr. lán í Danmörku; meira var ekki hægt að fá. Skal jeg geta þess, bankastjóra Tofte til maklegs lofs, að hann studdi eftir megni að því, að lánið fengist, og var framkoma hans öll í því máli sú, að auðsjeð var, hvað honum var ant um hag landsins.

Jeg er sammála hv. þm. Ísaf. (M. T.) um, að það eigi að styrkja Landsbankann, en jeg get ekki sjeð, að aðstaða hans verði neinu verri, þó brtt. verði samþykt. Við höfum orð hæstv. atvinnumálaráðherra og fleiri manna fyrir því, að mestur hluti fjárins muni lenda hjá Landsbankanum; að eins örlítill hluti hjá Íslandsbanka. Get jeg ekki skilið, að framtíð bankans velti á því, hvort þetta verður samþykt eða eigi. En mjer finst þetta meira „taktiskt" spursmál.

Ef hnúturnar til mín eiga við frv., sem felt var í Nd., og talið var til þess lagað að særa Landsbankann ólífissári, vísa jeg þeim algerlega frá mjer, því mjer var aldrei verulega um það frv. og var sama, þó það fjelli; en ef átt er við brtt. þá, sem hjer er farið fram á, verð jeg að játa, að jeg skil þær ekki, því með henni er ekki

á nokkurn hátt veist að Landsbankanum. En nú kemur bráðum ný stjórn og nýr fjármálaráðherra (*M. T.*: Er það nú víst?), og verður gaman að sjá, hvar hann tekur lánin. Meðan jeg er í stjórninni mun jeg að sjálfsögðu reyna, eins og unt er, að láta Landsbankann sitja fyrir því, að veita stjórninni lán.

Halldór Steinsson: Jeg þarf ekki að svara mörgu af því, sem hjer hefir verið talað, en jeg ætla þó að segja örfá orð um einstaka atriði.

Hv. þm. Ak. (M. K.) misskildi í brtt. orðin „að öðru jöfnu“ Virtist hann skilja þau á þann hátt, að ef 2 útibú væru á sama stað, stæði á sama, í hvort þeirra fjeð væri lagt inn. Auðvitað er meiningin sú, að fjeð sje lagt inn í Landsbankann, nema Íslandsbanki bjóði betri kjör. Mun enginn annar en hv. þm. Ak. (M. K.) hafa skilið orð þessi á annan veg.

Þá talaði hann um ákvæðið í 8. gr. frv., „nema staðhættir banni“. Virtist mjer hann vilja fá því breytt. En mjer virðist það enga þýðingu hafa, því póstsamband og símakerfi landsins er nú komið í það horf, að óhugsanlegt er, að staðhættir banni, að fjeð verði lagt inn í Landsbankann. Málsgrein þessari er því algerlega ofaukið, og mætti eins vel fella hana úr frv.

Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) talaði um, að stefna þingsins ætti að vera að styrkja Landsbankann. Erum við honum sammála um það, en við álítum, að það eigi að styrkja hann án þess að misbjóða öðrum. Og það er aðalatriðið í þessu máli.

Hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) hefir verið æði-fljótur að skifta skoðun í þessu máli; við 1. umr. var hann með þessari breytingu, en nú er hann snúinn á móti henni. Furðar mig að vísu ekki á því úr þeirri átt. Hæstv. atvinnumálaráðherra virtist ganga út frá því, eins og aðrir, að Íslandsbanki mundi gefa hærri vexti; en ef hann gefur það, eru sjóðirnir beittir beinu ranglæti með því að leggja þá inn í Landsbankann og láta þá þannig ávaxtast minna en ella.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að brtt. væri óþörf, gerði hvorki til nje frá, en þá skil jeg ekki, hvers vegna slíkt kapp er lagt á að fella hana.

Magnús Kristjánsson: Hv. þm. Snæf. (H. St.) talaði um misskilning hjá mjer. En jeg hygg, að honum muni veitast æði-örðugt að sanna það. Yfirleitt finst mjer fremur óheppileg aðferð að gera mönnum upp orð, sem menn aldrei hafa sagt, og byggja sína röksemdafærslu á þeim. Jeg skal játa, að jeg var að reyna til að finna einhverja skynsama hugsun í till., til að komast að raun um, hver væri meiningin með henni; annars skal jeg ekki endurtaka það, sem jeg sagði um hana áðan. Jeg verð samt að taka fram, að jeg var ekki á móti ákvæðinu í 8. gr.: „nema staðhættir banni“, tók einmitt fram, að það væri nægilegt og gerði brtt. óþarfa. Háttv. þm. Snæf. (H. St.) reyndi þar til að snúa út úr, eins og hans er vandi.

Jeg býst ekki við, að Íslandsbanki muni gefa hærri vexti af innlánum en landsbankinn; því hefir háttv. þm. Snæf. (H. St.) líka haldið fram, svo þar erum við sammála. Annars vil jeg geta þess, að mjer þóttu ummæli háttv. þm. Snæf. (H. St.) hálfóviðkunnanlegt, er hann sagði, að þessi lög settu einokunarstimpil á Landsbankann; tel jeg slík ummæli trauðlega viðeigandi.

Áður en jeg sest niður ætla jeg að víkja örfáum orðum að því, sem háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) sagði. Hann hjelt fram, að miklar líkur væru til, að þetta fyrirkomulag gæti orðið Landsbankanum til stórtjóns; honum gæti borist svo mikið fje, að hann ætti örðugt með að svara því út. — Það er algerlega ástæðulaus ótti. Það eru einmitt slík viðskifti sem þessi, er bankarnir

sækjast mest eftir, því þess meira fje, sem bankarnir hafa á þennan hátt, þeim mun meiri líkur eru til, að að eins lítill hluti af innlánsfje þeirra verði tekinn út í einu. Einnig gæti stjórn og þing tekið í taumana, ef útlit væri fyrir, að einhverskonar aðsúgur yrði gerður að bankanum. Svo þessar ástæður hv. 1. þm. Rang. (E. P.) eru fremur lítilfjörlegar.

En þegar verið er að tala um hættu, sem stafað geti frá Íslandbanka í þessu sambandi, er eins og menn hafi hálfvegis gleymt því, að við höfum þó bankaráðið — og ætti þó hv. 1. þm. Rang. (E. P.) að minsta kosti að muna, að það er til. Og hafi jeg á sínum tíma talið það góða ráðstöfun, að þessi hv. þm. var skipaður í bankaráðið, þá var það af því, að jeg hafði álit og traust á honum til þess — traust á honum til þess, að vera þar trúnaðarmaður landsins, eins og hann auðvitað á að vera.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það er reyndar búið að kveða brtt. svo rækilega niður, að óþarfi virðist að bæta nokkru þar við. En jeg get þó ekki stilt mig um að benda á það, að svo virðist, sem hv. flm. brtt. hafi nú alveg skift um skoðun.

Það er stöðugt verið að sífra og suða um það, að engar líkur sjeu til þess, að Landsbankinn geti gefið eins háa vexti og Íslandsbanki, og þess vegna sje hagur að því að hafa innstæðurnar í hlutabankanum, auk þess sem bankinn mundi verða tregari til lánveitinga, ef hann yrði sviftur innlögunum, ef hægt er að tala um að svifta hann því, sem hann hefir engan lagarjett til. En samkvæmt reynslunni er engin ástæða til að ætla, að Landsbankinn gefi lægri vexti, og löggjafarvaldið hefir fullan rjett og skyldu til að styrkja hann og styðja á hvern þann hátt, er það telur best við eiga, og það því fremur, sem ráðstafanir þess áður hafa gert hann að nokkurskonar undirlægju hins bankans, og það verður meðal annars gert með því, að fá þessi innlög opinberra sjóða í hendur honum. Það er vægast sagt óviðkunnanlegt að heyra Íslandsbanka núið um nasir, að hann mundi tregari til að lána ríkinu, ef Landsbankinn yrði styrktur að þessu leyti, þar sem það er beinlínis tekið fram í lögum hans, sem eitt af skilyrðum fyrir seðlaútgáfurjettinum, að hann sje skyldur til að styrkja íslenska atvinnuvegi. En bankanum koma þessar sjóðaráðstafanir ekkert við í því sambandi, því auðvitað hefir þingið fult leyfi til þess að ráðstafa meðferð þeirra eins og því þóknast, og þeim er best borgið eins og ráð er fyrir gert í frv. sjálfu, því um brtt. er það eitt að segja, og umr. nú hafa best sýnt það, að hún er óþörf, og jafnvel flm. hennar sanna það best með ummælum sínum. (*H. St.*: Alt misskilningur).

Eggert Pálsson: Það var hv. þm. Ak. (M. K.), sem gaf mjer ástæðu til að taka til máls, með því að blanda inn í umr. slettum út af stöðu minni sem bankaráðsmanns. En út af þeim atriðum, sem hann mintist á, ætti að vera nóg að minna á það, að bankaráðið tekur að sjálfsögðu engan þátt í daglegum störfum eða stjórn bankans, svo mál eins og þau, sem hjer ræðir um, koma ekki undir úrskurð þess. (*M. K.*: Þau ættu að gera það).

En fyrst jeg er á annað borð staðinn upp, vildi jeg víkja lítillega að nokkrum öðrum atriðum. Ástæðan til afstöðu minnar í þessu máli er sú, að raunin mun nú, sem að undanförnu, verða sú, að Landsbankinn einn geti ekki fullnægt þörfum stjórnarinnar, og þess vegna sje það happasælast að koma sjer sem best við báða bankana, meðan svo stendur, eða að minsta kosti óþarft að koma sjer út úr húsi hjá öðrum þeirra, þó með því sje auðvitað ekki sagt, að ekki eigi að styrkja hinn.

Önnur sletta var mjer send frá hv. þm. Ísaf. (M. T.), þar sem hann sagði, að till. mín kæmi úr hörðustu átt, þar sem helst mundi verða að telja mig landbúnaðarfulltrúa, en Landsbankinn hefði ætíð verið skjöldur og verja landbúnaðarins. Mjer er nú reyndar ekki kunnugt um, að svo sje ástatt sjerstaklega um Landsbankann. Því það er vitanlegt, að hvorugur bankinn hefir verið þess megnugur að reisa við landbúnaðinn, þó eflaust hafi ekki vantað viljann. Að þetta sje rjett má meðal annars sjá af því, að nú er fram komin þingsál. um að setja á stofn sjerstaka lánstofnun fyrir landbúnaðinn.

Annars virðist mjer auðsætt, eins og hv. þm. Snæf. (H. St.) tók fram, að í þessu máli á auðvitað að líta á báðar hliðarnar, ekki starblína eingöngu á stundarhag Landsbankans, heldur taka líka tillit til hagsmuna þeirra sjóða, sem hjer eiga hlut að máli, en það verður tæpast talið gert með því, að neyða þá til þess að leggja fje sitt inn í ákveðna stofnun, hvort sem þeir græða á því eða tapa, auk þess sem það mundi stappa nærri því, að þrýsta einokunarstimplinum á stofnunina sjálfa. Í sambandi við þetta má taka eitt dæmi til skýringar. Það verður ekki farið lengra en að meta Landsbankann til jafns við landssjóðinn, og við skulum gera ráð fyrir, að þetta tvent væri eitt og óaðskiljanlegt. Svo kemur einn góðan veðurdag till. um það, að taka t. d. alt ómyndugra fje og leggja það inn í landssjóðinn, og það jafnvel þó betri kjör fengjust annarsstaðar. Jeg býst við því, að mönnum þætti þetta óviðfeldin hagnaðarráðstöfun — og væri því þó ekki til að dreifa hjer, að útlendingar græddu — þar sem landssjóður sjálfur á í hlut.

En munurinn er enginn á þessu og þvinguðum innlögum opinberra sjóða í Landsbankann. Því Landsbankinn er ekkert annað en ein sjerstök grein af landssjóðnum.

Magnús Torfason: Út af orðum hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) vil jeg taka það fram, að vitanlega átti jeg í fyrri ræðu minni ekki við það, að Íslandsbanki væri lagalega skyldur til þess að lána ríkisstjórninni fje, en hinu held jeg fram, að siðferðislega sje hann skyldur til þess. Annað er það, sem jeg vil átelja í ræðu hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), og það er sú tortrygni og þær getsakir, sem andaði úr henni í garð Íslandsbanka, en þetta er alveg ósæmilegt, því jeg get, að gefnu tilefni, vottað það, að Íslandsbanki hefir komið mjög vel fram gegn landinu nú á stríðsárunum.

Um lántöku landsins yfirleitt skal jeg að þessu sinni ekki segja annað en það, að jeg trúi því illa, að stjórnin hafi ekki getað fengið lán í Íslandsbanka, að minsta kosti með sömu kjörum og prívatmenn. Hvorki þetta nje önnur ummæli mín í þessu sambandi hafa þó átt að skiljast sem árásir á stjórnina, eins og sá hársári ráðherra, sem hjer hefir talað, hefir viljað skilja þau. En hitt er annað mál, að jeg býst við því, að það hefði að minsta kosti ekki spilt, þó nefndin hefði vitað um afstöðu fjármálaráðh. (S. E.) til málsins áður. Og dálítið er það skrítið, að ráðh. skuli ekki hafa fundið hvöt hjá sjer til þess að hreyfa neinu af þeim andmælum eða athugasemdum í Nd., sem hann hefir afhjúpað fjármálaspeki sína og skáldgáfu með að básúna hjer í deildinni.

Jeg skal svo yfirgefa hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) og snúa mjer að háttv. þm. Snæf. (H. St.). Ræða hans var reyndar mest innifalin í útúrsnúningum. Það er því að eins eitt atriði í ræðu hans, sem jeg vil drepa á, og það var það, að með frv væri verið að skapa misrjetti, þó það sje vitanlegt, að aðstaða bankanna hefir verið þannig undanfarið, að ef Landsbankinn fær þessi forrjettindi, má miklu fremur segja, að það sje verið að *bæta* misrjetti.

Að lokum skal jeg geta þess í sambandi við það ósæmilega tal um einokunarstimpil,

sem hjer hefir klingt, að danski þjóðbankinn hefir í meira en öld haft þau sömu forrjettindi, sem hjer er farið fram á fyrir Landsbankann, og enginn uppnefnt hann fyrir það.

Fjármálaráðherra (S. E.): Ummæli hv. þm. um getsakir af minni hálfu í garð Íslandsbanka eru hreinasta fjarstæða. Jeg hefi sagt, að stjórnin hafi ekki getað fengið lán í Landsbankanum og því orðið að fara í Íslandsbanka. Eru það getsakir.

Þar sem háttv. þm. var að undrast það, að jeg hefði ekki hreyft andmælum gegn þessu máli í hv. Nd., þá er því til að svara, að þegar málið var þar á ferðinni, var vel um það sjeð, meðal annars af hv. þm. Ísaf. (M. T.) sjálfum, að jeg hefði nóg að gera hjer í deildinni við að tala um síldartoll o. fl.

En í mínum augum er þetta fremur smámál, svo að jeg hefði ekki fundið ástæðu til þess að hafa endaskifti á himni og jörð út af því, þegar það var til umr. í hv. Nd., þó jeg hefði átt kost á því. Því jeg skoða þetta mál ekki, eins og hv. þm. Ísaf. (M. T.), sem einhvern öruggan bjarghring í ólgusjó fjármálakafsins, sem bjargað geti hverjum sökkvandi þingmanni, sem fylgi því, í kosningabrimi kjördæmis síns. (*M. T.*: Við skulum láta skáldskapinn liggja.)

Og jafnvel þó brtt. verði feld, mun jeg greiða atkv. með frv., og held jeg svo, að það sje óþarfi að fara fleiri orðum um þetta. (*Forseti*: Það held jeg líka).

Kristinn Daníelsson: Það er vani sumra ræðumanna að byrja á því að segja, að ekkert hafi verið hrakið af orðum þeirra, og jeg vil nú taka mjer þessi ummæli í munn.

Jeg get því látið mjer nægja að benda á það enn þá einu sinni, að þar sem yfirleitt má gera ráð fyrir, að báðir bankarnir bjóði sömu kjör, er brtt. að því leyti óþörf.

En út af því, sem sagt var um Íslandsbanka og lánin, er það rjett hermt, að „formelt" muni hann geta neitað stjórninni um lán, en jeg vildi í því sambandi benda á, að víða er sú kvöð látin fylgja seðlaútgáfurjettinum, að þeim, sem hann fái, sje skylt að veita ríkinu lán, sem sýnir, að slíkt er talið eðlilegt og sjálfsagt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 474. feld með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. E., E. P., G. G., H. St., Jóh. Jóh.

nei: S. J., S. F., G. Ó., H. Sn., K. E., K. D., M. K., M. T., G. B.

8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

9.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 1 atkv.

Á 41. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 336).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
Sjá A. 525).

---

12. Brunabótafjelag Íslands [Ýmsar breytingar].

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun brunabótafjelags Íslands (A. 16).

Á 4. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Lögin, sem frv. þetta gerir breytingar á, eru ekki gömul. En það verður oft um ný lög, að reynslan leiðir fljótt í ljós, að sumt mætti betur fara. Frv. er borið fram samkvæmt till. stjórnar Brunabótafjelags Íslands. Breytingarnar fara helst í þá átt, að ljetta undir með tryggingu á lausafje. Að öðru leyti vísa jeg til greinargerðar við frv. Það er till. mín, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 11 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., föstudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 81).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Það er fremur fátt að segja um frv. þetta. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að samþ. það óbreytt. Annars standa í nál. ástæður hennar, svo jeg sje ekki ástæðu til að taka þær nákvæmlega fram. Nefndin áleit, að aðalbreytingin, sem gerð er, sem sje að fasteignir landssjóðs utan Reykjavíkur skuli trygðar í fjelaginu, sje til mikilla bóta, sömuleiðis að full upphæð lausafjár verði trygð eftir ákvæðum stjórnarráðsins. En eins og stendur í nál., rákum við okkur á ákvæði í frv., sem og er í núgildandi lögum, að samanlögð upphæð lausafjár, sem trygt er í fjelaginu, megi aldrei nema meiru en ⅓ samanlagðrar vátryggingar húsa í fjelaginu. Þetta ákvæði er í rauninni mjög eðlilegt, en ef mikið bættist við af vátryggingum lausafjár í Reykjavík, þar sem ekkert hús er trygt í fjelaginu, er hætt við, að upphæðin yrði hærri en lög standa til, og gæti þá farið svo, að neita yrði mönnum utan Reykjavíkur um tryggingu lausafjár. Væri illa farið, ef sömu menn, sem skyldir eru að tryggja hús sín í fjelaginu, geta ekki fengið lausafje sitt vátrygt þar, vegna þess, að menn í Reykjavík vátryggja hús sín í öðrum fjelögum. Í nefndinni kom til mála, hvort Reykvíkingar skyldu eigi líka skyldir að tryggja hús sín í fjelaginu, en menn fjellu frá því, þar eð Reykjavík stendur langtum betur að vígi en nokkur annar staður á landinu, hefir komist að svo hagfeldum samningum, að vart er hægt að koma því við. Nefndinni fanst mjög svo óviðfeldið, að Reykjavík skuli hafa sjerstöðu í þessu efni, að almenn landslög skuli ekki ná yfir hana, sem aðra kaupstaði landsins, en eins og á stendur er ilt við því að gera. Það er sjerstaklega einn háttv. nefndarmaður, sem samkvæmt ósk kjósenda sinna hefir beiðst að fá þessu breytt. Krafan er í sjálfu sjer mjög eðlileg, og ætluðum við að kalla á fund formann brunabótafjelagsins, til að fá skýringu á þessu atriði og fyrnefndu ákvæði í 1. gr. frv., en hann var farinn burt úr bænum í sumarleyfi.

Nefndin vill ekki tefja málið, og ræður því háttv. Ed. til að samþ. það óbreytt, en geymir sjer rjett til að vera með, eða koma með breytingar, ef hún að fengnum upplýsingum sjer þess þörf.

Magnús Torfason: Jeg vil að eins taka fram, að mjer finst fjelagið ekki geta heitið

Brunabótafjelag Íslands meðan Reykjavík er útilokuð. Jeg verð að játa, að ýmsir örðugleikar eru á að taka Reykjavík inn. Fyrir mjer vakir samt ekki svo mjög hin lágu iðgjöld í Reykjavík, heldur öll sú breyting, sem yrði á lögunum við slíkt ákvæði, breyting, sem mundi hafa afarmikil áhrif einnig utan Reykjavíkur. Mjer finst óhjákvæmilegt, að landsstjórnin rannsaki alt, sem að þessu máli lýtur, og vil jeg þar á meðal sjerstaklega benda á endurtryggingu. Jeg skal fúslega játa, að það getur tæplega komið í mál að koma Reykjavík inn í fjelagið, nema gerbreyting verði á endurtryggingarkjörunum, en þau koma aðallega undir brunaliði og brunaáhöldum, sem vitanlega eru langtum betri í Reykjavík en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj atkv.

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 16).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22 júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun brunabótafjelags Íslands,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 125).

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þetta frv. er komið frá stórninni. Var það lagt fyrir hv. Ed. og átti þar góðu gengi að fagna. Jeg ætla ekki að fjölyrða um það nú, en legg til, að málið verði látið ganga til allsherjarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 478).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A 125).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi,
(Sjá A. 530).

13. Löggæsla utan landhelgi.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum fyrir Ísland, nr. 17, frá 8. júlí 1902, um tilhögun á löggæslu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland (A. 30).

Á 3. fundi í Ed., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Þetta frv. leiðir af sambandslögunum og stafar af því, að íslensk skip mega ekki hjer eftir hafa annan fána en íslenskan.

Legg jeg til, að því sje vísað til sömu nefndar sem frv. næsta á undan (skipaskrásetningarfrv.).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj.atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2003) með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 14 ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 335).

Frsm. (Karl Einarsson): Mjer virðist ekki ástæða til að taka neitt sjerstaklega fram um þetta frv., fram yfir það, sem stendur í athugasemdum stjórnarinnar. Jeg leyfi mjer að vísa til þeirra, og vil mælast til þess, fyrir hönd sjávarútvegsnefndar, að hv. deild samþ. frv. óbr.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., laugardaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 30).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 8. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum fyrir Ísland, nr. 17, frá 8. júlí 1902, um tilhögun á löggæslu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 395).

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Mál þetta var til meðferðar í sjávarútvegsnefnd Ed., og legg jeg til, að það fari til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2010) með 14 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 395, n. 443).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 531)

14. Fasteignamat.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat (A. 18).

Á 3. fundi í Ed., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Ástæðan fyrir því, að þetta frv. er lagt fyrir Alþingi er sú, að fasteignamatsnefndirnar, samkvæmt lögum 3. nóv. 1915, gátu ekki lokið störfum sínum fyrir þann dag, er lögin ákveða, sem sje 1. ágúst 1918. Því er það lagt til að veita frest, eins og til er tekið í 1. gr. frv.

Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringar. Legg jeg til, að því sje vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2002) með 11 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., laugardaginn 16. ágúst var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 359, 360).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Um aðalástæðurnar fyrir frv. þessu vil jeg leyfa mjer að vísa til nál. á þgskj. 359, en vil um leið geta þess, að brtt. á þgskj 360 eru gerðar í fjelagi af landbúnaðarnefndinni og hæstv. stjórn og með fullkomnu samkomulagi. — Jeg vil taka það fram, að frá Búnaðarfjelagi Íslands kom áskorun um skipun yfirmatsnefndar, og óskir um hið sama hafa borist víðs vegar að.

Jeg hefi orðið var við, að mál þetta hefir mikið fylgi í þinginu, og sje jeg því ekki ástæðu til að fara frekar út í það.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg tel víst, að ekki sjeu misskiftar skoðanir manna hjer í háttv. þingdeild, eða meðal þeirra manna, sem hafa kynt sjer fasteignamatið, um það, að við svo búið megi ekki standa, heldur þurfi að athuga málið nánar og skipa yfirmatsnefnd þá, er frv. fer fram á, til að „endurskoða“ það og „samræma.“

Ætíð þegar ályktanir eru gerðar um að skipa nefndir, verður að taka sem skýrast fram, hvert sje ætlunarverk nefndarinnar. — Mjer er tæplega ljóst, hversu langt verkefni yfirmatsnefndarinnar á að ná eftir frv., og þá sjerstaklega hvað leggja megi í orðið „endurskoða.“

Jeg tel líklegt, að svo fari, að væntanleg yfirmatsnefnd komist að þeirri niðurstöðu, að matið sje annaðhvort of hátt eða of lágt. Líklega er það frekar of lágt yfirleitt, þar sem það mun víðast hvar metið eftir peningagildi fyrir stríðið.

Jeg skal ekki fjölyrða um þetta, en vil skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki sje ástæða til að taka nánar fram í 3. gr., hvort yfirmatsnefndinni sje ekki heimilt að breyta matinu í heild, ef henni finst ástæða til þess, en mjer er ekki ljóst, að það liggi í orðinu „endurskoða“. — Yrði

þá starfssvið hennar líkt og yfirmatsnefndar innan sýslu, en þar er verðinu breytt, ef svo ber undir — jafnvel í heilli sýslu — til hækkunar.

Jeg vona, að nefndin athugi þetta nánar, og að yfirlýsing komi frá henni um það, hvað sje meint með að „endurskoða.“

Í 4. gr. á þgskj. 360 er gert ráð fyrir, að væntanleg yfirmatsnefnd hafi lokið störfum fyrir 1. apríl 1921, en jeg tel mjög hæpið, að svo geti orðið. — Jeg get ekki annað ætlað en að starfið verði mjög umfangsmikið, og það vex enn meir, ef breyta má verði á fasteignum.

Enn eru ekki komnar skrár úr öllum sýslum, og eftir nál. getur væntanleg yfirmatsnefnd ekki látið sjer nægja þær skýrslur, er nú liggja í stjórnarráðinu, heldur verður hún að afla sjer ítarlegri skýrslna, en það tekur tíma og getur nefndin ekki tekið til starfa fyr en alllöngum tíma eftir þetta þing, má ske ekki fyr en að áliðnum næsta vetri.

Að vísu má búast við, að fresturinn verði framlengdur á næsta þingi, ef þörf gerist, og legg jeg því enga verulega áherslu á þetta atriði. Hitt skiftir aftur miklu máli, hvernig skilja beri orðið að „endurskoða.“ Það er í þessu sambandi þýðingarmikið orð, og vil jeg hess vegna ítreka ósk mína til nefndarinnar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Stjórninni var ljóst, að nauðsyn bar til að nefnd væri skipuð til þess að yfirfara, endurskoða og samræma fasteignamatið.

Ástæðan til þess, að frv. í þessa átt var **ekki meðal stjórnarfrv.**, er sú, að stjórninni þótti rjett að hafa tal af ýmsum mönnum, sem þekkingu hafa á þessu máli, áður en frv. kæmi fram. — Fe stjórnin bakklát háttv. landbúnaðarnefnd fyrir að hafa flutt þessar brtt. á frv. stjórnarinnar fyrir hönd stjórnarinnar.

Hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) gerði athugasemdir um það, hvernig ætti að skilja orðið „samræma.“ Jeg hygg, að ekki geti leikið neinn vafi á því, að það beri að skiljast svo, að yfirmatsnefndinni sje veitt heimild til að hækka eða lækka matið, eftir því sem hún telur rjett, enda færi tölnvert að draga úr þýðingu nefndarskipunarinnar ef þetta væri ekki meiningin.

Hitt er rjett, að búast má við, að ekki veiti af tíma þeim, er gert er ráð fyrir, en verði hann of naumur, þá má altaf framlengja frestinn með bráðabirgðalögum. Meiningin er, að 5 menn skipi nefndina, og ætti með því að vera hægt að útvega tölnverða þekkingu á landsháttum í hana. Ætti það að geta flýtt fyrir störfum hennar, en ekki kemur til mála, að nefndarmennirnir ferðist neitt, en hins vegar verða þeir að leita sjer upplýsinga hjá matsnefndunum, ef þess reynist þörf.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Til andsvara hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) skal það tekið fram, að nefndin leit svo á, að þessi nýja nefnd mundi yfirleitt ekki breyta verðhlutföllum innan sýslna. Nefndin hjelt þó, að fyrir gæti komið, að svo illa væri frá matinu gengið, að gera þyrfti það upp aftur, en vildi ekki setja fyrirmæli um það að svo stöddu. Það er líklegt, að tíminn, sem settur er í frv., sje of stuttur, en því takmarki má þá breyta síðar, þegar reynsla er fengin um það, að tíminn sje ekki nægur, sem settur er.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hefi nú fengið skýringu háttv. frsm. (S. F.) og hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) á orðinu „endurskoðun“ í frv., en hvorugur ljet nokkuð um mælt um það, hvort nefndin gæti hækkað matið í heild sinni; hún

skyldi að eins koma á samræmi í sýslunum; fyrst innan hverrar sýslu og síðan yfirleitt. Það skaðar ekki, þótt fram kæmi í frv., hvort nefndin hefir vald til að hækka og lækka matið í heild sinni. En ef nefndin lýsir yfir því, að sá skilningur sje rjettur, getur háttv. deild sjálfsagt látið sjer það nægja.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Það er mitt álit, að ekki komi til mála að matið verði alstaðar hækkað. En það er líklegt, að það verði víðar hækkað en lækkað, svo að í heild sinni hækki það tölulvert.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það var tilætlun stjórnarinnar með frv., að breyta mætti matinu, bæði hækka og lækka það í heild sinni og einnig á einstökum jörðum, en ef ordalagið þykir óljóst, er jeg fús til að breyta því, þó mjer sjálfum virðist ekki nauðsyn vera á því.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er fullkomlega þeirrar skoðunar, að hjer sje um mikið vandaverk að ræða og svo yfirgripsmikið, að jeg fæ ekki skilið, að því verði lokið fyrir 1. júlí 1920, ef svo fer sem mig grunar, að matið sje nokkuð misjafnt, lýsingar ónákvæmar og matið óeðlilegt. Ef svo fer, gefur það að skilja, að mikið verk verður að yfirfara matið í öllum sýslum og breyta því, svo að til batnaðar sje. Það er mjög líklegt, að ef vel hefði átt að vera, þá hefði yfirmatsnefnd þessi þurft að ferðast um landið; en vafasamt er, hvort úr þessu verður bætt hjeðan af, með því að í óefni er komið. Þetta hefði átt að athugast betur þegar í upphafi. Þá hefði átt að skipa þriggja manna nefnd, sem ferðast hefði um landið og unnið að matinu. Jeg tel það siðferðislegan ábyrgðarhluta, sem kastað er á þessa nefnd, ef henni er ætlað að breyta matinu, þar sem þó yfir- og undirmatsnefnd hefir fjallað um hvert einasta mat í hverri sýslu. Jeg get trúað því, að svo kunnuga menn megi finna, að þeir geti með samanburði ákveðið mat í svo sem tveimur eða þremur sýslum án ferðalaga, en jeg trúi því ekki, að fimm menn sje hægt að finna svo kunnuga, að þeir geti á sama hátt ákveðið mat á öllum jarðeignum landsins. Mjer kæmi það ekki á óvart, þótt sumar undirmatsnefndirnar kynnu að spýta mórauðu, er þær sæju gerðir slíkrar nefndar. Það væri vafasamt, hvort rjett væri af stjórninni og nefndinni að setja einskorðaðar reglur hjer að lútandi, en ýmislegt er þó, sem taka má til greina með tímanum. Það er þá fyrst, hverjar breytingar hafa verið gerðar á matinu. Víðast hvar hafa yfirmatsnefndir staðfest mat undirnefnda, en þó eru til sýslur, þar sem matinu hefir verið breytt, en vafasamt, að hve miklu leyti það er til bóta. Hjer yrði þá spurningin um það, hvort leggja ætti til grundvallar undirmat eða yfirmat. Flestar jarðir hafa hækkað í mati um ½ eða ⅓, og margar tífalt, fimtugfalt og jafnvel hundraðfalt. Jeg get nefnt jörð, sem var 3,9 hundruð, en komst í 70 hundruð, og höfðu þó engin hlunnindi komið upp, sem sjerstaklega höfðu gert jörðina verðmeiri. Aðra jörð gæti jeg nefnt, sem komst úr 3 eða 4 hundr. upp í 400 eða 500 hndr., en til þess var sjerstök ástæða, sem sje síldveiði.

Þegar mat hefir verið framkvæmt af nefndum, sem ferðast hafa um alla sýsluna og leyst starf sitt af hendi með fullri samviskusemi, þá er mjer til efs, að taka beri meira mark á sleggjudómum einhverrar yfirmatsnefndar, sem situr hálfan mánuð á einhverri skifstofu, því að vitanlega yrði hjer um skrifstofustarf að ræða. Væri henni sjálfsagt hentast að fara varlega í sakirnar og hafa það hugfast að

leggja ekki of þungan dóm á, eða heimta of mikið.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Út af spurningunni um það, hvort leggja beri til grundvallar undirmat eða yfirmat, þá tel jeg sjálfsagt, að hið fyrnefnda verði til þessa valið, aðallega með því, að þar er að finna lýsing jarðanna, sem einkum verður að byggja á.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg get ímyndað mjer það, að samræmi innan hvers hjeraðs sje nærri sanni. Þar á móti sje ekki sama máli að gegna um samræmið milli hjeraðanna, og sje það þá hlutverk þessarar landsnefndar að kippa því í lag. Það er alveg rjett hjá hv. 4. landsk. þm. (G. G.), að hjer sje um vandasamt verk að ræða, og að mikið sje undir því komið, að valinn maður sje í hverju rúmi. Stjórnin mun að sjálfsögðu reyna að gera sitt til þess, að verkið verði sem best af hendi leyst. Mjer er nær að halda, að það sje rjett, að tíminn sje of stuttur, en það gerir ekki svo mikið til, með því að altaf er hægur hjá að framlengja.

Eggert Pálsson: Það er mín skoðun, að nefnd þessi sje ekki eins þörf og flestir hv. þm. virðast ætla.

Jeg hygg, að mælikvarði matsmanna í virðingu jarðanna hafi verið gangverð jarðanna, eftir því sem matsmennirnir frekast vissu og eftir því sem þær hafa verið virtar á síðari tímum, er eigendur hafa þurft að fá peningalán, auðvitað með hliðsjón af umbótum þeim, sem jarðirnar hafa tekið, og jarðamatinu 1861, enda mun það hafa verið tilætlun laganna, að mælikvarðinn væri þessi. Að sjálfsögðu hefir þetta mat verið nokkuð mismunandi, eftir því hvar jarðirnar liggja, enda lagar verðið sig ætíð eftir breyttum horfum og aðstöðum. Aðalmælikvarðinn hefir verið peningar, þ. e. hvað jarðirnar seljast fyrir eða mundu geta selst fyrir.

En nú er farið fram á það, að ný nefnd verði sett, með valdi til þess að skera úr því, hvers virði jarðirnar verði, nefnd, sem á engan hátt getur verið bærari eða hæfari til þess að framkvæma slíkt mat en nefndir þær, sem þegar hafa int af höndum þetta mat. Þetta liggur í augum uppi. Hvernig á t. d. maður úr Kjósarsýslu að vera bærari um að setja verð á jörð í Strandasýslu eða Skaftafellssýslu en maður úr þeim sýslum? Hann getur að vísu haft fyrir sjer lýsinguna og miðað við jörð, sem hann þekkir annarsstaðar, en matið getur samt sem áður orðið fjarri því, sem rjett er. Sín jörðin í hvorri sýslu getur verið aljöfn hinni að öllum gæðum og hlunnindum, en að eins mismunandi lega þeirra veldur því, að ekki er unt að hafa mat beggja jafnt. Ljóst dæmi þessa er mat jarðanna í Árnessýslu og Rangárvallasýslu. Yfirleitt er matið í Árnessýslu hærra en í Rangárvallasýslu, sem stafar af því, að jarðir í Árnessýslu eru meir eftirsóttar, þykja liggja betur við samgöngum en jarðir í Rangárvallasýslu, þótt gæðin að öðru leyti sjeu má ske ekki meiri. Og svona má halda áfram yfirleitt um landið alt.

Þegar þetta er athugað, fæ jeg ekki skilið, hvernig menn hugsa sjer það, að ný nefnd fái ráðið bót á þeim annmörkum, sem á matinu eru, án ferðalags um landið.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hjó eftir einu orði hjá hv. 1. þm. Rang. (E. P.): mjer skildist á honum, að matsmenn myndu hafa haft hliðsjón af jarðamatinu 1861. Jeg er nú gamall matsmaður, og jeg verð að segja það, að jeg forðaðist eins og heitan eld að líta í það mat; svo bandvitlaust er það, að minni skoðun. Hitt er rjettur mælikvarði, að miða við, hvað jörðin gæti

selst nú, og minn mælikvarði var, hvað jeg myndi vilja kaupa jörðina fyrir, ef hún stæði til boða. Þetta var aðalgrundvöllurinn undir matinu, en til nánari samanburðar voru notaðar spurningar þær, sem stjórnarráðið hafði gefið út til útfyllingar. Voru þau svör sum góð og samviskusamlega gerð, en sum aftur ófullkomin. Verst var, að stjórnarráðið gaf ekki nefndunum fast form fyrir bókhaldinu. Við tókum það ráð, að fara eftir röð spurninganna, svo að sjerdálkur var fyrir áhöfn, fólksþörf, fóðurþörf o. s. frv. Gerðum við svo lista yfir allar jarðirnar og settum síðan verðið eftir þessu. Þannig lukum við við fyrsta hreppinn og svo koll af kolli. En svo komumst við í síðasta hreppinn t. d., og fundum þar t. d. jörð, sem var að öllu jöfn annari jörð, sem við höfðum metið að áhöfn, fólksþörf, fóðurþörf o. s. frv., en þá reis sú spurning, sem hv. 1. þm. Rang. (E. P.) benti til: Vill maður eins vel búa á þessari jörð og á hinni? Svarið var neitandi og leiddi því til niðurfærslu á mati jarðarinnar. Erfiðar samgöngur, vetrarharðindi og sumarharðindi o. s. frv. geta dregið úr mati einnar jarðar, sem að öðru leyti er jöfn annari jörð. Alls þessa gættum við eða reyndum að gæta í matinu.

Ef gott form hefði verið samið, er jeg viss um, að starfið hefði orðið hægara og ljettara fyrir nefndirnar.

Landbúnaðarnefndin getur þess í nál. sínu, að miða beri við jarðamatið 1861, en jeg verð að telja það hreina og beina fjarstæðu, og jeg er undrandi yfir, að nefndin skuli setja fram slíka setningu. Við vitum, að þá voru matssvæðin mörg, en smá, hver hreppur matssvæði, og hreppstjórarnir og helstu bændur þar, eða þeir, sem voru í álnum, rjeðu mestu um matið, svo að jarðir þeirra eru lægra metnar en skyldi, oft ekki ½ mat, og má þekkja þær úr á sumum stöðum. Þetta sjá allir að ekki er heppilegt, en fyrir þetta verður synt þegar matssvæðin eru stærri, t. d. heil sýsla, og enn fremur þar sem það er tekið fram, að menn megi ekki níða jarðeignir sínar. En höfuðatriðið er, að samræmið verði sem best, og það næst ekki með litlum matssvæðum; þess vegna verða þau að vera stór. Þetta atriði í nál. kemur fram og er aukaatriði, en samt taldi jeg sjálfsagt að mótmæla því.

Guðmundur Ólafsson: Mál þetta er og verður mesta vandamál. Hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) fanst það óheppilega orðað að tala um að endurskoða og samræma lögin, en mjer finnast þau orð svo skýr, að það sje alls ekki hægt að misskilja þau. Að endurskoða er að aðgæta grandgæfilega það, sem gert hefir verið, og að samræma eða að koma rjettu hlutfalli á mat jarðanna, bæði innan hvers einstaks sýslufjelags og milli sýslufjelaganna. Orðið samræma gefur alls enga ástæðu til að líta svo á, að ætlast sje til, að mat fasteigna hækki eða lækki yfirleitt, heldur að það verði lækkað þar, sem það er nú hæst, en hækkað þar, sem það er lægst.

Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) taldi það vera vandaverk, sem lægi fyrir landsnefndinni, og er jeg honum fyllilega samdóma um það og jeg býst við því, að hverjir, sem til þess verða skipaðir, verði matið aldrei gallalaust, en jeg er þess fullviss, að ef hann hefði kynt sjer matsgerðir þær, sem fyrir liggja, þá myndi hann skjótlega sannfærast um það, að það sje ekki úr háum söðli að detta, og að það megi telja víst, að landsnefndin geti trauðla verið svo ljeleg, að þar sje ekki verulegra bóta að vænta. Það hefir líka komið fram í umr., að flestir hv. þm. eru samdóma um þetta. Það hefir raunar komið í ljós hjá sumum hv. þm., að matið hafi ekki batnað hjá yfirmatsnefndunum, og svo lítur nefndin á, og ef það er rjett,

þá ætti þessi leið að geta verið hættuleg, en jeg hygg, að það þurfi ekki að reynast svo, því að „til þess eru vond dæmi, að varast þau". Margar fasteignamatsnefndir hafa ferðast um og skoðað jarðirnar,og þar sem svo hefir verið ætti matið að vera gott eða vel viðunanlegt, en ósamræmið milli sýslufjelaganna hverfur þó ekki. En nú leikur grunur á því, að sumar matsnefndirnar hafi framkvæmt matið eftir skriflegu upplýsingunum einum, ekki sjálfar skoðað fasteignirnar, og er þar tæpast við rjett látu mati að búast. Það er ljóst, að það verður að lagfæra matið, og landbúnaðarnefndin fann ekki aðra leið heppilegri til þess en þessa.

Ekki er jeg samþykkur ummælum háttv. 4. landsk. þm. (G.G.) um jarðamatið 1861, hygg að það hafi verið sæmilegt á þeim tíma, þótt nú sje það úrelt orðið.

Í nál. er sagt, að matið hefði orðið miklu betra,hefði matssvæði hverrar matsnefndar náð einungis yfir einn hrepp, heldur en þegar það nær yfir heilt sýslufjelag, en jeg taldi þetta svo lítilfjörlegt atriði í nál., að jeg skrifaði undir það fyrir það, en nota nú tækifærið til að mótmæla því.

Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) vildi halda því fram, að maður suður í Gullbringusýslu gæti ekki haft hugmynd um rjett mat á jörðu norður í Strandasýslu Þetta er ekki rjett. Ef lýsingin á jörðinni er góð og greinileg að öllu leyti, hæfileg áhöfn sett og þörf mannafla til heyskapar sömuleiðis, er sama hvar matsmaðurinn er búsettur. Mestur mismunur er á húsalýsingunum, þær eru ágætar úr Dalasýslu, en annars eru kostir og gallar jarðanna víðast teknir skýrt fram. Þar hefir vitanlega verið farið eftir umsögn ábúandans og svo eigin sjón matsmanna. Ef þeir hafa gefið lýsingar þessar án þess að ferðast um og skoða jarðirnar, þá hafa þeir ekki leyst starf sitt samviskusamlega af hendi, en þar sem jeg þekki til gerðu þeir það.

Eins og matið er nú, er það með öllu ófær skattagrundvöllur, og það verður því að reyna að bæta það, og þetta er eina leiðin, sem fram hefir komið til þess. Og nefndaskipunin mistekst mjög, ef það batnar ekki.

Fjármálaráðherra (S. E.): Um það þarf ekki að deila, að verðmæti jarðanna fer mikið eftir legu þeirra. Þó dalajörð og jörð við kaupstað liggi í sömu sveit, sem vel getur verið, þá er sýnt, að að öðru jöfnu er kaupstaðarjörðin miklu meira virði. Þetta efast jeg ekki um, að matsnefndirnar hafi tekið til greina, en hinu býst jeg fremur við, að misjöfnuður á matinu komi fram í því,að það hafi verið framkvæmt eftir mismunandi mælikvörðum í hverju sýslufjelagi fyrir sig. Sem dæmi nefni jeg Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Matið var tiltölulega miklu hærra í Borgarfjarðarsýslu en Mýrasýslu, og liggja þó hjeruðin hvort við hliðina á öðru. Aftur býst jeg við, að matið í hverju sýslufjelaginu fyrir sig hafi verið mjög nærri sanni, eða svo sýndist mjer sá hluti matsins, sem jeg hafði litið yfir í Mýrasýslu, er jeg var sýslumaður þar.

Guðmundur Ólafsson: Það var tekið fram áðan af hv. 4. landsk. þm. (G. G.), að jarðir í Strandasýslu hefðu verið metnar eftir peningaverðlagi 1916, en Alþingi 1915 ætlaðist til, að verðlagið 1914 væri lagt til grundvallar. Í tilefni af þessu dettur mjer í hug, að líklegt sje, að verðlag eða peningaverð það, sem matsnefndir hafa lagt til grundvallar, hafi getað verið mjög mismunandi, enda ekki jafnhátt í öllum sýslum landsins, því eins og allir vita, hefir það verið að stórhækka öll stríðsárin. Það er því nauðsynlegt, að nefndin útvegi sjer glöggar upplýsingar um, hvaða peningaverð matsnefndirnar hafi lagt til grundvallar við mat sitt.

Magnús Torfason: Jeg hygg, að hjer sje um vandaverk að ræða, hvort sem matið verður lagt til grundvallar undir skatta eða ekki, en eins og matið er nú, er ekkert vit í því. Jeg hefi sjeð matið úr tveimur sýslum, og þar skilur mælikvarðann eins og nótt og dag, og það er talsverður mismunur á matinu, þó í nágrannasýslum sje. Jeg hefi sjeð matið úr báðum Ísafjarðarsýslum; í annari er afgjaldið reiknað með 4%, en í hinni með 5%; í annari þeirra er matsverðið altaf reiknað eftir afgjaldinu, hvernig svo sem afgjaldið er. Í hinni sýslunni eru jarðirnar meir metnar eftir söluverði, og sumar jarðir eru of hátt metnar vegna þess, að þeir, sem hafa ætlað að selja þær, hafa ýtt sem mest undir að meta þær hátt.

Undirbúningur á matinu hefir verið gerður í flaustri, og það er spursmál, hvort það er ekki of seint að reyna nú að bæta úr því. Það vantaði alfarið fyrirmynd fyrir allri bókfærslu, og þetta varð til þess, að sumstaðar hefir það verið tekið með og metið, er átti að sleppa, en annarsstaðar hefir því verið slept, er taka átti.

Mjer finst tími sá, er frv. setur — til 1. júlí 1920 — vera of stuttur, og að það stæði ekkert um þetta í frv. Væri æskilegt, að nefndin vildi athuga þetta til 3. umr.

Eggert Pálsson: Þegar matslögin voru sett, var ekki ætlast til þess, að nefndirnar yrðu fleiri en tvær, eða undir- og yfirmatsnefndir. Hugsunin var sú, að aðalhlutverk undirnefndanna væri að lýsa fasteignunum og kveða upp dóm um verðmæti þeirra, en yfirnefndirnar voru til þess, að menn gætu borið sig upp fyrir þeim, ef þeim fyndist þeir vera beittir órjetti, en það datt engum í hug að skipa allsherjaryfirmatsnefnd fyrir land alt.

Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) benti á það, að matið sje sumstaðar ekki sanngjarnt, en þótt svo kynni að vera, þá hygg jeg, að rjettlætinu sje ekki frekar borgið, þótt þessi landsnefnd verði skipuð. Ef svo ætti að vera, yrði nefndin sjálf að skoða og meta hverja fasteign í landinu, en það er svo erfitt verk, að það má heita ókleift, og engum til hugar koma nú. Af því leiddi og það, að alt verk undirmatsnefndanna væri að mestu leyti ónýtt verk.

Annað mál er það, ef starf þessarar nefndar yrði ekki meira en það, er háttv. fjármálaráðh. (S. E.) mintist á, að hækka eða lækka matið í hinum einstöku sýslum landsins, vitanlega eftir geðþótta nefndarmanna. Ef starfið yrði ekki meira en þetta, þá er að sjálfsögðu hægðarleikur að ljúka því fyrir 1. júlí 1920, því slíkt er í raun og veru ekki nema fárra daga verk. En hversu rjettlátt það yrði, það er annað mál.

Jeg býst við, að það sje svipað um jarðeignir og húseignir, að það sje ekki gott að koma á slíku samræmi, sem um er talað. Hvernig á t. d. að samræma húsaverð í Reykjavík og öðrum kaupstöðum landsins, eða lóðarverð í miðbæ Reykjavíkur og á Ísafirði, og þótt sett væri á fót nefnd til þess, þá skil jeg satt að segja ekki, að mikið yrði um framkvæmdir hjá henni. Sama gildir auðvitað um jarðirnar; lega þeirra hefir feiknaáhrif á verðið.

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) var að tala um að fresta því, hve nær lögin kæmu til framkvæmda, en það er nógur tími til þess, þegar það kemur fram, hversu langan tíma nefndin þarf til starfa sinna. Það er víst, að eins og matið er nú, er það mjög óábyggilegur skattagrundvöllur, og var ekki von á öðru, eins og til matsins er stofnað, þar sem margar nefndir meta án þess, að samband sje á milli þeirra innbyrðis um það, hvaða mælikvarða eigi að leggja til grundvallar.

Magnús Kristjánsson: Mjer finst, að nefnd sú, er frv. gerir ráð fyrir, hafi því

að eins fulla þýðingu, að það sje jafnframt ljóslega tekið fram í frv., að hún sje nokkurskonar hæstirjettur um matið. Það má tala vítt og breitt, og það með rjettu, um að hjer sje um vandaverk að ræða, og um að matið sje ekki svo gott sem skyldi, en einhversstaðar verður þó staðar að nema. Það verður því að slá því föstu, að þessi nefnd hafi endanlegan úrskurð um matið, svo eigi verði farið að setja enn nýja nefnd. Þetta atriði vildi jeg að væri gleggra orðað en er.

Jeg geri ráð fyrir, að þegar þar að kemur, þá verði það aðalstarf nefndarinnar að leggja dóm á matið, þar sem ágreiningur hefir verið á milli undir- og yfirmatsnefndar, en alls ekki að nefndin fari að meta upp allar jarðir. En það, sem mestu skiftir og nauðsyn ber til, er að koma fullu samræmi á milli sýslnanna, og mjer finst ekki óeðlilegt, þótt alt matið hækkað talsvert, því við vitum, að það er nú víðast hvar of lágt, en hvergi, eða mjög óvíða, of hátt. Það hefir vitanlega, þótt ósjálfrátt kunni að vera, haft áhrif á það, að menn vissu, að verið var að finna grundvöll undir gjaldstofn til landsins, og menn vilja almennt ekki greiða meira en þörf krefur.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg var nokkuð lengi að hugsa um það atriði, sem hv. þm. Ak. (M. K.) benti á, eftir nál., en fanst ekki vera unt að skilja það á annan veg en að þessu mati yrði stjórnin að fylgja við útgáfu jarðamatsbókarinnar; en ekkert er á móti því, að taka þetta skýrar fram.

Jeg vil taka það fram, út af ummælum hv. 1. þm. Rang. (E. P.), að ekki hefir verið rótað við mælikvarðanum, sem meta á eftir, sem sje að meta jarðir eftir því verði, sem þær væru sanngjarnlega seldar fyrir. Þetta á að vera grundvallarreglan eftir lögunum, og henni á ekki að raska með þessu frv.

Trúlegt er, að landsnefndarmennirnir geti ekki sagt nákvæmlega um, hversu sanngjarnlega hin eða þessi jörð sje metin. En af dæmum um einstakar jarðir úr einstaka sýslum má nokkuð sjá það. Þegar t. d. jörð með tilheyrandi mannvirkjum er metin lægra verði en mannvirkin ein myndu kosta, þá er sannarlega ekki um sanngjarnt mat að ræða. En þessa munu þó nokkur dæmi.

Nefndin á að kynna sjer, hvaða mælikvarða undirmatsnefndirnar hafa haft. Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) sagði frá, hvaða mælikvarða undirmatsnefnd sú, er hann átti sæti í, hefði haft, en sinn mælikvarði getur hafa verið í hverjum stað. Komist yfirmatsnefndin að niðurstöðu um það, hvaða mælikvarði sje rjettlátastur, eftir staðháttum og öðru, getur hún notað þann mælikvarða hvort heldur er norður á Ströndum eða austur í Skaftafellssýslu, svo ókunnugleiki þarf ekki að standa í vegi fyrir því, að breytingar til eða frá í einstökum hjeruðum verði til bóta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. — — — 11 — —

Brtt. 360,3. gr., samþ. með 11 : 1 atkv.
— 360,4. — — — 9 : 3 —

3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 397).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Við 2. umr. þessa máls var margt sagt eftir að jeg

var dauður, sem kallað er. Aðalmótmælin komu frá hv. 1. þm. Rang. (E. P). Aðalástæður hans voru, að verðgildi jarða hljóti að vera mjög mismunandi eftir því, hvar í sveit þær liggi eða í hvaða sýslum, og að ókunnugum mönnum sje síst ætlandi að færa til betri vegar mat kunnugra manna. Fyrri ástæðunni er jeg alveg samdóma, en hinni síðari ekki nema að nokkru leyti. Þekking á jörðu er að mínu áliti, eins og hv. þm. (E. P.), eitt allra þýðingarmesta skilyrði þess, að hún geti orðið rjett metin. En þó kunnugir menn meti, geta þeir haft mismunandi verðmælikvarða, sumir metið eftir meðalverði landskulda síðari ár, á líkan hátt og gert er ráð fyrir í þjóðjarðasölulögunum, aðrir farið eftir braskaraverði, sumir miðað við verðlag fyrir stríðið, aðrir við stríðstímaverð o.s. frv. Mismunur getur því orðið stór á mati kunnugra manna, og ekki vanþörf á að samræma niðurstöður þeirra. Þar að auki getur ekki verið um nákvæma þekkingu að ræða í öllum tilfellum, þegar einir 3 menn eiga að meta jarðir í heilli sýslu. Að vísu munu flestir matsmenn hafa ferðast nokkuð um, en það gefur ekki staðgóða þekkingu á jörð, þó varið sje einum degi til að skoða hana, og því síður ef skoðaðar eru margar jarðir á dag, sem dæmi munu til. Það má því telja víst, að matið verði þá aðallega bygt á lýsingum ábúanda og annara kunnugra manna, sem teknir eru af hálfgerðu handahófi, og er það fremur veill grundvöllur til að byggja matið á. Jeg er alveg samdóma hv. þm. Ísaf. (M. T.) um það, að þetta mat verði tæplega gert svo úr garði hjeðan af, að það verði rjettlátur grundvöllur skattalaga. En jeg hygg, að það megi þó umbæta það töluvert, einkum að því leyti, að meira samræmi verði komið á milli sýslnanna. Og eins má búast við, að athuganir þessarar tilvonandi landsnefndar leiði til ýmislegs, sem að gagni má verða þegar næsta jarðamat fer fram.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er fullkomlega sammála hv. þm. Ísaf. (M. T.) um það, að yfirstandandi jarðamat er langt frá því að vera sanngjarn grundvöllur undir skattgjöld. En þegar þess er gætt, að ekki er úr háum söðli að detta, því vitlausara en matið frá 1861 getur þetta mat aldrei orðið, þá er eins og maður verði ánægðari með nýja matið. Það verður altaf sanngjarnari grundvöllur en eldri möt.

Mjer virðist hv. frsm. (S. F.) leggja of mikið upp úr nákvæmri skoðun undirmatsnefndanna. Löggjafarnir, sem lögin settu, virðast ekki hafa talið skoðunina nauðsynlega. Hún er heldur ekkert aðalatriði. Þó ekki hefði verið varið nema einum degi til þess að skoða hverja jörð, þá hefði matið orðið miklu langdrægara og dýrara en ráð var gert fyrir. Mín reynsla er það, að það hafi verið frostavetrinum að þakka, að við í Strandasýslu gátum ferðast sæmilega um sýsluna. Vegna ísa gátum við afkastað meiru á dag en ella á viku. En nákvæma skoðun gátum við þar fyrir ekki framkvæmt. Enda engin nauðsyn. Þegar tveir menn eru valdir sinn af hverju sýsluhorni, og þegar formaður nefndarinnar hefir búið í 4 hreppum sýslunnar, eins og átti sjer stað í minni sýslu, þá er ekki svo mikil ástæða til að hræðast ókunnugleika matsmannanna. Margra ára kunnugleiki hefir meira að segja en ferðalögin. Yfirleitt reyndust okkur skýrslur almennings vel. Þær voru ábyggilegar, þó að vísu þyrfti að færa þær til betra máls. Þessar skýrslur kunnugra manna voru nokkuð notadrýgri en ferðalög. Jafnvel þó maður hefði verið leiddur þangað, sem fólkið var að slá, þá hefði ekki verið hlaupið að því að gefa rjetta lýsingu á slægjum jarðanna, stærð þeirra og gæðum. Matsnefndin spurðist alstaðar fyrir, og reyndist það best. Í lögunum var svo fyrirskipað, að halda fund á einum stað í hverjum hreppi Þessi fundarhöld reyndust að vísu svo, að fáir

eða engir komu. En þó varð þetta ákvæði þess valdandi, að nefndirnar ferðuðust og leituðu upplýsinga. Að vísu datt okkur ekki í hug að koma á nokkurn einn einasta bæ, þar sem við hefðum fengist við úttektir eða vorum af öðrum ástæðum nákunnugir jarðkostum. Það kemur ekki fram af skýrslum nefndanna, hvað þær hafa ferðast mikið, heldur sjest það af kostnaðarreikningnum. Árangurinn er ekki hlutfallslegur við kostnaðinn, heldur kunnugleikann. Landsnefndin mun eiga erfitt verk fyrir höndum, og vandasamt verður að komast niður á rjettan mælikvarða. Mjer er næst að halda, að nefndin eigi sem minst að starfa á kontorunum hjer í Reykjavík, heldur eigi hún að ferðast og hafa tal af mörgum undirmatsnefndum úti um landið. Þetta hefði þurft að gera í byrjun matsins, en betra er seint en aldrei.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg sje, að engin brtt. hefir komið fram við þessa umr., og vil því líta svo á, að skýring háttv. frsm. (S. F.) á orðinu „endurskoðun", sú, að yfirmatsnefnd megi jafnt hækka sem lækka matsgerðir undirnefnda, sje með þögninni samþ. af háttv. deild.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) virðist ekki hafa skilið orð mín rjett. Jeg gerði aldrei kröfu til nákvæmrar skoðunar af hálfu undirmatsnefnda, eftir því sem ástæður lágu til, en taldi hins vegar, að matið gæti ekki verið fullkomlega ábyggilegt þar, sem kunnugleika vantaði, og stóð það í sambandi við þá skoðun mína, sem fram er tekin í nál., að heppilegra mundi hafa verið að hafa undirmatsnefndirnar fleiri og með smærri verkahring.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 405).

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta var til meðferðar í landbúnaðarnefnd í Ed., og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 28. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 405, n. 503).

Frsm. (Jón Jónsson): Frv. hæstv. stjórnar hefir tekið nokkrum breytingum í háttv. Ed. Í stjórnarfrv er ætlast til, að matstíminn sje lengdur fyrir þá matsmenn, sem hann hefir reynst of stuttur. En nú hefir háttv. Ed. skotið því inn í frv., að skipa nýja nefnd til að fara yfir matið og samræma það.

Nefndin í Nd. hefir ekki viljað eyða löngum tíma í þetta mál. Lætur hún sitja við rannsókn Ed. á málinu. Hefir hún þess vegna ekki skoðað matsbækur í stjórnarráðinu. Nefndin í Ed. hefir gert það og sjeð, að brýn ástæða er til að bæta samræmið í matinu.

Jeg skal geta þess, að einstakir menn í landbúnaðarnefnd Nd. vissu fullvel, að mikið ósamræmi á sjer stað í þessu efni víðs vegar á landinu. Það er sem sje kunnugt, að vegna mismunandi skoðana á

verðmæti fasteigna í landinu, verður matið alt of lágt á einum staðnum og of hátt á öðrum, þegar farið er að bera saman.

Margir gætnir og rosknir menn álíta, að verð það, sem nú er á fasteignum, sje ekki tryggilegt og varanlegt til frambúðar. Ófriðarstreymi tímanna hafa skapað það. Geti því orðið snöggleg breyting á þessu síðar meir. Aftur líta aðrir svo á, að fasteignir muni hækka stórkostlega í verði, t. d. jarðir. Vilja þeir þá haga matinu eftir því. Sumir eru því bjartsýnir á þetta, en aðrir svartsýnir. Fyrir það verður ósamræmið.

Það hefir og víst ekki verið venja yfirmatsmanna að bera saman matið í nágrannasýslunum. Mun því hafa verið lítið gert að því. Það hefir verið hægt, en ekki verið gert að neinu ráði. Og þó að það kunni að hafa verið gert sumstaðar, hefir það ekki verið fullnægjandi. Ef fult samræmi á að komast á, verður að gerskoða af kunnugum mönnum matið á öllu landinu.

Nú ætlast frv. til, að skipuð sje matsnefnd, er lokið hafi starfi sínu 1. júlí 1920. Er það vel að verið, ef þessu á að vera lokið fyrir þann tíma. Það er mjög mikilsvert, að gott skipulag komist á matið hjá okkur. Nefndinni hjer sýnist sjálfsagt að gera tilraun til að koma þessu svona fyrir. Hygg jeg, að hæstv. stjórn sje sannfærð um, að þetta sje nauðsynjamál, og breyting þessi sje gerð með vilja hennar og samþ.

Að síðustu skal jeg geta þess, að búnaðþingið vakti athygli á málinu og áleit það mjög þarft. Jeg vonast því eftir góðum undirtektum í hv. deild og að hún samþ. frv. óbreytt.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal leyfa mjer að þakka hv. nefnd fyrir góðar undirtektir. Landbúnaðarnefnd Ed. gerði nokkra breytingu á frv., samkvæmt till. stjórnarinnar. Stjórninni var það ljóst, að svo mikið ósamræmi var í matinu, og þá einkum milli hinna einstöku hjeraða, að nauðsynlegt mundi að samræma matið, og af þeim ástæðum fjekk hún landbúnaðarnefndina í efri deild til þess að bera brtt. fram. Því var hreyft sem mótmælum gegn frv. í Ed., að fresturinn, sem veita á nefndinni, sje of stuttur. En matinu verður að koma af sem fyrst, og það búið að dragast óhæfilega lengi. Jeg held, að það sje því alveg rjett að halda því ákvæði í lögunum, til þess að ýta undir framgang málsins. Ef aftur það sýnir sig, að nefndin óhjákvæmilega þurfi lengri frest, þá má lengja hann með bráðabirgðalögum.

Pjetur Þórðarson: Þótt jeg hafi undirskrifað nál. landbúnaðarnefndarinnar með fyrirvara, þá er það fremur vegna þess, hve fljótt og rannsóknalítið nefndin afgreiddi málið, og af því að jeg vildi láta athuga það nánar en tími vanst til, en vegna hins, að jeg ætli, að athugasemdir mínar leiði til annarar niðurstöðu en frv. fer fram á.

Aðallega munu hafa verið tvær ástæður til þess, að lögin um fasteignamat frá 1915 voru sett.

Í fyrsta lagi var gamla fasteignamatið orðið svo úrelt, að það var vandræðum bundið að verða að fara eftir því lengur, að því leyti sem skattar byggjast á því, svo sem er um ábúðarskatt til landssjóðs og gjald til sýslusjóða. Það er nú orðið nær 50 ára gamalt, en með hverju árinu sem líður hækka skattarnir.

Í öðru lagi mátti búast við því, að nýtt mat mundi auka tekjur ríkissjóðs, því að sjálfsögðu mundi það verða að miklum mun hærra en hið gamla. Eins og nú er, missir ríkissjóður árlega nokkra tugi þúsunda af tekjum vegna gamla matsins.

Nú hefir það komið í ljós, að fasteignamatslögin frá 1915 náðu ekki þessum tvennskonar tilgangi sínum svo fljótt, sem til

var ætlast í lögunum sjálfum, vegna þess hve matið drógst von úr viti. Varð stjórnin því að setja bráðabirgðalög til að framlengja frestinn fyrir því, hve nær matinu ætti að vera lokið, en nú eru tveir mánuðir síðan að sá framlengdi frestur var á enda. Þó vantar enn þá yfirmatsskýrslur úr Suður-Múlasýslu, Ísafjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það getur því dregist töluvert enn, að málinu sje lokið og hægt verði að fara eftir nýja matinu í framkvæmdinni. Jeg hygg, að ef lögunum um fasteignamat hefði verið framfylgt eins og vera bar, þá hefði þetta þing getað leitt málið til lykta og engan veginn unt að fá gleggra yfirlit yfir misfellurnar en meðal þingmanna sjálfra, sem margir hafa tekið þátt í matinu, og aðrir kunnugir stórum svæðum landsins og jafnvel um land alt, í stað þess, að stjórnarráðið fari nú að skipa nýja yfirmatsnefnd, sem auðvitað hefir ærinn kostnað í för með sjer. En eins og komið er, virðist þetta næstum áhjákvæmilegt, en þá vil jeg líka um leið beina þeirri athugasemd til stjórnarinnar, að hún leggi mikla áherslu á, að ekki dragist úr hófi fram að fá yfirmatsskýrslurnar inn úr þeim sýslum, sem enn eiga óskilað. Nefndirnar verða að skila plöggum sínum hið fyrsta, svo væntanleg yfirmatsnefnd geti tekið þegar til starfa. Því það er búið að draga málið lengur en æskilegt er.

Um verksvið hinnar væntanlegu landsnefndar er það eitt sagt í frv., að hún eigi að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Þetta virðist mjer nokkuð óákveðið til orða tekið, og má skýra það á ýmsan hátt. Mundi ekki veita af, að einhver skýring fylgdi á því, hvað meint er með þessu, „að samræma matið". Jeg hefði t. d. talið æskilegt, að nefndin hefði ekki heimild eða vald til að hækka hæsta matið úr því, sem það er komið hjá yfirmatsnefndunum. (*P. J.*: Á þá ekki að meta rjett?). Getur hv. þm. (P. J.) þá sagt mjer, hvað rjett mat er og hvað ekki? Og ef yfir- og undirmatsnefndum hefir ekki tekist að meta rjett, þá efast jeg um, að þessari væntanlegu yfirnefnd takist það mikið betur.

Svo er spurningin um, hvort tvær fasteignir, sem samkvæmt verðmæti sínu virðast vera jafnar að gæðum, eigi að vera jafnar í mati, hvar sem er á landinu. T. d. ætti að vera nokkur munur á jörð í Skaftafellssýslu og Árnessýslu, þó báðar sjeu líkar að gæðum. Sama er að segja um hús og lóðir í kaupstöðum. Að sjálfsögðu er rjett að taka tillit til þess, hvort fasteignin er í Reykjavík eða t. d. í Stykkishólmi eða Vík í Mýrdal.

Auk þess er það fleira en jarðamatið sjálft, sem þessi væntanlega nefnd þarf að athuga, t. d. ýms fasteignarjettindi og grundvallarreglurnar fyrir því, hvernig ýms hlunnindi á jörðum hafa verið metin.

Svo vil jeg að endingu ítreka þá ósk mína, að ekki verði látið dragast að koma fasteignamatinu í kring sem fyrst.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vildi að eins benda á, að matsskýrslur eru nú komnar frá nálega öllum matsnefndum í landinu, svo að eftir munu ekki vera nema að eins fjórar, og er sjálfsagt að ganga eftir þeim sem fyrst. Er ekki ástæða til að ætla, að sú innköllun tefji nokkuð málið að ráði.

Um það, hvernig skilja eigi orðalag frv. hvað snertir starfsvið væntanlegrar nefndar, skal jeg taka það fram, að jeg hefi aldrei verið í vafa um, hvernig skilja bæri orðin: „að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat". Í þessum orðum felst að nefndin megi hækka og lækka alt matið, og þá einnig hækka sumar jarðir og lækka aðrar. Væntanlega verður aðalhlutverkið að finna samræmið á milli hjeraðanna, því á því mun enginn vafi, að þar munu mestu misbrestirnir vera á matinu. Aftur má fremur gera ráð fyrir, að samræmi sje á matinu innan hvers hjeraðs. Ósamræmið

milli hjeraðanna er ljóst, og sýnilegt, að það hafa verið brúkaðir mismunandi mælikvarðar. Mætti t. d. benda á matið í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu. Þau hjeruð liggja, eins og kunnugt er, hvort við hliðina á öðru, en þó var matið langtum hærra í Borgarfjarðarsýslu, enda lækkaði yfirmatsnefndin matið þar um 10%, en hækkaði í Mýrasýslu um 10%.

Að gefnu tilefni skal jeg taka fram, að að sjálfsögðu hefir lega jarðanna afarmikil áhrif á verðmæti hennar, og er það svo ljóst, að vart þarf að taka það fram.

Frsm. (Jón Jónsson): Jeg vil að eins benda á það, að ekki hefði getað komið til mála, að þingnefnd kæmi í stað þessarar nefndar, til þess að reka endahnútinn á fasteignamatið, eins og hv. þm. Mýra. (P. Þ.) virtist álíta að hægt hefði verið. Þó að nefnd hefði verið kosin til þess verks hjer í þinginu, hefði hún ekki haft nokkurn tíma til að lúka því starfi, þó að matinu hefði nú verið lokið og öll gögn málsins legið fyrir. Til þess er það of umfangsmikið. Jeg held enn fremur, að ekki komi til mála að setja væntanlegri nefnd nokkrar reglur um það, hvernig hún eigi að haga starfi sínu. Hún verður sjálf að bera ábyrgð á því, og verður svo úrskurður hennar að gilda þangað til nýtt mat fer fram. En auðvitað er það afarmikilvægt, að vel hæfir menn veljist í nefndina.

Pjetur Jónsson: Jeg greip fram í fyrir hv. þm. Mýra. (P. Þ.), af því mjer virðist koma fram misskilningur hjá honum á starfi væntanlegrar yfirmatsnefndar. Vitaskuld er ekki ætlast til þess, að hún fari að virða upp jarðir um land alt, heldur verður aðalstarf hennar fólgið í því að athuga, hvort matið yfirleitt í hverri sýslu um sig sje of hátt eða of lágt, eftir þeirri grundvallarreglu, sem hún byggir á. Nú er það kunnugt, að matið er mjög misjaft milli einstakra hjeraða. Og þetta þarf nefndin að laga. En hún getur varla farið að gera upp á milli einstakra jarða innan sama hjeraðs, enda er gild ástæða til að ætla, að matið sje nokkuð samræmt í hverju hjeraði fyrir sig.

Eina rjetta grundvallarreglan fyrir matinu er vitanlega verð jarðanna eins og þær ganga kaupum og sölum, og tel jeg því ólíklegt, að nefndin lækki matið mikið, því það má gera ráð fyrir, að það hafi hvergi verið of hátt. Miklu fremur mun það of lágt víða.

Pjetur Þórðarson: Háttv. þm. N.-M. (J. J.) taldi, að það hefði verið hin mesta heimska að setja þingnefnd í málið. Jeg get ekki fallist á það. Jeg get ekki sjeð, að þingnefnd hefði ekki alveg eins getað gert þetta verk eins og fimm manna nefnd, skipuð utanþingsmönnum. Því það hlýtur hv. þm. (J. J.) að viðurkenna, að hvergi er eins mikil þekking saman komin á fasteignum hjer og hvar á landinu eins og hjá þingmönnum sjálfum, sem eru hingað og þangað að úr öllum sýslum landsins.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) taldi hina einu rjettu grundvallarreglu fyrir matinu verð fasteigna, eins og þær gengju kaupum og sölum. En jeg dreg mjög í efa, að matið hafi alment verið bygt á þessum grundvelli. Og væri þetta rjett hjá hv. þm. (P. J.), og væntanleg nefnd bygði rannsókn sína á þessum grundvelli, þá er jeg sannfærður um, að koma mundi mikil breyting á matið, og vafasamt hvort hún yrði til bóta.

Annars tel jeg ekki þýða að orðlengja mikið um þetta mál, en vona, að stjórnin flýti sem mest fyrir, að því verði lokið sem fyrst að unt er.

Jörundur Brynjólfsson: Mjer virðist sá

skilningur hafa komið hjer fram, að yfirmatsnefndinni beri að hækka virðingarverð jarða yfirleitt. Jeg vil ekki láta þessu ómótmælt. Að vísu er ekki hægt að leggja nefndinni neinar ákveðnar lífsreglur, er hún í engu megi víkja frá. Þó vona jeg, að þetta yfirmat leiði ekki til þess, að virðingarverð jarða hækki. Það yrðu mjer hin mestu vonbirgði. Jeg tel það sýst til búmingsbóta, og það yrði ekki til að efla landbúnaðinn. Eins og háttv. þm. Mýra. (P. P.) tók fram, þá væri það fásinna að leggja til grundvallar söluverð jarða. Það fer eftir legu jarðanna, en ekki eins eftir gæðum, hvert söluverð jarðanna er, eftir því hvernig þeim er í sveit komið, gagnvart sölu afurða og þess háttar. Og virðist oft miklu hærra heldur en verðmæti þeirra hlunninda nemur, sem skapast af legu þeirra. Því nær sem jörðin er kaupstað, því hærra selst hún; hið gagnstæða því lengra sem hún er í burtu.

Það hefir talsvert brytt á því í seinni tíð, að menn hafa keypt jarðir til þess að græða á þeim, en alls ekki keypt þær til ábúðar. Nokkrir prangarar hafa gert sjer það að atvinnu að braska með jarðir. Þessa hefir mest gætt í nánd við kaupstaði. Þetta hefir líka orðið til þess að hleypa þeim jörðum í hátt verð. Ef sölugrundvöllurinn yrði lagður að mati jarða, þá býst jeg við, að mörgum kotbóndanum þætti þröngt fyrir dyrum. Það væri hið mesta óhapparáð, ef þetta jarðamat yrði til að hækka verð jarða. Jeg fæ ekki sjeð, hvaða keppikefli landbúnaðinum er að háu jarðaverði. Jeg fæ ekki sjeð, að afrakstur jarðanna ykist neitt við það. Helsta ástæðan væri þá sú, að hægra mundi að fá hátt peningalán út á jarðirnar, en þessa ástæðu verð jeg að telja lítils virði. Jeg býst við, að bankastjórnir muni líta á fleira en söluverð jarðanna. Þær munu aðallega líta á sannvirði jarðarinnar, en það eru gæðin, en ekki uppskrúfað prangaraverð. Jeg vænti þess, að yfirmatsnefndin gæti hófs við matið, og það var að eins það, sem jeg vildi leggja áherslu á. Annars er jeg mjög þakklátur þeim matsnefndum, sem virt hafa jarðirnar heldur lágt. Það er í alla staði hyggilegt.

Pjetur Jónsson: Það þýðir ekki að þrátta um það hjer, hvaða matsaðferð nefndin eigi að hafa. Matið fer vitanlega nokkuð eftir gæðum jarða, en þó aðallega eftir legu jarða og lóða. Annars meta matsmennirnir eftir því, sem þeir álíta rjettast. Mjer hefir skilist það á nokkrum háttv. þm., að þeir væru að amast við *háu mati*. *Það* er sprottið af misskilningi. Það verður að gá að því, og ekki hægt að ganga fram hjá því, þegar lóðir eru metnar, að verðmæti þeirra fer mest eftir legunni. Jeg get bent á það sem dæmi, að hjer í Reykjavík á hafnaruppfyllingunni er ferhyrningsalin seld á 40 kr., en sumstaðar annarsstaðar eru lóðir seldar hjer á 1 kr. ferhyrningsalin. Þarna fer það ekki eftir gæðum, ekki eftir því, hvað mikið er hægt að framleiða á jörðinni. Það verður líka að taka tillit til, hvað kostnaðarsamt er að koma því á markað, sem framleitt er.

Sú skoðun hefir ríkt víða áður, að mat á jörðum ætti að byggja á því, sem í þeim byggi, og hverju þær framfleyttu. Þessi skoðun mun hafa ríkt mjög við jarðamatið frá 1861. En þessi skoðun er nú úrelt, og í þessu fasteignamati á að leggja nýjan grundvöll fyrir mati á löndum og lóðum, sem hvorki fer eftir stærð nje gæðum aðallega, heldur eftir aðstöðu og legu, sem kemur fram í verði landa og lóða í kaupum og sölum. Jeg vildi taka þetta fram, til þess að menn væru ekki að þvæla hjer með misskilning á grundvallaratriði laganna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 : 1 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 16 : 2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 2 atkv.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 405).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 : 2 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 589).

---

15. Fjaraukalög 1916 og 1917.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1916 og 1917 (A. 2).

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sje ekki ástæðu til, að svo stöddu, að orðlengja um þetta frv., vil að eins leyfa mjer að stinga upp á því, að þessu frv. verði vísað til fjárhagsnefndar, að lokinni umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjárhagsnefndar (sjá bls. 2005) í e. hlj.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2. n. 343).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Fjárhagsnefndin hefir borið frv. þetta saman við athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikninganna og svör stjórnarinnar, og ekki orðið annars vör en að tekið sje upp í frv. og leitað einkafjárveitingar á öllu því, sem yfirskoðunarmenn og stjórn eru sammála um, að aukafjárveitingar sje þörf.

Það eru að eins örfá atriði, sem ágreiningur er um, og mun jeg minnast á þau. Þó eru tvö atriði á þgskj. 344, sem jeg geri ráð fyrir að verði geymd þangað til kemur að tillögunum út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1916 og 1917.

Annað er um bæjarsímann í Reykjavík. Jeg held, að það sje rjett skilið, að tilætlun yfirskoðunarmanna sje, að leitað sje aukafjárveitingar á 59,299 kr. 22 a., er eytt hafi verið til bæjarsímans í Reykjavík. En stjórnin telur ekki ástæðu til þess, því að Alþingi hljóti að hafa gengið út frá því, er það tók ekki tekjur bæjarsímans upp í fjárlögin 1916 og 1917, að gjöld þessi ættu að greiðast af tekjunum, eins og gert hefir verið.

Hitt atriðið snertir 85. athugasemdina við landsreikninginn 1916; þar heimta yfirskoðunarmennirnir, að leitað sje aukafjárvetingar á 18 kr. 52 a., er Iðnaðarmannafjelaginu á Akureyri voru greiddar umfram fjárveitingu. Stjórnin telur eigi ástæðu til að leita aukafjárveitingar fyrir upphæð þessari, af því að fjelaginu hafi eigi verið greiddar nema 879 kr. 49 a. af 1000 kr. fjárveitingu árið 1915: 40 kr. 51 e. af hinum greiddu 1018 kr. 52 a. hafi því í raun rjettri verið eftirstöðvar af styrk fyrir árið 1917, en orðið greiddar svo seint, af því skýrslu hafi vantað frá fjelaginu.

Jeg játa það, að formelt rjett sje það, að heimta aukafjárveiting fyrir upphæð þessari, en af því hjer er um svo litla fjárupphæð að ræða, þótti nefndinni ekki taka því að fara fram á það.

Þá kem jeg að 43. athugasemd yfirskoðunarmanna við landsreikninginn 1916, út

af því, að á árinu 1916 hafa verið greiddar til Skagfirðingabrautar 7741 kr. 43 a., þótt ekkert fje væri veitt til hennar í fjárlögum það ár. Þar stendur svo á, að af 10,000 kr. fjárveitingu til brautar þessarar 1917 var upphæð þessi notuð þegar 1916, en ekkert 1917. Því hefir verið haldið fram af hállfu stjórnarinnar, að hjer þurfi ekki aukafjárveitingar samkvæmt þeirri reglu, að ekki þurfi að leita aukafjárveitingar, þótt greiðsla einhverrar upphæðar sje færð frá öðru ári fjárhagstímabilsins til hins. Jeg skil ekki heldur í þessari kröfu yfirskoðunarmanna, því að annarsstaðar, þar sem eins hefir staðið á, hafa þeir ekki farið fram á aukafjárveiting.

Þá er eftir að minnast á eitt enn. Það eru umframgreiðslur til opinberra stofnana og millifærslur milli útgjaldaliða hjá þeim. Yfirskoðunarmenn fara fram á, að leitað sje aukafjárveitinga þar sem svo stendur á, og að endurgreitt sje í landssjóð það, sem óeytt kann að vera af fje þessara stofnana í höndum forstöðumanna þeirra.

Að þessu lýtur annar liðurinn í till. nefndarinnar út af athugasemdum yfirskoðunarmanna á þgskj. 345. Vildi jeg mælast til, að geymt yrði að ræða um þetta atriði, þangað til till. koma til umr. Viljii einhver koma hjer með brtt., getur hann gert það til 3. umr.

Fleira mun það svo ekki vera, sem ágreiningur er um milli stjórnarinnar og endurskoðunarmanna landsreikninganna.

Matthías Ólafsson: Það er hlutverk hv. fjárhagsnefndar að dæma milli stjórnarinnar og yfirskoðunarmanna landsreikninganna, og hafa þeir síst ástæðu til að vera óánægðir með, hvernig sá dómur hefir fallið; miklu fremur hafa þeir ástæðu til að vera ánægðir með, hvað mikið tillit hefir verið tekið til till. þeirra, og verða að telja dóm hæstv. nefndar sanngjarnari en stundum hefir áður verið.

Þó vildi jeg drepa á fá atriði, sem enn er nokkur ágreiningur um.

Það mun rjett vera hjá hv. frsm. (M. G.), að 1916 hafi verið notað fje til Skagfirðingabrautar, sem veitt var til hennar 1917 eða árinu síðar. Þetta gátu yfirskoðunarmenn ekki vitað, og því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að þeir vildu, að aukafjárveitingar væri leitað.

Jeg er því ekki að lá þeim, þótt þeir fari fram á aukafjárveitingu. En það er annað mál, hvort ekki væri rjettara, ef fyrra árið er notað meira en veitt er til þess, að láta bíða með að fara fram á aukafjárveitingu, þangað til sýnt er, hvort alt fjeð verður notað.

Þá er tölul. 82. Hann gefur tilefni til að minnast á margt. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa lagt til, að hætt sje við að veita fje til verklegs náms við búnaðarskólann á Hvanneyri. (*M. G.*: Þetta kemur til umr. undir 6. máli á dagskrá). Jæja, þá bíð jeg eftir því.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Örfá orð. Jeg var alls ekki að lá yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, þó þeir hafi gert þessa athugasemd út af Skagfirðingabrautinni. En þeim hefði verið í lófa lagið að sjá, hvort stjórnin hefði ekki svarað rjett, áður en þeir gerðu till. sína. Mjer finst það skylda þeirra að athuga, hvort svörin eru rjett, athuga það eftir atvikum með því að líta í næst árs reikning.

Það er sem sagt langt frá, að jeg ávíti yfirskoðunarmennina fyrir þetta. En í till. sínum til úrskurða hefðu þeir getað farið rjetta leið, ef þeir hefðu athugað landsreikninginn 1917.

ATKVGR.

1.—9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj atkv.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 2).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1916 og 1917,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 407).

Á 36. fundi í Ed., fimtudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Mál þetta var til meðferðar í fjárhagsnefnd Nd., og legg jeg til, að það gangi einnig til fjárhagsnefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., laugardaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 407, n. 535).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það þarf ekki að eyða mörgum orðum um þetta frv., því nefndarálitið er glögt og fljótgert að átta sig á því. Jeg læt mjer því nægja að leggja til fyrir hönd fjárhagsnefndar, að frv. verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 407).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 626).

---

16. Landsreikningur 1916 og 1917.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþykt á landsreikningnum 1916 og 1917 (A. 4).

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. þessu verði vísað til fjárhagsnefndar, að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) í e. hlj.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 344).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa ekki gert neinar þær athugasemdir við landsreikninginn 1916—1917, sem leiða af sjer breytingu á niðurstöðu hans. Nefndin hefir því ekki haft annað að gera en að bera frv. saman við landsreikninginn 1916—1917, og hún hefir ekki orðið

annars vör en að frv. sje rjett eftir þeim reikningi. Ræður nefndn því hv. deild til að samþykkja frv. þetta óbreytt.

Um ástæðurnar fyrir afstöðu nefndarinnar til hinna einstöku atriða, sem nefnd eru í nefndarálitinu, þykir mjer rjettast að geymt sje að tala, þangað til 6. mál á dagskránni, tillögur út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna, kemur til umræðu.

ATKVGR.

Tekjubálkurinn, 1.—29. töluliður, samþ. með 16 shlj. atkv.

Gjaldabálkurinn, 1.—15. töluliður, samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 4).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. ágúst, var ýtbýtt

Frumvarpi til laga um samþykt á landsreikningnum 1916 og 1917,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 408).

Á. 36. fundi í Ed., fimtudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Jeg legg til, að máli þessu sje vísað til fjárhagsnefndar að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., laugardaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 408, n. 534).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg get haft lík ummæli um þetta frv. og hið fyrra. Fjárhagsnefnd hefir íhugað málið og ekkert fundið athugavert við það. Jeg legg því til, fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 408).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 627).

---

17. Saltkjötsmat.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mat á saltkjöti til útflutnings (A. 8).

Á 4. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Síðan áhugi manna fór að vaxa hjer á landi fyrir því, að hafa sem vandaðasta vöru í öllum aðalgreinum, hefir einnig þeim, sem framleitt hafa saltkjöt til útflutnings, verið það hughaldið að fá aðhald frá löggjöfinni, svo að tilraunir þeirra til umbóta mættu bera sem bestan árangur, á líkan hátt og verið hefir með saltfisk, lýsi og ull. Stjórninni þótti því tími til kominn að bera fram frv. þetta, um mat á saltkjöti til útflutnings.

Það skal tekið fram, að frv. þetta er að miklu leyti lagað eftir ullarmatslögunum, og hefir stjórnin einnig leitað til fjelaga þerra, er óskað hafa eftir lögum um þetta efni, og farið eftir reynslu þeirra og þekkingu í ýmsum greinum.

Þar sem athugasemdir alllangar fylgja frv., skal jeg láta nægja að vísa til þeirra um einstakar greinar frv.

Vil jeg svo óska þess, að málið fái að ganga til 2. umr. og til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað tl 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009) með 15 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 76).

Frsm. Pjetur Þórðarson): Jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að hv. þm. hafi kynt sjer frv. þetta, ásamt rökum, sem því fylgja, svo að jeg get lofað að vera stuttorður. Aðalefnið í þessu frv. er það, að koma á samræmi í kjötverkun og slátrun. Málið hefir fengið góðan undirbúning, því að í fyrra, þegar saltkjöt — eins og aðrar útflutningsvörur — átti að ganga í gegnum hendur útflutningsnefndar, þá samdi stjórnin, eftir tillögum og í samráði við nefndina, reglugerð um mat og flokkun á þessari vörutegund, svipað því, sem lögboðið er um ýmsar aðrar útflutningsvörur. Matsmenn voru þá skipaðir og helstu ákvæðum frumvarps þessa fullnægt í framkvæmdinni. Frumvarpið er því aðallega til orðið eftir tillögum hv. þm. S.-Þ. (P. J.), sem á sæti í útflutningsnefnd og er þessu máli manna kunnugastur. Það er samið og undirbúið í samræmi við það, sem best gerist nú í saltkjötsverkun í sláturhúsum hjer á landi.

Jeg get ekki skilið annað en að flestir, sem hugsa þetta mál, sjeu því samþykkir og samdóma um, að nauðsyn beri til að setja lög um málið. Það geta verið dálítið skiftar skoðanir um, hvort það fyrirkomulag, sem hjer er skipað, geti alstaðar komið að fullum og tilætluðum notum, en þó mun vera hægt að koma reglunum við á öllum þeim höfuðstöðum, sem slátrað er á. Þó munu vera til staðir, þar sem slátrað er og ilt að koma fram ákvæðum frv., svo sem ákvæðinu um læknisskoðun, en jeg sje enga ástæðu til að láta það standa í vegi fyrir þessu máli.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um frv., nema ef einhverjar mótbárur koma fram á móti því. En því vil jeg lýsa yfir, að nefndin hefir öll orðið sammála um, að ráða deildinni til þess að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir.

Pjetur Jónsson: Þótt jeg sje ekki sjerlega hrifinn af löngum umræðum, þykir mjer leitt, að þessu máli skuli ekki vera meiri gaumur gefinn við þessa umræðu en enn þá er. Því vil jeg láta skoðanir mínar í ljós í þessu máli.

Það var ekki fyr en í fyrra, að farið var að meta og skoða kjöt alment. En þó að það sje nýtt viðvíkjandi kjöti, þá er nokkuð á veg komið um skoðun og mat á

öðrum vörutegundum. Vil jeg leyfa mjer að gefa dálítið yfirlit því viðvíkjandi.

Það má með sanni segja, að mat á fiski sje nú orðið svo fullkomið, að vel megi við una. Á því byggist líka aðallega gengi íslensks saltfisks á markaðinum á Spáni og Ítalíu, en nú er hann tekinn fram yfir allan annan fisk. Þá er síldarmat komið á fyrir nokkrum árum, og þótt því sje ekki eins vel fyrir komið og fiskmatinu, mun það þó hafa gert gagn. Nú er fram komið hjer í deildinni frumvarp til breytinga á síldarmatslögunum, sem gera það mat miklu fullkomnara. Þá er mat á ull. Þó ekki hafi enn tekist að gera matið nægilega samræmilegt, hefir það þó áreiðanlega orðið víða til bóta. Mest er nú kvartað um það af ullarkaupendum erlendis, að hinir einstöku flokkar ullarinnar sjeu mjög misjafnir frá hinum einstöku hjeruðum landsins, þrátt fyrir matið. Þess vegna sje það ekki nægilega ábyggilegt. Matið á lýsinu hefir tekist að gera svo fullkomið, að Bretar, er keypt hafa meðalalýsið áður og bótt það nokkuð misjafnt, hafa nú síðastliðið ár haft mjög lítið út á það að setja.

Af hinum meiri háttar útflutningsvörum er þá kjötið eitt eftir. Að vísu er mat og eftirlit á því í ýmsum sláturhúsum hjer á landi, og það í svo góðu lagi í hinum stærstu þeirra, að alment kjötmat bætir þar varla um. Næstliðið ár setti útflutningsnefndin almennar reglur, samkvæmt fyrirmælum stjórnarinnar, um mat á öllu útfluttu saltkjöti, og hefir það virst hafa góð áhrif á kjötsöluna. Þetta frv. er nú að allmiklu leyti samhljóða þeim reglum, og er tilhögun og tilætlun sú, að kjötmatsmenn fylgi kjötinu frá því slátrun byrjar og þangað til það er komið um borð í skip til útflutnings.

Vil jeg loks leggja áherslu á, hve mikils það er vert um hverja útflutningsvöru, eins og hefir sýnt sig um saltfiskinn, að vörumat og eftirlit með vörunni sje svo örugt, að kaupendur þori að treysta því og kaupi vöruna samkvæmt vottorðum matsmanna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
2.—10. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 8).

Hákon Kristófersson: Það mætti ætla, að þetta frv. væri eitt af þeim frv., er deildin hefir til meðferðar, sem væri svo vel úr garði gert, að það þyrfti engra athugasemda við, því að heita má, að það hafi farið umræðulaust gegnum deildina. Jeg hefi ekki haft tíma til að fara rækilega yfir frv. En mjer er óhætt að fullyrða, að því fer fjarri, að það sje svo gallalaust sem skyldi.

Í 2. gr. frv. er svo ákveðið: „Nú er hæfur læknir eigi fáanlegur í tæka tíð til skoðunar, og getur þá stjórnarráðið mælt svo fyrir, að kjötið sje tekið upp síðar og skoðað og stimplað af lækni, á kostnað útflytjanda.“

Það leiðir af sjálfu sjer, að þetta getur haft ærinn kostnað í för með sjer. Hjer er gert ráð fyrir, að læknir stimpli alt kjötið. En nú getur oft verið ókleift að ná í lækni, t. d. í sláturtíðinni, þegar mörg hundruð skrokkar liggja fyrir til söltunar og læknir er sóttur eitthvað annað, til að gegna öðrum embættisverkum. Hver á þá að stimpla kjötið?

Jeg vil benda hv. nefnd á, að jeg hefi nýlega átt tal við dýralækni og spurt hann að, hvort frv. hafi verið borið undir álit hans, sem jeg að sjálfsögðu bjóst við. Hann

kvað það ekki vera, enda þótt sjer kæmi það kynlega fyrir. Hann sagðist að eins hafa sjeð frv. af hendingu uppi í stjórnarráði; þá að eins hlaupið yfir það, en við þann yfirlestur kvaðst hann hafa sannfærst um það, að frv. væri að ýmsu leyti vanhugsað. Jeg vil þess vegna beina þeirri tillögu til háttv. nefndar, hvort henni þætti eigi betur fara að biðja hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá, til þess að hægt sje að bera það undir álit dýralæknis, sem jeg verð að telja nokkurs virði, og jafnframt laga þá galla, er háttv. nefnd, við nánari athugun, kynni að sjá á frv.

Mjer finst mikils um vert, að frv. verði sem best útbúið af þingsins hálfu, sem auðveldast í framkvæmd.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Nefndinni var kunnugt um, að stimplunin gæti orðið örðug á einstaka útflutningsstað og gæti haft dálítinn kostnað í för með sjer, samkvæmt ákvæðum 2. gr. Í þessu efni munu þó að eins koma til greina nokkrir staðir í Barðastrandarsýslu. En nefndin hefir nú viljað taka þetta ákvæði til íhugunar, eins og jeg gat um við 2. umr. málsins, og hefi jeg því umboð til að æskja þess, að málið sje tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 8, 134, 143).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Þegar mál þetta var síðast til umræðu hjer í deildinni, komu fram við það lítils háttar athugasemdir, einkum frá hv. þm. Barð. (H. K.), og hefir nefndin athugað þær síðan. Út af þessu hefir hún svo fundið ástæðu til að koma fram með brtt. á þgskj. 143. Í 2. gr. stj.frv. er gert ráð fyrir að veita undanþágu frá að skoða kjötið nýtt og stimpla það, þar sem erfitt sje að ná í lækni til þess, en ætlast til þess, að stjórnarráðið geti heimilað, að þessi skoðun fari síðar fram á þann hátt, að saltaða kjötið sje tekið upp úr tunnunum og læknir látinn skoða það og merkja, er til hans næst.

Þegar nefndin fór að athuga þetta atriði betur, sá hún, að ætti frv. að ná tilgangi sínum, mundi eigi annað hlíta en að ákvæði þetta eða undanþága þessi væri numin burt úr frv. Hún bjóst og við, að þótt dýrt gæti orðið að ná í hæfan lækni til að skoða kjötið nýtt, þá mundi þetta þó geta orðið enn dýrara, þegar öllu væri á botninn hvolft, og skoðunin auk þess miklu ótryggari. Nefndin komst því að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri að nema þetta undanþáguákvæði burt úr frv. og setja ekkert í þess stað. Að vísu kom það til tals, hvort eigi mundi gerlegt að veita undanþágu frá því, að læknir skoðaði útflutningskjöt, þar sem afarerfitt væri að ná í hann. En þegar farið var að skoða málið betur, fanst henni það ótiltækilegt, því að hún gat ekki fundið nein nægileg tryggingarákvæði önnur en læknisskoðun.

En nú er það svo um þessa breytingu á frv., að með henni verður ekki bætt úr örðugleikunum, sem eru á því, að fá kjötið stimplað og skoðað af lækni og metið til útflutnings, á þeim stöðum, þar sem örðugt er að ná í lækni, og lítið kjöt til að flytja út. Þess háttar breyting til tilslökunar kemur í bág við allan aðaltilgang þessara laga, svo að það virðist allsendis ótækt að gera hana.

Það, sem gert er til ívilnunar við þá staði, þar sem lítið er slátrað, kemur aðallega fram í 9. gr. frv., þar sem talað er um, að ef húsrúm vanti, geti stjórnarráðið veitt undanþágu til eins árs í senn, til þess að slátra megi úti, á góðum blóðvelli. Þetta er það lengsta, sem farið verður

í því efni að gera undanþágu frá aðaltilgangi þessara laga.

Þó nú sje svo, að þetta geti orðið erfitt á einstöku stöðum, að fullnægja skilyrðum frv., þá er mönnum, sem illa eru settir að þessu leyti, með ákvæðum þess gerðir litlu meiri örðugleikar eða kostnaðarauki heldur en þeim sláturhúsum, sem lengst eru komin í því að fullnægja nauðsynlegum skilyrðum um slátrun og alla meðferð á kjöti, sem ætlað er til útflutnings, svo sem t. d. Sláturfjelag Suðurlands o. fl.; því aðalákvæði frv., um matið, eru nokkur byrðarauki fyrir þau, þar sem þau hafa fyrir löngu fullnægt þessum skilyrðum. En þó að ákvæði um kjötmat auki útgjöld þeirra að nokkrum mun, verða þau að gera sjer það að góðu, svo að náð verði aðaltilgangi laganna, þar sem þetta er ekki komið svo langt.

Um brtt. á þgskj. 134 hefir nefndin ekki tekið ákveðna afstöðu, og þykir sú brtt. svo litlu máli skifta, að hver nefndarmanna vill ráða atkv. sínu um hana.

Finn jeg ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir brtt.

Magnús Pjetursson: Það var að eins stutt athugasemd út af brtt. hv. landbúnaðarnefndar. Mjer finst sjerstaklega sú fyrri svo afskaplega athugaverð, að ekki sje flanandi að því að samþykkja hana, því að ef hún kæmist inn í lögin, væri það sama sem að banna útflutning kjöts frá sumum verslunarstöðum. Það eru svo staðhættir sumstaðar, að læknir verður að fara má ske dagleið aðra leiðina heiman frá sjer á útflutningsstað, og hefir auk þess fleiri kauptún yfir að sækja. Yrði alveg ógerningur að fá læknisskoðun þar, og þessum landshlutum þá gert alveg ókleift að flytja út kjöt. Þess vegna vildi jeg mælast til þess, að hv. landbúnaðarnefnd tæki málið út af dagskrá, og leitaði álits dýralæknis um, hvort mjög hættulegt muni að hafa þetta ákvæði um að skoða kjötið síðar, eða hvort hægt muni að koma þessu öðruvísi fyrir.

Auk þess virðist og full ástæða til að taka málið út af dagskrá, þótt ekki væri til annars en þess, að laga orðalag brtt., því að hún lætur mjer óþægilega í eyrum. Hún hljóðar svo:

> „Læknisskoðun og stimplun, samkvæmt lögum 13. sept. 1912, skal fara fram áður en kjötið er saltað, *á öllu saltkjöti*, sem ætlað er til útflutnings."

Jeg kann illa við þetta orðalag. Átti jeg tal um það við hv. frsm. (P. Þ.), og heyrðist mjer hann geta fallist á, að málið væri tekið til athugunar. Af því að þetta er 3. umr., yrði að taka málið út af dagskrá nú, vegna þess, að ekki er hægt að laga þetta við síðari umr.

Jeg vildi og geta þess um síðari brtt., að óþarft virðist sjerstaklega að tala um „sjúkdóma", því önnur lög ákveða um það.

Jeg vona, að hv. nefnd verði við þessum tilmælum, því að ella verð jeg að segja, að jeg, og jeg hygg ýmsir fleiri hv. deildarmenn, muni leggja mikið kapp á að drepa brtt. hennar.

Hákon Kristófersson: Við 1. umr. þessa máls fór jeg nokkrum orðum um ýms ákvæði þessa frv., sem jeg kunni illa við. Síðan hefi jeg leitað mjer upplýsinga hjá hv. þm. S.-Þ. (P. J.), sem átt hefir mikinn þátt í tilbúningi frv., um þessi atriði, og eftir viðtal mitt við hann get jeg betur felt mig við ákvæði frv., að því er til míns kjördæmis kemur, sjerstaklega er hann gat þess, að með undanþáguákvæðum, eins og þeim í 9. gr., væri hugsað til þeirra landshluta, sem ættu við líka staðhætti að búa og mín sýsla. Einnig fjekk jeg þar upplýsingar um flokkun kjötsins, og get

jeg fallist á ákvæði frv. þar að lútandi eftir þær upplýsingar.

Að öðru leyti hefir hv. þm. Stranda. (M. P.) tekið af mjer ómakið. En þó vil jeg árjetta ummæli hans í sambandi við brtt. hv. landbúnaðarnefndar, á þgskj. 143. Hún fer alveg í þá átt, að gera þeim, sem ekki geta náð í lækni, með öllu ómögulegt að flytja út kjöt. Ef jeg þættist ekki vita, hvers vegna hún er fram komin, myndi mig stórfurða á henni. En jeg hefi sterkan grun um, að hún sje runnn undan rifjum dýralæknis, og sá grunur nálgast fulla vissu. Má vel vera, að það sje varhugavert að taka kjöt aftur upp úr tunnum til stimplunar; jeg hefi ekki gott vit á því atriði; en hafi dýralæknir bent landbúnaðarnefnd á, að þetta væri ómögulegt, hví benti hann þá ekki líka á það, að ómögulegt væri, að aðrir en dýralæknar framkvæmdu stimplunina? Jeg heyri, að formaður landbúnaðarnefndar segir, að svo hafi ekki verið. En hann sagði þó við mig í morgun, á leið sinni á nefndarfund, að það væri beint að fara í kring um lögin að láta aðra en dýralækna stimpla kjöt til útflutnings. Á því byggi jeg, að brtt. sje runnin frá dýralækni.

Þar sem jeg ber fult traust til hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að hann hafi ekki flanað að þessu máli, og að hann hafi tekið til rækilegrar yfirvegunar, hvort ekki mætti taka kjötið upp úr tunnunum aftur, þar sem ekki næst til læknis til stimplunar, þá vænti jeg þess, að hv. deild felli brtt. nefndarinnar, á þgskj. 143.

Háttv. frsm. (P. Þ.) benti á, að ívilnanir til þessara staða væri að finna í 9. gr. frv. Jeg vona, að háttv. frsm. taki ekki illa upp fyrir mjer, þótt jeg segi honum, að ef brtt. nefndarinnar verður samþ., þá er ívilnunin í 9. gr. minna en einskis verð, því að við höfum ekki leyfi til að sækja um undanþágu til slátrunar, þar sem engin leið er að fá kjötið flutt út úr landinu vegna ákvæða 2. gr., ef brtt. verður samþ. Verði því brtt. samþ., þá sjá allir heilvita menn, að það er sama sem að eyðileggja áhrif undanþágunnar í 9. gr.

Mjer þætti vænt um að heyra álit hv. þm. S.-Þ. (P. J.) um það, hvort hann af sinni margra ára reynslu telur ekki fulla vissu fengna um það, að óhætt sje að taka kjöt upp úr tunnum til stimplunar síðar, ef svo stendur á.

Að svo mæltu sje jeg ekki ástæðu til fleiri orða að þessu sinni, en verð að leggja áherslu á, að háttv. deild samþ. ekki brtt. á þgskj. 143. Væri mjer það mikil ánægja, ef háttv. landbúnaðarnefnd tæki nú upp sama ráð, því að hún hlýtur að sjá, að 9. gr. getur ekki samrýmst við brtt.

Sveinn Ólafsson: Ef til vill hafa háttv. þingdm. ekki tekið eftir brtt. frá mjer á þgskj. 134, af því að hún er svo lítil fyrirferðar. Vil jeg því vekja athygli á henni með örfáum orðum. Það, sem jeg hefi fyrir augum með henni, er, að jeg tel eigi rjett, að ákvæði 10. gr. taki til viðskifta einstakra manna með kjöt, svo sem sendingar til kunningja eða vina í nágrannalöndunum eða kjötkaupa útlendra — t. d. færeyskra — fiskimanna, er veiðar stunda hjer við land. En eins og greinin er, eru gerðar allar sömu kröfur til þess kjöts sem hins, er flutt er út til sölu erlendis. Mjer fanst því að ósekju mega bæta þessari stuttu setningu inn: „til sölu á útlendum markaði“. Er með þessari breytingu undanskilið fullkomnu mati það kjöt, sem selt er einstökum mönnum eftir beiðni þeirra, eða útlendum fiskiskipum, en ekki er flutt á heimsmarkaðinn. Jeg fæ ekki sjeð, að slíkt kjöt þurfi að fullnægja öllum þeim ströngu reglum um mat á kjöti, sem hjer eru settar. Vona jeg því, að háttv. landbúnaðarnefnd geti felt sig við þetta.

Einar Árnason: Það hafa komið fram ýmsar athugasemdir út af brtt. landbúnaðarnefndar, sjerstaklega frá hv. þm. Stranda. (M. P.) og hv. þm. Barð. (H. K.).

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) skaut því til nefndarinnar, hvort hún vildi ekki taka málið út af dagskrá og leita álits dýralæknis um brtt. Jeg held ekki, að þess sje þörf, því að landbúnaðarnefndin bar brtt. undir hann áður en hún fór í prentsmiðjuna. Hann taldi hana alveg bráðnauðsynlega, því að það væri með öllu ómögulegt fyrir nokkurn lækni að stimpla kjöt, sem búið væri að salta. Bæði hefði það oft mikinn kostnað í för með sjer, og auk þess væri engin trygging fyrir, að kjötið skemdist ekki við það. Mótbárurnar eru bygðar á því, að ákvæðið yrði mikið notað til þess að taka kjöt upp úr tunnum eftir á, til stimplunar. En það er hið versta neyðarúrræði, þó að vitanlega sje svo, að á ýmsum stöðum sjeu dálitlir örðugleikar á að fá lækni til að stimpla. En út af því, er hv. þm. Barð. (H. K.) spurði, hvort nefndin hefði ekki spurt dýralækni, hvort byggja mætti á stimplun annara en dýralækna, skal jeg geta þess, að ekki var hægt að skilja annað en hann teldi það fullkomlega fullgilt. Hann benti á, að fá mætti læknanema frá Reykjavík, um slátrunartímann, til að stimpla kjöt, þar sem örðugt væri að ná í lækni. Jeg býst við, að hv. þm. Barð. (H. K.) hafi misskilið eitthvað dýralækni um þetta atriði.

Það kom hjer fram í umr. um daginn, að það gæti orðið mjög bagalegt, ef hjeraðslæknir væri sóttur frá stimplun, eða forfallaðist á einhvern hátt. Þetta getur vel komið fyrir, að læknir forfallist einn og einn dag, og hefir meira að segja komið fyrir. En reynslan er búin að sýna, að þetta þarf ekki að valda neinum vandræðum. Það er venjulegt, og ætti jafnan að vera svo, þar sem sláturhús eru, að sami maður hjálpi til við stimplunina ár eftir ár. Þótt nú læknirinn þyrfti að skreppa frá um stundarsakir, getur þessi maður stimplað fyrir hann. (*H. K.*: Hvað sagði dýralæknir um það?). Hann sagði, að það gæti vel gengið. Aðalatriðið væri, að vottorðið væri gefið af lækni, en ekki einhverjum og einhverjum.

Þessi brtt. er fram komin eftir tilmælum dýralæknis. Jeg býst ekki við, að hv. þm. vilji kveða upp þann dóm, að till. hans í þessu máli sjeu einskis nýtar. (*M. P.*: En málið?) Það getur vel verið, að orðalagsins vegna sje ástæða til að taka málið út af dagskrá.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Jeg ætlaði að svara hv. þm. Stranda. (M. P.), en nú hefir hv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) að mestu leyti tekið af mjer ómakið um fyrri brtt. á þgskj. 143. Sú brtt. er beinlínis gerð að ráði dýralæknis, þótt jeg tæki það ekki fram við framsögu málsins. Og það virðist líka auðsætt, að það gæti varla komið til mála, að læknisskoðun á kjöti hafi nokkra þýðingu, úr því búið er að salta það, auk þess sem stöðugt er hætta á, að kjötið skemmist við það. Útflytjendur gætu þannig átt miklu meira á hættu af því, að láta stimpla kjöt eftir söltun, en sem svarar örðugleikunum á því, að fá það skoðað og stimplað áður.

En svo var það síðari liður brtt., sem hv. þm. Stranda. (M. P.) áleit að væri til lítilla bóta, eða óþarfur. Sú breyting er og gerð að ráði dýralæknis. Hann útskýrði orðið „eðlisgalli" þannig, að sá galli er fylgir einhverjum hlut — t. d. að hestakjöt þykir alment ekki eins bragðgott og kindakjöt — er galli á eðli hans. Geti það því ekki átt við um sjúkdóma eða meinsemd. Jeg ætti ekki að þurfa að útskýra þetta fyrir hv. þm. Stranda. (M. P.) Hann ætti sem læknir að vita það. Virðist mjög eðli-

legt að setja hjer orðið „sjúkdóma“ í stað „eðlisgalla“, þar sem það er ólíkt skýrara.

Annars veit jeg ekki, hvað hv. þm. Barð. (H. K.) ætlast fyrir með mótmælum sínum móti þessu frv. með brtt. nefndarinnar. Jeg sje ekki, hverju hann þykist bættari með því ákvæði, sem nefndin vill fella úr 2. gr., nema hann vilji eiga það á hættu, að kjötið sje rifið aftur upp úr tunnunum, með öllum þeim annmörkum, sem því fylgja. Get jeg því ekki sjeð neina aðra meiningu í því, að hafa móti brtt., en að ónýta aðaltilgang frv., sem er sá, að kjötið sje skoðað af lækni samkvæmt lögum, og að öðru leyti með það farið eftir vissum reglum, sem frv. setur.

Jeg sje ekki ástæðu til, að málið sje tekið út af dagskrá, þótt orða megi brtt. öðruvísi. Finst ekki sýnt fram á, að það sje svo mikilvægt atriði.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 29 júlí, var enn f r a m h a l d i ð 3. u m r. um frv. (A. 8, 134, 143, 176).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Til þess, að íslenskt saltkjöt gangi á útlendum markaði sem 1. flokks vara, útheimtist það, að dýralæknir, eða einhver annar læknir með nægri þekkingu á því sviði, hafi skoðað það og sett á það löghelgaðan stimpil.

Það er öllum vitanlegt, að kaupendur kjötsins hafa enga aðra tryggingu fyrir því, að þeim sje ekki selt kjöt af sjúkum skepnum, enda á vottorð læknisins að fylgja stimpluninni.

Það er líka öllum háttv. þgdm. kunnugt, að stimpilmerki þetta er sett með bláum lit á 6 stöðum á hvern kindarkropp, og til þess að það verði varanlekt er blekið sett á kroppinn þurran, áður en saltað er niður.

Nú er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir, að víkja megi frá þessari nauðsynlegu reglu, með öðrum orðum, að læknir geti skoðað og stimplað kjötið, eftir að það hefir verið saltað niður.

Landbúnaðarnefnd sá strax, að þetta var mjög athugavert, því að læknisskoðunin verður erfið, eftir að kjötið hefir verið saltað: auk þess verður stimplunin illmöguleg, þar sem merkið vill þá lita út frá sjer og klessast á blautu kjötinu.

En að frambomnum athugasemdum við þetta atriði, við 2. umr. málsins, og eftir að nefndin hafði borið þetta undir álit þriggja dýralækna, sem allir töldu óviðeigandi að víkja frá þessari meginreglu, hefir nefndin komið fram með þessar brtt. á þgskj. 176, og hefir hún þá um leið tekið aftur brtt. á þgskj. 143.

Í greinargerð stjórnarinnar fyrir frv. er það tekið fram um 2. gr., að til sjeu tveir vegir í málinu, þar sem erfitt er að framkvæma læknisskoðun og stimplun.

Önnur leiðin er einmitt sú, að nota þetta undantekningarákvæði, að taka kjötið upp úr tunnunum þegar búið er að flytja það á útflutningsstaðinn og skoða það þar og merkja.

En eins og áður hefir verið bent á, þá hefir sú leið ýmsa galla, meðal annars aukinn kostnað og áhættu fyrir seljendur.

En hin leiðin er það, sem fólgið er í brtt. nefndarinnar á þgskj. 176, að kjötið sje alls ekki skoðað af lækni, og megi veita þá undantekningu fyrir eitt ár í senn, ef brýn nauðsyn krefur og virðist það bæði eðlilegra og rjettara heldur en að setja, ef jeg mætti svo að orði kveða, falskan stimpil á þessa útflutningsvöru.

Auðvitað verður kjötið jafngott fyrir þessu og alveg eins útgengileg vara innanlands.

Auk þess eru þessir staðir fáir, og lítið um kjötsölu á hverjum þeirra.

Annars held jeg, að ekki sje gerlegt að fara aðrar leiðir en þessa, að veita undanþágu frá stimpluninni.

Jeg sje svo ekki, að nauðsynlegt sje að tala meira um málið að svo stöddu, en vil að eins óska þess fyrir nefndarinnar hönd, að brtt. verði samþ. og málið fái fram að ganga.

Hákon Kristófersson: Jeg vildi að eins leyfa mjer að gera örstutta fyrirspurn. Hún er um það, hvernig eigi að skilja það, sem stendur í brtt. nefndarinnar á þgskj. 176: „Læknisskoðun og stimplun skal fara fram á öllu *saltkjöti,* sem til útflutnings er ætlað, *áður en söltun fer fram*". En hvernig er hægt að tala um saltkjöt áður en kjötið er saltað? Mjer virðist helst, að hjer sje hver meiningin upp á móti annari.

Jeg vildi að eins vekja athygli á þessu, svo að það geti ekki valdið neinum misskilningi.

ATKVGR.

Brtt. 143. tekin aftur.
— 134. samþ. með öllum gr. atkv.
— 176. — — — — —

Frv., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mat á saltkjöti til útflutnings,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 203).

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 1. ágúst. var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta er hingað komið frá hv. Nd., og var það þar í landbúnaðarnefnd. Jeg vil því leyfa mjer að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2002) með 7 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 203, n. 390).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Þetta frv. er komið frá þeim mönnum, sem mest hafa haft með höndum útflutning saltkjöts hin síðari ár, og er af þeim talið nauðsynlegt til þess að bæta sölu saltkjöts erlendis. Var þetta fyrirkomulag, sem í frv. felst, reynt í fyrra haust og talið af útflutningsnefnd vera til bóta. Að öðru leyti get jeg vísað til nál. um málið, en skal að eins drepa á brtt. nefndarinnar.

Hin fyrsta brtt. hnígur að því, að undirmatsmenn skuli skipaðir eftir tillögum yfirmatsmanna og forstöðumanna sláturhúsanna, og kaup þeirra ákveðið af yfirmatsmönnunum í samráði við forstöðumenn sláturhúsa og hlutaðeigandi verslanir, í stað þess, að í frv. er þetta lagt á stjórnarráðið. Afleiðing af þessu er brtt. við 7. gr.

Brtt. við 9. gr. hnígur að því að takmarka undanþágur frá slátrun í sláturhúsum.

Síðasta brtt. er komin til af því, að nefndinni þóttu sektirnar helst til lágar

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hefi athugað brtt. nefndarinnar og get lýst yfir því, að jeg get fallist á þær, og tel þær vera sumpart til skýringar, sumpart til bóta. Jeg býst heldur ekki við því, að sektarákvæðið valdi ágreiningi milli deildanna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 390,1.a. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 390,1.b. — — 9 — —

6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 390,2. samþ. með 8 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 390,3. samþ. með 9 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj atkv.

Brtt. 390,4. samþ. með 8 : 2 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., föstudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 432).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 23. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um mat á saltkjöti til útflutnings,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 470).

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 28. ágúst, var frv. tekið til einnar umr. (A. 470, n. 515).
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29. ágúst, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 470, n. 515).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Hv. Ed. hefir gert fáeinar breytingar á frv. því, sem hjer liggur fyrir.

Fyrst eru tvær breytingar við 6. gr. Hin fyrri er að eins fólgin í því, að í stað þess, að yfirmatsmenn geri tillögur um, hverjir skulu vera matsmenn og hve margir, þá sje forstöðumönnum sláturfjelaga ætlað að gera það, ásamt yfirmatsmönnum. Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að þar sem hjer er talað um sláturfjelagsskap, þá nær það auðvitað til allra þeirra fjelaga, sem hafa sláturhús og slátra þar, þó sá fjelagsskapur kunni að ná til einhvers fleira. Þessa breytingu verð jeg að telja hagkvæma og heldur til bóta.

Síðari breytingin við 6. gr. er fólgin í, að í stað þess, að stjórnarráðið ákveði laun kjötmatsmanna í samráði við yfirmatsmenn, þá er samkvæmt frv. yfirmatsmönnum ætlað að gera það í samráði við forstöðumenn sláturfjelaga. Þessi breyting er í samræmi við þá fyrri. Það kann að vísu að verða dálítið mismunandi í einstöku hjeruðum landsins. En það virðist ekki ósanngjarnt, að forstöðumenn sláturhúsa hafi íhlutunarrjett um þetta.

Þá er lítil breyting gerð á 7. gr., þess efnis, að felt er burtu, að standa skuli í erindisbrjefi matsmanna, hvaða kaupgjald þeir hafi.

Enn fremur er breyting við 9. gr. Að gefnu tilefni vil jeg leyfa mjer að vekja athygli hv. deildar á því, að þessi grein frv. ákveður sjerstaklega mikilvægt og

áríðandi atriði í starfi yfirmatsmanna, t. d. það, að hús þau, sem slátra á í, sjeu svo úr garði gerð, að þau teljist hæf til þess. Breytingin á þessari grein er ekki önnur en sú, að ef hús er einhversstaðar, sem að áliti yfirmatsmanns ekki er hæfilegt til slátrunar, þá er felt burtu, að veita megi undanþágu. Hins vegar ef svo er ástatt á einhverjum stað, að ekki þykir kleift að reka fjeð til sláturhúss, þá getur stjórnarráðið veitt undanþágu fyrir eitt ár, að slátra megi á góðum blóðvelli. Vitanlega er með orðunum, að ekki þyki kleift að reka til sláturhúss, átt við, að um sjerstaka örðugleika sje að ræða. Jeg skal taka til dæmis, að það verður að teljast ókleift að reka fje frá Barðaströnd að Króksfjarðarnesi. Þetta ákvæði er til þess, að gera undantekningu, eins og menn sjá, þegar sjerstaklega stendur á. Jeg hefi haft sjerstakar ástæður til að dvelja dálítið við þetta atriði vegna þess, að má ske mætti beita því nokkuð harkalega, með því t. d. að knýja menn til að reka fje til næsta sláturhúss. Standi svo á, að ekki sje neitt hæfilegt hús til, þar sem einn eða fleiri hlutaðeigendur slátri, þá mundi þetta hvetja þá til þess að koma sjer upp sláturhúsi hið allra fyrsta. Enda gat nefndin ekki sjeð, að þessi breyting væri til neinna óþæginda fyrir þá, sem hlut eiga að máli.

Loks er breyting á 10. gr., sem ákveður sektirnar við brotum gegn þessum lögum nokkru hærri en upphaflega var í frv. Nefndinni fanst sú breyting rjettmæt. Hjer er um mjög áríðandi ákvæði að ræða, sem skylt er að fyrirbyggja að verði brotin. Og sektarupphæðin er ekki hærri en sem svarar 5 tunnum af kjöti, eftir núverandi verðlagi.

Eins og jeg nú hefi drepið á, hefir nefndin fallist á allar þessar breytingar og telur, að þær sjeu til bóta á frv.

Loks liggur hjer fyrir ein breyting enn, á þgskj. 515, frá nefndinni. Fer hún fram á, að lögin öðlist gildi þegar í stað.

Þegar þetta frv. fyrst kom fram og var til meðferðar hjá nefndinni, þá var hún þeirrar skoðunar, að til væri nú þegar heimild fyrir því, að lög þessi gætu komið til framkvæmda á næsta hausti, án þess að beint þyrfti að taka það fram í sjálfum lögunum. En síðan hefir hæstv. stjórn komist að þeirri niðurstöðu, að svo væri ekki, heldur þyrfti að skipa svo fyrir með sjerstakri lagagrein, og er því þessi breyting fram komin.

Gísli Sveinsson: Jeg vildi að eins leyfa mjer að gera litla fyrirspurn til hv. nefndar. Það var heppilegt, að nefndin tók þann upp, að bæta við 11. gr. frv. því ákvæði, að lögin öðlist gildi þegar í stað. Því að öðrum kosti hefði orðið að skilja þetta svo, að næsta haust hefði ekkert mat getað farið fram, því að jeg býst ekki við, að stjórnin hefði sjeð sjer fært að fyrirskipa mat, sem ekki væri lögákveðið, nema mjög knýjandi ástæður lægju til. Hins vildi jeg líka geta, að jeg tel það mjög áríðandi, að stjórnin hraði staðfestingu laganna sem mest að hægt er, eða að hún að minsta kosti skipi yfirmatsmenn, svo að þeir geti gert þær ráðstafanir, sem þarf. Því eins og nú er ákveðið, þá verða ekki skipaðir matsmenn nema samkvæmt tillögum þeirra, í samráði við forstöðumenn sláturhúsa o. s. frv. Þessu síðasta ákvæði hefir verið bætt í frv. nú í hv. Ed. Og vildi jeg spyrja út af því, um forstöðumenn sláturhúsa eða fjelaga, hvort þar sje ekki líka átt við allar þær verslanir eða fjelög, sem slátra í húsi, sem samkvæmt áliti yfirmatsmanna er talið hæfilegt. Það stendur hjer að eins: „forstöðumenn sláturhúsa“. Nú er, eins og menn vita, eitt allsherjar-sláturfjelag hjer á Suðurlandi, sem svo hefir ýmsar undirdeildir. Út af því vil jeg

líka spyrja, hvort það sje meiningin, að lögreglustjóri leiti tillagna forstjóra sláturfjelagsins hjer í Reykjavík, eða hvort nægisem sje, að hann leiti til deildarstjóranna, hverjir sem þeir eru.

En hinu fyrra má víst slá föstu, nema önnur svör komi fram, er bægi þeim skilningi frá, að hjer með sjeu taldar allar verslanir og einstakir menn, sem láta slátrun fram fara í húsi, sem tekið er gilt af yfirmatsmanni.

En nú er nokkur hængur á fyrir því, og vildi jeg því enn spyrja hv. nefnd, hvað gera á, ef þessa aðilja greinir á um tölu og val kjötmatsmannanna.

Það er einmitt þessi breyting, sem valdið getur talsverðum vandkvæðum, að lögreglustjóri verður nú, eftir ákvæðum frv., að fara eftir áliti margra aðilja um val á matsmönnum.

Vildi jeg vita, hvernig hv. nefnd ætlast til að hann greiði fram úr því, ef þeim aðiljum kemur ekki saman og sitt vill hver, eins og oft getur við borið.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Jeg þóttist hafa tekið það svo glögt fram áðan, að það hefir naumast getað farið fram hjá þeim, sem skrifuðu upp orðin eftir mjer, að með sláturhúsi eða sláturfjelagi er hjer átt við hverskonar fjelagsskap, verslun eða einstaka menn, sem hafa slátrun með höndum. Að þessu leyti þykist jeg fyrir nefndarinnar hönd hafa þegar gefið svar við fyrirspurn hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Það ætti líka að sýna hvað við er átt, að þetta kemur svo glögt fram í umr.

Um það, hvað gera eigi, ef hlutaðeigendur greinir á, þá er það sjálfgefið, að yfirmatsmaður og forstöðumenn sláturhúsa hafa að eins tillögurjett, en lögreglustjóri sker úr.

Þannig hefir nefndin litið á, og býst jeg við, að öllum komi saman um, að svo verði að vera.

Pjetur Ottesen: Jeg þarf ekki að segja mörg orð, þar sem hv. frsm. (P. Þ.) hefir þegar tekið fram, hvernig skilja beri ákvæði 9. gr. um undanþáguna.

Eins og hann tók fram, hefir þessu ákvæði verið breytt í hv. Ed. í þá átt, að þrengja það, að undanþága þessi verði veitt; en því verður ekki neitað, að þetta ákvæði er nokkuð hart, og þá sjerstaklega þegar þess er gætt, hve allar byggingar eru dýrar og erfitt að bæta úr því, sem ábótavant er í þeim efnum.

Hv. Ed. hefir sem sje felt í burtu orðin: „þar sem ekki er hæfilegt húsrúm", í 9. gr., en með þeim hefir upphaflega verið ætlast til, að þar sem einhverjar slíkar tilfæringar eða skýli eru til — þó ófullkomið sje — ætti að leyfa mönnum að bjargast við það, þar til úr raknaði.

Ef bókstaflega eru tekin orðin: „þar sem eigi er kleift að reka fje til sláturhúss" o. s. frv., þá má auðvitað teygja þau endalaust, því það má ef til vill segja, að kleift sje að reka fje til sláturhúss, þótt svo miklir annmarkar sjeu á því, að allur arðurinn fari í kostnað, því að rýrnun og rekstrarkostnaður getur hæglega orðið svo mikill, þar sem um langa leið er að ræða.

En eins og hv. frsm. (P. Þ.) tók fram, þá ber ekki í framkvæmdinni að taka þetta bókstaflega, heldur á að veita undanþágu þessa þar sem nauðsyn ber til.

Og í trausti þess, að hæstv. stjórn líti þeim augum á þetta atriði og sýni þá sanngirni, að þröngva ekki kosti manna í því efni framar en nauðsyn ber til, get jeg felt mig við frv. Og jeg efast ekki um það, að á þennan hátt getur þetta og vel farið saman, að hagsmuna einstaklinganna sje gætt og lögin nái tilgangi sínum.

Hákon Kristófersson: Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir nú þegar tekið fram sumt af því, sem jeg vildi sagt hafa.

En jeg vildi þó beina einni spurningu til hv. nefndar og hæstv. stjórnar.

Mjer skildist, að brtt. á þgskj. 515 væri flutt eftir óskum hæstv. stjórnar og í samráði við hana. En í sambandi við það vildi jeg spyrja, hvort hún teldi það hugsanlegt, að lög þessi verði framkvæmanleg nú þegar í haust.

Í 9. gr. frv. er það ákvæði, að yfirmatsmenn skuli ferðast um umdæmi sitt á hverju hausti, frá 1. sept. til 31. okt. Nú eru yfirmatsmenn þessir ekki enn þá skipaðir, og mundu þeir því ekki komast til sumra hjeraða fyr en seint í október, að þessu sinni. En þá nær þetta ekki tilgangi sínum, þar sem víðast er búið að slátra að mestu leyti um þann tíma.

En eftir þeirri vöndun, sem undanfarin ár hefir verið á þessari vöru, þá virðist það ekki nauðsyn að hraða svo framgangi þessara laga, frekar en annara.

Það ætti að nægja, að þau kæmu til framkvæmda á komandi hausti, einkanlega þegar þess er gætt, að þau geta ekki náð tilgangi sínum í haust.

Jeg skil því ekki, hvers vegna þessi brtt. er fram komin, og sýnist mjer skaðlaust, að hún fjelli.

Frv. sjálft, eins og það nú liggur fyrir, get jeg fallist á, og held jeg, að fyrir næsta haust mætti undirbúa málið svo, að lögin næðu tilgangi sínum út í ystu æsar.

Það var einhver hv. þm. að minnast hjer á fjórðungsmerki, og skal jeg taka það fram, að þau ættu ekki síður við hjer en þegar um ull er að ræða, því að ekki mun síður munur á kjöti en ullargæðum, eftir því hvaðan það er af landinu.

Gísli Sveinsson: Jeg þykist mega ályktа og slá föstu af svari hv. frsm. (P. Þ.), sem tilætlun og skilningi nefndarinnar, í fyrsta lagi, að sjerhvert það húsrúm, sem slátrað er í og tekið er gilt til þess af yfirmatsmanni, er „sláturhús“ í merkingu laganna. „Forstöðumenn“ þeirra eru þeir, sem láta slátra þar, t. d. kaupmenn, verslanir o. s. frv.

Í öðru lagi: Forstöðumaður sá, er leita ber til eða gera á tillögur fyrir deildir Sláturfjelags Suðurlands, er forstjórinn hjer í Reykjavík, en ekki deildarstjórarnir.

Í þriðja lagi: Ef þessa aðilja greinir á (6. gr. laganna), sker lögreglustjóri úr, enda hafa þeir að eins tillögurjett.

Það er áríðandi, að þetta sje ákveðið og ljóst, vegna framkvæmda laganna, og hefi jeg af þeim sökum gert fyrirspurnirnar.

ATKVGR.

Brtt. 515. samþ. með 16 : 1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 44. fundi í Ed., laugardaginn 30. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mat á saltkjöti til útflutnings,

eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 571).

Á **45. fundi í Ed., mánudaginn 1. sept.,** var frv. tekið t i l e i n n a r u m r.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þegar frv. þetta var á ferðinni hjer síðast, hafði það ekki verið athugað, að það mundi ekki ná til kauptíðar þeirrar, sem í hönd fer, eins og það var þá orðað, og var þessi breyting því sett inn í hv. Nd., og vona jeg, að hún verði einnig samþ. hjer.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.

(Sjá A. 628).

18 Fjáraukalög 1918 og 1919.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919 (A. 3).

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg gat þess áðan, í ræðunni um fjárhaginn, að aukin útgjöld samkvæmt þessu frv. næmu kr. 653.462.42, og tók þá jafnframt fram, hve mikið væri þegar búið að greiða af þeim gjöldum.

Jeg skal ekki fara langt út í þetta frv., en að eins drepa á helstu liðina, sem eftir er að framkvæma. Er þar þá fyrst tillaga um nýtt skólahús á Hvanneyri, í stað þess, sem brann, og nýtt hús við heilsuhælið á Vífilsstöðum. Þá er farið fram á fje til brúar á Norðurá í Skagafirði, 30 þús. kr., en jeg hygg, að það verk komi ekki til framkvæmda á þessu ári, og muni því mega draga það út af fjáraukalögunum 1918—1919, en þá verður það að koma í fjárlögin 1920—1921, því að þessi brú mun vera næsta nauðsynleg.

Skal jeg svo ekki orðlengja frekar, en vænti, að frv. verði vísað til fjárveitinganefndar, að lokinni umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 2007) í e. hlj. og umr. frestað.

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28. júlí, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 3, n. 157).

Pjetur Jónsson: Jeg sje ekki ástæðu til að fara frekar út í þessa framhaldsumræðu. Frsm. (M. P.) er ekki við, og þess vegna ekki viðeigandi að halda umr. áfram. Jeg legg þess vegna til, að málinu verði vísað til 2. umr. þegar í stað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 157, 152, 156, 200, 207, 208, 209).

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj. um brtt. 207, 208 og 209, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg skal ekki tefja hv. deild með langri framsögu um frv. og brtt., því að fyrir flestum brtt. nefndarinnar er gerð grein í nál., og þarf nefndin því litlu við að bæta. Að minsta kosti mun jeg láta hjá líða að bæta miklu við, nema jeg heyri andmæli frá hv. þgdm., eða þeir óski sjerstaklega skýringar á einhverju atriði.

Skal jeg fyrst geta þess, að verði þessar brtt. nefndarinnar samþyktar, valda þær um 70 þús. kr. útgjaldaauka. Aftur hefir nefndin borið fram eina brtt., sem minkar útgjöldin um 30 þús. kr., svo að það er að eins 40 þús. króna útgjaldaauki, sem brtt. nefndarinnar valda, verði þær samþyktar. En þess er að gæta, að þó að þessi brtt. lækki um 30 þús. kr. útgjöld fjáraukalaganna, þá er ekki svo að skilja, að ríkissjóður losist við að greiða þessa upphæð. Það er brúin á Norðurá, sem ekki er hægt að gera á yfirstandandi ári, en nefndin ætlast til að verði tekin upp í fjárlög 1920—21.

Aftur er þess að geta, að þótt brtt. þessar sýnist valda útgjaldaauka, þá er fæst af þessu nýjar upphæðir. Flestar eru bygðar á samþyktum undanfarandi þinga, annaðhvort beinar endurveitingar eða eftirábreytingar um verk, sem þingið hefir samþykt að framkvæma, t. d. vit-

arnir, sem ákveðnir voru í fjárlögum 1916—17. Það eru því í raun og veru að eins ca. 10 þús. kr., sem getur talist nýtt.

Skal jeg þá snúa mjer að þeim brtt. nefndarinnar, sem þörf er að tala frekar um. Er þá fyrst 3. brtt., af því að þar er verið að gera það, sem er alveg nýtt, að veita fje til að kaupa malarflutningabifreið. Vegamálastjóri hefir skýrt frá því, að hann hafi lengi langað til að reyna önnur flutningatæki til að flytja slitlag (ofaníburð) en tvíhjóla kerrur. Vill hann sjerstaklega reyna það nú, þegar alt er dýrara en áður, hestleiga t. d. fimmfaldast og kaup verkamanna þrefaldast. Víða hagar þannig til, að erfitt er að ná í slitlag, nema með löngu millibili, og þarf að flytja langar leiðir. Það eru ekki tilgreind dæmi í nál., en vegamálastjóri hefir nefnt sem dæmi kafla á Flóaveginum, þar sem flytja þarf slitlag 18 km. leið. Upphaflega var talað um, að landssjóður gæti, án þess að kaupa bifreið, fengið lánaða bifreið til reynslu frá umboðsmönnum „Overland" eða „Ford", en þegar til kom, var það ekki hægt. Önnur verksmiðjan flutti þá ekkert hingað, en hin var við búin að selja, er til hennar var komið. Var því annaðhvort að hrökkva eða stökkva, kaupa þetta flutningatæki eða ekkert yrði úr tilrauninni. Jeg skal líka geta þess viðvíkjandi þessu flutningatæki, að á því er sjerstakur útbúnaður, svo að vjelin sjálf hvolfi úr vagninum. Vegamálastjóri átti líka tal við vegamálastjórnina í New-York, og höfðu þessi tæki reynst þar vel. Nefndinni finst, að athuguðum öllum málavöxtum, sjálfsagt að gera þessa tilraun, ekki síst þar sem nú eru þeir tímar, að það er um að gera að finna önnur tæki eða öfl, til þess að spara hið dýra og torfengna mannsafl. Enn fremur gerir vegamálastjóri ráð fyrir því, að hvort sem nú verði ráðist í miklar nýjar vegagerðir eða ekki, þá sje fyrir því sjeð, að þetta flutningatæki hafi nóg að gera, svo sem að flytja olíu til skurðgröfunnar í Skeiðaáveitunni, brúarefni og yfirleitt allskonar flutninga. Býst jeg því við, að hv. deild taki þessari brtt. tveim höndum og telji þetta hinn mesta búhnykk, ef svo fer, sem ráð er fyrir gert. Er sjálfsagt, ef þetta reynist vel og sparar bæði vinnukraft og fje, að þetta verði fyrsta áhaldið, en ekki síðasta, af slíku tægi.

Þá skal jeg minnast á athugasemdina við 6. lið, um Hvanneyrarskólann. Eins og háttv. þingdm. hafa sjeð, er í fjáraukalagafrv. stjórnarinnar till. um 60 þús. kr. fjárveitingu til þess að byggja nýtt íbúðarhús á Hvanneyri, í stað þess er brann. Nú lágu fyrir nefndinni ýms skjöl viðvíkjandi kostnaðinum og áætlun um hann, og auk þess átti nefndin tal við skólastjórann. Eftir þessari áætlun að dæma er kostnaðurinn við fyrirhugaða byggingu rúm 185 þús. kr. Auk þess er þar svo gert ráð fyrir rafstöð, og bætast þá við 17 þús. kr. Verður þá alt saman rúm 200 þús. kr. Nú þótti nefndinni það ekki koma nógu glögt fram í frv stjórnarinnar, hvort tilætlun hennar hefði verið sú, að 60 þús. kr. væri nóg til íbúðarhússins. Og er þessar upphæðir voru svo sundurleitar, sá nefndin sjer ekki fært að afgreiða málið frá sjer, en afgreiddi það til stjórnarinnar aftur, til þess að fá frá henni upplýsingar og rökstuddar tillögur um málið. Þess vegna lætur nefndin upphæðina standa í frv., en þar með er ekki sagt af nefndinni, hvort hún gerir frekari athugasemdir eða tillögur til næstu umr. Jeg geri annars ráð fyrir, að stjórnin gefi einhverjar skýringar nú, því mjög langt er síðan þetta fór til stjórnarinnar frá fjárveitinganefndinni.

Jeg vil að eins geta þess um brtt. 7 b, að til þess er ekki ætlast, þótt í brtt. standi 750 kr. til skólans á Núpi í Dýrafirði, að það sje ný fjárveiting, heldur

ætlast nefndin til, að skólinn fái fullan ársstyrk þann, sem í fjárlögunum stendur, þótt hann hafi ekki getað starfað nema síðari hluta vetrar. Nefndinni þótti rjettara að setja þetta þarna í tölum en að taka það að eins fram í athugasemdum sínum, enda þótt það hafi oft við gengist og stjórnin látið sjer það nægja.

Þá skal jeg geta einnar brtt., sem ekki er gerð grein fyrir í nál., en það er styrkaukinn til Stefáns Eiríkssonar trjeskera. Hann sendi þinginu erindi, þar sem hann fór fram á aukinn styrk þann, sem honum er veittur til kenslu í trjeskurði. Eins og kunnugt er, hefir hann haft 1000 kr. árlega í mörg ár. Geta allir skilið, að kostnaður við kenslu þessa hafi mjög vaxið í dýrtíðinni, bæði til ljósa, hita og húsnæðis, svo að eðlilegt sje, að hann fari fram á uppbót. Nefndin verður að telja manninn alls góðs maklegan, og leggur til, að honum sje veitt 500 króna viðbót, og verður það að teljast sanngjörn og hógvær krafa. Hann hefir kent 24 eða 25 mönnum trjeskurð síðustu árin, og hlýtur það að valda allmiklum tilkostnaði fyrir hann í þeim greinum, er jeg nefndi.

Jeg ætla nú ekki að svo komnu að fara fleiri orðum um brtt. nefndarinnar, en vil taka það fram, að svo framarlega sem einhverjum háttv. þingdm. nægja ekki skýringar mínar á einstökum atriðum, þá vona jeg, að þeir láti til sín heyra. Jeg skal geta þess, að það voru fleiri erindi, sem lágu fyrir nefndinni, þar á meðal eitt, sem hún hefir leyft sjer að vísa til stjórnarinnar. Gerði hún ráð fyrir brtt. frá stjórninni um það atriði, og hefir þess vegna ekki gert hana. Það er uppbót á samningsvinnu við skurðgröft í Miklavatnsmýri. Jeg get þess þeim þingmönnum til athugunar, sem áhuga hafa á því máli, svo að þeir viti, að nefndin hefir athugað það, en stjórnin lofað framkvæmdunum.

Þá skal jeg með nokkrum orðum minnast strax á brtt. frá ýmsum háttv. þm., þótt þeir hafi ekki gert grein fyrir þeim.

Er þá fyrst brtt. á þgskj. 200, frá háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), sem fer fram á 12,000 kr. til sjúkrahússbyggingar á Hvammstanga. Nefndin vill mæla með þessari brtt., það er að segja ef þessar 12,000 kr. eru allur styrkurinn, sem veittur verður til þessa. Samkvæmt venju hefir styrkurinn verið miðaður við íbúatölu, þannig, að styrkurinn sje ekki hærri en 3000 kr. á hverja 1000 íbúa. Nú eru hjeraðsbúar að eins 2000, og gætu því ekki samkvæmt fjárlögunum fengið nema 6000 kr. En nefndin telur rjett að veita nú 6000 kr. viðbótarstyrk, þar sem þetta hús er svo dýrt, og auk þess hafa þeir bygt læknisbústað í sambandi við sjúkrahúsið.

Þá er brtt. á þgskj. 208, frá háttv. þm. Borgf. (P. O.). Nefndin telur hana í samræmi við 1. brtt. sína og er henni því meðmælt.

Um brtt. á þgskj. 209 er það að segja, að óskum um fjárveitingar til samgangna á sjó hefir nefndin altaf vísað til háttv. samgöngumálanefndar. Hefir svo samgöngumálanefndin gert sínar till. og borið þær síðan undir fjárveitinganefndina. Nú hefir að eins fyrri brtt. á þgskj. 209 verið borin undir nefndina, en ekki hin síðari. Get jeg því ekki sagt um afstöðu nefndarinnar til hennar, en hún er hinni fyrri meðmælt.

Þá er brtt. um styrk til læknisvitjunar handa Grímseyingum, frá háttv. þm. Eyf. (St. St. og E. Árna.). Nefndin getur fallist á, að þessi málaleitun Grímseyinga sje sanngjörn, miðuð við aðrar sveitir. En henni þykir tillaga háttv. þm. of há, sjerstaklega borið saman við kostnað þann, sem erindi það, er fyrir nefndinni lá, bar með sjer að þeir hefðu haft.

Hallast nefndin að því, að veittar sjeu 300 kr. hvort ár eða 600 kr. á fjárhagstímabilinu. Vona jeg, að háttv. þm. uni

við þessa brtt. nefndarinnar, sem hún hefir flutt á þgskj. 210.

Brtt. á þgskj. 207 kemur nefndinni alveg að óvörum. Er hún alls ekki búin að athuga þetta mál, vegna þess, að ekkert plagg eða nokkuð þess háttar hefir komið fram um þetta eða verið lagt fyrir nefndina. Nefndin furðar sig á, að þetta skuli vera komið fram. Ekkert hefir heldur komið frá stjórninni.

Skal jeg að svo komnu ekki tefja hv. deild með frekari málalengingum. Jeg vil að eins skjóta því til hæstv. stjórnar, viðvíkjandi einni athugasemd hennar, er ekki kemur brtt. við, og er um borgun til yfirfiskimatsmannsins, að nefndin árjettar enn það, sem í nál. stendur, að þessa upphæð beri að innheimta aftur hjá fiskikaupmönnunum. Jeg vildi að eins taka þetta fram til frekari árjettingar, svo að stjórnin geri nauðsynlegar ráðstafanir í því efni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Í tilefni af fjárupphæð til að endurreisa skólahúsið á Hvanneyri skrifuðu fjárveitinganefndirnar stjórninni. Stjórnin gat ekki sint málinu fyr en á morgun, að það var til umræðu á fundi ráðuneytisins, og kom stjórnin sjer þar saman um að óska samtals við fjárveitinganefnd. Vona jeg, að þetta viðtal geti átt sjer stað sem fyrst til nánari skýringa, og tefjist því málið ekki til skaða.

Brtt. á þgskj. 209 býst jeg við að stjórnin geti gengið inn á, og um brtt. á þgskj. 207 er það að segja, að mjer fyrir mitt leyti finst sanngjarnt, að ívilnun sú sje veitt, sem þar er farið fram á, en jafnframt sjálfsagt að athuga þetta nánar.

Björn R. Stefánsson: Það er viðvíkjandi brtt. á þgskj. 209, að jeg vildi segja fáein orð. Hvað fyrra lið hennar snertir, þá hefir hann legið fyrir fjárveitinganefnd og hún samþ. hann. En síðari liðurinn lá fyrst fyrir í gærkvöldi hjá samgöngumálanefnd og hefir því ekki komið fram fyrir fjárveitinganefnd. Það hefir lengi staðið 400 kr. styrkur til vjelbátsferða um Hvalfjörð í fjárlögunum, en hefir ekki verið hækkaður á seinustu árum, eins og aðrir samskonar styrkir. Hann hefir því hvergi nærri verið fullnægjandi, og t. d. í fyrra dugði hann að eins í tveggja mánaða tíma. En af því að þörfin var brýn áfram til slíkra ferða, sáu hlutaðeigendur sjer ekki annað fært en að gera samning við vjelbátseigendur og lögðu sjálfir fram fje á móti því, sem veitt var úr landssjóðnum. Þörfin fyrir þessar ferðir eykst stöðugt, því að verslanir eru nú risnar upp sitt hvoru megin fjarðarins, svo margir, sem áður sóttu í Borgarnes og Akranes, sækja nú þangað. Svo hefir það oft komið fyrir, að menn hafa mist af því að koma vörum sínum til útflutnings og sölu hjer í Reykjavík á rjettum tíma, vegna flutningavandræðanna. Jeg tel því sjálfsagt að veita þennan viðbótarstyrk.

Um fyrra lið brtt. skal jeg taka fram, að í fjárlögunum var Breiðafjarðarbátnum ætlaðar 18.000 kr. á ári, og hafði stjórnin gert samning við eigendur vjelskipsins „Svanur“ að halda uppi ferðunum gegn því, að allur styrkurinn gengi til þess skips. En svo bilaði „Svanur“, og varð þá að fá annan bát, sem fekst ekki nema gegn 1000 kr. borgun fyrir ferðina. Stjórnin hafði nú enga fjárveitingu við höndina til bátsins, utan þessar 18000 kr., og tók því 1000 krónur frá „Svan“, sem naumast var sanngjarnt, vegna þess, að báturinn var bilaður, og þetta var ekki á þeim tíma, sem „Svanur“ var skuldbundinn til að ganga samkvæmt samningnum. Jeg tel því fulla sanngirni, ef ekki

skyldu þingsins, að veita þennan 1000 kr. viðbótarstyrk til ferðanna á Breiðafirði síðastliðið ár.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil taka það fram, að jeg skildi háttv. frsm. (M. P.) þannig, að hálfan styrk, eða 750 kr., ætti ungmennaskólinn á Núpi að fá þetta ár, þó að hann væri ekki starfræktur í vetur. Mjer finst þetta líka sanngjarnt og rjett, en vildi að það kæmi skýrt fram í frv.

Annað atriði vildi jeg minnast á út af 13. gr. Yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík talaði um það við mig á sínum tíma, að hann vildi fá borgun hjá fiskkaupmönnum fyrir aukið starf, vegna mats á óverkuðum fiski, er kaupmenn eða útgerðarmenn kaupa. Tók jeg það þá fram við hann, að jeg teldi ekki rjett, að yfirfiskimatsmaður tæki nokkra borgun hjá útgerðarmönnum, því að hann eigi að vera alveg óháður þeim, er fiskinn flytja út, auk þess sem slíkt gæti orðið til að draga úr því trausti, sem nauðsynlegt er að hann njóti, sjerstaklega erlendis. Sagðist jeg eindregið vilja vara hann við því að taka nokkra slíka aukaborgun, heldur snúa sjer þá til stjórnarinnar, og mundi hún þá leggja það til við þingið, að honum verði veitt uppbót, eins og jeg tel sjálfsagt, því það er víst ómælt, hvað landið hefir grætt bæði beinlínis og óbeinlínis á þessum manni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil þakka háttv. fjárveitinganefnd fyrir góðar undirtektir við fjáraukalögin, því að breytingarnar, sem hún hefir gert á þeim, eru ekki miklar. Fjárframlögin hefir hún hækkað um 70.000 krónur, en lækkað á öðrum liðum um 30.000, svo að hækkunin nemur ca. 40.000 krónum, en lækkunina, 30 þúsundir, á þessu frv. á að færa inn á fjárlögin, svo að raunverulega sparast ekkert við þessa hækkun.

Við brtt. hefi jeg lítið að athuga. Að eins vil jeg minnast lítillega á síðustu brtt. Bæjarstjórnin samþykti í vetur að taka lán til rafveitu, alt að 2 miljónum. Danskir bankar settu sem skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækisins, að landsstjórnin tæki ábyrgð á láninu, en þar sem tilboðið var bundið við 1. janúar, varð að gefa svar fyrir þann tíma. **Enginn tími** vanst til þess fyrir stjórnina að láta rannsaka fyrirtækið að nýju, enda varð að byggja á því, að bæjarstjórn höfuðstaðarins legði ekki út í málið án nákvæmrar íhugunar. Þar sem sýnilegt var, að fjárhætta var engin fyrir landssjóð að takast þessa ábyrgð á hendur, en hinsvegar líklegt, að það spilti lánstrausti landsins, ef neitað væri um ábyrgð fyrir sjálfan höfuðstaðinn, þá afrjeð landsstjórnin að takast þessa ábyrgð á hendur upp á væntanlegt samþykki þingsins.

Sigurður Sigurðsson: Jeg skal leyfa mjer að gera grein fyrir brtt. á þgskj. 207 og hvers vegna hún kom ekki fram fyr en þetta og þar af leiðandi lá ekki fyrir fjárveitinganefnd til athugunar. Mig furðar því ekkert á, þótt hv. frsm. (M. P.) komi till. undarlega fyrir sjónir, er hún kemur þannig fram á síðustu stund. En það kom til af því, að jeg var altaf að vonast eftir skilríkjum frá hlutaðeigendum um flutningskostnað o. fl.

Í öðru lagi skal jeg geta þess, að málið hafði í sumar verið borið undir stjórnina, þótt sú málaleitan muni hafa fremur verið munnleg en skrifleg. En jeg veit um fjóra nafnkenda menn, sem töluðu við ráðherrana um það, og töldu sig hafa fengið góðar undirtektir. Enda lýsti atvinnumálaráðh. (S. J.) því yfir áðan, að hann áliti þessa

málaleitun sanngjarna. Jeg hefi líka minst á þetta við forsætisráðherra, og fanst mjer hann vera málinu meðmæltur.

Ástæðurnar fyrir þessari málaleitun eru þær, að meiri hlutanum af fóðursíld þeirri, sem Árnesingar og Rangæingar höfðu pantað síðastl. haust, og flutt var að norðan með landssjóðsskipinu „Willemoes", varð ekki, eins og til stóð, skipað upp á Eyrarbakka og Stokkseyri sökum veðurs og brims, heldur varð að fara með síldartunnurnar til Reykjavíkur og skipa þeim þar upp. Síðan varð að fá vjelbáta til að flytja þær austur, og varð sá flutningur kostnaðarsamur. Kaupfjelögin austan fjalls önnuðust um flutninginn á fóðursíldinni og urðu að leigja mótorbáta til þess.

Kostnaðurinn við þetta varð afarmikill eða 7 kr. á hverja tunnu. Ef jeg man rjett, var tala tunnanna eitthvað um 2000.

Aukakostnaður þessi við flutninginn á fóðursíldinni hjeðan og austur hefir því orðið ca. 14.000 krónur. Hins vegar fóru fyrnefndir menn aldrei lengra í málaleitun sinni við stjórnina en það, að fá að eins helmingsívilnun á flutningskostnaðinum, en ráðherrarnir munu aldrei hafa gefið vilyrði fyrir meiri ívilnun en 2 kr. á tunnuna. Og till. mín er líka miðuð við það. Jeg tel því till. mjög sanngjarna og vona, að hv. fjárveitinganefnd sjái það og mæli með henni, þegar hún hefir kynt sjer málið, og ekki síst vegna þess, að sumir ráðherrarnir hafa gefið góðar vonir um, að þeir mundu greiða fyrir þessu máli. Jeg held líka, að dæmi sjeu til, að önnur hjeruð hafi fengið svipaða ívilnun, t. d. Borgfirðingar.

Að síðustu vil jeg fara fram á það við hæstv. forseta, að geymt verði að greiða atkv. um till. til 3. umr., þar sem hv. fjárveitinganefnd hefir enn ekki átt kost á að kynna sjer allar ástæður.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. 1. þm. Árn. (S. S). sagði, að ráðherrarnir hefðu lofast til að greiða fyrir því, að styrkur til síldarflutningsins austur yrði veittur. Það er of mikið sagt, að minsta kosti hvað þá alla snertir. Það er satt, að það var talað um málið við mig, og mjer sagt um leið, að búið væri að tala við hina, og sagði jeg þá þetta, því jeg man hvernig orðin fjellu: „Ef hinir ráðherrarnir hafa lofað samþykki sínu, þá verð jeg ekki meinsmaður málsins." Annað og meira sagði jeg ekki. Að öðru leyti get jeg búist við, að hv. fjárveitinganefnd geti komist að þeirri niðurstöðu, við nánari athugun, að málaleitunin sje ekki ósanngjörn.

Þórarinn Jónsson: Jeg get verið þakklátur háttv. fjárveitinganefnd fyrir undirtektir hennar við brtt. á þgskj. 200, enda er þar um fulla sanngirniskröfu að ræða. En til þess að skýra það nánar fyrir hv. deild vil jeg fara örfáum orðum um málið og ástæður þær, sem drógu óumflýjanlega til þess, að hverfa varð eindregið að framkvæmdum þessa máls.

Það var svo ástatt á Hvammstanga, þar sem læknisbústaður er ákveðinn, að læknir sá, sem þangað var nýlega kominn, fjekk hvergi húsnæði og lá því ekki annað fyrir en að hann hyrfi á brott úr hjeraðinu. Og ef svo hefði orðið, þá hefði það verið nokkurn veginn áreiðanlegt, að annar læknir hefði ekki fengist um óákveðinn tíma. Þess vegna varð að byggja læknisbústað til viðbótar við skýlið. Það var búið að gera ráðstafanir með efni áður en það hækkaði svo mjög, sem raun varð á, og ef framkvæmdum hefði verið frestað, þá gat það orðið til þess, að efnið hefði eyðilagst. Og eftir mjög ítarlega athugun sýslunefndar og hjeraðsbúa varð það ofan á, að enginn kostur væri að fresta málinu, frá hvaða hlið sem skoðað var. Og með þennan gífurlega dýrtíðarkostnað fyrir augum var lagt út í fyrirtækið.

Skýlið er eftir áliti landlæknis eitt það

allra vandaðasta, sem bygt hefir verið, og lýkur hann í hvívetna lofsorði á það. Hann hefir lýst því í brjefi frá 7. apríl og skýrir þar frá fyrirkomulagi þess.

Kostnaðurinn við bygginguna var 9. des. 1918 orðinn 48,213 kr. 32. a., og áætlaður kostnaður til þess að fullgera bygginguna var 685 kr.,eða skýlið uppkomið og fullgert kostaði 54,798 kr. 32 a., og nemur þetta um 28 kr. á hvern hjeraðsbúa. Það var því auðsætt, að hjeraðið hefði orðið illa úti, ef það hefði átt að búa við lögákveðna styrkinn einan. Landlæknir hefir því lagt til, að dýrtíðaruppbót yrði veitt á styrknum. Jeg hefi ekki viljað fara lengra en hann lagði til, sem ekki er nema 3 kr. á hvern hjeraðsbúa, og þeir eru um 2000, þrátt fyrir það, þótt þeir, sem hjer eiga hlut að máli, hafi farið fram á 25,000 kr., og margar ástæður mæli með. Hefi jeg ekki viljað ganga svo langt. Jeg álít, að það eitt eigi að bera fram í þessu máli, sem er fullkomlega sanngjarnt, borið saman við fjárhag ríkisins og allar kringumstæður og það, sem landlæknir leggur til.

Ástæðan fyrir því, að stjórnin hefir ekki tekið þessa fjárveitingu í frv. sitt, er ekkert vantraust á sanngirni hennar. Það er að eins sprottið af því, að málið kom svo seint fram, að ekki vanst tími til að koma því í frv. stjórnarinnar. Jeg tel enganvafa á því, að stjórnin hefði viðurkent rjettmæti þessa styrks og borið hann fram, ef hún hefði fengið tækifæri til þess.

Þegar jeg lít á það, að unnið hefir verið að framkvæmd þessa máls á þessum dýrtíðartímum, sem talið hefir verið óþarft, þá verður mjer að bera það saman við vitabyggingar, sem gerðar hafa verið á sama tíma. Kostnaður við þá hefir fjórfaldast og þar yfir. En þó er þetta gert. Og af hverju? Af því það þykir nauðsyn að tryggja mannslífin, fyrirbyggja slys á sjó. Hjer er alveg um sömu nauðsyn að ræða. Sjúkrahúsin eiga að tryggja mannslífin.

Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Jeg vona, að brtt. gangi greiðlega í gegnum deildina.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vildi að eins gera athugasemd við brtt. á þgskj 207. Jeg var ekki við, þegar hv. flm. (S. S.) talaði um hana; jeg var bundinn í háttv. Ed., því þar var mál, sem jeg varð að taka þátt í umr. um. En eftir því, sem mjer hefir verið sagt af ræðu háttv flm. (S. S.), þá vil jeg láta þess getið, að jeg hefi ekkert loforð gefið um það, að þessi upphæð verði greidd. En hinu lofaði jeg,að líta með fullri sanngirni á málið. En til þess verður líka að taka tillit til annara hjeraða, athuga, hvað gert hefir verið í þeim eða hvað gera ber.

Bjarni Jónsson: Það er örstutt athugasemd. Jeg þarf ekki að skýra frá fjárbeiðni til Breiðafjarðarbáts. Háttv. frsm. fjárveitinganefndar (M. P.) gat hennar og taldi hana sanngjarna. Það hefir einnig enginn orðið til þess að vefengja sanngirni hennar, og þess vegna vænti jeg þess, að flestir greiði henni atkv. sitt.

Aðra athugasemd vildi jeg gera, og hún er sú, að þegar veitt er lán á ábyrgð Íslands, þá á það ekki að eiga sjer stað, að þar verði sett aukaskilyrði. Það á að vera hverjum sem er full trygging að lána á ábyrgð Íslands, og það getur ekki annað en veikt lánstraust þess, að taka í mál skilyrði fyrir veitingu lánsins.

Þá kem jeg að stórmálinu — síldarmálinu. Jeg get verið því meðmæltur, að þessi styrkur verði veittur. Mjer þykir vænt um, að beiðnin er komin hjer fram, og því vænna, sem henni vegnar betur. Jeg fæ þá ástæðu til að fara fram á 10—20,000 kr. til handa Dalasýslu í sama skyni. (*S. S.*: Þar stendur öðruvísi á). Jú, þar stendur öðruvísi á, að því leyti, að allar leiðir eru lengri

og örðugri. Við skulum sjá, hvort jeg get ekki sýnt fram á, að ekki sje síður þörf í Dalasýslu en annarsstaðar, og við skulum sjá, hvort jeg herja ekki út þann styrk, sem hún þarf á að halda, ef þessi styrkbeiðni verður viðurkend.

Stefán Stefánsson: Jeg sje ekki ástæðu til að halda neina ræðu, ætla að eins að lýsa því yfir, að við flm. brtt. á þgskj. 156 föllumst á brtt. fjárveitinganefndar.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg þarf ekki að halda langa ræðu, en úr því jeg stóð upp, þykir mjer leiðinlegt, að enginn úr hæstv. stjórn er viðstaddur, því aðallega ætlaði jeg að beina orðum mínum að hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) og hæstv. forsætisráðh. (J. M.). En nú er ekki annað fyrir mig að gera en að snúa mjer að síldarmálinu. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að jeg hefði tekið till. hans vel. Þessu verð jeg að mótmæla. Jeg gat ekki tekið ákveðnari afstöðu til málsins en jeg gerði, þar sem jeg er frsm. nefndarinnar. Sjerstaklega þykir mjer hv. þm. (S. S.) ganga illa að færa rök fyrir loforðum stjórnarinnar. Annars get jeg vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt um þetta mál.

Úr því að hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) er kominn, þá ætla jeg að fara nokkrum orðum um Hvanneyrarmálið. Stjórnin óskar nú eftir viðtali við nefndina. Jeg legg þar ekkert til málanna; það verður hún að eiga við formann nefndarinnar um. En jeg get ekki neitað því, að mjer kemur þetta hálfkynlega fyrir. Nefndin hefir talað við stjórnina eins og hún þarf, og við höfum farið fram á, að stjórnin ljeti í tje skriflegar till. En það er eins og hæstv. stjórn sje ekkert um það, það er eins og hún vilji heldur skrafa sig út úr öllu saman.

Þá vík jeg mjer að hæstv. forsætisráðh. (J. M.). Jeg held, að það kenni misskilnings hjá honum í ummælum hans um yfirmatsmanninn. Nefndin vill ekki brjóta í bág við erindisbrjef hans um það efni, að hann megi ekki taka þóknun annarsstaðar frá en úr landssjóði.

En hins vegar finst nefndinni ekki nema rjett, að hann fái aukaþóknun fyrir það, sem hann gerir og er ekki skyldugur til. Landssjóður getur hæglega greitt honum þessa þóknunn, og það er í alla staði viðkunnanlegra og formlegra, og kemur þá ekki í bága við erindisbrjefið. Og þó landssjóður aftur taki fjeð hjá kaupmönnum, þá get jeg ekkert haft við það að athuga.

Till. nefndarinnar hefir ekki verið mótmælt, og verð jeg þá að líta svo á, sem menn sjeu þeim samþykkir, því annars mundu þeir hafa hreyft mótmælum. Jeg þarf þess vegna ekki að ræða þær frekar, vona að eins, að háttv. deild taki þeim vel við atkvæðagreiðsluna eins og við umræðurnar og samþykki þær allar, og eins þær till. sem nefndin hefir mælt með.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það eru að eins örfá orð viðvíkjandi Hvanneyri. Háttv. frsm. (M. P.) þótti kynlegt, að stjórnin hefði ekki komið fram með skriflega till., en æskti viðtals við nefndina. Mönnum þykir það ef til vill ekki eins kynlegt eins og hv. frsm. (M. P.) þótti það, eftir að þeir hafa heyrt brjef það, sem nefndin sendi stjórninni. Með leyfi nefndarinnar og hæstv. forseta ætla jeg að lesa það hjer upp. .....
.....*)

Þannig er þá þessu máli varið, og ef nefndin, eftir það samtal, sem stjórnin mun eiga við hana, heldur enn fast við að fá skriflega till., þá býst jeg við, að stjórnin geti orðið við því.

Gísli Sveinsson: Jeg vildi að eins gera

*) Brjefið vantaði í ræðuna.

athugasemdir við tvö atriði, sem hjer hafa komið fram. Annað er um síldina eða till. háttv. þm. Árn. (S. S. og E. A.) um uppbót á flutningsgjaldi á fóðursíld. Jeg vil benda á það, að þetta mál getur snert fleiri. Það geta verið fleiri hjeruð, sem þurfa að fá ívilnun á þessu flutningsgjaldi. Jeg trúi því, að það sje rjett, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði um þetta mál í Árnes- og Rangárvallasýslu, að þeir hefðu orðið harðara úti en þeir, sem gátu fengið síldina beint. Mjer þykir það líka sennilegt, að þessar 2 kr. á síldartunnu muni nema því, sem síldin varð þeim dýrari. En svo ber þess að gæta, að þessi uppbót kemur aðallega þeim að notum, sem við hafnirnar búa, því að þá er eftir versta og dýrasta leiðin með síldina, svo að flutningskostnaðurinn verður það mikill, að þessar 2 kr. gera varla neitt til nje frá. Það er síður en svo, að jeg sje að hafa á móti þessari uppbót; jeg tel hana í alla staði rjetta og sanngjarna, en jeg vildi að eins benda á þetta til athugunar.

Hitt atriðið, sem jeg vildi gera athugasemd við, er brtt. á þgskj. 200, frá 1. þm. Húnv. (Þór. J.). Jeg var ekki inni, þegar hann talaði fyrir þessari till. sinni, en mjer hefir skilist það, að af þessum styrk væru 6000 kr. ætlaðar til læknisbústaðar. Jeg vil benda á það, að þetta dregur dilk á eftir sjer, því að svo er ástatt í því nær öllum hjeruðum landins, að þar vantar læknisbústað. Jeg er þeirrar skoðunar, að landið eigi að sjá embættismönnum sínum fyrir bústað. Það er hart að halda uppi heilli stjett, skipa menn í embætti og senda þá svo til að gegna því — en hvert? Það getur farið svo,að hvergi sje hægt að fá inni fyrir slíka menn, síst svo að viðunandi sje, og á þetta kemst aldrei regla fyr en landið tekur að sjer að sjá um það. Ef litið er til Vestur-Skaftafellssýslu, þá hefir hún um árabil átt læknisbústað í Síðuhjeraði, en hún hefir haldið hann á sinn kostnað, og er eflaust farin að þreytast á því. Jeg get skotið því inn í, að þó að hjeraðið hafi svona mikið fyrir þessu, þá er það samt sem áður læknislaust. Síðuhjerað, sem liggur fyrir austan Mýrdalssand, hefir engan lækni öðru hvoru. Það þýðir lítið að tala um stofnun nýrra læknishjeraða, þegar læknar fást ekki í þau, sem fyrir eru, ekki einu sinni í jafngott hjerað og Síðuhjerað. Jeg hefi gert þennan útúrdúr til að benda á, að landið verður að fara betur með embættismenn sína en það gerir, og þá fyrst að útvega þeim bústað eða yfirleitt samastað.

Þá ætlaði jeg að víkja nokkrum orðum að fjárupphæðinni, sem áætluð er vegna „kvefpestarinnar". Svo stóð á að Vestur-Skaftafellssýsla gat varið sig, og þar með alt Austurland, og þá skyldu menn ætla, að slíkt hefði kostað ærið fje. Því vörnin var meira en nafnið eitt; það var hafður sjerstakur varðmaður eða menn og sjerstakir póstflutningar o. fl. En það var síður en svo, að þessi upphæð, sem til þess fór væri mikil: mjer liggur við að segja hana sáralitla, þó að alls eigi sje tekið tillit til þess skaða, sem pestin gerði að öðru leyti er nú er ætlað að reyna að bæta fyrir að litlum mun með kostnaðargreiðslum. Og til þess fer mest af hinni áætluðu upphæð. Það kostaði tæpt 1 þús. kr., eða nákvæmlega 990 kr. 20 aura, að verja Skaftafellssýslu og þar með alt Austurland. Af þessu má marka, hvort ekki hefði verið hægt, kostnaðarins vegna, að verja landið, og reynslan hefir sýnt, að það var hægt að öðru leyti.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) taldi styrkinn til skýlisins á Hvammstanga sem fjárveitingu til læknisbústaður. Mjer liggur í ljettu rúmi, hvort það er kallað svo, eða dýrtíðar- eða viðbótarstyrkur til skýlisins. Fjárveitinganefnd 1917 tók afstöðu til þessa máls, og taldi það skylt landinu að styrkja að jöfnu læknabústaði og sjúkraskýli. Þess vegna er

mjer sama um hvað styrkurinn á að nefnast.

Jeg skal geta þess, að jeg hefi ekki getað lesið próförk af nefndarálitinu, og þess vegna eru í því prentvillur. Jeg vildi því biðja menn að bera það saman við brtt., því þær eru rjettar.

Þórarinn Jónsson: Jeg skal taka það fram, út af ræðu háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að styrkurinn er ekki veittur til læknisbústaðar. Byggingin varð að vísu dýrari vegna hans, en þó er um styrkinn sótt vegna dýrtíðar á efni og vinnu, og landlæknir hefir mælt með styrknum sem dýrtíðarstyrk.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2.—3. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 156. með brtt. 210. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 200. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 152,1. — — 15 — —
— 208. — — 22 — —

4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 152,2. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 152,3. — — 19 — —
— 152,4. — — 14 — —
— 152,5. — — 16 — —
— 209,a. — — 18 — —
— 209,b. — — 15 : 2 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj atkv.

Brtt. 152,6. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 152,7.a. — — 15 — —
— 152,7.b. — — 14 — —
— 152,8. — — 18 — —

6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 152,9.a. samþ. með 13 shlj. atkv
— 152,9.b. — — 19 — —
— 152,10.a. — — 15 — —
— 152,10.b. — — 15 — —
— 152,10.c. — — 13 : 4 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 207. tekin aftur til 3. umr.
— 152,11. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 152,12.a. — — 15 — —
— 152,12.b. — — 22 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., G. Sv., H. K., J. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

nei: E. Árna., E. J., Sv. Ó.

Einn þm. (J. B.) fjarstaddur.

8. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 152,13. (við 5. lið) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 152,13. (nýr liður) samþ. með 15 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.

Brtt. 152,14. (ný 11. gr.) samþ með 13 : 3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A 222, 245, 207, 267).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Fjárveit-

inganefnd hefir enn leyft sjer að koma fram með brtt., á þgskj. 245 og 267. Þessar brtt. hafa í för með sjer gjaldauka, sem nemur 66,096 kr. Jeg býst ekki við, að nokkur verði á annari skoðun en að þessar breytingar, þessi útgjöld, sje óhjákvæmileg.

Jeg ætla fyrst að snúa mjer að brtt. á þgskj. 245 og byrja á 1. lið. Hann fer fram á, að 40,000 kr. sje varið til landhelgisgæslu um síldveiðitímann. Allir kannast við, að mikið hefir verið kvartað undan gæslunni, og þó sjerstaklega um þennan tíma. Það hefir verið reynt að bæta úr því, með að veita fje í fjárlögum með því skilyrði, að viðbót kæmi annarsstaðar frá. En þetta hefir ekki komið að notum. Gangur þessa máls er sá, að stjórn Fiskifjelags Íslands sendi stjórninni erindi um betri varnir. Stjórnin sendi erindið til sjávarútvegsnefndar, og frá henni hefir það komið til fjárveitinganefndar. Hún taldi mjög mikla nauðsyn á, að eftirlitið væri skerpt, og var fús á, að fje væri veitt í því skyni. Hins vegar fanst henni það ekki geta komið til mála, að heimta tillag frá öðrum stöðum, því hjeruðin, sem hjer er um að ræða, hafa engan hagnað af því, þó að eftirlitið sje meira og nákvæmara. Það, sem sjerstaklega vakti fyrir nefndinni, var að þetta eftirlit yrði ekki að eins með veiðunum, heldur einnig sem tolleftirlit. Tunnutollurinn hefir haft þær verkanir, að útlendingar hafa látið í veðri vaka, að þeir mundu salta fyrir utan landhelgi. En af kunnugum er það sagt, að slíkt muni lítt mögulegt, og þess er því getið til, að útlendingarnir hafi í hyggju að nota kunnugleika sinn til að skjótast inn á afskekta firði og salta þar og komast hjá tollinum. Við höfum ætlað þeim skipum, sem strandgæsluna eiga að hafa á hendi, að gæta líka þeirra skipa, sem á þennan hátt ætla að brjóta lögin. Fjárveitinganefndin sendi stjórninni brjef um að fara þegar í stað að grenslast eftir skipum, sem gætu haft þetta eftirlit með höndum. Síðan hefir stjórnin gert samning um tvo 30 tonna báta, „Garðar“ og „Harald“, fyrir 20 þúsund hvorn um sig. Samkvæmt þessum samningi er brtt. borin fram. Jeg vil ekki fara frekari orðum um þetta, en vænti þess, að sjávarútvegsnefnd haldi uppi svörum, ef til þess kemur, þar sem þetta eru hennar tillögur.

Næsti liður brtt. á þgskj. 245 er um launauppbót til handa áhalda- og efnisverði landssímans. Þetta er ný staða, stofnuð 1917, og voru þá launin ákveðin 1800 kr. Það var gert ráð fyrir því þá, að starfið heimtaði ekki nema hálfan mann, eða að maðurinn gæti um leið gefið sig að öðru. Maðurinn, sem um stöðuna sótti, gekk einnig út frá þessu. En nú er það komið í ljós, að ekki hefir veitt af öllum starfskröftum mannsins. Hann skýrir einnig frá því, að hann hafi orðið að vinna frá kl. 8—8, og stundum til kl. 11 og 12.

Á þessu sjest, að 1800 kr. eru engin laun fyrir svo mikið starf. Sá, sem starfann hefir, var leikfimiskennari og vonaði að geta haldið því áfram; en þegar á reyndi, varð hann að láta af því. Hann hefir nú sótt um hækkun fyrir árin 1918 og 1919. Hann tók við á miðju árinu 1918 og sækir um 600 kr. fyrir það ár, en 1200 kr. fyrir hitt. Nefndin hefir þó ekki fallist fullkomlega á þetta, en lagt til, að honum verði veitt uppbótin fyrir árið 1919. Þá hefir maðurinn 3000 kr. laun, og það er í samræmi við það, sem ætlast er til í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar.

Þá er komið að 3. lið brtt. Þjóðmenjavörðurinn hefir getið þess, að þegar hann hafi tekið við embætti sínu, hafi engin húsgögn verið til, skápar, borð eða þess háttar. Árið 1909 var að vísu nokkurt fje veitt, en mjög af skornum skamti. Nú varð ekki lengur við þetta unað, og hafa því verið smíðuð nokkur viðbótar-húsgögn. Þetta hefir þegar verið gert, og er búið að

borga það. Nefndinni þótti sanngjarnt að taka þetta í fjáraukalögin, og upphæðin er sniðin eftir reikningum frá húsgagnasmiðnum.

Þá er b.-liðurinn, eða 600 kr. til að gera umgerðir um málverk. Umsjónarmaðurinn hefir skýrt frá því, að upphæð sú, sem varið var til að kaupa listaverk handa landinu, hafi ekki hrokkið fyrir umgerðum um þau. Nefndin hefir fallist á, að úr því svona sje komið, þá verði að veita þessa upphæð. En hún vill láta þess getið, að hún ætlast til, að framvegis verði kostnaður við umgerðir tekinn af fje því, sem ætlað er í fjárlögunum til listaverkakaupa, svo þetta ætti ekki að koma fyrir oftar.

Þá er c.-liðurinn, sem fer fram á 20,000 kr. til að fullgera hús undir listaverkasafn Einars Jónssonar. Byggingameistarinn skýrir frá því, að ef ekki verði haldið áfram, þá liggi það, sem þegar er gert, undir skemdum. Og ef svo fer, þá verður húsið margfalt dýrara landssjóði en þarf að vera. Steypan er víða óhúðuð og orðin mosavaxin. Hurðir og glugga vantar; að vísu er búið að smíða þá, en er eftir að setja þá í. Húsið er því öllum opið, og það eru margir, sem hafa tilhneigingu til að skemma það, sem fyrir þeim verður og þeir geta eyðilagt áhættulaust. Stjórnin hefir skrifað nefndinni og mælst til, að hún tæki upp þessa brtt. Nefndin hefir orðið við því; hún álítur það nauðsynlegt, til þess að ónýta ekki það verðmæti, sem þegar er í húsinu.

Þá kem jeg að brtt. á þgskj. 245. Hún fer fram á að endurgreiða Patrekshreppi nokkurn hluta vörutolls fyrir vatnsleiðslupípur. Þessu er þannig varið, að pípurnar voru tollaðar í hærra flokki en hreppurinn bjóst við. Pípurnar voru úr trje, en járnvafðar, og því voru þær settar í 6. flokk, og stjórnin úrskurðaði, að það væri rjett. Ef pípurnar hefðu verið teknar sem trjevara, þá hefði tollurinn orðið lægri. Hreppurinn fer fram á að fá endurgreiddan mismuninn. Nefndin telur það sanngjarnt, og ekki síst þegar tekið er tillit til þess, að veitan á erfitt uppdráttar. Sumir nefndarmenn álitu meira að segja, að slíkar vörur ættu alls ekki að vera tollskyldar. Nefndin getur vitanlega ekki kveðið upp dóm um það á eigin spýtur, en hefir valið þá leið, að endurgreiða mismuninn, og hann er 696 kr.

Þá kem jeg að brtt. á þgskj. 267, um að veita 3000 kr. viðbót til brimbrjótsins í Bolungarvík. Það er verið að gera við þennan brimbrjót. Og eftir upplýsingum verkfræðingsins mun þurfa til þess alt að 18 þús. kr., auk þess sem hjeraðið sjálft leggur til. Nú er til af áður veittu fje 15 þús. kr. Nefndin mælir því með því, að þessi viðbót verði veitt, svo að ekki þurfi að stöðva verkið, sem ella mundi. Henni finst rjett að skjóta þessu inn í fjáraukalögin; að öðrum kosti mundi þurfa að taka það upp í fjárlögin. Jeg vil svo ekki segja fleira um þetta, fyr en ef tilefni gefst seinna í umræðunum. En svo vildi jeg segja nokkur orð út af brtt. hv. þingm. Árn. Nefndin hefir orðið ásátt um að mæla ekki með því, að þessi brtt. verði samþykt, heldur þvert á móti. Hún leggur eindregið á móti því, að farið verði að veita einstökum landshlutum ívilnun á kostnaði við síldarflutning. Þess hefir orðið vart, að ef farið væri inn á þá braut, mundu koma fleiri, sem þættust eiga, og jafnvel ættu, sanngjarna kröfu um að fá samskonar uppbót. Þetta er háttv. deildarmönnum kunnugt frá síðustu umræðu málsins, því þá stóðu fleiri en einn hv. þingdm. upp til að lýsa því yfir, að ef þetta fengist fram, mundu þeir sigla í sama kjölfarið. Nefndin leitaði sjer upplýsinga um, hvort landsverslunin, sem veitti þessu forstöðu, hefði lofað nokkurri ívilnun í þessa átt. Að þeirri niðurstöðu hefir hún ekki getað komist, að öðru leyti en því,

sem kunnugt er, að öll sú síld, sem flutt var með skipum landssjóðs, var flutt með nokkru lægra farmgjaldi en venja er. Samskonar ívilnun býst jeg við að síldin, sem fór til Árnessýslu, hafi fengið. Mjer er kunnugt um það, að sum önnur hjeruð urðu að leigja sjer skip sjálf til flutnings, og hafa þannig farið á mis við þessa uppbót. Þau mættu því eiga í vændum að fá samskonar ívilnun og hjer um ræðir, ef út í það væri farið. Jeg vona, að þetta nægi til að sýna afstöðu nefndarinnar til málsins, og að hv. deild láti tillöguna ekki ná fram að ganga, því það mundi hafa í för með sjer talsverða hækkun á fjáraukalögunum, sem nefndin hefir ekki ætlast til.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg er þakklátur hv. fjárveitinganefnd fyrir góðar undirtektir hennar undir tillögur stjórnarinnar, og þá sjerstaklega fyrir það, sem heyrir undir mína deild. Jeg hefi engu að bæta við ræðu hv. frsm. (M. P.) um þau erindi, er undir mína stjórnardeild heyra, og sje því ekki ástæðu til að fara að endurtaka það, sem hann sagði.

Sigurður Sigurðsson: Jeg hafði hugsað mjer að gera stuttar athugasemdir við einstaka liði í þeim brtt., sem fram eru komnar. Og jeg geri ráð fyrir, að þær athugasemdir mínar gefi tilefni til skýringa hjá hv. frsm. (M. P.).

Þá er það fyrst viðvíkjandi 1. lið, um landhelgisgæsluna. Það er síður en svo, að jeg ætli að mæla móti liðnum í sjálfu sjer. En að eins vildi jeg geta þess, er jeg hefi fyrir satt, að það er einkennilegt, hvernig þessu fje hefir verið ráðstafað, eða hvernig bátarnir hafa verið valdir til landhelgisgæslunnar. Jeg hefi sem sje heyrt það úr áreiðanlegum stað, að það hafi verið boðinn fram bátur með lægra tillagi en það tilboð var, sem gengið var að. Það tilboð, sem var hafnað, var 8 þús. kr. á mánuði, í staðinn fyrir 10 þús. kr., sem tekið var. Og mun þó sá bátur í engu hafa verið lakari en hinn. Jeg er ekki að segja þetta til að víta hv. fjárveitinganefnd. En það lítur út fyrir, að ekki hafi verið gert útboð í raun og veru, heldur hafi samningar um bátana farið fram á bak við tjöldin. Mjer hefir verið sagt, að einn meðeigandi í öðrum bátnum, sem tekinn var, eigi sæti í útflutningsnefndinni. Þetta er dálítið kynlegt og gefur ástæðu til að ætla, að það gerist margt skrítið í skjóli þessarar útflutningsnefndar, sem almenningi ekki er kunnugt um. Þetta væri nauðsyn á að rannsaka, þó jeg búist varla við, að það verði gert til hlítar. Og sje þetta rjett, sem jeg hefi frá góðum heimildum, þá sýnast samningarnir við þessa bátaeigendur dálítið undarlegir.

Þá kem jeg að öðru atriði, er jeg vildi drepa á, og það er listasafnshús Einars Jónssonar. Jeg ætla mjer heldur ekki að mæla móti þessari fjárveitingu. Hún er sjálfsagt nauðsynleg, eins og hv. frsm. (M. P.) sagði. Að eins vildi jeg beina þeirri spurningu til nefndarinnar, hvort þeir menn, sem lofuðu fje til byggingarinnar, hafi staðið við heit sín. Annars lítur nú út fyrir, að þessi bygging ætli að verða talsvert dýr. Og það er ekki laust við, að hún hafi farið dálítið fram úr því, sem hv. þm. Dala. (B. J.) áætlaði hjer um árið, þegar hann sagði, að hún mundi ekki þurfa að kosta nema 600 krónur.

Þá ætlaði jeg í þriðja lagi að gera stutta athugasemd viðvíkjandi brimbrjótnum í Bolungarvík. Það er ekki tilgangur minn að mæla beinlínis móti þeirri fjárveitingu. En jeg get ekki stilt mig um að láta þess getið, sem öllum er kunnugt, að það hefir gengið æðiskrykkjótt með þennan brimbrjót. Fyrir skömmu síðan hrundi eitthvað

úr honum. Og það hafa kunnugir sagt, að þetta verk mundi vera mishepnað frá upphafi, og að brimbrjóturinn væri ekki bygður á þeim stað, sem æskilegt hefði verið. Jeg ætla mjer ekki að dæma um, hvort þessir menn hafa rjett fyrir sjer. En það væri fróðlegt að fá að vita, hvort þessi fjárveiting er ætluð til þess, að byggja aftur upp það, sem hrundi, eða hvort hún á að ganga til áframhalds á verkinu. Um þetta verk ganga annars margar sögur. Og allar benda þær til þess, að eins og stofnað var til verksins í byrjun, muni það ekki koma að tilætluðum notum. Sjálfur fullyrði jeg ekkert um þetta, heldur „referera" jeg að eins álit annara kunnugra manna.

Þá kem jeg loks að tillögu minni á þgskj. 207. Jeg bjóst að vísu naumast við því, að hún mundi fá góðar undirtektir hjá hv. fjárveitinganefnd, samkvæmt þeim yfirlýsingum, sem hæstv. ráðherrar gáfu í ræðum sínum. Jeg skal þegar skýra frá því, að við flutningsmenn tillögunnar fluttum hana mest vegna þess, að þeir menn, sem hjer áttu hlut að máli, þóttust hafa búið svo um hnútana, að hæstv. stjórn mundi sjálf að líkindum koma fram með brtt. um ívilnun í þessa átt. Það voru þeir hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) og fjármálaráðherra (S. E.). Enda hefir hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) kannast við þetta. Við flutningsmenn hjeldum, að þeir góðu ráðherrar hefðu gleymt að flytja tillöguna, og ætluðum að mæta þeim á miðri leið og bæta með því úr skák fyrir þeim. Hv. frsm. (M. P.) gat um í ræðu sinni, að ýmsir mundu á eftir fara, sem ættu jafnt tilkall til uppbótar á flutningskostnaði við fóðursíld. Hv. þm. (M. P.) á hjer auðvitað ekki við þingmannasíld. (*M. P.*: Nei, landssjóðssíld.) En ef hann á við landssjóðssíld, sem jeg geri ráð fyrir, þá get jeg frætt hann á, að engir hafa orðið jafnhart úti og þeir austanfjalls. Það var ekki hægt að skipa síldinni upp á Eyrarbakka og Stokkseyri, heldur varð að flytja hana hingað suður. Svo urðu þeir að leigja mótorbát undir síldina austur aftur, og við það lagðist 7 kr. kostnaður á hverja tunnu. Á þessa síld hefir þannig lagst 7 kr. skattur fram yfir aðra síld, sem t. d. var flutt á „Willemoes" eða öðrum landssjóðsskipum. En auðvitað tjáir ekki að deila við dómarann. Hv. fjárveitinganefnd hefir ekki viljað líta við þessum sanngjörnu kröfum Árnesinga og Rangæinga. Og við því er ekkert að gera. En þessi krafa mun eiga meiri rjett á sjer en flestar aðrar. Síldin, sem flutt var til Víkur og Vestmannaeyja, kostaði ekki nema 20 kr. tunnan. En þessi umrædda síld kostaði 27 kr. tunnan, auk talsverðs flutningskostnaðar langt upp í sveitir. Þeir menn, sem einkum beittu sjer fyrir að tala við hæstv. stjórn og fóru fram á að fá þessa ívilnun, voru formaður smjörbúasambandsins og búnaðarsambands Suðurlands, þeir Ágúst í Birtingaholti og Guðmundur Þorbjarnarson á Stórahofi. Þeir bera það, að hæstv. ráðherrar hefðu tekið vel undir þetta. Og eins og jeg sagði, hefir hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) kannast við það. Hefi jeg því ekki meira við hann að athuga. Þeir hermdu að vísu ekki bein loforð eftir þeim. En þeir menn voru til áður fyr, sem voru svo vandir að virðingu sinni, að fyrir þeim var hálfkveðin vísa jafngild loforði. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fylgir ekki þeirri reglu, en hann hefði vafalaust gott af að temja sjer hana. Hann hefir fyrir sið að vera mjúkur á manninn og lofa öllu fögru. En þegar til kastanna kemur, skýst hann undan því, að jeg ekki segi svíkur alt saman. Það væri affarasælla, ef þessi hæstv. ráðherra (S. E.) temdi sjer að segja færra og lofa minnu, en efna aftur betur það, sem hann hefir gefið ádrátt um. Að vísu var jeg ekki áheyrandi, þegar þessir menn, er jeg

nefndi, áttu tal við hæstv. ráðherra. En eftr þessari reynslu væri full ástæða til að hafa menn með sjer, þegar maður talar við þá um áríðandi mál, sem ekki er sama hvernig fer um.

Fjármálaráðherra (S. E.): Ef brtt. þær, sem hv. fjárveitinganefnd vill gera, verða samþyktar, þá bætast við útgjöldin hjer um bil 118 þús. kr. Og enn er þess að gæta, að ef þær 30 þús. kr., sem teknar voru út af fjáraukalögunum, koma í fjárlögin, þá verða það í raun og veru 148 þús. krónur. Jeg er nú ekki að segja þetta af því, að jeg finni ástæðu til að mæla á móti tillögum hv. nefndar. En að eins vil jeg með þessu vekja eftirtekt hv. þm. á því, hversu nauðsynlegt er að hraða sem mest afgreiðslu tekjuaukafrumvarpa, sem liggja fyrir, svo að þau komist sem fyrst til framkvæmda. Um einstakar brtt. hefi jeg ekki margt að segja. Þó er ein, við 10. gr., sem mundi heyra undir fjármáladeildina. Það er viðvíkjandi endurgreiðslu á hækkun á vörutolli á vatnspípum til Patreksfjarðar. Jeg get ekki annað en fallist á, að þessi tollur verði endurgreiddur, eftir þeim skýringum og meðmælum, sem hv. frsm. (M. P.) gaf.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) var að tala um, í sambandi við 3. gr., út af bátum, sem ráðnir voru til eftirlits yfir síldveiðatímann, að þeir samningar mundu hafa farið eftir einhverjum leyniþráðum milli landsstjórnarinnar og útflutningsnefndar. Mjer er allsendis ókunnugt um nokkra slíka leyniþræði. Bátarnir voru ráðnir í samráði við Fiskifjelagið og sjávarútvegsnefnd.

Þá kem jeg að brtt. hv. 1. þm. Árn. (S. S.) á þgskj. 207, um 4000 kr. ívilnun á flutningskostnaði á síld. Mjer er kunnugt um það, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) er mjög viðkvæmur fyrir öllu, er snertir hans eigið kjördæmi. Hann er vanur að hafa vaðið fyrir neðan sig, þegar um útgjöld til annara kjördæma er að ræða. En þegar hans kjördæmi á í hlut, er hann aldrei nógu ríflegur. Þetta er mannlegur veikleiki, sem jeg get vel skilið. En hitt á jeg verra með að skilja, þegar hv. þm. stendur upp til að bera mjer á brýn, að jeg hafi fyrir sið að lofa öllu fögru, þegar við mig er talað, en svíkja síðan alt saman. Þetta kom mjer algerlega á óvart, og það er í fyrsta sinni, sem mjer er borið slíkt á brýn. Hann meðgengur það sjálfur, hv. þm. (S. S.), að hann viti ekki, hvað fór á milli mín og þessara manna, sem töluðu við mig. Því óskiljanlegra verður mjer, að maður, sem hefir setið jafnlengi á þingbekkjunum og þessi hv. þm. (S. S.), skuli leyfa sjer að bera jafnþungar sakir á ráðherra, eða hvern sem er. Hv. þm. (S. S.) sagði, að það væri venja fjármálaráðherra að lofa, en svíkja síðan. (*S. S.*: Það sagði jeg ekki). Nú vil jeg skora á þingmanninn að nefna mjer eitt einasta tilfelli, þar sem jeg hafi svikið það, sem jeg hefi lofað. Það sýnist ekki vera til of mikils mælst, að hann nefni eitt smáatriði sínu máli til sönnunar, þegar hann ber fram slíka ásökun. Jeg verð að álíta hv. þm. (S. S.) minni mann eftir, ef hann verður ekki við þessu. Slíkt er svo ósæmilegt, að sá, sem það gerir, á ekki að eiga sæti hjer á þingi.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það eru að eins örfá orð út af brtt. á þgskj. 207. Það var ekki að eins úr Árnessýslu, sem farið var fram á slíka uppbót, sem hjer um ræðir, heldur líka úr Borgarfirði og víðar að. Þessar málaleitanir voru studdar með heimild þingsins til að veita slíka uppbót. Mín afstaða til málsns var sú, að jeg sagðist ekki taka neina ákvörðun í hverju einstöku tilfelli fyrir sig, fyr en allar málaleitanirnar væru fram komnar.

En hvort sem þetta eru formleg endalok málsins, eða stjórnin getur enn tekið málið fyrir, þá eru nú líkindi fyrir því, að slíkum málaleitunum fjölgi ekki hjer eftir, þótt það sje að vísu ekki óhugsandi, eins og hv. frsm. (M. P.) tók fram, að fleiri veki máls á þessu, ef þessari beiðni væri sint.

Jeg skal kannast við það, að jeg hefi tekið vel í málið, en dregið það á langinn, þar til nú, að hv. fjárveitinganefnd hefir kveðið upp þann dóm, að slík uppbót sem þessi muni ekki verða veitt, og mun við það verða að sitja. En hvort hv. nefnd hefði ekki kunnað að veita eitthvað á þessum eina stað, skal jeg ekki um segja, hefði ekk verið um svona mikið að ræða.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg þarf ekki miklu að svara fyrir nefndarinnar hönd, því að enginn hefir haft neitt til brunns að bera, sem mótmæli geti kallast.

Þær athugasemdir, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) kom fram með, voru, eftir sjálfs hans sögn, ekki sprotnar af því, að hann væri mótfallinn till. nefndarinnar, heldur að eins af því, að hann fann hjá sjer þörf til þess að tala um þessa liði.

Viðvíkjandi 1. brtt. á þgskj. 245 skal jeg geta þess um samninga þá, sem háttv. þm. (S. S.) mintist á, að fjárveitinganefndinni er næsta lítið um þá kunnugt. Það er ekki hennar hlutverk að gera slíka samninga, heldur er það hlutverk hæstv. stjórnar, enda mun hún hafa öll tök á því að leysa þá best af hendi.

En mjer er kunnugt um, að háttv. sjávarútvegsnefnd var falið af hæstv. stjórn að tilnefna fróða menn til þessa, og hún svarar fyrir sig, ef hún tekur til sín orð háttv. þm. (S. S.). Sömuleiðis mun hæstv. stjórn svara fyrir sínar gerðir í þessu máli.

Þá vildi jeg svara þeirri spurningu háttv. sama þm. (S. S.), hvort menn þeir, sem lofað höfðu fje til hússins yfir listaverkasafn Einars Jónssonar, hefðu nokkuru tíma greitt það fje.

Sú spurning er reyndar naumast svaraverð. Og mig furðar á því, að háttv. þm. (S. S.), sem setið hefir á þingi í mörg ár, skuli spyrja þessarar spurningar á hverju einasta þingi. Honum ætti þó að vera kunnugt um það, að á fjárlagaþinginu 1917 var rætt um, hvort endurgreiða skyldi þessum mönnum fje þetta eða ekki, og var samþykt þá að endurgreiða fjeð ekki. En auðvitað var ekki hægt að tala um neina endurgreiðslu hefði fjeð ekki verið borgað. Það er líka flestum kunnugt um það, að þetta var fyrsta fjeð, sem lagt var til húsgerðarinnar.

Því, sem háttv. þm. (S. S.) sagði um brimbrjótinn í Bolungavík, ætla jeg að vísa til háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), þar sem hann er því máli kunnugri en jeg.

Jeg þarf ekki að svara sjerstaklega orðum hans um undirtektir okkar nefndarmanna undir brtt. hans., þar sem hann virtist fella sig heldur vel við þær. (*S. S.*: Jeg bjóst aldrei við góðu).

En viðvíkjandi þeirri fyrirspurn, sem skotið var fram um þingmannasíldina, skal jeg geta þess, að sjálfsagt hefir engum komið til hugar að flytja slíka beiðni sem þessa úr þeirri átt, því að þeir, sem þingmannasíld keyptu, munu hafa sætt betri kjörum og gert betri kaup.

Eftir því, sem einn háttv. þm. hefir sagt mjer, kostaði landssjóðssíldin sumstaðar, komin á land, 27—29 kr. tunnan, og þá vil jeg spyrja háttv. 1. þm. Árn. (S. S.): Getur hann boðið betur?

Hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) sagði, að hæstv. stjórn mundi ef til vill geta gert einhverja málamiðlun í þessum sökum, þar sem engin líkindi væru til, að þessum málaleitunum mundi fjölga hjeðan af. En það tel jeg mjög vafasamt.

Mjer þætti það ekki ósennilegt, ef

hæstv. stjórn gæfi nú þær yfirlýsingar, að slík uppbót yrði veitt og samþ. af háttv. deild, að þá yrði mannkvæmt hjá henni næstu daga af þeim, er flyttu slíkar beiðnir.

Sigurður Sigurðsson: Það verður ekki langt, sem jeg þarf að segja. Háttv. frsm. (M. P.) þykist nú hafa sópað fyrir sínum dyrum, eins og honum er lagið Hann gat þess í byrjun svars síns, að jeg mundi hafa flutt athugasemdir mínar helst í því einu skyni, að fá tækifæri til að tala. En tæplega farast honum slík orð, og mun best fyrir hann að metast hvorki við einn nje annan um slíkt. Að minsta kosti mun flestum ljóst, hvor okkar talar meira að öllum jafnaði.

En einkennilegt er það, að þegar hann svarar máli manna, kennir altaf hinnar sömu þykkjuundiröldu, og gengur stundum svo langt, að nærri lætur, að strákskapur megi heita.

Sannmælis skal jeg unna honum og viðurkenna, að svar hans við annari athugasemd minni var rjett. En slíkt hið sama verður ekki sagt um þá staðhæfingu hans, að jeg hafi talið undirtektir háttv. nefndar undir till. mína góðar.

Það sagði jeg aldrei, heldur hitt, að jeg bjóst ekki við þeim betri, jafnvel þótt öll sanngirni mælti með því, að taka þeim vel.

Jeg segi þetta ekki til þess að gera nefndinni getsakir eða áfella hana. Jeg veit, að hún hefir sínar ástæður, sem eru þær, að þeir myndu margir verða, sem um slíka uppbót sæktu, ef þessi till. yrði samþykt.

Að einstakir menn hafi orðið eins hart úti með fóðursíld sína eins og alment var þar eystra, kann vel að vera. Þar kostaði síldin ásamt uppskipun og útskipun o. s. frv. 28—29 kr. tunnan.

Þá mun það best henta, að jeg kvitti fyrir ummæli hæstv. fjármálaráðherra (S. E.). Jeg skal játa, að hann var óvenjuhæglátur og faslítill er hann hjelt ræðu sína.

En ranghermi var það hjá honum, að jeg hefði sagt, að hann væri því vanur að lofa öllu og svíkja alt. Það sagði jeg aldrei, og voru því óþarfar ákúrur hans til mín fyrir það, að jeg bæri hæstv. ráðherra óleyfilegum sökum.

Jeg sagði að eins, að hann talaði stundum svo einstaklega vingjarnlega, og er síður en svo, að það sje lastvert. En hitt kemur fyrir, að menn leggja meira inn í þessi góðu ummæli hans en hann sjálfur ætlast til. Það er gömul og góð venja, að þegar traustir og áreiðanlegir menn eiga í hlut, eru orð þeirra tekin sem hálfgerð loforð, þegar þeir afsegja ekki það, sem um er beðið, heldur hafa góð orð um það.

En nú virðist hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) vera svo góðhjartaður, að hann geti ekki neitað nokkrum manni, og það er af mörgum tekið sem loforð.

En það hljóta allir að skilja, að þetta eru engar skammir.

Þá fullyrti hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), að hann hefði aldrei svikið nokkurn mann. Jeg gef nú lítið fyrir slíkar fullyrðingar.

Hann fullyrti líka hjer um daginn, að hann hefði aldrei drepið mann. Það var víst heldur enginn að bera það upp á hann.

En það verð jeg að segja af minni persónulegu reynslu, að jeg hefi þekt ýmsa menn orðheldnari en hæstv. fjármálaráðherra (S. E.).

Bjarni Jónsson: Jeg skal reyna að fara öfugt við það, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) gerir. Hann finnur alt að öllum, en jeg ætla mjer að hrósa honum.

Hann virðist fylgja þeirri fornu reglu,

að halda áfram að prjedika, bæði í tíma og ótíma, því að síðan fyrst var minst á það hjer, að koma upp húsi yfir listaverk Einars Jónssonar, hefir hann á hverju þingi minst á áætlun, sem jeg gerði um kostnað við að koma upp bárujárnskofa yfir listaverkin. Jeg áætlaði þá, að það mundi kosta nálægt 600 kr., og þykist jeg viss um, að sú áætlun hafi verið rjett.

En jeg skal játa, að það var smátt hugsað af mjer og skammarlegt að gera öðrum eins áhugamanni um mentamál, listir og vísindi, eins og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er, þær getsakir, að hann teldi það sama að geyma þessi listaverk í bárujárnskofa.

En hitt þykir mjer undarlegt, hve sáran hann kvartar nú undan því, hve dýrt er orðið húsið.

En þær kvartanir eru ekkert annað en eintal sálarinnar hjá honum, þar sem það er fyrir hans eigin till. og annara stórhugaðra manna, að byrjað var á þessu verki.

Frá mjer voru þær till. að minsta kosti ekki. Hann sýnir því að eins vannþakklæti við sjálfan sig með þessum kvörtunum sínum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Mjer koma þær mjög á óvart þessar ásakanir háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Jeg held, að það sje í fyrsta sinni, sem jeg er borinn þeirri ásökun, að jeg þori ekki að segja hreint til um það, sem jeg meina. Og því meir furðar mig á ásökuninni, þar sem hún kemur úr þeirri áttinni, þar sem gróðrarstöð hringlandans og hálfvelgjunnar er.

Þá sagði sami háttv. þm. (S. S.), að fjármálaráðherrann hefði um daginn fullyrt, að hann hefði ekki drepið mann.

Jeg man nú ekki, hvernig orð mín fjellu þá, en áreiðanlega fjellu þau ekki neitt líkt því, sem háttv. þm. (S. S.) hermir. Hitt sagði jeg, að jeg mundi hafa fundið sárt til þess, ef jeg gæti á nokkurn hátt kent stjórninni um mannfall það, er var af drepsóttinni, sem geysaði hjer.

Það er síður en svo, að jeg telji það rangt, því jeg álít það blátt áfram skyldu, að álasa stjórninni fyrir það, sem hún gerir illa, en hitt er algerlega rangt, að ráðast á hana fyrir það, sem hún gerir rjett og vel. Og í sóttvarnarmálinu held jeg að enginn, sem rannsakar það, sem farið hefir fram í því máli, geti haft nokkra smáátyllu til þess að ámæla stjórninni. Enda mundu fljótt hafa heyrst háværar raddir um það úti um land alt, ef hún hefði þar til saka unnið. En jeg veit ekki til, að hún hafi verið áfeld neitt af alþjóð í því efni.

Þá sagði háttv. þm. (S. S.), að ráðherra mætti síst af öllum gefa undir fótinn með það, sem hann ætlaði ekki að standa við. Það er meira en satt.

En jeg hefi ekki heldur sagt neitt hjer, sem jeg hefi ekki staðið við, og freistingin var auk þess svo lítil fyrir mig, því málið heyrði ekki sjerstaklega undir mig.

Þá kvaðst háttv. þm. (S. S.) hafa reynt mig að lítilli orðheldni. Í því sambandi vil jeg beina til hans þeirri fyrirspurn, hvort hann geti bent á eitt einasta atriði, þar sem jeg hafi reynst óorðheldinn í hans eða annara garð. Geti hann það ekki, og takist honum ekki að finna þessum ásökunarorðum sínum stað, þá verður hann að sitja með kinnroða fyrir öllum þeim, sem hjer eru í salnum, og fyrir alþjóð.

Sigurður Stefánsson: Háttv. frsm. (M. P.) skaut því til mín að svara athugasemd háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) um brimbrjótinn í Bolungavík.

Jeg hefi ekki mikið um það mál að segja. En svo virðist, sem vinur minn, hv. 1. þm. Árn. (S. S.), tali um það atriði af litlum kunnugleik, sem bygður mun á sögnum miður áreiðanlegra manna.

Hann sló því fram, að brimbrjótur þessi lægi ekki á hentugum stað. Sömuleiðis því, að verkið hefði gengið mjög skrykkjótt.

Um staðinn er það að segja, að hann var ákveðinn af verkfræðingi landsins, Th. Krabbe, og býst jeg ekki við, að háttv. nafni minn (S. S.) nje við hinir berum betra skyn á slíka hluti en sá maður, sem sjerþekkingu hefir og gert hefir að æfistarfi sínu að sjá um slíkar framkvæmdir.

Þetta er því að eins getgáta, sögð út í bláinn.

En hinu get jeg ekki neitað, að verkið hafi gengið skrykkjótt.

En eigi það að verða til þess, að menn verði af þessum umbótum, þá tel jeg það mjög ranglátt. Þörfin er söm, þótt mistök nokkur hafi orðið á framkvæmdunum.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) getur dregið dæmi af þessu til síns eigin kjördæmis. Þar hafa einnig verið höfð með höndum mannvirki, sem mistök hafa orðið á. Jeg get mint á áveituna á Miklavatnsmýri. Háttv. þm. kannast við hana og þau mistök, sem þar hafa orðið.

Jeg segi þetta ekki til þess að álasa honum eða öðrum, heldur til að sýna fram á, að það er rangt að hefnast á þeim mönnum, sem að umbótunum eiga að búa, með því að hætta við verkið ef einhver mistök verða á.

Þá vjek háttv. þm. (S. S.) að því, að þetta mannvirki mundi aldrei koma að tilætluðum notum.

Þau orð stafa líka af hreinustu vanþekkingu, því að það er þegar farið að verða að miklum notum, og með hverjum metra, sem við er bætt, eykst gagn þess að miklum mun.

Háttv. þm. (S. S.) hefði því ekki átt að taka munninn eins fullan og hann gerði. En jeg vona nú samt, að hann hafi ekki gert það af því, að hann væri málinu mótfallinn, heldur að eins af því, að illa hefir legið á honum út af undirtektunum undir till. hans.

Sigurður Sigurðsson: Jeg vildi að eins geta þess, að það, sem jeg sagði um brimbrjótinn í Bolungavík, hefi jeg eftir mönnum, sem kunnugir eru því verki, enda hefir nú hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) kannast við flest eða alt, sem jeg sagði.

Það, sem jeg sagði um valið á staðnum, var ekki sagt til ámælis þeim, sem fyrir sagði um verkið, en hv. þm. (S. St.) veit eins vel og jeg, að þegar farið er að vinna að slíkum verkum, getur ýmislegt komið fram, sem ekki sást fyrir í fyrstu.

Um verkið get jeg auðvitað ekkert fullyrt eftir sjón eða reynd, en jeg skal bæta því við, að það, sem jeg hefi um það heyrt, var mjer sagt af mönnum, sem jeg hefi enga ástæðu til að rengja, frekar en hv. þm. N.-Ísf. (S. St.).

Matthías Ólafsson: Út af orðum háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), um bátana til landhelgisgæslu, vildi jeg segja örfá orð, af því að jeg var við það mál riðinn.

Jeg var beðinn að fara til manna, til að vita, hvort bátar væru fáanlegir, og það er satt, að lægri tilboð komu en þau, sem tekin voru. En það var auðvitað alveg rjett að binda sig ekki við að taka lægsta tilboðinu; á því gátu verið ýmsir annmarkar, bátarnir ljelegir o. s. frv. Það gat því verið og var rjett að taka hærri tilboðunum.

Jeg vísaði öllum þeim, sem með tilboð komu, til hæstv. stjórnar, en sagði þeim strax, að hún skuldbyndi sig ekki til að taka tilboðum þeirra að svo stöddu.

En eitt af þeim skilyrðum, sem sjávarútvegsnefndin og Fiskifjelagið settu, var það, að fengnir yrðu sæmilegir menn til

að rannsaka tilboðin, og var þá ekki völ betri manns en skólastjóra sjómannaskólans.

Það er að vísu rjett, að báturinn stóð í nokkru sambandi við útflutningsnefndina, því einn maður úr henni átti hlut í honum. En jeg get upplýst það, af því að mjer er það persónulega kunnugt, að hann kom alls ekki nærri því, að þessi bátur var valinn. Það, sem rjeð miklu um, að þessi bátur var valinn, en ekki aðrir, sem að vísu höfðu gert lægri tilboð, var það, að þegar var hægt að útvega ábyggilegan mann til þess að vera skipstjóri á honum, mann, sem var fullkomlega hægt að treysta, og sjá allir, að ekki var svo lítið undir því komið. Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið um útboðið, er það að vísu rjett, að tilboð kom, sem var lægra en það sem tekið var. Var hægt að fá bát fyrir 8,000 kr., en sá, sem tekinn var, kostaði 10,000 kr. En það vita líka allir menn, sem vit hafa á viðskiftum, að ekki er altaf rjett að taka það tilboðið, sem lægst er, heldur verður að líta á, hvernig menn búast við að verkið verði af höndum leyst. Þessi bátur var sá besti, sem völ var á, og var því ekki nema sjálfsagt að taka hann.

ATKVGR.

Brtt. 245,1. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 245,2. — — 15 — —
— 245,3.a. — — 15 — —
— 245,3.b. — — 16 — —
— 245,3.c. — — 16 : 1 atkv.
— 207. feld með 17 : 7 atkv.
— 267. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 245,4. — — 17 — —

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 276).

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 11. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti: Jeg legg það til, að málinu verði vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 2000) með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 276, n. 350, 351, 357).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg vænti, að ekki þurfi langa framsögu, þó um mikilsvert frv. sje að ræða. Fjárveitinganefnd hefir gert svo skýra grein fyrir brtt. sínum í nál., að fáu er við að bæta. Jeg skal geta þess nú þegar, að villa hefir slæðst inn í sjálft frv., í 8. gr. 7. tölulið. Þar stendur „við 30.“, en á að vera „við 40.“ Þetta er auðvelt að leiðrjetta í prófork.

Í nál. er tekið fram, að nánari grein muni verða gerð fyrir tveim brtt. nefndarinnar í framsögunni, nefnilega 9. lið 7. greinar, styrknum til útgáfu íslensk-danskrar orðabókar, og 7. lið 8. greinar, styrknum til brimbrjóts í Bolungarvík.

Til nánari skýringar á orðabókarstyrknum skal jeg lesa upp kafla úr umsókninni, er svo hljóðar: „Svo var gert ráð fyrir í

fyrri áætluninni, að forleggjari gæfi bókina út,legði sjálfur til15,000kr.,en fengi alt, sem á vantaði, frá þingum beggja ríkjanna. Svo átti hann að fá alt, sem inn kæmi fyrir bókina. Nú er auðsætt, að með þessu móti mundu þingin verða að greiða jafnmikla upphæð eða meiri á nýjan leik, þegar ný útgáfa yrði nauðsynleg, en mál okkar er á því þroskaskeiði nú, að þess mun varla mjög langt að bíða. Þá hugkvæmdist höfundi bókarinnar að sleppa forleggjaranum, einkum þar sem svo lítið munaði um tillag hans, og láta alt andvirði bókarinnar renna í sjóð, sem yrði á sínum tíma varið til endurbóta á bókinni og nýrrar útgáfu, að svo miklu leyti, sem hann hrykki til. Höfundur gerir helst ráð fyrir því, að stjórn sjóðsins og tilhögun öll verði ákveðin af stjórnum beggja ríkjanna í samráði við höfundinn. Hugmynd þessari var einkar vel tekið af fjárveitingavaldi Dana, og taldi það sjálfsagt, að orðabókin yrði gefin út á þennan hátt.“ Fjárveitinganefnd var sammála höf. og fjárveitingavaldi Dana um það, að heppilegt væri, að bókin gæti framvegis endurnýjað sig sjálf, án frekari kostnaðar. Þetta er orsökin til, að útgáfukostnaðurinn vex frá því, sem áætlað var og ákveðið upphaflega. Sömuleiðis „stafar hækkunin sumpart af því“, — svo jeg vitni aftur í umsóknina — „að nú er ákveðið eftir tillögum margra málsmetandi manna, sem fengist hafa við útgáfu og sölu orðabóka, að hafa upplagið helmingi stærra en áður var ráðgert, eða 3000 eintök í stað 1500.“ Einnig veldur dýrtíðin og aukin aðstoð við undirbúning handrits til prentunar miklu um kostnaðaraukann. Þessar ástæður hefir fjárveitinganefnd viðurkent og mælir með, að hækkunin sje samþykt.

Í nál. er sýnt fram á,að hækkunin á styrk til brimbrjóts í Bolungarvík mun ekki baka ríkissjóði aukin útgjöld. Till. nefndarinnar byggist á tilmælum vitamálastjóra, og eru nægilega skýrar ástæður birtar í nál.

Veigamesta brtt. er til akfærra sýsluvega, kr. 22,106.14. Þessi upphæð hefði vitanlega þurft að koma í fjárlögin, ef hún hefði ekki verið tekin upp hjer. Flestir hlutaðeigendur munu vera búnir að vinna fyrir þeim fjárhæðum, sem þeim ber úr ríkissjóði, en hafa tekið bráðabirgðalán til að geta fullnægt útborgunum. Um flesta veginа mun vera svo, að þeir koma ekki að neinum notum fyr en þeir eru fullgerðir. Jeg er einkum kunnugur í Höfnunum og veit, að vegurinn þar kemur að engum notum fyr en hann er fullgerður. Hafnamenn hafa hingað til flutt mest á sjálfum sjer, því fæstir hafa haft efni á að hafa hesta til flutninga. Nú aftur á móti, þegar vegurinn verður fullgerður, geta þeir fengið miklu ódýrari flutning á vögnum og sjer þægilegri. Virðist mjer hin brýnasta nauðsyn að flýta þessum vegi.

Símalagningarnar eru tvær. Önnur línan, frá Kiðjabergi að Borg í Grímsnesi, 8 km. langur spotti. Fjárveitinganefnd átti tal um þessa lagningu við landssímastjóra, og leit hann svo á, að ekkert væri henni til fyrirstöðu, þó hann hins vegar teldi ekki meiri þörf á þessari línu en mörgum öðrum. Ef hlutaðeigendur vildu bera sinn hluta af kostnaðinum, væri ekkert við þessu að segja. — Hin lagningin er frá Ofanleiti í Vestmannaeyjum út í Stórhöfðavita. Þá lagningu má með rjettu kalla bjargráðaráðstöfun. Vitinn stendur syðst á Eyjunum, en fiskileitirnar liggja aðallega þar suður af. Það kemur einatt fyrir, að vjelbátar lenda þar í sjávarnauðum, og er þá miklu hægra að sjá hvað slíkum bátum líður af Stórhöfðanum en frá prestssetrinu. En það kemur ekki að fullu gagni, nema hægt sje að síma athuganirnar jafnóðum niður í kaupstað. Jeg hygg því, að sú símalína þurfi ekki frekari meðmæla við.

Þá er 2000 króna launaviðbót handa hinum smærri vitavörðum, sem engrar dýrtíðaruppbótar hafa notið. Sú tillaga á rót sína að rekja til þess, að vitamálastjóri tjáði nefndinni, að þessir menn myndu ef til vill segja starfi sínu lausu, ef þeir fengju ekki nokkra aukaþóknun. Nefndinni skildist, að ekki yrði gott til ráða, ef þessir vitaverðir segðu af sjer, því svo er um marga smávitana, að þeirra er ekki hægt að gæta nema frá næstu stöðum. Leggur nefndin því til, að þessi 2000 kr. aukaþóknun verði samþykt.

Að því er snertir styrkveitingar, er nefndin ber fram, vísa jeg til nál.

Brtt. hefir komið fram frá háttv. þm. Snæf. (H. St.) um dýrtíðaruppbót handa dýralæknum. Tillagan er komin fram eftir að nefndin lauk störfum, og hefir hún ekki getað átt fund um hana. Eru því nefndarmenn óbundnir gagnvart þessari brtt. Hins vegar vildi nefndin ekki taka upp þessa till., þar sem þessir læknar eru ekki bundnir við neinn taxta, eins og aðrir læknar. Öðrum læknum var veitt uppbót af aukatekjum þeirra vegna þess, að taxti þeirra þótti lágr, en menn vildu hins vegar ekki hækka hann.

Jeg sje ekki ástæðu til að tefja deildina með lengri ræðu, en vona, að hún taki brtt. fjárveitinganefndar vel.

Halldór Steinsson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þessa litlu brtt., sem jeg flyt. Á síðasta þingi var samþykt að veita hjeraðslæknum dýrtíðaruppbót af aukatekjum þeirra, og mun það hafa verið meira af gleymsku en öðrum ástæðum, að dýralæknar urðu út undan. Kjör þeirra eru svipuð. Launin eru hin sömu og aukatekjurnar áþekkar.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) benti á, að þeir hefðu óbundar hendur um borgun fyrir verk sín. En öll aðalpraxis þeirra, sem er kjötskoðunin og hrossaeftirlit, fer eftir fastsettum taxta. Hafa dýralæknar því flest sömu skilyrði til að fá dýrtíðaruppbót sem hjeraðslæknar. Uppbótin er áætluð svo lág, að hv. deild mun varla geta haft á móti henni frá því sjónarmiði. 1500 kr. væri hægt að skifta svo, að 3 dýralæknar fengju 400 krónur hver, og sá fjórði, sem skemst hefir þjónað, 300 kr. Jeg vona, að hv. deild fallist á sanngirni þessarar till.

Guðmundur Ólafsson: Það eru að eins örfá atriði, sem jeg ætla að minnast dálítið á. Háttv. frsm. (E. P.) mælti mjög með símalínu frá Kiðjabergi að Borg í Grímsnesi: kvað hann línu þessa afarnauðsynlega, og má vel vera að svo sje. En mjer þykir undarlegt, að einmitt þessi lína skuli vera tekin, því jeg veit ekki betur en að fyrir hv. Nd. liggi þingsál.till. um að veita fje til rannsóknar á þessari línu. Finst mjer rjettara, að rannsóknin fari fram áður en fje er veitt til að leggja línuna. Vona jeg, að háttv. frsm. (E. P.) gefi betri upplýsingar um þetta atriði; ella mun jeg að minsta kosti ekki geta greitt atkv. með því.

Aftur á móti skil jeg vel, að símaspottinn til Vestmannaeyja muni vera nauðsynlegur. Sömuleiðis skil jeg, að bæta þurfi kaup vitavarða, ef þeir ætla að segja af sjer, en á hinn bóginn býst jeg varla við, að þar fylgi mikil alvara máli.

Þá er styrkveitingin til Trausta Ólafssonar. Mjer er sagt, að það sje ágætismaður, og er gott, ef þar er rjett frá skýrt; jeg veit, að þörf er á efnafræðingi, en jeg vildi gjarnan fá upplýsingar um, hvort ekki eru fleiri menn hjerlendir við efnafræðisnám nú. Mig minnir, að jeg hafi eitthvað heyrt um það.

Magnús Torfason: Jeg er sammála hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) um lagningu símalínunnar til Grímsness. Þykir mjer styrkveitingin nokkuð há, er borið er saman við önnur hjeruð, sem sjálf hafa orðið að

kosta síma til sín að mestu leyti, en landssjóður síðan stórgrætt á.

Þá ætla jeg að minnast dálítið á styrkinn til Sigfúsar Einarssonar, vegna þess, að mjer finst umsögn nefndarinnar gefa tilefni til þess. Í nefndarálitinu stendur, að þessi styrkur eigi að veitast til þess, að hann geti farið utan til að nema „til nokkurrar hlítar organslátt". Get jeg eigi gert að því, að mjer finst nokkuð skrítið, að maður, sem er kominn á fimtugsaldur og haft hefir söngkenslu að einkastarfi, skuli þurfa að fara utan til að læra organslátt „til nokkurrr hlítar". Það lítur helst út fyrir, að engin „hlít" sje á þessari ment hans. Get jeg ekki sjeð, að til neins sje að senda hann, úr því hann hefir ekki getað lært til neinnar hlítar enn. Kirkjusöng hjelt jeg líka að hann gæti lært af söngbókum, án þess að fara utan. Auk þess heyri jeg sagt, að sönglíf sje hjer með daufasta móti nú, og áreiðanlega er það daufara en í fásinninu fyrir svo sem 25 árum.

Jeg get því ekki fallist á þessa tillögu að svo stöddu. Finst mjer mál þetta geta beðið betri athugunar og eiga að geymast til fjárlaganna.

Jeg get heldur ekki fallist á brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.), um dýrtíðaruppbót handa dýralæknum. Það er vitanlegt, að margir embættismenn hafa ekki fengið neina uppbót á aukatekjum sínum. Hjá sumum hefir þvert á móti verið skorið af þeim. Get jeg í því sambandi getið þess, að áður fyr hafði jeg í aukatekjur af tollum og skipagjöldum fullar 2000 kr., en nú hefir því verið breytt þannig, að mjer eru borgaðar 600 kr. sem einskonar endurgjald fyrir þessa tekjur.

Dýralæknar hafa yfirleitt feit og náðug embætti. Þeir hafa miklar tekjur af hrossaskoðun og fjárskoðun og fá oft mikið fje fyrir litla sem enga fyrirhöfn. Þar að auki segja menn, að sumir þeirra hafi ekki svo litlar aukatekjur af að gefa svo kölluð „tuddarecept". Finst mjer ekki ástæða til, að landssjóður bæti þau upp á nokkurn hátt.

Frsm. (Eggert Pálsson): Tveir háttv. þm. hafa gert athugasemdir við fjáraukatillögur nefndarinnar. Hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) fann að þremur af liðunum, fjárveitingunni til símalínu upp að Borg í Grímsnesi, launaviðbót vitavarða og fjárveitingunni til Trausta Ólafssonar.

Hvað snertir línuna að Borg í Grímsnesi, skal jeg geta þess, að tillagan er fram komin með samþykki landssímastjóra. En að nefndin rjeðst í að taka hana upp stafaði af því, að henni var kunnugt um, að hjer var brýn þörf fyrir hendi. Hjer er um stórt hjerað að ræða, þar sem er allur efri hluti Árnessýslu, sem ekkert símasamband hefir. Kiðjaberg liggur neðst í odda Grímsness. Er mjög erfitt að ná þangað frá mestum hluta Grímsness, þar með talinn Laugadalur, Biskupstungum og ef til vill Ytri-Hrepp. En enn þá erfiðara er að leita til annara símstöðva, t. d. Þjórsárbrúar, sem er önnur sú næsta. Spotti sá, sem hjer er um að ræða, mundi mjög bæta úr ástandinu í Laugardal, Biskupstungum og sennilega að einhverju leyti Ytri-Hrepp, í þessum efnum, þó langt sje frá, að gott yrði. En meiningin er auðvitað að lengja línuna síðar upp í gegnum Grímsnesið, Biskupstungur og alla leið upp til Geysis. Það, sem hjer er farið fram á, er eingöngu byrjunin.

Hvað snertir athugasemdina út af vitavörðunum, get jeg verið stuttorður, og það því fremur, sem hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) játaði, að í óefni væri komið, ef vitaverðir legðu niður stöður sínar. En það er hverjum manni augljóst, að það er ekki nein stóráhætta fyrir þá að sleppa

þessum stöðum, er þeir fá 100—200 kr. þóknun fyrir, en hins vegar gæti það komið sjer allóþægilega fyrir ríkissjóð, er ber skylda til að sjá um, að vitarnir komi að notum.

Hvað viðvíkur styrkveitingunni til Trausta Ólafssonar, skal þess getið, að maðurinn, sem hjer á hlut að máli, er talinn sjerstaklega efnilegur. Hann hefir hlotið ágætiseinkunn við fyrri hlutann, og búast má við, að hann ljúki námi á 1½ ári hjeðan í frá. En eins og allir vita, er hjer brýn þörf á efnafræðingi. Nefndin vildi því veita þessum manni styrk, af því að hún áleit, að hann væri lengst kominn áleiðis og væri sá efnilegasti maður, sem við ættum völ á í þessa stöðu.

Þá skal jeg minnast á styrkveitinguna til Sigfúsar Einarssonar, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) andmælti. Nefndin leit svo á, að þessi maður væri mesti og besti söngfræðingur okkar nú sem stæði. Hann er nú í stöðu, sem hann varla verður hrakinn úr, meðan líf hans og heilsa endist. En meðan hann gegnir þeirri stöðu, er áríðandi, að hann sje starfi sínu sem best vaxinn. En þar sem áreiðanlegt er, að maðurinn hefir ágæta hæfileika til að bera, get jeg eigi skilið, að honum sje svo aftur farið, að hann geti eigi bætt við sig, þótt hann sje dálítið farinn að eldast. Um orðalagið í nefndarálitinu hjer að lútandi skal jeg geta þess, að það er beint tekið eftir orðalaginu í umsókn mannsins sjálfs, og get jeg ekki skilið, að það geti hneykslað nokkurn. Þar sem hann segir „til nokkurrar hlítar", á hann auðvitað við, að hann eigi geri sjer von um að verða jafnsnjall bestu mönnum í þessari list. Er auðvitað, að maðurinn er orðinn það roskinn, að hann getur eigi búist við að jafnast á við heimssnillingana í þessari ment, og get jeg ekki sjeð, að honum sje minkun í að játa það.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að dauft hefði verið yfir söngllífi þessa bæjar síðustu árin. Hygg jeg, að Sigfús Einarsson finni enn betur til þessa en hv. þm. Ísaf. (M. T.), og er tilgangur hans með ferðinni auðvitað meðfram sá, að koma söngllífi bæjarins í betra horf.

Jeg hygg, að ekki muni betra að senda einhvern ókunnan mann heldur en einmitt þennan, sem þektur er að góðu. Að hann eigi er fremri í þessari ment stafar ekki af hæfileikaskorti, heldur af því, að hann upprunalega stundaði ekki organleik, heldur pianospil. En þegar Brynjólfur Þorlákssson vjek burtu, var ekki völ á nokkrum líkt því eins hæfum manni í hans stað eins og þessum manni. Jeg er því ekki í nokkrum vafa um, að fjárveiting þessi mundi margborga sig.

Jeg skal eigi fara frekari orðum um dýrtíðaruppbótina handa dýralæknum. Jeg tók fram áðan, að nefndin legði ekki neina sjerstaka áherslu á það atriði.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það eru ekki mörg atriði, sem jeg ætla að minnast á; en í sambandi við símalínuna að Borg í Grímsnesi vil jeg benda á, að það liggja fyrir till. til þingsál. um rannsókn 6 símaleiða, og iðulega koma umsóknir til stjórnarráðsins um nýjar og nýjar rannsóknir. Það, sem mjer finst aðalatriðið, er að fjölga þráðum á aðallínunum sem allra fyrst, og þar næst að athuga, hvar mest er þörfin fyrir aukalínur. Þessi spotti, sem hjer er um að ræða, finst mjer alls ekki í fremstu röð. Virðist mjer langtum fremur þörf á línu til Kálfshamarsvíkur, og frá Þórshöfn að Skálum, en samt mun jeg eigi greiða atkvæði móti þessari grein, því mjer er kunnugt, að þarna er einnig töluverð þörf fyrir hendi. Aftur á móti vil jeg eindregið mæla með símalínunni að Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Stjórninni hafa borist erindi um þetta mál, og hefir hún lofað fylgi sínu. Eins og hv. þm. Vestm. (K. E.) tók fram, getur þessi spotti

stórum stuðlað að því, að ljósta upp um ólöglegar veiðar í landhelgi, og gæti farið svo, að þessi sími margborgaði sig á þann hátt.

Eins vil jeg mæla með styrkveitingunni til Trausta Ólafssonar. Hann er kominn langt áleiðis með nám sitt, og hjer vantar tilfinnanlega efnafræðing á rannsóknarstofuna. Út úr vandræðum hafa menn orðið að fela stöðuna manni, sem ekki er fær um að gegna henni nema að nokkru leyti. Hefir hann sjálfur einmitt bent á Trausta, sem hæfastan mann í stöðuna. Það hefir verið mikið talað hjer um auðæfi landsins, bæði hvað snertir steinaríkið og ræktunarskilyrði landsins, frjóefni vatnsfalla o. fl. En til rannsókna á þessu útheimtist einmitt vel hæfur efnafræðingur; ella verður að senda öll sýnishorn til útlanda.

Hvað snertir till. um dýrtíðaruppbót handa dýralæknum, skal jeg geta þess, að dýralæknar hafa fremur lítil laun, en oft mikið ónæði og kvabb fyrir litla sem enga borgun. Mun jeg því greiða atkvæði með uppbótinni.

Guðmundur Ólafsson: Jeg vil að eins vekja athygli á því, að athugasemd mín um línuna að Borg í Grímsnesi ber eigi að skilja svo, sem jeg sje á móti, að spotti þessi verði lagður. Jeg veit, að þarna er stór sveit að baki, og útlit fyrir, að eigi hljótist tap af. En jeg verð að leggja áherslu á, að ekki er búið að afgreiða þingsál.till. háttv. þm. Árn., og leiðin er því ekki fastákveðin nje rannsökuð til hlítar.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg skal geta þess, að þingsál.till. á þgskj. 119 kemur ekki í bág við þetta mál. Það hefir enginn ágreiningur verið um að leggja línuna frá Kiðjabergi um Borg að Torfastöðum, en álitamál hefir þótt, hvort ætti að leggja línuna þaðan upp í Hreppa, eða frá Þjórsárbrú þangað. Það er til kostnaðaráætlun um línuna frá Kiðjabergi um Borg og að Torfastöðum, svo óþarft er að rannsaka hana.

Umr. lokið.

ATKVGR.

1. gr., með þeim breytingum, er á verða hinum gr. frv., samþ. með 12 shlj. atkv

2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 351,1.a. samþ. án atkvgr.
— 351,1.b. — með 13 shlj. atkv.
— 351,1.c. — — 7 : 2 atkv.
— 351,1.d. — — 13 shlj. atkv.
— 351,1.e. — — 11 — —

5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 351,2.a. samþ. með 9 shlj. atkv
— 351,2.b. — — 10 — —
— 351,2.c. — — 9 : 2 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 357. feld með 7 : 5 atkv.

Forseti: Þetta er afl atkv., þar sem hæstv. fjármálaráðherra er ekki við.

Fjármálaráðherra (S. E.) (kemur úr Nd.): Jeg vildi fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann frestaði atkvgr., þar til jeg get verið við hana.

Forseti: Atkvgr. er þegar langt komin, auk þess sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) er þingmaður hv. efri deildar Alþingis, og ber því að vera við atkvgr. hjer.

Atkvgr. verður því haldið áfram.

Fjármálaráðherra (S. E.): Fjármálaráðherrann er fjármálaráðherra alls landsins, og verður að ákveða sjálfur, hvar hans er mest þörf í þinginu. (Um leið og hann gengur inn í ráðherraherbergið): Þessu hafði jeg ekki búist við úr forsetasæti.

FRH. ATKVGR.
Brtt. 351,3. samþ. með 9 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 351,4. samþ. með 10 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

10.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Forseti: Jeg vil láta þess getið í eitt skifti fyrir öll, að þegar þeir hæstv. ráðherrar, sem sæti eiga í þessari hv. deild, þurfa að vera viðstaddir umr. um eitthvert mál í hv. Nd., álít jeg, að hv. Nd. eigi að fresta því máli, svo þeir geti verið við atkvgr. hjer, og þannig gegnt skyldu sinni, en ekki hv. Ed.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil taka það fram, að þegar svo stendur á, að ráðherrar, sem sæti eiga í þessari hv. deild, eru staddir í Nd. og vita eigi hvernig málum líður hjer, þá vænti jeg þess, að hæstv. forseti láti þá vita, þegar atkvgr. eru um mikilvæg mál hjer í deildinni.

Forseti: Það hefi jeg verið vanur að gera, þegar svo hefir staðið á. En hitt held jeg fast við.

Á 34. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 382).

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg gat því miður ekki verið viðstaddur aðra umr. þessa máls, en finn samt sem áður ekki ástæðu til þess að halda langa ræðu. Jeg vil að eins leyfa mjer að vekja athygli hv. deildar á þeirri aukningu tekjuhallans, sem orðið hefir á frv. við meðferð þess í báðum deildum — en hann er um 200 þús. kr.

Jeg get þessa hjer að eins til þess að undirstrika það, að ekki muni veita af þeim tekjuaukum, sem till. hafa komið fram um — og það jafnvel þó að fleiri væru og meiri.

Um eitt atriði frv. vildi jeg þó geta sjerstaklega — og þá einkum til þess, að láta í ljós þakklæti mitt við háttv. deild fyrir leyfið, sem veitt hefir verið til þess, að landssjóður mætti ábyrgjast lánveitingu til rafveitu Reykjavíkur. Ástæðan til þessarar ábyrgðar — sem jeg tel áreiðanlegt að verði hjer endanlega samþykt — er sú, að útlendir bankar veittu lánið með því skilyrði að eins, að landssjóður ábyrgðist það fyrir 1. jan síðastl.

Jafnvel þó að stjórnin hafi ekkert getað um það dæmt, hvernig fyrirtæki þetta væri í sjálfu sjer, taldi hún þó sjálfsagt að taka á sig ábyrgðina, því ef hún hefði ekki gert það, hefði það skaðað lánstraust ríkisins út á við, er sjálfur höfuðstaðurinn nyti ekki þess trausts ríkissjóðsins, að hann vildi taka á sig þessa ábyrgð.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 421).

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 421, n. 532, 427, 543).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg þarf ekki að tefja háttv. deild lengi. Fjárveitinganefnd hefir komið sjer saman um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og háttv. Ed. hefir gengið frá því. Gjöldin hafa aukist í háttv. Ed. um ca. 54 þús. Samt er engin sú breyting, sem hv. Ed. hefir gert á frv., þannig, að nefndin vilji hennar vegna leggja til, að gerðar sjeu brtt. við það. Við viljum ekki skapa ágreining milli deilda um smávægileg atriði, því að lítill sparnaður væri í því, að þvæla málið svo á milli deilda, að aukning þingkostnaðarins næmi meiru en upphæðirnar, sem þráttað væri um.

Viðvíkjandi þeim 2 brtt., sem fram hafa komið, skal jeg taka það fram, að nefndin leggur á móti þeim. Það segir sig sjálft, því hún vill samþ. frv. óbreytt.

Viðvíkjandi utanfararstyrk til Sigfúsar Einarssonar mætti virðast, sem nefndin hefði ekki viljað fallast á hann, vegna þess, að hún tók það ekki upp þegar hún hafði málið til meðferðar. En nefndin athugaði þetta atriði, og það var ekki af því, að hún væri á móti því í sjálfu sjer, að hún mælti ekki fram með því þá, heldur vegna þess, að hún ætlaðist til, að málið biði til fjárlaganna. En háttv. Ed. hefir viljað hraða því meir, og væri þýðingarlaust að gera það að ágreiningi, þegar upphæðin yrði hvort sem er tekin upp í fjárlögin nú.

Þá er brtt. á þgskj. 427, um uppbót á aukatekjum dýralækna. Nefndin hefir ekki getað fallist á hana, enda væri það að hlaupa í kapp við háttv. Ed., því að samskonar till. hefir verið feld þar.

Jeg skal geta þess, að það, sem fyrst og fremst mælir á móti brtt. háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), er að eigi er unt fyrir landsstjórnina að ákveða dýralæknunum dýrtíðaruppbót á aukatekjum þeirra, þar sem þeir hafa engan lögákveðinn taxta til að fara eftir.

Pjetur Ottesen: Jeg skal leyfa mjer að fara nokkrum orðum um brtt. á þgskj. 543.

Háttv. frsm. (M. P.) gat þess, að legið hefði fyrir háttv. nefnd erindi frá Sigfúsi söngkennara Einarssyni frá 15. júlí þ. á., og að í því hafi hann sótt um utanfararstyrk til dvalar í Þýskalandi, 3000 kr.

Jeg hafði ætlað, alt þangað til háttv. frsm. (M. P.) gaf þessar upplýsingar, að háttv. fjárveitinganefnd hefði stungið beiðni þessari undir stól og ætlaði ekki að sinna henni. Mundi jeg ekkert hafa haft að athuga við það, þótt svo hefði verið. En nú heyri jeg, að háttv. nefnd hafi ætlað að taka fjárveitinguna upp í fjárlögin. En nú hefir háttv. Ed. sett þessa fjárveitingu í fjáraukalögin og marið henni þar í gegn með örlitlum atkvæðamun. Um utanfararstyrki yfir höfuð er það að segja, að það er ekki nema eðlilegt og rjett að veita fátækum, ungum og efnilegum mönnum styrk til þess að þroska gáfur sínar og hæfileika erlendis, þegar þær sýnast góðar, ekki síst ef þær virðast stefna sjerstaklega í einhverja ákveðna átt, hvort heldur er til söngnáms eða annars. Enda hafa slíkir styrkir oft verið veittir og á stundum orðið að miklu gagni og sóma fyrir landið. Hitt má eigi furða, þótt slíkir styrkir hafi eigi jefnan verið nógir; við höfum þar orðið að sníða okkur stakk eftir vexti.

En hjer er alt öðru máli að gegna. Hjer á hlut að máli maður, kominn á fimtugs-

aldur, maður, sem um langan aldur hefir lagt stund á fræðigrein sína, og má því ætla, að hann sje kominn svo langt á veg í því efni, sem honum muni verða auðið að ná. Það verður ekki heldur sagt, að þinginu hafi farist illa við mann þennan að undanförnu, því að síðan 1907 mun honum hafa verið veittur 1200 kr. árlegur styrkur í fjárlögunum, — mun reyndar nú ekki vera nema 1100 krónur. Það er því fjarri því, að hann hafi verið olnbogabarn, borinn saman við ýmsa aðra. Mjer liggur við að líta svo á, að styrkurinn sje fremur veittur til þess, að lofa manninum að lyfta sjer upp, en til þess, að hann framist í list sinni. Jeg hygg því, að hjer sje gengið inn á varúðarverða braut, ekki síst þegar tekið er tillit til þess, hvernig fjárhagurinn stendur nú. Jeg hefi því komið með brtt. um að fella styrk þennan algerlega niður, ekki einungis úr fjáraukalögunum, heldur ætlast jeg til, að hann sje ekki tekinn upp í fjárlögin. Við eigum líka fleiri menn, sem sýnt hafa mikinn áhuga á að kenna söng og útbreiða söglist, svo sem Magnús Einarsson á Akureyri og fleiri. Magnús hefir kent söng í Norðurlandi um fjölda ára og notið lítils styrks fyrir, 300 kr. á ári nú upp á síðkastið. Ef taka ætti alla slíka menn og styrkja þá til utanfarar á gamals aldri, þá gæti það orðið æðistór fúlga, en árangurinn af styrkveitingunum meira en tvísýnn. Það er nær að veita þeim viðurkenningu á annan hátt, ef þörf þykir.

Fjármálaráðherra (S. E.): Gjaldaupphæðin í frv. þessu hefir hækkað um 173,000 kr. síðan það fór frá stjórninni, eða þó í raun og veru um rúmar 200,000 kr., þegar að því er gætt, að 30 þús. kr. til brúar á Norðurá, sem felt er úr frv., verður tekið upp í fjárlagafrv.

Það var þó aðallega brtt. um dýrtíðaruppbótina handa dýralæknunum, sem jeg ætlaði að minnast á. Jeg er því í sjálfu sjer hlyntur, að dýralæknarnir fái uppbót þessa, því að það er sanngjarnt. En málið fjekk ekki fylgi í háttv. Ed., og eftir öllum atvikum álít jeg ekki rjett að flækja frv. milli deildanna vegna þessa atriðis, þótt jeg hafi talið sanngjarnt, að það væri tekið til greina.

Þorsteinn Jónsson: Eins og kunnugt er, samþykti þingið 1918 dýrtíðaruppbót handa læknum, 60% af aukatekjum þeirra. Tilefni til þessa var það, að læknar höfðu farið fram á, að þingið hækkaði taxta þeirra fyrir læknisstörf um 100%. Þessi háttv. deild vildi ekki ganga að því, en lagði til, að öllum læknum, jafnt mannalæknum sem dýra, skyldi veitt 500 kr. uppbót hverjum af launum þeirra. Hv. Ed. vildi ekki fallast á þetta, en bar fram till. um að veita mannalæknum 60% dýrtíðaruppbót af aukatekjum þeirra.

Neðri deild sá sjer ekki annað fært en að samþykkja málið eins og það kom frá háttv. Ed., þótt henni væri það ljóst, hvílíkum misrjetti dýralæknarnir voru beittir, og þótt það lægi í augum uppi, að þeir mundu una lítt við þessi málalok.

Sú er og reyndin á orðin, eins og við mátti búast. Nú hafa dýralæknarnir ritað þinginu og fara fram á, að þeir fái jafnháa dýrtíðaruppbót af aukatekjum fyrir árin 1918 og 1919 eins og aðrir læknar. Ástæðan er auðsæ. Þeim finst sjer gert lægra undir höfði en mannalæknunum, þar sem hvorirtveggja hafa jöfn fastalaun, og því finst þeim sjálfsagt, að þeir eigi rjett á að fá sömu dýrtíðaruppbót af aukatekjum sínum sem mannalæknarnir.

Um rekstur embættanna er það að segja, að dýralæknaembættin munu vera erfiðari en mannalækna, því að hver dýralæknir hefir miklu stærra svæði til yfirsóknar en nokkur mannalæknir.

Það hefir verið tekið fram sem ástæða

gegn því, að dýralæknar fengju dýrtíðaruppbót af aukatekjum, að þeir hefðu engan lögboðinn taxta til að fara eftir við læknisstörf sín. Þetta er að sumu leyti rjett, en þó eigi alls kostar. Þeir munu hafa fastákveðinn ferðataxta fyrir kjötskoðun og ferðir. En fyrir einstök læknisverk hafa þeir ekki ákveðinn taxta, en auðvitað hlýtur hann að skapast að mestu leyti af sjálfu sjer, og getur aldrei orðið mjög hár, því að fáir mundu sækja dýralækni, ef þeir þyrftu að borga honum mikinn hluta af gripsverðinu fyrir að skoða gripinn. Dýralæknarnir geta því aldrei heimtað mjög háa borgun fyrir læknisstörf sín.

Þessi brtt. fer ekki eins langt eins og dýralæknarnir æsktu. Að vísu er mjer ekki kunnugt, hve miklar aukatekjur þeirra muni vera. En svo miklar munu þær þó vera, að 12—1600 kr. uppbót á þeim mun ekki nema meiru en um 30% dýrtíðaruppbót á aukatekjunum.

Ef ekki er fallist á þessa till., væri ekki ólíklegt, að dýralæknarnir skoðuðu það sem bendingu frá þinginu um, að því væri ekki sjerlega ant um, að þeir hjeldu áfram starfi sínu, eða að minsta kosti bending til þeirra um að hækka lækningataxtann. En slíkt er óheppilegt, og eins og jeg gat um áðan, allerfitt. Enda hefir þingið sýnt það með undirtektum sínum hvað laun mannalækna snertir, að það er á móti því, að taxti þeirra verði hækkaður, en vill, að laun þeirra sjeu að sem mestu leyti greidd úr ríkissjóði. Það kendi því ósamræmis hjá þinginu, ef það færi nú sama sem að segja dýralæknunum að hækka taxta þeirra. Ef deildin hins vegar ætlast til, að þeir haldi sama taxta sem áður, þá verða þeir vitanlega fyrir misrjetti.

Brtt. svipuð þessari var borin fram í hv. Ed., en feld þar með litlum atkvæðamun. Þótt háttv. Ed. hafi gert sig seka um ranglæti, er hún feldi brtt., ætti þessi hv. deild að forðast að gera hið sama. Það er skylda hennar að bæta úr yfirsjón systurdeildarinnar. Og þótt fjáraukalögin þyrftu að ganga aftur til háttv. Ed. fyrir þá sök, þá er þeim engin hætta búin af því.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Hv. þm. Borgf. (P. O.) færði það sem ástæðu fyrir till. sinni, að styrkþegi sá, sem hjer ræðir um, sje orðinn of gamall til þess að geta haft not af styrknum. Þetta finst mjer undarleg röksemdaleiðsla. Eftir því ætti ekki að veita t. d. háskólakennurum neinn styrk til utanfarar, til þess að framast í greinum sínum, ef þeir væru komnir á fimtugsaldur. Þó er það talið sjálfsagt bæði hjer og annarstaðar, að þeir fari slíkar ferðir, og jafnsjálfsagt að þeir geti haft gagn af ferðunum, þótt rosknir sjeu orðnir. Sama er að segja um lækna. Ættu þeir þó eftir kenningu háttv. þm. (P. O.) að vera orðnir fullnuma í list sinni þegar þeir hefðu lokið embættisprófi. En sannleikurinn er sá, og við það veit jeg að hv. þm. (P. O.) muni kannast, að á hverju sviði sem er geta menn sí og æ bætt við mentun sína og þekkingu; þeir verða aldrei fullnuma.

Háttv. þm. (P. O.) gerði ráð fyrir, að maður þessi ætlaði sjer að fá styrkinn til að lyfta sjer upp fyrir hann. Þetta er út í bláinn sagt af háttv. þm. (P. O.), því að í umsókninni um styrkinn er gerð grein fyrir, til hvers honum skuli varið. Kveðst umsækjandi ætla að verja styrknum til að kynna sjer kirkjusöng í Þýskalandi, afla sjer frekari þekkingar í orgelspili, og til þess að búa sig undir að gefa út íslensk úrvalslög.

Það er satt og rjett, að hvorki jeg nje háttv. þm. (P. O.) munum hafa vit á að dæma um hæfileika mannsins. En þar hef-

ir nefndin farið eftir meðmælum þeirra, er skyn bera á. Umsókninni fylgja meðmæli frá söngfræðingi Páli Ísólfssyni, sem kendi umsækjanda um þriggja mánaða tíma. Segir hann umsækjanda hafa sjerstaka gáfu á sínum sviðum, sem ekki hæfi að leggja á hilluna eða geyma á kistubotni. Þá er og þess að gæta, að maður þessi á að kenna orgelspil hjer á landi og undirbúa orgelleikara landsins undir starf þeirra. Hann er að þessu leyti sambærilegur við háskólakennarana.

Til þess að fjölyrða ekki um málið skal jeg leyfa mjer að lesa upp síðustu setninguna úr nál. háttv. Ed.:

> „Og því fremur ætti Alþingi að vera ljúft að snúast vel við þessari styrkbeiðni, sem fortíð þessa manns gefur tryggingu fyrir því, að honum muni auðnast, ef líf og heilsa endist, að gera þær krónur, sem til þessara útgjalda ganga, fullkomlega arðberandi fyrir þjóðfjelagið."

Þá kem jeg að till. um uppbót á aukatekjum dýralæknanna. Þetta er vandræðamál, og erfitt að gera samanburð á dýralæknum og mannalæknum. Ef háttv. flm. till. (Þorst. J.) hefði viljað gera dýralæknunum jafnhátt undir höfði og mannalæknunum, þá hefði hann átt að fara fram á, að dýralæknarnir fengju 60% uppbót af lögbundnum aukatekjum þeirra, en ekki öllum aukatekjunum; í því væri samræmi.

Háttv. þm. (Þorst. J.) mintist á kjötskoðun læknanna og virtist ætlast til, að dýralæknarnir fengju dýrtíðaruppbót úr landssjóði á tekjunum af henni. Þessu er jeg alveg mótfallinn. Það eru fleiri kjötskoðunarmenn í landinu en dýralæknarnir; mannalæknarnir sumir eru líka kjötskoðunarmenn, og jeg veit, að stjórnin hefir verið því alveg mótfallin, að þeir fengju uppbót á borguninni fyrir kjötskoðun þeirra, því að hún kæmi ekki landssjóði við. Auk þess veit jeg, að sumir kjötskoðunarmennirnir hafa fengið uppbót á kjötskoðuninni hjá þeim, sem hafa látið framkvæma hana, þannig, að þeir hafa fengið hærri borgun fyrir skoðunina en áður, og það er líka dýrtíðaruppbót.

Mjer finst rjett, að háttv. flm. (Þorst. J.) taki samkvæmt þessu aftur till. sína, en reyni að koma því inn í fjárlögin, að dýralæknunum verði greidd 60% uppbót á lögákveðnum aukatekjum þeirra.

Háttv. flm. (Þorst. J.) sagði, að það væri sama sem að gefa dýralæknunum undir fótinn með að hækka taxta þeirra, að neita þeim um alla dýrtíðaruppbót. En það er ekki í samræmi við það, sem hv. þm. (Þorst. J.) sagði áður, að þeir mundu ekki geta hækkað taxtann, því að þá mundi þeirra lítið verða vitjað. (*Þorst. J.*: Jeg taldi þeim það erfitt).

Pjetur Ottesen: Brtt. mín hefir mætt allmiklum andblæstri hjá háttv. frsm. (M. P.), og má gera ráð fyrir, að hann tali þar fyrir hönd fjárveitinganefndarinnar. Hann bar mann þennan og styrkinn til hans saman við utanfararstyrk til lækna og háskólakennara. Má vera, að þar svipi nokkuð saman, en jafnt er þó eigi á komið með þeim. Það er hreinasti misskilningur hjá háttv. frsm. (M. P.).

Seinasta vopnið, sem háttv. frsm. (M. P.) beitti, var að hann las upp úr nál. hv. Ed. dóm nefndarinnar þar um manninn. En í sambandi við það tek jeg fram, að háttv. þm. (M. P.) tók það jafnframt fram, að hvorugur okkar væri fær til að dæma um mann þennan. En honum finst þó sjálfsagt, eftir því sem orð hans fjellu, að háttv. Ed. sje fær til þess. En jeg vil nú samt gera ráð fyrir, að hún standi svipað að vígi og við með að fella dóm sinn, og þá ætti ekki að vera byggjandi mjög mikið á honum. Ef við verðum svo örlátir, að veita styrk þennan, þá megum við eiga

von á, að Magnús söngfræðingur Einarsson og fleiri muni á eftir koma með samskonar, og jeg efast ekki um, að þeir mundu geta fengið meðmæli sjerfræðinga í þessari grein. Þeir gætu t. d. myndað nokkurskonar samábyrgð með sjer og mælt hver með öðrum. Ættum við þá erfitt með að synja þeim um samskonar styrk, ef þetta er á undan gengið.

Bjarni Jónsson: Jeg ætlaði ekki að lengja umræðurnar út af till. háttv. þm. Borgf. (P. O.), en eigi er auðgert að láta hana þegjandi fram hjá sjer fara, þegar háttv þm. (P. O.) gefur það í skyn, að Sigfús Einarsson hafi sníkt sjer út meðmæli, sem lítið sje á að byggja. Við, sem þekkjum verk þessa manns, gáfnalag hans og kostgæfni, við þurfum engin vottorð nje meðmæli; lagasmíð hans út af fyrir sig ætti að vera honum næg meðmæli. Það ætti að vera öllum ljóst. að það er minst gert fyrir manninn sjálfan að veita honum styrkinn, það er gert fyrir landið, því hann á að vera leiðtogi þess alls í söng og hljóðfæraslætti. Og undarlegt er að halda, að hann geti gegnt þessu starfi til hlítar með því að sitja altaf kyr hjer úti á heimsenda í þokunni og kuldanum, og heyra ekki nema til sjálfs sín og þeirra, sem hann á að vera að kenna. Það er lífsnauðsyn fyrir mann sem hann að geta við og við brugðið sjer að heiman, hitt aðra starfsbræður sína, kynt sjer hvað þeir kenna og hvernig, rætt við þá, sem skyn bera á og reynslu hafa, um áhugamál sín og fengið sjer við það sálarhressing.

Það væri fróðlegt og sæmdarauki, eða hitt þó heldur, að láta það berast til annara þjóða, að sjálfsagt þyki að láta gleðigjafa heils lands sitja einangraðan í myrkri og þoku.

En hitt er víst, að þeim, sem slíkum störfum gegna, hvort sem um er að ræða listir, þekkingu eða vísindi, þeim er það lífsnauðsyn að ljetta sjer upp og komast út í heiminn, til þess að kynna sjer, hvernig menn fara þar að í þessum sökum. Auk þess þurfa þeir þess með til þess, að leita sálu sinni hressingar og vakningar.

En sjálfsagt þarf jeg ekki að vera að telja þetta upp; það hlýtur alt að vera svo kunnugt háttv. þm., þessum mönnum, sem bera á herðum sjer framtíð landsins sem fullvalda ríkis, sóma þess og velferð í bráð og lengd.

En það var annað atriði líka, sem mjer þótti undarlegt í ræðu háttv. þm. (P. O.). Það var, að Sigfús Einarsson væri orðinn of gamall til þess, að geta haft not af utanför þessari; hann gæti ekki fyrir aldurssakir lært til fullnustu að leika á hljóðfæri sitt, sem hann að vísu hefir gert vel, þótt ekki hafi honum gefist kostur á fullnaðarnámi.

Þetta er sjerstaklega undarlegt fyrir mig að heyra, sem er kennari hans. Eftir því ætti jeg að vera orðinn svo elliær, að jeg væri hvorki hafandi hjer á þingi nje annarsstaðar. (*P. O.*: Háttv. þm. hefir verið sendur utan). Já, jeg var sendur sem fulltrúi þessa þings til útlanda, og bendir það á, að jeg hafi ekki verið talin elliær þá. En hvað sem sjálfum mjer líður, þá get jeg fullyrt það, að enginn af mínum lærisveinum er orðinn svo gamall, að bregða þurfi honum um elli.

Jeg vona því, að till. þessi sje fyrirfram dauðadæmd, og gæti trúað, að hún fengi ekki fleiri en 1—2 atkv.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vildi að eins geta þess, að jeg sje ekki fulla ástæðu til að taka brtt. mína aftur. Út af orðum háttv. frsm. (M. P.) skal jeg geta þess, að hjer er ekki farið fram á, að dýralæknum verði veitt jafnhá dýrtíðaruppbót af öllum aukatekjum þeirra og mannalæknum.

Það er rjett athugað, að fyrir kjötskoð-

un ber þeim ekki dýrtíðaruppbót úr ríkissjóði. Þar eru þeir þó bundnir við taxtann, en það getur verið rjett, að sumsstaðar hafi þeir fengið það betur borgað en hann ákveður.

En þetta er fram komið í þeirri von, að háttv. deild sýni lit á að rjetta það misrjetti, sem þessir menn hafa orðið fyrir.

Pjetur Jónsson: Jeg skal taka það fram um þessa brtt., um uppbótina til dýralækna, að jeg var henni hlyntur, en hins vegar finst mjer það ekki geta komið til mála að senda frv. aftur til Ed. að eins vegna hennar. En ef komið væri með samskonar till. í sambandi við fjárlögin, mundi jeg verða henni fylgjandi.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi áður lýst því yfir, að afstaða mín til þessa atriðis er hin sama og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), og jeg mundi einnig verða fylgjandi samskonar till., ef hún væri flutt í sambandi við fjárlögin.

Þorsteinn Jónsson: Jeg get lýst því yfir, að eftir þeim röddum, sem jeg nú hefi heyrt frá mönnum úr háttv. fjárveitinganefnd, hv. formanni hennar og hv. frsm., þá get jeg tekið aftur till. þessa, í þeirri von, að þeir komi með hana sem brtt. við fjárlögin, og skoða umræður þeirra sem fyrirheit um það.

ATKVGR.

Brtt. 543. feld með 24 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., P. O.

nei: St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. S., S. St., Ó. B.

Brtt. 427. tekin aftur.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 629).

19. Seðlaauki Íslandsbanka.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphað þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 1. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905 (A. 13).

Á 3. fundi í Nd., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mál þetta þarf ekki mikilla skýringa við, þar sem það er að eins framhald af því, sem gripið hefir verið til á undanfarandi þingum, að heimila Íslandsbanka að auka seðlaútgáfu sína.

Bráðabirgðalögin voru staðfest 30. nóv. 1918, og voru þau sett eftir ósk Íslandsbanka, enda virtist þess full þörf í bili.

Jeg geri það ekki að tillögu minni, að mál þetta verði sett í neina nefnd, en óska þess, að það fái að ganga til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) með 14. shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 558).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Í byrjun þingsins var frv. þessu vísað til fjárhagsnefndar, en nefndin geymdi það hjá sjer uns útsjeð væri um, hvernig háttv. deild færi með þau tvö frv., sem fyrir lágu, um seðlaútgáfu Landsbankans og breyting á lögum Íslandsbanka 10. nóv. 1905. En þegar bæði þessi frv. voru feld, tók hún frv. þetta upp aftur.

Stjórnin hefir óskað þess, að leyfið til aukinnar seðlaútgáfu yrði framlengt til 1. maí 1921. Og af því það þótti orðið víst í nefndinni, að ekki yrði hægt að koma fram málinu á öðrum grundvelli en þessum, fanst henni rjett að verða við ósk stjórnarinnar og leggja til, að leyfistíminn yrði framlengdur til 1. maí 1921.

Annars duldist nefndinni ekki, að þetta er engin lausn á málinu. Þó þetta frv. verði að lögum, er ekki sjeð fyrir nægum gjaldeyri eftir þann tíma, sem lögin ganga úr gildi, nema ef stjórnin kemst að einhverjum samningum frá 1. maí í vor til 1. maí 1921. En nú er ekki orðið um annað að gera en samþ. frv., úr því að Landsbankinn vill ekki seðlaútgáfuna. Afleiðingin af því getur orðið sú, að annaðhvort verði að flytja inn útlenda seðla eða að gjaldmiðil vanti, ef ekki er hægt að finna ný ráð. Hvorttveggja er ilt, og þó það síðara verra, að gjaldmiðil vanti. En verði útlendir seðlar fluttir inn í landið, leiðir af því sá ókostur, að allir forvextir hækka.

Það var rangt hjá hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.), er hann sagði hjer í deildinni um daginn, að honum hafi borið skylda til að legga frv. um seðlaútgáfurjettinn fyrir þingið. Honum bar að eins skylda til að leggja fram samningana við Íslandsbanka, en ekki í frv.-formi, nema hann væri þeim samþykkur, sem hann og var, þótt hann hafi heykst á því nú á þinginu. Jeg geri enn fremur ráð fyrir, að ef stjórninni þykir ástæða til, skýri hún frá, hvers vegna hún vildi fá frestinn framlengdan til 1. maí 1921.

Forsætisráðherra (J. M.): Því miður er jeg ekki sá rjetti ráðherra til að svara þessu, en þar sem atvinnumálaráðh. (S. J.) er ekki viðstaddur, get jeg gefið þær upplýsingar, að þar sem það er ekki víst, að þingið komi aftur saman fyrir vorið 1920, taldi stjórnin æskilegt að hafa heimildina frá þessu þingi. Og fái hún hana nú, má ganga að því vísu, að fresturinn verði nógu langur til þess, að næsta væntanlegt þing geti tekið málið til betri athugunar.

ATKVGR.

1. og 2. gr. samþ. með 14 shlj atkv.

Brtt. 558. samþ. með 16 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 593).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905,

eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 635).

Á 47. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Halldór Steinsson: Jeg vil, fyrir hönd fjárhagsnefndar, sem hefir athugað frv. þetta, leggja til, að því verði vísað nefndarlaust til 2. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mál þetta hefir dvalist lengi í háttv. Nd., og kemur það til af því, að það var látið vera samferða öðru frv., sem ekki náði fram að ganga.

Frv. er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út hafa verið gefin, að öðru leyti en því, að fresturinn er lengdur til 1. maí 1921, í stað 1. sept. 1919.

Er málið svo brotalaust, að óþarfi er að lengja umræður um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 5. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 635).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 6. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 635).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 698).

---

20. Landamerki.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um landamerki o. fl. (A. 7).

Á 4. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þetta mál er öllum háttv. þm. kunnugt frá umræðum og meðferð þess á síðasta þingi. Man jeg ekki eftir neinni rödd þá, er væri á móti því, að landamerkjalögin þyrftu endurbóta við. En málinu var þá vísað til stjórnarinnar, og er árangurinn frv. þetta, sem nú liggur fyrir.

Er hjer nú safnað saman í eina heild öllu fornu og nýju, sem þetta mál varðar.

Sje jeg ekki að svo stöddu þörf á að fara ítarlega út í frv., þar sem bæði athugasemdirnar og fylgiskjöl gera ljósa grein fyrir því.

Að eins skal jeg taka það fram, að leitast er við því í frv., að örðugt verði að komast hjá því, að útkljá þrætumál um landamerki, með því að fela það lögregluefirliti.

Hvernig það kann að fara mun tíminn leiða í ljós, en stjórninn gat ekki sjeð, að hægt væri hjer að kveða fastar að orði.

Óska jeg svo, að frv. fái að ganga til 2. umr. og til landbúnaðarnefndar.

Einar Arnórsson: Það voru að eins síðustu orð hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.), sem gáfu mjer tilefni til að gera örlitla athugasemd.

Þótt frv. þetta heiti frumvarp til laga um landamerki, þá er efni þess svo vaxið, að naumast mun vera meðfæri landbúnaðarnefndar. Ákvæði þess eru aðallega *rjettarfarsleg*, en eigi sjerstaklega *landbúnaðarákvæði*, og auk þess er safnað í III. kafla frv. ákvæðum um vettvangsmál.

Tel jeg því betri skilyrði fyrir góðri athugun þess, ef því væri vísað til allsherjarnefndar. Er jeg málinu sjálfur talsvert kunnugur, og í nefndinni er einnig annar lögfræðingur; auk þess eru í henni þrír bændur. Tel jeg því málinu betur komið þar en í landbúnaðarnefnd.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg fellst á orð háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), og tek því mína tillögu aftur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með 18 shlj atkv.

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 204).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. til laga um landamerki o. fl. er fram komið vegna þess, að á þinginu 1917 var samþykt till. til þingsályktunar um að skora á stjórnina að undirbúa málið fyrir næsta reglulegt þing. Þetta mál hefir fengið góðan undirbúning, og nefndin leggur til, að frv. nái fram að ganga með tveim lítilfjörlegum breytingum.

Á þinginu 1917 vildu sumir þingmanna láta rífa upp alla landamerkjagerðina, hvort sem um ágreining um landamerki væri að ræða eða ekki. En sumir vildu að eins taka um það, sem ágreiningur hefir verið um, en láta hitt eiga sig, og er þeirri stefnu fylgt hjer.

En auk þess er sú breyting gerð á rjettarfari í þessum málum, að þegar valdsmaður verður þess var, að ágreiningur sje einhversstaðar um landamerki eða ítak í landi, er gert ráð fyrir, að hann stefni hlutaðeigendum þá á dómþing. Er þetta gert til þess að fyrirbyggja það, að þessi ágreiningur lifi svo og svo lengi án þess að hann jafnist. Svipar því til meðferðarinnar á opinberum málum og sýnir, að það er álitið mikilsvert að fá skorið úr slíkum málum með dómi í eitt skifti fyrir öll, ef ekki fæst sætt.

Auk þess er tekinn í frumvarpið nýr flokkur mála, áreiðar- og vettvangsmál, sem að ýmsu leyti eru skyld landamerkjamálum, en þó ekki þannig, að með þau verði farið alveg eins. En það er mjög eðlilegt að hafa þau með í landamerkjalögunum vegna skyldleikans.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að fara mikið út í málið, enda eru flestir háttv. þm. farnir út. En þó vil jeg minnast á brtt. örfáum orðum.

Eftir 1. brtt., við 1. gr., er nánar tekið til orða, til þess að það sjáist skýrt, hve langt menn eru skyldir að fara um gerð landamerkja. Það var ekki alveg ljóst eftir frv., en auðvitað, að skyldan nær ekki lengra en til að gera merki glögg. Það þarf ekki garð, girðingu eða skurð, nema aðrar ástæður komi til, ef t. d. engi liggja saman eða engi og bithagi, og um girðingar er að ræða, sbr. girðingalögin. Fer þá um tillag hvers eftir þeim, en ekki er það afleiðing landamerkjalaganna.

Enn fremur er brtt. við 9. gr., sem gengur út á það, að valdsmaður skuli strax, ef ekki verður sætt, útnefna menn í dóm. Er það dálítil breyting á frv., sem ef til vill mætti skilja svo, að þess þurfi ekki strax.

Breytingin er sú, að á eftir „valdsmaður“ í 1. málsgrein bætist inn í: þá þegar. En eftir nánari athugun á greininni sýnist það betur fara að bæta einungis inn í orðinu „þegar“. Vil jeg því leyfa mjer að óska þess, og tel víst að hv. deild sje því samþykk, að það megi skoðast sem „redaktions“-breyting á brtt. að fella „þá“ í burtu, svo að þar standi að eins „þegar“, og því orði skuli bætt inn í frv.greinina.

ATKVGR.

Brtt. 204,1. samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, og 2.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 204,2. samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, og 10.—15. gr. samþ. með 17 shlj atkv.

16.—18. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

19.—21. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og einstakra kafla samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 261).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., föstudaginn 8. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um landamerki o. fl., eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 292).

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 9 shlj atkv.

Á 36. fundi í Ed., fimtudaginn 21 ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 292, n. 403).

Frsm. (Magnús Torfason): Að því er ástæður þær snertir, er mál þetta varða, er ekki þörf langrar ræðu; nægir um það að vísa til nefndarálitsins og greinargerðar þeirrar, er fylgir frv. Jeg mun því að eins gera grein fyrir brtt. nefndarinnar.

1. brtt. er um það, að þegar menn þeir, er sýslumenn nefna greinir á um oddamann, þá nefni ráðherra oddamanninn, og er það samskonar ákvæði og gildir í ábúðarlögunum um tilkvaðning varaúttektarmanns.

Brtt. við 2. gr. er til þess ger, að ekki þurfi rekistefnu til að ná inn gjöldum þessum, og því gert að skyldu, að þau sjeu afhent hreppstjóra áður en hann athugar skjölin.

Þriðja brtt. er málrjetting, er ekki þarf skýringar.

Brtt. við 7. grein er efnisbreyting; eins og greinin er orðuð, mætti líta svo á, að afglöp embættismanna um þetta ættu að útkljást sem lögreglumál, en það er ekki ætlunin, heldur eiga þau afglöp, eins og aðrar embættisafglapanir, að dæmast eftir hegningarlögunum.

Brtt. 5. a. er borin fram til að fyrirbyggja það, að menn eigi í landaþrætum án þess, að það, sem um er deilt, skifti nokkru máli; því er valdsmanninum ætlað að meta það, svo einber hjegómamál sjeu ekki á ferðinni. Þessi grein er undantekning frá þeirri reglu, að menn ráði sjálfir

málum sínum, því hjer er það gert valdsmanni að skyldu að setja niður landamerkjadeilur. Sjálfsagt munu vera skiftar skoðanir á því, og misjöfn þörf fyrir það í hinum ýmsu umdæmum, en víða munu slík mál lifa enn, og nefndin leit svo á, sem þetta ákvæði væri yfirleitt fremur til bóta.

Þá er brtt. 5. b. Það vantaði ákvæði um, hvernig skyldi haga borgun fyrir þetta, og er hjer ákveðið, eins og sjálfsagt er, að valdsmaður ákveði það, ef aðiljar verða ekki ásáttir. Á þessum ferðalögum geta valdsmenn ekki ferðast eftir hreppstjórataxtanum, og ferðalögin geta oft orðið dýr, t. d. ferðir á mótorbát, þar sem fá verður bátinn til að bíða eftir sjer. En allan slíkan ferðakostnað eiga aðiljar að borga. En út úr þessum kostnaði geta risið deilur, þótt sæst verði á málið sjálft, og er því rjett, að kostnaðinum eingöngu verði áfrýjað, og að því lýtur 6. brtt. nefndarinnar.

Sjöunda brtt. er málbreyting; er hún gerð til þess, að ekki sjeu tvær endasetningar í sama málslið.

Þá leggur nefndin til, að nafngreining umboðsmannsins verði færð í fasteignaskrá, en ekki í landamerkjabók þá, er færð hefir verið og liggur við embættin. Sú færsla er án efa miklu hentugri; hin yrði ruglingsleg.

Níunda brtt. a. og b. eru gerðar með tilliti til þess, að Alþingi hefir afgreitt lög um hæstarjett.

Fleira tel jeg ekki þörf að taka fram að svo stöddu.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Hún hefir farið að líkum og vonum meðferð þessa máls hjá háttv. allsherjarnefnd; hún hefir komist að sömu niðurstöðu og hv. Nd. um það, að það þyrfti að endurbæta gildandi landamerkjalög, og er henni samdóma um það og með frv. Eins er jeg samþykkur brtt. þeim, er nefndin ber fram, nema 5. brtt. hennar, við 8. grein frv.

Af nál. er það ljóst, að nefndin vill heldur draga úr skyldu embættismanna til að jafna landamerkjaþrætur, en jeg tel það kost á lögunum, að þau ýti undir þá að útkljá slík mál. Jeg lít svo á, að það sje jafnvel þungamiðja málsins. Jeg vil ekki gera valdsmönnum getsakir, en mjer finst það ekki nema ofur-mannlegt, þótt þeir vildu leiða slíkar þrætur hjá sjer, og oft gæti það einvörðungu verið af því, að þeir væru ókunnugir staðháttum, að þeir hjeldu, að málið væri lítils virði. Mjer finst því ekki rjett að draga úr þessu ákvæði, eins og það kom frá hv. Nd. og vil því óska, að þessi brtt. nefndarinnar verði feld.

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg held, að þetta sje nokkur misskilningur hjá hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), og sumt af því, er hann sagði, staðfesti einmitt það, að brtt. væri rjettmæt.

Eins og greinin er nú orðuð, lítur svo út, sem valdsmaður eigi að hlaupa upp til handa og fóta eftir hverju skrafi, sem hann heyrir um landamerkjaágreining; en það er vitanlega ekki ætlunin, og því hefir nefndin sett orðið „ábyggilegur" inn í setninguna, og jeg skil ekki að neinn, hvorki hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) nje aðrir, hafi á móti því.

Hitt atriðið, að valdsmaður telji málið skifta einhverju, getur alt eins verið vörn fyrir menn gegn deilugjörnum valdsmönnum, og ef greinin væri samþykt óbreytt, þá er ekki óhugsandi, að einhver valdsmaður sæi sjer akk í að ferðast um sýslu sína til þess að jafna þrætur, er lítið eða ekkert væri í spunnið. Gæti það verið talsverður skattur á eigendur jarðanna, því ferðakostnaðurinn yrði þó nokkur.

Ákvæði þessi eru tekin eftir lögum um mælingar í Reykjavík frá 1914, þar sem

sjerfræðingur mælir þrætustykkin, og því augljóst, að valdsmaður getur haft ábyggilega vitneskju um, hvort þrætan skiftir nokkru máli. Þar stendur því alt öðruvísi á. Og mjer finst það ekki rjett að neyða valdsmann til að taka upp mál, reka það og dæma, er hann telur hjegómann einberan.

Rök hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) leiða annars út í hreinar öfgar, þær, að valdsmönnum sje ekki trúandi fyrir málum þessum.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hefi í sjálfu sjer ekkert á móti lýsingarorðinu „ábyggilegur", en mjer fanst það, eins og mörg lýsingarorð oft eru, harla lítils virði, og finst hið sama felast í orðinu vitneskja; en það dregur úr, þegar því er bætt við: „enda telur hann það máli skifta". Það getur verið, að hann líti svo á af eintómum ókunnugleika á staðháttum, eða öðrum óheppilegum ástæðum, að þrætuatriðið „skifti litlu máli", og leiði það því hjá sjer. Dregur þá þetta hæglega til framhaldandi rjettaróvissu, sem þetta frv. á einmitt að fyrirbyggja.

Hv. frsm. (M. T.) leit svo á, að greinin gæti leitt til freistinga með óþarfa ferðalög og málsýfingar, en brtt. getur ekki síður leitt til þess, að þörf mál sjeu svæfð og hummuð fram af sjer, og það tel jeg illa farið. Því tel jeg lögin óframkvæmanlegri og þýðingarminni, eins og jeg hefi nú sýnt fram á, ef brtt. verður samþ.

ATKVGR.

Brtt. 403,1. samþ. með 9 shlj atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 403,2. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 403,3. samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 403,4. samþ. með 11 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 403,5.a. samþ. með 8 : 1 atkv
— 403,5.b. — — 9 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 403,6. samþ. með 11 shlj atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 403,7. samþ. án atkvgr.

10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 403,8. samþ. með 11 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

13.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 403,9.a.—b. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 403,9.c. samþ. án atkv.gr.

15. gr., svo breytt, samþ. með 11. shlj. atkv.

16.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj atkv.

Á 38. fundi í Ed., laugardaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 450).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 25 ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um landamerki,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed (A. 482).

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 482, n. 563).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 563,1.—2. samþ. án atkvgr.

— 563,3. samþ. með 14 shlj. atkv.

— 563,4. — — 15 — —

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 48. fundi í Ed., fimtudaginn 4. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um landamerki,

eins og það var samþ. við eina umr í Nd. (A. 660).

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 6. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg ætla að eins að lýsa yfir því, að breytingarnar, sem gerðar hafa verið í neðri deild, eru allar, að undantekinni einni, lítilfjörlegustu orðabreytingar. Eina breytingin, sem breyting getur talist, er að dómskostnaður skuli greiddur þegar að hverri þingathöfn lokinni. Þetta atriði bar á góma í nefndinni hjer áður en frv. var sent til neðri deildar, en nefndin leit svo á, að dómarar fengju málskostnað greiddan af landsfje, þar til hann yrði innheimtur, með því að þeir væru skyldir til að taka landamerkjamál fyrir ex officio. En nefndin sjer ekkert á móti brtt. hv. neðri deildar; samkvæmt henni fer um þessi mál eins og hver önnur privatmál, og fyrir það verður girt, að landssjóður bíði nein útgjöld af.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 697).

---

21. Skipun barnakennara og laun.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um skipun barnakennara og laun þeirra (A. 40).

Á 3. fundi í Nd., mánudaginn 7 júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta er að mestu sama frv. og stjórnin bar fram í fyrra. Eina breytingin er sú, að stjórnin taldi sanngjarnt að setja í frv. ákvæði um bráðabirgðauppbót, á sama hátt eins og handa starfsmönnum landsins.

Þetta frv. er svo skylt launafrv., að rjettast mun vera að vísa því til launamálanefndarinnar, enda mun það ekki tefja störf hennar að ráði.

Bjarni Jónsson: Mjer finst mjög farið

aftan að síðunum að vísa þessu frv. til launamálanefndar, en ekki mentamálanefndar, enda hefir það áður verið í mentamálanefnd.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki sjeð neina sjerstaka ástæðu á móti því, að málið fari í launamálanefnd, en sje það betur komið í mentamálanefnd, af því að hv. þm. Dala. (B. J.) er þar ekki, þá má það gjarnan mín vegna fara í þá nefnd.

Þorsteinn Jónsson: Það er að nokkru leyti rjett hjá hv. þm. Dala. (B.J.), að frv. ætti heima í mentamálanefnd. En þar sem launakjörin eru aðalatriðið í þessu frv., þá virðist rjettara, að það fari í launamálanefnd. Að vísu var samskonar frv. og þessu vísað til mentamálanefndar í fyrra, en þá vildi hún lítið sinna því. Flestir sömu menn sitja í nefndinni nú og þá, og líklega lítil breyting orðin á áhuga þeirra í fræðslumálum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til launamálanefndar (sjá A. bls. 2017) með 13:6 atkv.

Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 5. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 40, n. 581, 580, 602).

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Samvinnunefnd launanefndar hefir haft mál þetta til meðferðar, og telur hún frv. bót frá því fyrirkomulagi, sem nú er. Nefndin hefir samt álitið rjett að breyta frv., sjerstaklega fyrra kaflanum, um skipun kennara. Niðurstaða nefndarinnar varð sú, að nauðsyn bæri til að taka öll fræðslulögin til athugunar, og mentamálanefnd hefir verið sömu skoðunar og borið fram till. í þá átt. Jeg skal ekki fara frekari orðum um þetta, en vil leyfa mjer að gera í fám orðum grein fyrir brtt. nefndarinnar.

Í 1. gr. stj.frv. er gert ráð fyrir, að menn geti ekki orðið kennarar, nema þeir hafi lokið kennaraprófi. Nú er það kunnugt, að ýmsir vel færir barnakennarar hafa ekki lokið kennaraprófi, og jafna[ð] þó of til vill á við aðra kennara, sem lokið hafa kennaraprófi. Nefndin lítur að nokkru leyti sömu augum á þetta skilyrði og stjórnin, að þeir einir geti orðið kennarar í framtíðinni, sem lokið hafa kennaraprófi, eins og enginn getur orðið prestur t. d., nema sá, sem tekið hefir próf í guðfræði. Í núgildandi fræðslulögum er svo ákveðið, að þeir, sem kennaraprófi hafi lokið, skuli að öðru jöfnu fá kennarastöður. Nú fást margir við barnakenslu og eru kennarar við barnaskóla, sem ekki hafa kennarapróf, enda munu kennarar með prófi vera vart nógu margir til þess að taka að sjer allar kennarastöður við barnaskóla í landinu. Þess vegna hefir nefndin breytt þessu ákvæði stjórnarfrumvarpsins á þá leið, að þeir einir gætu orðið kennarar, sem lokið hefðu kennaraprófi eða gegnt kennarastörfum um 5 ára skeið. Hjer eftir getur því enginn orðið kennari, eftir till. nefndarinnar, nema sá, sem hefir kennarapróf, eða fengist hefir 5 ár við kennarastörf. Menn, sem ekki hafa kennarapróf, geta því ekki byrjað á kenslu hjer eftir sem kennarar við barnaskóla. Þetta áleit nefndin vera rjett. Auðvitað getur verið álitamál, hversu árin eiga að vera mörg, sem veita kennaraprófslausum kennurum rjett til kenslu. En nefndin leit svo á, að það skifti ekki miklu máli, þó að þeir kennarar ljetu af kenslustörfum, sem ekki hefðu stundað kenslu í 5 ár. Reyndar gæti landið mist af einstaka efnilegum kennara fyrir þetta ákvæði, en þeim mundi í flestum kringumstæðum verða auðvelt að ná kennaraprófi. Og ef kjör kennara verða bætt á þá leið, sem nú er gert ráð fyrir, ætti þessum mönnum ekki

að vera vorkunn að afla sjer þessarar mentunar. Aftur á móti er eldri kennurum vorkunn um þetta, enda verða þeir ekki sviftir rjettinum eftir frv.

Jeg átti tal um þetta við fræðslumálastjóra, og kvaðst hann vera nefndinni sammála um þetta atriði. Þó vildi hann gera að skilyrði, að þeir hefðu verið kennarar *samfleytt* 5 ár. Nefndin hefir líka skilið þetta ákvæði á þá leið, þótt það sje ekki beinlínis tekið fram í brtt. nefndarinnar.

Þá eru brtt. við 2. gr. Þar varð nefndin ekki öll á eitt mál sátt. Í stjórnarfrv. er gert ráð fyrir, að umsækjendur sæki um kennarastöðurnar til fræðslunefnda og nefndirnar sendi síðan meðmæli sín til fræðslumálastjórnar. Þessu vill nefndin breyta á þá leið, að umsækjendur snúi sjer beint til stjórnarinnar og hún veiti síðan stöðuna, eftir að hafa leitað meðmæla hlutaðeigandi skólanefndar eða fræðslunefndir og umsagnar fræðslumálastjóra. Nefndin álítur tryggara, að veitingarvaldið sje algerlega í höndum stjórnarinnar, heldur en fræðslunefndunum sje falið það á hendur. Stjórnin hefir meiri skilyrði til að dæma um hæfileka umsækjenda en skóla- og fræðslunefndir, enda ætlast nefndin til, að hún leiti álits fræðslumálastjóra. Honum mun oftast verða nokkurn veginn ljóst um hæfileika umsækjenda, því að hann fer árlega yfir allar skólaskýrslur og veit líka nokkurn veginn, hvernig nemendurnir hafa reynst í skóla, bæði af eigin reynd og eftir upplýsingum skólastjóra kennaraskólans, sem þekkir kennaraefni þau, er útskrifast frá kennaraskólanum, manna best. Þessi breyting nefndarinnar er ekki grundvallarbreyting, en sparar skólanefndum hins vegar óþarfa fyrirhöfn. Því að stjórnarfrumvarpið ætlast einnig til þess, að stjórnin hafi veitingarvaldið um kennarastöðu. Að eins munurinn sá á frv. stjórnarinnar og tillögum nefndarinnar, að skóla- eða fræðslunefndir eiga að auglýsa og umsóknin sendast til þeirra samkvæmt frv. stjórnarinnar, en stjórnin að auglýsa og umsóknin sendist til hennar samkvæmt tillögum nefndarinnar.

Þá er brtt. við 3. gr. Hún er afleiðing af breytingunni á 2. gr.

Þá er brtt. við 4. gr. Fyrsta brtt. er afleiðing af breytingunni á 2. gr. Hún er þess efnis, að í staðinn fyrir „sem kennaraprófi hefir lokið" komi: „sem fullnægi skilyrðinu í 1. gr., í staflið b.". Hinar þrjár eru allar afleiðing af breytingunni á 2. gr. og standa og falla með henni.

Þá er brtt. við 5. gr. Í stjórnarfrv. er ákveðið, að kennarastöðu skuli veita frá 1. október eða 1. janúar. Nefndin áleit, að þetta væri í ósamræmi við aðrar veitingar, og leggur því til, að starfið skuli veitt frá þeim tíma, er kensla byrjar á haustin.

Þá er brtt. við 6. gr. Samkvæmt stjórnarfrumvarpinu ber kennara að tilkynna hlutaðeigandi skóla- eða fræðslunefnd, ef hann vill segja stöðu sinni lausri. Samkvæmt breytingunni á 2. gr. leggur nefndin til, að hann sendi uppsögn sína til stjórnarráðsins og með 4 mánaða fyrirvara. Það gæti komið sjer illa, ef kennarinn segði upp stöðunni fyrirvaralaust.

Þá eru brtt. við 7. gr. Nefndin var ekki sjerstaklega mótfallin þessari grein, eins og hún var orðuð í stjórnarfrv. En meiri hluti nefndarinnar áleit, að greinin væri alt of löng og mikill hluti hennar ætti fremur heima í erindisbrjefi en lögum. Annars leggur nefndin enga áherslu á það, hvort greinin verður samþykt, eins og hún er í stjórnarfrv., eða brtt. nfendarinnar. Jeg skal geta þess, að jeg átti tal um þetta við fræðslumálastjóra, og ljet hann óánægju sína í ljós út af breytingum nefndarinnar. Taldi hann þetta koma sjer illa, vegna þess, að skólanefndir vissu oft ekki, hvað stæði í erindisbrjefinu, en ættu hins vegar að þekkja lögin. Nefndinni er sama um, hvort verður ofan á.

Þá er brtt. við 8. gr. Samkvæmt stjórnarfrumvarpinu er skólanefnd heimilt að víkja kennara úr stöðu, ef hann vanrækir skyldustarf sitt eða vekur hneyksli með framferði sínu í daglegri hegðun. Nefndin leit svo á, að veitingarvaldið hefði einungis vald til að víkja mönnum úr stöðu. Og samkvæmt till. nefndarinnar getur skólanefnd eða fræðslunefnd tilkynt þetta stjórnarráðinu, og það á síðan að skera úr, hvort dómur nefndarinnar er á rökum bygður. Nefndin taldi bót að þessari breytingu, því að það gæti fyrirbygt þras eftir á. Vonandi verða slík tilfelli fá, en ef slíkt kynni að koma fyrir, er betra að hafa ákvæðið þannig.

Þá kem jeg að II. kafla frv. Nefndin gat ekki orðið sammála um þennan kafla.

Nefndinni virtist, að stjórnin hefði síst gengið of langt um launabætur kennara. Því að eins og kunnugt er, eru launin nú svo lág, að fjöldi góðra kennara hefir horfið frá kennarastarfinu, en nýir kennarar komið í staðinn, sumir nýtir, en aðrir ekki. Jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, hversu þetta er óheppilegt, að sífelt sje verið að breyta um kennara. Ef barnakenslan á að geta komist í gott horf, þurfa kennarar að gera hana að lífsstarfi. En þetta getur aldrei orðið meðan öll önnur störf eru betur launuð.

Nefndin hefir felt úr það ákvæði í stjórnarfrv., að farskólakennarar fái ókeypis húsnæði alt árið. Þessi breyting er bygð á því, að laun farskólakennara væru svo lág, að þeir gætu ekki gert farkenslu að lífsstarfi sínu, enda væru þeir flestir lausir og slyppir. Annars getur þetta atriði ekki haft mikla þýðingu. Jeg vildi fyrir mitt leyti, að ákvæði stjórnarfrumvarpsins fengi að standa, en vildi ekki vinna það til, að kljúfa með því nefndina. Fræðslumálastjóri hefir látið óánægju sína í ljós út af þessari breytingu.

Við þennan kafla hefir komið fram brtt. frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), þess efnis, að forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða skuli hafa 1800 kr. árslaun, í stað 1500, og kennarar við þá skóla 1400 kr., í stað 1200. Þótt hvorki jeg eða nefndin kæmi með brtt. í þessa átt, þá lít jeg svo á, að hjer sje síst of langt gengið. Jeg játa, að munurinn á launum forstöðumanna utan kaupstaða og kennurum í kaupstað var of lítill, því að þeir fá 500 kr. lægri hækkun en hinir, eftir þjónustualdri. Fyrir stjórninni hefir vafalaust vakað, að dýrara væri að lifa í kaupstöðunum en annarsstaðar. En víða í stærri þorpum er engu ódýrara að lifa en í kaupstöðunum. Sum stærri þorpin eru engu fólksfærri en smæstu kaupstaðirnir. En af því að þetta frv. fjekk svo illar undirtektir í fyrra, sá nefndin sjer ekki fært að hækka launin úr því, sem þau voru ákveðin í frv. stjórnarinnar.

Brtt. við 13. gr. fer fram á, að á eftir orðinu „dýrtíðaruppbótar“ komi „úr ríkissjóði“. Eins og kunnugt er, hefir þingið gengið inn á að veita alla dýrtíðaruppbót úr ríkssjóði. Og fanst nefndinni ekki rjett að breyta frá því.

Þá er 11. liður hjá nefndinni við 13. gr., að á eftir henni komi ný grein, svo hljóðandi:

> „Verði sú breyting gerð á fræðslu- eða skólahjeruðum, eða fræðslumálunum yfirleitt, sem gerir stöðu kennara óþarfa, skal hann eftir löglega uppsögn láta af henni endurgjaldslaust.“

Skal jeg nú skýra ástæður nefndarinnar fyrir þessari breytingu.

Eins og jeg tók fram áðan, áleit nefndin, að þörf væri á að rannsaka fræðslumálakerfið alt og gera á því breytingar, sem væri lokið á næstu árum. Mentamálanefnd var og sömu skoðunar. Launamálanefndin leit svo á, að sennilega mundi koma í ljós við þá rannsókn, að hægt

mundi að fækka kennurum talsvert. Hún taldi heppilegast að hafa þá sem fæsta, en launa þeim að sama skapi betur. Það er auk þess sú stefna, sem þingið nú þykist vilja aðhyllast, að hafa sem fæsta starfsmenn hins opinbera, en láta þá eiga við sómasamleg kjör að búa. Kæmi það fram við þessa rannsókn, að fækka mætti kennurum, gat það komið í bága við frv. Því að þeir kennarar, sem skyndilega væru sviftir starfi sínu, gátu samkvæmt venju um það, þegar embætti er lagt niður, krafist skaðabóta. En með þessari nýju gr. er loku skotið fyrir, að þeir geti krafist nokkurs endurgjalds, þótt þeir verði að segja starfinu lausu.

Þá kem jeg að brtt. við 16. gr. frv. Stjórnarfrv. ætlaðist til, að þessi lög öðluðust gildi 1. okt. í haust. Nefndin áleit hins vegar, að ekki kæmi til mála, að lögin gengju í gildi í haust. Nú er liðið langt á sumarið, og gætu það ekki orðið nema fáar vikur frá því, að framkvæma ætti lögin, og þar til kensla byrjar. Eftir frv. er fræðslumálastjórn eða landsstjórn ætlað að veita kennarastöðurnar. En eins og augljóst er, mundi þetta ákvæði koma óþægilega í bága við þær veitingar, því að tíminn er alt of stuttur. Enda munu skólar víðast hvar vera búnir að ráða sjer kennara nú þegar. Nefndin leggur því til, að lögin gangi ekki í gildi fyr en 1. júní næstkomandi. Fyrir þann tíma eiga kennarar að vera búnir að segja stöðum sínum lausum, og allir þeir, sem ekki uppfylla þau skilyrði, sem sett eru með frv., verða að hverfa frá skólunum fyrir fult og alt. Þótt nefndin liti þannig á þetta atriði, var hún á einu máli um það, að ekki mætti dragast með nokkru móti að bæta laun kennara. Leggur hún því til ákvæði um stundarsakir, að allir þeir kennarar, sem ráðnir eru til kenslu veturinn 1919—20, skuli njóta launa og dýrtíðaruppbótar samkvæmt þessum lögum.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um brtt. Að eins vona jeg, að málið yfirleitt fái góðar undirtektir hjá háttv. deild.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get verið nefndinni þakklátur fyrir, hvernig hún hefir tekið í þetta frv. stjórnarinnar yfirleitt. Jeg get látið sumar brtt. afskiftalausar, því jeg legg ekki mikið upp úr, hvort sumar þeirra verða samþyktar eða ekki. En fáeinar vildi jeg gera lauslegar athugasemdir við.

Það er fyrst brtt. við 8. gr. frv. Jeg er hreint ekki viss um, að hún sje til bóta á neinn hátt. Jafnvel gæti jeg trúað, að hún geti verið til skaða. Jeg held áreiðanlega, að það sje hollara, að fræðslunefndir hafi heimild til að víkja kennurum frá embætti um stundarsakir. Það geta verið svo ríkar ástæður fyrir hendi, að slíkt þurfi að gera þegar í stað. Hitt væri alt of tafsamt, að eiga að bíða eftir úrskurði stjórnarráðsins eftir að það hefir fengið senda skýrslu frá skólanefnd. Það er aftur sjálfsagt, að kennari eigi rjett á að skjóta máli sínu til stjórnarráðsins, ef honum er vísað frá skólanum. Jeg þarf ekki að fara að skýra fyrir mönnum, hvað það getur verið hættulegt að láta kennara vera 1—2 daga lengur við skólann, hvað þá mánuðum saman, ef svo stendur á. Jeg held, að engin hætta sje á, að skóla- eða fræðslunefndir misbeiti þessu valdi sínu gagnvart kennurum. Jeg gæti miklu fremur trúað, að þær syndguðu í gagnstæða átt.

Brtt. við 9. gr. legg jeg ekki áherslu á. En hins vegar tel jeg brtt. við 13. gr. a. og b. óheppilega og get ekki fallist á hana fyrir mitt leyti, sem sje það, að ríkissjóður eigi að öllu leyti að greiða dýrtíðaruppbótina. Jeg gæti búist við, að í stað þess, eins og á sjer stað víðast hvar annarsstaðar, að sveitarfjelög beri að mestu leyti kostnað af fræðslunni, þá komi ¾

hlutar til að lenda á ríkissjóði hjer, en að eins ¼ á sveitarfjelögin, í stað þess að það ætti að vera alveg öfugt. Að minni skoðun ætti ríkissjóður að eins að leggja fram einhvern styrk.

Jeg hafði ekki áttað mig á, að þetta mun eiga að ná til kaupstaða líka. En með tilliti til þess verð jeg að segja, að mjer finst nokkuð langt gengið, ef það á að koma niður á ríkissjóði að borga fræðslu þeirra að mestu leyti. Að vísu mun það svo, að menn finna meira til þess, sem lagt er fram af fátækum sveitarfjelögum. En sveitarstjórnir verða að gera sjer það ljóst, að ekki dugir annað en að leggja meiri skatta á þá, sem búa í sveitum, heldur en hingað til, ef þetta á að geta gengið með eðlilegum hætti. Jeg tel mjög varhugavert að íþyngja ríkissjóði um of. Þau gjöld, sem á honum hvíla nú þegar, hljóta að verða svo mikil, að hann á bágt með að rísa undir þeim, þótt ekki sje hlaðið á hann miklu af þeim gjöldum, sem eiga að koma og hingað til hafa komið frá öðrum sjóðum. Jeg verð því að mæla eindregið á móti þessari brtt. við 13. gr., eins og jeg líka gerði á þingi í fyrra, þegar þetta lá fyrir háttv. Ed. Hins vegar má þetta engan veginn hindra það, að málið gangi fram, ef þingið vill hafa það svo, því það er lífsnauðsyn á að bæta kjör kennara nú þegar.

Brtt. við 11. gr. tel jeg vera til bóta. Sömuleiðis álít jeg, að 13. lið a. beri að samþykkja að sjálfsögðu, að lögin gangi ekki í gildi fyr en 1. júní 1920. Aftur á móti er jeg ekki alveg viss um, að ákvæðið um stundarsakir sje í alla staði heppilegt, eins og það er sett þarna. Jeg býst við, að margir af þeim, sem eru kennarar nú, sjeu hreint ekki hæfir til þess, eða uppfylli ekki þau skilyrði, sem á að krefjast. Það hefir verið kvartað um það víða að, að sökum slæmra launakjara hafi skólanefndir neyðst til þess að ráða til sín og gera sig ánægða með ljelega menn, sem ekki sjeu starfinu vaxnir eins og skyldi. Jeg álít, að þeir einir eigi heimtingu á að fá uppbót, sem fyllileg not eru að við starfræksluna.

Frv. þetta er komið fram til þess, að gera kjör kennara lífvænlegri en þau hafa verið hingað til, og einnig til hins, að sjá um, að þeir einir gegni þessum stöðum, sem eru taldir hæfir til þess. En það vinst ekki með því móti, að launa jafnt þá hæfu sem óhæfu.

Pjetur Ottesen: Mig langaði til að gera nokkrar athugasemdir við þetta frv. stjórnarinnar, og enn fremur við brtt. þær, sem samvinnunefnd launamála hefir gert við það. Áður en jeg geri það vildi jeg þó láta í ljós undrun mína yfir því, að þetta mál skuli ekki hafa verið borið undir mentamálanefnd. Ef þetta mál, að minsta kosti að því leyti sem það snertir prófskilyrðin og skipun kennaranna, heyrir ekki undir starfssvið hennar, þá veit jeg ekki til hvers hún er skipuð. Þó má enginn skilja orð mín svo, að jeg sje að lýsa vantrausti á háttv. launamálanefnd, sem um málið hefir fjallað. En mjer finst þetta næstum brot á þeirri reglu, sem á að gilda í þessu hjer á þingi.

Skal jeg þá fyrst minnast á það, að í frv. er það gert að skilyrði, að til þess, að nokkur geti fengið kennarastöðu, skuli hann hafa lokið kennaraprófi. Jeg vil benda á, að með þessu ákvæði eru fyrst og fremst útilokaðir allir sjálfmentaðir alþýðumenn, hversu vel sem þeir eru að sjer og hvað miklum kensluhæfileikum sem þeir eru gæddir. Auk þess eru menn frá öllum öðrum skólastofnunum á landinu, öðrum en kennaraskólanum, alveg útilokaðir. Með öðrum orðum eru menn frá gagnfræðaskólum, lýðskólum, verslunarskólum, mentaskólanum og sjálfum

háskólanum gersamlega útilokaðir frá því, að geta orðið barnakennarar, hversu mikla köllun sem þeir kynnu að finna hjá sjer til að sinna því starfi. Þetta finst mjer talsvert varhugavert. Fyrst er það, að margir af okkar sjálfmentuðu mönnum hafa sýnt það, að þeir eru gæddir afbragðs-kennarahæfileikum, samfara staðgóðri mentun, enda margir hverjir reynst fyr og síðar hinir bestu leiðtogar og fræðarar æskulýðsins, og hefði verið ómetanlegt tjón að útiloka þá menn frá þessu starfi. Auk þess finst mjer altaf varhugavert að útiloka menn, sem hafa lokið þeim prófum, er jeg áðan nefndi, frá þessum starfa, ef ske kynni, að þeir vildu snúa sjer að barnafræðslu í landinu, sem við vitum að oft hefir átt sjer stað. Þeir eru mjög margir, eins og kunnugt er, sem sækja þessa skóla, er jeg nefndi, og mundu einhverjir af þeim sennilega einmitt snúa sjer að þessu starfi.

Þá er sú undantekning, sem nefndin vill gera með þá, sem hafa stundað barnakenslu í 5 ár. Um hana er það að segja, að hún nær ekki yfir nema nokkurra ára bil, en fellur svo brátt úr sögunni. Þótt þetta bæti í bili nokkuð úr hvað þá snertir, sem undir þetta ákvæði komast, þá eru þeir, sem hafa stundað kenslu í færri ár en 5, t. d. 2, 3 eða 4 ár, og reynst hafa dugandi kennarar, sem hafa verið með lífi og sál í sínu starfi og unnið hug og hjörtu barnanna, þessa menn á að útiloka með öllu frá starfi sínu. Jeg er sannfærður um, að þetta ákvæði mun vekja megna óánægju úti um landið og mælast mjög illa fyrir. Auk þess vildi háttv. frsm. (Þorst. J.) slá því föstu í framsöguræðu sinni, þótt það sje ekki tekið fram í brtt., að þessi undantekning næði að eins til þeirra, sem hefðu haft á hendi kenslu samfleytt í 5 síðastliðin ár áður en þetta verður að lögum. Af því mundi leiða, að ef einhver kennari hefði t. d. verið heilsubilaður í 1 ár af þessum 5 árum, þá væri hann þar með útilokaður frá því starfi frekar, enda þótt hann hefði verið kennari mestan hluta æfi sinnar. Mjer finst, að síst ætti að kenna svo mikillar harðneskju, að útiloka einmitt þá menn, sem hafa gegnt þessu starfi nú síðustu ár með mjög litlum launum, einmitt nú, þegar farið er fram á, að launakjörin sjeu bætt.

Viðvíkjandi 2. gr. vildi jeg geta þess, að þar er gert ráð fyrir að taka veitingavaldið af fræðslu- og skólanefndum, en í þess stað skuli stjórnarráðið veita stöðurnar. Þó er ætlast til, að skóla- og fræðslunefndir hafi tillögurjett um það, hverjum sjeu veittar stöðurnar. Hins vegar er það tekið skýrt fram í nál., og árjettaði frsm. (Þorst. J.) það rækilega, að fyrst og fremst bæri að taka tillit til skoðana fræðslumálastjóra í þessum málum, svo að ef til þess kæmi, að hann væri á annari skoðun en fræðslunefnd um það, hverjum veita skuli, þá ræður vafalaust úrskurður hans úrslitum. Það er því æði lítið leggjandi upp úr áhrifum skóla- og fræðslunefnda. Auk þess er mjög vafningasamt, hvernig þetta alt á að ganga fyrir sig, samkvæmt frv. stjórnarinnar. Fyrst eiga skóla- og fræðslunefndir að auglýsa kennarastöðuna. Skulu umsækjendur senda þeim umsóknir sínar, sem þær svo aftur senda stjórnarráðinu til úrskurðar, og á það svo að auglýsa hverjum staðan er veitt. Þessu er dálítið snúið við hjá nefndinni, þannig, að þegar skóla- eða fræðslunefnd vantar kennara, eiga þær að láta stjórnarráðið vita um þetta, en það auglýsir svo stöðuna. Síðan, þegar einhverjir hafa sótt, leitar stjórnarráðið álits viðkomandi skóla- eða fræðslunefndar um manninn eða mennina, og að því fengnu álits þess, sem mestu á um þetta að ráða, fræðslumálastjóra, og að þessu öllu af-

loknu veitir það loks stöðuna. Eins og allir sjá, hlýtur þetta að vera svo mikil skriffinska og vafningar, að það hvorttveggja nær hjer hámarki sínu. Jeg get ekki fallist á, að það sje á rökum bygt, að fræðslunefndir yfirleitt hafi misbeitt svo þessu valdi sínu í þessu efni, að rjett sje að taka veitingavaldið af þeim; þó einhver einstök fræðslu- eða skólanefnd kunni að hafa sóst eftir því, sem jeg skal ekkert segja um hvort satt er, að fá ódýra kennara, áður fyr, eða lagt meira upp úr því en góðu hófi gegndi, þá hverfur það úr sögunni nú, þegar launin eru hækkuð. En yfir höfuð virðist mjer gert alt of mikið úr skilningsleysi og kæruleysi fræðslunefnda í þessu máli, barnafræðslunni, en rjett er og sanngjarnt. Alþýða þessa lands hefir verndað drýgst og best haldið við hinni þjóðlegu menningu landsins, og á heimafræðslan ef til vill ekki hvað minstan þáttinn í því. Og svona mun þetta verða hjer eftir.

Þetta var það, sem jeg aðallega hafði við frv. og brtt. að athuga. Enn fremur hafði jeg ætlað mjer að gera athugasemd við brtt. við 8. gr. En hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir tekið það rækilega fram, að þessi brtt. er ekki til bóta, heldur miklu fremur til hins gagnstæða, svo jeg þarf ekki að fara frekar út í það.

Þá er annar liður þessa máls, laun barnakennara. Lítur þar út fyrir, að hv. nefnd hafi að mestu fylgt stjórnarfrv., þótt hún hafi lagt til nokkrar breytingar. En jeg vildi að eins minna á það hjer, að eftir því, sem mjer virðist, er í frv. gert ráð fyrir, að farskólakennarar hafi talsvert hærri laun, þegar alt kemur til alls, en barnaskólakennarar utan kaupstaða. Forstöðumenn utan kaupstaðaskóla hafa eftir frv. 1500 kr., og kennarar við þá 1200 kr. En eftir því, sem mjer reiknast til, er jeg legg til peninga þau hlunnindi, sem farkennarar hafa auk 300 kr. launa, fæði, húsnæði, ljós, hiti og þjónusta í 6 mánuði, verða þeirra laun töluvert hærri. Það er talað um, að farskólakennarar kenni 6 mánuði ársins. Jeg veit nú ekki, hvort nokkuð er ákveðið um það í fræðslulögunum, að farskólar skuli starfa 6 mánuði ársins. En jeg efast um, að þeim sje það skylt; jeg held, að það sje ekki neitt ákvæði um það annarsstaðar en í fræðslusamþyktum. En þá vil jeg spyrja, hví þeirra laun eru höfð jöfn, ef þeir kenna skemri tíma.

Skal jeg svo ekki teygja tímann með því að fara frekar út í þetta, en að eins víkja að því, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði í niðurlagi ræðu sinnar, er hann mintist á undanþáguna um þá, er yrðu kennarar næsta vetur, og sagði, að ekki væri ástæða til að greiða þeim dýrtíðaruppbót, sem ekki uppfyltu skilyrði þessa frv. eða gætu talist hæfir kennarar. Jeg veit ekki, hvað hann metur hæfa menn, og hygg, að örðugt verði að gera þar upp á milli hafra og sauða.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari stafar af því, að aðalatriðin í breytingum þeim, sem nefndin leggur til að gera á frv., fara beint í bága við þá tilhögun fræðslumála, sem jeg tel æskilega, að fræðslunefndir og skólanefndir hafi veg og vanda af framkvæmdum.

Það er í raun og veru tvent, sem einkanlega er lagt til að breyta, en það eru skilyrðin fyrir að geta fengið kennarastarfa, sem sje kennarapróf, og svo sú aðalbreyting frá ástandi því, sem nú er, að stjórnarráðinu er ætlað að hafa veitingavaldið óskorað, en fræðslunefndum og skólanefndum skotið út úr þeim verkahring, sem þeim er markaður með fræðslulögunum frá 1907.

Að því er snertir breytinguna á 1. gr., um prófskyldu kennara, vil jeg segja, að þótt yfirleitt sje rjett, að kennarapróf sje gert að skilyrði fyrir veitingu kennarastarfs, þá geta þó verið undantekningar,

og þær fleiri og frekari en nefndin leggur til. Jeg verð að líta svo á, að sú undantekning nefndarinnar, að sá geti einnig orðið skipaður kennari, er kent hefir í 5 ár, sje of þröng, þar sem hún nær þá að eins til þeirra, sem nú hafa kent þennan tíma, og engra síðar. Þetta ákvæði verður enn óeðlilegra er athuguð er 4. gr. frv., sem nefndin að vísu leggur til að breytt verði að ýmsu leyti. En þar er, eins og menn sjá, gert ráð fyrir, að þegar ekki er fáanlegur kennari, sem uppfyllir skilyrðin í 1. gr., þá verði fræðslunefnd að ráðstafa starfinu og taka hvern þann, sem hún telur hæfan. Það virðist harðleikið, að sá maður, sem þannig rækti kenslustarfa, ef til vill árum saman, með góðum árangri og nyti trausts skólanefndar, ætti hiklaust að víkja fyrir prófuðum umsækjanda, en ef til vill lítt reyndum og ljelegum. En eftir kenningu háttv. frsm. (Þorst. J.) ætti svo að vera.

Við það verður að kannast, að náttúran er náminu ríkari, eins í þessu efni sem öðru, og getur próflaus maður, að jeg eigi nefni menn t. d. með guðfræðisprófi eða annari akademiskri þekkingu, að sjálfsögðu verið jafnsnjallir venjulegum skólakennurum, ef þeir eru hneigðir fyrir starfið. Nokkur æfing við kenslustarf ásamt kunnáttuvottorði dómhæfra, skilríkra manna og meðmælum fræðslunefndar, finst mjer því eiga að veita rjett til kennarastarfa, þótt prófaðir, æfðir kennarar gangi fyrir. Það er, eins og háttv. þm. Borgf. (P. O.) tók fram, óviðfeldið, að menn, sem reynst hafa vel við starfið, geti eigi komið til greina, hvernig sem á stendur, ef þá vantar kennarapróf. Verður ef til vill tækifæri til að koma að til 3. umr. breytingum um þetta.

Að því er kemur til hins atriðisins, um meðferð stjórnarráðsins á þessum fræðslumálum, þá er það, eins og jeg hefi tekið fram, aðalbreytingin, og af henni stafa flestar aðrar breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði. Er jeg á móti þeim því nær öllum. Jeg lít svo á, að verði þetta starf tekið af fræðslunefndum og skólanefndum, þá fari ekki að eins svo, eins og háttv. þm. Borgf. (P. O.) tók fram, að þetta verði í framkvæmd þunglamalegra og erfiðara, heldur muni og aðrar og verri afleiðingar verða af því. Skólanefndir verða miklu tómlátari en áður var, og fræðslustörfin þeim minna áhugamál, enda þær þá lítils ráðandi, og kennarar ef til vill skipaðir í trássi við þær, en ábyrgðin öll hjá stjórninni. Auðvitað eiga þær eftir brtt. nefndarinnar að hafa eftirlitið á hendi og hlaupa undir baggann þegar stjórnin getur eigi annast framkvæmdir, sbr. 4. gr., en það er eigi nægilegt. Þær verða að vera aðal-„faktorinn“ í þessu starfi, og með fullri ábyrgð; ella má gera ráð fyrir, að starfið verði afrækt og áhuginn rjeni.

Jeg hefi sjálfur haft talsverð kynni af þessum málum heima í mínu hjeraði og þar nærlendis, og hafa mjer virst fræðslunefndir yfirleitt leggja mikla rækt við þetta starf, og því meir, sem þeim hefir lærst betur að hagnýta sjer fræðslulögin frá 1907 og laga framkvæmd þeirra í hendi sjer. Auðvitað verður að kannast við, að lögin mættu mótspyrnu sumstaðar í fyrstu, en hún fer minkandi og hjeruðunum lærast aðferðir til að framkvæma þau, sem geta verið breytilegar, eftir staðháttum, frá einum stað til annars.

Aðalatriðið er að draga ekki úr þeim áhuga, sem vaknaður er um fræðslumálin úti um bygðir landsins, með smámunalegum eða naglalegum ákvæðum um form og fyrirkomulag á framkvæmdinni.

Jeg skal ekki rekja einstaka liði í þeim brtt. nefndarinnar, er stafa af aðalbreytingunni; jeg er mótfallinn þeim öllum.

Að því er snertir 7. tölulið í brtt. nefndarinnar, þá felli jeg mig betur við hann en frv., eins og það liggur fyrir.

Að því er snertir 8. lið, við 8. gr., þá leiðir það af því, sem jeg hefi sagt áður, að jeg felli mig ekki við hana, en tel rjett að samþykkja 8. gr. óbreytta.

Háttv. frsm. (Þorst. J.) tók það fram, að um síðari hluta brtt. við 2. kafla frumvarpsins væri jeg nefndinni sammál. Þetta er ekki fullkomlega rjett. Jeg hefi aldrei lýst fullkomnu samþykki mínu á seinni hluta brtt. Þar hafa á tveim stöðum fallið undan hjá ritara nefndarinnar breytingar, sem samþyktar voru í nefndinni og jeg tel ómissandi. (*Þorst. J.*: Til dæmis?) Þar átti að standa í 9. og 12. gr., á eftir „Farskólakennarar": *og eftirlitskennarar við heimilafræðslu*. Þessu er á báðum stöðum slept, fyrir vangá eða hirðuleysi ritara. Því er nú svo komið í sveitum sumstaðar, að farskólakenslan, sem hafin var eftir þeim fræðslulögum, sem nú eru í gildi, hefir tekið þeim stakkaskiftum, að tekin hefir verið upp eftirlitskensla í stað farskólakenslunnar, eða þá jafnhliða henni. Þetta er aðferð, sem fræðslunefndir hafa fundið upp hin síðustu árin, af því að þeim hefir virst farskólakenslan ófullnægjandi og verða til þess að draga úr áhuga sjálfra heimilanna á að uppfræða börnin. Aðferðin er að láta hæfan mann ferðast um og húsvitja tiltölulega oft, og aðstoða á þann veg við kensluna á heimilunum. Þess vegna lagði jeg til, að skotið væri inn á þessum tveim stöðum eftirlitskennurunum, svo að þeir mættu njóta sömu vilkjara, ef vilkjör skyldi kalla, sem ætluð eru farskólakennurum. Af því að svona slysalega hefir til tekist fyrir ritara nefndarinnar, að þetta hefir fallið burt, verður því ekki við bjargað nema með brtt. við 3. umr.

Jeg get lýst yfir því, að jeg er að öðru leyti samþykkur brtt. nefndarinnar við 9. gr., en aftur er jeg ekki með öllu samþykkur brtt. hennar um dýrtíðaruppbótina. Jeg get tekið þar í sama streng og hæstv. forsætisráðherra, að jeg álít nokkuð langt gengið með því, að velta allri þessari byrði yfir á landssjóð.

11. lið brtt., um að bæta inn nýrri grein, er jeg fullkomlega samþykkur.

Um ákvæðið um stundarsakir ætla jeg ekki að tala. Það var bent á það af hæstv. forsætisráðherra, að framkvæmd þess geti orðið nokkuð örðug. Kannast jeg við það. En það var af samgirnisástæðum, að jeg fjelst á þetta atriði í nefndinni.

Í fám orðum sagt er afstaða mín sú, að jeg aðhyllist stjórnarfrv. með þeim breytingum, sem jeg hefi tekið fram að jeg gæti aðhylst. En yfirborðið af brtt. falla mjer ekki í geð, og mun jeg greiða atkv. á móti þeim.

Pjetur Jónsson: Það er einungis 10. brtt. nefndarinnar, sem jeg ætlaði að gera athugasemd við, en hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir nú mælt á móti þeirri brtt. af alveg sömu ástæðu og jeg hafði hugsað mjer að færa móti henni.

Jeg geri sem sje ráð fyrir, að þessi brtt. hafi mikla peningalega þýðingu fyrir ríkissjóð. Er þess vegna rjett að taka nú til verulegrar íhugunar, hvort rjett sje eða sanngjarnt að láta alla þessa fúlgu lenda á landssjóði, er dýrtíðaruppbót kennara nemur.

Jeg vil taka undir það með hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að gjaldþol sveitar- og bæjarfjelaga mun ekki vera neitt lakara en landsins sjálfs, heldur þvert á móti. Þess vegna er ekki rjett að ljetta af sveitar- og bæjarfjelögum og leggja á landssjóð það, sem þar á ekki beinlínis heima. Ástæður nefndarinnar fyrir því, að dýrtíðaruppbótin skuli greidd úr ríkissjóði, eru mjög bágbornar. Hún segir: „enda er það samkvæmt venju þeirri, sem orðið hefir þessi ár, sem dýrtíðaruppbót hefir verið veitt."

Jeg held, að menn ættu að muna, hvernig ákvæðið um dýrtíðaruppbót til barnakennara o. fl. kennara komst inn í þingsályktunartill. 1916—'17 og síðan inn í

dýrtíðarlögin. Það er síður en svo til eftirbreytni og hefir hvorki verið lengi nje vandlega hugað.

Mjer finst yfir höfuð þessi tilhneiging háttv. þm. til að ýta sem mestum gjöldum af hjeruðum og sveitum yfir á landssjóð, í alla staði lítilfjörleg og leiðinleg. Þegar farið er að koma á landssjóð miklu af framfæri barnanna af höndum foreldrunum, þá þykir mjer skörin tekin að færast upp í bekkinn. Með því er stofnað til þess fyrirkomulags á mannfjelaginu, sem varla miðar til farsællar menningar. En jeg tel fræðslukostnaðinn til framfæris barnanna rjett eins og matinn og annað, sem börnin þurfa til að ná fullum þroska. Hitt er miklu nær, og væri vel að kæmist á, að landssjóður eða opinberar landsstofnanir taki að sjer að annast þá, er fyrir aldurs sakir eða einhverra slysa verða öryrkjar og fara á sveitina. Það væri rjett, að komið væri upp einhverri landsstofnun, svo að landið alt tæki að sjer að annast framfæri þessara manna, sem eytt hafa kröftum sínum að öllum jafnaði til þjóðþrifa. Sú hugsun er eins göfug og hin er ógöfug. Í þessa átt miða t. d. alþýðustyrktarsjóðir. En jeg held, að það væri rjett, að þetta spor væri sem fyrst stigið til fulls; þá er því ljett af sveitarfjelögunum, sem rjett er að ljetta af þeim, og þá er ljett þeirri smán af mönnum, sem búnir eru að slíta sjer út, að þeir þurfi að fara á sveitina að starfslokum. Vil jeg beina því að þeim mönnum, sem ýta nú þessum tota hjer, að snúa sjer heldur að hinu.

Það væri líka nær, að ríkissjóður styrkti meir byggingu góðra skólahúsa heldur en sjálft skólahaldið. Það er ekki ljett í litlum fræðsluhjeruðum að koma upp húsum, hæfum til skólahalds og heimavista. En það er nauðsynlegt, að þau hús sjeu í alla staði góð. Hefi jeg stutt það á þingi. að landssjóður legði þar til fje, einkum þó í sveitum. Aftur er engin ástæða til að leggja sveitum að öðru leyti meira til barnafræðslu en bæjum. Að því leyti er jeg samþykkur frv.

Þetta var aðalatriðið fyrir mjer. Um eftirlitskenslurna skal jeg geta þess, að jeg tel ilt að sleppa henni úr frv. Þess vegna mun jeg styðja tillögu, sem fram kann að koma við 3. umr., um að bæta henni inn í frv. Þegar eftirlitskenslustörfin eru stunduð af góðum mönnum, hygg jeg, að þau standi næst okkar gömlu heimilisfræðslu og styðji hana og viðhaldi betur en skólarnir.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hafði það meðal annars að athuga við brtt. launanefndarinnar, að það gæti orðið erfitt, ef óhæfir menn kæmust að skóla, að semja um það skýrslu til stjórnarráðsins og senda hana. Yrði því seinlegt og vafningasamt að koma slíkum mönnum aftur frá starfinu. Ef um það væri að ræða, að svo mikil brögð væru að vanrækslu og illu framferði einhvers kennara, sem líklega kæmi þó sjaldan fyrir, þá liggur þó sími um alt land. Gæti þá skólanefnd látið stjórnarráðinu í tje nauðsynlegar upplýsingar í símskeyti.

Ef um sjúkdómshættu er að ræða, má kennarinn ekki halda áfram að kenna við skólann. En ef hann gerði það, ætti hann á hættu, að mál væri höfðað gegn honum og að hann kæmist undir hegningarlögin.

Þá fanst hæstv. forsætisráðh. (J. M.) ekki rjett, að dýrtíðaruppbótin væri goldin úr ríkissjóði. Um það má lengi deila, en ekki gátu rök hans sannfært mig.

Hvað það snertir, að ríkissjóður sje síður fær um að greiða þessa dýrtíðaruppbót en sveitarsjóðirnir, þá má deila um það fram og aftur. En gjaldendum landsins virðist mega á sama standa, hvort þeir greiða gjöld í ríkis- eða sveitarsjóð.

Viðvíkjandi athugasemd hæstv. forsætisráðh. (J. M.) um launaákvæðið um stund-

arsakir skal jeg taka það fram, að jeg get fallist á, að sú breyting sje á því gerð, að það næði að eins til þeirra kennara, er fullnægja kröfum 1. gr., um þá kennara, er fengið geta störf við fastaskóla og farskóla. Skal jeg bera þessa breytingu undir nefndina.

Næst skal jeg þá snúa mjer að háttv. þm. Borgf. (P. O.) Hann fann það fyrst máli þessu til foráttu, að þessi nefnd hefði fjallað um það. En það er auðvitað deildarinnar sök að hafa vísað málinu þangað, því ekki hefir nefndin tekið það neinu valdstaki. Um hitt skal jeg ekki deila, hvort mentamálanefnd hefði farið betur með málið eða ekki.

Það, sem háttv. þm. (P. O.) hafði þó einkum út á till. að setja, var það, að bæði stj.frv. og nefndin ætlaðist til þess, að veitingarvaldið verði dregið úr höndum skólanefndanna og fengið fræðslumálastjórninni, og hann talaði um það í þessu sambandi, að veitingarskilyrðin væru óhæfileg. Honum fanst það óhæfa, ef góðir menn, sem kæmu úr verslunar- eða mentaskóla, gætu ekki fengið starf við barnakenslu. En jeg vil benda honum á, að tæpast er við því að búast, að menn frá þessum skólum sæki um barnakenslu, nema þá því að eins, að þeir hafi ekki getað fengið störf við það, sem þeir hafa lært til — og eru þetta sjaldnast þeir úrvalsmenn, að eftirsókn sje eftir þeim. Annars er um veiting þessara starfa ekki ósvipað að segja og t. d. um veitingu presta- eða læknaembætta. Jeg get vel ímyndað mjer, að til sjeu ýmsir menn, sem ekki hafa lært guðfræði, en væru fullvel færir um það, að gegna flestum prestsverkum svo, að menn fyndu ekki ýkjamikinn mun á þeim og lærðum prestum. Sama er um lækna. Það er vitanlegt, að margir próflausir menn fást við lækningar og það svo, að fjöldi manna hefir meiri trú á þeim en lærðum læknum. Jeg segi ekki þar með, að jeg trúi svo á þessa lækna, en jeg segi það til samanburðar fyrir háttv. þm. Borgf. (P. O.). Jeg þykist vita, að hvorki hann nje aðrir vilji ganga inn á þá braut, að fara alment að veita ólærðum mönnum læknisleyfi. En er þá nokkru meiri ástæða til þess um kennara? Benda má líka á það, að alstaðar þar sem fræðslumál eru í besta lagi, svo sem í Danmörku og Þýskalandi, er kennarapróf sett sem skilyrði fyrir barna- og unglingakennarastarfi, og sama hefi jeg heyrt að eigi sjer stað í ýmsum ríkjum Bandaríkjanna.

En ef á annað borð á að fara að sleppa lausum taumunum í þessum efnum, þá er eins gott að hallast undir eins að þeirri till. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að leggja niður kennaraskólann. En við, sem einhverja nasasjón höfum af barnafræðslu, skiljum það, að þó sumir sjeu fæddir kennarar af guðs náð, þá er allur þorri kennara það ekki, og þess vegna eru þeir óhæfir, ef þeir hafa ekki lesið eitthvað sjerstaklega til að búa sig undir þetta starf, svo sem uppeldisfræði.

Þá talaði háttv. þm. (P. O.) um það, að sjer þætti hart, að kennari, sem t. d. hefði veikst eitt ár, fengi ekki að halda áfram starfi sínu. En slíkt kæmi ekki til. Slíkt yrðu auðvitað talin lögmæt forföll. — Ef maðurinn væri veikur heilt ár í einu fimta hvert ár, og væri mjög lengi búinn að vera kennari, er hætt við, að hann væri orðinn svo bilaður, að hann megnaði ekki að hafa á hendi kenslu. Frá minni hálfu stendur ákvæði þetta að eins til þess, að reyna að skjóta loku fyrir það, að kennari hverfi að og frá starfi sínu á víxl, eftir því, sem honum býðst önnur atvinna, sem hann kýs heldur í svipinn.

Þá er veitingavaldið. Háttv. þm. (P. O.) taldi óhæfilegt að fela það fræðslumálastjórninni. Mín ætlun er nú sú, að landsstjórnin færi í þessum efnum eftir till. fræðslumálastjóra, sem er flestum þessum málum kunnugastur og á að bera betra skyn á þau en alment gerist. Það er óþarfi

að tala um skriffinsku í sambandi við þessar veitingar öðrum fremur, því engin sjerstök byrði ætti stjórninni að verða að þeim. Háttv. þm. Borgf. (P. O.) sagði að vísu, að þess væru engin dæmi, að fræðslunefndir hefðu valið kennara svo illa, að ástæða væri þess vegna til að taka af þeim veitingarvaldið, og í sama strenginn tók háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Þeir sögðu líka, að áhugi nefndanna á málum þessum mundi minka, ef þetta yrði frá þeim tekið. Jeg vil því í þessu sambandi, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr skýrslu frá fræðslumálastjóranum, þar sem hann skýrir frá sinni reynslu í þessu:

„En sumstaðar hefir kosning í fræðslunefnd tekst svo hrapallega, að ástæða er til að ætla, að það hafi verið gert af ásettu ráði, til að hindra það, að nokkur hlutur yrði gerður fræðslulögunum til framkvæmda". (Alþt. 1918 A, bls. 42).

Þetta segir nú sá maðurinn, sem kunnugastur ætti að vera málum þessum. Og þó ummæli þessi standi auðvitað á hans eigin ábyrgð, en frekari skýringar fylgi ekki, þá býst jeg við, að fáir rengi þau. (*P. O.*: Jeg rengi þau). Jeg held líka, að þessi marglofaði mikli áhugi skólanefnda sje víða af skornum skamti. Það væri því ekki eins mikill skaði skeður í því, þótt eitthvað minkaði „áhugi" nefndanna, hjá því, ef áhugi kennaranna sjálfra minkaði við það, að hafa þessar nefndir einvaldar yfir höfði sjer. Því þó margir menn í þessum nefndum sjeu gáfu- og sómamenn, þá er þekking þeirra á fræðslu- og skólamálum að ýmsu leyti ónóg, eins og líka er við að búast, þar sem margir þeirra hafa sjálfir aldrei komið í neinn skóla. Það er þess vegna tæpast hægt að gera kröfu til þess, að þeir sjái einir fyrir þessu mesta vandamáli þjóðfjelagsins. Því með rjettu verður því ekki mótmælt, að best sje, að veitingavaldið, á hvaða starfi sem er, sje hjá þeim, sem mesta hafa þekkinguna á því starfi. Og auðvitað á fræðslumálastjórinn að vera mjög vel að sjer í öllum uppeldismálum, og sama á að verða um kennara, svo að þegar launakjör þeirra eru orðin sæmileg, á að vera unt að fá sæmilega menn í þá stjett, ef ljós þeirra er ekki sett undir mæliker misjafnra fræðslunefnda.

Reyndar stendur alt þetta mál í nánu sambandi við það, hvort menn hallast heldur að því, að dreifa valdinu í fræðslumálum á hendur alls fjöldans, eða sameina það sem mest hjá einstökum mönnum. En það fyrra tel jeg fyrir mitt leyti varhugavert að minsta kosti. Jeg er ekki fjarri því, að alræðisvald mundi heppilegast í þessu tilfelli, að mestu leyti, ef góður maður veldist til að fara með það.

Enn fremur þótti háttv. þm. Borgf. (P. O.) hart að ákveða 6 mánaða farskólakenslu. En fræðslumálastjóri hefir talið óheppilegt, að kennarar hefðu skemri starfstíma en þetta, og bent á, að ef lítið væri að gera handa kennara í einni sveit, gætu tvær slegið sjer saman. Á þennan skilning hefir nefndin fallist.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) fann einnig að því ákvæði 1. gr., að ekki mætti veita próflausum manni kennaraembætti, þó hann hefði verið settur til þess að gegna því, jafnvel í fimm ár. En jeg held, að þetta geti tæpast komið fyrir, að maður verði settur svo lengi. En ef svo væri, og hann reyndist vel, ætti eftir mínum skilningi að mega veita honum starfið. Háttv. þm. (P. O.) taldi það eiga að vera nægilegt að hafa góð meðmæli. En jeg býst þó við, að hann viti það vel, hvernig flest þessi meðmæli eru til orðin. Þau eru gefin í greiðaskyni, og þarf að nota þau með mikilli dómgreind.

Þá hefir háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) lagt ekki litla áherslu á það, sem hann kallar stórvægilegasta atriðið í þessu öllu, sem sje eftirlitskensluna. Það mun vera rjett, að kensla þessi sje nokkuð að aukast. En vafasamt hygg jeg, að hún sje annari kenslu

betri, eins og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) hafa viljað halda fram. Hún hefir undir mörgum kringumstæðum reynst kákkensla, eins og við var að búast. Það er sem sje ekki hægt að ætlast til þess, að kennari, sem að eins kemur á bæ og bæ við og við, geti haft þau uppalandi áhrif, sem dagleg umgengni hefir í för með sjer hjá góðum kennara. En það er einmitt sá þáttur kenslunnar, sem mestu varðar. Börn geta ekki verið lærðir menn. Það er ekki lærdómurinn, sem er aðalatriðið, og einhver góður maður hefir sagt, að mentun væri það, sem eftir væri, þegar menn hefðu gleymt öllum lærdómi. En þetta sjest mönnum yfir hjer, enda hefir áhuga manna á kenslumálum og skólahaldi stórhrakað á síðustu árum, og fræðslunefndir víða gert sitt til þess, að halda skólunum niðri. Veldur þessu að vísu stríðið og erfiðleikar, sem af því hafa stafað.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) virðist gengið hjer inn á nýja braut, með því að taka framfærsluskyldu barna af sveitarfjelögunum og skella henni yfir á ríkissjóð. En jeg sje nú ekki, að sveitunum beri meiri skylda til að menta börnin en ríkinu í heild. Það ætti að koma nokkurn veginn í sama stað niður — meðan þess er ekki krafist, að forráðamenn barnanna sjái sjálfir fyrir kenslu þeirra barna, er þeir sjá um, og kosti hana einir.

Jeg álít þvert á móti, að það sje skylda þjóðfjelagsins að sjá sem mest fyrir barna- og unglingafræðslu. Ef það ræður þá skyldu vel, þá elur það upp handa sjálfu sjer góða borgara.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 6. sept., var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 40, n. 581, 580, 602).

Pjetur Ottesen: Jeg get ekki komist hjá að minnast á nokkur atriði í máli þessu aftur. Mjer hafði síst dottið í hug, að jafnhógværar athugasemdir og þær, sem jeg gerði í gær um málið, mundu hleypa slíkri ólgu í blóð hv. frsm. (Þorst. J.), sem raun varð á. Mjer þótti sem háttv. þm. (Þorst. J.) vildi sýna, að hann talaði í þessu máli sem sá, er valdið hefði og viskuna, og ekki gleymdi hann að láta vita, að hann væri maður með kennaraprófi. Mjer þótti það ekki hafa verið rjett gert að ganga fram hjá mentamálanefnd með mál þetta, sem beint sýndist heyra undir hana; og mjer þótti það undarlegt, hvílíkt kapp var lagt á að koma því til launamálanefndar, og það ekki síst af háttv. frsm. (Þorst. J.), þar sem þó er í frv. um svo mikilvægt mál að ræða sem skipun kennara jafnframt launaspursmálinu. Það sjest og ljóslega, að launamálanefnd muni ekki hafa haft mikla samvinnu við mentamálanefnd, sem var þó áreiðanlega tilætlun sumra hverra, sem greiddu atkvæði með því, að frv. færi í launanefndina, þar sem nú er nýkomin tillaga frá mentamálanefnd um að endurskoða alt skipulag alþýðufræðslu frá rótum; því að sú niðurstaða, sem við þá endurskoðun kemur fram, getur hæglega komið í bág við ákvæðin um skipun kennara í frv. þessu.

Háttv. frsm. (Þorst. J.) vildi gera lítið úr því, að bagalegt gæti orðið að bægja öllum öðrum frá barnakenslu en mönnum með kennaraprófi, hvað vel mentaðir sem þeir kynnu að vera. Hann vildi halda því fram, að engir aðrir en úrkast mentamanna mundu gefa sig fram til þeirrar kenslu. Það kann að vera eitthvað til í þessu, á meðan launakjör barnakennara eru eins og þau eru nú alment; þó hafa sumar skólanefndir launað kennurum mun betur en lög mæla fyrir. En ef launakjör barnakennara batna, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, þá fer fullyrðingin að verða hæpin, og hún var hæpin hvort sem var, því að sumir menn eru svo gerðir, að þeir horfa ekki í

að gefa sig við barnakenslu, þótt fyrirsjáanlegt sje, að þeir geti haft meira upp úr öðru; mætur á börnum, áhugi á kenslumálum og fleira knýr þá til þess. Suma þessa menn, eða flesta, er að líkindum meiri skaði að missa frá kenslustarfi en ýmsa, sem kennarapróf hafa tekið, þótt hins vegar sje nauðsynlegt að gera þær kröfur til kennara, að þeir hafi aflað sjer þeirrar undirstöðuþekkingar, sem útheimtist til að geta leyst kennarastarfið sæmilega af hendi.

Áður fyrri var það algengt, að prestar tækju þátt í uppfræðslu barna, og er það síst að efa, að það hafi komið að liði. Mentun þeirra til prestsskapar hefir því reynst fullnægjandi einnig til þeirra starfa.

Að það sje rjett hjá háttvirtum frsm. (Þorst. J.), að kennarapróf sje gert að skyldu á öllum Norðurlöndum, skal jeg ekki efast um.

En hitt getur verið álitamál, hvort alþýðumentun þeirra er nokkru betri en okkar.

En tæplega verður því neitað, að það skyti nokkuð skökku við, ef kennarar við kennaraskólann eiga ekki að teljast hlutgengir í barnakennarastöðu. Þeir, sem hafa á hendi að kenna barnakennurum og búa þá undir starf sitt, geta sjálfir ekki komist að barnaskólunum.

Ekki veit jeg til, að þeir menn, sem nú kenna við kennaraskólann, sem bæði eru guðfræðingar og háskólamenn, hafi tekið kennarapróf, og munu þeir þó vel færir til að undirbúa menn til kenslu.

Þá má líka benda á það, að bæði söng- og teiknikennarar eiga eftir þessu ekki að vera hlutgengir til að kenna sínar greinar, ef þeir hafa ekki kennarapróf. Það getur þó engum dulist, að margir þeirra manna hafa notið betri undirbúnings í sinni kenslugrein en völ er á í kennaraskólanum. En þetta á nú auðvitað frekar við stóru skólana í kaupstöðum, þar sem kenslunni er skift milli margra manna. En það er sama, lögin ná líka yfir þá skóla.

Jeg held því, þegar háttv. frsm. (Þorst. J.) gefur í skyn, að jeg hafi ekki athugað þetta mál nógu rækilega, að þá hafi jeg talsverða átyllu til að beina sömu aðdróttun að honum.

Það er auðvitað, að ef taka á lögin bókstaflega, eins og hver önnur lög, þá hafa þessir menn, sem jeg mintist á, engan rjett til kennarastöðu.

En ef veita á eilífar undanþágur og undantekningar, þá eru lögin að eins pappírslög og einskisnýt.

Þá mintist háttv. þm. (Þorst. J.) á skóla- og fræðslunefndir og taldi þær bæði þekkingarsnauðar, áhugalausar og að þær hefðu enga dómgreind. (*Þorst. J.*: Þetta er ekki rjett eftir haft). Jú, það er alveg rjett, og hv. frsm. (Þorst. J.) færði þessu til sönnunar orð úr einhverju „dokumenti", sem komist hefir inn í Alþingistíðindin, frá fræðslumálastjóranum.

Annars lítur út fyrir, að þetta „dokument" sje orðið nokkurskonar gimsteinn í íslenskum skólamentum, þar sem það er lesið upp á hverju þingi.

Það var lesið upp á þinginu í fyrra, og það er lesið upp nú, og á sjálfsagt eftir að verða lesið upp mörgum sinnum í framtíðinni.

Annars held jeg, að þessi ályktun sje töluvert hæpin, þó finna megi ef til vill einstök dæmi þessa, en það er hin mesta fjarstæða og herfilegasti sleggjudómur að álykta það út af þessu, að ástandið sje svona yfirleitt.

Þetta átti nú að vera sönnun þess, að engin meining væri í því að hafa veitingavaldið í höndum þessara manna. En jeg hygg nú, að engar skýrslur hafi komið um það, hvernig því valdi hefir verið beitt á hinum hærri stöðum.

Það hefði þó verið rjett að láta eitthvað koma fram um það um leið. Það hefir að minsta kosti verið deilt um það, á hvern hátt fræðslumálastjórinn hafi komist í sitt embætti, þar sem það var alt annar maður, sem lagt hafði grundvöllinn undir það fræðslumálakerfi, sem nú er, og mun hann því ekki hafa verið neitt síðri í þetta embætti. En út í þá sálma skal jeg ekki fara frekar.

Það er því ekki neitt víst, að betri tryggíng fáist með því, að veitingavaldið hverfi í hendur stjórnarinnar, eða öllu heldur fræðslumálastjórans, eins og reyndin verður, þar sem stjórnin verður nokkurskonar skósveinn hans, sem skrifar undir og samþ. tillögur hans.

Um skriffinskuna þarf ekki að deila. Hv. frsm. (Þorst. J.) hlýtur að kannast við það, að þessu fylgir óskapleg skriffinska. Og trúað gæti jeg því, að fljótlega þætti ástæða til þess að bæta talsverðum starfskröftum við í stjórnarráðinu, til að annast öll þau brjefaskifti og skriftir, sem þessu mundu fylgja.

En það er önnur hætta, sem felst í þessu, að taka veitingavaldið af fræðslu- og skólanefndum.

Það er nú svo komið, að miklu minni rækt er lögð við heimilisfræðslu en áður var. Hún hefir þó fram að þessu verið einn sterkasti þátturinn í menningu landsins. En heimilin hafa varpað áhyggjum sínum upp á skólana og borið traust til þeirra. Um hitt er ekkert með því sagt, hvort þeir hafa reynst þess trausts verðir eða ekki.

En nú er það nauðsynlegt, að góð samvinna eigi sjer stað milli skólanna og heimilanna. Annars verður öll fræðslan eins og rótlaust trje.

En með þessu, að taka öll ráð og allar áhyggjur af skóla- og fræðslunefndum, er einmitt gengið lengra á þeirri braut, að draga úr heimilisfræðslunni, og það er jeg sannfærður um, að það getur haft meiri hættu í för með sjer en hægt er að gera sjer grein fyrir í fljótu bili.

Háttv. frsm. (Þorst. J.) sagði, að áhuganum fyrir alþýðumentun hefði stórhrakað á síðustu árum, en það á einmitt rót sína að rekja til þess, að heimilisfræðslan hefir lagst niður.

Jeg vil minna á það, að þótt menn hafi verið á kennaraskólanum og lokið prófi þaðan, þá getur það verið varhugavert að trúa of mikið á þá eða próf þeirra. Jeg hygg, að sama megi segja um það og háttv. frsm. (Þorst. J.) sagði í gær um þessa oftrú á „homöopata".

Þar slæðast auðvitað inn misjafnir menn, eins og annarsstaðar, enda hafa menn oft keypt köttinn í sekknum í vali þeirra.

Það er því engan veginn víst, að allir þeir, sem gengið hafa á kennaraskólann, sjeu kennarar af guðs náð, eins og háttv. frsm. (Þorst. J.) hjelt fram.

(*Þorst. J.*: Jeg hefi aldrei haldið því fram). Það getur nú rjett verið, því farið er að skefla yfir þetta, og háttv. frsm. (Þorst. J.) var svo mikið niðri fyrir, þegar hann var að halda ræðu sína, að vel getur verið, að jeg hafi ruglast í einhverju af því, sem hann sagði.

En hvað sem því líður, þá hygg jeg, að ef breyting þessi nær fram að ganga og veitingavaldið tekið af fræðslu- og skólanefndum og fengið í hendur stjórnarráðsins eða fræðslumálastjórans, þá geti það orðið rothögg á alþýðumentun hjá okkur. Jeg veit, að háttv. frsm. (Þorst. J.) lítur öðruvísi á. Og ef til vill verður það eina ráðið til að sannfæra hann um það rjetta, að framkvæma þessar breytingar. En hræddur er jeg um, að sú reynsla hans geti orðið dýrkeypt.

Þá mintist háttv. frsm. (Þorst. J.) á, að jeg hefði haldið því fram, að of mikið væri að ákveða 6 mánaða kenslu í fræðsluhjeruðunum, eins og gert er í lögum þessum.

Jeg sagði ekkert um það, en spurði að

eins, á hverju það væri bygt, þar sem ekkert slíkt ákvæði er í fræðslulögunum.

Jeg spurði enn fremur að því, hvort laun þau, sem hjer eru, ættu að haldast óbreytt, þótt kent væri á skemri tíma.

Jeg sagði heldur ekkert um það, að launin væru of há, jeg fór ekki einu sinni út í þann kafla laganna; að eins mintist jeg á mismuninn, sem gerður er á farkennurum og kennurum við fasta barnaskóla.

Að lokum mintist háttv. frsm. (Þorst. J.) á það, að hrepps- eða sveitarfjelög gætu slegið sjer saman um kensluna. Því hefir líka verið haldið fram af fræðslumálastjóranum.

En það er víðast hvar mjög miklum annmörkum bundið, og er því ekki til neins að vísa til þess, þar sem það mun víða reynast ógerningur, að minsta kosti meðan ekki er komið upp heimavistaskólum í sveitum. Þetta sýnir bara ókunnugleik þessara háu herra á þessu atriði.

Skal jeg svo ekki fara lengra út í þetta mál að sinni.

Gísli Sveinsson: Jeg skal ekki blanda mjer í orðræður þeirra hv. frsm. (Þorst. J.) og háttv. þm. Borgf. (P. O.) um ýms ákvæði í frv. þessu.

En jeg á hjer brtt., sem jeg vildi mæla lítið eitt með. Held jeg þó, að hún mæli með sjer sjálf. Það er að eins dálítil breyting við launaákvæði frv., sem háttv. nefnd hefir engar breytingar gert á.

Jeg er nú alls ekki ósammála hæstv. stjórn, að launaákvæðin sjeu yfirleitt hæfileg. Að eins þykir mjer of mikill munur gerður á flokkum eftir 9. gr. frv.

Þar er í fyrsta lagi það ákvæði, að forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum hafi 2000 kr. laun á ári, en kennarar við þá skóla 1500 kr. Í b. lið 9. gr. er svo ákveðið, að forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða skuli hafa 1500 kr. árslaun, en kennarar við þá skóla 1200 kr.

Hjer finst mjer ekki rjett að gera svo mikinn mun á forstöðumönnum skólanna eftir því, hvort þeir eru í kaupstöðum eða utan.

Kaupstaður er, eins og menn vita, ákveðið hugtak, sem táknar kauptún, sem hefir kaupstaðarrjettindi að lögum. En hins vegar er fjöldi annara kauptúna, sem hafa mannfjölda allmikinn og þá auðvitað barnafjölda líka.

Það verður því mjóst á munum um ábyrgð forstöðumanna kaupstaðaskólanna og hinna. Það er því alls ekki rjett að gera þá svo miklu rjetthærri.

Þess ber líka að geta, að við skólana utan kaupstaða starfar oft að eins einn maður, í mesta lagi tveir.

Það gefur því að skilja, ef kennarinn er einn, að þá verður hann að vinna margfalt meira en tíðkast við kaupstaðaskólana, þar sem oft eru margir kennarar. Og sjerstaklega er það áberandi þegar þess er gætt, að forstöðumenn skólanna t. d. í kauptúnum eiga að hafa jöfn laun og einfaldir kennarar við kaupstaðaskólana.

Þeir hafa að eins kensluna á hendi, oft ekki nema í einum bekk, en enga ábyrgð ella. En hinir hafa ábyrgðina, og auk þess oft og einatt alla kensluna í öllum bekkjum.

Störfin verða því ekki lögð að líku.

Jeg hefi því leyft mjer að leggja það til, að laun forstöðumanna við skóla utan kaupstaða verði hækkuð upp í 1800 kr., og verða þau þá næstum mitt á milli launa forstöðumanna og kennara við kaupstaðaskólana.

Laun kennara við skóla utan kaupstaða vil jeg, í samræmi við það, færa úr 1200 kr. upp í 1400 kr.

Og jeg þykist mega vænta þess, að háttv. deild líti með sanngirni á þessar breytingar og kannist við, að þær sjeu rjettmætar.

Það, sem mest er deilt um hjer, að því er málið sjálft snertir, virðist vera það, hvar

völdin eigi að vera til þess að ráða kennara og víkja þeim frá.

Nefndin leggur til, að þau völd sjeu aðallega í höndum stjórnarráðsins, og er það gagnstætt því, sem verið hefir.

Þetta getur verið álitamál. En því verður ekki neitað, að þar sem ríkissjóður á að bera byrðar af kensslunni, þá sje æskilegast, og enda bein afleiðing, að stjórnarráðið hafi hönd í bagga með.

En hins vegar getur það verið varhugavert að draga þetta vald algerlega úr höndum fræðslu- og skólanefnda.

Mjer þykir því helst til vægilega að orði komist í 2. brtt. nefndarinnar, þar sem sagt er, að stjórnarráðið veiti stöðuna, eftir að það hefir leitað meðmæla skóla- eða fræðslunefndar.

Hitt hefði verið betra, að stjórnarráðið, þótt það að forminu til hafi veitingavaldið, væri skyldugt til að fara eftir till. þeirra.

En þetta mætti laga með lítils háttar orðabreytingu, og þar sem jeg tel víst, að háttv. nefnd meini þetta, þá vona jeg, að hún geri þá lagfæringu fyrir 3. umr., ef till. hennar komast svo langt.

Jeg fellst líka á það, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að ef ríkar ástæður eru til að víkja kennara frá um stundarsakir, þá megi gera það án íhlutunar stjórnarráðsins. Það þarf ekki að vera nein mótsögn í því, að skóla- eða fræðslunefndir hafi vald til þess, þegar það er að eins um stundarsakir. En auðvitað verður að leita fullnaðarsamþykkis stjórnarráðsins, ef víkja á manninum frá fyrir fult og alt.

Vona jeg svo, að háttv. nefnd verði fús til að athuga þetta fyrir 3. umr. málsins, ef til þess kemur.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Jeg þarf litlu að bæta við það, sem jeg hefi áður sagt um þetta, en vildi að eins svara með fáum orðum háttv. þm. Borgf. (P. O.), af því mjer fanst kenna nokkurs misskilnings í ræðu hans. Hann tók það rjettilega fram, að kennarar þyrftu góða undirstöðumentun. Jeg er þar á sama máli. En mjer fanst hann skilja dálítið annað við orðið undirstöðumentun en jeg. Það er alveg rjett, að prestar veittu áður fræðslu, og mjer dettur ekki í hug að neita, að það var oft gert með góðum árangri. En hv. þm. verður að gá að því, að þótt prestar hafi eitt sinn þótt góðir barnafræðarar, þá er ekki þar með sagt, að þeir sjeu þeir heppilegustu menn, sem hægt er að fá til þess nú. Því á síðustu tímum hefir myndast alveg ný fræðigrein í kenslumálum, sú fræðigrein, sem kölluð er uppeldisfræði. Þessi fræðigrein hlýtur að koma til greina við kenslu barna í hverri fræðigrein sem er. Hún er undirstaðan undir allri barnafræðslu. Og maður, sem á að kenna, en kann ekkert að fara eftir grundvallaratriðum uppeldisfræðinnar við kensluna, er ófær kennari. Þetta á við hvaða námsgrein sem er, jafnt við söng og teikningu eins og t. d. uppfræðslu í kristnum fræðum eða reikningi.

Jeg held fast við það, sem jeg hefi áður sagt um fræðslunefndirnar, að þær eru ekki allar starfi sínu vaxnar, þó að margar sjeu góðar. En um fræðslumálastjórann vil jeg ekki tala á sama grundvelli og hv. þm. Borgf. (P. O.) talaði um hann, álít ástæðulaust að draga þann ágæta mann inn í umræðurnar á þann hátt, sem þm. vildi.

Ef maður athugar aðstöðu heimilanna til skólanna og kenslunnar nú og fyrrum, þá er hún gerbreytt orðin. Áður voru sveitaheimilin venjulega fjölmenn; þar var einatt gnægð manna til allra starfa, og vanst því miklu meiri tími til barnafræðslu þá en nú. Auðvitað var sú fræðsla víðast mjög einhæf og ófullkomin. Nú eru heimilin fámenn að vinnandi fólki; þess vegna

hefir fólkið meira en nóg að gera og er altaf önnum kafið við heimilisstörfin. Hitt er rangt, að jeg hafi nokkurn tíma skoðað það skólanna hlutverk að draga alla fræðsluna frá heimilunum. Jeg álít þvert á móti, að skólarnir eigi að vinna saman með heimilunum að uppeldi barnanna og fræðslu. Enda mun líka mjög oft vera raunin sú, að heimilin láti börnunum meiri fræðslu í tje, ef þau ganga í skóla, en ef þau eiga að eins að nema heima. Að minsta kosti verður þetta, ef góð er samvinna milli skólanna og heimilanna.

Jeg tók það fram gegn þeirri ástæðu, að alþýðumentun í landinu hefði hrakað nú síðustu árin, að það væri af völdum styrjaldarinnar og dýrtíðar, sem sorfið hefir að mönnum undanfarið, svo menn hafa miklu síður haft tækifæri til að leita sjer mentunar. En þessu gekk hv. þm. Borgf. (P. O.) alveg fram hjá.

Sama fjarstæðan er það líka, að jeg hafi sagt, að allir, sem í kennaraskólann gengju, yrðu kennarar af guðs náð. Auðvitað eru menn þaðan misjafnlega upplagðir til kenslu, og hefir mjer aldrei dottið í hug að halda öðru fram.

Þá bar hv. þm. Borgf. (P. O.) mjer það á brýn, að jeg legði svo mikið upp úr prófunum. Jeg hefi aldrei talið það neitt aðalskilyrði, þótt fara verði eftir prófunum, svo maður hafi eitthvað við að miða. Prófin eru meðmæli, en auðvitað misjafnlega áreiðanleg, eins og önnur meðmæli.

Jeg get verið samþykkur brtt. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). En alt þetta mál er svo vandasamt og merkilegt, að full ástæða hefði verið til að rannsaka það miklu nánar en tök hafa orðið á nú hjer í þinginu.

Sveinn Ólafsson: Mjer er ant um þetta mál, og geðjast ekki að þeim breytingum, sem hjer er lagt til að gera á skipun fræðslumálanna. Með breytingunum er að mínu áliti spilt því starfi, sem fræðslunefndir hafa haft með höndum, því að ef nú verður tekin upp sú tilhögun, að leggja þetta eftirlitsstarf að nokkru undir stjórnina, þá hverfur áhuginn hjá fræðslunefndunum fyrir því, að leysa það vel af hendi, og áhyggjunum verður varpað á herðar stjórninni, sem skilyrði brestur til að taka að sjer verk fræðslunefnda. Jeg álít þetta atriðið í brtt. samvinnunefndar launamála miklu meira vert en breytinguna á launakjörum kennara, og unnið fyrir gýg, ef fræðslunefndirnar eiga framvegis að vera ábyrgðarlaus skuggi fræðslumálastjórnar við fræðslustarfið.

Mig furðar mikillega á stóryrðum þeim, sem fallið hafa hjer um þetta mál. Þannig komst hv. frsm. (Þorst. J.) svo að orði, að fræðslunefndir hafi blátt áfram dregið úr fræðslustarfinu og hamlað því.

Slík fullyrðing er tæpast sæmandi. Sjeu þess einhver dæmi, að fræðslunefndir hafi svo freklega vanrækt skyldu sína, þá eru það undantekningar, sem óviðurkvæmilegt er að tala um eins og reglu. Það er jafnfráleitt eins og að segja eiturbyrlun almenna hjer á landi, af því að við þekkjum eitt dæmi þess, að andlega vanheil, ólánssöm kona bruggaði bróður sínum banaráð með eitri hjer í bæ fyrir fáum árum.

Það má svo heita, að í þessu frv. sje alveg gengið fram hjá því, að bæta kjör farskólakennaranna. Það er eins og menn hafi hálfgerða ótrú á þeim. Allir einblína á föstu kennarana og skólana, og fyrir þá er þessi nýja skipun gerð, en sveitunum, með sínum sjerstöku kensluháttum, enginn gaumur gefinn, og þó vita allir, að strjálbygðin þar aftrar skólahaldi í vanalegum skilningi, og þar getur víða hvar engin önnur aðferð en farskólakenslan komið til greina, eða þá eftirlit með heimilafræðslu, þar sem skólaskyldan og fræðslufálmið nýja hefir ekki enn lagt í rústir heimilafræðsluna fornu.

Kjör farkennara og eftirlitskennara hafa með frv. þessu að litlu leyti bætt verið, en ef til vill hvílir nú ungmennafræðslan einna þyngst á þeim, og ekki er þeirra starf óverulegasti þátturinn í fræðslustarfinu.

Hv. frsm. (Þorst. J.) ljet svo um mælt, að skólarnir ættu að vera meðhjálp heimilanna við uppeldið. Þetta er laukrjett. En það segir jafnframt, að heimilin eiga að annast verkið — en ekki að varpa því frá sjer — og njóta til þess styrks skólanna. Einmitt fyrir þessa skuld verður að hlúa að heimilafræðslunni, uppeldisstarfinu þar, og þeim, sem hjálpar heimilunum til að rækja þetta starf beinlínis, eins og eftirlitskennarar gera.

Mjer var ánægja að heyra, hvernig hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók í þetta mál, því hann var mjer sammála í því atriðinu, sem jeg tel mestu varða, um stjórn og meðferð fræðslunefnda og skólanefnda til sveita um fræðslustarfið. Þess vegna ætla jeg að gera ráð fyrir, að brtt. við 3. og 4. gr. verði feldar.

ATKVGR.

Brtt. 580,1. samþ. með 12 shlj atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 : 2 atkv.

Brtt. 580,2. feld með 17 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. Árna., J. J., Þorst. J., J. B.
nei: Þorl. J., J. M., B. K., B. St., G. Sv., H. K., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Ó. B.

Fjórir þm. (B. Sv., E. A., E. J og Þór. J.) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 580,3. tekin aftur.

3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 580,4.a. samþ. án atkvgr.
— 580,4.b.—e. teknar aftur.

4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 580,5.a. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 580,5.b. tekin aftur.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 580,6. tekin aftur.

6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 580,7.a—b. samþ. með 12 : 2 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 13 : 1 atkv.

Brtt. 580,8. feld með 16 : 3 atkv.

8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 602,9.a.—b. feld með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., G. Sv., J. M., J. B., M. G., P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þorst. J.
nei: B. St., E. Árna., H. K., J. J., M. P., M. Ó., P. J., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Ó. B.

Fjórir þm. (B. Sv., E. A., E. J. og Þór. J.) fjarstaddir.

Brtt. 580,9. samþ. með 15 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

10.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 580,10.a.—b. feld með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B., P. O., P. Þ., Þorl. J., Þorst. J.
nei: B. K., B. St., E. Árna., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Ó. B.

Fjórir þm. (E. A., E. J., Þór. J. og B. Sv.) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 580,11. (ný gr., verður 14. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 580,12. samþ. án atkvgr.

14. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

15. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 580,13.a.—b. samþ. með 12 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt (verður 17. gr.), samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 707, 710, 730, 746, 750).

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj. um brtt. 746 og 750, er of seint var útbýtt.

Magnús Guðmundsson: Jeg á brtt. á þgskj. 750. Er hún í sama anda og sú brtt., er nýlega var feld hjer, um laun yfirsetukvenna, svo jeg býst ekki við, að hún eigi upp á háborðið hjá hv. deild.

Jeg get ekki fallist á þá stefnu, sem hv. deild virðist vera að taka upp og fer í þá átt, að demba sem mestu af sveitarsjóðum yfir á ríkissjóðinn. Það er ekki svo lítil byrði, sem er lögð á herðar ríkissjóðnum með þessu frv., því jeg býst við, að það nemi um 100 þús. kr. Svo koma yfirsetukonurnar, með 30—40 þús. kr., og svo kemur það, að ríkissjóði er gert að borga hluta af framfærslu manna á sjúkrahúsum, og nemur það um 60 þús. kr. á ári. Ef mín brtt. verður feld, held jeg, að það væri miklu hreinlegra að láta ríkissjóðinn bera allan kostnaðinn við barnafræðsluna: það gæti ekki munað miklu, því eftir fjárlögunum, sem samþ. voru í gær, borgar ríkissjóður 192,200 kr. af þessum kostnaði á fjárhagstímabilinu. Ef þessi stefna heldur áfram sigurför sinni, sje jeg ekki annað en að nýja tekjustofna verði að finna. Jeg býst við, að það sýni sig hjer sem oftar, að þessi veslings ríkissjóður á fáa formælendur. Vildi jeg benda á þetta og láta það álit í ljós, að þessi stefnubreyting er alls ekki til bóta, enda mun það sýna sig, að það verður miklu meira gætt hófs, t. d. um fjölda kennara, þegar sveitarsjóðir borga, heldur en þegar það er ríkissjóður.

Gísli Sveinsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt., sem fer í líka átt og sú, sem ekki náði fram að ganga við síðustu umr., sem sje að nokkuð sjeu hækkuð laun kennara og forstöðumanna skóla utan kaupstaða. Þessi till. er á þgskj 710, og sem framhald á þgskj. 746. Jeg geri ráð fyrir, að hv. deildarmenn fallist á, að í stað 1500 kr. komi 1600 kr.; það munar að eins einu hundraði, og jeg býst við, að mörgum þyki jafnvel of vægt farið í sakirnar. Þegar þess er líka gætt, að einfaldir kennarar í kaupstöðum hafa 1500 kr., þá virðist ekki nema sanngjarnt, að forstöðumenn skóla utan kaupstaða hafi 100 kr. meira í kaup fyrir þá ábyrgð, er á þeim hvílir fram yfir hina. Starf þessara manna er líka oft meira, vandasamara og erfiðara heldur en starf kaupstaðakennara, eins og jeg hefi áður sýnt fram á.

Svo er hin brtt., á þgskj. 746, þar sem farið er fram á, að 12. gr. frv. verði breytt. Fyrsti liðurinn á þgskj. er settur til skýringar, svo að ekki geti orkað tvímælis, að þjónustualdur þeirra skuli vera reiknaður frá þeim tíma, er þeir urðu fastir kennarar, en ekki frá þeim tíma, er þeir voru ráðnir við skólann, eftir að lögin koma í gildi. Annar liðurinn er efnisbreyting, um að launahækkunin fari ekki fram 4. hvert ár, heldur 3. hvert ár, og er það í samræmi við launahækkun annara starfsmanna, samkvæmt launafrv. embættismanna. Þriðji liðurinn er í beinu sambandi við brtt. mína á þgskj. 710, er jeg fyr talaði um. Þar er gert ráð fyrir, að launin hækki 3. hvert ár, ekki um 100 kr., heldur um 150 kr., og að hámarkið verði ekki 500 kr., heldur 750 kr. Þessi hækkun á ekki að koma frá hjeraðinu, heldur frá ríkissjóði, eftir því sem frv. sjálft gerir ráð fyrir. Býst jeg við, að ef það er talið rjettmætt, að ríkissjóður greiði eitthvað að mun til uppihalds fræðslu barna, þá verði þetta talið rjettlátt, hvað sem svo dýrtíðaruppbót stjórnarinnar líður.

Annar hluti brtt. er orðabreyting, að niður falli „til stjórnarráðsins". Þessu mun sem sje vera ofaukið, þar sem áður hefir verið ákveðið, að kennarar skuli ekki skipaðir af stjórnarráðinu.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) á brtt. á þgskj. 750 og fer þar fram á að losa landssjóð við gjöld, sem hann yrði annars að greiða samkvæmt frv. Hann vill, að kotnaðurinn greiðist úr bæjar- eða sveitarsjóðum. Til andsvara má geta þess, að um svo mikla hækkun er að ræða, að sveitarsjóðum yrði algerlega ókleift að klífa þann kostnað, eins takmarkaðar og tekjulindir þeirra eru. Það verður því ekki hjá því komist, og er enda í alla staði sanngjarnt, að landssjóður taki hlutdeild í þeim kostnaði. Ef alt þetta ætti að dembast á sveitarsjóðina, þá væri það í mörgum tilfellum það sama og að leggja alla kenslu niður, ekki síst þegar þetta á að koma til framkvæmda þegar í stað.

Það er vðurkend skylda þjóðfjelagsins að annast fræðslumál, þó einstaklingar og sveitarfjelög beri þar bróðurpartinn. Það getur því engri átt náð, þegar farið er fram á að hækka laun kennara, að ljetta því öllu af ríkissjóði. Jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum að þessu enda býst jeg ekki við, að hv. deild geti fallist á till. hv. þm. (M. G.).

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Jeg þarf ekki að vera margorður, því hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir tekið flest það fram, sem jeg vildi segja. Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) taldi, að útgjöldin ykjust við það, að ríkissjóður greiddi fje til kennaranna; sveitarsjóðir yrðu sparsamari. (*M. G.*: Þetta sagði jeg ekki). Jeg skildi hv. þm. svo, en það getur verið, að hann hafi ætlast til, að annar skilningur væri lagður í orð sín. En launin verða nú fastákveðin með lögum, verði þetta frv. samþykt, og því jafnhá, hvort sem sveitarsjóðir og bæjar greiða þau að öllu leyti, eða ríkissjóður að nokkru leyti. Hjer er ekki um nýja stefnu að ræða, því ríkissjóður greiðir nú þegar fje í þessu skyni, og er þá eðlilegt, að það aukist eftir verðfalli peninga, þó að eigi sjeu hjer rjett hlutföll á milli.

Jeg skal taka það fram, að nefndin hefir fallist á till. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), á þgskj. 710, um hækkun á lágmarkslaunum kennara utan kaupstaða. Hún er líka öll meðmælt till. á þgskj. 746, frá sama hv. þm. (G. Sv.), nema 3. lið hennar, um að 150 kr. komi í stað 100 kr.; þar hafa nefndarmenn óbundin atkv. Nefndin lítur svo á, að óhæfilegur munur sje gerður á launum kennara í og utan kaupstaða, og er því þakklát hv. þm. fyrir till. hans um að gera þann mun minni.

Viðvíkjandi brtt. á þgskj. 730, frá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), er það að segja, að

öll nefndin hefir fallist á hana, enda er annar liður hennar sá sami og standa átti í brtt. nefndarinnar, en fjell niður af vangá.

Brtt. við 17. gr. er eðlileg afleiðing þess, að ýmsar brtt. nefndarinnar voru feldar, og er því að eins sjálfsögð orðabreyting.

ATKVGR.

Brtt. 730,1. samþ. með 17 : 1 atkv.
— 710. — — 15 : 4 —
— 730,2.—3. samþ. með 15 · 1 atkv.
— 750,1. feld með 14 : 5 atkv.
— 746,I.1. samþ. án atkvgr.
— 746,I.2. samþ. með 12 : 5 atkv
— 746,I.3. feld með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Árna., G. Sv., J. B., M. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J.,
nei: B. St., E. A., E. J., H. K., J. J., J. M., M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Ó. B.

Þrír þm. (P. J., B. Sv. og B. K.) fjarstaddir.

Brtt. 750,2. feld með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. A., M. G., M. P., M Ó., S. S., Sv. Ó., Þór. J., Ó. B.
nei: B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J.

Þrír þm. (B. Sv., B. K. og P. J.) fjarstaddir.

Brtt. 750,3. feld með 15 :8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., M. G., M. Ó., S. S., Sv. Ó., Þór. J., B. J., Ó. B.
nei: B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. P., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst J.

Þrír þm. (B. Sv., B. K. og P. J.) fjarstaddir.

Brtt. 746,II. samþ. með öllum gr. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 10 sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um skipun barnakennara og laun þeirra,

eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 757).

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 11. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 17. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 757, 849).

Frsm. (Eggert Pálsson): Frv. þetta miðar til þess að bæta að nokkru leyti kjör barnakennara, og því mun enginn mótmæla, að þeirra umbóta sje þörf.

Því er ekki að neita, að margur hefir lifað við erfið kjör á síðustu árum, en jeg held þó, að flestir muni fallast á, að kjör barnakennara hafi þó verið bágbornari en

kjör flestra annara stjetta. Hins vegar játa þó allir, að stjettin sje þörf og megi als ekki missast. En ef menn viðurkenna þetta hvorttveggja, er ekki annað fyrir en að reyna að bæta kjör stjettarinnar svo, að þau verði viðunandi. Kjör stjettarinnar eru nú svo bágborin, að engin von er um, að nýtir menn veljist þangað í framtíðinni, ef þessu sama vindur fram. En það væri hinn mesti skaði fyrir þjóðfjelagið ef barnauppeldi og kensla á næstu árum á að vera í höndum ónytjunga, sem als enga aðra úrkosti eiga sjer.

Það er að vísu ekki fyrst nú á þessu þingi, að menn hafa fundið til þessa. Umbóta tillögur í sömu átt sem þetta frv. innibindur hafa komið fram á þinginu fyr en nú. En þær hafa ekki fengið nægilegan byr, enda hefir tæplega verið hægt að ætlast til þess meðan ekkert var gert til að bæta kjör annara stjetta, sem þingið átti að sjá farborða. En nú er svo komið, að gera má ráð fyrir, að aðrar stjettir í þjónustu hins opinbera hljóti allríflegar launabætur, og væri þá fjarstæða að hugsa sjer, að barnakennarar yrðu einir hafðir út undan.

Frv. er upphaflega komið frá stjórninni, og hefir ekki annað heyrst en að barnakennarastjettin muni sætta sig við það yfirleitt. Samvinnunefnd beggja deilda í launamálinu gerði á frv. talsverðar breytingar, og voru sumar þeirra samþ. í háttv. Nd., en aðrar ekki. Það er óþarft að ræða um þær breytingarnar, sem þegar hafa verið teknar til greina af háttv. Nd. Jeg mun því aðallega minnast á þær brtt. samvinnunefndarinnar, sem ekki hafa hlotið samþykki hv. Nd., og eru þó talsvert mikils verðar. Og voru þær brtt. aðallega tvær.

Önnur þessara brtt. fal í sjer afnám þess ákvæðis, að fræðslunefndin auglýsi kennarastöður, en það skyldi vera hlutskifti stjórnarráðsins. Það sýnist ekki vera nema sjálfsagt, að svo sje. Fyrst stjórnin á að veita stöðurnar. Sá, sem veitingarvaldið hefir, á auðvitað að auglýsa hinar lausu stöður, enda er það í öllum öðrum tilfellum reglan. Það vakir og fyrir nefndinni, að losa með því skóla og fræðslunefndir við þetta ómak og umstang, að þurfa að útvega kennarana. Það liggur í augum uppi, að fræðslu- og skólanefndum mundi jafnan um kent, ef mistækist að útvega kennara, eða ef kennararnir reyndust gallagripir. Nefndirnar yrðu því gerðar að nokkurskonar bitbeini, þegar annaðhvort mishepnaðist kennaraval eða þá vantaði. En það gæti orðið til þess, að góðir og hæfir menn fengjust ekki til að vera í þeim. Brtt samvinnunefndar í þessu efni miðaði því að því, að losa nefndirnar við aðfinslur og óþarft stapp.

Þótt hins vegar hv. Nd. hafi ekki viljað fallast á þessa brtt. samvinnunefndar, þá virtist samt meiri hluti efri deildar nefndarinnar þessi brtt. ekki svo þýðingarmikil, að vert væri að taka hana upp að þessu sinni.

Aftur var fult samkomulag um að fylgja fast fram hinni brtt., um að öll dýrtíðaruppbótin skuli greidd úr ríkissjóði, en ekki að einum þriðja úr ríkissjóði og ⅔ úr bæjarsjóði, eða að helmingi úr hvorum, ríkissjóði og sveitarsjóði.

Nefndin lítur svo á, að það sje varhugaverð stefna, sem töluvert hefir orðið vart við í seinni tíð, að hlaða útgjöldum hispurslaust á bæjar- og sveitarfjelögin, án tillits til þess, hvort þau eru fær um að rísa undir þeim. Þessa stefnu mætti til sanns vegar færa, ef sveitar- og bæjarfjelögum væri gefin heimild til að leggja gjöldin á eftir því sem best þætti henta, eða þeim lagðir upp í hendur nýjir tekjustofnar, jafnframt því sem þeim eru bundnir baggarnir. En það fer fjarri því, að svo sje gert. Á undanfarandi þingum hafa þvert á móti verið teknar af þeim tekjur, sem þau hafa

stuðst við um margar aldir; má þar nefna fasteigna- og lausafjártíundina, sem nú hefði munað töluvert um, vegna þess, hve verðlagsskráin hefir hækkað. Eina úrræði sveitar- og bæjarfjelaga til að standast útgjöldin er að hækka þetta illa þokkaða aukaútsvar. Enginn af tollunum til landssjóðs er jafnörðug byrði hverjum alþýðumanni eins og aukaútsvarsgjaldið. Landssjóður, sem hefir um svo margar leiðir að velja, á því auðveldara með að afla sjer tekna en sveitarsjóðirnir. Og verður það því þjóðinni síst tilfinnanlegra, þótt dýrtíðaruppbótin sje greidd úr landssjóði, og menn greiði þá tiltölulega hærri skatta í hann, heldur en úr sveitarsjóði, og útsvörin, sem eru verst kynt allra skatta, verði þar af leiðandi hækkuð. Nefndin leggur því áherslu á, að þessi brtt. hennar verði samþykt.

Nefndin hefir og komið fram með aðra brtt., en hyggur, að hún muni ekki orka tvímælis. Hún fer fram á að fella burtu eina málsgrein, sem hún taldi óþarfa og jafnvel til ills eins. Það yrði að líkindum þýðingarlítið að margauglýsa sömu stöðuna, sem ekki gengi út. Og síst getur það talist að fara vel með tímann, að auglýsa og auglýsa hvað eftir annað, þangað til orðið er um seinan að grípa til annara ráða til að afla hjeruðunum kennara. Fræðslumálastjóri er í þessu efni á sömu skoðun og nefndin.

Jeg skal svo ekki viðhafa fleiri orð, en vænti þess, að brtt. nefndarinnar fái góðan byr í deildinni og frv. í heild sinni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg ætla að eins að gera dálitla athugasemd við 2. brtt. á þgskj. 849. Mjer finst óviðeigandi, að ríkissjóður borgi dýrtíðaruppbót, ekki eingöngu af sínum hluta launanna, heldur og af þeim hluta, sem bæjarsjóður leggur til.

Jeg er hræddur um, að þessi brtt. mæti mótspyrnu í háttv. Nd. Og þar eð nú er orðið mjög áliðið þingtímann, væri mjög óheppilegt, ef misklíð yrði milli deildanna um þetta.

Jeg legg því til, að þessi brtt. verði ekki samþykt, og mun greiða atkvæði á móti henni.

Kristinn Daníelsson: Jeg ætla að eins að vekja athygli á, að 1. brtt. er ekki rjett skotið inn í frv. Háttv. deildarmenn geta sjeð, ef þeir líta á 4. gr. frv., að setningin sem á að falla burtu, á ekki að byrja á orðunum: „og skal skólanefnd", heldur á orðunum: „auglýsa stöðuna".

Annars vil jeg taka undir með háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), að jeg geng að því vísu, að háttv. deild sje ekki á móti brtt. Það gæti oft orðið bagalegt að þurfa að tvíauglýsa stöðuna, ag valdið miklum töfum. Það er sömuleiðis rjett hjá háttv. frsm. (E. P.), að öll nefndin er með síðari brtt.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir lagst á móti henni af því, að ríkissjóður eigi að borga dýrtíðaruppbót af þeim launum, sem hann ekki geldur sjálfur. Sje jeg ekki neitt óeðlilegt við það, enda man jeg ekki betur en að ríkissjóður hafi gert slíkt áður. En jeg verð að leggja áherslu á, að byrðar sveitar- og sýslusjóða eru orðnar afarmiklar, og altaf er verið að auka þær.

Jeg skal ekki fara út í neinn samanburð á því, hvernig ríkissjóður og sveitarsjóðir fara að afla sjer fjár til almenningsþarfa, en jeg hygg, að þó að landssjóður eigi örðugt með að afla sjer fjár, eigi samt sýslu- og sveitarsjóðir langtum erfiðara með það. Þó að þetta frv. nái fram að ganga, munu þeir sjóðir samt hafa nóg á sinni könnu. Þótt jeg vorkenni landssjóði eftir megni, verð jeg samt að játa,

að hann hefir meiri og fleiri ráð en sveitar- og sýslusjóðir.

Jeg þykist vita, að þessi till. muni mæta mótspyrnu í háttv. Nd., en jeg býst ekki við, að hún leggi svo mikið kapp á þetta mál, að hún fari að fella till. háttv. Ed. En þótt svo færi, finst mjer það ekki næg ástæða til þess, að þessi háttv. deild eigi megi halda fram skoðun sinni með fullri einurð.

Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg er samþykkur háttv. frsm. (E. P.) um, að síðari brtt. eigi að samþykkja eigi síður en þá fyrri.

Guðmundur Ólafsson: Jeg ætla að eins að taka fram, út af því, sem háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) sagði um 1. brtt. nefndarinnar, að jeg get ekki betur sjeð en að hún geti staðið eins og hún er, því þó að í þessari grein sje ekki tekið fram, um hvaða nefndir sje að ræða, er það gert rjett á undan, í 2. gr.

Háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) er að reyna að skýra þetta fyrir mjer, en jeg get samt ekki betur sjeð en að þetta geti vel staðið eins og það er.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg er samþykkur háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) um, að 1. brtt. sje ekki rjett skotið inn í frv. Skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp, hvernig setningin verður:

> „Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðinu í 1. gr. í staflið b, um auglýsta kennarastöðu, áður en umsóknar frestur er út runninn, skal nefndin gera ráðstöfun ....“.

Til þess að setningin væri rjett yrði hún að vera svona: „skal nefndin þá gera ráðstöfun“ o. s. frv.

Jeg skal ekki fara út í langar hrókaræður um hag landssjóðs og sveitarsjóða, en minna á það, hve tilhneigingin er rík til þess að velta gjöldum af sveitarsjóðunum yfir á landssjóð, og þegar um slíkt er að ræða, gleyma allir erfiðleikum landssjóðs, enda munu sveitarsjóðir eiga fleiri málssvara hjer, sem ef til vill er mannlegt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 849,1. samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

5.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 849,2. a.—b. samþ. með 8 : 6 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 12 : 1 atkv.

14.—17. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Ákvæði um stundarsakir samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 18. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 878, 885).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Kristinn Daníelsson: Jeg á örlitla brtt. á þgskj. 885, sem jeg ber upp í eigin nafni, en ekki nefndarinnar, þar sem jeg gat ekki náð tali af öllum nefndarmönnum; en þeir, sem jeg náði tali af, tjáðu sig hlynta brtt. Tillagan gengur í þá átt, að stúdentar geti einnig orðið skipaðir barnakennarar, ef þeir, auk stúdentsprófsins, taka próf í uppeldisfræði og kenslufræði. — Er gengið út frá því, að þeir hafi fengið svo mikla al-

menna mentun í mentaskólanum, að þeir hafa næga þekkingu til að takast á hendur kenslu, þegar þeir hafa tekið próf í þessum greinum.

Getur tæplega orðið ágreiningur um það, að tillaga þessi er til bóta, því vel getur verið, að til sjeu þeir menn, er vilja leggja fyrir sig barnakenslu að afloknu stúdentsprófi, og væri illa farið, ef þeim væri fyrirmunað það.

ATKVGR.

Brtt. 885 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 19. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um skipun barnakennara og laun þeirra,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 896).

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 20. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 869, n. 910).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyf og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Breytingar þær, sem háttv. Ed. hefir gert á frv þessu, eru í fyrsta lagi við 1. gr., að stúdentar, sem auk stúdentsprófs hafa lokið prófi í uppeldisfræði og kenslufræði, hafi sama rjett til að kenna við barnaskóla og þeir, sem kennarapróf hafa.

Þá er önnur breytingin, við 13. gr. frv., að dýrtíðaruppbót öll skuli greiðast úr ríkissjóði, og er það samkvæmt því, sem launanefndin setti í fyrstu. Hún hefir því enga ástæðu til að vera á móti þessum breytingum, en leggur til, að frv. verði samþykt *óbreytt eins og það kom frá Ed.*

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. Ó., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. K., G. Sv., H. K., J. J., J. M., M. P.

nei: P. O., S. S., St. St., E. A., F. Árna., E. J., M. G., Ó. B.

Fjórir þm. (P. J., B. J., B. St., J. B.) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 922).

---

22. Laun embættismanna.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um laun embættismanna (A. 26).

Á 3. fundi í Nd., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Það má segja, að stjórnin hafi ekki tekið það upp hjá sjálfri sjer að koma fram með þetta frv. Það var þegar 1914, að Alþingi fann nauðsyn á því að endurskoða launalögin, og var þá sett milliþinganefnd til þess að rannsaka málið og koma fram með álit sitt. Og þótt álit það hafi fengið allmisjafna dóma, hefir stjórnin þó bygt að miklu leyti á störfum þeirrar nefndar.

Í fyrra kom fram það álit ýmissa háttv. þm., að nauðsynlegt væri að endurskoða öll ákvæði um launakjör starfsmanna ríkisins. Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, fer að því er föstu launin snertir ekki nema

skamt, og hvað uppbótina snertir fer það ekki lengra en nauðsyn ber til.

Það var tilætlun ráðuneytisins að fara þann veg, að launin yrðu ákveðin svo há, að við mætti una fyrir starfsmenn ríkisins, en hins vegar ekki hærra en svo, að ríkissjóður megnaði að greiða þau.

Um einstök laun og samanburð á þeim kunna að verða skiftar skoðanir, en hitt ætti ekki að vera neitt deiluefni, að laun þau, sem frv. ákveður, eru hvergi hærri en svo, að minni mega þau ekki vera.

Að vísu verður þetta mikill ábætir fyrir landssjóð, en ekki er gott að segja, hve mikil aukningin verður. Í frv. er reiknað út, hve mikil hún verður á föstu launum, en um uppbótina er ekki hægt að segja. Eftir frv. má gera ráð fyrir, að gjaldaukningin í fyrstu verði, að meðtaldri viðbótinni við föstu launin, um 800 þús. kr., ef bygt er á því, að viðbótin sje 100% af þeim hlutanum, sem upp er bættur, en það getur ekki talist svo mikil aukning, þar sem uppbótin 1918 nam 495 þús. kr., og vita allir að hún var talin alt of lítil. Aukningin frá því, sem nú er, mundi þá ekki nema meiru en nálægt 300 þús. kr., og er það ekki ægilegt þegar það er athugað, hve þörfin er brýn.

Það hefir verið gert svo mikið að því, að bera saman kjör starfsmanna landsins og annara starfsmanna, að jeg skal ekki þreyta háttv. þgdm. á því.

Jeg veit líka, að mál þetta verður rannsakað mjög ítarlega, og tölurnar tala best við athugun slíkra mála.

Jeg býst við því, að sumir embættismenn sjeu óánægðir með ýms ákvæði frv., og lái jeg þeim það ekki, því að laun þeirra sumra hverra eru þar ákveðin mjög lág, t. d. presta og lækna.

En sjeu laun þeirra stjetta hækkuð að nokkrum mun, þá munar það ríkissjóð miklu. Má vera, að hækka megi fastalaun læknanna, en láta taxtann halda sjer.

Væri nú það gert, mundi ekki hægt að hækka þau minna en upp í 3000 kr. til jafnaðar, og mundi það vera allmikil aukning fyrir ríkissjóð, sjálfsagt ekki langt undir 100 þús. kr.

Prestar, sem búa í sveit, munu einnig vera óánægðir með takmörkun dýrtíðaruppbótarinnar, en vonandi er, að hið óeðlilega háa vöruverð, sem nú er, lækki bráðlega, og bætir það úr.

Sem sagt, þá eru mörg atriði í máli þessu mjög vandasöm fyrir nefndina, sem kosin verður í málið.

En undanfæri er nú ekkert lengur að bæta launakjör embættismannanna, hvernig sem fram úr því verður ráðið.

Í frv. vantar ákvæði um það, hve nær lögin gangi í gildi. En gera má ráð fyrir að samkomulag fáist um það, ef þingið fellst á fyrirkomulag það, sem bent er á í frv. Mundi þá verðlagsskráin verða samin í haust, og embættismenn byrja að taka laun sín eftir lögunum 1. jan. 1920.

En nú hafa komið fram mjög eindregnar óskir um það, frá flestum embættisfjelögum landsins, að launakjörin yrðu bætt frá 1. jan. 1919. Erindi það mun verða lagt fyrir nefndina. Í þeim fjelagsskap eru allir nema læknarnir, sem hafa sjerstöðu nokkra í málinu og hana ekki óeðlilega.

Jeg skal geta þess, í sambandi við 33. gr. frv., að sú verðlagsskrá, sem þar er gert ráð fyrir, mun ekki verða gerð að neinu kappsmáli frá hálfu ráðuneytisins, ef annar rjettlátari mælikvarði fæst.

Mjer virðist þetta mál svo vandasamt og umfangsmikið, að nefndin, sem um það á að fjalla, megi vart vera skipuð færri en sjö mönnum. Hygg mega vísa málinu til 2. umr. og kjósa síðan nefnd í það.

Bjarni Jónsson: Jeg verð að telja það gert af mikilli trygð af stjórninni að byggja þetta launafrv. á starfi launamálanefndarinnar sælu, án þess að taka tillit til þeirra breytinga, er orðið hafa á öllum lífs-

kjörum. Jeg hefði kosið, að stjórnin hefði bygt á þörfinni eins og hún er nú.

Eins og allir vita, hafa starfsmenn landsins minni laun og verri aðbúnað en starfsmenn annara vinnuveitenda, svo það er orðið að ordtaki haft hjá útgerðarmönnum, er þá vantar menn í síldarvinnu: „Ættum við ekki að fá nokkra lærðamenn; þeir eru kaupódýrari en aðrir“. Þetta er í sjálfu sjer ekki nema eðlilegt, þar sem vinnuveitandinn greiðir kaupgjald embættismanna eftir verðmæli, sem er mjög breytilegur, í stað þess að greiða það eftir verðmæli, sem fer eftir lífsþörfum manna. Þessi verðmælir er landaurareikningurinn íslenski. Því að þegar það hefir nú sýnt sig, að gjaldeyrir landsins er svikinn, — þó ekki viljandi — svo sviknn, að það þarf að fjórfalda hann ef rjett á að vera, þá fer stjórnin fram á það, að þingið bæti hann ekki upp nema að einum þriðja. Það er því engin furða, þó að sókst sje eftir lærðum mönnum í síldarvinnu, og lærðir menn verði að fara í síldarvinnu. Hvers vegna tók stjórnin ekki öll launin með til margföldunar með verðlagstölunni, svo að embættismenn fengju nú jafnmikið tiltölulega og á undan stríðinu? Það er undarlegt, að menn skuli alveg hafa gleymt landaurareikningnum, sem hjer hefir verið notaður um þúsund ár.

Annars stóð jeg ekki upp til þess eingöngu að benda mönnum á þetta, heldur til þess að vekja athygli þeirrar nefndar, sem kosin verður, á því, að þegar útgjöld landssjóðs fjórfaldast, án þess að nokkuð komi inn, þá er fjárhagnum hætta búin. En sú hætta er ástæðulaus, því hvers vegna má ekki taka tollana eftir landaurareikningi, til þess að vega upp á móti útgjöldunum? Þá mundi það jafnvægi komast á, er heillavænlegt væri, og þyrftu menn þá ekki á hverju þingi að brjóta heilann um launalög og landssjóðstekjur. Jeg vil því leiða athygli nefndarinnar, sem kosin verður, og sömuleiðis fjárhagsnefndar, að því, að gera þær breytingar, að bæði tekjur og gjöld landssjóðs verði reiknuð eftir landaurum. Því það sannast, að sú leiðin verður heilladrýgst, þótt alíslensk sje. Gæti þá svo farið, að menn yrðu jafnhissa og um árið, er það frjettist, að Búlgarar ætu skyr og yrðu langlífir af. Íslendingar höfðu etið skyr frá alda öðli; en svo var það haft eftir dönskum manni, að það væri skrælingjaháttur að leggja sjer slíkt til munns. Þá hættu Íslendingar að eta skyr, en þegar þeir svo fréttu, að Búlgarar yrðu langlífir af að eta skyr, tóku þeir skyrátið aftur upp, og varð gott af. Gæti því eins farið svo, að þessi uppgötvun um landaurareikninginn kæmi yfir Alþingi Íslendinga eins og óvænt hepni, líkt og fregnin um skyrát Búlgara yfir landsmenn, og mundi þá verða talað minna um tekjuhalla á fjárlögunum en áður.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki að andmæla kenningum háttv. þm. Dala. (B. J.) um verðlagsskrána, en jeg álít það ekki rjett, að ráðuneytið sæti ámæli fyrir að hafa gengið fram hjá landaurareikningnum, því hún gengur að nokkru inn á þessar kenningar í 33. gr. frumvarpsins. En annars býst jeg við, að háttv. þm. Dala. (B. J.) hafi lært þetta tal um landaurareikninginn af launamálanefndinni, en það er ekki von, að hann muni það, þegar hann er svo illa að sjer í sögu landsins, að halda, að Íslendingar hafi nokkurn tíma hætt að eta skyr.

Annars tel jeg það víst, að nefnd verði skipuð í málið, og þá er það ekki nema sjálfsagt, að hún taki til greina þessar athugasemdir háttv. þm. Dala. (B. J.).

Hins vegar býst jeg ekki við, að þetta þing sjái sjer fært að borga laun embættismanna algerlega eftir verðlagsskrá. En jeg vona það fastlega, að háttv. Alþingi fari ekki skemra en ráðuneytið fer í þessu frv., og ef það næst, sem hjer er farið

fram á, og hvað suma liðina snertir ríflega það, þá hygg jeg, að starfsmenn landsins muni gera sjer það að góðu, því þeir hljóta að skilja, að það eru takmörk fyrir því, hvað landssjóður getur borgað.

Bjarni Jónsson: Þrátt fyrir ummæli hæstv. forsætisráðherra (J. M.) um vankunnáttu mína í Íslandssöug, þá held jeg fast við, og get sannað, að fyrir 12—15 árum var það talinn skrælingjaháttur að eta skyr á Íslandi. Það er undarlegur misskilningur hjá hæstv. forsætisráðh. að ætla, að jeg hafi öðlast skoðanir mínar á kostum landaurareikningsins frá launamálanefndinni, þar sem honum ætti að vera kunnugt um, að jeg átti tal við nefndarmennina um þetta fyrir löngu áður en hún hafði lokið starfi sínu. Jeg talaði fimm sinnum við formann nefndarinnar um að taka upp þessa stefnu í launamálunum, og jeg mun hafa talað um þetta við annan nefndarmann, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) mun þekkja best allra manna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um að kjósa sjerstaka nefnd 7 manna, til þess að íhuga málið, samþ. í e. hlj.

Nefndarkosning.

Kosnir voru síðan í nefndina, að viðhafðri hlutfallskosningu:

Matthías Ólafsson,	af	B-lista
Jón Jónsson,	—	D- —
Þorsteinn Jónsson,	—	C- —
Hákon Kristófersson,	—	A- —
Þórarinn Jónsson,	—	B- —
Magnús Pjetursson,	—	D- —
Sveinn Ólafsson,	—	C- —

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 440, 439, 480, 481, 488, 489, 490, 493, 494, 495, 496, 497, 498, 499).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg skal strax geta þess, að jeg býst við, að framsaga mín í þessu máli verði síður en skyldi, og fer það að vonum, þar sem öllum má ljóst vera, að jeg ber ekki meira skyn á þetta mál en flestir aðrir.

En til þess að geta skoðað það rjettum augum og dæmt af þekkingu, þyrfti embættismann til eða mann, sem væri talsvert kunnugur á ýmsum sviðum.

Annað, sem gerir framsöguna talsvert erfiða, er það, að nefndin í þessu máli hafði talsvert sundurleitar skoðanir, og það má segja um ýms atriði málsins, að þau voru studd af mismunandi meiri hluta., og ýms atriði voru jafnvel samþ. af meiri hluta eftir því, hvernig lá á nefndinni í það og það skiftið.

En það er ekkert undarlegt, þótt skoðanir manna sjeu sundurleitar um þetta mál, því að það má segja, að síðan fyrst voru sett laun embættismanna hjer á landi, þá hafi stöðugt á einhvern hátt verið óánægja yfir þeim, annaðhvort frá hálfu embættismanna eða þjóðarinnar eða þá hvorratveggja, og það má vera, að það sje það algengasta.

Naumast hefir nokkurt þing verið svo háð, að einhverjar raddir hafi ekki heyrst um það, hve mikil byrði þjóðinni embættismennirnir væru, og ýmsir þm. hafa skoðað sig vera sjálfkjörna talsmenn þessarar skoðunar.

Á framboðsfundum hefir það oft verið aðaltrúarjátning margra frambjóðenda, að eitt af því fyrsta, sem þyrfti að gera, væri að fækka embættismönnum, jafnvel draga úr launum þeirra og afnema eftirlaun. Og þessi skoðun var og átti að vera töluð út úr hjörtum kjósendanna.

Sparnaður á landsfje, ekki síður á þess-

um sviðum en öðrum, hefir verið talinn ekki það lakasta til þess að ná kjörfylgi.

Aftur á móti hefir frá hálfu embættismanna, sjerstaklega nú á síðari árum, verið umkvörtun um of lág laun. Og nú á stríðsárunum hafa, af eðlilegum ástæðum, kröfurnar orðið ákveðnari, og má segja, að nú hafi þær náð hámarki, þar sem embættismannastjettir landsins hafa bundist samtökum um það, að fylgja fram þessum kröfum í það ítrasta.

Frá þingsins hálfu hefir ýmislegt verið gert til þess að reyna að koma jöfnuði á laun embættismanna og útkljá þetta mál með sanngirni. Þannig var með konungsúrskurði 9. des. 1914 skipuð milliþinganefnd í launamálið, sem starfaði, þar til í júlí 1916, og eru skýrslur hennar allmikið verk. Till. þessarar nefndar mættu misjöfnum dómum og allhörðum frá sumum embættismönnum landsins, og áttu þó sæti í nefndinni háttstandandi embættismenn þjóðarinnar.

Og þeir dómar hafa að líkindum gert það að verkum, að ekki hefir verið lögð áhersla á að koma till. milliþinganefndarinnar í framkvæmd.

Aftur hafa frá alþýðu manna litlir dómar verið lagðir á þetta starf. En enn þá er þó sjálfsagt lifandi sú skoðun úti um land, að síst beri að hækka laun embættismanna, ag þaðan af síður að skapa ný embætti. Og það sýnist eins og milliþinganefndin hafi verið snortin af þessar skoðun. En það undarlega kemur fyrir, þegar tilraun á að gera til þess að fækka embættum, að þá vilja engir missa embættismanninn.

Síðan prestaköllunum var breytt og þau sameinuð hafa komið fram ákveðnar óskir um að liða þau í sundur aftur og fjölga prestunum.

Þegar ræða var hjer nýlega um það í háttv. deild að sameina Dala- og Strandasýslur undir einn sýslumann, þá kom fram ákveðin mótstaða, og málinu var vísað til stjórnarinnar, til þess víst að fá yfirlýsingu hlutaðeigenda og láta þá ráða.

Þetta sýnir það fyrst og fremst, að það hefir aldrei verið rótgróin skoðun alþjóðar að fækka embættum. Öll mótstaða gegn embættismönnum mun hafa stafað af því í fyrsta lagi, að með launalögunum 1875 hafa laun embættismanna verið of hátt sett eftir okkar mælikvarða, og í öðru lagi af því, að embættismennirnir voru lengi talsvert fjarlægir alþýðunni. En embættisvirðingin hjelt þeim langt fyrir ofan fáfræði alþýðunnar. Ýmsir erfiðleikar, sem yfir þjóðina gengu og skildu þar eftir glögg og greinileg spor, snertu of lítið embættismennina. Þeirra aðstaða var betri En alþýðan fann það, og hún þóttist of góð til að vinna fyrir embættismönnunum, sem væru landsómagar. Í þessum kolum hefir altaf lifað. En skoðanirnar eru nú að breytast eftir því, sem skilningur á því hefir vaxið hjá alþýðunni, að til þess að halda uppi skipulagi þjóðfjelagsins þurfi ákveðna embættismenn og starfsmenn, hefir því orðið samfara sú skoðun, að það sje metnaður í því, að láta þessa menn lifa sæmilegu lífi. Engin metnaðarþjóð, engin sæmdarþjóð vill kvelja þá, sem hún á að sjá um. En hún heimtar líka að fá dugandi menn í embættin.

Þetta er það, sem þjóðin heimtar nú.

Og hún heimtar það af því, að embættismennirnir eru að ganga úr sjer, sumir flokkar þeirra að minsta kosti. Við höfum nú fáa menn í embættum, sem nokkrir skörungar eru. Og lítið er nú um þann ljóma, sem fyr stóð af þeim mönnum. Og nú vofir sú hætta yfir, að í embættin veljist úrkastið úr mentalýð landsins.

Það er reyndar búist við því af milliþinganefndinni í launamálinu að engin

hætta geti verið í því efni, þó meiri laun verði boðin annarsstaðar, vegna þess, að embættin sjeu fastar og tryggar stöður, sem sjeu teknar fram yfir valta atvinnu hjá einstökum mönnum, og altaf sýni það sig, að fjöldi sæki um hvert embætti, sem losnar.

En nú er alt annað uppi. Verkefnunum hefir fjölgað og margir framtíðarmöguleikar skapast, sem áður voru lítt þektir eða óþektir, og alstaðar má segja, að rúm sje fyrir mentaðan og duglegan mann. Af þessu leðir það, að nú verður að setja þau laun, sem sæmileg mega teljast, og sjer nefndin ekki, eins og nál. ber með sjer, að stjórnin hafi farið hjer of frekt í sakirnar í frv. sínu, og verð jeg að skírskota til þess, sem þar er tekið fram um launahæðina.

Jeg held, að mjer sje nú óhætt að segja, að meiri hluti nefndarinnar sje ekki á móti þeirri launahækkun, sem frv. fer fram á, en hún er miðuð við það, að verðlag það, sem nú er, muni aldrei fara niður úr því, að vera 25% hærra en það var 1914

En þá varð nefndin að skera úr því, hvort þessi „normal“-laun væru sett hæfilega há. Þá kemur það fyrst til greina, að launin, sem sett voru 1875, hafa ekki hækkað fram til 1914, þrátt fyrir það, að verðlag á allri vinnu hefir breyst mjög á þeim tíma. Verkamannakaup hefir hækkað um helming, og þegar athugað er dagsverk í verðlagsskrám, hefir það hækkað upp um 30%, og er þó altaf seinfara hækkun í verðlagsskrám.

Kaupgjald alt hefir því hækkað að miklum mun. Það verður því ekki sjeð, að stjórnin hafi sett launaákvæðin of hátt, enda ganga till. nefndarinnar ekki í þá átt, að lækka þau, heldur oftast að hækka.

Nefndin hefir gert æðimargar breytingar, og skal jeg nú drepa á þær flestar og gera stutta grein fyrir þeim.

Það er þá fyrst brtt. 1, við 1. gr. frv. En hún er sett til þess að tryggja það, að ríkissjóður beri ekki viðhaldskostnað á húsum þeim, sem embættismenn hafa til ókeypis afnota, nema þar sem húsið er algerlega notað í þarfir hins opinbera.

Fyrri hluti greinarinar hljóðar svo: „Embættismaður, sem lagt er til ókeypis húsnæði, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum sem leigjendur almennt.“

Samkvæmt því yrði ríkissjóður að bera ábyrgð á viðhaldi hússins, en nefndin telur það ekki rjett, nema húsið sje eingöngu notað í landsins þarfir, og vill því bæta við á eftir orðunum „ókeypis húsnæði“: „í húsi, sem að öðru leyti er notað í þarfir hins opinbera“.

Þar með er við því sjeð, að ríkissjóður greiði viðhaldskostnað á húsum, sem að einhverju leyti kynnu a vera notuð í annara þarfir.

Þá er brtt. 2, við 8. gr. frv. Sú brtt er komin frá sambandi starfsmanna ríkisins, eins og svo margar aðrar, og er hún aðallega til að stytta gr. frv. og gera ákvæðið skýrara.

Brtt. hljóðar svo: „En greiða skal hann gjald í tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna, af viðbót þeirri, er hann kann að fá við laun sín eftir þessum lögum, enda fær hann lífeyri greiddan af þeirri upphæð, samkvæmt lögum um lífeyrissjóð embættismanna.“

Það var að eins um greiðsluna af þessari viðbót, sem ákveða þurfti, þar sem um hitt fer eftir gildandi lögum.

Þá er brtt. 3, við sömu gr.., að aftan við hana bætist þetta: „Þá skal og talinn til þjónustuára þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, sá tími, sem þeir hafa gegnt stunda- eða aukakennaraembætti við skóla ríkisins, með eigi minni stundafjölda á viku en krafist hefir verið af föstum kennurum.“

Þessi brtt. er líka frá sambandi starfsmanna ríkisins, og þótti nefndinni rjett

að fallast á hana, þar sem þessir menn gegna sömu störfum og þeir, sem embætti hafa fengið, enda gildir þetta ákvæði einnig annarstaðar.

Þá er brtt. 4, við 9. gr., að í stað 500 kr. í 2. málsgr. komi 1000 kr. Eru það viðbætur við talningarfje ríkisfjehirðis. Þótti nefndinni rjett að hækka þá upphæð upp í 1000 kr., og er það líka eftir till. sambands starfsmanna ríkisins.

Þá er brtt. 5, við 10. gr. frv. Nefndin fjekk tilmæli um það frá háttv. allsherjarnefnd, að taka upp í frv. laun dómara í hæstarjetti, í stað dómaranna í landsyfirrjettinum, og tók nefndin upp till. hennar og hefir engu breytt. Er það gert af því, að frv. um hæstarjett er nú að verða að lögum frá þinginu.

Þá kemur brtt. 6, við 11. gr. Sú breyting er að eins til skýringar og færir saman alla þá sýslumenn, sem líka eru bæjarfógetar. Þetta var að eins óljóst orðað í frumvarpsgreininni.

Með brtt. 7, við sömu gr., hefir nefndin felt niður Dala- og Strandasýslu, og byggist það á því, að frv. hæstv. stjórnar um sameining þeirra var felt hjer í deildinni. Með brtt. 8 eru þær aftur sundurgreindar og settar inn á sinn stað í frv.

Þá er brtt. 10, við sömu gr. Nefndinni barst erindi frá fangaverðinum um það, að gleymst hefði að taka hann upp í frv. Hefir nefndin með brtt. þessari tekið hann upp og ákveðið laun hans í samráði við hæstv. stjórn.

Þá kemur að 12. gr. frv., og hefir hún tekið miklum breytingum í nefndinni.

Fyrsta málsgr. er um laun landlæknis. Hefir nefndin lagt til að hækka byrjunarlaun hans um 1000 kr. og sömuleiðis hámarkslaun; enn fremur skrifstofufjeð um 500 kr.

Nefndin leit svo á, að hjer væri um svo erfitt embætti að ræða, að ekki veitti af hækkun þessari, og þótt skrifstofufjeð sje hækkað um 500 kr., mun það tæpast nógu hátt, því að ekki verður komist af með minna handa aðstoðarmanni; en skjöl þau, sem embættinu fylgja, eru nú orðin svo mikil, að núverandi landlæknir telur sig ekik hafa húsrúm fyrir þau lengur í sínum húsum, og gefur þá að skilja, að skrifstofufje þetta er helst til lítið, ef leigja verður hús fyrir þau. En nefndin hefir þó ekki farið lengra en þetta.

Jeg sje, ag jeg hefi hlaupið yfir eina brtt. Er það brtt. 9, við 11. gr., um lögreglustjórann á Siglufirði. Honum voru ákveðin 2000 kr. laun á þinginu 1917. Nefndinni þótti það of lágt, og setur hún honum byrjunarlaun 2500 kr. og hámarkslaun 3500 kr., og er það í samræmi við önnur ákvæði.

Þá kemur brtt. 12, við 12. gr. frv., um laun læknanna, og er það önnur mesta breytingin, sem nefndin hefir gert, og ein aðalbreytingin á launahæðunum.

Eftir frv. stjórnarinnar eiga allir hjeraðslæknar að hafa 1800 kr. árslaun, en um kaup fyrir störf sín eiga þeir að fara eftir gjaldskrá, er ráðherra semur, með ráði landlæknis. Við þetta fekk nefndin brtt. frá læknafundinum, og hefir hún fallist á till. hans. Samkvæmt því er læknishjeruðum skift í flokka, og er miðað aðallega við fólksfjölda, þannig, að í fólksflestu hjeruðunum eru launin lægst; þar eru þau ákveðin 2500 kr. og miðaðað við 2000 íbúa. Í öðrum flokki eru launin 3000 kr. og miðað við 1000 íbúa og þar yfir, að 2000, og í þriðja flokknum eru launin 3500 kr. og miðað við fólksfjölda innan við 1000. Alt eru þetta byrjunarlaun, sem hækka um 1000 kr. í hverjum flokki, með ákveðinni hækkun.

Það voru mjög skiftar skoðanir um þetta í nefndinni og ekki stór meiri hluti með þessari brtt. En meiri hlutinn leit svo á, að ekki væri sanngjarnt, að þjóðin ætti ekki jafnan aðgang að þessum starfsmönn-

um landsins sem öðrum, vegna þess, hve lágt þeir væru launaðir. Í öðru lagi kom fram svo megn ójöfnuður, að láta líf lækna að miklu leyti vera komið undir praxis þeirra. Nú standa ýms læknishjeruð auð, og er augljóst, að orsökin er sú, að læknar búast ekki við að geta lifað í þeim með þeim launakjörum, sem nú eru, þar sem aukatekjur eru litlar eða engar. Fyrir því má altaf gera ráð, að aukatekjur verði svo litlar í ýmsum læknishjeruðum, að læknar geti ekki haldist þar við, nema því að eins, að íbúar þeirra taki á sig byrðar. Þetta telur meiri hlutinn ekki rjett og hvarf því að tillögu læknafundarins um það, að taka þessa breytingu inn í launafrumvarpið.

Í sambandi við þetta má geta þess, að nefndinni barst erindi frá stjórnarráðinu, þar sem henni er sent brjef frá landlækni, er fer fram á það, að stjórnarráðið sjái einhver ráð til þess, að svo há laun verði ákveðin handa lækni í Síðulæknishjeraði, að einhver fáist til að setjast þar að. Jafnframt er þess getið, að læknirinn í Mýrdalslæknishjeraði afsegi að þjóna í Síðuhjeraði, og er því algerlega læknislaust þar. Þar sem örðug læknishjeruð eru er alls ekki að furða, þó læknislausu sje, þegar litið er til þess, að launin eru svo lág, að ómögulegt er fyrir lækni að lifa án praxis, en hún þá jafnframt oft rýr í þeim hjeruðum Engum dylst þó, hvers virði það er að vernda líf og heilsu manna og að ekki sje rjett að gera mönnum ómögulegt að ná til læknis fyrir það eitt, að hann helst ekki við sakir lágra launa.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að nefndin kom með þessa brtt.; en auðvitað hefir hún mikla útgjaldahækkun í för með sjer fyrir ríkissjóð, eða um 80 þús. kr.

Þá hefir og nefndin komið með þá brtt., að aðstoðarlæknirinn á Ísafirði skuli hafa í byrjunarlaun 2500 kr., er hækki upp í 3500 kr. Aðstoðarlæknar hafa verið tveir, annar á Ísafirði, en hinn á Akureyri. Á Akureyri er nú ekki aðstoðarlæknir lengur, og býst nefndin ekki við, að slíkur læknir verði skipaður, og ekki heldur á Ísafirði, þegar sá, sem nú er, hættir starfi þessu. Þessi hækkun er því að eins miðuð við núverandi fyrirkomulag, og þótti nefndinni rjett að hafa upphæð byrjunarlaunanna jafna byrjunarlaunum hjeraðslæknis, með tilliti til þess, að maður sá, er gegnir þeirri stöðu, hefir þegar gert það um langt skeið fyrir mjög lág laun.

Í sambandi við þessa hækkun á launum hjeraðslækna hefir nefndin aftur á móti gert þá brtt., að taxti sá, er nú er farið eftir, haldist óbreyttur.

Þá hefir nefndin gert þá brtt. við 13. gr. frv., að holdsveikralæknir sá, sem nú er, skuli fá 1000 kr. árlega launauppbót, með því skilyrði, að hann hafi jafnt eftirleiðis sem hingað til á hendi kenslu við háskólann.

Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að nefndinni barst áskorun frá holdsveikralækni um launabætur. Átti hann að hafa ásamt launum sínum leigulausan bústað í holdsveikraspítalanum, en getur ekki notað þau hlunnindi vegna þess ,að laun hans eru svo lág, að hann getur ekki lifað án þess að hafa praxis með fram; en til þess að hafa hana verður hann að búa inni í bæ. Þar við bætist, að þó að læknirinn hefði sjeð sjer fært að búa inni á holdsveikraspítala, er íbúðin, sem honum er ætluð, svo úr garði gerð, að hún verður að álítast óhæfileg læknisíbúð.

Af þessari ástæðu sá nefndin sjer ekki annað fært en að sinna þessari málaleitun, þó með því skilyrði, sem fyr er nefnt.

Brtt. við 14. gr. eru um laun dýralækna. Samkvæmt frv. stjórnarinnar eru þeim ákveðin jöfn laun og mannalæknum. — Nefndin hefir fært þau upp á sama hátt og laun lækna. Þó hefir hún ekki sjeð sjer fært að launa þá nema eins og lægsta

flokk mannlækna, og kemur það til af því, að taxti dýralækna er ekki lögákveðinn, og má því ná ósamræminu upp með praxis.

Brtt. við 15. gr., um að í 3., 4. og 5. málsgrein komi „tveggja“ í stað „þriggja“, er flutt eftir ósk sambands starfsmanna ríkisins, og fanst nefndinni sanngjarnt, að hækkunin færi fram á styttri fresti en til var tekið í stjórnarfrv.

Við 4. málsgrein er gerð sú brtt., að í stað 2000 kr. komi 2400 kr. Meiri hluti nefndarinnar áleit rjett að hækka byrjunarlaun póstafgreiðslumannanna í Reykjavík og á Seyðisfirði um 400 kr. — Jeg get ekki sagt, hvort þessi hækkun byggist á greinilegum ástæðum, saman borið við starf annara slíkra starfsmanna, en hygg þó, að lunin megi ekki vera minni.

Við 15. gr. er það athugandi, að brtt. eru gerðar áður en póstskipuninni var breytt. Er nú komin brtt. til að koma samræmi á þetta, og því óþarfi að fjölyrða um hana fyr en flutningsmaður hennar hefir tekið til máls. Nefndin tók greinina eins og **hún var í stjórnarfrv.**, þar sem hún vissi ekki, hvern enda frv. um breyting á póstskipuninni mundi fá.

Við 16. gr. hafa verið gerðar ýmsar smábreytngar, mest til að samræma og þræða saman laun samsvarandi starfsmanna, t. d. stöðvarstjóra. Er ætlast til, að þeir fái ókeypis húsnæði, ljós og hita, auk launa sinna, og með það fyrir augum er svo ákveðið, að stöðvarstjórinn í Reykjavík fái 500 kr. á ári í húsaleigustyrk, uns landssíminn reisir hús með stöðvarstjóraíbúð. — Einstaka starfsmönnum er bætt inn í 16. gr., svo sem varðstjórum við ritsímann, svo og áhalda- og efnisverði. — Þá leggur og nefndin til, að í stað „talsímameyjar“ komi „talsímakonur“, og er það gert til að koma samræmi á í greininni. Enn fremur er lagt til, að laun þeirra hækki á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 1500 kr., í stað þess, sem hækkunin í stjórnarfrv. var 100 kr. á þriggja ára fresti, upp í 1300 kr. Þótti nefndinni þetta sanngjarnt, og þarf ekki annað en að bera launakjörin saman við kjör vinnumanna, sem hafa 1000—1500 kr. á ári og auk þess „alt frítt“, og hins ber og að gæta, að þetta starf er allerfitt.

Talsvert var rætt um það í nefndinni, hvort rjett væri að taka alla starfsmenn upp í launafrv., en eftir upplýsingum frá stöðvarstjóra, er benti á, að ef svo væri, mundi auðveldara að fá gott fólk á stöðvarnar, gat nefndin eftir atvikum fallist á, að það væri gert.

Hvað 17. gr. viðvíkur er bætt inn nýjum starfsmanni, sem sje húsameistara. Stjórnin hafði ráðið Guðjón Samúelsson, sem fullnuma er í byggingafræði, til að sjá um húsabyggingar ríkisins fyrir þessi laun, og þar sem nefndinni þótti þetta vel ráðið, þegar tekið er tillit til þess, að slík vinna er vel borguð, og hins vegar full þörf hennar, leggur hún til, að stofnað verði fast embætti handa þessum manni, með þeim launum, er í greininni segir.

Þá eru engar brtt. frá nefndinni fyr en við 22. gr., þar sem lagt er til, að byrjunarlaun biskups verði færð upp um 500 krónur, en hámarkið látið haldast. Meiri hluti nefndarinnar var með þessari brtt. og áleit rjett að setja byrjunarlaunin hærri en gert var í stjórnarfrv., þar sem í biskupsembættið veljast venjulega að eins rosknir menn. Af sömu ástæðu er lagt til, að launin hækki eftir 5 ára skeið upp í hæstu laun, í stað þess, að eftir stjórnarfrv. þurfti að þjóna embættinu í 10 ár til þess að ná hæstu launum.

Biskupi er í fjárlögum ætlað skrifstofufje, sem ætlast er til að hann haldi, og þykir því ekki ástæða til, að ákvæði um það verði sett inn í þetta frv.

Við 2. lið 22. gr. er gerð sú brtt., að í stað 5 ár komi 3 ár.

Þá er lagt til af nefndinni, að samþykt verði viðaukatill. við 22. gr., sem hafi inni að halda ákvæði um laun prófasta. Þeir eru ekki nefndir á nafn í stjórnarfrv., og má það sennilega kenna gleymsku. En frá sambandi starfsmanna ríkisins kom till. um að taka þá inn í frv. — Niðurstaða sú, er nefndin komst að og sjest í brtt. hennar, átti af ýmsum ástæðum mjög hverfulan meiri hluta innan hennar. — Komu fram í henni ýmsar brtt. Þar á meðal að þeir prófastar, er nú hafa 100 kr., fengju 500 kr., en hinir 1000 kr., sem 200 kr. laun hafa nú. Var þá ætlast til, að visitasiulaun þeirra fjellu niður. Sú hefir þó orðið niðurstaðan, að lagt er til, að þeir haldi visitasiulaunum sínum og laun þeirra hækki auk þess upp í 400 og 700 kr. Útkoman mun þó verða nokkuð lík, því gera má ráð fyrir, að visitasiulaunin sjeu 200—300 kr. Hafa komið fram ýmsar brtt. við þessa gr., svo þingmenn hafa nóg að greiða atkvæði um, og finn jeg því ekki ástæðu til að fjölyrða um hana.

Þá hefir nefndin komið fram með brtt. við 23. gr., sem hefir inni að halda ákvæði um laun prófessora og dócenta við háskólann. Í frv. stjórnarinnar eru byrjunarlaun þeirra sett 4500 kr., sem hækka upp í 6000 kr. Komu fram óskir frá sambandi starfsmanna ríkisins um það, að byrjunarlaunin yrðu hækkuð upp í 5000 kr., og hefir það orðið ofan á í nefndinni. Ástæðan fyrir þessari hækkun er sú, að í þessi embætti eru valdir bestu og hæfustu menn í hverri grein, og þykir því rjett að setja þá á borð við skrifstofustjóra í stjórnarráðinu. Að vísu má segja, að skrifstofustjórarnir sjeu bundnir alt árið, en prófessorarnir hafi sumarfrí, en nefndin sá þó ekki ástæðu til að gea upp á milli þeirra, þar sem um svo þjóðnýta menn er að ræða.

Sama brtt. hefir verið gerð viðvíkjandi dócentum, og af sömu ástæðum.

Við 24. gr. er gerð sú brtt., að byrjunarlaun kennara mentaskólans, sem í stjórnarfrv. voru ákveðin 3000 kr., verði færð upp í 3400 kr., og að jafnframt verði feld niður laun yfirkennara, og að allir þeir fastir kennarar, sem verið hafa 16 ár við skólann, verði yfirkennarar. Þessi brtt. hefir nokkra hækkun í för með sjer.

Jeg sje, að háttv. þm. eru farnir að ókyrrast, og skal jeg því fara fljótar yfir sögu og sleppa ýmsum smábreytingum, sem óþarft er að tala um.

Við 29. gr. er gerð sú brtt., að reki skólastjórar á búnaðarskólum bú skólans á jörðinni fyrir eigin reikning, skuli þeir hafa í byrjunarlaun 1800 kr., er hækki upp í 2800 kr.

Er þetta gert í samræmi við till. launamálanefndar, þar sem gera verður ráð fyrir, að skólastjóri græði á búskapnum.

Þá hefir nefndin bætt skjalaverði inn í frv. Í stjórnarfrv. var gengið út frá, að frv. um sameining landsbókavarðar- og landsskjalavarðarembættanna yrði samþ. Eins og hv. þm. er kunnugt, var það frv. felt, og því sjálfsagt að taka þennan embættismann upp í launafrv.

Þá hefi jeg drepið á helstu brtt., er nefndin hefir gert við launin sjálf, og er kominn að 33. gr. frv., sem fjallar um dýrtíðaruppbót á launununum.

Ef launin eru hæfilega sett eins og nefndin hefir gengið frá þeim, er að eins einfalt reikningsdæmi að finna út dýrtíðaruppbótina, svo nákvæmt sje.

Krafan um dýrtíðaruppbótina er rjettlát krafa. Þegar peningar lækka mjög í verði af óviðráðanlegum orsökum, eins og átt hefir sjer stað á styrjaldartímunum, er ekki nema eðlilegt, að starfsmenn, hvort heldur þeir vinna hjá einstökum mönnum eða hinu opinbera, krefjist þess, að laun þeirra hækki að sama skapi, sem dýrtíðin eykst, eða m. ö. o. sem peningar falla í verði.

Nefndin hefir líka viljað líta sanngjarn-

lega á þetta mál, og yfirleitt gert litlar brtt. við þetta atriði frv.

Þó hefir hún gert eina mikilvæga breytingu, sem ekki verður neitað að brýtur bág við rjettlæti, og hún er sú, að setja hámark fyrir því, hversu miklu laun og dýrtíðaruppbót megi nema.

Jeg sagði áðan, að þetta væri órjettlátt, og jeg segi það enn, því þessi brtt. rjettlætist ekki af neinu öðru en erfiðum fjárhagsástæðum ríkissjóðs. En það hefir líka verið það, sem stöðugt hefir takmarkað dýrtíðaruppbætur til starfsmanna þjóðarinnar á undanförnum þingum. Önnur ástæða fyrir því er líka sú, að þessir starfsmenn eigi á einhvern hátt að taka þátt í þeim erfiðleikum landsmanna, sem heimsófriðurinn hefir skapað.

Og þetta hefir enn þá orðið ofan á, til þess að hlífa ríkissjóðnum. Og þetta er ekki að ástæðulausu, þegar launin að viðbættri dýrtíðaruppbót eru orðin 9600 kr.; má segja, að hver sá embættismaður, sem ekki hefir því stærri fjölskyldu, ætti að geta gert sig ánægðan með slík laun, jafnvel þótt ekki sje fylgt fylstu sanngirni. Það virðist ekki vera ósanngjörn krafa, að embættismenn landsins líti dálítið á kröggur ríkissjóðsins og láti sjer þau laun nægja, sem þeir geta komist af með.

Nú hafa komið fram ýmsar brtt. við frv. og brtt. nefndarinnar, og er erfitt að segja um, hvað þar kann að verða ofaná. Brtt. við þessa gr. eru þó smáar, t. d. að „í Reykjavík" á tveim stöðum falli burt. Stjórnin ætlaðist til, að uppbótin væri miðuð við verðlag í Reykjavík; en nefndinni þótti rjett að miða líka við stærstu verslanir úti um land, og taka svo meðaltal af verðinu. Það er auðvitað, að verðið er dálítið breytilegt á hinum ýmsu stöðum úti um land, en hins vegar er ókleift að segja um, hversu sá munur er mikill. Annars er nefndinni þetta atriði ekki neitt áhugamál.

Þá hefir nefndin lagt það til, að fyrir orðin „næsta haust á undan stríðinu" komi: haustið 1914. Og nefndin hefir miðað uppbótina við hlutfallið, sem hagstofan hefir fundið milli verðlagsstuðlanna 1914 og 1918. Hins vegar vissi nefndin það ekki fyr en eftir á, að hagstofan hafði ekki miðað verðlagsstuðulinn 1914 við haustið 1914, heldur við verðlag í júlímán. þetta ár. Þetta varð nefndinni fyrst kunnugt þegar brtt. komu. Þetta veldur dálitlum mun, því að vörur munu hafa hækkað um 10% frá því í júlí til haust. Gæti ef til vill komið til mála að draga atkvæðagreiðsluna, þangað til búið er að greiða atkvæði um hina brtt., sem fer í líka átt, eða að hækka hina dauðu % úr 25 upp í 35, því þá kemur hið sama út.

Þá er annað atriði í þessari grein, sem skiftir miklu máli. Það er, að síðasta málsgrein greinarinnar, um launauppbót presta, falli burt. Eftir launafrv. stjórnarinnar fá prestar utan kaupstaða aldrei meira en 500 kr. launauppbót. Þetta ákvæði vill nefndin fella burtu, og hefir sú breyting meiri útgjöld í för með sjer en breyting nefndarinnar við 12. gr. En stjórnin hefr aftur á móti ætlast til, að laun prestanna ættu að vera tiltölulega lág vegna hlunninda þeirra, sem þeir nytu með prestssetrunum. Það er rjett, að prestar hafa haft mikil hlunnindi af þeim, sem erfitt er að reikna til peninga. En nefndin lítur svo á, að þetta horfi nú öðruvísi við. Nú á tímum er svo erfitt að byrja búskap, að engum fátækum kandídat dytti í hug að kaupa búslóð og byrja búskap í sveit, og það yrði sennilega allvíða ofan á, að þeir gætu ekki sætt þeim kjörum, sem prestum stendur til boða. Að öðru leyti er þess að gæta, að hið lága mat, sem nú er á afgjaldi prestsetranna, má ekki búast við að standi lengur, þar sem á að meta þau öll upp á næsta ári. En nefndinni

virðist hins vegar rjett, að þessum mönnum sje gert jafnhátt undir höfði sem öðrum embættismönnum þjóðarinnar.

Þá kemur ný grein, þar sem lagt er til, að „lög þessi gangi í gildi 1. jan 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót fyrir síðara missiri 1919 teljast af núverandi launum eftir reglunum í 33. gr.“ Nefndinni barst ósk um það frá starfsmannasambandinu, að lögin væru látin gilda frá 1. jan 1919. En henni þótti óviðkunnanlegt að láta lögin gilda þannig aftur fyrir sig, en vildi hins vegar reikna dýrtíðaruppbótina frá 1. júlí. Nú er búið að borga hana út til 1. júlí, og telur nefndin rjett að láta þessi síðari greiðslu fara eftir þessum lögum.

Þá vildi jeg beina þeirri spurningu til stjórnarinnar, hvað hún á við með ákvæðinu í byrjun 33. gr., um að allir starfsmenn landsins skuli fyrst um sinn fá launauppbót, auk hinna föstu launa, meðan dýrtíð sú helst, sem hófst með heimsstyrjöldinni. Þetta hefir nefndin skilið svo, að hjer væri átt við alla starfsmenn úti um land, sem ekki væru nefndir í frv. Þetta skiftir ekki litlu máli, því að þessir starfsmenn eru ærið margir, laun þeirra lág og því eigi síður þörf á að bæta þau upp; mundi þetta valda mikilli breytingu á frv. Ef hjer er átt við eftirlaunamennina, má geta þess, að sú fúlga nemur um 52 þús.

Þá eru og starfsmenn við síma. Laun þessara manna munu nema um 50 þús., og landssímastjórinn gerir ráð fyrir, að þau hækki upp í 60 þús. á næsta ári, því altaf bætast einhverjir við. Þetta er því einnig umfram það, sem gert er ráð fyrir í frv.

Þá má nefna ýmsa fleiri, t. d. starfsmenn við skóla og sjúkrahús, hjúkrunarkonur o. fl. Ef þetta starfsfólk fengi dýrtíðaruppbót, mundi hún nema um 30 þús. kr., miðað við prósentur þær, sem 33. gr. gerir ráð fyrir.

Enn fremur má nefna póstmenn utan Reykjavíkur, sem ekki eru nefndir í frv Laun þeirra munu nema um 19 þús. kr. samtals.

Enn má gera ráð fyrir, að hreppstjórar geri sömu kröfu, og gæti dýrtíðaruppbót handa þeim numið um 20 þús. kr.

Samtals mundi þetta geta numið um 170 til 180 þús. kr. Hjer er því ekki um smáa fjárhæð að ræða, og þess vegna vill nefndin, að það sje skýrt ákveðið, hvar dýrtíðaruppbótin á að takmarkast, hvort hún nær til allra starfsmanna landsins eða að eins þeirra, sem getið er í frv. Nefndin væntir þess, að hún fái greinileg svör um þetta frá stjórninni.

Þá skal jeg geta þess, að nefndinni hafa borist ýms erindi, sem hún hefir ekki tekið ákvörðun um, en býst við að athuga þau fyrir 3. umr.

Loks skal jeg geta þess, að komnar eru margar brtt. við till. nefndarinnar. Mun varla eiga við að minnast frekar á þær að svo stöddu; það yrði svo langt og leiðinlegt mál, enda geta þær vel beðið, þangað til flutningsmenn þeirra hafa gert grein fyrir þeim. Ýmsar þessar brtt. eru samhljóða till. nefndarinnar, og aðrar valda tiltölulega litlum breytingum. Sumar fara fram á að klípa 100 til 300 kr af launum ýmsra embættismanna. En nokkra breytingu gera þær þó samanlagðar.

Brtt. á þgskj. 499 er róttækust. Hún fer í þá átt, að fyrir 25% í 33. gr. frv. komi 35%, og að fyrir 3000 kr. komi 2000 kr. Á það hefir verið minst áður, að ef verðlagsstuðullinn er miðaður við júlí 1914, í stað okt. 1914, þá næmi sú hækkun 10%. En þegar þessi prósentutala er hækkuð, færast hlutföllin saman, og verður því verðstuðullinn lægri eða 2,38, í stað 2,52, eða að prósentutalan af öllum launum yrði um 89, í staðinn fyrir 100. Þetta er þegar mikil breyting, og þegar þess er þar á ofan gætt, að 3000 eru færð niður í 2000, vex breytingin að miklum mun. Eftir þessum stuðli

nemur uppbótin aldrei meiru en röskum 3000 kr., í stað 4500 kr. En þetta kæmi órjettlátlega niður, því að munurinn yrði tilfinnanlegastur á lægri launanum.

Þessi lækkun þurftarlauna úr 4500 niður í 3500 kr. er órjettlát. Stjórnin hafði miðað hámark sitt við háskólaskýrsluna um þurftir meðalheimilis. Eru þar áætlaðar 4500 kr., sem nefndinni þykir sennilegt að ekki geti verið lægra. Og nefndin er því mótfallin röskun á þessu ákvæði. Hins vegar er ekki hægt að segja, hvernig fara muni um þessa brtt. Jeg býst við, að nefndin hafi óbundnar hendur um þetta atriði.

Þá á jeg að eins eftir að minnast á eitt atriði. Það hefir verið haft orð á því, að starfsmannasambandið hafi gengið helst til langt í kröfum sínum, og að embættismenn mundu yfirgefa embættin, ef þeir fengju þær ekki uppfyltar. Menn hafa litið heldur köldum augum á kröfur þeirra og sagt, að þær væru gerðar í því skyni að hræða nefndina. En þetta hefir ekki haft hin minstu áhrif á nefndina. Hún hefir litið svo á, að í kröfunum fælist svo mikil sanngirni, að skylt væri að taka tillit til þeirra. Henni var það ljóst, að ekki gæti komið til mála, að allir embættismenn landsins gengju úr embættum sínum, þótt kröfum þeirra væri ekki sint. En hitt þótti henni líklegt, að sumir yngri embættismenn gætu leitað sjer annarsstaðar atvinnu, þótt aðrir sjeu svo settir, ýmsir eldri embættismenn, að þeir gætu ekki yfirgefið embættin, til þess að leita sjer lífvænlegrar stöðu. Og nefndin lítur svo á, að það sje órjettlátt gagnvart þessum mönnum að kúga þá til þess að yfirgefa embættin, þar sem þeir hafa haft samtök við hina. Þjóðarheildinni má standa á sama, þó að stöku einstaklingar hennar geri svo við starfsmenn sína, að þeir gangi úr vistinni. En henni má ekki vera sama um það, þar sem sæmd hennar er í veði, að bola bestu mönnunum burtu úr embættum fyrir smásálarskap, og því hefir nefndin ekki viljað ganga í berhögg við það, sem henni fanst vera sanngjarnt og rjett.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get verið samdóma tillögum nefndarinnar að mörgu leyti og skrifað undir margt af því, sem háttv. frsm (Þór. J.) hefir sagt. Jeg get þess vegna verið stuttorður.

Jeg finn enga ástæðu til að hafa neitt á móti því, að nefndin hefir hækkað nokkuð sum föst laun embættismanna. Jeg gat þess við 1. umr., að allir mundu ekki vera á sama máli um föstu launin. Jeg hefi ekki orðið var við, að nefndin hafi breytt til lækkunar neinu af till. stjórnarinnar, nema launum þjóðmenjavarðar. Og jeg verð að segja, að jeg veit ekki hvernig á því stendur. Mjer finst það vera kynlegt, að einn maður skuli vera tekin þannig undan.

Jeg get heldur ekki álitið brtt. nefndarinnar við 1. gr. nauðsynlega. Þarf að athuga hana í sambandi við frv. um stofnun lífeyrissjóðsins.

Þriðju brtt. háttv. nefndar tel jeg rjettmæta, og jeg bjóst altaf við því, að þegar fastir aukakennarar yrðu gerðir að embættismönnum, þá mundu þjónustuár þeirra í aukakennarastöðunni verða reiknuð með til hækkunar launanna. Um stundakennara er dálítið öðru máli að gegna, en jeg finn þó ekki ástæðu til að amast við ákvæðunum um þá.

Sjötta brtt. nefndarinnar er lagfæring á stj.frv., og fellst jeg fullkomlega á hana.

Í sambandi við 6. og 7. brtt. nefndarinnar get jeg þess, að vera má rjett, að öll sýslumannaembætti, að undanteknum þeim, þar sem sýslumennirnir eru jafnframt bæjarfógetar, sjeu gerð jöfn að launum, eins og farið er fram á í brtt. á þgskj. 489; og eigi mundi það gera mikinn mun á útkomunni, því að tillit mundi tekið til erfiðleika og tilkostnaðar, þegar farið yrði að

ákveða skrifstofukostnaðinn. Það má vel vera, að rjett hefði verið að taka Skaftafellssýslu út úr þeim flokki, sem hún er sett í stjórnarfrv. Þó mundi það ekki hafa gert verulegan mun, því að tilætlun stjórnarinnar var að bæta upp erfiðleikana með auknu skrifstofukostnaðarfje. Það má vel vera, að það sje vandamunna að ákveða jöfn laun handa sýslumönnunum, því að það verður jafnan nokkurt álitamál, hvernig sýslum skuli skipað í flokka.

Þar á móti get jeg ekki fallist fyllilega á 9. brtt. háttv. nefndar, ekki þó af því, að jeg hafi móti því, að lögreglustjórinn á Siglufirði fái hækkuð laun. En jeg held, að ef á annað borð á að fara að breyta, þá sje rjettara að setja hann í flokk með skyldum embættismönnum, og láta gilda hið sama um hann sem þá, og að allar aukatekjur hans renni í ríkissjóð.

Vel má vera, að það sje rjett hjá háttv. nefnd að ákveða laun lækna á þann veg, sem hún hefir gert; og jeg býst við, að samkvæmt þeirri niðurstöðu, sem varð á þinginu í fyrra, þá sje þetta vænlegast til samkomulags og framgangs. En jafnframt vil jeg taka það fram, að eigi megi skoða læknataxtann sem lágmarkstaxta, heldur sem fastan taxta, sem óheimilt sje að fara fram úr, og að hin hækkuðu laun lækna sjeu miðuð við það, að þeir fylgi þeirri gjaldskrá. Í sambandi við þetta stendur, að ef á að ákveða lík laun handa dýralæknum sem öðrum læknum, þá verður og að heimta, að þeim sje settur fastur taxti til að fara eftir, og má hann ekki vera hár. Jeg bendi að eins á þetta.

Við 14. brtt. háttv. nefndar hefi jeg ekkert að athuga; hjer á hlut að máli heiðursmaður, sem á alt gott skilið. Þó teldi jeg rjett, að tekið væri fram með berum orðum, að launahækkunin væri uppbót fyrir húsnæði; þá mundi ekki þurfa að taka sjerstaklega fram, að læknir þessi haldi áfram sömu kenslustörfum við háskólann sem hingað til, því líkt er ástatt með fleiri af kennurum háskólans sem þeman, og mun þó ekki tilætlunin að leysa þá frá kenslustörfum þar. Jeg vil mæla með tillögu þessari, og þykir vænt um, að hún er fram komin.

Jeg vildi gjarnan fá skýring hv. nefndar á 22. brtt. hennar, um fulltrúa stöðvarstjórans á Seyðisfirði. Mig minnir, að Stóra norræna ritsímafjel. eigi að standa straum af ritsímastöðinni á Seyðisfirði. (*Þór. J.*: Að eins af stöðvarforstjóranum). Mig minnir, að áskilið væri, að fjelagið fengi 2000 kr. til rekstrarins. Að öðru leyti bíð jeg frekari upplýsinga um þetta atriði.

Jeg hefi ekki á móti 31. brtt. hv. nefndar, um að byrjunarlaun prófessora sjeu hækkuð upp í 5000 kr. og hámarkslaunin upp í 6000 kr. En jeg hefi dálítið á móti samanburðinum við skrifstofustjórana í stjórnarráðinu. Prófessorarnir koma venjulega fremur ungir að embættum sínum. Að vísu er hjer lítil reynsla komin á þetta, og væru líkindi fyrir að margir docentar yrðu við háskólann, þá mundi ekki ástæða til að setja laun prófessoranna öllu lægri en laun skrifstofustjóranna, en nú bendir heldur í þá átt, að tilhneiging sje til að hækka docentembættunum í prófessorsembætti.

Að jeg fór yfirleitt ekki hærra með föstu launin en gert er í stjórnarfrv. kom ekki til af því, að mjer þætti eigi ástæða til þess, heldur af hinu, að jeg bjóst varla við, að það mundi fá framgang í þinginu, auk þess sem jeg var í efa um, að fjárhagur landsins þyldi hærri laun, einkum með tilliti til tilhneigingar þingsins til að hafa embættin mörg.

En þetta, sem jeg hefi minst á, er í mínum augum ekki aðalatriði í málinu. Það, sem fyrir mjer er aðalatriðið, er 33. gr. frv., og er jeg ekki ánægður með meðferð hv. nefndar á henni. Jeg álít það eitt rjett að leifa henni að halda sjer óbreyttri, einsog hún er í frv. stjórnarinnar, nema má ske að ástæða hafi verið til að hækka nokkuð dýrtíðaruppbót sveitapresta. Síðan frv. var

samið hefir útlitið breyst þannig, að líklega er ekki rjett að gera jafnmikinn mun á dýrtíðaruppbót sveitapresta og kaupstaðapresta eins og frv. gerir.

Jeg tel það varúðarvert að breyta 33. gr. svo nokkru verulegu nemi. Hún var vandlega hugsuð, og alt í henni reiknað út af færum mönnum eftir bestu gögnum, sem fyrir hendi voru. Þar sem nú nefndin virðist viðurkenna, að reglur þær, sem eftir var farið, sjeu rjettar, þá hefði verið sönnu næst að láta greinina vera óbreytta. Jeg held það sje áreiðanlega rjettast að miða dýrtíðaruppbótina við ástandið áður en stríðið byrjaði; þess vegna er jeg ekki ánægður með 39. brtt. hv. nefndar. Jeg sje ekki heldur, að það sje rjett, þegar það er á annað borð viðurkent, að dýrtíðaruppbótin sje bygð á rjettum grundvelli, að takmarka hæstu launaupphæð eins og gert er í 41. brtt. hv. nefndar, eða að minsta kosti sje það takmark sett of lágt. En að minni skoðun ætti það ekki að eiga sjer stað, því að hjer er meginregla brotin. Þegar jeg hefi talað um brtt. hjer að framan, hefi jeg ekki tekið með læknana. Má vera, að rjett hafi verið að ráða því máli til lykta eins og hv. nefnd hefir gert, og má ske hefir þar verið nauðugur einn kostur. Sje svo, þá er ekki um neitt að deila, síst þegar vel má að öðru leyti verja það, sem hv nefnd hefir gert.

Jeg held það hafi ekki verið fyllilega athugað hjá háttv. nefnd, þar sem hún ræður til að fella orðin „í Reykjavík" burt úr 33. gr. frv. Jeg átti rjett áðan tal við hagstofustjórann um hana, og taldi hann breytinguna varúðarverða, og að ilt mundi verða að átta sig á afleiðingum hennar og hún gera alt málið erfiðara viðfangs; meðal annars mundi örðugt að jafna saman stórverslun í Reykjavík, og hvað stórverslun mætti kalla úti um land, og vandi að kveða á, hvað kallast ætti stórverslun á þeim og þeim stað.

Jeg vildi því mega skjóta því til háttv. nefndar, hvort hún mundi ekki tilleiðanleg að láta þessa brtt. falla niður, og það því fremur, sem hún mun varla hafa gert sjer grein fyrir, hvaða áhrif hún mundi hafa á niðurstöðuna, nje hve miklum yfirgangi og örðugleikum hún mundi geta valdið.

Eins og jeg hefi sagt, geri jeg mig yfirleitt ánægðan með brtt. háttv. nefndar.

Jeg er auðvitað mótfallinn brtt. þeim, sem komið hafa fram frá hv. þm. um lækkanir á þeim. Jeg taldi það eigi rjett hjá háttv. nefnd að vilja draga úr tillögum 33. gr. frv., og því síður tel jeg það þá rjett að ganga enn lengra í þá átt, eins og brtt. á þgskj. 499 gerir. Jeg tek undir með háttv. frsm. (Þór. J.), að ef ekki á einungis að miða við verðlagið haustið 1914, eins og háttv. nefnd gerir, heldur þar á ofan að hækka frádráttartölu verðstuðulsins um 10%, þá sje freklega gengið í þá átt, að lækka dýrtíðaruppbótina. Jeg vona að hv. flm. (Sv. Ó. og H. K.) falli því frá þessari brtt. sinni, þegar þeir athuga það, að hv. nefnd hefir þegar hækkað frádráttartöluna um sem svarar 10%.

Þá verð jeg að telja það brot á þeirri reglu, sem stjórnin hefir sett, og flestir hafa talið sanngjarna, að fara fram á, að dýrtíðaruppbótin sje miðuð við 2000 kr., í stað 3000 kr., eins og er í stjórnarfrv.

Jeg man svo ekki, að fleira sje í brtt. einstakra þm., sem jeg hirði um að fara út í að sinni.

Skal jeg þá að lokum svara fyrirspurn þeirri, sem háttv. frsm. (Þór. J.) beindi að stjórninni, um það, hvort í 33. gr. frv. sje einungis átt við þá starfsmenn ríkisins, sem frv. nefnir, eða ætlast sje til, að ákvæði greinarinnar nái til fleiri. Jeg játa, að ástæða er til þess, að fyrirspurn þessi kom fram, til að taka af allan efa, þótt það virðist liggja nokkurn veginn í augum uppi, að hjer muni að eins átt við þá eina, sem frv. talar um. Í upphafi greinarinnar stendur:

„Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins fyrst um sinn, meðan dýrtíð sú helst, sem hófst með heimsstyrjöldinni“. Sýnir þetta allljóst við hverja er átt, þar sem talað er um föst laun. Jeg bjóst við, að frá þinginu mundu koma fram sjerstakar tillögur um dýrtíðaruppbót handa eftirlaunafólki og ýmsum starfsmönnum ríkisins, sem ekki eru á föstum launum, þótt sumir þeirra hafi fult starf í ríkisins þágu. Því er svo háttað bæði með ráðsmenn við spítalana, vitaverði o. fl., að kaup þeirra er ekki fastákveðið í eitt skifti fyrir öll, heldur fer það eftir samningum í það og það sinn, og er eigi hægt að ákveða fasta dýrtíðaruppbót handa slíkum mönnum, þar sem gera má ráð fyrir, að kaup þeirra muni, að meira eða minna leyti, vera miðað við dýrtíðina. Jeg ætlaðist sem sagt ekki til, að dýrtíðaruppbótin næði til annara en þeirra, sem tilgreindir eru í frv. stjórnarinnar, og þeirra nýrra embættismanna, er við kunna að bætast. Jeg bjóst við, að launamálanefndirnar mundu ráðstafa dýrtíðaruppbót annara, sem til mála geta komið, í samráði við stjórnina, og býst við því enn. Hreppstjórar hafa verið nefndir, og má vel vera, að rjett sje að bæta laun þeirra.

Jeg gleymdi áðan að minnast á brtt. um laun prófasta. Þar vil jeg minna á, að prófastslaun þeirra eru ákveðin með sjerstökum lögum, en háttv. nefnd mun ekki hafa lagt til, að þau lög væru numin úr gildi, þótt hún ætlist til, að ákvæðum þeirra sje breytt. En jeg hafði ekki fundið ástæðu til að taka það upp í frv., því að starf prófasta er algert aukastarf, og á því að vissu leyti ekki heima í þessum lögum, þótt verið geti, að það megi vera þar.

Þá vil jeg leyfa mjer að minnast á till. háttv. nefndar um prestana. Jeg hafði í fyrstu samið frv. svo, að uppbót þeirra var alveg ótakmörkuð, eins og annara. En þegar jeg fór að reikna út hækkunina, varð jeg hræddur við þingið, og fór þá að draga úr uppbótinni, því að jeg sá, að þessi uppbót munaði mjög miklu. Og þar að auki vissi jeg, að það var sumra meining, að prestar í sveit ættu betra með að komast af en margir aðrir embættismenn. En jeg verð að viðurkenna, að eftir því, sem á horfist nú um sveitabúskapinn í nánustu framtíð, þá getur vel verið, að þessi munur á sveitaprestum og öðrum sje ekki rjettur, og að háttv. nefnd hafi því alveg rjett fyrir sjer. Jeg verð þess vegna heldur að hallast að stefnu hv. nefndar. En af því þó, að jeg er ekki alveg sannfærður um, að aðstaða sje alveg hin sama og presta í kaupstöðum, þá væri má ske rjettara að láta það koma niður á föstu launum. Það væri má ske sanngjarnara en að skerða þá reglu, að láta uppbótina halda sjer. Hvaða takmörk sem sett eru í þessu, verður altaf nokkurt handahóf, eins og hlýtur að vera, hve nær sem einhver regla er afmörkuð, einhver takmörkun sett. Jeg skýt þessu fram til athugunar, en get sagt það, að eftir því sem nú lítur út um sveitabúskapinn, sjerstaklega að því er kaupgjald snertir, þar sem kaupa verður dýrum dómum hvert verk og viðvik, þá munu prestar eiga erfitt með að græða mikið á búskapnum. Því að ekki geri jeg ráð fyrir, að til þess sje ætlast, einkum ef menn hallast að því almennt að hafa prestaköllin stór, að prestarnir vinni nokkuð að bústörfum sjálfir.

Jeg hefi minst á brtt. á þgskj. 489. Hefi jeg ekki neitt við þá reglu að athuga, sem þar er tekin upp. Hún má vel vera, og er sjálfsagt fullkomlega eins heppileg og regla stjórnarfrv. Enda hygg jeg ekki, að hún þurfi að hafa veruleg áhrif. Þá hefi jeg og minst á samskonar brtt. á þgskj. 494, tölul. 1 og 2. Hvað snertir 3. lið á því þgskj., þá tel jeg nauðsynlegt, að sú brtt. verði samþ., og er hún sanngjörn og sjálfsögð á allan hátt. Að eins skal jeg geta þess, að jeg álít ekki, að laun aðalpóstmeistara megi vera minni en hjer er farið fram á.

Enn fremur vil jeg mæla með brtt. á þgskj. 495, og sýnist hún alveg rjettmæt og í samræmi við brtt. hv. nefndar um, að sá tími, sem menn gegna stunda- eða aukakennarastörfum við skóla ríkisins, skuli teljast til þjónustuára. Hitt er gömul venja, sem styðst við ákvæði í lögum, að telja ekki það ár, sem prestar eru aðstoðarprestar, til þjónustuára.

Skal jeg svo ekki ræða málið frekar að þessu sinni.

Sveinn Ólafsson: Jeg stend ekki upp sjerstaklega til að mótmæla hv. frsm. (Þór. J.), og var þó ýmislegt í framsögu hans, sem jeg get ekki verið samþykkur. Það lætur og að líkindum, því að hann hlaut að mæla fyrir munn meiri hluta nefndarinnar, sem vitanlega er sjálfri sjer sundurþykk eftir þeim víðtæka fyrirvara nál. Að sjálfsögðu er jeg nefndinni að svo miklu leyti samþykkur og brtt. hennar, að jeg hefi getað undirritað nál. með þeim rúmgóða fyrirvara. En hitt er víst, að á allmörgum sviðum er jeg hv. frsm. (Þór. J.) og meiri hluta nefndarinnar gersamlega ósamþykkur.

Jeg stóð fyrst og fremst upp vegna brtt. þeirra, sem jeg á ásamt hv. þm. Barð. (H. K), á þgskj. 499. Móti þessum till. hefir þegar verið mælt af hv. frsm. (Þór. J.) og hæstv. forsætisráðherra (J. M.). Auðvitað hafa mótmæli þeirra einkum snúist um brtt. við 33. gr. frv., en ekki hinar.

Það má auðvitað ekki skilja brtt. okkar svo, að við sjeum nefndinni sammála um alt það, er við gerum ekki brtt. um. Og heldur ekki má skilja þær svo, að við fylgjum í einu og öllu stjórnarfrv. á þgskj. 26, þar sem við höfum ekki gert brtt. Það verður ýmist svo, að við hljótum að fylgja frv., og það í mörgum greinum, en ýmist brtt. okkar eða annara nefndarmanna, þar sem okkur greinir á við aðaltill. nefndarinnar eða frv. En nú vill svo til, að komið hafa frá öðrum hv. þgdm. brtt. um sitthvað í frv. og brtt. nefndarinnar, sem við ella hefðum gert brtt. um, og fer auðvitað eftir atvikum, hvort við getum fylgt þeim eða ekki, en yfirleitt miða brtt. þessar í sömu átt og okkar.

Það er nú svo um brtt. á þgskj. 499, að hún stefnir aðallega í þá átt, að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, þar sem það virtist mætti gera, svo eigi sakaði. En ekki miða þær þó allar til þess. Sumar lúta að því, að bæta við mönnum, sem ekki eru nefndir í stjórnarfrv., og okkur virtist rjett að taka upp, og ein eða tvær að því, að hækka laun frá því, sem stjórnarfrv. tiltók. Brtt. eru alls 6, við 11., 12., 14., 16., 22. og 33. gr. frv.

Brtt. við 11. gr. fer í þá átt, að bæta við manni, sem fallið hefir úr í stjórnarfrumvarpinu, eða stjórnin hefir ekki hugsað sjer að taka í frv. Er það fangavörðurinn. Við höfðum talið 1800 kr. hæfileg byrjunarlaun handa honum, en að þau hækki á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr., í 2400 kr. Það er að vísu lægra en nefndin hefir lagt til, en okkur virtist þetta sanngjarnlegt, með tilliti til þess, að starf hans er ekki umfangsmikið, en hann hefir húsnæði, ljós og hita kauplaust.

Brtt. við 12. gr. fer fram á að hækka ritfje landlæknis úr 1000 kr. upp í 1500 kr. Þessi brtt. er að vísu samstæð brtt. nefndarinnar, en nefndin leggur til frekari breytingar á launakjörum þessa manns, og viljum við ekki fallast á þær.

Við 14. gr. flytjum við till. um breyting á launum dýralækna, að í stað 1800 kr. í stjórnarfrv. fái þeir 2000 kr., og launin hækki upp í 3000 kr. eftir tiltekið árabil. Þetta er gert með það fyrir augum, að brtt. á þgskj. 493, frá hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), gangi fram, og verði þá samræmi í launakjörum lægsta launaflokks hjeraðslækna og dýralæknanna.

Brtt. við 16. gr. snertir áhalda- og efnisvörð símans, sem ekki er talinn í stjórnarfrumvarpinu. Við höfum ekki getað orðið

nefndinni sammála um eins há laun honum til handa og nefndin vill ákveða. Auðvitað skiftir lækkun þessi ekki miklu máli, en er þó sett samræmis vegna, því að starf þetta er ekki sjerlega erfitt nje vandasamt. Virðist því rjett að færa launin niður frá því, sem nefndin hefir lagt til.

Þá er brtt. við 22. gr. Eins og hv. frsm. (Þór. J.) tók fram, hefir verið ágreiningur um, hvernig ákveða eigi laun prófasta. Virtist okkur, að þar sem nefndin gerði ekki ráð fyrir, að feld yrðu undan skoðunarlaun prófasta á kirkjum, þá væru laun þau, er hún ætlaði þeim, óþarflega há. Leggjum við því til, að launin verði 300 kr. hjá þeim, er áður höfðu 100 kr., og 500 kr. þar, sem áður voru 200 kr. Alls munu vera 20 prófastar á landinu. Þar af hafa átta 100 kr., en tólf 200 kr. Mundi því öll þessi launahækkun þeirra nema 5200 kr.

Sjötta og síðasta brtt. snertir 33. gr. Er það hún, sem sætt hefir mestum andmælum. En jafnframt er það hún, sem mestu máli skiftir og mest hefir áhrif á úrslit þessa máls og upphæð þess fjár, sem ríkissjóði verður gert að greiða með lögum þessum. Þessar brtt. við 33 gr. falla í fjóra stafliði.

Stafliður a. snertir undirbúning dýrtíðaruppbótarinnar, verðlagsskrá þá, sem nota á til að ákveða dýrtíðaruppbótina eftir árlega. Gengur hún að því leyti lengra en tillaga nefndarinnar, að hún gerir ákveðið ráð fyrir að miða ekki við verðlag í Reykjavík einni, heldur verðlag í 4 aðalkaupstöðum landsins. Þetta virðist vera fullkomlega eðlileg og sanngjarnleg breyting, því að verðlag er ekki nándar nærri hið sama um alt land, og hjer á einmitt að leita meðalverðs, en ekki Reykjavíkurverðs. Enda eiga þeir menn að njóta dýrtíðaruppbótarinnar, sem búsettir eru víðs vegar um landið, og verður næst komist rjettlátlegu verðlagi með landsmeðalverði.

Stafliður b. fer í þá átt, að hækka þá „dauðu prósentu", sem leggja á við verðlagið haustið 1914, áður en ákveðin er uppbótarprósentan. Leggjum við til, að í stað 25% komi 35%. Byggjum við það á því, að föst laun þau, sem gert er ráð fyrir, og sennilega verða ákveðin, fara talsvert fram úr 25% hækkun frá þeim launum, sem voru 1914. Þau fara víðast langt fram yfir 35% og eru ekki óvíða 100% hærri en þau voru 1914 og fyr. Verði það ofan á, sem lagt er til af nefndinni um hjeraðslæknana, verður hækkun launanna hjá þeim sumum með uppbótinni jafnvel þreföld, eða um 200%. En af því að þessi hækkun launanna frá því sem var 1914 er svo breytileg og misjöfn, er ómögulegt að fá eina algilda reglu, sem á við alla. Þegar þessar 25% falla undan uppbót, fer því svo, að einn munar meira um og annan minna, eftir því, hve mikil hækkunin hefir verið á þeim föstu launum. Nær hæfi hefir okkur því virst 35%. Í skrá þeirri yfir embættismenn og laun þeirra, sem birt er í aths. við stjórnarfrv., hefi jeg ekki fundið einn einasta mann, sem ekki hefir verið ætluð meiri hækkun á föstum launum en 25%, en ekki vil jeg fortaka, að dæmi kunni að finnast þess. Hitt er víst, að allur fjöldinn hefir fengið 50—80% hækkun, og margir þó hækkaðir enn meira eftir till. nefndarinnar.

C-liður brtt. fer fram á það, að færa niður hámarkið á þeim ⅔ hlutum launanna, sem uppbótin á að reiknast af, úr 3000 kr. niður í 2000 kr. En háttv. frsm. (Þór. J.) rangfærði þessa till. og ljet á sjer skilja, að við hefðum breytt hlutfallinu, ⅔ launa. Við höfum einmitt látið það óhaggað. En hins vegar ætlumst við til, að sú upphæð, sem dýrtíðaruppbótin greiðist af, verði færð úr 3000 kr. niður í 2000 kr.

Af því að það hefir verið látið í ljós hjer, að þessi brtt. yrði þess valdandi, ef hún gengi fram, að uppbótin yrði ófor-

svaranlega lág, og enn fremur með áherslu fram tekið af háttv. frsm. (Þór. J.), að hún kæmi sjerstaklega niður á þeim lægst launuðu, ætla jeg að leyfa mjer að hafa yfir dálitla töflu, sem jeg hefi gert, til að sýna, hvernig þetta verður eftir þeim verðstuðli, er myndast, þegar miðað er við verðmun 1914 og 1918, og verðstuðullinn því miðaður við laun og uppbót, sem ætti að vera í ár, ef lögin væru komin í gildi.

Taflan sýnir mismuninn, sem verður frá stjórnarfrv., og því, sem við leggjum til grundvallar. Er hún á þennan veg:

Laun föst	Laun föst með uppbót, till. stjórnarinnar.	Laun föst með uppbót og 35% lögð við verð 1914, eftir till. okkar*).	Mismunur.
1500 kr.	3030 kr.	2850 kr.	180 kr.
2000 —	4040 —	3800 —	240 —
2500 —	5050 —	4750 —	300 —
3000 —	6060 —	5700 —	360 —
3500 —	7070 —	6200 —	730 —
4000 —	8080 —	6700 —	1380 —
4500 —	9090 —	7200 —	1890 —
5000 —	9590 —	7700 —	1890 —
5500 —	10090 —	8200 —	1890 —
6000 —	10590 —	8700 —	1890 —
6500 —	11090 —	9200 —	1890 —
7000 —	11590 —	9500 —	2090 —
7500 —	12090 —	9500 —	2590 —
8000 —	12590 —	9500 —	3090 —
8590 —	13090 —	9500 —	3590 —
9000 —	13590 —	9500 —	4090 —
9500 —	14090 —	9500 —	4590 —
10000 —	14590 —	10000 —	4590 —

Af þessu er það auðsætt, að niðurfærsla okkar kemur síst niður á þeim lægst launuðu, en þvert á móti á þeim hæst launuðu, og það er sú regla, sem fylgt hefir verið og fylgja ber um dýrtíðaruppbót, að sjá þeim borgið, sem mesta hafa þörfina, lægst eru launaðir.

Jeg held annars, að allir, sem ekki hafa þegar bitið sig í stjórnarfrv. og till. nefndarinnar, eins og óbreytilega vjefrjett, verði að kannast við, að uppbót sú, sem stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, eftir töflu þeirri, sem jeg las upp, sje langt úr hófi fram, og að t. d. 14590 kr. laun, eins og taflan sýnir hæst, sje öllu meira en þjóðfjelagið hefir efni á að greiða, einkum með þeim sæg opinberra starfsmanna, sem nú er — og verða munu — jafnvel þótt nokkrir hafi launin lægri. Þeir eru þó fjölda margir með 10000 kr.

Síðasti stafliðurinn snertir dýrtíðaruppbót presta, sem nefndin hefir lagt til að yrði sú sama og fyrir aðra embættismenn. Við viljum breyta því þannig, að í stað þess, að stjórnarfrv. vill ekki láta dýrtíðaruppbót sveitapresta fara fram úr 500 kr., viljum við setja hámarkið 1200 kr. Ef brtt. þeirra hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) og þm. Stranda. (M. P.), um hálfa launauppbót presta, nær samþykki, verður útkoman svipuð.

Loks skal jeg hnýta við þetta, sem jeg hefi sagt um brtt. okkar, nokkrum almennum athugasemdum. Ástandið hjer á landi um þessar mundir er ekki ólíkt því, sem var um og eftir 1874. Þá höfðu gerst stórviðburðir í landi hjer, er stjórnarskráin var gefin og löggjafarvaldið fluttist frá Kaupmannahöfn og hingað heim, að sínu leyti svipuð tímamót og nú, er fullveldisviðurkenning landsins er fengin.

Eitt af því, sem mest bar á eftir að við fengum stjórnarskrána 1874, var það, að laun embættismanna voru hækkuð og skattalögin sett. Launalögin frá 1877 gerðu mikla breytingu á kjörum embættismanna hjer á landi og urðu þess um leið valdandi, að megn óánægja kom upp í landinu, ekki að eins vegna þess, að launin

*) Hámark launa og uppbótar til samans 9500 kr.

þóttu of há, heldur og vegna þess, að skattalögin voru jafnhliða sett, svo að fólkið víða áleit þau afleiðingu af launahækkuninni einni. Lítur helst út fyrir, að hvorttveggja ætli að endurtaka sig nú. Mjer er enn í fersku minni atburðir þess tíma og almannarómur, og jeg heyrði oft óánægju fólksins með hvortveggi þessi lög kent um útflutning þann til Ameríku, sem þó hófst og þyngst var landplága hjer um langt skeið. Embættislaunin og skattarnir var talið óbærilegt í sambandi við erfitt árferði, og fólkið flýði vestur um haf.

Jeg felli engan dóm um það, hvort skoðanir fólksins í þessu efni voru á rökum bygðar eða ekki; jeg skýri að eins frá þeim eins og þær birtust í viðræðum manna, í blöðum og á mannfundum.

Illa væri farið, ef vjer nú með óvægilegri skattalöggjöf og hóflausum launalögum gæfum af nýju útflutningshreyfingunni byr í seglin og fólk tæki að flýja land. Jeg er jafnvel ekki fjarri því, að til sje nú þegar vísir þeirrar hreyfingar, og þótt ýmsir haldi því fram, að ekki sje neitt að flýja undan sköttum, þá eru leiðir til Grænlands eigi torsóttar, og vel hugsanlegt að það verði „opnað.“

Það er alls eigi hættulaust að knýja fram í þinginu launalög, sem eru langt fram yfir efni þjóðarinnar og vekja gremju hennar.

Á málinu eru tvær hliðar; snýr önnur að almenningi, en hin að starfsmönnum þjóðarinnar. Hvortveggi verða að eiga atkvæði um svona mál; en í núverandi horf er því komið fyrir harðfylgi hinna opinberu starfsmanna og fylgifiska þeirra í þinginu.

Það er óhætt að segja, að allur almenningur vill láta launa opinberum starfsmönnum sómasamlega og eftir afrekum þeirra, en hann miðar þó jafnan við getu og efni. Hjer er fjöldi embættismanna meiri en annarsstaðar, og verkahringur hvers eins því oftast lítill. Þess vegna er eigi þess að vænta, að hjer sje hægt að sníða launin eftir stórskornari útlendum fyrirmyndum, enda engin ástæða til annars en að ætla þeim, er tíma hafa afgangs embættisstörfum, að nota hann sjer til tekjubóta.

Nú á jeg von á því, að hjer verði farið að líkt og áður, þegar um dýrtíðaruppbót hefir verið að ræða, að okkur, sem viljum takmarka gegndarlausa fjáreyðslu, verði núið því um nasir, að við sjeum þeir nirflir, að vilja ekki gjalda starfsmönnum landsins sómasamlega. Slíkar ákúrur læt jeg sem vind um eyrun þjóta, því að slíkir áfellisdómur eru oft feldir af römmustu eigingirni, en sá er nirfilsháttur inn verstur, að unna eigi þjóðinni að njóta ávaxtanna af starfi sínu, en eyða litlum efnum hennar í tildur, brutl og bitlinga eða opinber starfslaun, sem lítið er unnið fyrir af sumum.

Annars er stefnan sú sama í brtt. okkar og fylgt hefir verið undanfarin ár með dýrtíðaruppbót, þ. e. að sjá þeim borgið, sem lág laun hafa og síst geta staðist dýrtíðina, en bæta þeim minna, sem hærri hafa launin og eru því meir sjálfbjarga, og þessarar reglu sjást líka merkin í stjórnarfrv., þótt skemra sje farið en hjá okkur, því að ákvæðið um uppbót af 3000 kr. hæst sýnir einmitt, að stjórnin viðurkennir þá stefnu rjetta.

Jeg ætla ekki að taka neina afstöðu til annara brtt., sem fram hafa komið. Hún mun koma fram við atkvgr.

Magnús Guðmundsson: Jeg hefi leyft mjer að koma með fáeinar brtt., á þgskj. 494, og skal jeg skýra frá ástæðum til þess.

Eins og háttv. deild eflaust rekur minni til, flutti fjárhagsnefndin á öndverðu þingi, eftir tilmælum stjórnarinnar, frv.

um breytingu á póstmálum landsins. Við umr. um þetta frv. tók jeg það fram sem framsögumaður, að jeg ætlaðist til, að nefndin í launamálinu breytti launafrv. í samræmi við hin nýju póstlög. Þetta hefir nefndin ekki gert, og hefi jeg því talið mjer skylt að koma með brtt., til þess að samræma launalögin við póstlögin. Till. hefi jeg sniðið eftir frv. stjórnarinnar, með hliðsjón af breytingum á póstmálunum, enda skildist mjer háttv. frsm. (Þór. J.) ganga inn á till. mínar, og sje jeg því ekki betur en að nefndin geti tekið brtt. sínar við 15. gr. aftur.

Jeg hefi gert ráð fyrir 500 kr. hærri launum hjá póstmeistaranum í Reykjavík vegna þeirrar ábyrgðar, sem hann verður að bera á peningum póstsjóðs.

Tilefnið til 1. og 2. brtt. minnar er það, að jeg tel Skaftafellssýslu svo örðugt umdæmi, að telja verði hana í fyrra flokki hvað launin snertir. Og mjer skildist á hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að hann hefði ekkert við þær brtt. að athuga.

Þá skal jeg geta þess, að þegar jeg sá 33. gr. frv., þá skildist mjer, að ákvæðin um launauppbótina ættu við alla embættis- og starfsmenn landsins, en þetta virðist ekki vera skoðun hæstv. forsætisráðherra. Jeg held því, að breyta verði orðalaginu þannig, að greinin verði ekki misskilin, og taka fram, að hún nái að eins til þeirra, sem frv. nær til.

Sigurður Sigurðsson: Enda þótt jeg sje nokkuð kvefaður og þar af leiðandi ekki vel upplagður til að tala, þá held jeg samt, að jeg verði að segja nokkur orð, sumpart út af brtt. á þgskj. 496 og sumpart af öðrum ástæðum.

Jeg skal strax taka það fram, að jeg hefði helst kosið, að ekkert launafrv. hefði verið lagt fyrir þetta þing og ekki fyr en dýrtíðinni væri lokið. Fram að þeim tíma, að dýrtíðinni ljetti, vildi jeg láta bæta launin með dýrtíðaruppbót, eins og gert hefir verið að undanförnu, og lofa dýrtíðaruppbótarlögunum að gilda áfram með einhverjum breytingum, og laga á þeim gallana. Hæstv. stjórn hefir ekki sýnst heppilegt að fara þessa leið, heldur komið fram með frv. það, sem nú liggur fyrir þinginu. Háttv. nefnd hefir líka tekið það til greina, fallist á það með nokkrum breytingum, í stað þess að taka upp hina leiðina, eða rjettara sagt halda þeirri stefnu, sem tekin var í byrjun dýrtíðarinnar í þessu máli.

Við frv. þetta hefi jeg komið fram með nokkrar brtt., á þgskj. 496. Jeg ætla ekki að rekja einstaka liði þeirra; vil að eins geta þess, að till. eru fjarri því að vera róttækar, en miða að eins að því, að jafna laun embættismanna, og þá sjerstaklega lækka laun þeirra hæst launuðu. Jeg tel ekki rjett, að laun embættismanna fari mikið fram úr 6000 kr., að undanteknum launum ráðherra og hæstarjettardómstjóra. Hingað til hafa slík laun, 6 þús. kr., verið talin há. En með tilliti til dýrtíðarinnar má segja, að þau sjeu nú að minsta kosti sómasamleg ásamt dýrtíðaruppbótinni samkvæmt 33. gr. frv. En annars er þessi 33. gr. frv. að ýmsu leyti viðsjárverð.

Það vill brenna við hjá stjórninni að gera meiri mun launanna en ástæða er til. En allir þurfa að lifa, og eins þeir, sem lægra eru settir. Og þótt jeg fallist á, að meiri ábyrgð hvíli á hinum svokölluðu æðri embættismönnum en þeim lægri, þá er þess að gæta, að æðri embættismennirnir hafa tíðast marga undirmenn í sinni þjónustu, svo að störfin dreifast á marga. Sumstaðar í brtt. mínum er farið fram á það að lækka bæði hámarks- og lágmarkslaunin, sumstaðar að jafna lágmarkið og annarsstaðar að færa niður hámarkið.

Viðvíkjandi 5. lið skal jeg geta þess um laun biskups, að jeg hefi álitið, að hann ætti að sitja við sömu laun og landlæknir, en jafnframt hefi jeg stungið upp á 500 kr. til hans í ritfje.

Einnig skal jeg taka það fram viðvíkjandi 7. og 8. lið, að þar er brtt. um lækkun á launum forstöðumanna Eiðaskólans og Stýrimannaskólans, miðuð við það, að þessir menn fá ókeypis húsnæði, hita og ljós. Mjer finst ástæða til að taka tillit til þess. Á tímum eins og nú eru, þegar húsnæði er svo vandfengið og dýrt, og hitun og lýsing einhver dýrasti pósturinn í útgjaldalið hvers einasta búandi manns í landinu, hvort sem er í sveit eða kaupstað, þá er ekki ástæða til að fara hátt með föstu launin hjá þeim, er þeirra hlunninda njóta. Það er vissulega ekki lítils virði að hafa slíkt ókeypis, og með tilliti til þess er niðurfærslan gerð.

Þá hefi jeg komið með brtt. við brtt. nefndarinnar, og eru þær á þgskj. 495 og 497. Brtt. á þgskj 495 er við brtt. launanefndarinnar á þgskj. 439.3, og í því fólgin, að aftan við bætist svo hljóðandi málsgrein:

„Sömuleiðis skal telja til þjónustuára hjá prestum þau ár, er þeir hafa gegnt sem aðstoðarprestar.“

Þetta er komið fram í því skyni, að prestar missi ekki af launum sínum, þó þeir hafi t. d. byrjað sem aðstoðarprestar. Prestar taka sjer sjaldan aðstoðarprest fyr en þeir eru farnir að eldast, eða að þeir taka að sjer önnur störf, og verður það þá altaf svo, að nærri öll prestsstörf lenda á aðstoðarprestinum. Þessi ár eru þess vegna fullkomin embættisár, og engin sanngirni í öðru en að þau verði talin með sem embættisár.

Hin brtt. mín, á þgskj. 497, fer í svipaða átt og aðrar brtt. mínar við frv. stjórnarinnar. Eins og mönnum er kunnugt, þá er það mín stefna að gera launin jafnari, og þá með því að lækka hæstu launin. Fyrsti liðurinn miðar að því, að lækka laun dómstjóra í hæstarjetti úr 10,800 kr. í 8,000 kr. Þetta er vitanlega virðulegt embætti, en þó sje jeg ekki ástæðu til að launa það betur en t. d. ráðherraembætti. Næsti liðurinn fer fram á að lækka hjá hinum dómendum hæstarjettar úr 8000 kr. niður í 6000. Jeg tel þá fullsæmda af að hafa sömu laun og t. d. póstmeistari og aðrir, sem hafa ábyrgðarmiklum stöðum að gegna.

Aðrar till. mínar fara í líka átt, en óvíða munar það nokkru verulegu. En jafnvel þó till. sjeu ekki stórvægilegar, þá dregur það sig þó saman, og þegar alt kemur til alls, verður þessi sparnaður 40—50 þús kr. Jeg taldi meiri líkur á því, að till. mínar næðu fram að ganga, ef þær væru hógværar og sanngjarnar, en það verð jeg að telja þær. Þær geta á engan hátt kallast róttækar, enda mundu slíkar tillögur fá hjer lítinn byr. Annars verður reynslan að skera úr því, hvernig þessu reiðir af. Jeg geri ráð fyrir því, að háttv. þm. geri sjer ljóst, að hjer er um stórmál og vandamál að ræða, og því full ástæða til að fara varlega.

Annars verð jeg að segja það, að embættismannafjöldinn og launafúlgan, sem til embættismanna gengur árlega, er að vaxa þjóðinni yfir höfuð. Það er sjálfsagt hægra um að tala en gera við því. Og þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til að reyna að ráða bót á þessu, hafa engan árangur borið. Eins og bent hefir verið á, er stöðugt verið að fjölga embættum. Á sumum þingum að undanförnu hefir verið bætt við milli 10 og 20 nýjum embættum, og lítur út fyrir, að þetta þing ætli ekki að verða eftirbátur í því efni. Nú hefir hæstirjettur verið stofnaður. Og þó að hann hlyti að koma fyr eða síðar, þá verður ekki sagt, að nein aðkallandi nauðsyn hafi ráðið stofnun hans nú á þessu þingi. Annað embætti er búið að stofna, og er það húsagerðar-

meistari, sem vel hefði mátt bíða. Mörg þau embætti, sem stofnuð hafa verið í seinni tíð, hafa að vísu verið meira og minna þörf, og sum nærri óhjákvæmileg. En þó eru margir þeirrar skoðunar, að oft hafi meiru ráðið um stofnun embætta ákafi í það, að koma einstökum mönnum í stöður, en aðkallandi nauðsyn eða þjóðarþörf. Það er satt, að þjóðin hefir stundum átt nokkurn þátt í þessari embættafjölgun. En þeir menn, sem hún óskar helst eftir, eru *læknar*, bæði manna- og dýralæknar. Þá vilja sumir og fjölga prestum, en ekki kveður þó eins mikið að því. Það verður því á engan hátt sagt, að þjóðin sje sök í allri þeirri embættafjölgun, sem átt hefir sjer stað. Hún vill einmitt fara varlega í stofnun nýrra embætta. Það er því ekki farið að vilja hennar alment, þegar verið er að stofna ný embætti og fjölga embættismönnum.

Svo er annað, að þegar búið er að stofna embættin, þá er ekki eins auðvelt að fá þau afnumin, þó þau sjeu og reynist ónauðsynleg. Þegar búið er að leiða asnann inn í herbúðirnar, þá er ekki eins gott að fá hann út aftur. — Það hefir komið fyrir, að menn hafa verið *keyptir* úr embættum, þegar þeir voru orðnir gamlir eða ómögulegir af öðrum ástæðum, en embættin hafa ekki verið lögð niður. En þessi embættafjölgun, sem eykst ár frá ári, er meira alvörumál en margur heldur. Embættismennirnir gera þá kröfu, sem vonlegt er, að þeim sje launað, sem þeir kalla, sómasamlega. En þegar litið er á fjölda þeirra og hag landsins, þá reynist það ómögulegt að fullnægja kröfum þeirra í þessu efni. Ef ætti að sinna þessari kröfu, og það lítur úr fyrir, að hjá því verði varla komist, þá er eina ráðið að athuga, hvort ekki sje unt, þjóðinni að skaðlausu eða skaðlitlu, að fækka embættum. Þetta væri vel þess vert að vera athugað. Og jeg er þeirrar skoðunar, að það megi gera án nokkurs tjóns fyrir þjóðina. En hitt er annað mál, hvað auðvelt verður að koma því í framkvæmd. Það er sjálfgefið, að meðan þetta ástand er, meðan embættismönnum er ekki fækkað, þá verður að fara hóflega í það að ákveða laun þeirra. Jeg vænti þess því fastlega, að mínar till. og aðrar þær, sem miða að því að draga úr launum, verði samþ.

Jeg skal viðurkenna það, að stjórnin hefir virst ætla að taka rögg á sig, og gert tillögu um fækkun tveggja embætta. Það er frv. um sameining Dala- og Strandasýslu, og frv. um söfnin. En allir vita um afdrif þessara frv. Um söfnin er það að segja, að lítill sparnaður hefði af því orðið; sparnaðarhugmyndin var þar sprottin af ókunnugleika stjórnarinnar. Og um sameining Dala- og Strandasýslu er það að segja, að eigi þótti við eiga að þessu sinni að gera það. Jeg býst því við, að því yrði tekið dauflega, ef jeg eða aðrir færu að bera fram frv. í þá átt, að fækka prestum, kennurum eða öðrum embættismönnum og sameina embætti. En úr því menn vilja ekki fækka, þá verða þeir að taka afleiðingunum, og þær geta orðið alvarlegar, ef haldið er áfram á þeirri braut, sem nú er verið að fara.

Matthías Ólafsson: Það er aðallega eitt atriði, sem jeg verð að gera athugasemd við, og hefi borið fram brtt. í þá átt. Jeg get ekki verið meiri hluta nefndarinnar sammála um, að rjett sje að ákveða laun lækna eins og gert er, láta hækkunina koma fram á föstum launum þeirra, en láta gjaldskrána halda sjer. Jeg hjelt því fram, að úr því farið væri fram á að bæta kjör lækna, þá ættu að sjálfsögðu þeir að gera það, sem læknana nota, og væri þá rjettast að hækka gjaldskrána. Þegar farið var að fjölga læknum fyrir alvöru, var ætlast til, að aðaltekjur þeirra yrði „praxis“, og þeim voru ætlaðar einar 1000 kr samkvæmt

því. En um leið og þetta var gert var þeim markaður bás með gjaldskrá. Hún var svo lág, að læknum reyndist ómögulegt að lifa af tekjum sínum, og þá var valin sú óhappaleið, að hækka laun þeirra, í stað þess að afnema eða hækka gjaldskrána. Þetta var í alla staði ósanngjarnt, að skella þessu öllu á landssjóð, en láta þá, sem lækninn nota, sleppa. Vitanlega borga landsmenn þessa upphæð með tollum og sköttum, en það gera allir, líka þeir, sem aldrei þurfa á lækni að halda, og er þetta því órjettlátt.

Læknastjettin fór fram á það á þingi 1917 að fá ráðna bót á þessu, fá hækkaða gjaldskrána. Þingið vildi ekki sinna því, og þess vegna er komið sem komið er. Læknar verða að fá bætt kjör, og úr því hin leiðin er ekki fær, þá hafa þeir valið þá, að fá launin hækkuð. Sú hækkun, sem farið er fram á, mundi nema líku og ef gjaldskráin væri hækkuð um 50%. Læknarnir töpuðu engu, en landssjóður sparaði 25,000 kr., auk dýrtíðaruppbótar af þeim 25,000, eða alls sem næst 50,000 kr. Þetta yrði sparað á þann hátt, að þeir, sem lækna notuðu, borguðu það, í stað þess að nú gera það allir meira eða minna. Það hefir mikið verið talað um það, að hjer væri verið að leggja skatt á sóttir og sjúkdóma, og menn hafa með fjálgleik og mælgi reynt að slá á þá strengi. Jeg veit ekki betur en að sjúkdómar leggi á okkur svo marga skatta, að læknagjaldið sje hverfandi. Það mætti eins tala um, að landið ætti að borga útför og greftrun manna. Það er hægt að segja, að dauðinn leggi svo mikið á menn, að vert sje að ljetta undir. Þannig mætti fleira telja. Jeg gæti bent á, að 8 manna heimili má vera meira en lítið óheppið, ef það þarf að borga meira í lækniskostnað en það borgar í tolla, sem lagðir verða á neyslu þess eingöngu til að greiða laun lækna. Það eru heldur ekki altaf fátækustu mennirnir, sem borga læknunum; þeir hafa oft og tíðum ekki ráð á að leita til læknis við hvað lítilfjörlegum lasleika sem er. Læknarnir lifa oftast á efnamönnunum; þeir hafa ráð á að borga.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var hræddur um, að menn færu að flytja af landi burt vegna þess, hve laun embættismanna verði há. Jeg er ekkert hræddur um, að menn fari að fara til Ameríku eða Grænlands, þó gjaldskrá lækna verði hækkuð. Það væri að fara úr öskunni í eldinn. Því þó gjaldskráin yrði hækkuð um 54%, þá yrði það þó minna en er í Ameríku.

Jeg ætla að beina því til hæstv. forseta að bera upp síðari lið till. á undan hinum fyrri. Ef gjaldskráin verður ekki hækkuð, þá vil jeg ekki verða til þess, að laun lækna standi í stað. Það ætti öllum að vera ljóst, að það verður að bæta kjör þeirra; þeir geta ekki lifað sómasamlega við þau kjör, sem nú eru.

Þá á jeg aðra brtt., um að nema burt hámarkið fyrir dýrtíðaruppbótinni. Jeg lít svo á, að ef launin eru í upphafi rjettlát, þá sje líka rjett, að þau hækki í rjettu hlutfalli við verðfall peninga. Ef 9500 kr. eru sæmilegt til að lifa af nú, þá verður það ekki sæmilegt ef peningar lækka um 30—50⅔. Það á alls ekki að fyrirbyggja það, að menn með sparnaði geti lagt upp.

Þá er eitt, sem virðist varla hafa verið tekið til greina, og það er að embættismenn verða af þessum launum sínum að borga líftryggingarfje fyrir sig og í ekknasjóð. Fram hjá þessu hefir verið gengið. Það á að afnema eftirlaun, og eiga embættismenn að borga þau sjálfir. Það verður að taka tillit til þessa þegar laun embættismanna eru ákveðin.

Þá er 4. liðurinn, og get jeg tekið hann aftur, því jeg get fallist á brtt. á þgskj. 480.

Þá er eitt, sem jeg vildi taka fram, viðvíkjandi flokkun læknishjeraða. Nefndin hefir þar farið eftir till. læknafundar, en

hann hefir miðað við fólksfjölda. Það er ekki rjett, því að 1000 menn við sjó gefa meiri „praxis“ en 1000 menn í sveit. Þeir eiga hægra með að ná í lækni og nota hann meira. Og eru þá ótaldar allar þær tekjur, sem læknar hafa af skipum, og veit jeg, að þær eru oft ekki litlar. Í sveit verða læknar að ferðast langt og fá lítið, og fleira mætti tilfæra. En jeg er ekki svo kunnugur, að jeg geti komið með ákveðna tillögu í þessa átt.

Jón Jónsson: Jeg á með öðrum háttv. þm. brtt. á tveim þgskj. Jeg ætla fyrst að minnast á þær fyrri, á þgskj. 480. — Fyrri liðurinn er um laun prófasta, og er hún ekki stórvægileg. Háttv. frsm. (Þór. J.) gat þess, að nefndin hefði í brtt. sínum hækkað laun prófasta, og að samkvæmt till. nefndarinnar væru visitasíulaunin ekki feld burtu. En upphaflega var það ætlun nefndarinnar að nema burtu vísitasíulaunin, en hækka sjálf launin. Það kann að vera, að þetta sje rjett, að vísitasíulaun haldist, en jeg held, að þá sjeu launin ákveðin fullhátt. Hins vegar tel jeg brtt. okkar alveg sómasamlega og hæfilega.

Þá er hinn liðurinn á sama þgskj., sem fer fram á, að prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fái hálfa launauppbót. Eins og menn vita, þá er ákvæðið í frv. stjórnarinnar þannig, að þeir prestar, sem ræðir um í till. okkar, mega ekki fá meiri uppbót en sem nemur 500 kr. á ári. Það er mun minna en till. okkar fer fram á; því þótti okkur rjett að fara meðalveginn, þannig, að uppbótin sje að eins borguð af hálfum launum. Það er vafalaust heppilegra en að hafa fastákveðna peningaupphæð. En samkvæmt till. okkar verður þetta breytilegt eftir launum, og getur fallið burtu ef dýrtíðin minkar. Þessi tillaga byggist á því, að prestar, sem hafa góðar jarðir til ábúðar, verða ekki eins varir við dýrtíðina og hinir, sem búa í kauptúnum. Þeir geta því verið rólegir, þó þeir fái ekki eins mikla uppbót. Jeg býst við, að flestir prestar mundu heldur kjósa að halda bújörð sinni heldur en fá alla uppbótina og vera án jarðanna. Það er ekki að eins það, að jarðirnar sjálfar eru venjulega góðar, heldur fylgja þeim mörgum þar að auki ýms hlunnindi, sem eru mikils virði fyrir prestinn, miklu meira virði en þau eru metin upp í laun.

Jeg hefi lauslega athugað, hvað mikið mundi sparast með þessu fyrirkomulagi. Mjer taldist til, að þeir prestar, sem undir þetta kæmu, væru 75 talsins. Og nú verða meðallaun 2500 kr. Þá yrði öll uppbótin eftir reglunum alls 187 þús. kr. Með öðrum orðum, ef þetta næði fram að ganga, mundu sparast 93½ þús. kr., eða helmingur allrar uppbótarinnar. Og verður ekki annað sagt en að það sje upphæð, sem nokkru nemur, þó mönnum hins vegar blöskri ekki alt lengur. Jeg skal játa, að sparnaðurinn verði að vera bygður á sanngirni. En við getum með engu móti sjeð, að ósanngirni kom fram í till.; hins vegar um verulega fjárhæð að ræða, sem engin ástæða er til að greiða.

Þá er brtt. á þgskj. 481, um hámark uppbótarinnar, við brtt. nefndarinnar á þgskj. 439. Okkur þótti eigi alls kostar rjett að hafa þetta hámark eins ákveðið og nefndin leggur til. Enda varð þetta talsvert ágreiningsatriði innan nefndarinnar. — Sumir vildu ekkert hámark hafa, en aftur voru aðrir, sem vildu hafa það hærra en ofan á varð. — Nú er það uppástunga okkar, að í staðinn fyrir 9500 komi 10500 krónur.

Þegar litið er á, hvaða menn það eru, sem þetta kemur niður á, þá vil jeg benda á, eins og líka vitanlegt er, að það eru hinir hærra launuðu mennirnir. Og þeir eru nær eingöngu búsettir í Reykjavík. Þeir hafa á hendi hin og önnur trúnaðarstörf, og er því mikið af þeim heimtað. Enda eiga þeir skilið, að þeim sje goldið sómasamlega.

Mjer hefir talist til, að þessi takmörkun næði til skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, hæstarjettardómara, bæjarfógeta, nokkurra sýslumanna, landlæknis, póstmeistara, biskups, vitamálastjóra, landsskjalavarðar, landsbókavarðar, landssímastjóra, vegamálastjóra, húsameistara og prófessora. Þetta eru þeir, sem fá lægri uppbót en ella, ef till. nefndarinnar verða samþ. Menn sjá, að þetta skiftir nokkrum þús. kr. Og eftir till. okkar fá þeir allflestir 1000 kr. meira en annars. Jeg geri ráð fyrir, að mönnum finnist það muna dálitlu fyrir hvern einstakan. Aftur á móti gæti hitt valdið óánægju. Og þegar litið er til þess, að ekki sparast við till. nefndarinnar nema eitthvað um 27 þús. kr., sem ekki er stór upphæð af allri launafúlgunni, þá sje jeg ekki, að neitt verulegt sje unnið við þetta. Það er öllum kunnugt, að þeir, sem búa í Reykjavík og hafa stórt hús og mikið um sig, þurfa meira en lítið til að lifa af. Þeir verða að hafa góð laun, ef þeir eiga að geta komist sómasamlega af með sig og sitt fólk. Og það þætti víst tæplega rjett að gera þessum mönnum einn kostinn nauðugan, að takmarka sig í að fjölga mannkyninu. Jeg skal geta þess, að við leggjum ekki svo mikla áherslu á, hvort sett sje nokkurt hámark eða ekki, því það skiftir í sjálfu sjer litlu máli, að minsta kosti ef slept er hæstarjettardómurum. Eftir ákvæðum launafrv. fá þeir hærri laun en aðrir embættismenn, en þar að auki jafna uppbót á við aðra. Það virðist tæplega rjett, þar sem svo er ástatt, að þeir standa einir sjer hvað snertir launauppbæðina. Í þessu eina tilfelli vildi jeg mæla með hámarkinu. Hitt skiftir meira máli, ef lágmark meiri hlutans yrði til þess, að einhverjir af þessum trúnaðarmönnum okkar segðu lausum embættunum og tækju annað fyrir. Yrðu það sennilega ekki hinir sístu.

Jeg hefi nú minst á brtt. okkar, og skal nú drepa á eitt atriði, sem háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) talaði um. Hann benti á það, háttv. þm., að rjettara væri að fara varlega í sakirnar í þessu máli. Því svo gæti farið, að alþýðu manna ofbyði svo kvaðir þær, sem á hana væru lagðar, að fólk flytti burt úr landi fyrir þá sök. En þetta er misskilningur hj hv. þm. (Sv. Ó.). Hann vildi í ræðu sinni áðan setja fólksflutningana til Ameríku í samband við launalögin, sem þá gengu í gildi, 1885, og skattalögin. En það mun miklu fremur hafa átt rót sína að rekja til verslunarástandsins, sem þá var mjög slæmt í landinu. Eins og kunnugir muna eftir, þá flutti margt burtu úr Vopnafirði. Og mun það hafa verið að kenna slæmum efnahag í sambandi við verslunina, og auk þess var mikið harðæri um þessar mundir, sem vakti óánægju og óhug hjá fólkinu. Þetta mun hafa átt miklu meiri þátt í þessum flótta manna heldur en launalögin og þeir skattar, sem hvíldu á mönnum. Það lokkaði líka fólk, að því var heitið „gulli og grænum skógum“ þar fyrir vestan. Nú hefir alt þetta breyst, eins og menn vita. Verslunin hefir tekið stórum framförum, og þjóðin þroskast mikið og mannast. Svo að nú skilur hún miklu betur þau skilyrði, sem eru fyrir hendi, og hvað hjer er hægt að gera. Framtíðarhorfur eru allar aðrar nú, og því alt öðru máli að gegna. Þó að við nú samþ. launafrv. það, sem hjer liggur fyrir, og þar sje allhátt farið, þá geri jeg ekki ráð fyrir, að það muni valda neinni verulegri óánægju. Jeg held ekki, að sá hugsunarháttur sje ríkjandi í kjördæmi háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), eða á Austfjörðum yfirleitt, að menn þurfi að óttast slíkt. Það hefir má ske komið í ljós hjá einstaka manni, að þeir hafa talið eftir laun til embættismanna. En nú er það líka mjög sjaldgæft. Fólk skilur það nú orðið, að kröfur embættismanna hljóta að vaxa í samræmi við annað, og að slíkt er ekki til frambúðar, eins og hefir verið hingað til, að þeir eigi við verst

kjör að búa. Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) mintist enn fremur á till. sína, sem fer fram á, að dýrtíðaruppbót sje ekki borguð af hærri launum en 3000 kr. Þessi till. finst mjer engan veginn sanngjörn. Þeir verða æðimargir, sem hafa hærri laun en 3000 kr., og gjalda þessa ákvæðis. Við vitum, að það eru fjöldamargir embættismenn hjer í Reykjavík, sem þetta mundi koma allhart niður á, og það eru einmitt þeir, sem einna síst ætti að kreppa að, því eins og jeg drap á áðan, eiga embættismenn hjer, sem hafa margt fólk í húsi, einna erfiðast. Ef lækka ætti þetta á annað borð, teldi jeg rjettast, að það næði til embættismanna almennt, en eins og till. hv. þm. (Sv. Ó.) er, finst mjer hún vera ósanngjörn.

Þá vildi jeg rjett drepa á það, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði um launin. Hann var enn á ný að tala um það, að okkur væri ekki kleift að standa straum af öllum þessum sæg af embættismönnum. Jeg skal benda á eitt atriði, sem snertir þetta. Hjer er nú á ferð, eins og kunnugt er, till. um að skilja ríki og kirkju. Ef hún næði fram að ganga, sem sennilegt er, og kirkjan yrði skilin frá ríkinu, þá losnaði ríkið við að gjalda öllum prestum á landinu. Og væri þá ljett af því þeim kostnaði, sem nemur talsvert miklu. Með tilliti til annara embættismannaflokka sje jeg ekki, að verulegur sparnaður komi þar til greina. Þeir verða að teljast ómissandi. Það liggur og í augum uppi, að eftir því, sem atvinnuvegum fjölgar og framfarir verða í landinu, þá hlýtur líka embættismönnum að fjölga að sama skapi, og jeg tel ekki skynsamlegt að skamta þeim alt úr hnefa. Það mun látanæst sanni, þegar á alt er litið, að það sje búhnykkur að gjalda þeim nægilega há laun, svo að þeir geti rækt embætti sitt eins og vera ber, en þurfi ekki að vera að snapa eftir hinu og öðru, til að geta fleytt fram lífinu. Það er verulegt atriði fyrir hag þjóðarinnar í heild sinni, að embættismenn hennar geti notið krafta sinna í fullum mæli í þjónustu síns embættis. En eins og launakjör þeirra hafa verið hingað til, mun það vera vafasamt, hvort svo hafi verið.

Þorsteinn Jónsson: Jeg verð að gera dálitla grein fyrir lítilli brtt., sem jeg á á þgskj. 498, við brtt. nefndarinnar. Hún gengur út á að flytja Hróarstungulæknishjerað úr öðrum flokki og yfir í hæsta flokk. Þessi tillaga mín byggist á því, að læknafundurinn lagði það til, að þessu hjeraði væri skipað í hæsta launaflokk. Nefndin gerði litlar breytingar við tillögur læknafundarins, en í þessu tilfelli þóknaðist henni að víkja frá þeim. Þetta bygði háttv. nefnd á því, að hún taldi, að læknirinn í Hróarstunguhjeraði hefði haft svo miklar aukatekjur nú á síðustu árum, og vegna þess, hvað hjeraðið væri fólksmargt, ætti læknir þessi að vera í öðrum launaflokki. Ef ekki lægju önnur drög til þessa máls en þetta, þá hefði nefndin má ske haft rjett fyrir sjer. En hjer ber þess að geta, að þetta hjerað mun vera eitt af erfiðustu hjeruðum landsins. Jeg býst við, að þar sje líkt á komið og með Síðuhjeraðið, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fer fram á samskonar málaleitun fyrir. Það er ekki rjett að taka eingöngu tillit til fólksfjöldans í hjeraðinu, heldur líka, og ekki síður, erfiðleika þeirra, sem eru á að gegna því. Hvað snertir þessar miklu aukatekjur, sem nefndin talar um, þá hygg jeg, að þær hafi verið meiri síðastliðið ár en venja er, vegna þess, að veikindi voru í meira lagi. Jeg vænti þess, að háttv. deild taki að minsta kosti jafnmikið tillit til þekkingar og álits læknafundarins á þessu máli og nefndarinnar.

Þó jeg eigi ekki fleiri brtt. við launafrv. en þessa einu, þá er jeg ekki alls kostar sammála nefndinni í öllu. Sumar þær breytingar, sem nefndin hefir gert frá frv. stjórnarinnar, tel jeg ekki rjettar, og kysi

heldur, að óbreytt verði frá frv. stjórnarinnar. T. d. get jeg ekki felt mig við þá breytingu nefndarinnar, að miðað skuli við verðlagsskrá haustið 1914, í staðinn fyrir næsta haust á undan stríðinu. Háttv. frsm. (Þór. J.) tók fram þann mismun, sem þetta gerði, og var það rjett athugað, að það kæmi svo að segja í sama stað niður, hvort miðað væri við 35%, sem ætti að leggjast við verðlagsskrá haustið 1913, eða þá 25% við verðlagsskrá haustið 1914, eins og brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og háttv. þm. Barð. (H. K.) fer fram á. Jeg kann betur við, að sú till. nái fram að ganga, og miðað verði við verðlagsskrá haustið 1913.

Hvað snertir þá till. sömu hv. þm., að reikna ekki uppbót nema af 3000 kr. launum, þá get jeg fallist á þá till. þeirra. Enda klofnaði nefndin um þetta atriði, og jeg var einn þeirra, sem áleit, að rjett væri að veita uppbót af 3000 kr. launum. Það eru að sjálfsögðu nauðþurftarlaun. Má ske mætti segja, að veita ætti uppbót jafnt af öllum launaupphæðum. En nú hefir stjórnin brotið þessa reglu, og við því er ekkert að segja.

Viðvíkjandi því, að gera mismun á launum presta til sveita og presta í kaupstöðum, er það að segja, að mjer hefði þótt eðlilegra, að uppbótin væri hin sama, en aftur kæmi þetta fram á launum, því að ef sveitaprestar þurfa ekki eins mikla uppbót og hinir, þá þurfa þeir ekki heldur jafnhá frumlaun. Þó jeg álíti, að ekki sje til neins að koma með brtt. í þá átt, vil jeg þó geta þess, að jeg tel ekki alls kostar rjett að miða við sveitapresta eingöngu, heldur alla þá embættismenn, sem búa í sveit, svo sem jafnt sýslumenn og lækna.

Og þess verður að gæta, að prestar verða að greiða afgjald af jörðum þeim, sem ríkið veitir þeim til ábúðar, en hingað til hefir það ekki verið talið verra að sitja á sínum eigin jörðum en leigujörðum; að minsta kosti hefir svo verið litið á hjer á þingi. Það sýna þjóðjarðasölulögin.

Út í aðrar brtt. við frv. stjórnarinnar skal jeg ekki fara; jeg mun sýna það við atkvgr., hverja afstöðu jeg hefi tekið til þeirra.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal ekki tefja með langri ræðu. Jeg vildi sjerstaklega segja nokkur orð um dýrtíðaruppbót prestanna. Um hana hafa nú komið fram þrjár till. Fyrst er till. hæstv. stjórnar, þá till. háttv. nefndar og í 3. lagi till. háttv. þm. Stranda. (M. P.).

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir nú viðurkent það, að sú dýrtíðaruppbót, sem þeim er ætluð í stjórnarfrv., sje alt of lítil, og tjáir hann sig fylgjandi hækkun á henni, og er það vel farið, því að einar 500 kr. er svo lítið, að ótrúlegt má heita, að slíkt skyldi vera sett í frv., þegar miðað er við uppbót annara embættismanna.

Jeg fyrir mitt leyti mun verða fylgjandi till. háttv. nefndar í þessu atriði. Mjer er sem sje ekki ljóst, á hverju menn byggja þann mikla mun, sem þeir vilja gera á sveitaprestum og öðrum embættismönnum landsins. Það hefir lengi verið klifað á þeim hlunnindum, sem þeir hefðu af sveitabúskapnum.

En þau hlunnindi fara nú síminkandi, og ekki að eins það, að svo sje heldur eru bújarðir prestanna, sem hingað til hafa verið mestu hlunnindi þeirra, nú orðnar hreinasti byrðarauki mörgum þeirra.

Dæmin um það eru deginum ljósari, og gæti jeg tilfært dæmi um það, að prestar eru nú farnir að ganga frá bújörðum, sökum þess, að þeim, sökum verkafólksskorts og verkakauphækkunar, er ómögulegt að notfæra sjer jarðirnar.

Þetta sýnir, að þessi búskaparhlunnindi prestanna eru meiri í orði en á borði.

Það eru að vísu til prestar, sem gætu

lifað með þessa uppbót, og þeir gætu alveg eins lifað með enga.

En það eru að eins fáir, sem búið hafa í mörg ár og verið orðnir efnaðir fyrir ófriðinn. En þeim fer óðum fækkandi.

Það nær því engri átt að minka uppbótina til allra fyrir þessa fáu menn. Þannig horfir þessu nú við, og jeg vil segja, að enginn þurfi fremur við dýrtíðaruppbótarinnar en einmitt prestastjettin. Þarf ekki annað en líta til þeirra, sem nú vígjast til prests ár frá ári og verða að taka að sjer stórjarðir um leið og þeir setjast í embættin. Það má svo heita, að þeim sje með öllu ókleift að reisa bú á jörðum þessum, eins og nú lætur í ári.

Byrjunarlaun þeirra hrökkva tæplega til að gjalda einum duglegum vinnumanni, auk heldur að þeir hafi nokkurn eyri til að setja saman bú með.

En þegar nú svo er um flesta unga presta, þá liggur í augum uppi órjettur sá, sem þeim er ger með helmingi minni dýrtíðaruppbót en aðrir embættismenn.

Bújarðirnar, sem hingað til hafa haldið lífinu í prestunum, eru orðnar þeim byrðarauki; svo hafa tímarnir breyst.

En þó að til sjeu gamlir og grónir gróðamenn í þessari stöðu — jeg skammast mín ekki fyrir að viðhafa þau orð um stjettarbræður mína — þá get jeg ekki sjeð, að löggjafarvaldið þurfi að setja þessa ófrávíkjanlegu reglu og miða hana að eins við þá fáu menn.

Annars lít jeg svo á alt þetta mál, að jeg tel þess fulla nauðsyn að bæta úr skák. Og jeg hefi sagt það fyr og segi það enn, að jeg áfelli ekki stjórnina fyrir það, að flytja þetta mál á þingi nú.

Jeg þykist viss um það, að þeir fáu þm., sem ofbýður sú fjárfúlga, sem til starfsmanna landsins fer eftir frv. þessu, þeir gleymi að líta á nema aðra hlið málsins.

Þeir gleyma verðfallinu, að krónan er ekki meira virði nú en 25—30 aurar áður.

En þessi ástæða er svo knýjandi, að fyr hefði átt að bæta úr. Það er í alla staði óviðkunnanlegt, að ríkið sje versti vinnuveitandinn í landinu. En nú hefir kaup verkafólks jafnvel sexfaldast. Það verður því alls ekki sagt, að launin sjeu ákveðin of há í stjórnarfrv., heldur miklu fremur alt of lág, þegar miðað er við aðra kauphækkun.

Embættismennirnir verða jafnvel eftir sem áður ver úti en óbrotnir verkamenn.

Jeg lái þeim það að vísu ekki, sem vex í augum sú upphæð, sem eftir þessu frv. gengur til að launa starfsmönnum ríkisins, en hitt lái jeg þeim, að þeir í röksemdum sínum taka ekki fram nema aðra hlið málsins, þótt það kunni að láta vel í eyrum óþroskaðra kjósenda.

Það var alveg rjett tekið fram hjá síðasta ræðumanni (Þorst. J.), að það eru fleiri embættismenn en prestarnir, sem stunda sveitabúskap. Það eru sjálfsagt einir 9 eða 10 læknar. Það væri því ástæða til að athuga, hvort ekki mætti draga af þeim dýrtíðaruppbót.

Auk þess hafa sýslumennirnir í Árnessýslu og Rangárvallasýslu búið hingað til stórbúi. Að vísu mun núverandi sýslumaður Árnesinga eiga hvergi heima, en hugsast getur, að hann verði þar stórbóndi með tímanum, eins og sá heiðursmaður, sem þar ljet síðast af embætti.

Til þessa mætti líka taka tillit af þeim, sem hafa vilja þennan mismun á embættismönnum.

Skal jeg svo ekki þreyta menn á lengra máli, en vil að eins geta þess að síðustu, að brtt. háttv. nefndar líka mjer flestar vel, en brtt. annara háttv. þm. margra mun jeg verða mótfallinn.

Gísli Sveinsson: Jeg skal geta þess, að jeg stend ekki upp til þess að gera grein

fyrir atkvæði mínu til þessa máls í einstökum atriðum. Það yrði of langt mál að rekja það alt, og mun það koma í ljós á sínum tíma.

Jeg vildi að eins víkja örfáum orðum að brtt. mínum. Reyndar er það nú svo, að augljóst er, hvað þær fara fram á. Er þar að kalla engu breytt í því, sem mestu þykir varða, hækkun eða lækkun, að eins fært um set.

Brtt. á þgskj. 490 er brtt. við brtt. nefndarinnar. Jeg hefi skilið það svo, að nefndin hafi í læknalaunamálinu farið eftir till. læknafundarins um það, hvernig raða skuli niður læknishjeruðum og launa eftir því. Og samkvæmt 12. brtt. nefndarinnar, við 12. gr. frv., hafa læknar mismunandi laun eftir því, hvar þeir sitja. Föstu launin eru hæst, þar sem strjálbygðust eru hjeruðin og erfiðust og minstar vonir um aukatekjur.

Þetta felli jeg mig vel við. En brtt. mín á þgskj. 490 fer fram á það, að eitt af þeim hjeruðum, sem nefndin hefir sett í miðflokkinn, verði fært upp í efsta flokkinn. Það er Síðulæknishjerað.

Það uppfyllir einmitt þau skilyrði, sem nefndin setur fyrir því, að hjeruð geti lent í þeim flokki, þar sem hæst eru launin.

Það er bæði örðugt yfirsóknar og strjálbygt, og ástæður þar svo nú, að embættismenn sækja þangað helst ekki, enda er þar læknislaust nú, þrátt fyrir það, hversu hjeraðið er í sjálfu sjer skemtilegt. Síðustu ár hafa að eins verið þar ungir kandídatar, settir um stundarsakir, en enginn hefir sótt.

En úr því að hjeraðið er til, þarf að ganga svo frá, að þangað fáist læknir. Og eina ráðið til þess er að gera launin viðunandi og lífvænleg.

Þetta hjerað verður því að vera í þeim flokknum, þar sem best eru launin, því að engin von er þar um miklar aukatekjur.

Jeg skal ekki segja, hvort víðar skakkar hjá nefndinni í þessum sökum, en komið hefir fram önnur samskonar till., frá hv. þm. N.-M. (Þorst. J.), og efast jeg ekki um, að hún sje á rökum bygð.

En það, sem jeg hefi sagt um þessa brtt. mína, er sannanlegt, enda er landsstjórninni kunnugt um það, að jeg hefi verið að reyna að fá lækni í hjerað þetta, því að nú er læknislaust frá Hornafirði til Víkur.

Er því ekki annað sýnna en hjerað þetta verði læknislaust áfram, svo framarlega sem ekki eru boðin þar sæmileg kjör.

Jeg geng því út frá því sem gefnu, að háttv. deild fallist á brtt. þessa.

Þá er önnur brtt., á þgskj. 489, og á hún að breyta ákvæðum stjórnarfrv. um sýslumannsembættin þannig, að þeim verði að eins tvískift. Í 1. fl. verða þeir, sem bæði eru sýslumenn og bæjarfógetar í senn, en í 2. fl. allir aðrir sýslumenn.

Það virðist ekki hægt að gera upp á milli sýslumanna að föstu launum, þótt auðvitað sjeu embættin misstór. En fyrir þeim mismun er gert í síðasta lið 11. gr. í stjórnarfrv., þar sem ákveðið er, að kostnaður við starfræksluna greiðist að nokkru sjerstaklega úr ríkissjóði, og þar á munurinn að koma fram, en alls ekki á föstu launum.

Ein af brtt. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) fer og í sömu átt, að sýslumenn þessir skuli vera jafnir að föstum launum.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) tók einnig í sama strenginn.

Um embætti mitt er það að segja, að jeg gæti, ef jeg væri að eins að hugsa um það, látið mjer nægja þá brtt. hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), að Skaftafellssýsla sje tekin í hærri flokkinn, enda væri það mjög áberandi, ef svo væri ekki, þar sem það er líklega örðugast og mest hætta því samfara, að þjóna því embætti. Og það væri því meir óverjandi, þar sem hún er nú í hærri flokknum eftir gildandi lögum. Jeg

vona því, ef brtt. mín verður ekki samþ., að þá nái brtt. hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) fram að ganga.

Þá er þriðja brtt., á þgskj. 488. Fer hún fram á það, að laun fulltrúanna í stjórnarráðinu hækki, lágmarkið úr 3000 kr. upp í 3500 kr., og hæstu laun úr 4000 kr. upp í 4500 kr. Þetta er að eins til þess að koma á meiri jöfnuði en er í stjórnarfrv. Með þessu eru þeir settir mitt á milli skrifstofustjóranna og aðstoðarmannanna. Virðist það sanngjarnt, þar sem starf þeirra gengur oft nærri starfi skrifstofustjórannna, og í embætti þessi verða ekki teknir nema góðir starfsmenn, enda eiga þeir að geta gegnt störfum skrifstofustjóra, ef þörf krefur.

Um aðrar brtt. eða málið yfirleitt læt jeg mjer nægja að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt, á undanförnum þingum.

Munu nú líka margir komnir að þeirri niðurstöðu, sem sýn var fyrir nokkrum árum, að ekki dugir að halda launum embættismanna fyrir neðan það, sem lifað verður af, og það því síður, þegar til þess er ætlast, að í embættin fáist hæfir menn, sem vilji við þau una.

Brtt. sumra háttv. þm. eru óneitanlega þannig vaxnar, að þær rýra gildi laganna, ef þær ná fram að ganga.

Brtt. hv. 1. þm. Árn. (S. S.) eru flestar mjög smávægilegar, niðurfærslur hans nema þetta 100—200 kr. á mann, og má segja, að það muni hvorugan. En ef ríkissjóður ber á annað borð kostnaðinn við embættisrekstur landsins, þá má ekki segjast, að hann láti sig muna um slíkt, þegar þess er gætt, að engum kemur til hugar, að mönnum verði of hátt launað. Meira að segja munu launin ekki komast svo hátt eftir lögum þessum, sem rjettmætt væri, og sje nokkur sá, er dirfist að vefengja það, þá er auðvelt að sýna fram á það með einföldu reikningsdæmi, að svo er ekki.

Þau meðmæli, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) ljet fylgja brtt. sínum, voru annars þann veg vaxin, að jeg skil tæpast, að menn hópist að þeim þess vegna. Margt af því, sem hann sagði, var líka að eins fullyrðingar, sem háttv. þm. (Sv. Ó.) mun eiga bágt með að standa við, ef til kæmi. Jeg vil t. d. benda á það, sem hann sagði um áhrif fyrri launalaganna, frá 1877, því það var alt saman sögulega rangt, eftir þeim gögnum, sem fyrir hendi eru.

Orsakir Vesturheimsflutninganna voru vitanlega að mestu leyti alt aðrar en hv. þm. (Sv. Ó.) taldi fram. Að vísu sagðist þm. vera orðinn svo gamall, að hann myndi þetta alt sjálfur „eftir sjón og heyrn" — og verður því að vísu ekki neitað, því að minsta kosti má sjá ellimörkin allskýrt á till. hans og rökstuðningi þeirra —, en þó er það nokkuð skrítið, að þessar ástæður skuli hvergi vera til nema í minni þessa hv. þm. (Sv. Ó.). Því að í minni annara manna, eða bókum og blöðum samtímans, finst ekkert, sem eigi nokkuð skylt við ástæður hv. þm. (Sv. Ó.). Samkvæmt þeim heimildum, sem verða að teljast rjettar, voru meginorsakir útflutninganna hjeðan um 1880 alt aðrar, sem sje ilt árferði, slæm viðskifti og að sumu leyti ýmsar álögur, sem einstökum mönnum þótti ilt undir að búa. Í fljótu bragði kann nú grunnhygnum mönnum að finnast svo, sem þetta síðasta atriðið sje í mótsögn við það, sem jeg hefi áður sagt. En svo er þó ekki. Því að vitanlega voru þessar álögur, sem hjer er um að ræða, ekki eingöngu eða að minstu leyti fram komnar sakir launalaganna, því að það er sennilega öllum augljóst, nema kann ske Sunnmýlingum, að fleira hefir þurft að gera á þessu landi síðan kringum 1880 en að launa embættismenn.

Það er líka ilt að heyra ætíð klingja við eyru sjer þetta endalausa nudd og

nöldur, að allar álögur á landslýðinn stafi af því, að starfsmenn þjóðarinnar þurfi að fá kaup. Nú orðið hjelt jeg, að enginn heilvita maður legði trúnað á slíkt; að minsta kosti virðist mjer svo, sem Alþingi ætti að vera upp úr því vaxið, að eyða tíma sínum í slíkt hugsunarleysishjal fávísra manna. Fávísra manna segi jeg og segi satt. Því að með öllum almenningi er nú ekki einungis heimtað, heldur líka greitt margfalt hærra kaup en áður. Eða má jeg spyrja: Hvað eru þeir margir opinberu starfsmennirnir, sem hafa tólf þúsund króna laun á ári, eins og t. d. jafnvel bændur sjálfir eru nú farnir að gjalda sínum starfsmönnum, eins og sláturfjelagsforstjóranum? Þeir eru engir. Það er þess vegna rangt og árangurslaust að vera að ala á þessum eftirtölum um embættismannalaun, þegar það er vitanlegt, að þau eru nú of lág og allir aðrir vinnuveitendur gjalda hærra, og verða að gera það.

Jeg held líka, að það sje megnasti misskilningur, að nú orðið sje hægt að telja nokkrum skynsömum manni trú um, að 3—6 þús. kr. laun sjeu svo yfrið há laun fyrir helstu trúnaðarmenn landsins, að þess vegna sje ástæða til að kalla þá landssjóðsómaga eða blóðsugur, eða segja eins og einn hv. þm., að þjóðin geti ekki risið undir því að borga þetta. Eða að minsta kosti, ef svo er komið nokkrum manni í alvöru, þá er að því komið, að þessir menn þurfa að fara að gera það upp við sjálfa sig, hvort ríkið hefir yfirleitt ráð á því að halda embættismenn, eða m. ö. o. hvort íslenska þjóðin hefir ráð á því að vera til. Því að sennilega er enginn hjer svo stæltur afturhaldsburgeis, að hann vilji halda því fram, að þjóðfjelagið geti verið til án starfsmanna.

Nei — sannleikurinn er sá, að alt þetta hálaunaglamur og sparnaðarnöldur er notað í tíma og ótíma eins og innantóm slagorð, en er í raun rjettri staðleysustafir. Eða er nokkur vitglóra í því, þegar verið er að tala um hjer á þingi „gegndarlausa eyðslu“ í embættalaunum, eins og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) komst að orði. Ef rjett merking er í þessu orði, gegndarlaus, þá ætti það að merkja sama sem langt úr hófi fram eða því líkt. En er unt að kalla þau laun langt úr hófi há, sem áætluð eru rjett til nauðsynlegs lífsframfæris nú og í framtíðinni? Eða er hægt að tala um fjáreyðslu, þar sem að eins er um að ræða óhjákvæmilegar og nauðsynlegar greiðslur. Nei — það er ókleift að tala hjer um eyðslu, nema í sambandi við nauðsynjalausa sóun. Kaupgreiðsla heitir ekki gegndarlaus eyðsla. (*B. St.*: Er þá t. d. kolaeyðsla nauðsynjalaus sóun.) Nei — en það kemur þessu máli heldur ekki við, þó til sjeu í daglegu tali mismunandi merkingar sama orðsins.

En svo að jeg snúi mjer aftur að efninu, þá er mergurinn málsins sá, að það er óverjandi að lækka laun embættismanna, svo að þeir geti ekki lifað af þeim og flýi þau því, nema því að eins, að sannað verði, að embættin sjeu óþörf. Og það hefir svo sem ekki vantað, að klingt hafi hjer yfir okkur þing eftir þing raunarolla eins hv. deildarmanns um óþörf embætti, sem ætti að afnema. Flestir þm. munu nú orðið kunna það syndaregistur nokkurn veginn orðrjett utan að — svona frá almennu sjónarmiði — og að svo miklu leyti sem menn annars kæra sig um að kunna nokkuð utan að eftir hv. 1. þm. Árn. (S. S.). En það hefir annars verið aðaleinkenni allra þessara sparnaðarpistla, að þeir hafa verið fullmikið frá almennu sjónarmiði. Það hefir verið talað um það, og talað hátt, að svona og svona mörg embætti væru nú óþörf og allsendis óþörf og gersamlega óþörf og alls ekki til nokkurs nýt, og að það ætti að vera búið að afnema þau fyrir löngu — það væri vilji alþýðunnar og háttvirtra kjósenda, enda sannanlegt,

bæði frá sjerstöku og almennu sjónarmiði. En þessum hv. þm. (S. S.) hefir þó ávalt láðst að geta um það, *hvaða* embætti þetta væru. Og nú vil jeg beina þeirri áskorun til hv. 1. þm. Árn., að hann semji nú skrá eða lista yfir öll þessi óþörfu embætti, til leiðbeiningar fyrir okkur fáfræðingana, sem ekki þekkjum þau. Því sennilega þarf ekki að efa, að hann hafi þessa skrá í höfðinu — og því síður þarf að efast um, að svo skýrum manni verði skotaskuld úr því, að gera okkur hinum hana skiljanlega. En best væri vitaskuld, að hv. þm. kæmi beinlínis með frv. um það, að leggja öll þessi embætti niður — því sennilega eru þau svo mörg, að það mundi verða töluvert róttæk sparnaðartillaga að skera þau öll í einu niður við sama trogið.

En í sambandi við sparnaðinn vil jeg enn þá einu sinni skjóta fram einni athugasemd. *Ef* þessum hv. þm., sem hæst tala hjer um sparnað, er nokkur alvara með hann, þá gefst þeim nú innan skamms færi á því að sýna það í verki, sem sje þegar till. um skilnað ríkis og kirkju kemur til meðferðar. Því finnist þeim fjáraustur nú um skör fram, opnast með þeirri till. leið til þess að ljetta af ríkissjóði um ¼ milj. kr. á ári.

En við sjáum nú til, hvað sparnaðarástin á sjer djúpar rætur.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það er tiltölulega fátt, sem jeg þarf að svara af þeim ummælum, sem fram hafa komið.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) gat lítillega um brtt. og hafði lítið við þær að athuga, nema þá helst 2. brtt., og má vera, að rjettara sje að haga því máli eins og hann gerði ráð fyrir, þó að jeg búist hins vegar við því, að hvorttveggja komi nokkurn veginn í sama stað niður.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) mintist á þá till., að setja sýslumennina alla í einn flokk, og var henni meðmæltur, en áleit, að jafna mætti muninn á hjeruðum þeirra með því, að ákveða þeim mismunandi skrifstofufje, og hafði það atriði komið til tals í nefndinni, þó ekki næði það meiri hluta. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir líka komið fram með svipaða till., sem nefndin hefir þó ekki átt kost á að athuga, en mjer fyrir mitt leyti finst mikið efamál, hvort rjettlátara yrði eða happasælla, að láta þingið ákveða skrifstofufjeð, en stjórnina. En annars býst nefndin við að gefa dómsmálaráðherranum bendingar um það, hvað henni þykir hæfilegt í skrifstofukostnað þessara embætta, sem auðvitað verður mjög mismunandi.

Að því er snertir lögreglustjórann á Siglufirði, þá er það rjett, að hann er að vísu talinn á eftir þeim sýslum, sem aukatekjur eiga að falla niður hjá, en með því er auðvitað ekki sagt, að hann sje undanþeginn þessu ákvæði, enda mun ýmislegt af störfum hans heyra undir og vera að rjettu lagi unnið fyrir bæjarfógetann á Akureyri, meðan fyrirkomulag bæjarmála Siglufjarðar er eins og það er nú. En því að eins hækkaði nefndin laun hans, að hún ætlaðist ekki til, að hann nyti aukatekna, fremur en aðrir, en vel má breyta þessu til 3. umr., svo fullskýrt sje.

Um dýralæknana sagði hæstv. forsætisráðherra (J. M.) það, sem líka er rjett, að um leið og laun þeirra eru hækkuð ætti að setja þeim fastan taxta, eins og öðrum læknum, og mun nefndin fallast á það. Það var sömuleiðis rjett, að launahækkun læknisins við holdsveikraspítalann væri grundvölluð á því, að hann notaði sjer ekki rjett sinn til ókeypis bústaðar í spítalanum, sem teljast verður öldungis ónothæf íbúð. Hins vegar finst mjer ekki óþarft, eins og hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hjelt fram, að taka það fram, að læknirinn eigi eftir sem áður að kenna við háskólann.

Að því er snertir ummæli hans um full-

trúa stöðvarstjórans á Seyðisfirði, má vel vera, að nefndin hafi ekki fengið rjettar upplýsingar um það mál. En hún hefir haft það fyrir reglu að snúa sjer ætíð til sjerfræðings í hverri grein, eða kunnugustu manna, þar sem því var við komið, og í þessu tilfelli sneri hún sjer til landssímastjórans, eða í fjarveru hans til stöðvarstjórans í Reykjavík. En hann gaf þær upplýsingar, að stöðvarstjórinn á Seyðisfirði hefði hálf laun frá Stóra Norræna, en landssíminn borgaði að öllu fulltrúanum, þrátt fyrir það, þó fulltrúinn gegndi starfi stöðvarstjórans í fjarveru hans í útlöndum. Sýnist þetta ósanngjarnt, og væri vel, ef ráðin yrði bót á. Má því vel vera, að rjett sje að gera ekki þennan fulltrúa að föstum starfsmanni og samþykkja því ekki till. En um þetta atriði þarf auðvitað að ganga alveg úr skugga með athugun samninganna.

Um hækkunina hjá prófessorunum, sem nefndin hefir lagt til að hækka launin hjá, samkvæmt áskorun frá sambandi starfsmanna ríkisins, skal jeg ekki deila, en að eins benda á og undirstrika nauðsyn þess, að í embætti þessi þurfa að veljast mjög nýtir og góðir menn, sem auðvitað fást ekki fyrir nein sultarlaun.

Þá var hæstv. forsætisráðh. (J. M.) heldur ekki ánægður með breytingar á 33. gr. En um þær er það að segja, að þó að meiri hluti sje fyrir þeim, þá er það ekki altaf sami meiri hlutinn, og kappsmál er honum þetta ekki. Miklu fremur voru þær gerðar til samkomulags, hvernig sem árangurinn verður. Um áhrif þau, sem úrfelling á orðinu „Reykjavík“ hefir, mun verða leitað ábyggilegs álits hagstofunnar. En viðvíkjandi brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) skal jeg taka það fram, að jeg er þess alveg óviss, að í þeim yrði nokkur bót, og það af því, að ávalt mundi vafa bundið að ákveða fjórða kaupstaðinn, hvort það ætti að vera Hafnarfjörður eða Siglufjörður, því Seyðisfjörður getur ekki komið til mála, ef miða á við verslunarmagn.

Enn fremur svaraði hæstv. forsætisráðh. (J. M.) fyrirspurn minni um það, hve víðtæk ákvæði frumvarpsins ættu að vera viðvíkjandi öðrum starfsmönnum en þar eru nefndir, og mun nefndin samkvæmt því setja nánari ákvæði um þetta atriði í frv.

Sömuleiðis sagði hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að það væri ekki af gleymsku, að prófföstunum hefði verið slept, heldur hinu, að til væru um laun þeirra sjerstök lög, sem ekki væru enn úr gildi gengin, og má vera, að svo sje, og verður það athugað. Annars tjáði hann sig hlyntan till. nefndarinnar, og þarf jeg ekki að svara fleiru í ræðu hans.

Næst kem jeg að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Brtt. hans hefir nefndin ekki getað athugað sjerstaklega. En að því er snertir það, sem hann drap fyrst á, sem sje að lækka laun fangavarðar, þá fanst nefndinni, að þau mættu tæpast naumari vera, enda færði hann þar engan samanburð. Og þó gat ekkert rjettlætt till. annað en það, að öðrum væri gert rangt til, því til sparnaðar gat hún ekki verið.

Hann mintist einnig á það, hvað kæmi í staðinn fyrir orðið „Reykjavík“ í 33. gr. En jeg get slept að svara því að þessu sinni, af því að jeg hefi minst á það áður, en sjálfsagt er það bót, ef tekin yrðu fram nöfn kaupstaðanna.

Þá talaði hann um hækkunina á launum. Það er rjett, að sum laun hafa hækkað um meira en 25%, en önnur um minna. Sum eru lítið eitt lægri, önnur hærri, en meðaltalið af öllum launaflokkunum er rjett um 25%. Þessa hækkun má sjá greinilega í aths. við launafrv. stjórnarinnar. Og jeg hefi spurt hagstofustjórann að, hvort þetta væri ekki rjett, og kvað hann svo vera, þar sem hagstofan hefir unnið þetta fyrir

stjórnina, enda hefi jeg einnig athugað þetta nákvæmlega sjálfur sem skrifari nefndarinnar.

Í sambandi við þessa hækkun vil jeg geta þess, út af till. háttv. þm. (Sv. Ó.) um hækkun á dauðu % upp í 35, sem á að vera til þess að jafna þessa misskildu launahækkun, að háttv. þm. (Sv. Ó.) mintist í dag á þá till. nefndarinnar, að miða verðlagsstuðulinn við haustið 1914. Þó að það hefði í för með sjer samskonar lækkun og þetta á uppbótinni, þá var það nefndinni óafvitandi. Hún hjelt, að gengið hefði verið út frá haustinu. Nefndin vissi það fyrst í morgun, að verðlagsstuðullinn hafði verið miðaður við verðið eins og það var í júlí, en frá þeim tíma til hausts hækkuðu vörur um ca. 10%. Fyrir nefndinni vakti ekki að lækka prósentuna: hún vildi halda sjer við stjórnarfrv., að frá skildu hámarki launa. Jeg tel æskilegt, að brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) verði borin upp á undan till. nefndarinnar, því að nefndin tekur sína till. aftur ef hin verður samþykt, og jafnvel hvort sem er.

Þá mintist sami þm. (Sv. Ó.) á það, sem jeg hefi talað um áður, að breyting á verðstuðlinum næði ekki til lægstu launanna. Þetta er ekki rjett. Lækkun á verðstuðlinum hefir í för með sjer lækkun á uppbót lægstu launanna. Maður, sem hefði 1200 kr. laun, fengi 1200 kr. uppbót eftir frv. stjórnarinnar. En ef þessi till. yrði samþ., fengi hann að eins 1072. Hann tapaði því á annað hundrað kr. Sá, sem hefði 1500 kr. eftir frv. stjórnarinnar, fengi 1340 kr., og sá, sem hefði 3000 kr., fengi 2680 kr. eftir þessari till. Þetta verður að telja órjettlátt, ef bæta á nokkurn veginn upp verðmismuninn á lífsnauðsynjum. Þessi verðstuðull veitir aldrei meira en 3000 kr.; en áður var hámarkið 4500 kr. Niðurfærsla á þurftarlaununum er órjettlát. Fyrir stríðið voru þau um 4500 kr., en nú um 9 þús. Og hefir það alls ekki verið hrakið.

Þá mintist háttv. þm. (Sv. Ó.) á ástæður ríkisins í sambandi við þessa lækkun. Það er rjett, að þessi breyting lækkar dálítið útgjöldin. En sú lækkun er ekki stórkostleg. Og jeg get ekki skilið, að þessi till. tæki fyrir flutninga til Grænlands. Svo veigamikil er hún ekki, þó að hún næði samþ. Annars hefir það verið tekið fram af hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að þetta tal þm. um fólksflutninga af landi burt sje grýla, til þess að fá menn til að samþykkja brtt. hans. Jeg get ekki fundið nein rök til þess, að fólk hafi flust til Ameríku um 1875 fyrir þá skuld, að laun embættismanna hafi verið svo há, enda hefi jeg aldrei heyrt þessu slegið fram fyr. Jeg hygg, að það hafi einkum verið verslunarástandið og alls konar óáran, sem olli þessum flutningum. Hygg jeg, að jeg hafi þá svarað þessum háttv. þm. (Sv. Ó.).

Þá skal jeg víkja örfáum orðum að ræðu háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Nægir mjer að geta þess, að nefndin hefir ekki tekið afstöðu til þessara brtt., en hún vissi, að nauðsyn bæri til að lagfæra þessa grein, ef breyting á póstlögunum yrði samþykt. Þá sagði hann, að þessi gjaldkeri póststofunnar væri ekki til. Jeg skal taka það fram, að nefndin hefir tekið þessa brtt. upp eftir óskum frá starfsmannasambandi ríkisins. Og þar stendur í athugasemdunum, að þetta sje gert í samráði við óskir póstmeistara. Annars tel jeg rjett, að þessar brtt. sjeu bornar upp á undan brtt. nefndarinnar, því að ef þessar verða samþyktar, eru hinar fallnar eða verða teknar aftur.

Þá kem jeg að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Hann óskaði, að þetta mál hefði aldrei komið fram. Og jeg efast ekki um, að hann mæli þetta af sannfæringu.

Hann taldi 33. gr. vera viðsjálsgrip. En enga ástæðu færði hann fyrir þeirri staðhæfingu. Viðsjálleikinn hlýtur þá að vera fólginn í því, að nefndin hefir uppfylt þessa rjettlætiskröfu, sem embættismenn

ríkisins eiga heimtingu á að sje tekin til greina. Háttv. þm. (S. S.) mintist ekki á einstakar brtt., en talaði yfirleitt um nauðsynina á að lækka útgjöldin. Ekki sagði hann margt um þessa 20 þús. kr. lækkun, sem till. hans hafa í för með sjer, enda nemur sú fjárhæð ekki miklu. En það er aðgæsluvert, að helmingurinn af þessum 20 þús. mundu sparast á hæstarjetti, óskabarni hins fullvalda ríkis. Það er ærið einkennilegt, þegar þingið hefir samþykt lög um stofnun hæstarjettar vegna fullveldis, og um leið ákveðið laun starfsmannanna við þessa stofnun, ef það skæri laun þessara manna svo við neglur sjer, að til vansæmdar horfði. Annars má líta svo á, að till. háttv. þm. (S. S.) væri einskonar stefnuskrá hins fullvalda ríkis. En þótt jeg hafi sjeð margar stefnuskrár langar og leiðinlegar, þá hefi jeg þó fáar sjeð jafnljelegar þessari.

Þá er brtt. á þgskj. 490. Jeg hygg, að mjer sje óhætt að lýsa því yfir, að nefndin gangi að þessari till. Nefndin hefir áður samþykt samskonar till., og jeg geng að því vísu, að þeir, sem ljeðu henni fylgi sitt, muni einnig samþykkja þessa.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) mintist á óþarfa embættismenn, og nú liggur fyrir honum fyrirspurn um, hverjir þessir óþörfu embættismenn sjeu. Í ræðu sinni mintist hann að eins á einn, sem sje húsagerðarmeistarann. Jeg tók það áður fram, að það væri tvímælalaust sparnaður að taka hann í flokk fastra embættismanna, heldur en að greiða honum eftir reikningi. Jeg tel það mjög vel ráðið, að hann hefir verið gerður að föstum embættismanni. Hitt blandast mjer ekki hugur um, að hann hefir meira en nægilegt að starfa og verður þjóðinni ómissandi. Jeg gat þess líka, að viðfangsefni þjóðarinnar tækju svo miklum breytingum, að stór nauðsyn bæri oft til að fjölga embættismönnunum eða föstum starfsmönnum, og ónýtti jeg þar með þá staðhæfingu 1. þm. Árn. (S. S.), að óþarft væri að fjölga embættismönnum. Og enginn hefir á þessu þingi unnið jafnósleitilega að því að fjölga óþörfum embættismönnum eins og háttv. þm. (S. S.). Enn fremur mintist hann á hæstarjett sem óþarft embætti. Jeg hefi áður minst á þessa stofnun og álít ekki taka tali að fara frekar út í þá sálma.

Þá skal jeg minnast á ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) Hann talaði um sína brtt., sem snertir lækkun á launum lækna. Hann gat þess, hversu sjálfsagt væri að hækka læknataxtann, og þó að læknum væru greidd laun úr ríkissjóði, yrðu samt einstakir menn að borga þeim fyrir læknishjálp. Ef læknum væru ekki greidd laun úr ríkissjóði, sem öðrum embættismönnum, lenti þessi skattur alveg á einstökum mönnum og einkum þeim, sem síst væru færir um að bera hann. Hv. þm. (M. Ó.) tók það fram, að eftir hans till. kæmi borgunin rjettlátlega niður og að sjúklingana munaði ekki um að greiða læknum fult kaup, því að það væri að eins lítill hluti þess kostnaðar, sem sjúkleikinn hefði í för með sjer. En þetta er kynleg kenning. Það er sama sem sagt væri, að ef einhver borgar mikið, muni hann ekki um að borga meira. Slíkur hugsanagangur stenst ekki rök heilbrigðrar skynsemi. Þegar fátæklingar þurfa ef til vill að greiða lækni mikinn hluta af launum hans, auk alls þess kostnaðar, sem sjúkdómar hafa í för með sjer, gæti það leitt til þess, að þeir yrðu sviftir borgararjettindum. Og það eitt út af fyrir sig verður að teljast úrhófi órjettlátt. Slík óhöpp eru mönnum ósjálfráð, og ef ríkið á ekki að hlaupa undir bagga með mönnum þegar svo stendur á, þá veit jeg ekki, hve nær það á að gera það. Jeg ætla ekki að deila frekar við hv. þm. (M. Ó.) um þetta atriði; geri ráð fyrir, að atkvgr. taki þar af skarið.

Brtt. sama háttv. þm. (M. Ó.) um há-

mark á launum og dýrtíðaruppbót lækna þarf jeg ekki að svara.

Þá er brtt. háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) og þm. Stranda. (M. P.) á þgskj. 480, um lækkun á launum prófasta og dýrtíðaruppbót presta, sem búa utan kaupstaða eða verslunarstaða. Jeg álít, að hækkun á launum prófasta sje of há í hlutfalli við hækkun á launum annara embættismanna, og mæli jeg því ekki sjerstaklega með henni.

Síðari brtt., um dýrtíðaruppbót presta, hefir verið svarað af háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Hann tók það fram, að prestar, sem hefðu bú og stæðu á gömlum merg, mundu ekki vilja fara frá búum sínum. Þetta er rjett. En þótt brtt. sje rjettlát gagnvart þessum mönnum, þá er álitamál, að hún sje sanngjörn gagnvart þeim prestum, sem öðruvísi er ástatt fyrir, og þeir eru fleiri, og álít jeg, að taka beri tillit til þeirra. Annars hefir nefndin ef til vill gengið helst til langt, svo að hálf uppbót gæti verið nokkur meðalvegur. Eftir till. háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) og háttv. þm. Stranda. (M. P.) færi uppbót presta aldrei fram úr 1500 kr., en eftir till. nefndarinnar gæti hún orðið 3000 kr. Annars hefir meiri hluti nefndarinnar óbundin atkv. um þessa till.

Hámarkstill. er áður svarað. Jeg hefi getið þess, að maður, sem hefði 6000 kr. laun, misti 1000 kr., ef þessi till. yrði samþykt, og sá, sem hefði 7000 kr., misti 2000 kr. Þetta skiftir töluverðu máli. En aftur er þess að gæta, að þegar launin eru orðin svona há, þá fara þau að verða viðunandi, þrátt fyrir þessa rýrnun á uppbótinni.

Þá er brtt. háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), um að Hróarstungulæknishjerað verði tekið í flokk hæstlaunaðra læknishjerða. Nefndin hafði hjer farið eftir till. læknafundarins og undirnefndar. Jeg er ekki kunnugur á þessum slóðum, en það er ekki rjett, að launin sjeu að eins miðuð við fólksfjölda, heldur er líka tekið tillit til ýmsra annara ástæðna. Annars býst jeg við, að nefndin geri þetta ekki að kappsmáli, og sem ókunnugur á þessum stöðvum geri jeg það ekki heldur. Það er að vísu gert ráð fyrir, að Síðuhjeraði verði bætt í þennan flokk, en þar til liggja gildar ástæður, þar eð ókleift er að fá lækni í þetta hjerað nú sem stendur.

Það hefir mjög lítið með rökum verið fundið að till. nefndarinnar, og vænti jeg því, að þær fái greiðlega framgang, en aftur á móti að brtt. einstakra háttv. þm. fái flestar lítinn byr.

Sveinn Ólafsson: Eftir umræðunum í deildinni í dag að dæma lítur út fyrir, að brtt. okkar háttv. þm. Barð. (H. K.) hafi ekki fundið náð hjá háttv. ræðumönnum. Þó hafa mótmæli þau, sem fram hafa komið, einkum snúist gegn orðum þeim, er jeg ljet fylgja þeim, en miklu síður gegn brtt. sjálfum eða efni þeirra. Þetta bendir mjer á, að háttv. þingdm. muni þeim eigi mjög fráhverfir inst í hjarta sínu, en hreyfi mótmælum fyrir siða sakir til að forðast ónáð.

Jeg get ekki verið að svara öllu því, sem sagt hefir verið um mig og brtt., en að eins grípa niður á nokkrum stöðum í ræðu háttv. frsm. (Þór. J.), og ef til vill eitthvað fleira.

Ummæli háttv. frsm. (Þór. J.) voru reyndar eigi óvingjarnleg í minn garð, og að því er snertir 1.—5. lið brtt., virtist hann vera á svipuðu máli og við tillögumennirnir. En hjá honum lýsti sjer þó köld undiralda. Eins og vænta mátti, hafði hann mest að athuga við 6. liðinn. Við a-lið brtt., þar sem farið er fram á, að setja í stað „Reykjavík“: í 4 aðalkaupstöðum landsins, hafði hann það helst að

athuga, að eigi væri tekið til í brtt., hverjir þessir 4 aðalkaupstaðir skyldu vera; gæti svo farið, að teknir yrðu t. d. tveir á Norðurlandi og tveir á Suðurlandi. Jeg hygg, að málvenjan hafi helgað orðtækið nægilega, að þegar nefndir eru fjórir aðalkaupstaðir landsins, þá sje átt við Reykjavík, Ísafjörð, Akureyri og Seyðisfjörð. Annars er ekkert hægra en að bæta við kaupstaðanöfnunum í brtt., ef þurfa þykir.

Þá kemur b.-liðurinn, eða sú brtt., að dauðu prósenturnar skuli hækka úr 25% upp í 35%. Jeg heyrði ógiögt. hvað hv. frsm (Þór. J.) sagði um brtt.; þó hygg jeg, að hann hafi ekki tilfært allsendis rjett, hver áhrif brtt. þessi mundi hafa á launauppbæturnar, eftir því, hvort fylgt væri frv. stjórnarinnar eða tillögum okkar Til að taka af allan vafa tek jeg það fram, að dýrtíðaruppbótin eftir frv. stjórnarinnar á í ár að vera eftir þeim verðstuðli, sem hjer hefir verið reiknað með, 102% af þeim hluta launanna, sem hún nær til, en eftir till. okkar og töflu þeirri, er jeg áður las hjer upp, yrði hún 90% launaupphæðar þeirrar, sem við ætlumst til að dýrtíðaruppbót sje goldin af.

Eftir till. okkar mundi uppbótin verða 2700 kr. hæst, ef hún þryti við 3000 kr. föst laun, en eftir stjórnarfrv. yrði hún 3060 kr., og munurinn því þar 360 kr. til sparnaðar í þessu tilfelli, og virðast mjer engin neyðarkjör fyrir 3000 kr. mann að fá kauphækkun í 5700 kr. Það má auðvitað deila um það, hve há sú upphæð eigi að rjettu lagi að vera, sem uppbót er veitt af, og getur jafnan verið nokkurt álitamál. En úr því bæði stjórnin og hv. nefnd hefir komist að þeirri niðurstöðu, að eigi skuli dýrtíðaruppbót greidd af allri launaupphæð hvers eins, þá hlýtur það að verða hreint og beint álitamál, hvar hámarkið skuli sett; einum sýnist þetta, öðrum hitt. Okkur finst nú uppbót sú, er brtt. okkar gerir ráð fyrir, vera allviðunanleg.

Hv. frsm. (Þór. J.) kvað hinar tvær brtt. okkar, undir stafliðum c. og d., ekki muna miklu, en vildi þær þó feigar. Ekki hefi jeg athugað, hve miklu þær muna einar, en allar tillögurnar, í sambandi við hámarkstillöguna um 9500 kr., sem nefndin tók upp frá mjer, mundu nema sem næst 200 þús. kr. á öllum embættislaunum, og er sá sparnaður ekki óverulegur, en hann er í alla staði forsvaranlegur.

Jeg legg áherslu á það, að við ætlumst til, að launauppbótin sje tiltölulega minst hjá þeim, sem hæst hafa föst laun og minsta hafa því þörfina. Og ef það er rjett, sem hv. frsm. (Þór. J.) sagði, að landssjóð munaði lítið um þennan sparnað, þá munar ekki heldur mikið um það, sem á hvern kemur, þegar fúlgan dreifist á hendur ca. 600 manna.

Mig furðaði, að hv. frsm. (Þór. J.) hafði það eftir mjer, að jeg hefði sagt, að flutningur manna úr landi hjer fyrir næstliðin aldamót hefði stafað af breytingu þeirri, sem gerð var á launum embættismanna 1877. Tók hann þetta eftir öðrum hv. þm., sem endurtekið hafa þessa afbökun orða minna. Þetta er skuggi, sem hv. mælendur hafa verið að glíma við, því að jeg talaði aldrei þau orð, sem þeir herma upp á mig. Jeg sagði, að hækkun sú á launum embættismanna, sem varð með lögunum 1877, og þar með fylgjandi aukin skattabyrði, hefði átt nokkurn þátt í útflutningi fólks í kringum 1880. Og þetta er nokkuð annað en andmælendur mínir hafa lagt mjer í munn. Jeg er í engum vafa um, að jeg hefi hjer rjett fyrir mjer. En það, sem að öðru leyti átti mestan þátt í burtflutningi fólksins, var ekki verslunarástandið, eins og hv. 1. þm N.-M. (J. J.) var að fræða oss um, heldur hafísar og harðindi. En jeg tek það aftur fram, að breytingar á skattalöggjöfinni áttu og allmikinn þátt í útflutningnum og óánægju fólksins. Þarf ekki annað en fletta

upp í blöðunum frá þeim árum t. d. „Norðanfara“, til að sannfærast um það, hverjum augum þá var litið á launalögin og skattalögin frá 1877.

Fleiri en hv. frsm. (Þór. J.) hnutu um þessi ummæli mín, og lögðu mjer jafnframt orð í munn, sem jeg mælti ekki. Einna fastast kvað þó að orði hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), því að hann fullyrti, að jeg hefði sagt, að launalögin 1877 hefðu *flæmt fólk úr landi hjer*. Hv. þm. (G. Sv.) vítti einnig stóryrði, sem hann taldi mig hafa notað, sagði, að jeg hefði verið að tala um gegndarlausa fjáreyðslu, og vildi auðsjáanlega þýða orð mín svo, að jeg hefði viðhaft orðið eyðsla í sömu merkingu og fjársóun eða óþarfa fjáraustur. Jeg viðhafði nafnorðið *eyðsla*, eins og gefur að skilja, í mótsetningu við *sparnaður*, og er engin ástæða eða jafnvel heimild til hártogana á þessu, og misskilningi hans er eigi til að dreifa. Hv. þm. (G. Sv.) vildi halda því fram, að útflutningurinn hefði stafað af því, að í kringum 1880 hefði þjóðin ráðist í ýmislegt, sem hefði haft allmikil útgjöld í för með sjer, og sumum blöskrað það. Jeg kannast ekki við, að þetta sje rjett. Það voru aðallega embættalaunin, bygging Alþingishússins og einhverjar vegabætur hjer nærri Reykjavík, sem fje var lagt til, og fólkinu ofbauð, og það var eftir öllum atvikum ekki undarlegt, þótt almenningi þætti djúpt tekið í árinni, því að fátæktin var mikil og almenn og alþýða manna eigi víðsýn eða framsækin, sem eðlilegt var, eftir aldagamla kúgun og kotungslíf.

Tveir af mælendum hafa getið þess, að verðstuðull sá, sem miðað er við, sje bygður á verðlaginu í júlí 1914, og því lægri en haustið 1914, en aftur hærri en haustið 1913; og hafi hv. nefnd því yfirsjest, er hún vill miða hann við haustið 1914. Jeg get ekki með fullri vissu dæmt um verðhækkun frá júlí til október 1914; þó hygg jeg, að hún nemi eigi miklu; getur verið, að kornvara hafi verið einhverju dýrari í október en í júlí; aftur á móti hefir kjöt eflaust verið dýrara í júlí en október, og líklega einnig smjör, sem selt var úr landi um sumarið. Þess vegna lít jeg á þetta eins og hótfyndni.

Því hefir verið haldið fram, að eigi væri ástæða til að bera fram brtt., er til lækkunar horfðu. Til þess að sýna fram á, á hve miklum rökum þetta er bygt, ætla jeg að bregða upp ofurlítilli fjárhagsmynd fyrir hv. þingdm. Samkvæmt því, sem stendur í nefndaráliti hv. launanefndar, ættu laun embættismanna og starfsmanna þeirra, er þar ræðir um, að verða, að viðbættri dýrtíðaruppbót, nokkuð yfir 2 milj. króna. Þó er þess að gæta, að þar eru ekki taldir með alþýðukennarar, ekki póstar, ekki ullarmatsmenn nje síldarmatsmenn, ekki ýmsir símamenn úti um land, ekki yfirsetukonur, sem nú eiga að taka laun úr landssjóði, eða eftirlaunafólk. Allir þessir þurfa þó að fá dýrtíðaruppbót, ekki síður en hinir, ef sanngirni er sýnd. Kemst þetta því eflaust upp í 3 miljónir króna, sem er sama sem 32 kr. skattur á nef hvert á landinu. Þetta er þó ekki nema minni hlutinn af því, sem greiða þarf til landsþarfa. Eftir er að leggja fram fje til samgangna, verklegra fyrirtækja, vísinda o. fl. Auk þessa eru ótalin sýslugjöld og sveitatillög. Þegar alt þetta og fleira er til tínt, mun vera óhætt að þrefalda upphæðina, sem til launa gengur, og setja öll opinberu gjöldin röskar 9 miljónir króna, eða um 100 kr. á hvert mannsbarn á landinu. Jeg skal ekkert um það segja, hvort gjaldabyrðin hjá grannþjóðunum er meiri eða minni fyrir nef hvert; mig brestur nákvæmar skýrslur um það. En það er hvorki rjett að miða við höfðatölu eða upphæð króna í þessu, heldur verður að miða við

allan hag og ástæður gjaldendanna, og hjer er hann ekkert glæsilegur.

Mjer mun verða svarað því, að mikið af gjöldum þessum sje borgað af efnamönnum, og að þeir sjeu færir um að bera þau. Eigi að síður legst þó gjaldabyrðin allþungt á efnalitla menn, og áreiðanlegt er það, að fái nýmælin öll framgang, sem nú er verið að ýta áfram í þinginu, verða opinber gjöld hjer á landi miklu meiri en almenning hefir dreymt um að þau yrðu.

Jeg tel þýðingarlaust að tefja tímann með langri ræðu; hv. þingdm. munu hafa gert það upp með sjálfum sjer, hvernig þeir ætla að greiða atkvæði, og hafa vonandi gert sjer málið og afleiðingar þess nokkurn veginn ljósar. Þess vil jeg þó geta, áður en jeg lýk máli mínu, að lúalegar þykja mjer þær aðdróttanir samverkamanna minna í launanefndinni, að jeg hafi borið fram brtt. til að afla mjer gengis hjá kjósendum. Jeg gæti vissulega sagt þeim til óþurftar eitthvað enn lakara um hvatir þeirra til fylgis við frv., ef jeg vildi, og má vera, að þeir vænti þó góðrar uppskeru af því. Hins vegar liggur mjer brigsl þeirra íljettu rúmi, og veit vel, að jeg kaupi fárra höfðingja hylli með brtt. mínum, en gerðir mínar get jeg varið fyrir sjálfum mjer, og það nægir.

Jeg þykist sjá glögt miður góðar afleiðingar af því, sem verið er að gera, og vildi að mínu leyti reyna að draga úr þeim. En jeg vildi mega beina því að andstæðingum mínum, að þeir byrji á sjálfum sjer og sópi fyrir eigin dyrum. Einstökum öðrum aðfinslum, sem að mjer hefir verið beint, læt jeg ósvarað, því að mjer finst þær ekki hafa verulega þýðingu í sambandi við þetta mál.

Sigurður Sigurðsson: Þegar jeg talaði í dag, gleymdi jeg að geta um tvær af brtt. mínum, og skal jeg nú minnast á þær og nota tækifærið til að sýna fram á, að þær eru alls eigi óverulegar.

Fyrri brtt. er á þgskj. 496, undir tölulið d., og á við 11. gr. stjórnarfrv. Í þessari 11. gr. frv. er í 5. málsgrein þannig að orði komist, að kostnaðurinn við starfrækslu embætta þeirra, sem í greininni eru nefnd, skuli greiðast úr ríkissjóði sjerstaklega, og að dómsmálaráðherra ákveði fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn, hve mikill kostnaður þessi skuli vera í hverju lögsagnardæmi fyrir sig. Nokkurn hluta þessarar málsgreinar vildi jeg orða öðruvísi. Jeg vildi hafa hann þannig, að kostnaðurinn væri ákveðinn eftir tillögum dómsmálaráðherra og samþykki Alþingis fyrir hver 5 ár í senn. Hv. frsm. (Þór. J.) mintist á þetta í dag og taldi aðferðina óbrotnari eftir frv. en till. minni. Mjer skildist á honum, að hann væri hræddur um, að það mundi ganga lengri tími til að ákveða kostnaðinn eftir till. minni en eftir stjórnarfrumvarpinu. Má vera, að svo yrði. En mjer finst stjórnarfrv. selja dómsmálaráðherrunum nokkuð mikið sjálfdæmi. En þeir geta verið misjafnir, eins og aðrir menn, og vil jeg því eigi, að þeir sjeu einvaldir um þetta, heldur sje það látið koma undir þingið.

Hin brtt. er á þgskj. 497, 6. töluliður, og er við 43. brtt. hv. nefndar, sem er um það, að lög þessi gangi í gildi 1. janúar 1920. Þó skuli dýrtíðaruppbót fyrir síðara missiri 1919 teljast af núverandi launum, eftir reglunum í 33. gr.

Þessi síðari málsliður greinarinnar legg jeg til að falli burt. Það er verulegt atriði og miðar til ekki svo óverulegs sparnaðar. Jeg, sem sagt, vek athygli á þessari brtt., tel hana þýðingarmikla, og vænti þess vitanlega, að hún verði samþ.

Úr því að jeg stóð upp á annað borð, skal jeg leyfa mjer að segja nokkur fleiri orð, aðallega út af ýmsum ummælum hjer

í deildinni í dag, sem sumpart hafa verið stíluð til mín.

Jeg er þakklátur háttv. frsm. (Þór. J.) fyrir undirtektir hans undir till. mína á þgsk. 495. Út af því, sem hann sagði um sparnaðinn við að samþ. till. mínar, skal jeg geta þess til leiðrjettingar, að sá sparnaður mun nema 40—50 þús. kr., fyrir utan síðustu brtt. mína á þgskj. 497, um að síðasti málsliðurinn í brtt. nefndarinnar falli burt. Ef sá sparnaður væri tekinn með, þá myndi hann vitanlega nema miklu meiru en 40—50 þús. kr., sennilega á annað hundrað þús. kr.

Þá skal jeg leyfa mjer að leiðrjetta misskilning háttv. frsm. (Þór. J.), þar sem hann mintist á húsameistarann. Jeg tók hann að eins sem dæmi þess, að stöðugt væri verið að smíða ný embætti, en fór ekkert út í það, hvort hann væri þarfur eða óþarfur. Það getur vel verið, að það verði ekki kostnaðarsamara að hafa þenna mann á föstum launum, úr því að ráðið er, að hann verði meira og minna í þjónustu hins opinbera.

Jeg gat þess líka, að jeg hefði helst óskað, að frv. þetta hefði aldrei fram komið. Það er satt, og jeg stend við það. En jeg bætti því við, að jeg hefði talið rjettara að láta sjer nægja að þessu sinni að lappa upp á dýrtíðaruppbótarlögin. Annars vil jeg vekja athygli á því, að jeg sje ekki, að dýrtíðarlögin frá síðasta þingi sjeu numin úr gildi með þessu frv., ef það verður að lögum. Það er kann ske álit nefndarinnar, að þau falli þá úr gildi af sjálfu sjer. En það tel jeg vafasamt. Svo að þá ættum við þarna tvenn dýrtíðarlög að fara eftir.

Háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) gat þess, í sambandi við það, sem jeg hafði sagt, að embættismenn myndu rækja því betur stöður sínar, sem þeim væri hærra launað. Orð hans fjellu á þessa leið. Jeg skal geta þess, að jeg held, að allir betri embættismenn landsins, sem eru starfi sínu vaxnir, leysi störf sín vel af hendi. En þeir eru auðvitað misjafnir embættismennirnir, eins og aðrir. Og um suma embættismenn er það að segja, að þeir geta ekki, ýmissa hluta vegna, leyst störf sín vel eða viðunanlega af hendi, vegna ýmissa orsaka, ellilasleika, heilsubrests eða annara galla. — Hitt er vafasamt, hvort aukin laun gera embættismennina betri eða skylduræknari.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að við, sem viljum halda í og ekki fara altof geist í launahækkunum, litum að eins á málið frá annari hliðinni, og tækjum alls ekki tillit til þess, hve dýrt er að lifa vegna verðfalls peninga. Jú. Okkur er þetta fyllilega ljóst. Jeg hefi oft tekið það fram, að mjer er raun að því að mæla á móti launahækkunum alment. Jeg get vel unnað mönnum þess, að þeim líði öllum sem best, og ekkert síður starfsmönnum landsins en öðrum. En nauðsyn brýtur lög. Og jeg segi það aftur: Fjöldi embættismannanna er orðinn svo mikill, að þjóðin hefir naumast ráð á að launa þá alla sem sumir kalla „sómasamlega.“

Skal jeg þá koma að því, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) beindi til mín. Hann beindi til mín þeirri spurningu í sambandi við það, sem jeg sagði áðan, að nauðsyn væri að fækka embættum, ef þess væri nokkur kostur, og launa hinum þá þeim mun betur, hvaða embætti það væru, sem talist gætu óþörf. Mæltist hann til, að jeg semdi skrá, eða jafnvel flytti frv. um að leggja þau embætti niður, sem óþörf væru. Án þess að fara langt út í þá sálma, skal jeg gera það hv. þm. (G. Sv.) til geðs að nefna nokkrar opinberar sýslanir, sem jeg tel, að vel mættu missa sig, þjóðfjelaginu að skaðlausu. Jeg mintist áðan á örfáa pósta, en háttv. þm. (G. Sv.) hefir líklega ekki tekið eftir því.

Þegar um óþörf embætti er að ræða,

er fyrst að nefna ráðherraembættin, að vísu ekki öll. Við gætum byrjað með að fækka þeim um tvo. Jeg var upphaflega á móti fjölgun ráðherra, og er enn ekki orðinn sannfærður um, að sú fjölgun hafi gert gagn landi eða þjóð, nema síður sje. Enn fremur er mjer sagt, að nú bregði svo kynlega við, að töluverð ráðherra-ólyst sje komin í háttv. þm. Sá sjúkdómur mun vera nýr og áður óþektur. En þá virðist vera aukin ástæða til að fækka ráðherrum. Má vel vera, að 1916—17, þegar ráðherrunum var fjölgað, hafi nokkuð ráðið um fjölgunina, hvað margir þá vildu verða ráðherrar, enda var það mjög haft á orði.

Þá má sjálfsagt fækka eitthvað kennurum háskólans. Ef t. d. ríki og kirkja yrði aðskilin, mætti fækka um einn eða tvo kennara í guðfræðisdeildinni. Og ef vel væri leitað, mundi mega finna tvö til þrjú embætti önnur við þessa stofnun, sem vel mættu missa sig. (*Fjármálaráðherra:* Ættum við ekki að leggja niður hæstarjett?) Lög um hann hafa nú verið samþ. Jeg lagði til, að framkvæmd þeirra yrði frestað um tvö ár, en þótt sú tillaga væri í alla staði hyggileg, eins og á stóð, náði hún ekki fram að ganga. (*Fjármálaráðherra*: Leggjum niður biskupsembættið líka). Verði ríki og kirkja aðskilin, hverfur biskupinn auðvitað úr sögunni. Nefna mætti og ýmsa skóla. T. d. hefir mörgum virst kennaraskólinn vel mega leggjast niður. *Fjármálaráðherra*: Og mentaskólinn). Ef nafni minn, hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), flytur tillögu um það, er jeg manna vísastur til að fylgja honum þar að máli. Loks skal jeg geta þess um lægra launuðu starfsmennina, að vel getur komið til mála, að nokkuð sparaðist við það, að sameina síma- og póstafgreiðslur, þar sem það er á sama staðnum. Vitanlega þyrfti að launa þeim eina manni, sem hefði bæði störfin á hendi, nokkru betur en nú á sjer stað um hvorn starfann fyrir sig. En þó að þau einu laun yrðu nokkuð aukin, myndi þó ekki sparast svo lítið. Og lengur mætti halda áfram að telja, en jeg læt mjer nægja þessa skýrslu að sinni. En lifi jeg það, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) verði ráðherra, skal jeg verða honum hjálplegur um fyllri skrá yfir óþörf embætti. En jeg læt nú hjer staðar numið í þetta sinn. En það er sú minsta krafa, sem hægt er að gera í þessu efni, að hætt sje við að búa til *ný óþörf embætti*. Mjer er t. d. sagt, að nú sje í ráði að búa til handa einhverjum, sem þingið á í fórum sínum, nýtt embætti, sem á að heita sendiherraembætti niður í Kaupmannahöfn. En þetta embætti telur sagnfræðingurinn Bogi Th. Melsted og ýmsir fleiri góðir menn allsendis óþarft. Og þetta tek jeg undir af fylstu sannfæringu. Jeg bendi háttv þingmönnum nú á þetta til athugunar.

Hv. frsm. (Þór. J.) hneykslaðist á ummælum mínum um 33. gr. frv. Jeg tek það ekki aftur, sem jeg sagði. Greinin er stórgölluð. En verði samþ. brtt. þær, sem fram eru komnar við greinina, þá er alt öðru máli að gegna. Annars legg jeg áherslu á það, að ef greinin verður að lögum eins og hún er orðuð í stjórnarfrv., mun hún binda þjóðinni þann bagga, sem erfitt verður undir að rísa. Og auk þess er alls ekki útilokað, að ákvæðum hennar verði misbeitt.

Skal jeg svo ekki tefja tímann lengur. Hefi jeg svarað því helsta, sem vikið hefir verið að mjer, og læt því staðar numið.

Magnús Pjetursson: Jeg sá engan biðja sjer hljóðs, en kunni ekki við að láta verða hlje á umr. Jeg bjóst alls ekki við, að svo fljótt myndi niður falla umr. um þetta mál. Þótt jeg búist ekki við að segja mikið sjerstaklega nýtt um þetta mál, sem ekki

hefir verið sagt einhvern veginn áður, vil jeg þó undirstrika sumt. En sjerstaklega eru það þó nokkrir sundurlausir þankar út af brtt. á þgskj. 499. Má segja, að allur sá aragrúi af brtt., sem kominn er fram í þessu máli, sje smávægilegur í samanburði við síðustu brtt. á þessu þgskj., við 33. gr. Það er meginatriði alls frv., og hlýtur að ráða mestu um það, hvernig þessu máli lyktar, ekki að eins hjer á þingi, heldur og meðal þjóðarinnar. Þessi till. er nokkurskonar sprengidufl, sem getur valdið hinum mesta glundroða, ekki að eins innan þingsins, heldur og á öllum sviðum þjóðfjelagsins. Afleiðingarnar yrðu alveg ófyrirsjáanlegar, ef brtt. þessi verður samþykt. Vjer vitum, að embættismenn og starfsmenn ríkisins yfirleitt hafa sætt sig við stjórnarfrv., þótt mörgum þyki launin þar skorin við nögl. Og þó að nefndin, eða meiri hluti hennar, sem borið hefir fram brtt., hafi ekki tekið að öllu leyti til greina kröfur og óskir starfsmanna ríkisins, verður það þó vonandi ekki mikill ásteytingarsteinn. En hitt er jeg í litlum vafa um, að það getur orðið mikill ásteytingarsteinn, ef þingið breytir eins út frá rjettri stefnu í þessu máli og brtt. gera.

Hv. þingdm. verða að athuga vel, hvert þeir fara, áður en þeir samþykkja þessar brtt. Það er athugavert við þessar brtt., að þær eru svo vel og kænlega dulbúnar, að menn geta ekki sjeð strax, að hjer er tekin önnur stefna en hjá stjórninni. Jeg býst við, að flutningsmenn hangi í því, að þeirri stefnu sje haldið, að veita dýrtíðaruppbót eftir verðlagsskrá. En það er óhætt að segja, að það er slumpareikningur út í loftið, fjarri því, sem er í 33. gr. frv. Því að þessir ⅔ launanna eru þannig til orðnir, að ekki eru teknar nema nokkrar vörutegundir, þegar reiknaður er út verðstuðullinn. Og af því að hagstofan gerir ráð fyrir, að teknar sjeu að eins þær vörur, sem hækka mest í verði, og verðlagsstuðullinn þannig verður þeim mun hærri, þá eru teknir að eins ⅔ launanna. En það sjá allir, að þegar þessir ⅔ eru komnir niður í 2000 þús. kr. að hámarki, þá er langt frá því, að bætt sje upp í þessi svo kölluðu „þurftarlaun".

Sjálfsagt hefir það vakað fyrir hv. flutningsmönnum þessarar brtt, að spara fje með þeim. Og það er satt, að í svipinn sparast fje með þessu. En jeg býst ekki við, að það sje sparnaður eða hagur fyrir þjóðfjelagið, ef brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) ná fram að ganga. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að það, sem frv. fer fram á, sje meira en við höfum ráð á að bjóða. En jeg vil snúa þessu við og segja: Við höfum ráð á öllu fremur en að missa okkar bestu starfskrafta. Er það að búa í haginn fyrir framtíðina, að ganga svo frá, að framar fáist ekki hæfir menn til að vinna fyrir þjóðfjelagið. Það er bersýnilegt, að ungir menn, sem eitthvað eiga undir sjer og hæfir eru til að verða nýtir starfsmenn, hyllast ekki til að búa sig undir stöður hjá ríkinu, ef það er versti vinnuveitandinn. Það er hin mesta hætta. Við megum því ekki vinna að því, að starfsmenn ríkisins verði í framtíðinni óhæfari til að gegna störfum sínum en verið hefir. Það er svo laukrjett, sem hv. frsm. (Þór. J.) sagði, að ríkið á að launa þannig, að það eigi altaf víst að geta valið úr mönnum.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að búast mætti við, og jafnvel bólaði þegar á, að útflutningur manna hjeðan af landi gæti aukist, ef frv. þetta og brtt. meiri hlutans yrðu að lögum. Þessu hefir þegar verið svarað á ýmsan hátt. Getur verið, að ýmsir menn flyttu af landi burt af þessum sökum, en jeg held, að þeir yrðu ekki margir, sem landinu væri eftirsjá í. Yrði það þá heldur landhreinsun, ef þeir hugsuðu á líka leið og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). En ef brtt. þessa hv. þm. (Sv. Ó.) verða samþyktar, *þá* verður áreiðanlega útflutning-

ur. Þá fara hjeðan hæfustu og bestu starfsmenn landsins þangað, sem þeir búast við að geta lifað.

Sami hv. þm. (Sv. Ó.) sagði, að svo mikil óánægja myndi af því rísa, ef frv. með brtt. nefndarinnar yrði samþykt, að hún gæti orðið óviðráðanleg. Jeg fyrir mitt leyti óttast það ekki, og það jafnvel þótt þessi hv. þm. (Sv. Ó.) færi um alt land og hjeldi þar sömu ræðuna, sem hann hjelt hjer. Þjóðin er of þroskuð til þess, að slíkt geti verkað á hana. En ef brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) verða samþyktar, þá verður óánægja meðal allra starfsmanna ríkisins, sem gæti orðið óviðráðanleg, og þjóðin mun engar þakkir kunna þinginu fyrir þesskonar ráðstafanir, þesskonar hjálparráð. (*Sv. Ó.*: Jeg er dauður.) Flutningsmenn brtt. eru tveir, og getur hinn þá svarað fyrir hinn látna.

Eitt var enn, sem sami hv. þm. (Sv. Ó.) sagði í síðari ræðu sinni, að til sín hefði verið beint þeim aðdróttunum, að hann og kannske fleiri töluðu svo í þessu máli til að geðjast kjósendum. Jeg drótta því alls ekki að honum, því að jeg veit, að hann þekkir íslenska kjósendur betur en svo. Hann veit, að þeir standa á hærra menningarstigi en svo, að hann gæti ímyndað sjer, að þeir taki slíkri framkomu vel, eða telji hana frambærilega til þjóðþrifa.

Á undanförnum þingum hefir stöðugt verið rætt um það, að ráða fram úr svo kölluðum bjargráðamálum. Menn hafa ekki álitið, að neitt slíkt lægi fyrir þessu þingi nú, þegar ófriðnum er lokið. En það gæti farið svo, að þetta mál reyndist ekki síður mikið bjargráðamál en sum önnur. Ef þessu máli er ráðið þann veg til lykta, að trygging sje fyrir, að ríkið geti jafnan fengið þá hæfustu starfsmenn, sem unt er að fá, þá er það bjargráð fyrir framtíðina, sem kemur til góða bæði sjálfum okkur og niðjum okkar, sem við vinnum fyrir.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) var að tala um, að þjóðin hefði ekki ráð á, að borga starfsmönnum það, sem kallað er sómasamlega. Jeg tók fram áðan, hvað það væri, sem þjóðin hefði ekki ráð á. En það liggur í hlutarins eðli, sem og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir tekið fram, að ef ríkið hefir ekki ráð á að borga embættismönnum sínum, þá getur ekki þjóðarbúskapurinn staðist, eða þjóðfjelagið. Jeg held, að báðir hv. flutningsmenn brtt. á þgskj. 499, sem eru bændur, kannist við það, að ef þeir gætu ekki fengið hæfa vinnumenn til að starfa að búum sínum, þá yrðu þeir að hætta að búa. Eins er það með ríkið. Ef það getur ekki fengið góða menn í sína þjónustu, veit jeg ekki, hvernig þjóðarbúið á að geta staðist.

Jeg ætla ekki að fara neitt sjerstaklega út í brtt. mínar og hv. 1. þm. N.-M. (J. J.), því hann hefir þegar gert grein fyrir þeim. En jeg vildi að eins vekja athygli hv. deildarmanna á þeim atriðum málsins, sem jeg hefi minst á, því jeg tel of mikið lognmók yfir mönnum í öðru eins stórmáli og hjer er á ferðinni, og getur því ekki skaðað að ýta við þeim.

Gísli Sveinsson: Það er tiltölulega fátt, sem jeg hefi að segja að þessu sinni. Fyrst vil jeg gera stutta athugasemd við það, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði um útflutninginn til Vesturheims. Hann sagði í fyrri ræðu sinni, að útflutningurinn um 1880 hefði með fram stafað af launalögunum frá 1877. Þessu verð jeg að mótmæla, og tel, að hjer sje skýrt rangt frá, þetta sje sögulega rangt. Hv. þm. (Sv. Ó.) minti á, að ekki þyrfti annað en að slá upp í gömlum „Norðanfara“ og „Þjóðólfi“ til að ganga úr skugga um þetta. Jú, það er rjett, að í „Norðanfara“ skrifaði einu sinni maður um launamálið og fann launahækkun embættismanna margt til foráttu. En þarna kom að eins fram skoðun þessa eina manns, en þar var ekki skrifað um, að menn flykt-

ust burtu úr landinu vegna launalaganna. Enda mun það hugarburður eða óljós endurminning hv. þm. (Sv. Ó.), að þetta hafi átt nokkurn þátt í útflutningnum. Hann taldi líklegt, að þessi löggjöf sem hjer er á ferðinni, mundi leiða til hins sama. Ef launalögin yrðu nú samþykt, mundi fólkið flykkjast burtu af landinu. En mjer er spurn: Hvert heldur hv. þm. (Sv. Ó.) að fólkið fari? Hvar heldur hann að fólk komist nú hjá því, að greiða gjöld og þunga skatta Heldur hann, að minni muni álögurnar í þeim löndum, sem styrjöldin hefir lamað? Alstaðar hvíla gífurlegar álögur á mönnum, bæði nú og munu gera, að minsta kosti í nánustu framtíð.

Svo er öðru máli að gegna með launin þá og nú. Þá voru launin miklu hærri en þau eru nú, miðað við hve dýrt er nú að lifa, en ódýrt þá. Og þó að alþýða hefði verið óánægð með laun embættismanna þá, sem jeg leyfi mjer að draga í efa, þá er ekki ástæða til að ætla, að hún verði það nú. Hitt er annað mál, hvort útgjöld landssjóðs fari, vegna þessarar hækkunar, mikið fram úr því, sem alþýða hefir búist við. Það má vera. En það kemur þá til af því einu, að almenningur hefir ekki gert sjer neina grein fyrir því, hvernig sakir standa. Og þess var ekki að vænta, því hvorki stjórn landsins eða sjálft Alþingi hafa gert það, alt til þessa. Almenningur gat því ekki gert sjer neina hugmynd um það, hve miklu hækkunin, hin sjálfsagða hækkun, mundi nema. Og þess vegna er það alveg út í hött að segja, að farið sje fram úr því, sem almenningur ætlist til, ef frv. nær fram að ganga.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) talaði um, að kostnaðurinn við starfrækslu sýslumannaembættanna ætti ekki að úrskurðast af dómsmálaráðherra, heldur af Alþingi. Rökin fyrir þessu sagði hann þau, að dómsmálaráðherrar gætu verið misjafnir, og þess vegna væri varhugavert að leggja þetta undir þeirra úrskurð einna. En þm. geta líka verið misjafnir. Og þótt jeg vilji ekki halda því fram, að ráðherra geri þetta altaf með rjettsýni, þá hefir hann þó miklu betri tök á því en þingið. Við vitum báðir, að þótt Alþingi samþykki eitt í dag, getur það samþykt annað á morgun. Því miður heyrði jeg ekki merkilegasta kaflann úr ræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), því að jeg var kallaður frá. En jeg heyri sagt, að hann hafi verið að gefa skýrslu um þau embætti, sem óþörf væru og afnema ætti. Meðal annars hafði hann viljað afnema ráðherraembættin, og hafa að eins einn ráðherra. Gott og vel. En meðan allur þorri þm. telur þrjá ráðherra þarfa, þá er það ekki nóg, þótt t. d. jeg og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) vilji láta afnema þá. Þá hafði hann farið að tala um óþarft sendiherraembætti, en jeg veit ekki til, að búið sje að skipa nokkurn sendiherra, svo þetta er eitthvað út í bláinn hjá háttv. þm. (S. S.). Enn fremur hafði hann talið tvö prófessorsembættin við guðfræðisdeild háskólans óþörf, þegar aðskilnaður ríkis og kirkju væri kominn á. Jeg held nú, að fullsnemt sje að gera ráð fyrir afnámi þeirra á þessu stigi, meðan það mál er að eins í fæðingunni. Loks hafði hann klykt út með því, að vilja afnema kennaraskólann. (*S. S.*: Jeg sagði, að jeg hefði heyrt mann telja hann óþarfan). Nú, en álítur háttv. þm. (S. S.) hann það þó ekki sjálfur? Loks hafði háttv. þm. (S. S.) lofaði að gefa síðar fyllri skrá, og finst mjer ekki veita af því, eftir því, hvað þessi ætlar að reynast ófullkomin.

Atkvgr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. ágúst, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 26, n. 440, 439, 480, 481, 488, 489, 490, 493, 494, 495, 496, 497, 498, 499, 579 atkvæðaskrá).

ATKVGR.
samkv. atkvæðaskrá, sjá A. 579.

Brtt. 439,1. samþ. með 17 : 1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 439,2. samþ. með 16 shlj atkv.
— 439,3. — — 16 — —
— 495. samþ. með 15 : 1 atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj atkv.

Brtt. 488. frestað til 3. umr.
— 439,4. samþ. með 16 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 497,a.—b. feld með 17 : 4 atkv.
— 439,5. samþ. með 19 shlj. atkv.

10 gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 439,6. samþ. án atkvgr.
— 496,1.a. feld með 14 : 2 atkv.
— 496,1.b. — — 15 : 1 —
— 489. — — 13 : 13 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., S. S., S. St., St. St., Þorl. J. B. Sv., B. J., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., J. M., J. B.
nei: M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. K, E. J., H. K., J. J., M. G., Ó. B.

Brtt. 439,7. samþ. án atkvgr.
— 494,1. samþ. með 16 : 2 atkv.
— 496,1.c. talin fallin með brtt. 489.
— 439,8. samþ. án atkvgr.
— 496,1.d. feld með 19 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., H. K., P. J., P. O., S. S., S. St., Sv. Ó.
nei: B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. Þ., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., Ó. B.

Brtt. 439,9. samþ. með 17 : 3 atkv.
— 439,10. — — 14 : 8 —
— 499,1. kom ekki til atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 439,11. (um laun) samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., Þorl. J., Þór. J., B. J., B. K., B. St., E. A., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J.
nei: P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv., E. Árna., E. J., H. K., Ó. B.

Brtt. 439,11. (um ritfje) feld með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þór. J., B. J., E. A., J. J., J. M., M. P., M. Ó., P. J.
nei: Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. K., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Ó. B.

Brtt. 499,2. tekin aftur.
— 493,1. og 2. feldar með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., St. St., Sv. Ó., E. A., E. Árna., J. J., M. G., M. Ó., P. J., Ó. B.
nei: S. S., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. P., P. O., P. Þ.

Brtt. 490. samþ. með 14 : 1 atkv.
— 498. — — 14 shlj. atkv..
— 439,12., svo breytt, og 13. samþ með 20 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J.
nei: P. J., P. O., S. S., Sv. Ó., B. St., Ó. B.

12. gr., svo breytt, samþ. með 18 : 1 atkv.

Brtt. 439,14. samþ. með 15 : 2 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 497,2.a.—b. tekin aftur.
— 439,15. samþ. með 14 : 5 atkv.
— 499,3. kom ekki til atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 2 atkv.

Brtt. 494,3. (ný 15. gr.) samþ. með 15 : 2 atkv.
— 496,2. kom ekki til atkv.
— 439,16. — — — —
— 439,17. — — — —
— 439,18. — — — —
— 439,19. — — — —
— 496,3. feld með 14 : 1 atkv.
— 439,20. samþ. með 15 : 2 atkv.
— 439,21. — — 14 : 2 —
— 439,22. frestað til 3. umr.
— 439,23. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 439,24. — — 17 : 1 atkv.
— 439,25. — — 15 shlj. atkv.
— 439,26. — — 15 : 2 atkv.
— 419,4. kom ekki til atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 439,27. samþ. með 17 shlj atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

18. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 496,4. feld með 15 : 4 atkv.

19. gr. samþ. með 17. shlj. atkv.

20. og 21. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 439,28. feld með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., J. J., J. M., M. P., M. Ó., P. J., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.
nei: B. Sv., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J.

Brtt. 469,5. (fyrri hl.) feld með 15 : 4 atkv.
— 439,29. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 496,5. (síðari hl.) frestað til 3. umr.
— 439,30. feld með 18 : 2 atkv.
— 499,5. feld með 16 : 5 atkv.
— 480,1. samþ. með 16 : 3 atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 439,31. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., M. Ó., P. Þ., S. St., St. St., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. J., G. Sv., J. J.
nei: J. B., M. G., P. J., P. O., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. St., E. Árna., H. K., J. M., Ó. B.

Brtt. 496,6. feld með 16 : 2 atkv.
— 439,32. samþ. með 15 : 4 atkv.

23. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 497,3. felld með 14 : 2 atkv.
— 439,33. samþ. með 15 : 1 atkv.

24. gr, svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

25. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 439,34. samþ. með 14 : 3 atkv.
— 496,7. kom því eigi til atkv.

26. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 439,35. samþ. með 14 shlj. atkv.

27. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 496,8. felld með 18 : 1 atkv.

28. gr. samþ. með 17. shlj. atkv.

Brtt. 497,4. tekin aftur.
— 439,36. samþ. með 15 shlj. atkv.

29. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

30. og 31. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 497,5.a.—f. felld með 17 : 2 atkv.
— 439,37. (ný 32. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 499,6.a. samþ. með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. B., M. Ó., P. J., P. O., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., Ó. B.
nei: J. J., J. M., M. G., M. P., P. Þ., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., E. A.

Brtt. 439,38. kom því eigi til atkv.
— 439,39. samþ. með 20 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. G., M. Ó., Ó. B.
nei: Þorst. J., B. J., B. K., E. A., J. M., M. P.

Brtt. 499,6.b. felld með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. Árna., H. K., P. O., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.
nei: Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. J., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Þorst. J.

Brtt. 439,40. samþ. án atkvgr.
— 481. felld með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. P., P. J., S. St.
nei: Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. K., B. St., E. Árna., E. J., H. K., J. B., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Ó. B.
B. J. og M. Ó. greiddu ekki atkvæði.

Brtt. 493,3. kom ekki til atkv.
— 439,41. samþ. með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., H. K., Ó. B.
nei: J. J., J. M., M. P., M. Ó., P. J., B. J., B. K., E. A., G. Sv.

Brtt. 499,6.c. felld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: E. Árna., E. J., H. K., J. B., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. St., Ó. B.
nei: E. A., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., Þór. J. B. Sv., B. J., B. K.

Brtt. 439,42. feld með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. J., B. K., B. St., G. Sv., J. M.
nei: S. S., Þorst. J., B. Sv., E. A., E. Árna., E. J., J. J., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., Ó. B.
Sv. Ó. og H. K. greiddu ekki atkv.

Brtt. 493,4. tekin aftur.
— 480,2. samþ. með 19 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O. P. Þ., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. K., E. A., E. Árna.
nei: H. K., S. S., S. St., Sv. Ó., B. J., B. St., Ó. B.

Brtt. 499,6.d. kom því eigi til atkv.

33. gr., svo breytt, samþ. með 17 : 2 atkv.
34. gr. samþ. með 14. shlj. atkv.

Brtt. 497,6. feld með 21 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., S. S., S. St., E. J., H. K.
nei: M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., J. B., Ó. B.

Brtt. 439,43. (ný gr., verður 35 gr.) samþ. með 16 : 2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 1 atkv.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 30 ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 539, 540, 555, 559, 560, 566, 570, 584, 585).

Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv. um brtt. 570 og 584, sem of seint var útbýtt.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Eins og hv. deild er kunnugt, var mörgu breytt í þessu frv. við 2. umr. þess. Að vísu var það flest heldur smávægilegar breytingar. Og hvað sjálfa launaupphæðina snertir, þá námu breytingar við hana að eins 8 þús. kr. hækkun á öllu frv. En auk þess komu fram aðrar brtt., og vil jeg í fáum orðum drepa á þær og afleiðingar þeirra fyrir málið.

Það var samþykt þá meðal annars að slá því föstu, að haustið 1914 skyldi lagt til grundvallar fyrir þeim verðstuðli, sem miða ætti við, í staðinn fyrir haustið á undan stríðinu. Nefndin gekk ekki að því gruflandi, að þetta mundi hafa einhverjar breytingar í för með sjer, en hvað miklar vissi hún ekki. Enn fremur var sú breyting gerð, að í staðinn fyrir Reykjavík eina skuli miðað við vöruverð í 4 aðalkaupstöðum landsins. Nefndin hefir nú leitað til hagstofunnar til að fá vitneskju um, hver verðstuðullinn yrði. Og hún hefir gefið það upp, en þó álítur hún, að það sje ef til vill ekki alveg ábyggilegt, sökum þess, að ekki hafa enn fengist upplýsingar um verðið á einstöku vörum í kaupstöðum úti á landinu, og verði því á þeim vörum að miða við Reykjavík eina. Þessi mismunur verður þá sá, að miðað við haustið 1914 gerðu þeir uppbótarprócentuna hjer í Reykjavík 91%, í staðinn fyrir 102% þegar miðað var við júlímánuð. Þegar allir 4 kaupstaðirnir eru teknir með, lækkar þetta

niður í 85 %, með verðstuðlinum 2,34. Þetta hefir þau áhrif, að uppbótin lækkar töluvert. Í fljótu bragði er ekki gott að segja hvað mikið, en eftir því, sem komist verður næst, nemur það kringum 85 þús. kr.

Þá var og önnur breyting gerð á frv., sem hefir í för með sjer talsverða lækkun á útgjöldunum. Það er viðvíkjandi uppbót þeirra presta, sem eigi er skylt að búa í kaupstað. Var samþykt, að þeir skyldu fá hálfa launauppbót. Nú hefir nefndin ekki getað fengið þær upplýsingar, að neinir prestar sjeu lögskyldir að búa í kaupstað. Og telur hún því sjálfsagt, að þetta atriði verði tekið til nánari athugunar í háttv. Ed. Þessi breyting mundi valda því, að uppbótin til presta mundi lækka um rúmlega 100 þús. kr. frá því, sem nefndin lagði til. Ef miðað er við meðallaun presta og 96%, nemur þetta 109 þús. kr. Þegar alt er saman talið, verður lækkunin á frv. við 2. umr. um 190 þús. kr. Þó skal tekið fram, að þetta er að eins lauslega reiknað, því nefndinni vanst ekki tími til að gera það nákvæmlega.

Þá skal jeg gera stutta grein fyrir brtt. nefndarinnar við frv., eins og það er nú.

Það er þá fyrst brtt. nefndarinnar við 8. gr. frv. Hún fer fram á það, að auk þess, að talin skuli til embættisára þau ár, sem prestar hafa gegnt sem aðstoðarprestar, skuli hið sama gilda um þau ár, sem læknar hafa gegnt sem aukalæknar, og vegamálastjóri sem aðstoðarverkfræðingur. Nefndinni barst málaleitun um það, að taka læknana með og vegamálastjóra, og hefir hún fallist á það. Henni fanst ekki rjett að útiloka þessa menn, frekar en prestana. 8. gr. hefir því verið orðuð um.

Þá er næst brtt. við 11. gr., viðvíkjandi lögreglustjóranum á Siglufirði. Það kom sem sje fram við 2. umr. málsins, að rjett mundi að telja hann undir ákvæði 11. gr., um greiðslu á starfrækslu embætta. Nefndin hefir því leyft sjer að flytja málsgreinarnar til, þannig að 7. málsgr. verði 5.

Þá er brtt. við 15. gr. frv. Þar hafði háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) flutt brtt. um póstþjónustustörfin, til þess að koma samræmi á við póstlögin. En svo hafði atvikast, að fallið hafa niður póstafgreiðslumenn.

En upp eru taldir bæði póstfulltrúar og fleiri starfsmenn. Hefir háttv. þm. (M. G.) ef til vill haldið, að póstfulltrúar kæmu í stað póstafgreiðslumanna, og þess vegna ekki viljað taka það heiti upp í lögin. En póstmeistari hefir nú lagt til, að svo verði gert. Hjer virðist því best að halda þessum gömlu nöfnum, en um það er ekki að ræða, að mönnum verði fjölgað með þessu, og launin haldast þau sömu og verið hafa.

Þá er brtt. við 17. gr. frv., sem fer fram á að hækka laun aðstoðarverkfræðinga vegamálastjórans og vitamálastjórans.

Fór vegamálastjórinn þess á leit við nefndina, og bar fram þær ástæður, að hann gæti alls ekki fengið menn fyrir þau laun, sem í boði væru, og hafi þegar mist einn góðan mann vegna þess.

Þess ber líka að gæta, að slíkum mönnum er nú svo hátt borgað fyrir verk sín, en laun þessara aðstoðarmanna eru nú lægri en laun símaverkfræðinga, sem hafa þó bæði minna starf með höndum og hafa ekki þurft annan eins undirbúning undir starf sitt og þessi verkfræðingur.

Nefndin hefir því lagt til, að hækkuð verði um 500 kr. bæði byrjunarlaun þeirra og hámarkslaun.

Jeg hljóp yfir það, að við 16. gr. var geymd brtt. frá 2. umr. um fulltrúa stöðvarstjórans á Seyðisfirði.

Þegar nefndin spurðist fyrir um þetta atriði hjá landssímastjóranum, reyndist það rjett, sem hún hafði haldið fram áður, að maður þessi er kostaður af símanum hjer.

Spurði nefndin, hvort Stóra norræna

greiddi honum ekki kaup, þegar hann tekur við störfum stöðvarstjórans í fjarveru hans, og var því neitað.

Nefndin lítur því svo á, að hjer sje undir því komið, að stjórnin athugi þessa samninga, og fái lagfæringu á þessu, ef samningarnir heimila það, og er það því á valdi háttv. deildar, hvað hún gerir við brtt.

Þá skal jeg geta þess, að nefndinni hárust tilmæli um það frá landssímanum, að laun landssímastjórans yrðu hækkuð, en það gat hún ekki fallist á, en auðvitað telur hún sjálfsagt, að sú persónulega launaviðbót, sem hann hefir haft hingað til, haldist framvegis.

Þá kemur brtt. við 18. gr. Er þar skotið inn í vitaverðinum við Gróttuvita. Taldi nefndin sjálfsagt að verða við því, þar sem þetta er föst staða. En kjör hans eru hin sömu og verið hafa.

Þá er brtt. við 22. gr., um ritfje biskupsins. Var atkvgr. um brtt. um það geymd frá 2. umr. Nefndin vill hafa það í þessum lögum ákveðið 1000 kr. Áður hefir það staðið í fjárlögum, en þar sem ritfje landlæknis er sett í þessi lög, virðist meira samræmi í því, að hafa ritfje biskups einnig ákveðið í þeim. Nefndin áleit, að það gæti ekki verið minna en 1000 kr., og þar sem feld var hækkun á ritfje landlæknis, þá var það ekki með vilja nefndarinnar; hún telur það of lágt eins og nú er ákveðið.

Þá er brtt. við 23. gr., um laun prófessora við háskólann. Var feld við 2 umr. brtt. um hækkun á launum þeirra. Hafa nefndinni borist tilmæli um að lækka árabilið milli þess, er launin hækka, og hefir hún því komið með þessa brtt., að í staðinn fyrir 4 ár komi 3 ár.

Þá er brtt. við 25. gr. Nefndinni barst brjef frá forstöðumanni kennaraskólans, þar sem hann fer fram á, að hækkuð verði laun kennaranna við skólann. Eins og nú er, mundi verða ósamræmi í launum þeirra og launum kennara mentaskólans. Það var samþ. við 2. umr. að hækka laun þeirra, og eins og nú er í frv., gæti svo farið, að sá mismunur gæti orðið til þess, að kennaraskólinn misti kennara sína til mentaskólans.

En nefndin telur kennaraskólann svo þarfan, að ekki megi verða þess valdandi að ófyrirsynju, að hann missi af góðum mönnum úr þjónustu sinni. Nefndin vill því hækka laun þessara manna um 400 kr.

Þá er brtt. við 32. gr. Er þar farið fram á að hækka laun 1. bókavarðar og aðstoðarskjalavarðar og þjóðskjalavarðar. Samskonar brtt. hefir komið fram frá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), og mun hann hafa alt eins góð tök á því og jeg að rökstyðja þessar brtt. En nefndin taldi þessa hækkun sanngjarna. Að vísu falla ekki alveg saman till. hennar og till. hv. 2. þm. Árn. (E. A.), en þar er þó mjóst á munum.

Þá er brtt. við 33. gr. frv. Samkvæmt upplýsingum frá hæstv. stjórn er ekki ætlast til, að uppbót sú, sem ákveðin er í þessari grein, nái til annara starfsmanna en þeirra, sem nefndir eru í lögum þessum. En eins og þegar hefir verið tekið fram, var þetta ekki nógu skýrt, og hefir nefndin því komið fram með brtt. þessa, svo að enginn misskilningur geti komist að.

Hins vegar telur nefndin það víst, að hæstv. stjórn geri ráðstafanir til þess, að öðrum starfsmönnum verði einnig veitt hæfileg dýrtíðaruppbót.

Þá er loks brtt. við 34. gr. Jeg skal geta þess, að þar er prentvilla, stendur „37. gr.“ fyrir „34. gr.“. Vill nefndin fella burtu orðin: „um laun og aukatekjur embættismanna“. Með því móti tekur greinin yfir öll þau lög, sem farið gætu í bága við þessi lög. En svo þyrfti ekki að vera, ef þessi orð stæðu í greininni.

Þá hefir nefndin ekki komið með fleiri

brtt., en frá einstökum þm. hafa einnig komið fram nokkrar brtt., og skal jeg drepa lauslega á þær.

Fyrst skal jeg þó minnast á brtt. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), um laun fulltrúanna í stjórnarráðinu. Var atkvgr. um hana geymd frá 2. umr. Meiri hluti nefndarinnar hefir fallist á hana og leggur til, að hún verði samþ.

Nefndinni bárust tilmæli um það, að taka upp aðstoðarmenn í stjórnarráðinu, en það gat hún ekki fallist á, þar sem val þeirra manna þarf ekki að vanda svo mjög; þeir þurfa ekki að vera lögfræðingar, eins og fulltrúarnir.

Þá skal jeg líka geta þess, að nefndinni barst erindi frá forsetum Alþingis um það, að taka skrifstofustjóra Alþingis upp í lög þessi og gera starf hans að fastri stöðu, með 4000 kr. launum, sem hækkuðu upp í 5000 kr. Meiri hluti nefndarinnar var þessu hlyntur, aðallega af þeim ástæðum, að hann telur ekki heppilegt, að skrifstofustjórinn sje skipaður af forsetum til nokkurra ára í senn, og þar af leiðandi valið á manninum háð ýmsum pólitískum stundarástæðum, sem ekki þurfa að vera sem heppilegastar.

Þess er því full þörf, að þetta sje gert að föstu starfi, svo að trygt sje, að góður maður fáist og gegni starfinu sem lengst.

Auk þess eru laun núverandi skrifstofustjóra mjög svo lág, miklu lægri en laun starfsmanna skrifstofunnar. Munurinn mun vera nálægt 6 kr. á dag. Aftur á móti starfar hann nú orðið alt árið, og að minsta kosti um þingtímann er starfið afskaplega mikið, miklu meira en gerist á nokkurri annari skrifstofu.

En þessu til hindrunar var það, að þingsköpin mæla svo fyrir, að forsetar ráði manninn til þessa starfs og ákveði kaup hans, og vildi nefndin ekki ráðast í það, að breyta þingsköpunum. Að vísu hjeldu sumir, að hjá því yrði komist, en aðrir töldu það ekki hægt. En á það skal jeg engan úrskurð leggja. En þeir, sem málinu voru hlyntir, vænta þess, að það verði tekið til athugunar í Ed.

En hins vegar er það alveg á valdi hæstv. forseta að gera svo vel við manninn, að við megi una.

Þá kem jeg að brtt. háttv. þm., og skal jeg nú drepa að eins lauslega á þær. Nefndin, sem slík, hefir að vísu ekki tekið neina afstöðu til þeirra, og eru því atkv. nefndarmanna um þær frjáls og óbundin.

Þá skal jeg fyrst minnast á brtt. á þgskj. 566, frá hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og hv. þm. Borgf. (P. O.). Fyrsti liður fer fram á, að lágmarks- og hámarkslaun lækna verði lækkuð um 500 kr. En jeg býst ekki við, að till. þessi verði borin undir atkv., þar sem hún er samhljóða till., sem feld var við 2. umr. málsins. Annar liður brtt. fer fram á að lækka nokkra liði í frv., og skal jeg sem minst um það segja. Það er sami nurlaraskapurinn, sem þar gægist fram, og áður, að klípa utan af hjer og þar. En háttv. deild hefir sýnt, hvaða augum hún lítur á slíka sparsemi. En síðasti liður brtt., sem fer fram á að lækka laun dýralækna, virðist ekki vera í sem bestu samræmi við það, sem áður er fram komið hjá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), því ef hann vill fjölga dýralæknisembættum, er það tæplega gert með það fyrir augum, að enginn maður fáist í þau embætti. En við því þarf ekki að búast, ef ekki er fyrir því sjeð, að þeim geti liðið þolanlega.

Þá er brtt. við 11. gr., frá háttv. þm. Barð. (H. K.). Fer hún fram á, að Barðastrandarsýsla verði færð upp í annan flokk.

En þá yrði mjóst á mununum með það, að sýslumenn væru allir hafðir í sama flokki þeir, sem ekki eru bæjarfógetar um leið. En brtt. um það var feld við 2. umr.

Jeg þykist vita það, að erfiðara sje yfirsóknar í Barðastrandarsýslu, og Stranda-

sýslu sömuleiðis, en víða annarsstaðar. En jeg lít svo á, að ef þetta verður samþ., þá sje best að hafa alla sýslumenn í sama flokki.

Þá er brtt. við 12. gr., um að færa til flokkun læknishjeraðanna. Við 2. umr. var samþykt samskonar till., og er því nokkuð farinn að raskast grundvöllur sá, sem sú flokkun bygðist á í öndverðu.

En um staðhætti þá, sem brtt. um getur, er mjer ókunnugt, og mæli jeg því hvorki með henni nje móti.

Þá er brtt. við 26. gr., frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), um það, að hámarkslaun skólastjórans á Eiðum hækki úr 3200 kr. upp í 3600 kr. á ári.

Hefir verið á þetta minst við nefndina, en hún hafði áður hækkað laun þessi frá því, sem var í stjórnarfrv., og þar sem maður þessi hefir ókeypis húsnæði, ljós og hita, þá virtist nefndinni ekki þörf á frekari launahækkun.

Þá er aðalbreytingin, á þgskj. 559, við 33. gr. Hún hljóðar svo: „Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, fyrst um sinn til ársloka 1925, launauppbót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum frá 1. okt. 1914.“

Hjer eru því sett takmörk, hve lengi eigi að gilda þetta aðalákvæði laganna í 33. grein.

Jeg skal nú ekki mikið um þessa brtt. segja. Jeg lít svo á, að það verði að vera komið undir rjettlæti þingsins, hversu lengi ákvæði þetta yrði framlengt.

Hins vegar er þessi takmörkun algerlega óþörf, ef launin eru nú rjett ákveðin, því að auðvitað hverfur þessi dýrtíðaruppbót um leið og verðhækkunin hverfur, þar sem miðað er við verðlagsskrá.

En ef ríkissjóði yrði það nú algerlega ófvaxið að greiða embættismönnunum eftir lögum þessum, og senda yrði þá heim, þá mætti eins gera það án þessa ákvæðis. Ákvæðið er því algerlega óþarft.

Þá er 2. liður brtt., að fyrir „3000 kr.“ komi: 2400 kr. Það er launaupphæð sú, sem reikna skal af dýrtíðaruppbótina, sem þar er farið fram á að lækka.

Í stjórnarfrv. er miðað við 4500 kr. þurftarlaun, og hefir nú verið margsýnt fram á það með rökum, að ekki verður komist af með minna.

En eftir till. þessari er miðað við 3600 kr. þurftarlaun.

Rjettlæti virðist því ekki vera neitt í brtt. þessari. En telja má víst, þótt jeg hafi enn þá ekki haft tækifæri til að rannsaka það nákvæmlega, að það, sem vinst með henni, fari ekki fram úr 50 þús. kr., enda hafa flm. hennar komist að svipaðri niðurstöðu. Það má því segja, að þetta dragi hvorugan.

Þess ber líka að geta, að í frv. er að eins miðað við þær ástæður, sem nú eru, svo að uppbótin verður ekki tilfinnanleg fyrir ríkissjóð, þegar verðlag lækkar aftur.

Meiri hluti nefndarinnar getur því ekki verið með brtt. þessari.

Það er þá ekki fleira, sem jeg vildi taka fram, enda hefir málið nú verið rætt svo mjög, að jeg held, að ekki þýði lengri umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Það var rjett, sem háttv. frsm. (Þór. J.) sagði síðast, að ekki mundu þýða langar umræður um þetta mál, þar sem það hefir nú verið rætt svo mjög áður.

Brtt., sem fram hafa komið, eru heldur ekki svo margar. Skal jeg nú minnast að eins lauslega á nokkrar þeirra.

Skal jeg fyrst geta þess, út af því, sem háttv. frsm. (Þór. J.) sagði um skrifstofustjóra Alþingis, að þegar stjórnin var að semja frv., ætlaði hún að taka hann þar

með, og leitaði hún álits forseta um það, hvort það væri ekki rett.

En hún fjekk þau svör, að Alþingi mundi sjá um hann, og var það auðvitað í samræmi við það, sem verið hefir.

En hins vegar var þó stjórnin á því, að laun hans bæri að ákveða, sem hvers annars starfsmanns landsins, eins fyrir það, þótt í þingsköpunum sje svo ákveðið, að forsetar ráði hann til 6 ára í senn og ákveði kaup hans.

Þess vegna vona jeg, að háttv. Ed. verði við tilmælum hæstv. forseta og taki þetta embætti upp í launafrv.

Jeg vil sjerstaklega leyfa mjer að mæla með till. háttv. nefndar um, að laun háskólakennara hækki þriðja hvert ár. í stað fjórða hvert ár. Aftur á móti greiði jeg atkv. á móti því, að lágmarkið hækki, en það er sanngjarnt, að launin hækki þetta fyr. Auðvitað er það afleiðingin af þessu, og dettur mjer ekki í hug að lasta það, að laun dócentanna hækka líka á sama hátt.

Jeg verð að taka undir með háttv. frsm. (Þór. J.) um brtt. 584, að verði hún samþykt, er sönnu næst að háttv. Ed. taki upp brtt. þeirra háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), og geri öllum sýslumannsembættum jafnt undir höfði, því að þá eru þau orðin svo fá, sem eftir eru í öðrum flokki, að það tekur því varla að skilja þau að.

Jeg held, að jeg geti látið aðrar brtt. liggja á milli hluta. Þó vil jeg eindregið mæla á móti brtt. á þgskj. 559, og þó sjerstaklega síðari lið hennar. Hygg jeg, að búið sje að skerða 33. gr. stjórnarfrv. nægilega, þótt ekki sje gert meira að. Jeg vil sömuleiðis mæla á móti fyrsta tölulið hennar, því þótt vel geti hugsast, að komið geti til mála, að þetta atriði yrði endurskoðað eftir ákveðinn tíma, þá er þó ekki rjett, að þetta ákvæði launauppbótarinnar skuli falla burtu eftir ákveðinn tíma, en ef það er ekki ætlunin, að þetta ákvæði falli burtu, þá þarf ekki að samþykkja það. Vildi jeg skjóta því til háttv. flm., hvort þeir gætu ekki komið sjer saman um að taka þessa till. aftur, og komast þá að samningum við háttv. Ed., ef nauðsynlegt væri að taka upp í lögin, að endurskoðun skyldi fram fara eftir ákveðinn tíma.

Þá get jeg ekki stilt mig um að minnast lauslega á brtt. á þgskj. 560. Ekki svo að skilja, að jeg hafi nokkuð á móti henni, því jeg býst við, að hún sje sanngjörn að mörgu leyti, og síst farið fram á of mikið. Þótt það nú komi ekki þessu máli beinlínis við, þá get jeg þó ekki stilt mig um að minnast á, að þegar verið var að ræða frv. mitt um sameining skjalavarðar og landsbókavarðar, þá kom nokkur annar reikningur fram frá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem var frsm. mentamálanefndar, og líka er flm. þessarar tillögu. Nefndin sagði, að ef þetta yrði gert, mundi útkoman verða 20,000 kr., en nú er reikningurinn alveg orðinn öfugur. Þá voru launin sett lágt, en eftir þessari till. verður þetta þó nokkru dýrara en eftir stjórnarfrv. Að öðru leyti álít jeg rjett að samþykkja þessa till. (*E. A.:* Þessu mun verða svarað). Það er ókleift að svara þessu.

Sveinn Ólafsson: Háttv. þm. Stranda. (M. P.) hjelt hjer í deild dálítinn líkræðustúf yfir mjer við 2. umr. Vildi hann sýnilega neyta þess, að jeg var fallinn í valinn, enda var þá orðið svo áliðið nætur, að við fundarslitum mátti búast á hverri stundu.

Háttv. þm. (M. P.) var með þessu að reyna að molda brtt. mína á þgskj. 499, sem gekk í þá átt, að takmarka dálítið dýrtíðaruppbót embættismanna eftir 33. gr. stjórnarfrv. Það mætti kann ske segja, að þar eð flestar þessar till., sem jeg þá bar fram, eru fallnar, væri tilgangslaust

að tala um þær nú. En af því að meðferð þeirra hlaut að leiða til þess, að aðrar brtt. kæmu fram, þá taldi jeg rjett að minnast á þær, og þá aðallega 67. brtt., er mestu máli skiftir. Háttv. þm. Stranda. (M. P.) kvað svo að orði, að hún væri í mesta máta blekkjandi, og væri hún eins konar sprengidufl, sem mikið ilt gæti leitt af, ef hún yrði samþykt.

Eðlilegt var, að hann vildi koma brtt. fyrir, en það var ekki eðlilegt, að hann hefði þessi orð um hana. Jeg hafði með ljósum útreikningi og töfluyfirliti sýnt, hver áhrif brtt. hefði á launakjörin, og þetta hafði gengið meðal þm. Þetta var því engin blekking, og er allgrálega að orði kveðið hjá háttv. þm. (M. P.), er veifar þessari blekkingarsögu.

En úr því að jeg fór að minnast á sprengidufl, vil jeg leyfa mjer að minna hann á annarskonar sprengidufl, sem lagt var hjer í deild 1918, og honum var ekki óskylt. Það var lagt þegar ræða var um dýrtíðaruppbót af aukatekjum lækna. Þá upplýsti háttv. þm. (M. P.) um það, að aukatekjur alls þorra þeirra næmi 50—60 kr., og væri því ekki mikið að greiða 60% dýrtíðaruppbót af slíkum tekjum. En þetta sprengidufl „exploderaði". Um nýár næstliðið, er skýrslur lækna komu, sýndu þær aukatekjur 10-faldar eða 100-faldar á við það, sem upplýst hafði verið. En þá var markinu náð og landssjóður búinn að lofa 60% uppbót aukatekna.

Jeg skal svo ekki tefja umr. frekar um þessi gömlu sprengidufl hv. þm. eða till. mínar, sem fjellu við 2. umr., að eins minnast á, að eftir þeim átti hæsta dýrtíðaruppbót að verða 2700 kr., miðað við núverandi verðlag. Auðvitað var þá miðað við það, sem í till. stóð einnig, að dauða prócentan af verðhækkuninni væri 35 en ekki 25%. Það getur verið álitamál, hvar hæfilegt sje að setja hámark fyrir dýrtíðaruppbótinni, en um það býst jeg við að allir sjeu sammála, að þegar dýrtíð er í landi, beri öllum að taka þátt í henni, hverjum eftir sínu magni, en ekki að veita vissum flokkum manna færi á að lifa eins og blóm í eggi, þegar aðrir, ef til vill fjöldinn, lifir við neyðarkjör. En 33. gr. veitir vissum flokki embættismanna þessi vilkjör, ef óbreytt stendur, og jafnvel færi á að lifa eins og kóngar, þótt sultur og seyra sje í landi. Þess vegna hafa tilraunir mínar lotið að því, að fá meira rjettlæti í launaveitingum. Þetta er líka fullkomlega samkvæmt þeirri reglu, sem fylgt hefir verið hjer á þingi að undanförnu, er um dýrtíðaruppbót hefir verið að ræða, að reyna að sjá þeim borgið, sem láglaunaðir voru og síst þoldu dýrtíðina, en bæta hinum minna, sem sjálfbjarga voru.

Þá kem jeg að brtt., sem jeg á á þgskj. 559. Fyrri liðurinn lýtur að því, að binda dýrtíðaruppbótina við 1925 fyrst um sinn, og að þá gefist tækifæri á að taka ákvörðun um afnám hennar eða breytingu, eftir því, sem reynslan þá bendir til. Þá verður öllum orðið ljóst, hverju hún nemur og hvernig hún kemur niður á þiggjendum, en nú vaða flestir í villu og svima um það.

Í launanefndinni var eftir till. minni samþykt að taka upp þetta sama ákvæði og miða við 1930, en skrifarar nefndarinnar hafa vanrækt að bera hana fram með öðrum till. nefndarinnar, og tók jeg fyrst eftir þessu nýlega. Þess vegna ætti nefndin að vera okkur flm. till. á þgskj. 559 þakklát fyrir að bæta úr vanrækslunni, og styðja till.

Jeg sje ekki ástæðu til að ætla, að dýrtíðaruppbót falli niður 1925, svo sem móthaldsmennirnir telja víst. Ef hún virðist rjettlátleg, mun henni haldið áfram, annaðhvort í sömu mynd og nú er ráðgert, eða breyttri, og er síður en ástæða til að

vera að lögfesta þessa aðferð um óákveðinn tíma. En þess skal jeg láta getið, að jeg býst við, að gjaldendur verði búnir að fá þann forsmekk af henni 1925, að þeir vilji hafa hana með öðrum hætti og meira eftir sönnum þörfum sniðnar en þessi er; enda hygg jeg, að þá verði komið í ljós, hve óheppilegt var að fella við 2. umr. till. mína og háttv. þm. Barð. (H. K.) á þgskj. 499. Eftir reglunni, sem nú virðist eiga að gilda, virðast geta setið við 5—6 þúsund króna laun ýmsir menn, sem að eins hafa lítilfjörleg aukastörf. Jeg tek það fram í þessu sambandi, að jeg hlýt að setja stórt spurningarmerki við þá niðurstöðu háttv. frsm. (Þór. J.), að breytingin, sem leiddi af því, að samþykt var brtt. mín um, að 1914 kæmi í stað 1913, hafi valdið 190 þús. kr. rýrnun á dýrtíðaruppbót. (*Þór. J.*: Jú, með því að taka dýrtíðaruppbótina til presta með). Jeg leyfi mjer að setja stórt spurningarmerki við þessa niðurstöðu alt að einu.

Þá vil jeg nokkuð minnast á annan lið brtt. á þgskj. 559. Þar er farið fram á, að í stað 3000 kr. hámarks komi 2400 kr. hámark. Leiðir breytingin til þess, að hætt verður, eins og háttv. frsm. (Þór. J.) tók fram, að greiða dýrtíðaruppbót, er launin nema 3600 kr. Þegar svo er, og ef það væri rjett, að verðstuðullinn lækkaði nokkuð fyrir það, að miða við 1914 í stað 1913, þá ætti hæsta dýrtíðaruppbót að verða, eftir verðlagi því, sem nú er, alt að því jafnmikil þessari upphæð, eða yfir 3000 kr., eða laun og dýrtíðaruppbót til samans 3600 + 3000 = 6600 kr.

Yfirleitt verður hartnær tvöföldun á öllum launum upp að 3600 kr., en stöðug 3000—3200 kr. hækkun á öllum launum þar fyrir ofan. Þess vegna líka 4500 kr. laun bætt upp í ca. 8400 kr.

Jeg kannast við það, að sparnaðurinn eftir till. 559 verður ekki ýkjamikill, úr því að ekki tókst að koma fram brtt. á þgskj. 499, um að færa launamark dýrtíðarbóta úr 3000 í 2000 (⅔), eins og þar var lagt til, en þó mundi það nægilegt til þess að brúa eitt manndrápsvatnið eða að fá friðaðan Þingvöll að nokkru, og væri það sæmra en að ausa fje að óþörfu í miður þarfar eða verðskuldaðar launabætur.

Með brtt. minni á þgskj. 559 er bygð brú fyrir þá, sem voru svo slysnir, að fella fyrri till. á þgskj. 499, og mætti það verða til þess, að nokkuð yrði bætt úr skák og hófi nær um eyðsluna.

Jeg tók það fram við 2. umr., að ef brtt. mín á þgskj. 499 yrði samþykt, mundi sá frádráttur á dýrtíðaruppbót alls hafa numið um 200,000 kr., og er það að vísu eigi mikið af þeim 3,000,000 kr., sem nú má ætla að öll launafúlga allra opinberra starfsmanna nemi. Af þessu sparaða fje er að vísu nokkuð fengið með hámarksákvæði launa og uppbótar, 9500 kr., en þó tiltölulega lítið, af því að sú takmörkun hittir að eins fáa menn.

Mótstöðumenn till. hafa haldið því fram, að með því að miða verðlagið við 4 aðalkaupstaðina, í stað Reykjavíkur einnar, mundi uppbótin verða mikið rýrð. Þetta er fjarstæða. Annaðhvort munar það litlu eða engu, en það getur breytt meðalverði frá ári til árs lítillega, og er það rjettlætt, úr því að leita á meðalverðs.

Fyrir utan þessa brtt., sem jeg hefi talað um, á jeg aðra á þgskj. 570. Hún lýtur að því, að færa upp hámarkslaun skólastjórans á Eiðum úr 3200 upp í 3600. Eftir till. nefndarinnar eru lágmarkslaun hans færð úr 2200 upp í 2600. Aftur vildi nefndin ekki, að þessi embættismaður fengi sömu hækkun og aðrir embættismenn á hans reki, eða 1000 kr. hækkun frá lágmarki til hámarks. Þess vegna hefi jeg leyft mjer að bera þessa brtt. fram. Mjer finst ekki rjett að gera þessum embættismanni lægra undir höfði en öðrum, því að sannarlega munar ekki mikið um einn lít-

inn kepp í þessari miklu sláturstíð. Maður þessi getur eftir minni till. að eins rösklega náð lágmarkslaunum skólameistara á Akureyri, og er þó verkahringur þeirra mjög svipaður. Virðist mjer því óviðeigandi að gera þeirra svo mikinn mun. Lágmarkslaun skólastjórans á Akureyri eru 3200 kr., en jeg legg til, að hámarkslaun skólastjórans á Eiðum verði 3600 kr.

Aðrar brtt. frá einstökum þm., sem hjer liggja fyrir, get jeg látið liggja milli hluta að svo komnu máli. Jeg hefi ekki margt við þær að athuga, svo að jeg skal ekki tefja tímann frekar, heldur gefa þeim færi á að komast að, sem kvatt hafa sjer hljóðs.

Eitt hefir mjer láðst að taka fram. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagðist vonast eftir, að við, sem gerst höfum flutningsmenn að brtt. á þgskj. 559, tækjum þær aftur. Sú von rætist ekki, og skortir til þess bæði vilja og getu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg gleymdi einu atriði í sambandi við ræðu háttv. frsm. (Þór. J.). Það er um símstöðina á Seyðisfirði. Jeg tek það ekki aftur, sem jeg sagði við 2. umr. málsins; það var samningur við hið stóra norræna, að landssjóður skyldi borga helminginn af launum stöðvarstóra. Að öðru leyti skyldi hið stóra norræna annast stöðina. En svo reyndist meira að gera á stöðinni en gert hafði verið ráð fyrir, svo að stöðvarstjórinn komst ekki yfir það, sem gera þurfti. Nú hefi jeg heyrt, að landssímastjóri hafi fengið að setja mann honum til aðstoðar. En jeg segi, að þetta hefði aldrei átt að vera. Stóra norræna átti að kosta aðstoðina. Jeg spurði landssímastjóra, hvort þetta stæði ekki eins og það hefði verið. Hann kvað það vera; þetta leiddi af samningunum. Jeg hefi ekki athugað orðalag samninganna. En jeg verð að álíta, að það hefði átt að halda Stóra norræna til að annast þessi störf. Jeg skil ekki, að við eigum að borga fulltrúa stöðvarstjórans á Seyðisfirði, þegar hann er fulltrúi Stóra norræna. Annars heyrir þetta ekki undir minn verkahring.

Magnús Pjetursson: Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) lítur alt of stórum augum á sjálf an sig, ef hann heldur, að jeg hafi ekki þorað að tala fyr við 2. umr. en jeg gerði, af því að jeg óttaðist hann. Í fyrsta lagi hefði honum ekki verið bannað að gera athugasemd, ef hann hefði viljað. Í öðru lagi átti hann sjer meðflutningsmann, sem gat svarað fyrir hann. Og í þriðja lagi var þetta ekki lokaumr., og jeg gat því átt von á ádrepu frá honum við þessa umr.

Þá mintist hann mikið á þetta sprengidufl. Það er rjettnefni, því að jeg býst við, að till. hefði getað valdið sundrung og vandræðum í þjóðfjelaginu, ef hún hefði verið samþ. En svo mintist hann á sprengidufl, sem jeg hefði komið með, er jeg sagði á þingi 1918, að sumir læknar hefðu ekki nema 50—100 kr. í aukatekjur á ári. Það er rjett, að jeg sagði þetta. Og jeg gerði meira en segja það; jeg sannaði það með skrá yfir tekjurnar, skrá, sem jeg hafði fengið frá stjórnarráðinu. Mig furðar það, að hv. þm., þó að hann sje tekinn að eldast, skuli hafa mist svo minni, að hann ekki muni þetta, því skjal þetta gekk hjer milli hv. deildarmanna. En hvaða sprengidufl hv. þm. hefir svo átt við, að jeg hafi þá lagt í þessu sambandi, get jeg alls ekki skilið, nema ef hann á þar við inflúensuna, sem gerði það að verkum, að aukatekjur sumra lækna hækkuðu að miklum mun. Jeg býst þó varla við, að hv. þm. (Sv. Ó.) ætli að kenna mjer inflúensuna.

En það var ekki þetta, sem hvatti mig til að kveðja mjer hljóðs, heldur hitt, að jeg vildi benda háttv. deild á nokkrar tölur í ræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), því að

þm. hefir þar bersýnilega farið með rangt mál, og jeg skil ekki, að hann hafi gert það óviljandi.

Hann sagði, að ef hans till. yrði samþ., yrði 3600 kr. dýrtíðaruppbót á 3600 kr. launum. Nú er margbúið að sanna, að breytingin á frv., um að miða við haustið 1914, hefir í för með sjer hjer um bil 10% lækkun á vísitölunni. Og þegar verðlagsstuðullinn er þar á ofan miðaður við verð í 4 kaupstöðum, er uppbótin komin ofan í 85%. Og þegar þar að auki hefir verið bent á, að þetta er einmitt samkv. útreikningi hagstofunnar, þá er kynlegt, að þm. (Sv. Ó.) skuli samt sem áður margfalda með þessum gömlu tölum. Það hlýtur að vera gert til þess að blekkja. (*Sv. Ó.*: Jeg hefi ekki sjeð neitt lagt fram frá hagstofunni). Hv. frsm. (Þór. J.) skýrði frá því, eftir skjali, sem lá fyrir, og vona jeg, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) ætli sjer ekki að halda því fram, að frsm. (Þór. J.) hafi búið það til sjálfur. Og svo vildi jeg minna deildina á, hvað búið er að samþykkja hjer áður. Ef teknar eru 4500 kr. sem hámarkslaun, og uppbótarprósentan er 85%, hefir uppbótin lækkað nálægt 700 kr. á þessa upphæð frá því, sem gert var ráð fyrir í stjórnarfrv. En ef till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) yrði samþ., næmi lækkunin um 1400 kr., og 3600 kr. laun fá þá að eins 3060 kr., og skýtur þar nokkuð skökku við þær blekkingartölur, sem hv. þm. (Sv. Ó.) kom með.

En svo er líka annað, sem jeg vildi benda deildinni á. Og það er, hvernig þessi lækkun kemur niður. Maður skyldi ímynda sjer, að hann vildi helst jafna gúlana á þeim, sem hæst eru launaðir. En í stað þess kemur lækkunin einkum niður á miðlungsmönnunum. 9500 kr. hámarkið veldur því, að þeim, sem hafa 6500 kr. laun og þar yfir, gerir þetta ekkert til; þeim lægst launuðu kemur þetta heldur ekki að sök.

Annars var það undarleg yfirlýsing hjá sama hv. þm. (Sv. Ó.), að ekki mætti gera ráð fyrir fylstu dýrtíðaruppbót, hvað sem dýrtíðinni liði. Þetta er dálítið þungskilin yfirlýsing, og mundi fleirum en mjer þykja æskilegt að fá útskýringu á henni.

Hv. þm. (Sv. Ó.) sagði, að till. miðaði að því, að auka rjettlæti. Af því, sem áður er sagt, er alveg óskiljanlegt, að hún geti aukið rjettlæti. Og með þessu sparast samtals 40—50 þús. kr., eftir hans reikningi. Og ef gera má ráð fyrir, að þessi reikningur se líkur þeim reikningi, sem jeg nú hefi sýnt að væri raugur, þá er nokkurnveginn auðsætt, hversu á honum má byggja. Það er mjög erfitt að átta sig á slíkum reikningi, þar sem þm. kemur með reikningsdæmi, sem er hvert á móti öðru. Jeg vil benda mönnum á að taka sjer sjálfir penna í hönd og reikna, heldur en að trúa þvílíkum samsetningi.

Þá er till. um að endurskoða lögin eða láta uppbótina falla niður 1925. Þetta gerir að vísu ekki mikið til, en það er dálítið hjákátlegt, því að það er eins og verið sje að fyrirskipa, að dýrtíðin skuli vera á enda árið 1925. Ef dýrtíðin væri á enda árið 1925, væri dýrtíðaruppbótin þar með fallin, og er því óþarft að taka þetta fram í lögunum. Hitt gæti komið til mála, að lögin væru endurskoðuð á einhverjum vissum árafresti. En það er óþarft að setja það í lögin. Þingið getur gert það eftir sinni vild. Næsta þing gæti t. d. gert það. Það er altaf í lófa lagið kjósendum að fyrirskipa þingmönnum að nema lögin úr gildi. Og hv. þm. gat þess, að það kynni að vera, að fjöldinn allur vildi fella lögin nú úr gildi, ef auðið væri eftir 1925. Hjer verða þó þá, eins og nú, tveir málsaðiljar. Og húsbændurnir verða þá að gera sjer að góðu að spyrja hjúin, fyrir hvað þau vilji ráða sig. Þetta veit hv. þm. (Sv. Ó.) vel, sem sjálfur hefir verið bóndi, að bóndinn getur ekki sagt við hjú sitt: Þetta borga jeg, og meira ekki. Hann verður að

gera svo vel og taka tillit til kröfu hjúsins, ef hann vill halda því kyrru. Og það væri kynlegt, ef þessi húsbóndi, þjóðin sjálf, þyrfti ekki að hafa samskonar aðferð. En þetta þykir óviðurkvæmilegt, og er kallað hótanir, þegar það kemur frá starfsmönnum ríkisins, og sýnir að eins það, að einstaka þingmenn vilja halda uppteknum hætti um, að þjóðin sje versti og óbilgjarnasti húsbóndinn.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) lýsti yfir því að lokum, að hann væri að byggja brú milli þeirra, sem ekki hefðu verið ánægðir með frv., eins og það var afgreitt frá 2. umr., og hinna, sem aðhyltust till. hans þá. En jeg hygg, að hann hafi brotið allar brýr, sem áður tengdu hann við menn í þessu máli, með ræðu sinni og blekkingartilraunum.

Einar Arnórsson: Jeg skal fyrst snúa mjer að brtt. mínum á þgskj. 560. Jeg sje, að háttv. nefnd hefir tekið nokkur atriði, sem þar standa, til greina í brtt. sínum á þgskj. 585. 8. brtt. nefndarinnar er sama sem 1. brtt. mín. Enn fremur er 9. brtt. nefndarinnar nálega eins og a- og c-liður í 2. brtt. minni. Að eins setur nefndin hámark launa bókavarðarins og skjalavarðarins 200 kr. lægra en jeg legg til. En þetta er svo lítill munur, að jeg get tekið mínar brtt. aftur. Eru því teknar aftur brtt. 1. á þgskj. 560 og liðirnir a.—c. í 2. brtt. á þgskj. 560.

Aftur á móti stendur brtt. mín 2, d. Nefndin leggur raunar til að hækka þann lið um 500 kr. bæði að ofan og neðan, en mín till. fer fram á það, að þessi maður, þjóðmenjavörðurinn, verði að öllu leyti látinn hafa sömu kjör sem landsbókavörðurinn og þjóðskjalavörðurinn, enda sje jeg ekki, hvað rjettlætt geti þann mun, sem gerður er á launakjörum þeirra. Mjer skilst, að þeir sjeu hver um sig æðstu menn í sinni grein, og virðist verk hans engu ómerkara en hinna, sem sje það, að hlúa að fornminjum og þjóðfræði landsins. Mjer skilst, sem ekki muni síður þurfa sjerþekking til þess að rækja það starf en starf hinna. Jeg vil því eindregið mæla með því, að þessi till. mín verði samþykt, svo að þessi maður verði gerður jafn hinum.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) var að reikna út og bera saman álit mentamálanefndar um sameining safnstjórnanna og launin til safnamannanna eftir þessu frv. og till. nefndarinnar og greinargerð minni. Þótti honum, sem þetta bæri ekki vel heim. Stjórnin hafði stungið upp á 2500 kr. að meðaltali til aðstoðarbókavarða og skjalavarða. En 3500 kr. til bókavarðar og skjalavarðar að meðaltali. Nefndin og jeg leggjum til, að bókavörður og skjalavörður fái sömu laun, þ. e. 3500 kr. að meðaltali. Ef frv. stjórnarinnar um sameining safnanna hefði verið samþykt, þá er enginn vafi á því, að bókavörður og skjalavörður mundu eigi hafa látið sjer nægja með það, sem stungið er upp á í frv. stjórnarinnar til aðstoðarbókavarðar og skjalavarðar, heldur talið sjálfsagt, að launin yrðu hækkuð í svipaða átt sem gert er í till. nefndarinnar. En alveg sama máli gegnir í rauninni, þótt frv. stjórnarinnar hafi verið felt. Þessir menn geta ekki gert sig ánægða með minna en nefndin leggur til, enda var gert ráð fyrir alveg sömu upphæð í áliti mentamálanefndar. Annars hefi jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um það frv., sameining safnanna; sá dauði hefir sinn dóm með sjer.

Þá skal jeg snúa mjer að nokkrum brtt., og fyrst að b-lið 2. brtt. á þgskj. 566, sem er við 13. gr. frv. og lýtur að því, að lækka launabót þá, er Laugarneslæknirinn hefir notið og nýtur samkvæmt frv. Launabót þessi mun svo til komin, að með henni hefir verið ætlast til þess, að læknum væri þóknað fyrir kenslu við læknadeild háskólans og bætt upp húsnæði það,

sem honum var ætlað í spítalanum, en ekki er hægt að nota. Læknarnir við hina spítalana hafa enga kensluskyldu, en þessi maður hefir kent lyfjafræði um langt skeið og ekki fengið neitt fyrir það sjerstaklega. En húsnæði það, sem læknunum er ætlað í spítalanum, hefir honum ekki verið unt að nota. Þar sem því hjer er um að ræða bæði uppbót fyrir húsnæði og þóknun fyrir kenslu, þá virðist nefnd brtt. á þgskj. 566 mjög ósanngjörn, enda hefir annar flm. (S. S.) látið mig skilja það, að hann myndi ekki halda henni til streitu.

Þá skal jeg fara nokkrum orðum um brtt. á þgskj. 559, sem er frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). (*Sv. Ó.*: Jeg er ekki einn flutningsmaður). Nei, en óhætt mun að telja háttv. þm. (Sv. Ó.) fyrir henni og heimfæra upp á hann talsháttinn: Sjer eignar smalamaður kindurnar, þótt enga eigi.

Fyrri brtt. fer fram á það, að uppbótin verði eigi veitt lengur en til ársloka 1925. Mjer er nú ekki alveg ljóst, hvað liggur í þessari brtt., en eftir orðalagi hennar virðist mega koma að tveim skýringum jafnrjettháum. Í fyrsta lagi má skilja hana svo, að dýrtíðin eigi ekki að standa lengur en til 1925, hvernig sem verðið er, og er það sama og að lögleiða, að dýrtíðin hætti 31. desember 1925. En í annan stað má skilja brtt. svo, sem til sje ætlast, að endurskoðun laganna fari fram 1925; en ef sá hefir verið tilgangurinn, hví er það þá ekki sagt berum orðum? Ekki er þó svo erfitt að finna rjett orð um þá hugsun, ef verið hefir sú.

Þetta er þó ekki hægt að leiðrjetta hjer nú, með því að nú er 3. umr., en ef til vill væri það hægt í Ed. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að 1925 myndi allur almenningur hafa fengið nóg af því, að þurfa að greiða þetta gjald. Jeg skal nú ekkert um það segja, hversu rjettur þessi spádómur hins hv. þm. kunni að reynast, en það virðist liggja beinast við, að ef það „fænomen", sem hinn hv. þm. (Sv. Ó.) kallar almenning, treystir sjer ekki til þess að greiða starfsmönnum sínum sanngjarnt kaup, þá hætti almenningur að hafa þessa starfsmenn. Það má vel vera, að þetta sje hægt um suma starfsmenn og sumar stofnanir. Það má sjálfsagt draslast af án skóla, safna o. s. frv. Þar á móti verður ekki hægt að komast af án löggæslu, lögreglu og dómara, nema almenningur 1925 verði orðinn hreinn og lýtalaus. Að minsta kosti verður þá ekki komist af án innheimtumanna, því að hvernig sem alt fer, þá verður ekki þá hætt við að leggja vegi eða halda við vegum, brúm, vitum og öðrum samgöngutækjum. Almenningur getur eftir þessu ekki 1925, fremur en áður, sloppið hjá því að hafa sýslumenn, og þeim verður vafalaust að greiða laun, og ef til vill dýrtíðaruppbót. Það má nú vel vera, að uppbótin verði þá eitthvað lækkuð, en samt eru engar líkur til þess, að dýrtíðin verði úti 1925, jafnvel þótt uppbót sje miðuð við haustið 1914, en þá var þó verðhækkun orðin 6—8% meiri en haustið 1913, að því er fróðir menn telja.

Sami hv. þm. (Sv. Ó.) sagði einnig, að embættismenn ættu að taka þátt í dýrtíðinni; það væri óviðurkvæmilegt, að allur almenningur tæki þátt í dýrtíðinni, en embættismenn lifðu eins og kóngar. Jeg get tekið undir þessi orð, að minsta kosti að nokkru leyti. En jeg veit ekki til þess, að starfsmenn landsins hafi skorast undan að gera þetta, svo að þessi orð hans eru alveg út í bláinn. Starfsmenn landsins hafa tekið þátt í dýrtíðinni, og það svo, að varla nokkrir menn hafa gert það framar, að minsta kosti mikill hluti þeirra, sjerstaklega þeir, sem búsettir eru í kaupstöðunum, því að þeir hafa mátt bera dýrtíðina jafnt á innlendum sem útlendum vörum, en sveitabúar hafa yfirleitt ekki

þurft að bera annan verðauka en þann, sem lagðist á útlendar vörur. Verðhækkunin árið 1919 er langsamlega miklu meiri en dýrtíðaruppbótin, sem starfsmenn landsins fá. Dýrtíðaruppbót var fyrst veitt 1915 og skyldi þá nema 5—25%, og að auki 10 kr. fyrir hvern mann, sem starfsmaðurinn framfærði. Síðan var á aukaþinginu 1916—1917 reiknað út, að dýrtíðin hefði aukist margfaldlega frá því 1915, og viðurkendi þingið það með þingsályktunartillögu um dýrtíðaruppbót, sem ekki var óríflega tiltekin, þótt ekki nemi hún nándar nærri þeirri verðhækkun nauðsynja, sem hagstofan hafði reiknað út. En þingið 1917 lækkaði dýrtíðaruppbótina frá aukaþinginu 1916—1917 að töluverðum mun, og hafði þá verið sýnt og sannað, að dýrtíðin hafði enn aukist að töluverðum mun.

Um dýrtíðaruppbótarlögin frá í fyrra er það fyrst að segja, að eftir þeim fá nokkrir alls enga dýrtíðaruppbót, og hafa í rauninni alls ekki fengið hana enn þá, og þeir, sem hafa fengið hana, hafa fengið frá 20% til 30% þegar best lætur. Sá, sem hefir 3000 kr. laun, fær 1000 kr., og auk þess 50 kr. fyrir hvert barn undir 16 ára aldri, sem hann hefir til framfærslu. Það sjá allir strax í hendi sjer, að þetta er 30% eða eitthvað lítillega þar yfir eftir barnafjöldanum; það þarf ekki að reikna það nánar. En samtímis því, er embættismenn og opinberir starfsmenn fá þessar 30% bætur, þá er það fullsannað, og ekki ofsagt, að þrefaldast hafi verð á allri nauðsynjavöru frá því, sem það var fyrir stríðið. Með öðrum orðum fæst ekki meira fyrir 3 kr. nú en þá fyrir 1 kr., síst meira að minsta kosti, og hjer í Reykjavík geri jeg ráð fyrir, að 3 krónur endist trauðla eins vel og 1 króna fyrir stríðið. Þegar litið er á hækkun hinna ýmsu nauðsynjavara, þá sjest, að þær hafa hækkað meira í verði en jeg sagði um kaupmagnið. Kolatonn kostaði lengi 325 kr., síðan 300 kr. og nú 200 kr. Sje gætt að, hvað kolatonn kostaði fyrir stríðið, þá var það ekki yfir 30 krónur, og jeg veit, að hægt var að fá það fyrir 20 kr. Hjer eru því 10 krónur til kolakaupa ekki betri en 1 króna var fyrir stríðið.

Á steinolíu hefir verðið þrefaldast eða fjórfaldast frá því, sem það var, og mjólkurverð hjer í Reykjavík hefir fjórfaldast. Í vetur kostaði einn lítri af mjólk 80 aura en fyrir stríðið kostaði hann 20 aura.

Ekki þarf að minna á kornvöruna í þessu sambandi; það hafa allir hv. þingdeildarmenn þurft að kaupa hana, þó þeir hafi ekki allir þurft að kaupa kol. Það vita því allir, að verð hennar hefir meira en þrefaldast frá því sem var fyrir stríðið.

Smjörverð hefir verið mismunandi hjer í Reykjavík fyrir stríðið, en það mátti fá gott smjör fyrir 1 krónu pundið, en í vetur kostaði það 3 kr. 50 aura; verð þess hefir því margfaldast með 3½.

Kjötið kostaði 30 aura fyrir stríðið, en í vetur kostaði það 90 aura. Það hefir því þrefaldast.

Það er alment áætlað, að húsaleiga hjer í Reykjavík hafi hækkað um 150%, og er það það sama og húsaleigan fyrir stríðið margfölduð með 2½.

Hagstofan telur, að meðalverðhækkun á nauðsynjum þeim, er hún telur upp, sje 225%, eða með öðrum orðum verðið fyrir stríðið margfaldað með 3¼.

Þar sem það er jafnsannanlegt og það er, að dýrtíðaruppbót starfsmanna landsins hefir hæst numið 20—30%, þá er ekki rjett að halda því fram, að þeir hafi ekki tekið þátt í dýrtíðinni. (*Sv. Ó.*: Jeg hefi ekki sagt það). Því var hv. þm. þá að fimbulfamba um, að þeir lifðu eins og kóngar, þegar almenning brysti? Hvað átti það markleysuhjal þá að þýða?

Þá er að athuga, hvort þeir taka ekki þátt í henni eftir þessum launalögum.

Verkamenn hafa alment fundið sig

knúða til að hækka kaup sitt, því ella hefðu þeir ekki getað lifað. Þetta er eðlilegt, því það verða að vera rjett hlutföll milli kaupsins og vöruverðsins. Jeg veit ekki til, að neinn atvinnurekandi hafi talið þessa kröfu þeirra ósanngjarna. T. d. útgerðarmenn, er þurfa menn til eyrarvinnu, þeir hefðu að sjálfsögðu heldur ekki getað spornað við því, að kaup verkamannanna hefði hækkað í hlutfalli við vöruhækkunina. Við Sláturfjelag Suðurlands ráða bændur, og þeir hafa viðurkent þetta, með því að hækka laun forstjórans um 100%, eða úr 6000 kr. upp í 12000 kr., og jafnframt því og mjer var sagt þetta, spurði jeg að því, hvort laun annara starfsmanna Sláturfjelagsins hefðu ekki líka verið hækkuð, og var mjer sagt, að þau hefðu verið hækkuð að sama skapi. Fjelagsstjórnin taldi þetta nauðsynlegt, því hún þyrfti að hafa góða menn í þjónustu fjelagsins, og góð stjórn sjer, að þetta beinlínis borgar sig. Þeir sjá það, að það er ekki heppilegt að fá óreynda og óvana menn fyrir vana og góða. Og þetta viðurkenna allir glöggskygnir menn að rjett er. Það þarf því síst að bera bændum það á brýn, að þeir skilji ekki og þeim sje ekki ljós þessi nauðsyn. Þeir breyta og samkvæmt því.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) telur víst, að ef frv. stjórnarinnar verður samþykt óbreytt, þá taki embættismenn og starfsmenn landsins ekki þátt í dýrtíðinni. Það er undarlegt, að hv. þm. skuli halda fram jafnmikilli fjarstæðu, eftir að hafa skoðað frv. og eftir að það er sýnt og sannað, svo sem jeg hefi t. d. gert nú, að þeir hafa tekið þátt í henni.

Í frv. stjórnarinnar er svo fyrir mælt, að dýrtíðaruppbót skuli ekki veita af meiru en ⅔ hlutum launanna, og ekki af hærri upphæð en 3000 krónum.

En jeg hygg það ómótmælanlegan sannleika, að með þeirri uppbót, er frv. frekast heimilar, fær enginn jöfn laun og í normalári fyrir stríðið, þ. e. a. s. getur keypt eins mikið af nauðsynjum fyrir launin nú og þá var.

Þegar litið er á 33. gr. frv., þá vantar þar ýmsa liði, sem eru mjög tilfinnanlegir, og hafa hækkað mikið í verði. Þar vantar t. d. kolin. Þeim lið mun vera slept, af því að ekki allir embættis- eða sýslunarmenn þurfa að nota þau. Sumir þeirra nota innlent eldsneyti, sjerstaklega þeir, sem búa í sveitum og í smærri kauptúnum, þar sem er gott mótak, en annarsstaðar eru menn neyddir til að nota kol, og svo má segja að sje hjer í Reykjavík. Með því verði — 200 kr. á tonni — sem nú er á þeim, er lágt talið að segja, að verð þeirra hafi áttfaldast, rjettara tífaldast, eins og jeg sýndi fram á áðan. Þá er olían ekki talin; hún hefir meira en þrefaldast, og loks er húsaleigan ekki talin, en hún hefir hækkað geysimikið hjer í Reykjavík, líklega tvö- til þrefaldast.

Um skatta og gjöld er þess að geta, að það hefir stórhækkað, og jeg efa ekki, að öll almenn, opinber gjöld hafi minst hækkað um 100%, eða margfaldast með 2. Og þar sem hv. þm. (Sv. Ó.) vill láta færa hámarkið niður í 2400 kr., þá vill hann láta þá taka enn þá meiri þátt í dýrtíðinni en þeir gera eftir frv. stjórnarinnar.

Hv. deild verður að gæta þess, að með breytingum þeim, er hún hefir gert á 33. gr., sjerstaklega með því að miða við haustið 1914, hefir hún lækkað uppbótina að minsta kosti um 6—8%, og líklega meira. Þá hefir enn fremur verið samþykt að miða verðlagið ekki einvörðungu við Reykjavík, heldur við fjóra aðalkaupstaðina; þetta, sem að öllu var gert í blindni, lækkar uppbótina. (*S. S.*: Það var gert í góðri meiningu). Það er ekki góð meining að gæta ekki rjettlætis, en ef það er góð meining að spara í blindni, jafnvel þótt krónan tapist fyrir að spara eyrinn, þá er það góð meining. Það er ranglæti að lækka

vísitöluna, þegar ekki er unt að lækka útgjöldin; það er ranglæti við þá mörgu embættis- og starfsmenn, er hjer búa, þegar vísitala Reykjavíkur er með þessu lækkuð úr 2,5 niður í 2,2. Það hefði mátt segja, að vit væri í þessu, ef uppbótin hefði átt að fara eftir því, hvar embættismaðurinn var búsettur, þannig að Austfirðingar fengju dýrtíðaruppbót eftir vísitölu Seyðisfjarðar, Vestfirðingar eftir Ísafirði o. s. frv. En þetta hefir ekki verið gert. Ef hjer er nokkur munur, þá er principið að hengja smiðinn fyrir bakarann. Annars er það harla hjákátlegt, að samþykt skuli vera hjer till., sem enginn veit hver áhrif hefir, — og því var marglýst yfir við 2. umr. — eingöngu vegna þess, að menn hafa eitthvert óljóst hugboð um, að það kunni að vera að því einhver sparnaður. Þó að flestum mönnum sje með því gert rangt til, þá líta menn ekkert á það.

Það er oft talað um það, að embættismennirnir sjeu þjónar þjóðarinnar. Það er rjett, en þá verður líka að taka afleiðingunum af því, og þá verður þjóðin að hegða sjer eins og heiðarlegur vinnuveitandi. Það hafa nú allir heiðarlegir vinnuveitendur hækkað laun, með tilliti til dýrtíðarinnar, en þessum eina vinnuveitanda virðist það ekki vera ljóst enn, að hann verður um þetta að gera sem aðrir og gera skyldu sína. Það má vera, að það lánist nú að verða ekki við sanngjörnum kröfum, en það er áreiðanlegt, að það lánast ekki til frambúðar. Þó þeir menn, sem nú gegna embættum, hangi í þeim á meðan þeim endist líf og heilsa, þá er það víst, að framvegis munu allir framsæknir og duglegir menn gefa sig að öðru. Þeim dettur ekki í hug að láta dæma sig til fátæktar og örbyrgðar alla æfi. Þeir vilja heldur vera sjálfráðir ferða sinna og vera þar, sem þeim er ekki varnað að komast áfram og verða sjálfstæðir menn. Þetta er auðsæ afleiðing af því, ef landið launar störf sín ver en einstakir menn gera að meðaltali. Hvort þetta er heppilegt fyrir þjóðfjelagið skal jeg yfirláta öðrum að dæma um; þó vil jeg halda því fram, að það sje ekki hallkvæmt fyrir ríkið, því afleiðingin er sú, að starfsmennirnir verða að þjóna annarlegum guðum, svo þeir geti lifað. Og síðastliðin ár hefir það verið svo, að allur þorri þeirra hefir ekki getað lifað af launum, og því hafa ýmsir þurft að gefa sig að ýmsri aukavinnu, til að geta framfleytt sjer og sínum. Þetta er ekki heppilegt, en það má hver lá það, sem vill. Það er megnasta ósamkvæmni í því, þegar menn eru að japla á því, að starfsmenn inni illa af hendi störf sín, og vilja svo ekki laga laun þerra svo, sem rjettmætt er, og svo, að þeir geti óskiftir og með alúð gefið sig að starfinu.

Landsstjórnin stendur ekki vel að vígi, þótt hún vildi vanda um. Eins og nú er, geta embættis- og sýslunarmennirnir hvorki lifað nje dáið, og þó að landsstjórnin vildi vanda um aukaverk þeirra og segja þeim að hypja sig burtu, hvað ynnist með því? Ekkert, því þeir, sem við tækju — ef nokkrir væru — sæktu strax í sama farið: það gerir hinn brýni sannleiki, að þeir geta ekki lifað á launum. Það er víst og satt, að menn geta ekki lifað á þeim launum, er ríkið greiðir.

Jeg vjek áðan að afstöðu bænda, er standa fyrir fyrirtækjum, til þessa máls, og vil í því sambandi minnast á aðra stofnun, sem sje Búnaðarfjelagið. Býst jeg við, að stjórn þess hafi sjeð, að ekki væri gerlegt að hafa menn í þjónustu sinni fyrir sama kaup og áður, enda veit jeg ekki betur en að kaup forseta þess hafi verið hækkað um 150%, og mun þó ekki of hátt. Á sama hátt hefir kaup stjórnarinnar hækkað. Nýja menn hefir fjelagið ráðið með hærra kaupi en skólakennarar hafa, og að sjálfsögðu mun fjelagið hafa hækkað kaup eldri starfsmanna sinna að sama skapi.

Sama nauðsyn hefir knúð fjelagið til að sækja til þingsins um *margfalt* hærri styrk á fjárhagstímabili en það hefir áður haft, og hefir fjárveitinganefnd orðið vör við hana, þar sem hún leggur til, að tillagið til Búnaðarfjelagsins verði þrefaldað.

Þann sannleik, að peningar hafi lækkað í verði, eða m. ö. o., að vara og vinna hafi hækkað í verði, má sjá í hverju þingskjali, þar sem nokkur leið hefir verið til að koma því að. Í öllum skattafrumvörpum er vísað til þess, hve stórkostlega kaupmagn peninga hafi minkað.

En þó menn viðurkenni þennan sannleik í sumum tilfellum, virðist sem þeim sje sjerstaklega óljúft að viðurkenna hann í þessu máli. Og þótt menn viðurkenni hann í orði, vill annað verða á borði. Margir hv. þm. setja rjettar forsendur, en leiða svo af þeim ramskakkar ályktanir, en það er ekki ný bóla, að það sje gert hjer á þingi.

Jeg skal svo ekki þreyta menn með lengra máli. Ræða hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) neyddi mig til að koma með þessar athugasemdir. Öllum er ljóst, að starfsmenn ríkisins hafa tekið þátt í dýrtíðinni og munu gera það, þó að frv. þetta verði samþ. í þeirri mynd, sem það nú er.

Sigurður Sigurðsson: Það hefir litla þýðingu að ræða frekar um mál þetta en orðið er. Atkvgr. hefir þegar farið fram um flestar greinar frv., og er öllum kunnugt, hvernig hún hefir farið.

En af því að jeg á brtt. á þgskj. 566, ásamt þm. Borgf. (P. O.), vildi jeg mega segja nokkur orð í sambandi við hana.

Þó að tilraunir mínar, sem fóru í þá átt, að draga úr launum hinna hæstlaunuðu embættismannanna og jafna laun starfsmanna ríkisins, bæru ekki tilætlaðan árangur, get jeg hins vegar, eftir atvikum, sætt mig við frv., eins og það er, að undanteknum 12. og 33. gr., sem jeg tel lítt við unandi, eða öllu heldur óviðunandi.

Það hafa verið gerðar brtt. við 33. gr., en lítið áunnist. Nú er á ferðinni brtt. á þgskj. 559, frá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) o. fl., er gengur í þá átt að laga hana. Ætla jeg ekki að ræða um þá brtt., því hún hefir þegar vakið miklar umræður, en verði hún samþ., er þar með bætt úr verstu göllunum á þeirri grein. (*E. A.*: Munurinn er um 40 þús. kr.). Já, eða mikið meira.

Við 12. gr. hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt., ásamt hv. þm. Borgf. (P. O.). Hv. frsm. (Þór. J.) áleit að vísu hæpið, hvort hún gæti komið til atkvæða, vegna þingskapanna, en úr því mun forseti skera á sínum tíma.

Brtt. fer fram á það, að allar hámarks- og lágmarkstölur á launum lækna *lækki* um 500 kr.

Vitanlega verður ekki stór sparnaður að þessari brtt., að áliti þeirra, sem ekki telja neitt sparnað, nema það teljist í tugum og jafnvel hundruðum þúsunda. En fyr má rota en dauðrota.

Læknar munu vera nálægt 50 að tölu. Laun þeirra samkvæmt núgildandi launalögum munu nema 75—80 þús. kr. Eftir launafrumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir, mun launafúlga þessara starfsmanna nema um 200 þús. kr., auk dýrtíðaruppbótar. Með dýrtíðaruppbót hygg jeg óhætt að áætla laun sumra lækna 6—8 þús. kr., auk þess, sem þeir vinna sjer inn fyrir læknishjálp og meðul.

Sje jeg ekki, að ósanngjarnt sje að færa hámarks- og lágmarkslaun þessara starfsmanna niður um 500 kr. Það hefir ca. 50 þús. kr. sparnað í för með sjer fyrir ríkissjóð. Mjer hefði meira að segja fundist sanngjarnt að færa launin niður um 7—800 kr., en sá mjer þó ekki fært að koma fram með brtt. í þá átt.

Mjer hefir skilist á sumum, utan þings og innan, sjerstaklega af hálfu læknastjettarinnar, að verði frv., eins og það liggur fyrir, ekki samþykt, muni horfa til vand-

ræða, þar sem læknar, og ef til vill fleiri starfsmenn, muni segja af sjer. Skal jeg engu um það spá, hvort svo verður eða ekki. En þó nú að læknar tækju upp á því að segja af sjer, er jeg ekki viss um, að til *stór*vandræða horfði. Jeg býst ekki við, að þeir færu allir af landi burt — sumir þeirra ættu lítið erindi til útlanda — og þá sennilegt, að menn næðu til þeirra, meðan á samningum um launakjörin stæði. Flestir þeirra myndu praktisera. Auðvitað myndu þeir selja verk sín dýrara en taxtinn tiltekur, en sumir mundu fylgja honum nákvæmlega.

En þeir — bæði jeg og margir aðrir —, sem ekki hafa ráð á því að leita læknis, þegar svona væri komið, verðum þá að deyja drotni okkar, *án* læknishjálpar. En stundum deyja menn *með* læknishjálp.

Ýms lítilsvirðandi orð fjellu í minn garð hjer í deildinni og í blöðunum, út af brtt. mínum við 2. umr., af því að jeg þótti ekki nógu örlátur á fje landsins, enda fjellu þær allar. Verði þeim að góðu, sem að því studdu. Það er ekki nema gott, að menn sjeu ánægðir með gerðir sínar.

Í þessu frv. er farið fram á meiri launahækkun, alment sjeð, en dæmi eru til hjer á landi. Menn eru að tala um dýrtíðina, og hversu allir hlutir hafi stigið í verði. Eins og allir viti það eigi af eigin reynslu, að 3 kr. nú munu vera minna virði en ein kr. var fyrir styrjöldina. En menn virðast álíta, að dýrtíðin hafi komið og komi harðast niður á embættismönnunum. Alt útlit er fyrir, að menn hafi gleymt því, að hún gengur yfir alla — rignir yfir rjettláta og rangláta — ef svo má að orði komast.

Enginn neitar því, að dýrtíðin komi harðast niður á þeim, sem ekkert framleiða, en það eru fleiri en embættismennirnir. Hún kemur einnig hart niður á ýmsum atvinnurekendum. Verð landafurða hefir ekki hækkað að sama skapi sem verkakaup og útlenda varan hefir stigið. Þannig er það t. d. með ull og fleiri afurðir. Verðið á ull er tiltölulega lágt. Þetta sýnir, að dýrtíðin kemur einnig hart niður á bændum.

Mjer hefir ekki dottið í hug að gera lítið úr erfiðleikum þeim, sem dýrtíðin hefir haft í för með sjer fyrir embættismenn. Jeg veit, að ýmsir þeirra — og þá sjerstaklega þeir, sem lægst hafa verið launaðir — hafa átt fult í fangi með að komast af. En almenningsálitið, áður en dýrtíðin hófst, var á þá leið, að þeir embættismenn, sem betur voru launaðir, myndu þola þó nokkra hækkun á lífsnauðsynjum, án þess að þurfa að grípa til þess fjár, er þeir höfðu sparað á „góðu árunum".

Afleiðing dýrtíðarinnar hefir orðið sú, að margir menn hafa neyðst til að spara við sig, og jeg efast ekki um, að embættismenn hafi einnig gert það. En það er vitanlega hægra að kenna heilræðin en halda þau, og á jeg þar við það, að áminna menn um að spara. En hitt er víst, og ekki nema eðlilegt, að menn, sem lifað hafa við góð kjör áður, eigi erfiðara með að spara við sig en aðrir.

Jeg vil taka undir það með hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að embættismennirnir verða að taka sinn þátt í dýrtíðinni, og geta ekki búist við — eftir atvikum — að fá laun sín greidd eftir *fylstu* rjettlætiskröfum.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) vitnaði til þess, að bændur launuðu vel sína starfsmenn, t. d. forstjóra Sláturfjelags Suðurlands. Þetta er rjett og sýnir, að þeir kunna að meta það, þegar þeim hepnast að ná í góða starfsmenn.

Í því sambandi skal jeg geta þess, að hjer er um miljónafyrirtæki að ræða, sem ekki þarf minni aðgæslu við en mestvarðandi embætti ríkisins, og engu minni ábyrgð fylgir en að vera t. d. skrifstofustjóri, póstmeistari o. fl. (*M. G.*: Ekki hafa þeir

12 þús. kr. laun). Ekki nú, en koma til með að hafa, ef frv. verður samþ. óbreytt. (*E. A.*: Ekki nema 9500 kr.). Og svo ýmislegt utan hjá, sem er ótalið, en jeg álasa þeim ekki fyrir.

Hv. samþingismaður minn (E. A.) var hræddur um, að ef embættismennirnir væru látnir hanga á horriminni — eins og hann tók til orða — myndi það verða til þess, að engir vildu sinna því, að búa sig undir embætti og taka við þeim. Um það skal jeg engu spá, en ekki ber enn þá á, að svo sje. (*E. A.*: Vantar ekki lækna og verkfræðinga?). Allir skólar eru nú fullir af ungum mönnum, sem eru að búa sig undir að taka við embættum. Getur verið, að viðkoman í einstakri mentagrein sje ekki nóg eitthvert árið, en slíkt jafnar sig.

Að vísu hafa ýms góð embættismannaefni ráðið sig hjá prívatmönnum upp á síðkastið. Það er ilt, en við því er ekki hægt að gera. Þó að ástandið sje þannig nú, geta tímarnir breyst, og allir vonum við sjálfsagt, að dýrtíðin verði ekki óendanleg.

Jeg hefi ekki reiknað nákvæmlega út, hversu miklum auknum útgjöldum samþykt þessa frv. nemur fyrir ríkissjóð, en hygg, að aukin útgjöld, miðuð við þau laun, sem nú eru, muni nema yfir 1 milj. króna.

Jeg gat þess við 2. umr., að jeg hefði heldur kosið, að frv. þetta hefði ekki komið fram, en dýrtíðaruppbót núgildandi dýrtíðaruppbótarlaga hefði verið hækkuð, t. d. upp í 75—100%. Hygg jeg, að það hefði komið að fullum notum, en valdið minni umræðum og minni óánægju, bæði utan þings og innan. Sjerstaklega eru 12. og 33. gr. frv. þyrnir í augum mínum, er gera það að verkum, ef þær fást eigi lagfærðar, að jeg tel frv. alveg óviðunandi.

Þorleifur Jónsson: Jeg stend að eins upp til þess, að gera grein fyrir brtt. þeirri, er jeg hefi flutt við frv. þetta og er á þgskj. 555. Fjallar hún um það, að færa Hornafjarðarlæknishjerað upp í hærri launaflokk. Hjeraðið er torsótt vegna margra og stórra vatna og mikilla vegalengda, og auk þess afskekt og strjálbygt. Af þessum ástæðum er hjeraðið ekki útgengilegt og ekki útgengilegra en ýms þau hjeruð, sem færð voru upp í hæsta flokk við síðustu umr.

Eftir að Þorgrímur læknir Þórðarson fluttist burt árið 1905, gekk í mesta basli að fá lækni til að staðfestast í hjeraðinu. Þó tókst loks að fá lækni, sem verið hefir nú 5—6 ár, en búast má við, að hann fari þegar aðgengilegra hjerað losnar.

Bætti það að vísu nokkuð úr skák, að sýslubúar tóku á sig þá byrði, án nokkurs styrks úr ríkissjóði, að reisa læknisbústað, svo að hjeraðið er nú aðgengilegra að því leyti en áður var. En þegar litið er á önnur hjeruð í hæsta launaflokki, svo sem Berufjarðarhjerað, Hólmavíkurhjerað, Höfðahverfishjerað og fleiri, sýnist mesta sanngirni mæla með því, að Hornafjarðarhjerað verði einnig sett í þennan flokk, því að í þeim hjeruðum munu hvorki erfiðari ferðalög nje minni aukatekjur en í Hornafjarðarhjeraði.

Jeg ímynda mjer, að háttv. nefnd hafi flokkað hjeruðin niður eftir fólkstölu, og þótt það sje ekki rangur mælikvarði, er þó ýmislegt annað, sem kemur til greina, svo sem erfiðleikar, hvort læknirinn býr í þorpi o. s. frv.

Háttv. frsm. (Þór. J.) sagðist ekki finna ástæðu til að mæla á móti brtt. Býst jeg við, að nefndinni þyki hún ekki að ástæðulausu fram komin, og vænti jeg þess, að háttv. deild sjái, að ekki er farið fram á neitt órjettlæti.

Það hafa þegar verið langar umr. um þetta mál, og vil jeg því ekki tefja tímann.

Brtt. á þgskj. 559, sem jeg hefi undir-

ritað ásamt ýmsum fleiri þm., hefir sætt allhörðum andmælum. Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir svarað þeim svo rækilega, að jeg sje ekki ástæðu til að fara frekar út í það.

Sjerstaklega get jeg ekki sjeð, að það sje svo voðalegt, þó að þinginu 1925 gefist tækifæri til að endurskoða frv.

Í brtt. felst það eitt, að lögin skuli endurskoðuð 1925. Það ætti síst að vera óttalegt fyrir málsaðilja, embættismenn, að mál þetta sje þá tekið fyrir að nýju. Sama verð jeg að segja um 2. brtt. á sama þgskj., að hún er hættulaus. Það raskar ekkert grundvelli þessara laga, þótt dýrtíðaruppbót sje að eins greidd af 2400 kr., en ekki 3000 kr. Þetta kemur að eins við þá, sem eru á háum launum, og ætti því ekki að gera neinum ólíft.

Fleira skal jeg ekki telja, þótt ástæða væri til að minnast margs — til að lengja ekki umr.

Hákon Kristófersson: Jeg ber hjer fram brtt. á þgskj. 584. Þar er farið fram á, að Barðastrandarsýsla verði flutt úr 4. málsgrein í 3. málsgrein 11. gr. Jeg vil geta þess í þessu sambandi, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) bar við 2. umr. fram þá brtt., að flytja allar sýslurnar, sem taldar eru í 4. málsgrein, upp í 3. málsgrein. En fyrir klaufaskap minn — eftir því sem best verður sjeð af skjölum skrifaranna, sem telja, að jeg hafi greitt atkv. á móti till. — var brtt. feld. Jeg hefði gjarnan viljað flytja sömu brtt. nú við þessa umr., en sá mjer það ekki fært, vegna þess, að það er bannað í þingsköpum að bera fram brtt., sem einu sinni hafa verið feldar. Jeg tók því það ráð, að bera fram Barðastrandarsýslu eina, vegna þess, að jeg fæ ekki sjeð, að hún hafi að neinu leyti minni rjett á sjer en þær sýslur, sem taldar eru í 3. málsgrein. Jeg vil benda á, að sýslumanninum þar verður ekki betur launað samkvæmt frv., eins og það nú er, en í meðalári áður.

Háttv. frsm. (Þór. J.) mintist lítillega á brtt. og taldi sjer ekki fært að mæla með henni, þótt hann hins vegar vildi ekki stjaka við henni. Mig furðar á þessum ummælum háttv. frsm. (Þór. J.), þar eð hann taldi engin vandkvæði á því við 2. umr., að færa Skaftafellssýslu úr 4. málsgrein upp í 3. (*Þór. J.*: Sú sýsla er erfiðust). Barðarstrandarsýsla er ekki síður erfið, vegna hinnar miklu strandlengju og erfiðu yfirferðar um hana, bæði á sjó og landi. Menn munu ef til vill svara mjer því, að ekki sje sanngjarnt að taka Barðastrandarsýslu eina út úr, en skilja hinar 3 eftir í 4. málsgrein. En til þess liggja ýms rök, sem jeg áður nefndi og hirði ekki að endurtaka. Vona jeg svo, að brtt. verði vel tekið af háttv. deild.

Eins og sjá má af brtt. á þgskj. 559, er jeg einn af flm. þeirrar till. Þessi till. hefir mætt hörðum dómum, og hafa jafnvel ósæmilegar getsakir verið gerðar í okkar garð. Það er ekki hægt að halda því fram með neinum sannindum, að brtt. sje árás á embættismenn. Þvert á móti höfum við allir flm. till. viljað sýna þeim þann sóma, sem oss þótti frekast fært, miðað við gjaldþol og lífnaðarhætti þjóðarinnar. Þetta er stórmál, sem krefst nákvæmrar íhugunar, og í því máli ættu engar öfgar eða sleggjudómar að komast að. Það, sem gert verður í þessu máli, á að gera með samviskusamlegri yfirvegun, yfirvegun, sem byggð sje á rjettlæti, án tillits til hótana eða ögrunarorða einstakra manna. Einmitt þess vegna væri nú vel til fallið að ákveða þegar að endurskoða launalögin eftir ákveðinn tíma.

Háttv. frsm. (Þór. J.) sagði við 2. umr., að skoðanir sumra launamálanefndarmanna hefðu oft farið eftir því, hvernig á þeim hafi legið. Jeg er hissa á þeirri staðhæfingu, að jeg ekki segi óskamm-

feilni háttv. frsm. (Þór. J.), að viðhafa slík orð um meðnefndarmenn sína. Að mínu áliti gat hann ekki vitað um huga nema eins manns í nefndinni, og má honum best vera kunnugt um, hvort áður sögð ummæli hans hafi átt við þann heiðursmann.

Háttv. frsm. (Þór. J.) kvað líka suma muni hugsa sem svo, að það yrði öruggasta meðalið til að komast á þing við næstu kosningar, að vera nú á móti flestum launabótum. Þessu má altaf slá fram. En óvænt kemur það manni, þegar það er gert af mönnum, sem jeg tel víst að megi segja um, að ekki vilja vamm sitt vita. Enn fremur sagði háttv. frsm. (Þór. J.), að þeirri skoðun hafi verið haldið lifandi úti um land alt, að ekki bæri að hækka laun embættismanna. Jeg hygg, að það sje þvert á móti. Úti um land er sú skoðun einmitt orðin ríkjandi, að laun þeirra beri að hækka, en þjóðin mun hafa búist við, að þess hófs yrði gætt, sem nauðsyn er á. Jeg vil ekki segja, að hófs hafi ekki verið gætt í frv., en látum reynsluna skera úr því. En með því að jeg hefi ástæðu til að halda, að þessi orð háttv. frsm. (Þór. J.) hafi verið töluð í minn garð og nokkurra annara, sem honum voru ósammála, þótti mjer ekki hlýða annað en mótmæla þeim.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) kom víða við í sinni greinagóðu ræðu, og studdist yfirleitt við góð og gild rök, eins og hans er venja. Hann bar saman kauphækkanir verkamanna og embættismanna. En störf þessara manna eru mjög ólík, þegar betur er að gáð, og því ekki frambærilegt að bera kjör þessara manna saman. Líti maður til dæmis á heimili, konur og börn verkamanna og flestra embættismanna. Hvernig er sá samanburður? Verkamenn og aðrir, sem ekki eru í þjónustu ríkisins, hafa miklu ótryggari atvinnu, og geta húsbændur þeirra vikið þeim frá starfi sínu með stuttum fyrirvara, fyrir jafnvel engar sakir. Svo er til dæmis um starfsmenn Sláturfjelags Suðurlands, sem háttv. þm. (E. A.) tók til samanburðar. Þess má einnig geta því til samanburðar, að hið opinbera getur ekki launað sínum starfsmönnum eins og einstöku gróðastofnanir, sem leggja þá allan kostnað á viðskiftamenn sína. En það kemur oft fyrir, að embættismenn brjóta stórlega af sjer, án þess að gerð sje minsta tilraun til að þoka þeim úr sæti. Það mun rjett vera, sem háttv. þm. (E. A.) nefndi, að ýmsir embættismenn hafi leitað sjer aukavinnu utan hjá aðalstarfi sínu, en jeg sje síst ástæðu til að amast við því, ef menn á annað borð gegna vel embætti sínu. Jeg þykist þess fullviss, að embættismenn muni sætta sig við þær launabætur, sem þingið sjer sjer frekast fært að veita, því að þeim er skylt að taka þátt í erfiðum lífskjörum þjóðarinnar á þessum örðugu tímum.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) svaraði ummælum háttv. þm Stranda. (M. P.), er hann viðhafði við 2. umr. eftir að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var dauður, svo jeg þarf ekki að eyða orðum að þeim. Eiginlega hefði mjer staðið næst að svara hv. þm. Stranda. (M. P.) fyrir hönd okkar beggja við 2. umr., en umr. voru þá orðnar svo langar, að jeg vildi ekki á þær bæta.

Á þgskj. 566 flytja þeir 1. þm. Árn. (S. S.) og þm. Borgf. (P. O.) þá till., að 500 kr. sjeu dregnar frá hámarks- og lágmarkslaunum lækna. Þetta fer í sparnaðaráttina. En hversu feginn sem jeg vildi styðja allan sparnað, þá get jeg ekki fylgt þessari brtt., því að með því gengi jeg frá þeirri skoðun, er jeg hefi áður látið uppi um það atriði. Þess ber að gæta, að læknar fá mikinn hluta launa sinna með stríði og striti, og hætta jafnvel stundum lífi sínu við embættisrekstur sinn.

11. brtt. nefndarinnar, við 33. gr., um að bæta inn í frv. á eftir „sýslunarmenn landsins“ þessum orðum: „sem taldir eru í þessum lögum“, er mjer óskiljanleg.

Jeg lít svo á, að dýrtíðaruppbótin eigi að ná jafnt til allra sýslunarmanna landsins. Jeg get nefnt til dæmis ullarmatsmennina, sem ekki eru nefndir í þessum lögum. Sama er að segja um alla þá menn, er starfa við símann víðs vegar um landið. Þessir menn eru svo miklu ranglæti beittir, ef brtt. nefndarinnar verður samþykt, að ekki má telja vansalaust af þinginu. Ef svo illa verður farið með þessa símamenn, sem út lítur fyrir, þá sýnist eins og þeir eigi að gjalda þess, að þeir hafa ekki komið fram með hótanir, ef ekki annað verra, gagnvart þinginu. Hvaða vit er nú í að gera enga endurbót á launum þeirra, ef það er satt, sem sagt hefir verið hjer oft og mörgum sinnum, að 3 krónur nú sjeu ekki meira en 1 króna áður? Ef 11. brtt. nefndarinnar verður samþykt, fá þessir menn enga bót frá því sem nú er. (*S. S.*: Það er nauðsynlegt, að svo verði). Um nauðsynina skal jeg ekkert segja, en ranglátt er það. Ef háttv. deild ætlar að verða sjálfri sjer samkvæm, má hún ekki samþykkja 11. brtt. nefndarinnar.

Pjetur Ottesen: Umræðurnar eru þegar orðnar æðilangar, en það er mín afsökun, að þetta er í fyrsta sinni, að jeg tek til máls við umr. þessa máls.

Það var aðallega eitt atriði, sem jeg vildi minnast á: samanburðurinn á kaupgjaldi verkamanna og launum embættismanna, eins og þau eru áætluð í frv. Það hafa þegar margir háttv. þm. gert þennan samanburð, og þótt hlutskifti embættismanna miður gott og að launahækkun þeirra sje ekki nærri eins mikil og kaupgjaldshækkun verkamanna. Menn hafa minst á kaup togaraháseta, daglaunamanna í kaupstöðum, og það hefir jafnvel verið sagt, að kaup vinnumanna í sveitum sje orðið hærra en byrjunarlaun presta. Jeg ætla, að það væri háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem sagði það. Sem vænta mátti, rann honum blóðið til skyldunnar, þeim góða manni.

Jeg ætla nú að reyna að sýna fram á, að þessi samanburður er ekki alls kostar rjettur. Eftir því, sem jeg hefi komist næst, hefir kaupgjald verkamanna rúmlega þrefaldast frá því, sem það var fyrir stríðið. Þetta mun láta nærri. Sje jeg t. d., að á áætluninni til vega- og brúargerða munar því, sem kaupgjaldið væri þrefaldað. Til samanburðar vil jeg benda á 1. lið 12. gr. launafrv., um laun læknanna. Þessi grein hefir tekið miklum breytingum frá því, sem stjórnin ætlaðist til. Meining stjórnarinnar var, að aukatekjurnar væru mjög verulegur þáttur í launum lækna, og miðaði hún föstu launin við það, að læknataxtinn yrði hækkaður allmikið. Um þessa stefnu var mikið deilt á aukaþinginu í fyrra, og varð niðurstaðan sú, að föstu launin voru hækkuð nokkuð, en taxtarnir voru látnir halda sjer, og auk þess var ákveðin dýrtíðaruppbót af aukatekjunum, sem aldrei skyldi verið hafa, því sú ráðstöfun var fáránlega vitlaus og var mest vatn á myllu einstakra manna.

Jeg játa það, að jeg er yfirleitt samþykkur þeirri stefnu, að hækka föstu launin, en láta taxtana halda sjer.

Læknishjeruðunum er skift í 3 flokka, þannig, að í fólksflestu hjeruðunum eru föstu launin ákveðin lægst, en hæst í þeim fólksfæstu. Er þessi regla í sjálfu sjer alveg rjett. Hámark launanna er ákveðið svo: í lægsta flokki 3500 kr., í miðflokki 4000 kr. og í hæsta flokki 4500 kr. Með dýrtíðaruppbótinni, sem mun láta nærri að vera nú 90% á alla launahæð-

ina, verða þau þá: í lægsta flokki 6650 kr., í miðflokki 7600 kr. og í hæsta flokki 8500 kr. Hækkunin á þessum lið, launum lækna, hefir því að meðaltali nærri fimmfaldast frá því, sem var fyrir stríðið. En eins og jeg hefi tekið fram, hafa laun óbreyttra verkamanna lítið meira en þrefaldast. En svo bætast við aukatekjur læknanna, og eru þær eigi taldar með hjer í þessum samanburði, heldur alveg slept í báðum tilfellunum. Það nær því engum sanni, er menn halda því fram, að hjer sje eigi um tiltölulega meiri hækkun að ræða en þá hækkun, sem orðið hefir á kaupgjaldi verkamanna. Hækkun á launum embættismanna í þessu frv. skarar þar langt fram úr. Að vísu mun hækkunin í þessum lið vera mest tiltölulega, en það munar þó minstu og á flestum hinum liðunum, þótt nokkuð mismunandi sje.

Jeg skal ekki spá neinu um það, hvaða ráð gefast til þess að sjá fjárhag landsins borgið, ef svo stórt stökk er tekið nú í launahækkuninni, en jeg get gefið hjer nokkrar tölur til skýringar.

Föstu launin eru áætluð 1.145.000 kr. á ári, dýrtíðaruppbótin af þeim 1.068.000 kr., eða öll launin samtals 2.213.000 kr. Tekjuáætlun næsta fjárhagstímabils er áætluð sem næst 7.803.600 kr., eða á ári 3.901.800 kr., og reikni maður tekjuaukann, sem áætlaður er af tekjuaukafrv., sem samþykt hafa verið á þessu þingi, 1.300.000 á fjárhagstímabilinu, því á ári 650.000 kr., verða allar tekjurnar til samans 4.551.800 kr. á ári. Þegar laun embættismanna eru dregin frá, verða eftir af tekjunum til allra annara útgjalda 2.338.800 kr. En hjer eru ekki öll kurl komin til grafar. Laun annara starfsmanna landsins en þeirra, sem standa í stjórnarfrv., sem eru margir, nema hjer um bil 175.000 kr., og þótt ekki sje nú gert ráð fyrir því, að þessir menn fái hærri dýrtíðaruppbót en eftir dýrtíðaruppbótarlögunum frá 1917, þá nemur dýrtíðaruppbótin 105.000 kr., og verður það samtals 280.000 kr. Eftir verður þá af tekjum landssjóðs 2.058.800 kr. Annars vildi jeg beina þeirri spurningu til hæstv. stjórnar — þar er að vísu enginn við fremur en vant er, — hvað hún ætli sjer með þá menn, sem ekki standa í þessu launafrv., hvort þeir eiga að halda dýrtíðaruppbót eftir dýrtíðaruppbótarlögunum, eða hvað. Meðal þeirra er t. d. allur eftirlaunaskarinn, póst- og símamenn utan Reykjavíkur og margir fleiri. Jeg spyr að þessu af því, að ekkert hefir verið á þessa menn minst og ekkert heldur heyrst um það, hvort nema eigi úr gildi dýrtíðaruppbótarlögin eða ekki. Líklega er þó ekki meiningin, að þeir, sem teknir hafa verið upp í stjórnarfrv., eigi líka að hafa dýrtíðaruppbót eftir þessum lögum í ofanálag á alt hitt. Yfirleitt virðist mjer gengið furðulangt í frv., og þykist jeg hafa sýnt fram á, svo að eigi verði á móti mælt, að kauphækkun verkamanna kemst ekki í nokkurn samjöfnuð við þessa launahækkun.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að Sláturfjelag Suðurlands hefði hækkað laun starfsmanna sinna um 100%. (*E. A.*: Já, 6000 kr., um 100%). Það eru víst ekki margir á þeim launum, en jeg vil spyrja hv. þm. (E. A.), hvort hann þekki nokkra stofnun, sem borgi starfsmönnum sínum meira en helminginn af öllum tekjum sínum.

Jeg vil taka undir með því, sem háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að sjálfsagt væri, að embættismennirnir yrðu á sinn hátt eigi ver úti en aðrir íbúar landsins, en þeir yrðu líka að bera byrðarnar að sínum hluta. En eftir þessu frv. verða þeir hafðir í einskonar hærra veldi.

Það blæs ekki byrlega fyrir þeim, sem vilja draga úr launaviðbótinni eða hamla á móti þeirri frekju, liggur mjer við að segja, sem mál þetta er sótt með. Stjórnar-

frv. hefir nú verið hækkað um 200 þús. kr., og er helst útlit fyrir, að allar [illegible] tilraunir verði strádrepnar.

Jeg man, að við aðra umr. kallaði háttv. þm. Stranda. (M. P.) brtt. við 33. gr., um að draga úr dýrtíðaruppbótinni, sprengidufl, og ljet í ljós, að óvarlegt væri að samþykkja hana, og að embættismenn mundu kann ske grípa til örþrifaráða, ef kröfur þeirra yrðu ekki uppfyltar út í ystu æsar. Kalla jeg það örþrifaúrræði, ef þeir ætluðu að leggja niður embætti sín, eða fara af landi burt. Jeg geri nú annars ráð fyrir því, að embættismenn yfirleitt sjeu þjóðræknari menn en svo, að þeir sætti sig ekki við sanngjarnar launabætur, og að þær sjeu það má með fylsta rjetti segja, þó eigi sje jafnlangt gengið, sem hjer er lagt til. Jeg held því, að hv. þm. Stranda. (M. P.) geri embættismönnum rangt til með því að vera að flíka þessu hjer, sem auðvitað á að vera nokkurskonar hótun.

Því hefir verið haldið fram að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hafi sagt, að þetta launahækkunarfrv. mundi valda útflutningi úr landinu. Jeg hefi aldrei heyrt hann halda því fram, en aftur á móti hefi jeg heyrt háttv. þm. Stranda. (M. P.) segja, að það væri lítil eftirsjón í þeim mönnum, sem flyttu burt úr landinu undan þeim álögum, sem af slíku frv. sem þessu leiddi. Jeg vil nú snúa þeirri setningu við og segja, að þeir embættismenn, sem ekki vilja sætta sig við sanngjörn laun, og hafa í hótunum með að flytja af landi burt, ef ekki verði sagt já og amen við fylstu kröfum þeirra, að það sje þá engin eftirsjón í þeim, og að þeir ættu að fá „reisupassa" hve nær sem er. (*E. A.*: Það yrðu semmilega ekki þeir óhæfustu, sem færu).

Þó tillaga sú, sem við háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) flytjum ásamt fleirum, verði samþykt, eru launakjörin svo rífleg og sómasamleg, að allir sanngjarnir menn munu vel við una.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Mál þetta er orðið þrautrætt. Jeg geri sem sagt ráð fyrir, eftir því sem fram hefir komið í umræðunum, að brtt. okkar fái daufar undirtektir. En jeg er svo óánægður með frv. eins og það er, að jeg greiði óhikað atkvæði á móti því, ef allar brtt. verða feldar. Kýs jeg þá heldur, að lappað verði upp á dýrtíðaruppbótarlögin gömlu.

Sveinn Ólafsson: Háttv. þm. Borgf. (P. O.) er að mestu búinn að taka af mjer ómakið, svo jeg get lofað því strax, að tefja ekki mikið umræðurnar. Það eru ekki nema tveir hv. þm., sem jeg hefi útistöður við, og þeim er að miklu leyti svarað. Það eru þeir háttv. þm. Stranda. (M. P.) og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). Jeg skal eigi deila lengi við háttv. þm. Stranda. (M. P.) um *sprengiduflin*, fremur en orðið er; getur hann hrósað happi, hve vel hann sleppur þar með sjálfsrjettlætinguna. Hann mintist á „inflúensuna", en láðist að geta þess, að mikill hluti landsins slapp við hana, svo eitthvað annað hefir valdið aukatekjum læknanna þar en sá faraldur.

Hann vildi efast um, að tillaga okkar færi í þá átt, að skapa meira rjettlæti, og þóttist geta rökstutt það, að hún tæki að eins tillit til miðlungslaunanna, en ekki hinna hæstu og lægstu. En aðgætandi er, að við 2. umr. var okkur markaður bás, svo við gátum ekki komið á þeim jöfnuði, sem annars var eðlilegur og rjettlátur. Benti hann á, sem vott þess, að tillagan væri órjettlát, að menn, sem hefðu 4500 kr. laun, mistu af 700 kr. rjettmætri dýrtíðaruppbót. Þetta sannar ekkert, enda hefir háttv. þm. (M. P.) ekkert sjálfdæmi um það, hvað sje rjettlát launabót. Eftir frv. mundu slíkir menn nú í ár fá launin bætt í sem

næst 9090 kr., og sjeu þar dregnar frá 700 kr., verða þó eftir 8390 kr., og má það viðunanlegt heita.

Þess verður vel að gæta, að margir þeirra manna, sem hafa um 4500 kr., svo sem háskólakennarar og aðrir kennarar við æðri skóla, hafa 3—4 mánaða hvíld frá starfi sínu einmitt á arðsamasta tíma ársins, og eru það hlunnindi, sem meta má móti fjórðungi eða þriðjungi launa. Mjer finst full ástæða til að taka tillit til þessa, því tíminn er fremur öllu öðru peningar. Það eru einmitt þessi hlunnindi, sem valda því, að bæði jeg og fleiri unum ekki við niðurstöður frv. Jeg álít t. d. ekki saman berandi starf skrifstofumanna í stjórnarráðinu og starf mentaskóla- eða háskólakennara, sem ekkert hafa að gera fjórðung eða jafnvel þriðjung ársins.

Háttv. þm. Strand. (M. P.) fann ástæðu til að snúa út úr till. á þgskj. 559 og væna okkur blekkingum og skopast að þeirri framsýni okkar, sem sæi fyrir dýrtíðarlok 1925, eins og við værum herrar yfir árferðinu. Það var óþarfa orðalcikur, og sannaði ekkert út af fyrir sig, annað en skort á röksemdum gegn þessu sjálfsagða ákvæði. Í því liggur ekkert annað en að við ætluðumst til, að við lok þessa tíma tæki löggjafarvaldið ákvörðun um, hvernig þessu skuli hagað framvegis. Tillagan er eingöngu komin fram af því, að við þykjumst að svo stöddu ekki geta sjeð, hvernig þetta fyrirkomulag muni reynast, sjerstaklega af því, að áætlanir þær, sem fyrir hendi eru, hafa reynst svo óljósar, að eigi verður fyllilega á þeim bygt um upphæð eða niðurskipun.

Hv. þm. (M. P.) hefir nokkuð fyrir sjer í því, að verk okkar flm. till. á þgskj. 559 er vanþakklátt, og tjáir ekki að sakast um það, þótt einhverjum misfalli við okkur. Hjer er enginn markaður til að kaupa vinsældir, og jeg fer minna ferða, hvað sem líður um slíka verslun.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Bar margt á góma hjá honum — og þó ekki ýkjamargt svaravert, þó nærgöngult virtist sumt af því, fljótt á litið. Margt af því var endurtekningar á orðum hv. þm. Stranda. (M. P.), þó vikið væri við orðalaginu. Honum varð tíðrætt um það í meira lagi, að jeg hefði talað um það, að embættismenn ættu að bera sinn hluta af byrðum dýrtíðarinnar. En hann vjek þessu þannig við, að jeg hefði sagt, að þeir hefðu aldrei gert það. En þetta er rangt. Jeg játaði þvert á móti, að embættismenn hafi borið mikið af þessum byrðum, en jeg neita því, að engir hafi borið meira en þeir, og þess vegna er takmarkið nú að jafna byrðarnar. Ef einhver skyldi efast um þetta, að aðrir hefðu orðið harðar úti en embættismenn, vil jeg benda á það, sem reyndar er alkunna, að úti um alt land eru sveitarfjelög og einstakar fjölskyldur sokknar í stórskuldir vegna dýrtíðarinnar, og margir, sem áður voru bjargálna, komnir á sveitina. Jeg þekki sjálfur allmörg dæmi þess úr minni sveit og nærsveitum. En við alt þetta hefir byrðin auðvitað þyngst á sveitarfjelögunum eða þeim einstaklingum, sem næst stóðu þessu fólki. Hafa margar sveitir orðið fyrir þeim skakkaföllum, sem ekki verða unnin upp á tugum ára. Jeg þekki ekkert líkt þessu hjá embættismönnum landsins, þótt jeg viti, að margir þeirra hafi orðið á stríðsárunum að neita sjer um ýms þægindi, sem þeir áður höfðu notið, enda hefir sárasti broddur dýrtíðarinnar verið brotinn af fyrir þeim með dýrtíðaruppbót. En hvar er dýrtíðarhjálpin, sem smábændur og fátækari útvegsmenn hafa fengið? Og ekkert einsdæmi er það um embættismenn, þótt safnað hafi skuldum í þessari dýrtíð. Það hefir annarhver maður gert. Embættismenn hafa líka reynt að ljetta þessu af sjer, með því að leita sjer ýmissar aukavinnu, og er slíkt síst lastandi. Með því hafa þeir ein-

mitt sýnt fullan hug á því, að bera sinn hluta byrðanna, og hafi þeir þakkir, sem það hafa gert.

Þá hefir mönnum orðið tíðrætt um verðfall peninga og það, hversu dýrtíðaruppbótin hafi hrokkið skamt. Jeg veit, að þetta er satt, að 3 kr. nú gera tæpast meira en að jafnast við 1 kr. áður. Og jeg veit það líka, að enn skortir nokkuð á, að bættur sje verðmunurinn alstaðar. En hv. þm Borgf. (P. O.) tók það rjettilega fram, að á sumum sviðum launafrv. væri meira en bættur hallinn, t. d. að því er snertir læknalaunin, þar sem ekki er að eins þrefaldað, heldur sumstaðar fjór-, fimm- eða jafnvel sexfaldað kaupið, þegar launabót eftir verðstuðli þessa árs bætist við.

Í sambandi við þetta hefir einnig oftast verið dreginn fram samanburður á embættismannalaunum og verkamannakaupi, og það hefir rjettilega verið bent á, að kaup verkamanna hafi þrefaldast eða fjórfaldast víðast hvar. En þó mega menn ekki gleyma því, þegar um þessa stjett er að ræða, að hún hefir oft og einatt ekki atvinnu nema dag og dag á stangli, svo að margir vinnudagar falla úr á milli. Þess vegna eru kjör þessara tveggja stjetta ekki saman berandi.

Þá hafa embættismannalaunin líka verið borin saman við launakjör þau sem bændur bjóða sínum starfsmönnum, og því haldið fram, að allir atvinnuveitendur, nema ríkið, hafi sjeð nauðsyn og rjettmæti þessarar launakröfu og talið skyldu sína að bæta úr skák. En jafnvel þó nokkur sannleiksneisti leynist í þessu, má þó frekar telja það tilraun til að kasta fram fyndinni samlíkingu eða slagorði, en að það sje ábyggileg rök. Vinnuveitendur hafa neyðst til að bjóða það kaup á síðustu tímum, sem mjög er óvíst að þeir rísi undir, einkum sveitabændur. Og líkt getur farið um launakjör þau, sem embættismenn nú heimta, að allsendis er óvíst, að ríkissjóður rísi undir, nema með mjög auknum sköttum, og það á þeim, sem lítils eða einskis eru megnugir.

Enn ótti, sjerstaklega magnaður, hefir gripið suma menn í þessu máli. Þeir þykjast sem sje sjá, að takmörkun á launum embættismanna muni verða til þess, að þeir geri verkfall og leggi niður störf, eða þá til þess, að úrkastið eitt af embættislýðnum fengist til að gegna störfum. En þetta er ekkert nema spádómur eða ógnun, og má hver trúa sem vill. En fráleitt geri jeg það. Jeg held þvert á móti, að embættin verði mörgum keppikefli með þeim kjörum, sem jeg hefi gert ráð fyrir, og má ekki gleyma því í þessu sambandi, að þó laun ýmsra embættismanna sjeu lægri en laun einstöku fulltrúa eða skrifstofumanna hinna stærri fjesýslufyrirtækja, er staða embættismannanna og störf tryggari og ábyggilegri.

Það hefir einnig verið fært fram launahækkuninni til málsbóta, að með hærri launum mætti krefjast meira starfs og meiri skyldurækni af embættismönnum. Þetta er sjálfsagt rjett, það *má* heimta þetta. En hitt er annað mál, hvort það verður gert. Að vísu væri þess engin vanþörf, en hjer er margs að gæta. Umburðarlyndi almennings um vanrækslu embættismanna er alþekt, og fráleitt hefi jeg orðið þess var, að háttlaunaðir embættismenn væri skylduræknari en þeir láglaunuðu.

Menn hafa komið hjer með ákveðnar tölur til að sýna upphæð launabótanna eftir till. nefndarinnar. Hv. þm. Borgf. (P. O.) hafði það eftir frsm. nefndarinnar, að upphæðin mundi vera alls sem næst því 175 þús. kr. En jeg tel þetta fjarri sanni og ímynda mjer, að með meiri líkum mætti nefna 300 þús. kr. Því menn verða að gæta þess, hver urmull starfsmanna það er, sem hjer kemur til greina, sem sje alþýðukennarar úti um alt land, póst- og símamenn, síldarmatsmenn, lýsismatsmenn, ullarmatsmenn, fiskimatsmenn, hreppstjórar, yfirsetukonur

—að svo miklu leyti, sem þær eru landssjóðslaunaðar — o. fl. Hjer safnast þegar saman kemur, og auðvitað verður að gera ráð fyrir því, að þessum starfsmönnum verði greidd uppbót eftir sama mælikvarða og hinum, sem taldir eru í lögunum. Annað væri ekki sanngjarnt.

Pjetur Þórðarson: Jeg býst ekki við að þurfa að tala mikið í þessu máli.

Við 2. umr. gat frsm. (Þór. J.) þess, að nefndinni hefði ekki verið fyllilega ljóst, hvað meint hefði verið með ákvæðinu í upphafi 33. gr., hvort ætla ætti öllum embættismönnum og sýslunarmönnum uppbót eftir frv. þessu, eða að eins þeim, sem þar eru nefndir.

Forsætisráðh. (J. M.) svaraði á þá leið, að ekki væri meiningin að veita öllum starfsmönnum dýrtíðaruppbót, enda er komin fram brtt. frá nefndinni um að taka ýmsa upp í frv., sem ekki voru í því upphaflega. Margir verða þó enn þar fyrir utan.

Jeg hefði því gjarnan viljað vita eitthvað meira um þetta, eða hvernig fara ætti með þá, sem eigi eru teknir upp í frv., og ætlaði að koma fram með þá fyrirspurn til hæstv. forsætisráðh. (J. M.), hver meiningin væri með þessu. En þar sem hann er nú ekki viðstaddur, og mun ekki verða við þessa umræðu í kvöld, get jeg látið hjá líða að koma með spurninguna.

Eftir því, sem fram er komið, finst mjer líklegt, að fjöldi smærri starfsmanna ríkisins verði settur hjá í þetta sinn, að njóta sanngjarnrar uppbótar, en finst þó á hinn bóginn ekki furða, þó mönnum þyki ekki tiltækilegt að fara lengra en gert hefir verið.

Mjer virðist liggja á bak við sú vitund hjá flestum eða öllum háttv. þingdm., að halda verði spart á um leið og teknar eru til greina sanngjarnar kröfur. Má í þessu sambandi benda á, að þegar atkvgr. í þessu máli var afstaðin við 2. umr., hrutu þau orð frá sessunaut mínum, sem þó er framarlega í því, að taka til greina launakröfur starfsmannanna, að við hefðum sparað ríkissjóði 100 þús. kr. útgjöld með atkvgr. okkar um launauppbætur presta, og var auðheyrt, að hann var því mjög feginn.

Jeg hefi mikla tilhneigingu til að vilja spara sem mest, en vil þó gefa eftir fyrir sanngjörnum kröfum, og vildi því bera sáttarorð á milli þeirra, sem miklar kröfur gera, og hinna, sem mest vilja spara.

Jeg taldi of langt gengið með brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og þm. Barð. (H. K.) við 2. umr., um að færa niður þann hluta launanna, sem dýrtíðaruppbótin skyldi greidd af, og greiddi því atkv. móti henni. Jeg ætla ekki að útlista, hve mikið á milli ber, á hvoruga hliðina; háttv. þm. hafa þegar gert það, og býst jeg við, að þeir, sem lengst hafa farið í kröfum sínum og sem næst sanngirni eftir áliti þeirra, sem borgun eiga að fá fyrir starf sitt, hafi mikið til síns máls.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) benti á, að þegar starfsmennirnir fengju betri laun, myndu þeir vinna betur verk sín, en þau hefðu þeir oft orðið að slá slöku við og fá sjer aukavinnu, þar sem launin fyrir þau hafi hrokkið svo skamt. Jeg játa, að háttv. þm. (E. A.) hefir mikið til síns máls. En hræddur er jeg um, að þeir starfsmenn, sem mest hafa starfsþol, muni ekki neita sjer um aukastörf, þó þeir fái kröfum sínum framgengt, því mikið vill meira.

Háttv. þm. kannast við, að sem mest þurfi að spara, og hefir komið fram rík tilhneiging í þá átt. Tveim dögum eftir 2. umr. þessa máls var gefið yfirlit yfir það, hvernig fjárhagur landsins myndi verða næsta fjárhagstímabil. Kom þá í ljós, að útlit er fyrir, að fjárhagsástandið verði alt annað en glæsilegt.

Með þetta fyrir augum vænti jeg þess, að þeir, sem ríkast fylgja kröfunum játi,

að gæta verður allrar varúðar, og taki alt það til greina, er miðar til nauðsynlegs sparnaðar.

Þá má benda á það, að þeir, sem mestum sparnaði halda fram, eru ekki sjálfum sjer samkvæmir. Allir ota þeir fram brtt., hver fyrir sig, er hafa í för með sjer útgjaldahækkun, og þó að hver upphæð fyrir sig sje ekki stór, er þess að gæta, að margt smátt gerir eitt stórt.

Má í þessu sambandi benda á t. d. brtt. hv. þm. Barð. (H. K.), sem fer í þá átt, að færa sýslumanninn í Barðastrandarsýslu upp í launaröðinni. Og svo er þetta um margar fleiri brtt., er hjer liggja fyrir frá sparnaðarmönnum.

Sama er að segja um brtt. hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.). Þó hún hafi allsanngjarnlegan blæ á sjer, þá gengur hún þó ekki í þá átt að spara. Jeg segi þetta ekki í því skyni, að sanngirni mæli ekki með því, að brtt. nái fram að ganga. Mjer dettur heldur ekki í hug að rengja rök þau, er hv 2. þm. Árn. (E. A.) færði fyrir launakröfum embættismanna landsins. Jeg veit, að meiri hluti okkar ágætu ríkisstarfsmanna hefir tekið drengilegan þátt í dýrtíðinni, með því að leggja hart á sig og spara. En jeg held þó, að dýrtíðarörðugleikarnir hafi ekki tekið meira til þeirra en flestra okkar hinna. Jafnframt því, sem örðugleikar hafa hert þá og stælt til að standast dýrtíð og erfið kjör, vænti jeg að þeir sjái, að þetta er sameiginlegt með öllum þorra landsmanna. Út af þessum fáu athugasemdum á báða bóga þykir mjer sanngjarnt, að deildin fallist á brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og fjelaga hans, við 33. gr. frv., þar sem hún hefir — eins og hún er nú — ekki víðtækari áhrif en það, að lækka dálítið samanlögð laun og launauppbót þeirra starfsmanna landsins, sem hærri laun hafa eftir frv. Jeg sagði áðan, að mjer þætti till. hv. þm. (Sv. Ó.) við 2. umr. ganga of langt í því, að færa launabætur niður, og greiddi því atkv. móti henni; en jeg vil spara svo, sem jeg tel lengst mega fara í þá átt, og ætla því nú að greiða atkv. með brtt. hv. þm. (Sv. Ó.) við 33. gr., er gengur í þá átt, að færa niður hámarkið úr 3000 kr. í 2400 kr. og að binda uppbótina því skilyrði, að hún verði endurskoðuð árið 1925.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg er nú orðinn syfjaður, enda vill svo heppilega til, að tiltölulega lítið af umræðunum hefir komið nefndinni við. Þingmenn hafa mest verið að yrðast á sín á milli, og vil jeg ekki vera að blanda mjer í það. Mjer þykir leitt, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) er ekki við, því jeg þurfti að svara honum. Það var viðvíkjandi fulltrúa stöðvarstjórans á Seyðisfirði. Hann gat þess, að þó hann hefði skipað þann mann, þá teldi hann óþarft að hafa hann. Þótt hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hefði fengið sömu upplýsingar og jeg, efaðist jeg samt um, að ástæða væri til að greiða þessum manni laun, þar sem Stóra norræna ætti að rjettu lagi að launa hann. Til þess að ganga úr skugga um, hvað rjett væri í málinu, sneri jeg mjer til landssímastjórans og spurði, hvort maðurinn mundi vera nauðsynlegur. Taldi hann svo. Enn fremur inti jeg eftir, hvort ekki væri samkvæmt samningnum hægt að heimta það, að Stóra norræna launaði hann. Kvað símastjóri nei við því. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði, að ekki væri um annað að gera en láta við svo búið standa.

En eitt er það, sem jeg tel að megi gera, og það er að fella hann burt úr þessu launalagafrv., ef skeð gæti, að hægt væri að liðka svo málið við Stóra norræna, að það taki launin á sínar herðar. Verður maðurinn þá áfram í fjárlögunum, eins og verið hefir.

Annað er það ekki, sem jeg hefi að svara hæstv. forsætisráðherra (J. M.), því hv.

2. þm. Árn. (E. A.) hefir tekið af mjer ómakið hvað söfnin snertir.

Þá var það hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hann lagði lítið til nefndarinnar, heldur tók hann að kastast á sprengiduflum við hv. þm. Stranda. (M. P.), en jeg vona, að þau dufl verði hvorugum að skaða. Eitt var það þó, sem jeg vildi minnast á. Mjer fanst sem hv. þm. (Sv. Ó.) hefði ekki sett sig vel inn í 33. gr., þar sem honum fórust svo orð, að sumir embættismenn lifðu eins og kóngar, og fengju uppbót, hvort sem dýrtíð væri eða ekki. Þetta sýnir, að hann hefir ekki skilið 33. gr., þar sem uppbótin miðast eingöngu við vöruverðið, en það vitanlega lækkar eftir því, sem dýrtíðinni ljettir. Þá sagði hann enn fremur, að menn væðu í villu og svima hvað uppbótina snerti. Þetta sýnir enn áþreifanlegar, að hann hefir ekki skilið, hvað verðstuðullinn á að sýna. En það getur verið, að hann hafi gert þetta af ásettu ráði enn þekukendara og dularfyllra, til þess að menn síður reyndu að gera sjer þetta ljóst. En alt þetta mun vera þýðingarlaust við hv. deildarmenn, því þeir munu hafa fullan skilning á þessu máli og alls ekkert verða þar ruglaðir.

Þá gat hann þess, að hann hefði komið fram með till. í nefndinni um það, að dýrtíðaruppbótin væri ekki látin ná nema til ársins 1930, og að sú till. hefði verið samþ. Fór hann nokkuð hörðum orðum um, að það hefði ekki verið tekið upp í brtt. nefndarinnar. En svo stóð á því, að þegar við skrifarar nefndarinnar fórum að athuga tillöguna betur, virtist okkur svo, sem hún mundi hafa verið feld síðar, svo sem aðrar fleiri bráðabirgðatillögur, eða henni hefði verið breytt, eftir að menn höfðu fengið betra tækifæri til að athuga málið. Sje jeg ekki, að þetta í raun og veru geri svo mikið til. Við skrifarar nefndarinnar höfum átt tal með okkur um þetta atriði síðan, og eftir nýja rannsókn höfum við enn ekki fundið með vissu, hvort það hefir verið okkar sök. En einkennilegt er það, að þm. gat þessa ekki við 2. umræðu, þegar það átti við. En nú er hætt úr þessu að því leyti, að komin er fram önnur till., sem gengur í sömu átt. En eins og jeg tók fram í dag, finst mjer brtt. þessi þýðingarlaus, því að ef alþjóð mundi ofbjóða, eins og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) segir, þá myndi hún heimta, að lögunum yrði breytt, og það fyrir 1925. Það skyldi ekki vera, að hjer lægi á bak við sú skoðun, að dýrtíðaruppbótin ætti alls eigi að ná nema til ársins 1925, hvernig sem ástandið yrði þá. Tillagan virðist ekki vera gerð í neinum öðrum tilgangi en að þetta líti betur út fyrir sjónum alþýðu.

Þá gat hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) um það, að jeg hefði minst á í ræðu minni í dag, að sparnaðurinn, sem vanst við 2. umr., mundi nema um 180 þús. Og kvað hann það ekki rjett. Slíkt má altaf segja, þegar ekki er hægt að láta tölurnar tala. Veit jeg þó með vissu, eins og hv. þm. (Sv. Ó.), að lækkunin á uppbót presta nemur um 109 þúsundum. Að öðru leyti getur hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sjálfur reiknað, hvað stuðull úr 102 niður í 85 gerir mikið til vinnings. Og mun hann þá sjálfur sannfærast um, að jeg fer með rjett mál. Hann sagði, að till. sín um lækkun á uppbótarlágmarkinu úr 3 þús. niður í 2 þús. hefði í för með sjer 200 þús. kr. lækkun. Við það þarf ekki einasta að setja spurningarmerki, heldur undirstrika jeg það sem gersamlega rangt, og er það á fullu vitorði þm. Enn fremur segir hann, að með því að setja lægra takmarkið 2400 muni sparast um 40 þús. Þetta er sanni nær. En þá er hætt við, að það sjáist, að þó að lágmarkið væri sett 2 þús., þá muni varla vinnast 200 þús.. Og mun hann þarna nægilega hafa hrakið sjálfan sig.

Þá er skólastjórinn á Eiðum. Hv. þm. (Sv. Ó.) vill hækka hámark launa hans, og

taldi öll vandkvæði á því, að fá menn í embættið. Sömu skoðun hafði hann altaf haldið fram í nefndinni viðvíkjandi kennurum þessa skóla, og hefir nefndin áður tekð tillit til þessa, með hækkun á launum. Vænta mætti, að hann gæti ætlað þeim ástæðum sínum nokkru víðari hring en Suður-Múlasýslu, og svo mun mega segja um fleiri. (*Sv. Ó.*: Þetta er alveg rangt; jeg hefi aldrei talað þessi orð). Jeg skýt máli mínu til nefndarinnar, og mun hún með mjer sanna það, að þetta hafa verið og eru ástæður þm. (Sv. Ó.) fyrir þessari launahækkun. En það fer oft svo, að þegar fara á að draga rjettar ályktanir af orðum hv. þm. (Sv. Ó.), vildi hann heldur hafa þau ósögð; það brennur við, að hv. þm. verði starsýnt á sitt eigið kjördæmi.

Þá er næstur hv. 1. þm. Árn. (S. S.). Ræða hans gekk mest út á læknana. Enda snertir brtt. hans þá aðallega. Breytingin, ef till. hans yrði samþ., sagði hann að yrði ekki önnur en sú, að læknarnir framvegis yrðu praktiserandi. Líklegt væri raunar, að þeir yrðu nokkru dýrari, og skeð gæti, að einn og annar dæi drotni sínum „læknislaust — eða án læknishjálpar", bætti hann við. Við skulum gera ráð fyrir því, að hjer væri um að ræða líf hv. 1. þm. Árn. Og þegar litið er til þjóðmálastarfsemi hans allrar, mundi öllum koma saman um, að meira tjón er í því einu, meiri peningalegur skaði, að hann deyji án læknishjálpar, eða sökum læknisvöntunar, en öll sú upphæð, sem sparaðist við launahækkunina. Hefir hann því sannað átakanlega með þessum ummælum sínum, hversu áríðandi það er, að þeir yfirgefi ekki embætti sín og gerist praktiserandi læknar. Á hitt má líka líta, að þó að laun þeirra hafi verið hækkuð frekar en sumra annara starfsmanna, þá voru launin svo lág, að óviðunandi var, auk þess sem þeir hafa verra starf og erfiðara en flestir eða allir aðrir, og endast þar af leiðandi skemur en nokkrir aðrir embættismenn.

Þá sagði hv. 1. þm. Árn. (S. S.) eitt eftirtektarvert, þar sem jafnvel hann er farinn að bera í bætifláka fyrir starfsmenn ríkisins. Hann fjelst á það, að dýrtíðin hefði þrengt svo að embættismönnunum, að margir þeirra myndu naumast haldast við í embættum. Hví vill hann þá skera uppbótina og launin svo við neglur sjer, að sú hætta verði ekki fyrirbygð, að missa bestu mennina?

Telur hv. þm. (S. S.) það rjettan sparnað fyrir ríkissjóð að gera svo við starfsmenn landsins, að óálitlegasta úrkastið úr mentamönnum þjóðarinnar skipi embættin, eða þá alls engir?

Þá kem jeg að kostnaðarhlið málsins. Það var eins og við var að búast, að honum ofbauð sá útgjaldaauki, sem hækkunin hefði í för með sjer. Hins vegar getur ekki komið til mála, að hann verði eins mikill eins og hann gerði ráð fyrir, sem glögglega má sjá af nál. Honum fer þar eins og fleirum, sem ekki hirða um, þó þeir „kríti liðugt", að taka alla launafúlguna, í staðinn fyrir hækkunina, og áætla svo þess utan ríflega fyrir launum og uppbót þeirra, sem ekki standa í frumvarpinu. Hann telur launahækkun yfir hálfa miljón hærri en hún er í raun og veru, og sama gildir um áætlun hans um aðra starfsmenn, er í frv. standa, að þar er þá önnur hálf miljón, sem má skjótast yfir næst. Það tekur ekki lengri tíma en að skjótast yfir hina.

Hann mintist þá á þessa starfsmenn, sem jeg nú hefi talað um. Hefi jeg því svarað, að jeg tel ekki þurfa að áætla mikið meira en eina miljón í útgjaldaauka, þegar búið er að bæta öllum starfsmönnum ríkisins upp með samskonar uppbót og gert er ráð fyrir í frv. Jeg játa, að þetta er mikið fje, en það er samt rjett að tala um það

sem næst því sem er, en fara ekki út í neinar öfgar. Nóg mun þykja að gert samt. En hv. þm. (S. S.) þykir kann ske þægilegra að gera tölurnar of háar, vegna þeirra hv. þm., sem greiða eiga atkvæði um málið, eða vegna kjósenda sinna. Jeg staðhæfi ekki neitt um áætlanir þær, sem jeg hefi gert. En hinu held jeg fram, að tölur þær, sem jeg hefi farið með, sjeu hvergi óábyggilegar, það sem þær ná.

Næstur er hv. þm. Borgf. (P. O.). Hann tók, eins og aðrir hv. þm., læknana til bænar. Hann gerði samanburð á kaupgjaldshækkun ýmsra verkamanna og þeirri launahækkun, sem læknum er ætluð. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að kaup ýmsra verkamanna hefði þrefaldast og þar yfir, en laun læknanna fimmfaldast. En hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) kom því upp í sexföldun læknalaunanna. (*Sv. Ó.*: „Eventuelt" sexfaldast þau). Jeg fylgdist nú ekki vel með reikningi hv. þm. Borgf. (P. O.), en þegar jeg leit eftir, hvernig jeg sjálfur hafði gert upp, sá jeg, að hann fer nýjar og óþektar leiðir. Hann fór í hæsta flokk og miðaði við hann, en jeg taldi meðalveginn tryggastan. Hann tók t. d. hæsta launaflokk læknanna nú, eftir frv., með 3500 kr. launum og fullri dýrtíðaruppbót. Þar við jafnaði hann lægstu launum áður. Jeg tek dýrtíðaruppbótina með meðallaunaflokk, samkvæmt því, sem nú gildir, og voru launin ásamt henni 2500 kr. En samkvæmt því, sem nú er til ætlast í frv., yrðu laun læknis í hæsta flokki, með dýrtíðaruppbót, 7400 kr. Og þegar athugað er hlutfallið milli 2500 og 7400, hygg jeg að það sýni sig, að hækkunin er ekki fimmföld, heldur þreföld, eins og á kaupi verkamanna. (*P. O.*: Það var skakt að taka dýrtíðaruppbótina með í fyrra sinnið). Það er ekki skakt að taka dýrtíðaruppbótina með nú, ef hún hefir verið tekin áður. En auðvitað má ekki taka hana með nú, ef hún hefir ekki verið tekin áður. Um aðra hækkun er ekki að tala. Verða launin þá þreföld, eins og kaup annara starfsmanna. Þetta er rjett. En hv. þm. Borgf. (P. O.) vill ekki láta það vera rjett, því að það gerir minna úr því, sem hann hjelt fram. Jeg veit nú, að menn muni ráða í af þessu, að hv. þm. Borgf. (P. O.) hafi ekki litið í launalagafrv. þar, sem hækkunin er minst, heldur þar, sem hún er mest, en það er einmitt hjá læknunum. En það er nefndin, sem hefir hækkað laun þeirra, og hefir hún áður fært ástæður fyrir því, og hv. þingdeild er búin að segja sitt álit með atkvgr. við 2. umr. Voru þá, ef jeg man rjett, 20 atkv. með þessari brtt. Er það ekkert undarlegt, þótt allur fjöldi hv. þm. sæi, að hjer var verið að vinna rjettlætisverk.

Þá kom sami háttv. þm. (P. O.) með ýmsan samanburð á öllum launum embættismanna og tekjum ríkisins. Þessi reikningur getur verið góður út af fyrir sig, en eins og það kom fram, virtist alt þetta vera hækkun, sem þetta frv. hefði í för með sjer. Með öðrum orðum, að þetta þing væri að hækka laun embættismannanna um eina miljón. Munurinn er ekki annar en sá, að hann gerði alla launafúlguna, eins og hún nú er sett, að hækkun. Fullljóst hlýtur þm. (P. O.) þó að vera, að launahækkunin samkvæmt frv. er ekki nema um 400.000 kr. Þetta ruglar því allan samanburð og verður að reyfarasögu, sem síst á við. Hitt er öllum ljóst, að launabyrði sú, sem á ríkinu hvílir, hefir verið, er og mun verða stór þáttur í útgjöldum ríkissjóðs, og er ekkert einkennilegt við það. En það er jafnóheimilt að misbrúka það eins og háttv. þm. (P. O.) gerði.

Hann sagði líka, sami háttv. þm. (P. O.), að enn væru ekki öll kurl komin til grafar, og átti hann þar við aðra starfsmenn landsins. Jeg hefi tekið fram, að það hefir verið gerð fullábyggileg áætlun um,

hvað kosta muni að veita þessum mönnum samskonar uppbót og starfsmönnum ríkisins er ætluð í frv. Annars skal jeg taka það fram, þar sem það kom fram hjá háttv. þm. Borgf. (P. O.), að það myndi liggja í loftinu að gera þá menn, sem ekki eru í frv., afskifta í þessum efnum, að það er alls ekki meiningin. Það hefir bæði nefndin og hæstv. stjórn tekið fram, að þetta muni einnig verða gert upp strax og gengið verður frá þessu frv. Verður það annaðhvort lagt fyrir nefndina í frumvarpsformi, eða dýrtíðaruppbótin, sem nú gildir, hækkuð að þessu sinni, eða uppbótin öll sett í fjárlög, ásamt þá stöku launahækkun. En jeg get sagt bæði þessum háttv. þm. (P. O.) og háttv. þm. Barð. (H. K.), að hjer er engan ójöfnuð að óttast, svo að sú ástæða er alls ekki rjettmæt til að samþykkja lækkunartill. þess vegna. (*H. K.*: Það sagði jeg ekki). Háttv. þm. (P. O.) gat þess, og síðan háttv. þm. Borgf. (P. O.), að hann teldi launafrv. í raun og veru óforsvaranlegt, og miðaði sjerstaklega við það, ef ekki yrði bætt upp öðrum starfsmönnum úti um land. (*H. K.*: Nei). Þá er það enn verra en jeg hjelt, ef háttv. þm. (H. K.) hefir talið það forsvaranlegt að láta þá embættismennina gjalda þess, sem ekki eru teknir upp í frv.

Annars er það svo, þegar talað er um þessa embættismenn og útgjöldin til þeirra, að þá mætti oft bregða sjer inn í kjördæmi háttv. sparnaðarþingmanna. Og alveg eins og þess var getið, að bregða mætti sjer inn í kjördæmi háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og minna á skólastjórann á Eiðum, mætti og bregða sjer snöggvast inn í kjördæmi háttv. þm. Borgf. (P. O.) og spyrja: Hvers vegna vilja Borgfirðingar, að ríkissjóður taki að sjer alt viðhald vega og flutningabrauta? Hvers vegna vilja þeir láta hann kosta að öllu leyti símalínu úr Borgarnesi að Svignaskarði, þar sem þó sum hjeruð leggja ekki einasta á sig gjald, heldur og flytja alt efni án endurgjalds, og það þar sem *margfalt* frekar er um þjóðargagn að ræða en þarna á sjer stað? Mjer er spurn, hvort það sje meining þessara manna, að landssjóði geti ekki orðið um megn að kosta til einstakra hjeraða hve hátt sem er. Það lítur helst út fyrir það. En þegar talað er um að gjalda starfsmönnum landsins sanngjörn laun, þá segja þessir menn, að hann hafi engin efni á því. Þeir geta auðvitað vitnað í uppgerð um fjárhag landsins. En það mætti eins vel vitna í hana, þegar um það er að ræða að veita stórar fjárhæðir til verklegra fyrirtækja. Jeg vil, að menn sýni sömu sanngirni í þessu atriði og öðrum. Og þegar að því kemur, að menn finna, að landssjóður stendur tæpt til að greiða sín bráðnauðsynlegu útgjöld, hvort heldur er til starfsmanna landsins eða verklegra framkvæmda, þá er það ekki hið fyrsta að segja, að það verði að slátra þessu eða leggja það niður, af því að landssjóður geti ekki staðið straum af því. Vjer höfum allra síst ráð á því. Heldur er hitt leiðin, að finna nýjar tekjur. Vjer verðum að vinna að því, að gera framkvæmdir í hjeruðum landsins, eftir sem sanngjörnustum mælikvarða, en jafnframt leitast líka við að greiða starfsmönnum ríkisins það, sem sem okkur finst þeir eiga rjettlætiskröfu til. Jeg hefi engan heyrt segja, að hjer sje farið fram á neitt ósanngjarnt, en hitt hafa menn sagt, að starfsmenn ríkisins verði líka að taka þátt í yfirstandandi örðugleikum. Og það er vitanlega alveg rjett. Jeg talaði um það í fyrstu framsöguræðu minni í þessu máli, að stjórnin hefði alls ekki fylgt fullnaðarrjettlætiskröfu. Og þó hefir nefndin farið feti lengra, þar sem hún hefir sett hámark á laun og dýrtíðaruppbót.

Enn fremur hefir hv. 2. þm. Árn. (E.

A.) sýnt greinilega fram á það, að þessir starfsmenn hafi áður og sjeu búnir að taka mikinn þátt í þessu. Held jeg ekki hægt að rengja það.

Spurningin er þá ekki önnur en sú, hvort nefndinni hefir tekist að finna hæfilega sett „normal"-laun. Hefir verið minst um það deilt, og enginn ráðist á það. En þegar þetta atriði er fengið, „normal"-launin hæfilega sett, er ekki annað eftir en að reikna út, hvað rjettlátt sje að leggja til um dýrtíðaruppbótina. Skal jeg ekki um það ræða frekar, en læt hv. þingdm. um, hvernig þeir greiða atkv. um það, hvernig þeir vilja að þingið afgreiði það.

En eitt vildi jeg taka fram að endingu, viðvíkjandi einu atriði, sem fram kom hjá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), í seinni ræðu hans. Hann sagði eitthvað á þá leið, að þetta gæti verið til nokkurs að vinna fyrir meiri hlutann. Hann gerði þetta til að koma sjer í mjúkinn hjá embættismönnunum. Jeg veit ekki, hvort hann hefir átt við þetta. En hann frábað sjer fyrir sitt leyti slíkar hvatir, því að hans kringumstæður væru svo, að hann þyrfti þess ekki. Það er vert að minna hann á, að yfirleitt munu embættismenn ekki vera neitt sjerlega „grónir", og margir mega sín lítils. Jeg veit, að fyrir hv. þm. (Sv. Ó.) hefir ekki vakað nein smámennahugsun — svo mikið hefir hann kynst „miljónerum" — sem sje sú, að koma sjer vel við þá, er minna geta. En ef vjer, sem málinu erum hlyntir, vissum, að eitthvað væri til af embættismönnum, sem einhvers væru megnugir, og gætu litið til vor aftur við tækifæri, þá væri lítill vegur að eigna oss slíkar hvatir.

Jeg held jeg hafi alveg hlaupið yfir hv. þm. Barð. (H. K.). Jeg bið hann afsökunar á því. Jeg vil á engan hátt skipa honum aftar en hann er í röðinni. (*H. K.*: Ekkert að afsaka). Hann hjelt, að jeg hefði eitthvað sveigt að sjer, er jeg talaði um, að atkvgr. í nefndinni hefði oft farið á þann veg, sem jeg áður lýsti. (*H. K.*: Þetta er „uppdikt" og illgjarnleg getsök). Það hefir snortið hann eitthvað illa. Hann hjelt, að þetta væri meint til einhvers einstaks manns. (*E. A.*: Þingmaðurinn þekkir sjálfan sig best). Jeg meinti það ekki til neins einstaks, en vilji þm. eiga þetta sjálfur, þá get jeg ekki bannað honum það. Jeg gat þess að eins, að í nefndinni hefðu menn litið öðruvísi á ýms atriði, er frá leið, en búast mátti við, en jeg sagði og, hvaða ástæður lægju til þess, að menn litu ekki altaf eins á. Atriðin eru mörg svo, að ekki er hægt að sjá í fljótu bragði, hvernig líta beri á þau, og menn fá oft aðra sannfæringu með gleggri, lengri og betri yfirvegun. En það var síður en svo, að jeg meinti það til hans. (*H. K.*: Jeg tók það heldur ekki svo). Jeg býst ekki við því. Jeg skil þá ekki, hvernig hann hefir fundið út, að jeg ætti hjer við vissan mann. En það eru sjálfsagt ástæður til þess, sem hann gerir upp með sjálfum sjer.

Hann talaði líka um aðra starfsmenn landsins. Þarf jeg ekki að svara því frekar en jeg hefi áður gert.

Umr. eru nú orðnar nokkuð langar, og upplýsa málið ekki mikið. Býst jeg við, hvort sem þær standa lengur eða skemur, að þær breyti ekki afstöðu manna í málinu.

Einar Arnórsson: Ýmislegt af því, sem jeg hefði talið rjett að geta um, hefir hv. frsm. (Þór. J.) nú tekið fram, og skal jeg ekki endurtaka það.

Háttv. frsm. (Þór. J.) vjek að reikningi háttv. þm. Borgf. (P. O.). Var dálítil villa í reikningsfærslu hans að ýmsu leyti. Mun vera erfitt fyrir hann að finna út á þann hátt, að jafnvel laun lækna hafi margfaldast svo mjög, sem hann gaf í skyn.

En það má líka taka reikning hv. þm. Borgf. (P. O.) dálítið öðruvísi, og fá þó út næsta svipaða útkomu og hjá hv frsm. (Þór. J.).

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) tók ekkert tillit til þess, að eftir núgildandi lögum er ætlast til þess, að læknar hafi tekjur að ekki svo litlu leyti af atvinnu sinni („praxis"). Eftir þessu frv. aukast tekjurnar af „praxis" ekki neitt og á ekki að veita neina uppbót af því. Ef læknir hefir nú 1500 kr. í föst laun, og gert er ráð fyrir öðrum 1500 kr. í „praxis", verða það 3000 kr. á ári. Eftir þessu frv. fá læknar 4000 kr., sem með uppbót verða 7400. Ef vjer reiknum „praxis" eins og áður 1500 kr., fær læknirinn 8900 kr. á ári. Eru það tæplega þreföld laun þau, er hann hefir nú, og það þótt ekki sje tekin dýrtíðaruppbótin með þeim, heldur að eins aukatekjurnar. Fæst því sama hlutfallið með þessari aðferð.

En í þessu sambandi er vert að geta þess, að þegar háttv. þm. Borgf. (P. O.) vill sýna fram á þessa „gífurlegu" hækkun, þá tekur hann til samanburðar eitthvert mesta smánarkaup, sem goldið hefir verið. Eins og kunnugt er, þá er kostnaður við undirbúninginn undir embætti mestur hjá læknum. Námstíminn er langur. Námið kostar mikið fje, og auk þess fer venjulega á eftir sigling og kostnaður við hana, sem ekki er bættur. Svo bætast við kaup á dýrum verkfærum, viðhald og endurnýjun. Þetta legst alt á kostnaðinn við undirbúninginn til embættis. Háttv. þm. Borg. (P. O.) tekur því þarna dæmi af hinum örgustu smánarlaunum. Það er auðvitað rjett, að miðað við lægstu smánarlaunin má fá út, að þau margfaldist með 2½ og upp í 3. En ef miðað er við bærileg laun, eins og t. d. 5000 kr. þá er er svo langt frá, að þau þrefaldist, að þau ekki einu sinni tvöfaldast. Það sjest, ef brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) yrði samþykt, að þá næði launabótin ekki 100%. En þessi reikningur er og villandi að öðru leyti. Jeg býst við því, að menn sjeu sammála um, að launin hafi fyrir stríðið víða verið ákveðin of lág. Mjer skilst að það sje fyllilega viðurkent, þar sem háttv. þm. hafa gengið að föstum launaákvæðum stjórnarinnar. Og yfirleitt hefir hv. deild hækkað þau laun, er stjórnin lagði til, að verulegu leyti, og í mörgum atriðum, sjerstaklega þó laun lækna.

Margföldun launanna verður frá 3 og niður í 1,50, það er að segja 6000 kr. laun verða eftir till. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) margfölduð með 1,50 — helmingi bætt við þau. Á hærri launum verður uppbótin minni, t. d. á launum biskups, sem ætluð eru 7000 kr., og finm embætti með 8000 kr., hæstarjettardómararnir, fá ekki nema 1500 kr., og dómstjórinn í hæstarjetti fær ekki neitt. Hann er einn fyrir ofan þetta fastákveðna hámark.

Jeg býst við, að hæstarjettardómararnir hefðu ekki fengið svona hátt, ef laun þeirra hefðu verið sett fyrir stríðið. Líklega hefðu þau þá ekki orðið meira en 7000 kr.

Þá þarf jeg að gera nokkrar athugasemdir við ræðu háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hann sagðist þekkja ýmsar fjölskyldur meðal verkamanna, sem hefðu orðið illa úti vegna dýrtíðarinnar. Þetta getur vel verið, en verkamenn hafa eigi að síður fengið sitt kaup hækkað, eins og líka sjálfsagt var. Og þótt einhverjir þeirra hafi orðið hart úti, gat það stafað af öðrum ástæðum, t. d. heilsubilun.

En jeg veit til þess um suma embættismenn, að þeir hafa safnað stórskuldum þessi árin. T. d. sagði einn dócentinn við háskólann mjer, að hann vantaði að meðaltali 350 krónur á mánuði fram yfir það, sem launin hrykkju, til þess að komast af. Þegar svona er ástatt, er ekki um annað að gera en taka lán, og sumir embættismenn hafa haft lánstraust og notað sjer það. En auðvitað þverrar lánstraustið ef svona gengur lengi.

Þá taldi háttv. þm. (Sv. Ó.), að verkamenn hefðu ekki vinnu nema dag og dag á

stangli. Þetta held jeg sje ekki rjett, því eftirspurnin eftir vinnu er mjög mikil alt árið um kring. Og á sumrin hafa verkamenn miklu hærra kaup en á vetrin, og hefir það hækkað mjög, og heldur áfram að hækka. Kaupamenn, sem höfðu fyrir stríðið 15—18 kr. á viku, hafa nú ferfalt kaup við það og þaðan af meira. Að minsta kosti sögðu bændur mjer í vor, að nú fengju þeir ekki kaupamann fyrir minna en upp undir 100 krónur um vikuna þar eystra, í Árness- og Rangárvallasýslum.

Háttv. þm. (Sv. Ó.) talaði um trygginguna, sem lægi í því að vera embættismaður. Jú, sjer er nú hver tryggingin! Hún liggur í föstu kaupi og því, að vera bundinn í stöðu sinni alla sína ævi, svo og í rjettinum til eftirlauna, sem mun vera $^1/_5$ partur af launununm eftir núgildandi lögum. En svo er líka ástatt, að fyrir þennan eftirlaunarjett á hann að borga eftir frv. 5% af launum sínum. Svo hann beint kaupir sjer þennan ellistyrk samkvæmt frv. Það er því rangt að tala um „netto"-laun í frv., heldur eru það „brutto"-laun, því auk þess að gjalda 5% af launununm í eftirlaunasjóð verður hann að tryggja ekkju sinni lífeyri. Þessi eftirlaun embættismanna eru nú auðvitað svo lág, að það er langt frá því, að hægt sje að lifa af þeim, enda þótt barnsfúlgustyrkurinn sje tekinn með, sem er ca. 100 kr. á ári af hverju barni undir 16 ára aldri.

Háttv. þm. (Sv. Ó.) sagðist ekki vera hræddur um, að embættismenn kæmi til að vanta, þótt launin væru lág. Hann er þar nokkuð bjartsýnn. Jeg veit ekki betur en fjölda margir stúdentar, og jafnvel kandídatar, gangi alt aðra leið en embættisleiðina. Mjer sagði skilríkur maður, að efnilegustu stúdentarnir, sem útskrifuðust í vor, mundu ganga aðra leið. Landið hefir tilfinnanlega vantað verkfræðinga undanfarið. Vegamálastjóri sagði af sjer fyrir tveim árum. Aðstoðarmaður hans sagði af sjer, og aðstoðarmaður vitamálastjóra hefir sagt af sjer, og jeg held vitamálastjóri sjálfur hafi sagt af sjer. Landið hefir stórtapað á því, að hafa ekki fasta menn í þjónustu sinni, í stað þess að ráða verkfræðinga til einstakra starfa og sleppa þeim svo aftur. Það verður miklu dýrara. Læknar hafa gerst sjerfræðingar í ákveðnum greinum og sett sig niður sem „praktiserandi" læknar í sinni grein, í stað þess að sækja um hjeruð. Enn fremur er ekki örgrant um, að sje að verða prestaekla, og ekki heldur örgrant um, að sje að verða lögfræðingaekla, þótt það þyki kann ske ótrúlegt. Það mun hörgull á lögfræðingum í þær stöður í stjórnarráðinu, sem lögfræðisþekkingu krefur. Í vor sem leið útskrifuðustu 3 kandídatar úr lögfræðisdeildinni, og það var rifist um þá

Samleikurinn er sá, að farið er að stefna í þá átt, að ráðdeildarsamir feður láti syni sína ekki fara í mentaskólann, heldur í verslunarskólann. Jeg hefi hjer fyrir mjer skólaskýrslu verslunarskólans 1918, og sje jeg í henni unga menn upp talda, sem áreiðanlega mundu í mínu ungdæmi hafa farið í lærða skólann. Jeg sje t. d., að samþingismaður minn einn á hjer son í verslunarskólanum, og ýmsir fleiri gætnir og ráðdeildarsamir menn. Það er nefnilega komið svo, að menn eru farnir að sjá, að það er ekki lífvænlegast nú að láta sonu sína ganga þá braut, sem þótti lífvænleg fyrir 20 árum, hinn svokallaða embættisveg. Annarsstaðar eru menn líka farnir að sjá, að það er varhugavert fyrir ríkið að gera ver við embættismenn sína en einstakir vinnuveitendur gera við sína. Auk þess er ekki saman að jafna þeim kröfum, sem gerðar eru til embættismanna og annara, þar sem þeir fyrnefndu verða að verja löngum kafla af æfi sinni, — besta kaflanum, — í dýrt og erfitt nám.

En þó er nú svo komið, að rifist er um duglega pilta á tvítugsaldri, að fá þá á

skrifstofur hjer í Reykjavík, fyrir að minsta kosti eins hátt kaup eins og dómararnir í landsyfirrjettinum hafa að lögum.

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki teygja vírinn, eins og þeir gerðu, hinir háttv þm., sem síðast töluðu. Fyrst skal jeg víkja nokkrum orðum að háttv. frsm. (Þór. J.), en lofa að vera stuttorður, þar sem komið er langt fram á nótt. Hann gerði tilraun til að gera reikning minn og samanburð tortryggilegan, en auðvitað gat hann það ekki með öðru móti en því, að fara með rangt mál og snúa öllu öfugt við. Hann lagði dýrtíðaruppbótina, sem veitt hefir verið undanfarið, við föstu launin, en það gerði jeg ekki. Jeg tók hvorttveggja, laun lækna og kaup verkamanna, eins og það var fyrir stríðið; annars hefði samanburðurinn verið rangur. Og það varð hann auðvitað hjá háttv. frsm. (Þór. J.); og mjer er grunur á, að það sje ekki alveg óviljandi, því háttv. frsm. (Þór. J.) skilur þetta vel, ef hann vill, en jeg veit, að honum hefir komið þessi samanburður dálítið illa.

Þá bauð hv. þm. mjer upp í Borgarfjörð með sjer. Og má hann vita það, að mjer er ekkert kærkomnara en taka því boði hans. Og í sambandi við það var hann alt í einu kominn út í viðhaldið á flutningabrautunum í Borgarfirði, og bar mjer á brýn, að jeg hefði viljað fá viðhaldinu þar ljett af sýslunum. Jeg hefi aldrei farið fram á það sjerstaklega, heldur hefi jeg komið fram með tillögu um, að *öllu* viðhaldi á flutningabrautum yrði ljett af sýslunum. Svo þetta hefði því eins átt t. d. við Húnavatnssýslu eins og Borgarfjörð.

Þá mintist hann á símalínuna að Svignaskarði. En það er þannig með hana, að hún er ekki eingöngu fyrir Borgarfjörð, heldur eins mikið, og öllu meira, fyrir ferðamenn að norðan og fólk, sem ferðast mikið á sumrin upp um Borgarfjörð, hjeðan úr Reykjavík.

Hv. þm. (Þór. J.) bauð mjer ekki norður í Húnavatnssýslu, enda þarf þess ekki, því jeg veit, að hann hefir ekki verið óduglegri fyrir sitt kjördæmi en jeg fyrir mitt. Hann hefir verið mjög duglegur að útvega sínu kjördæmi síma, vegi, brýr o. fl., og er það ekki nema gott og blessað.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók að sjer sama hlutverkið eins og háttv. frsm (Þór. J.), að hrekja reikning minn. Jeg skal játa, að það getur frekar verið einhver meining í að taka aukatekjur lækna með í laununum. Hann gerði þær til jafnaðar ca. 1500 krónur. En þetta verð jeg að athuga dálítið. Jeg hefi sem sje ummæli hæstv. forsætisráðh. (J. M.) um skýrslur lækna um framtal á aukatekjum þeirra, sem að hans dómi eru eins áreiðanlegar og skýrslur yfirleitt geta verið, en sýna þó talsvert lægri aukatekjur. Jeg skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp þessi ummæli hæstv. forsætisráðh. (J. M.), á bls. 56 í C.-deild Alþingistíðindanna frá í fyrra. Hann segir svo:

> „Jeg held, að óhætt sje að telja, að skýrslur þær, sem fengist hafa um þetta, sjeu fult svo áreiðanlegar eins og skýrslur yfir höfuð geta verið hjer á landi, og það sem út kemur er ekki glæsilegt, það er að segja þegar maður tekur launin yfirleitt. Þá hefir helmingur lækna ekki 1000 kr. til jafnaðar í aukatekjur, en auðvitað er það misjafnt. Af 36 læknum reyndist, að 17 þeirra hefðu til jafnaðar ekki nándar nærri 1000 kr., ekki meira en 800 kr., eða meira, en allur helmingur lækna landsins hefir ekki nema 800 kr. eða 2300 kr. í laun alls".

Jeg skal nú gera það fyrir háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) að taka þessar 800 kr. með fastalaunum, og niðurstaðan verður samt sú, að launin fjórfaldast samt sem áður fyllilega.

Jeg skal svo ekki fara út í þetta frekar, því jeg þykist hafa hrakið tilraunir þess-

ara fjelaga til að vefengja samanburð minn og reikning. Önnur atriði í ræðum þeirra nenni jeg ekki að eltast við, þó ástæða hefði fullkomlega verið til að athuga það.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg get enn ekki gengið inn á, að reikningur háttv. þm. Borgf. (P. O.) sje rjettur, því þegar við tölum um laun, getum við ekki talað um dýrtíðaruppbót. Hún er alls ekki laun í sjálfu sjer. Hitt er misskilningur hjá háttv. þm. (P. O.), að jeg hafi verið að bregða *honum* sjerstaklega um hreppapólitík. Og þó ýmislegt fleira væri rangt í ræðu hans, hirði jeg ekki um að leiðrjetta það. Það dæmir sig sjálft.

Pjetur Ottesen: Að eins ein setning. Reikningur minn er rjettur, og ef háttv. frsm. (Þór. J.) ætlar að eins að taka föstu launin, en sleppa dýrtíðaruppbótinni, þá gætum við eins tekið laun verkamanna, eins og þau voru fyrir stríðið, og slept svo launahækkuninni, sem orðið hefir síðan hjá þeim.

Atkvgr. frestað.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 1. sept., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 439 [22. liður], 488, 539, 540, 555, 559, 560, 566, 570, 584, 585).

ATKVGR.

Brtt. 585,1. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 540. tekin aftur.
— 488. samþ. með 14 : 4 atkv.
— 584. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M., J. B., M. G., P. Þ., S. St., St. St., Þór. J., B. Sv., B. J., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K.

nei: J. J., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. K., E. J., Ó. B.

Brtt. 588,2. samþ með 19 : 1 atkv.
— 566,1. var hrundið frá atkvgr. með úrskurði forseta, með því að samskonar till. hefði feld verið við 2. umr. málsins.
— 555. samþ. með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Þorl. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. St.
nei: Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., E., J., J. J., M. P., M. Ó., P. J., S. S., Ó. B

Brtt. 566,2.a.—b. og 3. teknar aftur
— 585,3. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 439,22. feld með 14 : 4 atkv.
— 585,4. samþ. með 14 : 6 atkv.
— 585,5. — — 17 : 1 —
— 585,6. — — 15 : 8 —
— 585,7. — — 17 : 6 —
— 560,1. tekin aftur.
— 585,8. samþ. með 15 : 4 atkv.
— 570. feld með 14 : 4 atkv.
— 560,2. a.—c. tekin aftur.
— 585,9. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., S. St.
nei: Þorl. J., Þorst. J., B. St., E. Árna. E. J., H. K., P. J., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Ó. B.

Brtt. 560,2.d. samþ. með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., M. G., M. P., S. St., St. St., Sv. Ó., B. Sv., B. J., B. K., B. St.,

E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. M.

nei: M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., J. J., Ó. B.

Brtt. 585,10. kom því ekki til atkv.
— 585,11. samþ. með 17 : 3 atkv.
— 559,1. samþ. með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., H. K., J. J., J. B., Ó. B.
nei: M. G., M. P., Þór. J., B. J., B. K., E. A., G. Sv., J. M.

Brtt. 559,2. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: Þorst. J., B. St., E. Árna., E. J., H. K., J. B., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.
nei: Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. St.

Brtt. 585,12. samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., E. A., E. Árna., E J., G Sv., H. K., J. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., Ó. B.
nei: B. J., B. St., J. B., P. O., S. S., Sv. Ó.

Frv. afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um laun embættismanna,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd., (A. 624).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og hv. deild er kunnugt, er frv. þetta í fyrstunni komið frá stjórninni, og get jeg því um málið í heild sinni vísað til athugasemdanna við það. Jeg skal þó leyfa mjer að drepa á nokkur atriði til skýringar þeirri háttv. nefnd, sem fjalla á um málið. Og jeg vona, að jeg hafi leyfi hæstv. forseta til þess, að víkja nokkuð að einstökum atriðum, þó þetta sje fyrsta umr., einkum þar sem málið hefir verið til meðferðar í samvinnunefnd.

Þegar jeg samdi frv., leitaði jeg engrar samvinnu við embættismannastjett landsins,enda var þá engin föst skipun komin á fjelagsskap þeirra. En ef svo hefði verið, mundi hafa verið leitað samvinnu við fjelagið, eins og venja er nú orðin í slíkum málum annarsstaðar. Það er þess vegna að mestu leyti tilviljun, að kröfur stjórnarinnar fara að miklu leyti saman með kröfum þeim, sem embættismenn hafa sjálfir gert. Sjerstaklega vildi jeg benda á þetta að því er snertir ákvæðin um dýrtíðaruppbótina. Þau ljet jeg hagstofustjórann útbúa alveg sjálfstætt.

Eins og hv. deildarmönnum mun kunnugt, hefir frv. þetta tekið nokkrum smábreytingum í hv. Nd., að því er snertir föstu launin. Að vísu eru sumar þessar breytingar tæplega samrýmanlegar heildinni allri, en þó má það teljast smávægilegt. Jeg skal meira að segja viðurkenna þessar breytingar að því er kemur til hámarkshækkunarinnar á hæstu launum. Mjer var það fullljóst við samningu frv.,

að það var hlutfallslega ríkara í þeirra garð, sem lægri hafa launin, en hinna. En jeg hagaði þessu þannig í samræmi við þingsögu undanfarinna ára og það, sem ætla mætti óskir alls þorra manna í málinu, og því væri líklegast að fengi framgang. Sömuleiðis var farið allmikið eftir áliti launamálanefndarinnar og gögnum hennar, eins og sjálfsagt var. En þó auðvitað hafi ekki verið þræddar allar tillögur hennar, hefir það ekki verið af því, að þær væru í eðli sínu ósanngjarnar, heldur af hinu, að tímarnir eru nú breyttir frá því, sem þá var.

Í sjálfu sjer hafa ýmsar þessar hækkanir því eflaust verið rjettar í eðli sínu, og jeg hefi því enga ástæðu til þess að amast við þeim. Jeg vil samt benda á það, að saman borið við ýms önnur laun hefir ekki verið rjett að hækka ekki dálítið laun í aðstoðarbókavarðar og skjalavarðar. Jeg tel heldur ekki fyllilega rjetta breytinguna á launum sýslumannanna. Því þegar sú breyting var gerð, að flytja Skaftafells- og Barðastrandarsýslur úr lægsta upp í hærri launaflokk, þá virtist sanngjarnast, að sama regla hefði náð til Vestmannaeyja- og jafnvel Rangárvallasýslu. En þá virðist óviðkunnanlegt að hafa Dala- og Strandasýslur einar í lægra flokki, og tæpast taka því að skera þær út úr, jafnvel þó störfin sjeu á hvorugum staðnum meiri en hálft verk fyrir meðalmann.

Þá vil jeg í þessu sambandi geta stuttlega um meðferðina á lögreglustjóraembættinu á Siglufirði. Það sýnist sem sje eðlilegast og mest í samræmi við þær breytingar, sem jeg gat um síðast, að setja lögreglustjórann í sama launaflokk og aðra starfsbræður hans, í lægri sýslunum að minsta kosti. Það er sem sje áreiðanlegt, að laun hans eru alt of lág, og voru enda miðuð við alt aðrar ástæður en þær, er skapast við launafrv. Þessi lágu laun hans voru sem sje bygð á því, að lögreglustjórinn mundi hafa mjög miklar aukatekjur, en þeim verður hann nú sviftur.

Um aðstoðarmennina í stjórnarráðinu vil jeg taka það fram, að mjer finst, að saman borið við ýmsa aðra hefði átt að hækka laun þeirra um 4—500 kr. Aftur á móti get jeg ekki sagt það sama um skrifarana í stjórnarráðinu. Að vísu er hámarkið þar má ske ekki sett fullkomlega nógu hátt, en lágmarkið er nægilegt. Annarsstaðar er nú farið að skifta starfsmönnum þessum í tvo flokka, yngri skrifara með lægri laun og eldri skrifara með hærri laun, enda vinna þeir oft eins áríðandi störf og aðstoðarmennirnir. Annars eru byrjunarlaunin hjer fyllilega eins há og annarsstaðar tíðkast. Jeg vil líka benda á það í sambandi við þetta, að jeg tel sjálfsagt, að farið verði að taka kvenfólk sem skrifara í stjórnarráðinu, eins og annarsstaðar. Það er engin ástæða til þess að meina stúlkum aðgöngu að þeim störfum, allra helst þar sem þær vinna þau, að ýmsu leyti, engu ver en karlmenn.

Þegar jeg var að semja frv., ætlaði jeg að taka upp í það laun skrifstofustjóra Alþingis. Var leitað um þetta umsagnar hæstv. forseta, en talið þá efasamt, hvort rjett væri að taka þetta launaákvæði upp í frv., þar sem ráðstöfun þessa starfs væri alveg á valdi forsetanna. En jeg fyrir mitt leyti álít þó rjettast að gera skrifstofustjórann að föstum starfsmanni ríkisins, og ekkert ætti það að vera því til fyrirstöðu, þó eitthvað annað standi í þingskapalögunum nú, enda hafa hæstv. forsetar síðar látið í ljós, að þetta mundi rjett.

Jeg vil enn fremur geta þess, að lagfæra þarf 13. gr. nokkuð. Þar þarf sem sje að tiltaka hreint og beint laun holdsveikralæknisins. Það er sem sje engin ástæða til þess að binda þann lið við það: „meðan sú skipun helst, sem nú er“, þegar feld hefir verið breytingin um sameiningu hjeraðslæknisembættisins í Reykjavík og embættis

holdsveikralæknisins. Því verði þessu breytt, verður það gert með sjerstökum lögum, en þangað til þurfa launin auðvitað að vera fastákveðin.

Það er að vísu síður en svo, að jeg hafi á móti hækkun föstu launanna, en þó hefði jeg heldur kosið, að minna hefði verið gert að þeim breytingum, en heldur haldið till. stjórnarinnar um dýrtíðaruppbæturnar. Jeg tel hana sanngjarna og rjettláta.

Dýrtíðaruppbótartillaga stjórnarinnar var fullkomlega sanngjörn og rjettmæt, og allar breytingar, sem hv. Nd. hefir gert á 33. gr., eru til hins verra. Það er einsætt, að ef regla stjórnarinnar er rjett, þá er hver skerðing á reglunni röng. Þess vegna er það í fyrsta lagi rangt, eins og nú er í 33. gr., að miða uppbótina við tíma eftir að verðhækkun á nauðsynjum var byrjuð; það átti að sjálfsögðu að miða við tíma áður en hækkunin byrjaði. Það upplýstist líka í Nd., að þessi breyting var nánast komin inn í ógáti, með fram eða mestmegnis af því, að tillögumenn hugðu, að betra væri að afla skýrslna um verðlag 1914 en 1913.

Það er enn fremur rangt, eða skerðing á reglunni, að setja dýrtíðaruppbótinni takmörk að ofan. Ef regla stjórnarinnar er hæfileg, þá er takmörkunin röng. Jeg skal ekki segja, hvað hv. Ed. gerir að þessu leyti við greinina, en jeg vona, að hún hallist ekki að þeirri takmörkun, sem veldur beinum rangindum við einstaka menn. Jeg skal geta þess, að brtt. kom fram í Nd. um að setja takmarkið að ofan hærra, og var talsverð bót að henni, eftir atvikum, enda fjekk hún talsvert fylgi. En rjettast er að fella burtu takmörkunina að ofan.

Ef svo er, að ekki sje ódýrra að lifa í sveit en í kaupstöðum, þá ætti sveitaprestar að fá dýrtíðaruppbót, á sama hátt sem aðrir. Mín meining er að vísu sú, að þetta sje ekki rjett; jeg hygg, að mun ódýrra sje að lifa í sveit en í kaupstað. En þótt svo væri, og þess vegna væri eitthvað dregið úr uppbót sveitapresta, þá er regla sú, sem Nd. hefir sett um þetta í frv., ekki rjett. Setjum svo, að dýrtíðin lækki, og þá koma rangindin fram, því að þá hafa sveitaprestar, samkvæmt frv. nú, sömu uppbót sem áður. En vera má, að hjer verði fundin einhver önnur regla, t. d. laun prestanna lækkuð, uppbótin færð niður eða eitthvað þesskonar.

Einhver stærsta breyting, sem Nd. gerði á frv., var sú, að ætla læknum há laun að tiltölu, en hreyfa ekki við taxtanum. Stjórnin hafði tekið upp reglu, sem læknarnir sjálfir höfðu gefið tilefni til í fyrra, og þá virtust ánægðir með; en það verður varla hægt að átelja þá fyrir þetta, vegna þess, að þingið hefir gefið sjálft tilefni til þessa. Jeg skal geta þess, að í Nd. kom fram breytingartill. um lækkun launa lækna og hækkun taxtans; hafði hún talsvert fylgi, og virðist hafa aukist fylgi síðan.

En aðalatriðið í þessu máli er 33. gr., sem jeg vona að þessi hv. deild lagi sem mest í áttina til stjórnarfrv., og þá sjerstaklega tímatakmarkið fyrir gildi laganna, enda hefir það ákvæði fengið annað orðalag en flutningsmenn þess ætluðu, eða tilgangur þeirra var. Meiningin var, að eftir það tímatakmark, sem greinin setur, mætti endurskoða lögin. Þvílíkt ákvæði gæti verið hyggilegt, því að þótt frv. hafi verið vandlega íhugað að þessu leyti, þá er ekki loku fyrir það skotið, að eitthvert betra fyrirkomulag sjáist á næstu árum um vísitöluna, og er þá hyggilegt, að þingið hafi gert ráðstöfun til breytingar, ef þarf. En lengra en þetta er bæði óþarft og óhyggilegt að fara, því að ef þessi lög reynast vel, þá er óþarft að semja ný lög um þetta, en það væri nauðsynlegt, ef nefndu ákvæði yrði haldið óbreyttu.

Loks skal jeg geta þess um 8. gr. frv., að það var tilætlun mín, er jeg samdi frv., að embættismenn, sem hjeldu eftirlaunarjetti sínum, ættu að greiða alveg eins í tryggingarsjóð og lífeyrissjóð og hinir. Þetta hefir mikla þýðingu fyrir sjóði þessa, því að vöxtur þeirra og viðgangur er mikið undir því kominn, hvað borgað er í byrjun. Reynslan er sú, að slíkir sjóðir græða mest í byrjun. Jeg vona, að hv. nefnd athugi þetta atriði nákvæmlega, og hvort ekki muni jafnvel rjettara að hækka lífeyri og hækka þá jafnframt iðgjöldin.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg leit svo á, sem ekki væri að svo komnu ástæða til þess að tala mikið um þetta mál nú við 1. umr., eftir þá meðferð, sem það hefir fengið í hv. Nd., enda munu og allir hv. þingdm. hafa fylgst með gangi málsins, meðan það var til meðferðar þar. Jeg hefi því ekkert að segja um málið fyrir hönd nefndarinnar, á þessu stigi. Engar brtt. eru enn komnar við frv., enda þarf nefndin nokkurn tíma til að athuga það.

Þessi orð mín taka auðvitað ekki til þeirra aths., sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) gerði við frv.; það var einmitt nauðsynlegt að heyra álit hans, sökum breytinga þeirra, sem frv. hefir tekið, þótt jeg fari ekki út í þær nú, og mun nefndin að sjálfsögðu taka þær allar til alvarlegrar íhugunar. Að sjálfsögðu get jeg ekkert um það sagt enn, hverjar muni undirtektir nefndarinnar við athugasemdrir hæstv. forsætisráðherra (J. M.), enda má gera ráð fyrir, að hún verði ekki ein og óskift, en sjálfur er jeg samþykkur mörgum þeirra. Vænti jeg þess, að hæstv. forseti taki frv. ekki á dagskrá nema í samráði við nefndina.

Jeg skal, sem sagt, ekkert fara út í málið nú, enda er þess ekki þörf. Jeg get um hin almennu atriði vísað til nál., sem samvinnunefnd beggja deilda gaf út; er þar allítarlega gengið inn á helstu tildrög, lög og nauðsyn þessa máls, svo að nægilegt er til yfirlits. Jeg vil þó til athugunar hv. þingdm. leitast við að gera yfirlit yfir útkomu þá, sem er eða komið hefir fram í útgjaldadálkinum við þetta frv

Laun allra embættismanna landsins hækka
eftir stjórnarfrv. um .. .. .. 272,246 kr.
eftir till. nefndarinnar um .. 408,946 —
eftir meðferð Nd. um .. .. 427,750 —

Dýrtíðaruppbótin hækkar
eftir stjórnarfrv. um .. .. .. 170,000 kr.
eftir till. nefndarinnar um .. 468,000 —
eftir meðferð Nd. um .. .. 364,250 —

Laun og uppbót til samans hækka þannig
eftir stjórnarfrv. um .. .. .. 442,000 kr.
eftir till. nefndarinnar um .. 876,946 —
eftir meðferð Nd. um .. .. 792,000 —

Laun og dýrtíðaruppbót nemur samtals, eftir meðferð Nd., 2,128,100 kr., á móti 1,336.100 kr. áður. Þær breytingar, sem Nd. hefir gert á frv., frá því að nefndin skildist við það, eru nálægt 20,000 kr. hækkun á launum, en 103,000 kr. lækkun á dýrtíðaruppbót. En hjer er þess að gæta, að allur er þessi útreikningur miðaður við þann stuðul, sem nefndin notaði, sem sje 100%. En nú er mjer hermt, að líkur sjeu til þess, að stuðullinn lækki eftir verðlagi því, sem verði í haust, og muni nema nálægt 85%, og myndi þetta hafa æðimikil áhrif á kostnað landssjóðs, svo að eftir því myndi dýrtíðaruppbótin lækka líklega um 150 þús. kr., eða því sem næst. Þarf jeg svo ekki að sinni að tala um þetta mál, nema tilefni gefist til, ef athugasemdir kunna fram að koma frá einhverjum hv. þingdm.

Magnús Kristjánsson: Jeg skal að eins leyfa mjer að gera stutta fyrirspurn.

Mjer skilst svo, sem dýrtíðaruppbótin eftir frv. nái að eins til þeirra launa, sem frv. sjálft hefir að geyma. Nú er það vit-

anlegt, að eftir gildandi lögum eru það fleiri en þeir, sem í frv. eru taldir, sem notið hafa dýrtíðaruppbótar. Og þá verður spurningin sú, eftir hvaða reglum þessir menn eiga að taka dýrtíðaruppbót. Ef þeir ættu að taka dýrtíðaruppbót eftir lögunum, sem nú gilda um dýrtíðaruppbót, þá myndi koma fram talsverður munur, og þessir menn verða beittir misrjetti í samanburði við hina.

Það leiðir af sjálfu sjer, að setja verður ákveðin fyrirmæli um þetta, því að ella yrði öll uppbótartilhögunin á reiki. En mönnum ríður á að gera sjer þetta ljóst bráðlega, með því að fjárlögin eru nú svo langt komin, að ákvæði um þetta komast þar ekki að, nema því að eins, að nú þegar verði afráðið, hvernig þeim skuli hagað.

Forsætisráðherra (J. M.): Í Nd. kom fram svipuð athugasemd og nú kemur fram frá háttv. þm. Ak. (M. K.), og jeg svaraði henni þá á sama hátt sem jeg mun gera nú.

Dýrtíðaruppbót eftir þessu frv. er að eins reiknuð af þeim launum, sem frv. þetta hefir að geyma. Þetta frv. er ætlast til að taki upp alla þá starfsmenn landsins, sem fult starf hafa með höndum til frambúðar. Hinir, sem hjer eru ekki taldir, hafa annaðhvort aukastörf með höndum, eða þótt þeir hafi fult starf, þá eru þeir oftast ráðnir með samningi í hvert skifti, líkt og á sjer stað um vinnuhjú.

Þannig er það á sjúkrahúsunum og við ýms störf við landssímann og póstinn, að t. d. landssímastjórinn semur við þann, sem hann er að ráða, að hann taki að sjer starfið fyrir svo eða svo mikið á ári, eða þá einhver tiltekin föst laun og dýrtíðaruppbót. En það er rjett, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að það verður að taka tillit til þess í fjárlögunum.

Í frv. er ekkert ákveðið um dýrtíðaruppbót eftirlaunamanna, en jeg tel sjálfsagt, að stjórnin beri sig saman við nefndina um það, og jeg tel best fara á því, að þeir fái dýrtíðaruppbót eins og gert er ráð fyrir í frv. um uppbót á launum. Er öðru máli að gegna um þá en launamenn þá, er háttv. þm. Ak. (M. K.) talaði um, því að laun þeirra geta breyst á svo margvíslegan hátt.

Jeg tel sjálfsagt að nefndin hafi bygt á því, að dýrtíðaruppbótin 1920 yrði greidd eftir verðlaginu haustið 1919, og eftir almennum lögskýringarreglum ætti þá dýrtíðaruppbótin fyrir síðari hluta ársins 1919 að greiðast eftir verðlaginu haustið 1918, en það stendur hvergi beinlínis í frv. Væri má ske rjettara að láta það koma skýrar fram í niðurlagi frv. Það mætti líka reikna dýrtíðaruppbótina 1919 eftir verðlaginu haustið 1919. Ef svo væri, þyrfti að taka það fram, en væri nóg að það væri gert í nál.

Magnús Kristjánsson: Svar hæstv. forsætisráðherra (J. M.) var að vísu nokkurn veginn fullnægjandi, en þá verð jeg að líta svo á, að dýrtíðarlög þau, sem nú eru í gildi, falli niður jafnframt því, sem frv. þetta verður að lögum.

Það er því áríðandi, að mönnum sje þetta ljóst, og að tillit sje tekið til þess í fjárlögunum, eins og jeg hefi áður bent á.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er rjett hjá háttv. þm. Ak. (M. K.), að eftir frv. verða dýrtíðaruppbótarlögin áfram í gildi, en það er sjálfsagt, að háttv. nefnd athugi þetta og annað, sem er í sambandi við það, svo sem uppbót eftirlaunamanna. Og það er sjálfsagt, þegar það er gert, að nema dýrtíðaruppbótarlögin úr gildi. Þau hafa hvort sem er frá upphafi til enda verið ómynd. En jafnframt á að setja það ákvæði í þessi lög, að eftirlauna-

fólk eftir 18. gr. fjárlaganna fái dýrtíðaruppbót samkvæmt þeim.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Það var eðlilegt, að fyrirspurn sú, er háttv. þm. Ak. (M. K.) bar fram, kæmi hjer við umr., og hefir hæstv. forsætisráðherra svarað því svo sem þurfti, en í tilefni af því vil jeg bæta því við, að formaður nefndarinnar skýrði henni svo frá, að stjórnin myndi ræða þetta mál síðar við hana, eða jafnvel bera sjálf fram brtt. um það. Það dettur víst engum háttv. þm. í hug að svifta eftirlaunamenn dýrtíðaruppbót. Þeir mega áreiðanlega síst allra án hennar vera.

Jeg er samþykkur hæstv. forsætisráðherra (J. M.) um það, að reikna beri dýrtíðaruppbótina 1920 eftir verðstuðlinum haustið 1919, og uppbótina fyrir síðari hluta yfirstandandi árs verður að reikna eftir sama hlutfalli og uppbótina 1920.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 8. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 624, 682, 687, 705, 709).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 705 og 709, sem of seint var útbýtt.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Nefndin hefir tekið mál þetta til nokkurrar athugunar, en jeg get þó búist við, að hv. þingdm. þyki till. hennar ekki fyrirferðarmiklar, og er það að vísu eðlilegt, þar sem nefndin hefir fjallað um málið síðan í þingbyrjun. En frv. tók litlum breytingum í hv. Nd. frá niðurstöðu samvinnunefndarinnar, og þar sem sömu mennirnir nú aftur fjalla um málið, er ekki að vænta stórvægilegra eða gagngerðra breytinga frá þeirra hálfu. Á hinn bóginn verð jeg að telja rjettmætt, þó búist hefði verið við því, að þær brtt., sem einstakir hv. þingdm. kynnu að hafa hugsað sjer að bera fram, væru fram komnar, en að þær eru svo fáar, sem raun ber vitni, stafar að líkindum af því, hve skamt er síðan brtt. nefndarinnar var útbýtt. Þetta kemur þó væntanlega ekki að sök, þar sem þeir, er óska að bera fram brtt., geta komið með þær til 3. umr.

Nefndin hefir þó komið fram með nokkrar brtt. við frv., sem sumpart snerta ýmislegt, sem verið hafði til meðferðar í samvinnunefndinni, og sumpart hefir nýju verið bætt inn í, t. d. eftirlaunamönnum, sem ekki voru teknir með áður.

Nefndin hefir sjerstaklega athugað það, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) benti á við 1. umr. málsins, og hagað till. sínum að nokkru eftir þeim bendingum. Enn fremur hefir nefndin haft hliðsjón af till. frá sambandi starfsmanna ríkisins. Taldi hún eðlilegt og sjálfsagt, að þeir menn ljetu heyra óskir sínar og kröfur, og sjálfsagt, að fult tillit væri tekið til þeirra, að svo miklu leyti sem Alþingi teldi fært og rjettmætt, að minsta kosti í aðalatriðunum.

Það, sem nefndin hefir komið sjer saman um, þ. e. a. s. meiri hluti hennar, sjá hv. þingdm. á brtt. hennar á þgskj. 682. Jeg skal að eins geta þess, að allmikill meiri hluti í nefndinni var með þessum brtt., en aftur á móti var ágreiningur í nefndinni um ýms atriði, og í atkvæðagreiðslunni um þau hafa nefndarmenn að sjálfsögðu óbundnar hendur.

Fyrsta brtt. nefndarinnar miðar að því, að færa sýslumennina aftur í sama flokk og nefndin hafði upphaflega sett þá. Hjer er að eins um tvær sýslur að ræða, og eru þá ekki nema fjórar eftir, sem eiga að vera í sjerstökum flokki. Það verður nú ekki betur sjeð en að minsta kosti sumar af

þessum sýslum hefðu átt að koma í sama launaflokk og aðrar, sem skipað er annarsstaðar, og var þá eðlilegast, að þær fylgdust allar að. Nefndin vill nú ekki beita sjer fyrir að útiloka þessa flokkun algerlega, en vill þó bæta úr þessu með því, að hækka nokkuð laun lægsta flokksins.

Önnur brtt. nefndarinnar miðar að því, að bæta inn í frv. ákvæðum um innheimtulaun sýslumanna og bæjarfógeta. Það vakti fyrir nefndinni, að með aukatekjum væri hjer að eins átt við aukatekjur eftir aukatekjulögunum, en í brtt. er átt við aðrar aukatekjur, og þá sjerstaklega innheimtulaun af útflutningsgjaldi, innflutningsgjaldi, vörutolli og þess háttar. Um þetta var þó nokkur ágreiningur í nefndinni, þar sem sumir nefndarmenn vildu láta ákvæðið ná til allrar innheimtu, þar á meðal til ellistyrktarsjóðsgjaldsins. En jeg hygg, að það liggi í augum uppi, að þetta gjald sje ríkissjóði með öllu óviðkomandi. Vænti jeg, að þetta verði athugað nánar síðar.

Þriðja brtt. nefndarinnar fjallar um, að færa skipun læknaumdæmanna í sama horf og hún var upprunalega hjá nefndinni. Nefndinni fanst ekki ástæða til þess að víkja frá aðalreglunni og teyma einstök læknahjeruð út úr leið, og kippa þannig burt þeim aðalgrundvelli, sem hún hefir bygt læknaskipunina á. Hún leggur því til, að þessi þrjú læknisdæmi verði aftur færð í samt lag. Nefndin telur enda, að með lögum þessum sjeu kjör lækna yfirleitt svo mikið bætt, að ekki sje ástæða til reipdráttar um einstök læknisdæmi.

Fjórða brtt. er að eins orðabreyting. Setningin er óþörf, þar sem ekki er gert ráð fyrir að breyta stöðunni í bráð, eins og ætlað var í stjórnarfrv.

Fimta brtt. fer fram á, að laun fyrsta bókavarðar við Landsbókasafnið sjeu hækkuð um 500 kr. Nefndin leit svo á, að laun hans væru of lág, í samanburði við laun aðalbókavarðar, en aftur á móti fann nefndin ekki nægа ástæðu til þess að leggja til, að laun fyrir starf 2. bókavarðar yrðu einnig hækkuð, en ef til vill kemur fram brtt. í þá átt, og þá sjerstaklega með tilliti til núverandi 2. bókavarðar. Jeg tel alla sanngirni mæla með því, að laun þessa starfsmanns, 2. bókavarðar, verði ríflkuð, en jeg segi þetta fyrir eigin reikning, en hefi ekki umboð til að bera neitt fram fyrir hönd nefndarinnar.

Aftur á móti er ekki samkomulag í nefndinni um aðstoðarmanninn við skjalasafnið, og stafar það ef til vill að nokkru leyti af því, að sá maður nýtur á annan hátt fjár úr ríkissjóði, en hve rjettmætt er að setja hann hjá fyrir þá sök, skal jeg engan dóm á leggja.

Sjötta brtt. nefndarinnar er um það, að taka eftirlaunamenn upp í frv., og er hún sjálfsögð, enda enginn ágreiningur um það, að þeir eigi að njóta sömu dýrtíðaruppbótar og aðrir, og það er óhætt að segja, að þeir hafi að minsta kosti ekki minni þörf fyrir uppbótina heldur en aðrir.

Sjöunda og áttunda brtt. nefndarinnar eru viðvíkjandi því, að dýrtíðaruppbótin falli niður 1925, og sje miðuð við 1. október 1914. Að því er kemur til ákvæðisins um það, að uppbótin skuli niður falla 1925, er það álit nefndarinnar, að það í sjálfu sjer sje harla þýðingarlítið atriði. Á hinn bóginn telur nefndin það útlátalítið að taka til greina tilmæli sambands starfsmanna ríkisins um það, að þetta ákvæði sje felt burtu. Frá nefndarinnar sjónarmiði horfir málið þannig við, að Alþingi, sem nú má vænta að hjer eftir komi saman á hverju ári, ávalt hafi það í hendi sjer að taka lögin til endurskoðunar og breyta þeim eftir því, sem þá og þá horfir við.

Aftur á móti varð ekki samkomulag í nefndinni um það að fella burtu ákvæðið um að miða dýrtíðaruppbótina við verð-

lagið 1. október 1914. Jeg veit ekki, hvernig atkv. háttv. þingdeildarmanna kunna að falla um þetta atriði, en annars var það yfirleitt álit nefndarinnar, að þetta skifti ekki miklu máli. Þó má vænta þess, að þó miðað sje við haustið 1914, nemi uppbótin nálægt 100%, og það er það, sem altaf hefir verið gengið út frá og talið að eigi best við, eins og nú á stendur. Það er líklegt, að sú verði niðurstaðan, þó miðað sje við 1914. En, sem sagt, geta háttv. þingdeildarmenn skorið úr þessu.

Þá kem jeg að síðustu brtt. nefndarinnar, en hún ræðir um launauppbót presta. Í frv. er þeim prestum, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, ætluð hálf dýrtíðaruppbót, en brtt. nefndarinnar gengur í þá átt, að þeir fái ⅔ uppbótar þeirrar, er öðrum embættis- og starfsmönnum er ætluð eftir frv. — Þegar gengið er út frá því, að verðstuðullinn sje 100%, munar þetta ríkissjóð um 40 þús. kr., en þó um svo stóra upphæð sje að ræða, hikar nefndin ekki við að mæla með tillögu sinni, því ekkert rjettlæti mælir með því, að prestar fái ekki launauppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. — Að vísu má segja, að ódýrara sje að lifa í sveitum en kaupstöðum, en til þess sýnist tekið fult tillit með því að draga frá ⅓ af uppbótarupphæðinni.

Jeg sje, að komin er fram brtt. um þetta efni frá hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.), þar sem lagt er til, að launauppbót presta, sem búa í sveit og jörð hafa til ábúðar, sje takmörkuð við ⅓ uppbótar annara starfsmanna, og skal jeg ekki fjölyrða um þá till., þar sem háttv. flutnm. (S. F.) hefir enn ekki talað um hana. En það liggur í hlutarins eðli, að þar sem brtt. þessi brýtur bág við tillögur nefndarinnar, mun hún ekki geta greitt henni atkv.

Þetta eru þá þær tillögur, sem urðu ofan á í nefndinni, en búast má við, að ýms önnur atriði sjeu í frv. þessu, sem hv. Ed. vill skera úr fyrir sitt leyti.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) benti við 1. umr. þessa máls á ýmisleg atriði í frv., er hann taldi að væri ósamræmi í, og má vel vera, að það sje rjett, enda er það vandaatriði, og jafnan mikið álitamál, hvert hlutfall eigi að vera milli launa hinna ýmsu starfsmanna, og má margt um það mál segja áður en menn geta orðið sammála. Hann benti á laun 1. bókavarðar og aðstoðarmanna í stjórnarráðinu, er hann taldi hafa of lág laun eftir frv., saman borið við fulltrúa í stjórnarráðinu.

Nefndin hefir tekið til greina bendingar hans um að hækka laun 1. bókavarðar, en um laun aðstoðarmanna í stjórnarráðinu gerði nefndin, sem slík, enga ályktun, og hafa því nefndarmenn óbundin atkvæði, ef brtt. kæmi fram um það atriði.

Þá mintist hæstv. forsætisráðh. (J. M.) á, að ástæða væri til að athuga laun lögreglustjórans á Siglufirði. Nefndin komst ekki að neinu samkomulagi um það atriði. Jeg fyrir mitt leyti álít það ekki rjett, að teknar sjeu aukatekjur þessa manns, án þess að laun hans hækki. — En þetta kemur til af því, að málsgreinarnar hafa skift um sæti í greininni, þannig að aukatekjur hans hverfa, en það var ekki tilætlun stjórnarinnar.

Þá gat hæstv. forsætisráðh. (J. M.) þess, hvort ekki væri rjett að taka skrifstofustjóra Alþingis upp í frv., en það varð ekki ofan á í nefndinni. Skrifstofustjóri Alþingis er, svo sem kunnugt er, skipaður af forsetum til ákveðins tíma, og taldi nefndin sjálfsagt, að forsetar bættu honum upp laun sín í fullu samræmi við aðrar launabætur. — Að minsta kosti taldi nefndin rjettast, að breyting á þingsköpum færi fram áður en slíkt ákvæði væri sett í launalögin, en endurskoðun þingskapanna fer að sjálfsögðu fram um leið og stjórnar-

skrárbreytingin verður samþykt. Allir starfsmenn þingsins, hvort heldur þeir skipa þingbekk eða ekki, eru kosnir til ákveðins tíma, og auk þess lausir í starfi sínu, og taldi nefndin ekki rjett að víkja frá þeirri reglu, enda fult samkomulag um það, að draga þetta ekki undan umráðum forseta eða þingsins sjálfs.

Þá mintist hæstv. forsætisráðh. (J. M.) á það, hvort nefndin sæi sjer ekki fært að hækka hámark launa + dýrtíðaruppbótar upp úr 9500 kr., og tilmæli komu frá miðstjórn sambands starfsmanna ríkisins um, að það yrði gert. Nefndin sem slík hefir þó ekki sjeð sjer fært að koma með tillögu um að breyta þessu. Hún telur rjett, að sett sje eitthvert hámark, en álitamál er um það, hvort þetta hámark sje rjett. Álít jeg, að sumir nefndarmenn geti sætt sig við að greiða atkvæði með brtt. í þessa átt, ef hún kemur fram.

Með þessu frv. er bætt svo um laun embættismanna, að ef skýrsla háskólans um brúkun embættismannaheimilis er lögð til grundvallar, hafa þeir 500 kr. auk þess, sem þar er gert ráð fyrir að þeir noti til jafnaðar.

Tillögu hæstv. forsætisráðh. (J. M.) um það, að launauppbót presta, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, skuli vera ákveðin peningaupphæð, eins og ákveðið var í stjórnarfrv., gat nefndin ekki fallist á. Taldi hún rjett, að starfsmenn þessir hefðu hlutfallslega launauppbót við aðra starfsmenn, miðaða við það, hversu dýrt eða ódýrt væri að lifa.

Þá urðu umræður í nefndinni um það, hvort heldur embættismaður, er fær laun sín hækkuð eftir frv., ætti að greiða lífeyrisgjald það, er getur um í 8. gr., af öllum launum eftir frv., eða að eins þeirri hækkun, er verður á launum hans.

Niðurstaðan varð sú sama og hv. Nd. komst að, að hann skuli að eins greiða gjaldið af hækkuninni.

Með því að greiða lífeyrisgjald af öllum tekjunum, hefði sjóðurinn fengið auknar tekjur. En það hefði orðið vafasamur ágóði, þar sem útgjöld hans hefðu þá einnig hækkað, og ekki gott að reikna út, hvort hentugra hefði orðið.

Jeg álít, að þetta skifti ekki miklu máli fyrir lífeyrissjóðinn, en tel sanngjarnara gagnvart embættismönnunum, að þeir greiði einungis af tekjuaukanum, þar sem lífeyrisgjald og ekkjutrygging heggur talsvert skarð í tekjur þeirra.

Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að málaleitun kom fram frá sambandi starfsmanna ríkisins, þess efnis, að verðlagsskráin yrði miðuð við verðlag í Reykjavík, í stað verðlagsins í 4 aðalkaupstöðum landsins. Varð ekki samkomulag í nefndinni að verða við þessari kröfu, en sumir nefndarmenn voru þeirrar skoðunar, að það væri rjettast, og er mjer engin launung á, að jeg var einn meðal þeirra.

Jeg álít að eins flóknara að fara að eltast við verðlag úti um land, enda þess varla að vænta, að nokkur verulegur munur verði, og hann síst rjettlátur.

Þá hefir samband starfsmanna ríkisins farið fram á, að dýrtíðaruppbót þessa árs verði reiknuð eftir frv. fyrir alt árið, en ekki helming þess, eins og þar er gert ráð fyrir.

Má segja margt bæði með og móti þessari málaleitun, en nefndin áleit, að krafa þessi ætti ekki að ná fram að ganga, en dýrtíðaruppbót eftir frv. þessu væri rjett að reikna frá samkomudegi Alþingis í þetta sinni, eða frá 1. júlí.

Veit jeg ekki, hvort hv. deildarmenn vilja koma með brtt. í þessa átt.

Skal jeg svo gefa öðrum hv. þm. færi á að segja álit sitt á þessu máli.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg hefi komið fram með brtt. á þgskj. 705, og skal jeg

leyfa mjer að fara um hana nokkrum orðum.

Prestar til sveita hafa þau hlunnindi fram yfir aðra starfsmenn ríkisins, að þeir eiga kost á að fá bújarðir, sem venjulega eru bestu jarðirnar í hverri sveit.

Hafa þeir sumir haft, og hafa enn, jafnframt prestskapnum stórbú, er gefa af sjer allmiklar tekjur. Tekjur af búskap þeirra fara hækkandi með dýrtíðinni, eins og annað, og finst mjer ekki ástæða til, þar sem svo stendur á, að þeir fái sjerlega háa launauppbót.

Aðrir prestar hafa ekki gagn af jörðunum, eða að minsta kosti ekki stórbú á þeim, vegna þess, að þeir eru að eðlisfari ekki hneigðir til búskapar; og loks vantar unga presta skilyrði til að geta reist bú á jörðunum, sökum dýrtíðarinnar eða annara orsaka. Sýnist mjer sanngjarnt, að þeir fái fulla launauppbót.

Brtt. mín gengur í þá átt, að þeir, sem búskap stunda og hafa gagn af honum, fái ⅓ launauppbótar; en hinir, sem ekki hafa gagn af búskap, hvort sem það er af því, að þeir eru ekki færir um það, eða vegna viljaleysis, fái fulla uppbót, og sje prestum í sjálfsvald sett, hvora leiðina þeir vilja fara.

Magnús Kristjánsson: Jeg stóð upp til þess að bera fram fyrirspurn til hv. nefndar út af 1. og 3. brtt. hennar á þgskj. 682, sem mjer skilst þó að hafi ekki mikla þýðingu.

Mjer skilst, að skiftingin á launaþóknun sýslna og læknahjeraða sje gerð af handahófi, og sje jeg ekki, að breytingar þær, er nefndin leggur til að gerðar verði, sjeu til bóta. En ef nefndin getur ekki fært frekari rök en hún hefir gert að því, að breyting hennar sje sanngjörn, sje jeg mjer ekki fært að greiða atkvæði með henni. Þetta er ekki stórvægilegt atriði. En jeg vil vita og vera sannfærður um, að breytingin sje til bóta, áður en jeg get greitt henni atkv.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil leyfa mjer að benda hv. nefnd á það, að 2. brtt. hennar er óheppilega orðuð, þar sem hún er yfirgripsmeiri en nefndin hefir ætlast til.

Yrði brtt. samþ, myndi greinin hljóða svo: „Allar aukatekjur og lögmælt innheimtulaun, sem þessir embættismenn hafa notið hingað til, falla til ríkissjóðs“. Nú er þess að gæta, að sýslumenn og bæjarfógetar hafa haft, lögum samkvæmt, innheimtulaun af öðrum gjöldum en þeim, er renna til ríkissjóðs, svo sem ellistyrktarsjóðsgjöldum, vátryggingargjöldum o. fl. Hún ekki hafa verið tilætlun nefndarinnar, að þessi innheimtulaun fjellu niður, og því síður að þau rynnu í ríkissjóð, enda væri hlægilegt, ef ríkissjóður færi að taka skatt af ellistyrktarsjóði og vátryggingarsjóði. Þarf því að orða brtt. upp aftur, og mætti láta hana koma fram við 3. umr. í **nýjum** búningi.

Þá finst mjer ekki rjett að nema burt innheimtulaun af stimpilgjaldi. Samfara innheimtu stimpilgjaldsins er svo mikil peningaábyrgð, að mjer finst rangt og ósanngjarnt að ætla ekki neitt fyrir vanhöldum. Skal jeg í því sambandi benda á það, að samskonar ákvæði hefir ekki verið sett um frímerkjasölu, og virðast þó sömu ástæður vera fyrir hendi.

Jeg hafði ekki ætlað mjer að tala í þessu máli, en býst við að hv. nefnd hafi ekki veitt þessu eftirtekt, og vildi því vekja athygli hennar á því.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins örstutt aths. Fjárlögin eru til umræðu í Nd., og býst jeg því ekki við að geta setið á fundi í þessari hv. deild.

Jeg vil taka undir það með háttv. þm. Ak. (M. K.), að jeg sje enga ástæðu til að

fara að setja Skaftafellssýslu og Barðastrandarsýslu í lægri launaflokk en gert var í hv. Nd.

Jeg hefi verið sýslumaður í Skaftafellssýslu í 6 ár, og er því mjög kunnugur þar, og sömuleiðis hefi jeg verið sýslumaður í mörgum öðrum sýslum og get því borið þær saman.

Þegar jeg ber þær saman, sje jeg glögt, að ekki nær nokkurri átt að setja Skaftafellssýslu í lægri launaflokk en gert var í Nd. Sú sýsla er mjög erfið yfirferðar og þarf því á ungum starfskröftum að halda. Þar koma iðulega fyrir skipsströnd. —Þó þau hafi auðvitað verið minni síðan stríðið hófst — er gera það að verkum, að sýslumaðurinn þarf oft að vera langvistum burt frá skrifstofunni, en þá hrúgast auðvitað saman mikið af málefnum, er þarf afgreiðslu, og kemur því vinnan ójafnt niður. Er jeg fyrir mitt leyti í engum vafa um það, að sýsla þessi á undir öllum kringumstæðum að vera í 1. flokki.

Í Barðastrandasýslu hafa aukatekjur verið tiltölulega mjög miklar, og finst mjer því ranglæti að setja þá sýslu í lægri launaflokk en hv. Nd. gerði, þegar þeim er kipt burt.

Háttv. þm. munu nú ef til vill segja, að frv. þetta sje flutt af stjórnarinnar hálfu og því kynlegt, að jeg skuli tala á móti þeim breytingum, er ganga í þá átt, að færa það nær stjórnarfrv. En því er að svara á þá leið, að þó stjórnin flytji frv., þarf engan veginn svo að vera, að allir ráðherrarnir sjeu sammála um öll smáatriði.

Hvað Hornafjarðar- og Síðulæknishjeraði viðvíkur, finst mjer ekki rjett að flytja þau niður í lægri launaflokk, þar sem hvergi mun hafa verið örðugra að fá lækni en þar. (*Forseti*: Í 4 ár hefir enginn læknir fengist til að sækja um Síðuhjerað). Athugasemd hæstv. forseta sýnir, að sjálfsagt er að setja þetta hjerað í hæsta launaflokk. Vona jeg, að brtt. hv. nefndar verði ekki samþyktar, og álít, að það ætti ekki að koma til mála, þegar jafnskýrar upplýsingar eru fyrir hendi frá landlækni.

Jeg vildi taka þetta fram strax, þar sem fjárlagaumræður eru nú í Nd., og jeg býst því ekki við að geta verið við umr. í þessari hv. deild, en að sjálfsögðu mun jeg koma og greiða atkvæði um frv.

Eggert Pálsson: Það dylst víst engum, hversu vandasamt það er, bæði fyrir stjórnina, þingdeildina, nefndirnar og Alþingi í heild sinni, að ráða þessu máli sem best til lykta. Það má því nær svo að orði kveða, að þing og stjórn standi milli tveggja elda, þar sem annars vegar er á að líta, að gjaldþol landssjóðs er fremur lítið, en hins vegar þörf embættismanna til þess að draga fram lífið nokkurn veginn sæmilega, og ella viðbúið, að þeir hverfi eða verði að hverfa úr stöðum sínum. Það er við því búið, að þegar rekur að því, að bundinn verði endir á málið, verði margir óánægðir, bæði þeir, sem fyrst og fremst hugsa um hag landssjóðs, og eins hinir, sem mest bera laun embættismanna fyrir brjóstinu. Það er eðlilegt, þegar um svona mikinn lagabálk er að ræða, að sitt sýnist hverjum, einum sýnist of skamt farið, en öðrum of langt, og hafa komið fram raddir um það, að nefndinni hafi verið mislagðar hendur, sjerstaklega það er tekur til sýslumanna og lækna.

Um sýslumennina er það að segja, að Ed. nefndinni virtist ekki nema um tvent að velja, annað tveggja að kippa launum þeirra í það horf, sem þau voru í stjórnarfrv. — og gat nefndin í sjálfu sjer engan sjerstakan agnúa sjeð á þeirri flokkun — eða að kippa þeim fáu sýslum, sem eftir voru í lægsta flokki, í annan flokk. Nefndin hefir reynt að fara hjer milliveg, en þó

má vera, að hin leiðin sje vinsælli, sú, að kippa sýslunum upp.

Þá skal jeg snúa mjer að 12 gr., læknunum. Jeg fyrir mitt leyti hefi frá því fyrsta verið óánægður með þá skipun, sem þar er á launakjörum lækna. Ber það til fyrst og fremst, að munurinn á launakjörunum á lægst launuðu og hæst launuðu læknisembættunum, 1000 kr., er alt of mikill, og virðist þar fremur gæta þess, að litið sje á læknastjettina sjálfa, meir en á gagn og velferð þjóðarinnar í heild sinni. Það mun víst enginn neita því, að heppilegast muni að hafa góða lækna, þar sem fjölmennið er mest. En með því fyrirkomulagi, sem nú er á frv., að hafa föstu launin mest þar sem fámennið er mest, liggur það í augum uppi, að góðu læknarnir munu helst sækja þangað, en verri læknarnir vera í fjölmennari hjeruðunum. Það dylst víst engum, að læknir verður talsvert mikið að leggja að sjer með þeim taxta, sem nú gildir, til þess að hafa 1000 kr. í aukatekjur; má um þetta skírskota til skýrslna þeirra, sem læknar gáfu, er reikna skyldi út dýrtíðaruppbót þeirra. Og þó má telja það víst, að ekki hafi þeir fengið allar þær tekjur inn, svo að telja megi, að í þeirra vasa hafi runnið, þótt þeir að sjálfsögðu hafi rjett til þess að reikna sjer þær. Oss er öllum kunnugt um það, hversu oft læknar leiðbeina mönnum og gefa ráð, án þess að taka nokkuð fyrir, eða vitja t. d. rúmfastra sjúklinga, sem lengi liggja, í mörgum ferðum, án þess þeim detti í hug að taka fult fyrir. Jeg er sannfærður um það, að margur læknirinn tekur oft ekki nema þriðjung af því, sem honum ber, fyrir lækningar, og er það auðvitað á hvers eins valdi að gefa sem honum líst, en hitt er ómótmælanlegt, að rjett hefir hann til þess að telja slíkar lækningar með aukatekjum sínum, þegar um er að ræða útreikning á dýrtíðaruppbót hans. Það er því mjög sennilegt, eins og líka skýrslur læknanna sjálfra bentu til, fyrst er dýrtíðaruppbót skyldi reikna, að læknir í góðu hjeraði getur að jafnaði ekki haft meira en 1000 kr. í aukatekjur. En þá liggur það líka í augum uppi, að læknir kýs heldur að vera í vel launuðu hjeraði, þar sem lítið er að gera, en í illa eða miður launuðu hjeraði, þar sem mikið er að gera. Og rekur þá að því, sem jeg sagði áðan, að góðu læknarnir myndu fremur sækjast eftir best launuðu hjeruðunum. Því myndi jeg vilja færa frv. í sama búning sem það var í frá stjórnarinnar hendi. Enda eru nú komnar upplýsingar fram um það, meðal annara frá sjálfum landlækni, að sum þessara hjeraða sjeu óheppilega flokkuð, en því mætti að vísu bæta úr til 3. umr.

Jeg skal sneiða hjá fyrirspurnum þeim, sem beint hefir verið til nefndarinnar; geri jeg ráð fyrir því, að hv. frsm. (K. D.) muni sinna þeim.

En jeg finn mjer skylt að minnast á eina brtt. nefndarinnar, mest sakir stöðu minnar; á jeg hjer við hækkun dýrtíðaruppbótar til presta. Prestar eru sú stjett, sem bæði á þessu þingi og oftar hafa haft við ramman reip að draga. Menn hafa borið það fyrir, að prestar hefðu ekki þörf á launabótum vegna jarðarnota þeirra, er þeir hafa. Þetta mætti nú til sanns vegar færa, ef prestar gyldu ekki neitt fyrir þessi jarðarafnot. En mönnum gleymist það, að þeir gjalda fyrir ábúðarjarðir sínar eftir mati matsmanna, sem fer fram á lögskipuðum tímum. Þegar til kastanna kemur, hygg jeg, að ekki verði sagt, að mikið kveði að þeim launabótum, sem prestum eru ætluð, og gæti svo farið, að þær yrðu næsta litlar. Byrjunarlaun presta eru nú 1300 kr., en eftir frv. 2000 kr. Setjum nú svo — enda er mjer kunnugt, að víða hagar svo til — að prestur taki í heimatekjum sínum 700 kr., og fær hann þá viðbótina, 600 kr., úr prestlaunasjóði. Næsta ár, 1920, kemur nýtt mat, og er þá ekki ósennilegt, að heimatekjurnar,

sem áður voru metnar á 700 kr., verði metnar 1400 kr. Og hver er þá launabótin, sem þeir prestar fá? Hún er = 0. Þeir hafa 600 kr. viðbót úr prestlaunasjóði, eins og áður. Ef nú dýrtíðaruppbótin yrði einnig af skornum skamti til prestanna, þá er það augljóst, að ekki er hætishót bætt úr kjörum prestanna.

Það má annars oft heyra talað um presta í þeim tón, eins og væru þeir landssjóðinum ýkjaþung byrði. Það má næstum finna það á þeim mönnum, sem svo tala, eins og þeir haldi, að prestar fái allar tekjur sínar úr landssjóði. Slíkir menn gæta þess ekki, að ýmsar tekjugreinar eru til, sem beinlínis heyra til kirkjunni. Má hjer til nefna nefskattinn, tekjur af kirkjujörðum landsins, eftirgjald prestssetranna o. fl. Þetta alt saman lagt nemur svo miklu, að ekki verður ýkjamikið eftir, sem landssjóður leggur til.

Þegar á alt er litið, vænti jeg þess vegna, að mönnum þyki ekki sanngjarnt að fara eins langt niður á við í þessu atriði og hv. Nd. hefir gert, og að mönnum þyki sú leið, sem nefndin hjer leggur til að velja sje, sigurvænlegur millivegur, með því og að munurinn á sveitaprestum og kaupstaðaprestum er ærinn alt um það.

Hv. 1. landsk. varaþm. (S F.) hefir komið fram með brtt. um niðurfelling dýrtíðaruppbótar handa prestum, sem búa. Jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti þessari brtt., enda hygg jeg, að þeir mundu fleiri en færri prestarnir, sem vinna vildu til að hætta búskap, og fá þá í staðinn fulla dýrtíðaruppbót. En á hitt er að líta, að hjer virðist munu vera um tvíeggjað vopn að ræða, því að það gefur að skilja, að mjög er hægt að fara í kring um þetta. Prestar myndu geta búið áfram í raun og veru, þótt þeir fengju einhvern annan til þess að skrifa sig fyrir búinu, og þannig fengið fulla dýrtíðaruppbót. Jeg segi ekki, að þetta kunni að koma fyrir, en það gæti átt sjer stað. Mjer þykir því efasamt, að þessi leið sje farandi.

Loks skal jeg fara nokkrum orðum um brtt. mína á þgskj. 687, sem lýtur að því, að fella niður ritfje tveggja embættismanna, sem sje landlæknis og biskups. Þessir menn eru einir embættismanna, sem skamtað er ritfje. Samkvæmt 5. gr. frv. er ætlast til þess, að ritfje sje goldið embættismönnum, sem skrifstofu hafa, eftir skýrslu þeirra um kostnaðinn. Samkvæmt þessu mega póstmenn, vegamálastjóri, vitamálastjóri o. s. frv. senda stjórnarráðinu skýrslu um skrifstofukostnað sinn, en þessir tveir gamalreyndu embættismenn, biskup og landlæknir, eru teknir út úr. Annaðhvort er þeim ekki trúað til þess að gera þessa skýrslu samviskusamlega, eða menn halda, að 1000 kr. sje nóg í skrifstofukostnað þeirra. Röksemdinni, að þeim væri ekki treystandi, ef fram væri færð, er ekki vert að svara. En síðari röksemdin nær ekki heldur nokkurri átt. Að því er mig minnir, var á dögum Hallgríms biskups sett inn þetta ákvæði um ritfje handa biskupi, og hefir það því gilt um hálangan tíma, að ritfjeð væri 1000 kr. En það er sama að segja um þennan útgjaldalið sem aðra, að hann hlýtur að vera orðinn ónógur sakir dýrtíðar. Jeg sje þess vegna ekki, hvers vegna þessir liðir ættu að standa, auk þess sem það er afkáralegt að taka þessa embættismenn eina út úr.

Að svo komnu máli þarf jeg ekki að fara fleiri orðum um frv.

Halldór Steinsson. Háttv. formaður nefndarinnar (E. P.) hefir nú skýrt frá skoðun sinni um læknaskipun landsins. Eins og hv. deild er kunnugt, hafði samvinnunefnd beggja deilda aðallega farið eftir till. læknafundarins, en læknafundurinn hafði aðallega skift hjeruðunum eftir mannfjölda. En þegar málið kom til

Nd., þá komu einstakir þm. með brtt í þá átt, að færa hjeruðin til milli flokkanna, og var því svo breytt þar að nokkru leyti. En þegar frv. kom til nefndarinnar hjer, fjelst hún á það, að færa frv. í sama búning sem áður, að þessu leyti. Hæstv. forseti hefir nú upplýst það, að erfitt væri að fá lækni í eitt hjerað, sem sje Síðuhjerað. Þetta má vel vera, en hitt er þó víst, að eftir fólksfjölda á það hjerað að vera í 2. flokki. Það má vel vera, að örðugleikar sjeu miklir í þessu hjeraði, en ef líta ætti á það, þá mundu fleiri hjeruð en Síðan koma til greina. Þetta er þó ekki svo að skilja, að jeg vilji sjerstaklega spyrna á móti því, að þessari tilfærslu sje breytt.

Jeg get ekki verið sammála hv. formanni nefndarinnar (E. P.) um það, að ekki hafi verið tekin rjett stefna í læknamálinu. Segir hann, að stefna sú, sem tekin hafi verið, muni leiða til þess, að bestu læknarnir lendi í fámennustu hjeruðunum. En þetta er rangt. Þótt þessi munur sje á launum, þá er hins vegar svo mikill munur á praxis, að læknar eru miklu betur settir í lægst launuðu hjeruðunum en í hinum. Það er mikið rjett, að læknafundurinn hafði til athugunar kjör læknanna, og leit svo á, að læknum væri ómögulegt að lifa fyrir lægri laun. Maður, sem hefir 400 til 500 kr. í aukatekjur, getur ekki lifað fyrir minna en 3500 kr. að auki. Er þetta svo ljóst, að jeg þarf ekki að eyða fleiri orðum að því.

Jeg skal þá snúa mjer að brtt., sem jeg hefi flutt um það, að dýrtíðaruppbótin verði miðuð við verðlag í Reykjavík, en ekki við verðlag í fjórum höfuðkaupstöðum landsins, eins og frv. nú ætlast til. Í fyrsta lagi er þetta ákvæði mjög ógreinilegt, eins og það er orðað. Því að hverjir eru þessir 4 kaupstaðir landsins? Líklega myndi það svo lagt út, að átt væri við Reykjavík, Ísafjörð, Akureyri og Seyðisfjörð, af því að þeir eru hver í sínum landsfjórðungi. En til eru þó stærri kaupstaðir hjer en Seyðisfjörður. Hafnarfjörður og Vestmannaeyjar eru fólksfleiri staðir en Seyðisfjörður, og það er við búið, að á næstu árum verði fleiri staðir, sem fái kaupstaðarrjettindi; ef á að taka fleiri staði en Reykjavík, þá væri rjettast að nafngreina þá. Annars væri það rjettara, ef miða á við sinn stað í fjórðungi hverjum, að hver starfsmaður ríkisins fengi dýrtíðaruppbót, eftir því, hvernig verðlagið er í fjórðungi þeim, sem hann er búsettur í, Austfirðingar eftir Seyðisfirði, Norðlendingar eftir Akureyri o. s. frv., en fyrir því er ekki ráð gert í frv. Jeg játa það, að mismunurinn er ekki mikill, en þar sem allur þorri starfsmanna ríkisins býr á Suðurlandi, þá er rjettast að miða uppbótina við Reykjavík. Auk þessa hefir hagstofustjórinn skýrt mjer frá, að verra sje að reikna vísitöluna með þessu, og að hún verði ekki eins ábyggileg. Þetta er auðskilið. Jeg vænti þess, að hv. þm. sjái, að þessi till. stefnir í rjetta átt, og auk þess er hún ekki um annað en að setja í frv. þær skorður, sem það var í um þetta, er það kom frá stjórninni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það fer að vonum, að till. hv. nefndar raska ekki frv. mjög frá því, sem það var samþykt í hv. Nd., þar sem launanefndir beggja hv. deilda hafa unnið saman að málinu, frá því á öndverðu þinginu. Munurinn er helst á 33. gr. Aðalbrtt. er 9. brtt. nefndarinnar, og vil jeg minnast á hana, og í sambandi við hana á brtt. hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.)

Hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) mintist á það, að hlunnindi þau, er prestarnir hefðu, jörð og bú, væru mikils virði. Það kann nú að vera, að svo megi segja, en óneitanlega virðist það ekki benda til þess, að svo sje, hversu fáir guðfræðingar sækja um brauð, að þeir líti svo á, að hjer sje um mikil hlunnindi að ræða. Jeg sje altaf hjer

í bænum fleiri og færri guðfræðikandidata og uppgjafapresta, sem eru við allskonar störf, bæði hjer á þingi og úti um bæ, og bendir það síst á, að þeim þyki álitlegt að taka við starfa í sveitaprestaköllum. Sumir hafa reynsluna fyrir sjer með þessi svo kölluðu hlunnindi, en ýmsir þeirra hafa gefist upp við kjörin, og það mætir menn, fyrir flestra hluta sakir.

Jeg verð að líta svo á, að prestastjettin hafi yfirleitt verið þarfasta stjett landsins, og svo sje enn, og jeg tel, að hið lægsta, sem hægt sje að fara fram á með dýrtíðaruppbót þeirra, sje till. nefndarinnar. Ef laun þeirra verða svo eins og frv. og nefndin ráðgerir, mætti segja, að þeir gætu betur fylgt köllun sinni, keypt ný guðfræðirit og gefið sjer betri tíma til prestlegra starfa yfirleitt. Jeg vil benda á það, sem annars liggur í augum uppi, þó þess virðist eigi nægilega gætt nú af sumum hv. þm., að *samlíf* prestanna við söfnuðinn er mjög mikils virði, og eitt þýðingarmesta atriðið í framkomu þeirra; þeir verða, og eiga að vera, hold af holdi safnaðarins. Það verður affarasælast.

Ef prestarnir hættu að búa, en það gæti verið afleiðing af till. hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.), þá má einnig benda á það, að það er kunnugt, að jarðir, sem ekki eru í fastri ábúð, níðast niður og stórskemmast, lenda jafnvel í örtröð, þótt eitthvað lifi altaf eftir, þegar þær hafa áður verið í góðri rækt. En prestarnir gætu ekki leigt jarðirnar, nema frá ári til árs. Jeg held því, að afleiðingar þeirrar till. sjeu ekki heillavænlegar, frá hvaða hlið sem á málið er litið, ef till. nær fram að ganga.

Magnús Torfason: Það lítur út fyrir, að það eigi að spara þingkostnaðinn — ekki lagt í húsið — en hafa frv. fyrir eldsneyti, en það hefir ekki tekist hvað mig snertir.

Jeg skil svo 8. gr., að það sje ætlunin, að lögin verki aftur fyrir sig, og er það alveg ný meðferð um slík lög. Það hefir áður verið gert einu sinni, til skaða fyrir embættismennina. Það var þegar Ísafjörður var látinn vera út undan, en það hefndi sín, maðurinn sótti burtu og eftirmaður hans bakaði landssjóði 40—50 þús. kr. útgjöld. Sjerstaklega er þetta tilfinnanlegt fyrir þá embættismenn, er hafa hærri laun; það gerir þetta ákvæði um að laun og uppbót megi ekki nema meiru en 9500 kr. á ári.

Þá vil jeg benda á það, að síðast í 3. málsgr. 8. gr. er talað um sýslumenn og bæjarfógeta, en er þá ætlunin, að lögreglustjóri Reykjavíkur sje undanskilinn? Ef svo er ekki, hefði átt að nefna hann.

Þá er 11. gr. Í 3. málsgr. hennar er talað um sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og í 4. málsgr. um sýslumanninn í Vestmannaeyjum, en við höfum bæjarfógeta í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum. Nú er mjer spurn, er þetta með ásettu ráði gert? Jeg sje ekki, hvers vegna sýslumaðurinn og bæjarfógetinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu á ekki að vera í sama flokki og hinir bæjarfógetarnir, og þegar um bæjarfógetann í Vestmannaeyjum er að ræða, þá verðum við að muna það, að hann er jafnframt umboðsmaður landssjóðs í Eyjunum, og það starf eykst með hverju ári. Það er því nauðsynlegt fyrir ríkissjóð að eiga þar völ á góðum manni í embættið.

Í 11. gr. er talað um kostnað við starfrækslu þessara embætta, en þar sjest ekki, hvort ætlast er til þess, að þessi flokkur sje dagpeningalaus á ferðalögum. Nú hafa þeir enga dagpeninga, en þessu hagar alt öðruvísi þegar ræða er um menn á föstum launum; því meira sem þeir hafa að gera, því meira verða þeir að vera frá heimilum sínum, og þeim mun meiri verður ferðakostnaður þeirra, og launaafgangur minni. Þetta gat gengið á meðan aukatekjurnar

voru, því þá mátti segja, að þær væru nokkurskonar uppbót.

Hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) mintist á, að ýmsum starfsmönnum væri ætlað mistalningarfje, og vil jeg í því sambandi minna á, að þessum embættum, einkum þeim stærri, fylgir feikna-peningaábyrgð; jeg veit t. d., að á Ísafirði er það um ½ miljón króna, er gengur í gegnum hendur þessa embættismanns á ári. En það er ekki eingöngu peningaábyrgðin, heldur og enn önnur merkilegri ábyrgð, nefnilega það, að tekjurnar sjeu rjett settar. Það er til nokkuð, sem heitir úrskurður stjórnarráðsins. Þessir úrskurðir koma vanalega 2—3 árum eftir að innheimtan fór fram, og þeir dæma oft sýslumenn til að greiða svo nefnd vanheimt gjöld. Þannig var einu sinni sýslumaður eltur í 3 sýslur fyrir 1 — einn — eyri. Á ríkissjóður að greiða þessar skyssur t. d. þegar um útlending er að ræða, sem farinn er úr landi? Í sambandi við sýslumennina eru aðrir starfsmenn, er heita umboðsmenn; mjer skilst, að það eigi ekki að afnema þá. Á þá þóknun til þeirra að greiðast af skrifstofufjenu? Því ekki geta þeir fengið einhvern hluta af innheimtulaunum eða skipagjöldin, eins og verið hefir.

Greinin stefnir yfirleitt að því, að gera jöfnuð á embættunum, og má segja, að það sje gott frá almennu sjónarmiði og svari til þeirra skoðana, er nú ríkja mest úti um heiminn. Jeg skal leiða þetta hjá mjer, en jeg vil benda á, að þar sem mikið er um ferðalög og annríki, þarf ungan og duglegan ferðamann, en þegar hann tekur að eldast og þreytast til ferða, þá er það skylda stjórnarinnar að flytja hann í annað hægara embætti.

Þá vildi jeg athuga ofurlítið 12. gr. Samkvæmt henni sje jeg ekki annað en að það sje sjálfgefið fyrir landlækni að sækja um Hesteyrar- eða Nauteyrarlæknishjerað, því hann getur sem landlæknir ekki haft meira en 9500 kr. árslaun, en læknirinn í þessum læknishjeruðum o. fl. hafa 9000 kr. föst laun og auk þess praxis og svo ágætan tíma til margs annars. Jeg segi þetta ekki vegna þess, að jeg ætli að bera fram till. um að lækka laun þessara lækna, því jeg veit vel, hvernig á þessu stendur. Það kemur af læknapólitíkinni, er var flutt hjer 1917, en hvort sú stefna er hyggileg er annað mál. Þá var löggjafarvaldið kúgað til að ganga inn á þá braut, sem það gerði, og er gott dæmi þess uppbótin á aukatekjum læknanna. Það er sagt, að einn læknir hafi gefið upp svo miklar aukatekjur, að dýrtíðaruppbótin af þeim nam 4800 kr., svo hann hafði alls um 15,000 kr. tekjur af læknisstarfinu; auk þess má ske einhver sprúttrecept, sem hann hefir ekki sett á reikninginn, sem jeg skal ekki um segja. Jeg hygg nú, að stjórnarráðið hefði getað sett upp í þá eyðu, sem var í lögunum um þetta, og skoða það í sambandi við aðra dýrtíðaruppbót, að það mætti ekki nema meiru en eitthverju tilteknu, og hefði þá mátt, ef þess álitist þörf, setja bráðabirgðalög um það. En jeg átel ekki, þótt svo hafi ekki verið gert. Jeg efa ekki, að stjórnarráðið hafi verið til neytt að gera svo, og það hefði bara gert ilt verra að halda þessu fyrir þeim. Jeg segi þetta hjer vegna þess, að verið er að jafna menn, og það á þann hátt, að sjerstaklega er lagst á fremstu og þýðingarmestu embættin. Þessi stefna er ekki holl fyrir þjóðfjelagið, og er jeg viss um, að hún reynist með tíð og tíma stórskaðleg. Það þarf eitthvað til að keppa um í embættisstjettinni, en með þessu er komið í veg fyrir alla rjettláta kepni. Það má ekki heldur sníða svo laun helstu embættismannanna, að þeir geti ekki komið fram samkvæmt stöðu sinni. Og jeg fyrir mitt leyti er fastur á því, að árangurinn af þessu verður ekki neitt betri, síður en svo, en af læknapólitíkinni 1917.

Þá vildi jeg spyrja hæstv. forseta, hvort kostnaðurinn við starfrækslu landlæknisembættisins sje ekki margfalt meiri en hann var áður, fyrir svo sem 5 árum? (Forseti: Jú). Jeg þóttist viss um, að svo væri. Jeg veit, að kostnaðurinn við starfrækslu sýslumannsembættisins á Ísafirði hefir mikið meira en þrefaldast frá því, sem hann var fyrir 15 árum. Því hætta er á því, að embættinu verði illa þjónað, ef ekki er breytt á 5 ára fresti. En það er því meiri ástæða til þess að láta slíkt ekki geta komið fyrir, þar sem hvötin til þess að gæta hagsmuna landssjóðs er vafalaust tekin af embættismönnum með því að svifta þá aukatekjum sínum. Jeg er því hræddur um, að það sje öðru nær en að þetta ákvæði launalaganna verði til að spara.

Jeg vil líka benda á það, að það er öðru nær en að laun embættismanna hækki í raun og veru, eins og í lögunum er gefið í skyn, þegar aukatekjur eru teknar frá, en þær hafa oft og einatt verið megnið af tekjum þeirra. Jeg sje ekki heldur, hvernig verður hjá því komist að láta þá menn, sem hafa mikla peningaábyrgð, hafa eitthvað fyrir vanhöldum.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil leyfa mjer að minnast nokkuð á þær brtt., sem fram eru komnar, og þá fyrst á þær, sem komnar eru frá háttv. nefnd.

Fyrst er þá breytingin á 11. gr., um það, að færa Skaftafells- og Barðastrandarsýslur aftur í 3. flokk. Jeg skal ekkert um það segja, hvort þetta er í raun og veru rjett. Af atriði er þessi breyting varla. En annars finst mjer munurinn orðinn svo lítill, að það taki því tæpast að hafa hann nokkurn, einkum þar sem nefndin vill nú hækka launin um 200 kr. Sparnaðurinn af þessu yrði líka svo lítill, að ekki tekur því hans vegna að halda í skiftingu, sem deila má eins um og þessa hvort rjett sje. Jeg held því, að rjettara væri, úr því sem komið er, að skifta að eins í tvo flokka.

Í öðru lagi vil jeg minnast á brtt. á þgskj. 682. Þar vil jeg þó að eins taka það fram, að sú var ætlun bæði stjórnarfrv. og háttv. nefndar, að sýslumenn hefðu engar tekjur af embættum sínum nema föstu launin, en aftur á móti skyldi reikna allan kostnað við embættisrekstur þeirra sjerstaklega.

En um allar þessar breytingar yfirleitt, úr einum flokki í annan, verð jeg að segja það, þótt það komi stjórninni ekki beinlínis við, eins og frv. liggur nú fyrir, að jeg tel það að ýmsu leyti varhugavert að breyta mikið þeirri skipun, sem háttv. Nd. hefir gert í þessum efnum, og jeg vil þar, í sambandi við ákvæðin um læknana, sjerstaklega benda á örðugleikana, sem á því hafa verið að fá lækni í Síðu- og Hróarstunguhjeruð. En það ætti að vera merki þess, að ástæða væri til þess að launa þau vel. Annars getur ávalt verið álitamál um slíka hluti og ekki vert að hleypa þeim í eld milli deildanna, enda er hjer lítill munur á upphæðum. Sama er að segja um sýslumennina. Þar hefði jeg helst ráðið háttv. deild til að hrófla ekki við skipun Nd., nema sú skipun yrði þá almennt tekin upp, að tvískifta þeim embættum.

Þá vil jeg þakka nefndinni fyrir það, að hafa tekið upp till. um eftirlaunin, sem hún gerði. Það er auðsjáanlega langrjettast að binda uppbótina við þá embættismenn, sem launalagafrv. fjallar um. Sömuleiðis verð jeg að telja breytingarnar á 33. gr. rjettmætar, en skal hins vegar ekkert um það segja, hvernig þeim verður tekið í háttv. Nd.

Jeg skal svo ekki að öðru leyti tala sjerstaklega um brtt. háttv. nefndar, en get verið henni þakklátur fyrir þær yfirleitt, eins og frv. lá fyrir.

Þá vil jeg snúa mjer að breytingum einstakra háttv. þm. Fyrst skal jeg þá geta þess, í sambandi við brtt. á þgskj. 687, að í upphafi var það eiginlega hugsunin að setja ekkert ákvæði um skrifstofufje í launafrv. Stefnan var sem sje sú, að fastákveða launin fyrir starfið sjálft, en borga rekstur þess aukalega. En það var í ógáti, að till. um skrifstofufje landlæknis var tekin í frv. Það er því í samræmi við frv. í heild sinni, að taka þaðan burtu ritfje biskups og landlæknis, og jeg get því mælt með brtt. með því fororði, að liðirnir verði teknir upp í fjárlögin.

Þá er brtt. á þgskj. 705. Þar var sú athugasemd gerð í háttv. Nd., að ekki væri ástæða til að miða við skyldu presta til að búa í kaupstað. En nú lítur kirkjustjórnin svo á, að ýmsir prestar skuli beinlínis búa í verslunarstað eða kaupstað og að ekki sje um það að villast, hverjir það sjeu. Þess vegna ætti það ekki að valda neinum misskilningi, hverjir skuli hafa fulla uppbót og hverjir að eins nokkurn hluta. En samkvæmt brtt. er þessu þannig farið, að það á að vera undir hverjum presti komið sjálfum, hvort hann vill búa eða ekki. Það mætti líka athuga í þessu sambandi, hvort það mundi heppilegra fyrir hið opinbera, að prestar búi sjálfir eða leigi einhverjum og einhverjum. Jeg fyrir mitt leyti tel það ekki of mikla kröfu, þótt þeim væri gert að skyldu að búa sjálfir, þótt jeg viðurkenni hins vegar, að sumum þeirra væri það örðugt. Mjer fyndist því rjettara að láta haldast orðalag frv. um þessi atriði.

Næst er þá brtt. á þgskj. 709. Hún er eflaust til bóta, sjerstaklega af því, að mjög örðugt var að reikna út verðstuðulinn eftir því, sem stóð í frv. í Nd., og hefir hagstofustjóri látið í ljós, að það væri verulegum vandkvæðum bundið. Þar að auki er það ósanngjarnt að ýmsu leyti. Tæplega væri líka sanngjarnt að láta alla kaupstaðina hafa jöfn áhrif, því það er ekki rjett að leggja bæ með 1500 íbúum til jafns við bæ með 15000 íbúum.

Þá skal jeg leyfa mjer að svara fyrirspurn háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Það er alveg rjett, sem hann sagði um sýslumennina í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum, og jeg vona, að það megi eftir ákvörðun hæstv. forseta breyta þessu. Það er og rjett, að embættismaður sá, sem hjer er við átt, heitir í Vestmannaeyjum bæjarfógeti, en ekki sýslumaður. En þótt það sje satt, að nöfnin hafi hjer ekki verið alveg rjett, þá leiðir ekki af því, að skipa þurfi viðkomandi mönnum í annan flokk en áður. Sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sýnist mjer ekki nauðsynlegt að setja á annan bekk en aðra sýslumenn. Því þótt hann hafi á hendi bæjarstjórastörf fyrir Hafnfirðinga, þá mun það borgað sjerstaklega og er ríkissjóði óviðkomandi. Um lögreglustjóraembættið á Siglufirði þarf jeg ekki að svara háttv. þm. Ísaf. (M. T.) öðru en því, sem jeg hefi þegar tekið fram, að jeg tel rjettast að setja hann að öllu leyti í flokk með sýslumönnum og bæjarfógetum, fyrst horfið er frá því, að hafa hann sem einskonar hreppstjóra, en að eins með hærri launum og virðulegra nafni.

Launalögin gera enga breytingu um ferðakostnað eða dagpeninga sýslumanna. Það má ákveða með sjerstökum lögum dagpeninga sýslumanna á ferðalögum, sem nauðsynleg eru, t. d. vegna sakamálsrannsókna. Eins mætti taka tillit til þessa þegar um rekstrarkostnað embættisins er að ræða. En launalögunum kemur þetta ekkert við.

Sama er að segja um peningaábyrgð sýslumanna. Það stendur alveg fyrir utan launalögin. Og ekki virðist heldur ástæða til að gera neina breytingu á þeim efnum frá því, sem nú er. Fyrir stríðið þóttu það afskaplega tekjumikil embætti, sem höfðu

10—12 þúsundir í tekjur. Kostnaður við þau embætti getur maður talið að hafi verið 5—6 þúsund, og nettotekjurnar frá 5—6 þús. Þetta voru hálaunuð embætti. Ef maður nú gerir ráð fyrir, að sýslumenn yrðu fyrir halla, þá væru þeir því illa settir. En það er ekki hægt við því að gera, eins og fyrirkomulagið er. Það má náttúrlega segja, að þetta sje dálítið hart. En menn, sem taka við þessum embættum, verða að gangast undir slíka ábyrgð, og hafa altaf gert það hiklaust. Svona löguð ábyrgð er heldur ekkert einsdæmi. Verslunarstjórar og fleiri verða að sæta sömu kostum. Svona hefir það verið frá ómunatíð. Og vert er að taka eftir því, að varla hefir komið fyrir, að embættismaður, sem gætir allrar reglu, hafi tapað nokkru verulegu við þetta. Það get jeg sagt um, því mjer er vel kunnugt um fjárskil embættismanna. Mjer virðist alt of mikið gert úr þessari ábyrgð. Í öðrum löndum er ekki gerð nein veruleg uppbót fyrir mistalning. Það er að vísu eitt, sem sýslumenn hafa haft ástæðu til að kvarta yfir í seinni tíð, og það er yfirskoðunin á vörutollinum. Úrskurðirnir hafa komið mjög seint, jafnvel tveim árum á eftir. En mjer vitanlega hefir þetta ekki komið mjög hart niður á neinum. Jeg geri því lítið úr hættunni af peningaábyrgð sýslumanna, og það með góðri samvisku, því jeg þykist þekkja þetta á við hvern annan.

Jeg skal kannast við, að laun fyrir þau embættisstörf, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) taldi ábyrgðarmest, eru tiltölulega lág. Stjórnin sneið tillögur sínar að nokkru leyti eftir því, sem gerst hefir á undanförnum þingum. Þingmenn hafa viljað borga starfsmönnum ríkisins aðallega með tilliti til þess, sem menn þyrftu til framfærslu fjölskyldum sínum, og ekki tekið í kaupgjaldinu mikið tillit til embættisvirðingar eða ábyrgðar. Það má vel vera, að ekki hafi verið rjett af stjórninni að taka tillit til þessa anda í þinginu. En jeg taldi rjett að sníða tillögur mínar mikið eftir því, hvað væri líklegt til að ná samþykki þingsins. Og jeg vil segja, að laun sýslumanna og bæjarfógeta sjeu sanngjarnlega áætluð í frv., eftir því sem þau laun hafa verið hingað til, ef hæfilegur starfrækslukostnaður verður ákveðinn. Það kann að koma fyrir í einstökum tilfellum, að starfrækslukostnaður, sem ákveðinn hefir verið fyrirfram til 5 ára, reynist of lítill, en geti sýslumaður sannað að svo sje, má telja sjálfsagt, að honum yrði sjeð fyrir sjerstakri fjárveitingu. En takmörk þarf að setja fyrir skrifstofukostnaði, því annars kynni hann að vaxa ríkissjóði yfir höfuð.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar meira en búið er.

Magnús Torfason: Í tilefni af orðum hæstv. forsætisráðherra (J. M.) vildi jeg gera örfáar athugasemdir.

Eins og launalögin eru nú úr garði gerð, myndi enginn óvitlaus maður sækja úr Snæfellsnessýslu í Ísafjarðarsýslu, til dæmis að taka. Vegna dýrtíðarhámarksins yrðu launin jöfn, en Ísafjarðarsýsla svo ólíkt erfiðari og ábyrgðarmeiri. Og það má hæstv. forsætisráðherra (J. M.) vita, að ekkert þrái jeg heitar en að losna við þessa stöðugu peningaábyrgð, sem sífelt vofir yfir manni. Hún liggur þyngra á okkur sýslumönnunum en flestir gera sjer ljóst. Við stærri sýslumannsembættin þarf samskonar bókhald og við bankana; það þarf bæði bókara og gjaldkera, ef full trygging á að vera. Að því, er snertir úrskurði stjórnarráðsins á starfrækslukostnaðinum, má benda á, að komið hefir fyrir, að stjórnarráðið hefir felt ranga úrskurði, enda stundum hopað frá þeim. Það hefir komið fram í því, að stjórnarráðið hefir

ekki viljað hleypa úrskurðum sínum til dómstólanna, þegar hlutaðeigendur hafa þverskallast við að hlýða þeim. (*Fjármálaráðherra*: Á þingmaðurinn við einhverja ákveðna úrskurði?). Jeg er nú búinn að vera sýslumaður í 25 ár, svo hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) þarf ekki að taka þetta sjerstaklega til sín.

Það var samnmæli hjá hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að vörutollsúrskurðirnir geta verið afleitir viðfangs. Ef viðkomandi maður t. d. var farinn af landi burt, sat sýslumaður eftir með skaðann. Auk þess hafa vörutollslögin verið misjafnlega skilin, og úrskurðað öðruvísi eitt árið en annað. Úrskurðum hjer á landi má ekki jafna við úrskurði annarsstaðar. Í Danmörku er það t. d. svo, að ef vafi leikur á því, hvernig beri að skilja eitthvert lagaákvæði, þá gefur viðkomandi ráðuneyti út reglur um það, hvernig beri að skilja það. Svona er það ekki hjerna. Stjórnarráðsúrskurðir koma ekki einu sinni í Stjórnartíðindunum.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) gerði lítið úr vanhöldum sýslumanna, en óviðráðanlegt tap þeirra getur oft numið hundruðum króna, og það þarf geysimikla yfirlegu, ef embættismaðurinn á altaf að geta trygt sig gegn því, að þurfa að borga nokkuð úr eigin vasa. Að því er snertir stimpilmerkin, þá ætlast enginn til, að alt standi heima. Það gildir nákvæmlega sama um þau og frímerkjasölu póstmanna, enda fá þeir 4% af sölunni fyrir vanhöldum. Auk þess hafa þeir það, sem þeir græða á gengismismun. Þessar smáaukatekjur eru sjálfsagðar og ættu að fylgja öllum örðugum embættum. Svo er það að minsta kosti í fyrirmyndarlandi okkar Danmörku.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) gat þess, að laun hæstu embættismanna væru að eins þurftarlaun, og sagði, að stjórninni hefði ekki þótt ráðlegt að fara hærra, vegna andans í ráðstöfunum undanfarandi þinga. En jeg vil halda, að launin sjeu ekki einu sinni svo há, að þau sjeu fullkomlega þurftarlaun. Embættismenn komast venjulega ekki í hærri embættin fyr en á efra aldri, á þeim árum, sem uppeldi barnanna kostar mest. En launin eru ekki miðuð við þann kostnað. Embættismenn eiga ekki að hafa ráð á að manna börn sín eins og þarf. Það má vel vera, að það sje góð regla að gera embættismönnum ókleift að gera börn sín að embættismönnum. Með því væri það trygt, að embættisstjettirnar fengju altaf nýtt blóð frá „kapítalistunum".

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að svona hefði það verið undanfarið. Jeg veit það vel, að löggjöf síðustu 30 áranna um laun embættismanna hefir ekki verið til neinnar fyrirmyndar. Með ári hverju hafa launakjörin hríðversnað. Að mínuáliti hafa embættismennirnir verið fjarska þolinmóðir. Jeg fæ ekki skilið, að það sje nokkur ástæða til að launa embættismönnum ver fyrir það, þó þeir margir hverjir hafi tapað stórfje á stríðinu. Best er að vera sanngjarn og forðast alt misrjetti.

Mjer telst til, að sparnaðurinn af hámarkinu verði ekki meiri en 20—30 þús. kr. Sá sparnaður borgar sig ekki. Jeg er ekki ráðinn í því, en býst þó við að koma með brtt. um þetta við 3. umr.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg hefi ekki tilefni til að halda langa ræðu.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) vildi fá að vita, af hverju nefndin hefði komið með 1. og 3. brtt. á þgsk. 682. Nefndinni eru þessar till. ekkert kappsmál, en telur þær þó sanngjarnar. Það er sanngjarnt að gera mun á sýslumönnum, því störf þeirra eru misjafnlega margbrotin. Hjer er ekki um neitt stórfje að ræða, en horfir þó heldur til sparnaðar og er í samræmi við þá reglu, að hafa stigmun á launum í sama flokki. Viðvíkjandi læknahjeruðunum þótti nefndinni rjettast að fylgja reglum læknafjelagsins

sjálfs; það hefir hvort sem er verið mestu ráðandi um laun lækna. Hygg jeg, að varla þurfi nú að hræðast, að nein læknishjeruð verði óskipuð eftir að þessi lög koma í gildi, hvað sem verið hefir hingað til

Háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) gerði athugasemd við 2. brtt. nefndarinnar, og játa jeg, að aðfinslur hans hafi verið á rökum bygðar, og tekur nefndin brtt. aftur að þessu sinni.

Aðrar till. nefndarinnar hafa ekki mætt teljanlegum mótmælum. Jeg vil því minnast stuttlega á aðrar brtt.

Hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) gerir brtt. um, að prestar, sem í sveit búa, hafi ⅓ dýrtíðaruppbótar, en kaupstaðaprestar þó ⅔. Brtt. er af góðum huga gerð, en það er við hana að athuga, að ef hún verður samþykt, geta prestar ráðið því, hve mikla dýrtíðaruppbót þeir vilja fá, að eins með því, að fá bú sitt í hendur einhverjum öðrum, að nafninu til. Jeg býst ekki við, að till. yrði til neinna bóta, þó hún sje gerð af góðgirni.

Brtt. einstakra þm. getur nefndin ekki mælt með.

Út af því, sem tekið er fram í 3. málsgrein. 8. gr., að laun embættismanna skuli talin svo, sem lögin hefðu verið í gildi er þeir fengu fyrst embættið eða samkynja embætti, hefir hæstv. forsætisráðh. (J M.) gert þá athugasemd, að tilgangurinn sje, að lögreglustjóraembætti teljist samkynja sýslumanna- og bæjarfógetaembættum, þótt það sje ekki nefnt í málsgreininni, og vil jeg lýsa yfir, að nefndin er honum sammála um þetta.

Sama vil jeg, að gefnu tilefni frá póstmeistaranum, taka fram um póstmenn, sem hafa samkynja starf og þeim áður var veitt, þótt þeir fái nú annað nafn í hinum nýju póstlögum, og hefir hæstv. forsætisráðh. (J. M.) látið í ljós við mig, að hann líti einnig svo á, að þeir eigi að fá laun eins og lögin hafi verið í gildi er þeim var veitt starfið.

Sigurjón Friðjónsson: Hv. frsm. (K. D) hefir misskilið till. mína. Mín ætlun hefir aldrei verið að opna dyrnar fyrir prestum til að flytja í kaupstaðina, til að ná í hærri launaviðbót. Tilgangur minn var sá, að tryggja prestum, sem hætta sveitabúskap, fulla launabót, þó þeir sitji kyrrir í sveitinni. Mjer var fyllilega ljóst, að þetta gæti haft þau áhrif, að búandi prestar legðu niður búskapinn, en jeg hygg, að það yrði eingöngu til bóta. Þetta verkaði í þá átt, að búskapurinn væri skilinn frá prestsskapnum, og sá skilnaður hygg jeg að yrði fult eins gagnlegur eins og aðskilnaður ríkis og kirkju. Jeg lít svo á, að breyting hljóti að verða áður en langt um líður á verksviði presta og skipun prestakalla. Prestsstörfunum er sífelt að fækka. Barnafræðslan er að miklu leyti farin úr höndum þeirra. Húsvitjanir eru að leggjast niður. En á hinn bóginn er farið fram á að auka laun þeirra. Þetta held jeg að hljóti að leiða til þess, að prestaköllum verði stórfækkað og prestum verði með því móti fengið meira að gera, en búskapurinn þá tekinn af þeim um leið, og launin hækkuð á borð við það, sem er hjá öðrum embættismönnum, sem enn getur ekki heitið að sje.

Halldór Steinsson: Ræða hv. þm. Ísaf. (M. T.) var öfgafull, eins og þeim háttv. þm. hættir við, þegar hann hefir sett sjer að hrekja það, sem er óhrekjandi með heilbrigðum rökum. Hann byrjaði á landlækni og hjelt því fram, að laun hans yrðu lakari en annara lækna, enda mundi að því leiða, að hann færi að sækja norður á Hornstrandir. Eftir frv. hefir landlæknir 3500 kr. hærri laun en lægst launaði læknirinn, en 2500 kr. hærri en sá hæsti. Skekkja háttv. þm. Ísaf. (M. T.) liggur í því, að

hann gerir engan mun á föstum launum og dýrtíðaruppbót. Hann virðist halda, að dýrtíðin verði eilíf.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) ber fram till. um, að landlækni verði borgað ritfje eftir reikningi. Það er sanngjörn till., sem jeg býst við að verði samþykt, en þá batna líka kjör landlæknis, og verða þau ekki talin annað en sæmileg.

Þá sagði háttv. þm. Ísaf. (M. T.) að „miðlungslæknir" hafi á síðasta ári haft 8000 kr. í aukatekjur. Jeg veit ekki, hvort hann hefir sagt þetta í niðrunarskyni, að læknir sá, sem hann á við, sje ekki nema miðlungslæknir, eða hann hefir átt við, að læknirinn hafi haft miðlungstekjur. En hvor meiningin sem er, þá er hún röng. Læknirinn, sem háttv. þm. (M. T.) á við, hefir altaf verið talinn góður læknir, og tekjur hans voru langhæstu aukatekjur á landinu. Einn læknir gaf jafnvel upp ekki meira en 100 kr. aukatekjur, svo ekki er við 8000 kr. að miða. Jeg get fullyrt, að meðalaukatekjur fara ekki fram úr 1400—1500 kr. En háttv. þm. Ísaf. (M. T.) má sjálfum sjer um kenna, að dýrtíðaruppbót lækna var greidd á síðasta ári af aukatekjum. Hann var einn af fylgismönnum þess fyrirkomulags.

Forsætisráðherra (J. M.): Það eru að eins örfáar athugasemdir.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) mintist sjerstaklega á það í seinni ræðu sinni, hversu lítill munur væri gerður á launum þeirra sýslumanna og bæjarfógeta, sem mesta peningaábyrgð hefðu og mest að gera, og hinna, sem minna hefðu að gera og minni peningaábyrgð. Það er rjett, að lítill munur er gerður. Það er ekki farið hátt með hæstu launin og álitamál, hvort ekki hefði átt að fara hærra. En þetta er ekki stjórninni að kenna. Eftir stjórnarfrv. voru dýrtíðaruppbótinni ekki sett nein takmörk, en hv. Nd. takmarkaði hana við 9500 kr., er gerir það að verkum, að launin verða mjög jöfn meðan dýrtíðin helst. Takmörkun þessi var gerð til þess að takmarka útgjöld ríkissjóðs. Var þessi takmörkun brot á þeirri reglu, sem að öðru leyti var viðurkend í frv., og ef átt hefði að setja nokkra takmörkun, er þessi of lágt sett. Um þetta er jeg því samdóma hv. þm. Ísaf. (M. T.).

En hitt get jeg ekki viðurkent, að launin sjeu ekki sanngjarnlega ákveðin í frv., miðað við, hvað ríkissjóður getur borgað. Auðvitað er ekki hægt að segja nákvæmlega um það, hvort landið er ríkt eða fátækt eftir fólkstölu. En ætla má, að það sje ekki ríkt, og ef svo er, er hægt að krefjast, að það launi eftir megni, en ekki fram yfir það. Ómögulegt er að segja annað en frv., eins og það var af stjórnarinnar hálfu lagt fyrir Alþingi, hafi verið tiltölulega sanngjarnt í garð embættismanna og þar gengið eins langt og hægt var. Samanburður launa er altaf álitamál, og þegar tekið er tillit til þess, að sýslumenn og bæjarfógetar hafa eftir skoðun almennings verið álitnir best launaðir hingað til, er ekki að furða, þó mismunur á launum þeirra, frá því sem var og verður samkvæmt frv., verði minni en annarsstaðar.

Jeg varð að fara frá um stund, svo jeg heyrði ekki þann kafla úr ræðu háttv. þm. Ísaf. (M. T.), sem hv. þm. Snæf. (H. St.) mintist á og snerti læknana, enda kemur ekki sjerstaklega til minna kasta að verja þau ákvæði.

Jeg álít nauðsynlegt að borga þeim svo vel, að hægt sje að halda þeim í embættum. (*M. T.*: Borga þeim eins og þeir setja upp). En hitt, hvernig dýrtíðaruppbót þeirra var ákveðin í fyrra, var hvorki þeim eða stjórninni að kenna. Þeir báðu um, að taxtinn væri hækkaður, og áleit jeg fyrir mitt leyti það heppilegt, en þingið vildi ekki líta við þeirri beiðni og ákvað, að þeir skyldu fá dýrtíðaruppbót, er næmi hálfum aukatekjum þeirra. Sjálft þingið ber því ámælið af

því, að dýrtíðaruppbót lækna var ekki heppilega ákveðin, og hefði það þó getað sagt sjer sjálft, að svo myndi fara. Stjórnin var auðvitað bundin við lögin eins og þau komu frá þinginu, og tel jeg, að tæplega hafi verið heimild til að breyta þeim með bráðabirgðalögum.

Háttv. frsm. (K. D.) var að bera saman bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum, en sjerstaklega þó bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði og á Seyðisfirði. Ef til vill hefir bæjarfógetinn í Hafnarfirði fult eins mikið að gera og bæjarfógetinn á Seyðisfirði, en þess er að gæta, að bæjarfógetinn í Hafnarfirði hefir ekki embættisskyldu til að vera borgarstjóri þar, enda hefir hann sjerstök laun frá bænum fyrir það, en bæjarfógetinn á Seyðisfirði er, eins og bæjarfógetinn á Ísafirði, skyldugur til að sinna bæjarmálum kauplaust. Það er þessi mikli munur, að bæjarfógetinn í Hafnarfirði er frá landsins hálfu laus við að skifta sjer af bæjarmálum, en bæjarfógetinn á Seyðisfirði ekki. Á sama hátt fær bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum sjerstakt kaup fyrir að veita bæjarmálunum forstöðu.

Það er þessi munur, sem rjettlætir það, að bæjarfógetarnir í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum eru settir í lægri launaflokk en bæjarfógetinn á Seyðisfirði.

Mjer skildist á háttv. þm. Ísaf. (M. T.), að launafrv. hefði ekki verið sanngjarnt í garð embættismanna eins og það kom frá stjórninni. (*M. T.*: Jeg sagði, að kæmi fram misrjetti í því). Það er alt annað mál, og skal jeg ekki fara út í það. Jeg vissi ekki betur en að embættismenn yfirleitt hafi talið það viðunandi, ef það gengi óbreytt gegnum þingið, og er það sönnun þess, að hæfilegt tillit var tekið til embættismannanna af stjórnarinnar hálfu.

Jeg játa það, að betra hefði verið að geta borið sig saman við stjórn sambands starfsmanna ríkisins, þegar frv. var samið. Annarsstaðar hefir slíkur fjelagsskapur mjög mikil áhrif á slík málefni. En sá fjelagsskapur varð ekki til fyr en jeg hafði samið frv.

En merkilegt er, að launabæturnar eftir frv. fara mjög í sömu átt og embættismennirnir höfðu hugsað sjer, án þess nokkuð hafi verið hægt að bera saman.

Það er altaf hægt að segja, að misrjetti komi fram í frv., en jeg býst við, að enginn geti gert svo öllum líki.

Að vísu hefði verið æskilegt að geta borgað hærri laun, en jeg efast um, hvort það er fært.

Magnús Kristjánsson: Háttv. frsm. (K D.) gat þess, að hann hefði heldur kosið, að brtt. hefðu legið fyrir frá þm., en fyrirspurnir og bendingar til nefndarinnar. Jeg lít svo á, að það sje kurteisari aðferð að fara fyrst þá leið að bera sig saman við nefndina og vita, hvort samkomulag geti orðið, án þess að brtt. komi fram, er oft geta orðið um of að kappsmáli.

Þess vegna kaus jeg heldur að koma fram með bendingar, og get jeg ekki annað sagt en að þær hafi borið góðan árangur, þar sem háttv. frsm. (K. D.) hefir lýst yfir því, að þær verði að nokkru leyti teknar til greina.

Það vakti fyrir mjer, að flokkun sýslnanna væri af handahófi, og áleit jeg nóg að hafa 2 flokka, en ef hafðir eru fleiri flokkar, kemur varla til máls, að fleiri en 3 sýslur sjeu í 3. flokki, en þær eru Rangárvallasýsla, Dalasýsla og Strandasýsla. Þetta er mitt álit, sem jeg vildi beina til nefndarinnar, og þá einnig um leið, hvort ekki væri vasturssminna að hafa að eins 2 flokka.

Vegna þess, að bendingar frá mjer hafa borið góðan árangur, skal jeg leyfa mjer að skjóta einni bendingu enn til nefndarinnar.

Samkvæmt 8. brtt. hennar er lagt til, að orðin: „frá 1. október 1914“ falli burtu, og

er það í sjálfu sjer eðlilegt. En ef ekkert kemur í stað orðanna, finst mjer verða þarna hálfgerð eyða, og fæ jeg ekki sjeð, við hvað á að miða. (*K. D.*: Það kemur seinna). Það má vel vera, en svo kemur fram brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.), og þar er lagt til, að í stað „í 4 aðalkaupstöðum landsins" komi „í Reykjavík. Verði sú brtt. samþ., þá stendur eftir „1914", og getur það ekki samrýmst orðalaginu að framan, ef brtt. nefndarinnar verður samþ. Vildi jeg, að nefndin athugaði þetta. En auðvitað fer þetta eftir því, hvað samþykt verður.

Skal jeg svo leyfa mjer að benda á, viðvíkjandi 12. gr., að mig furðar á, að aukalæknirinn á Ísafirði skuli hafa verið tekinn upp í launafrv. Starfi þessi hefir aldrei verið skoðaður sem fast embætti.

Vil jeg beina til nefndarinnar, hvort hún vill ekki athuga þetta atriði, og mun jeg grenslast eftir áliti hennar um það, hvort *hún vilji láta nema þennan lið úr* 12. gr. eða ekki. Fari svo, að hún komist að þeirri niðurstöðu, að þessi liður skuli haldast óbreyttur, mun jeg annaðhvort koma fram með brtt. þess efnis, að hann falli burt úr launafrv. og komi í fjárlögin, eða með viðaukatillögu um, að öðrum lækni verði bætt við, sem líkt stendur á með.

Skal jeg svo ekki orðlengja frekar um þetta að þessu sinni, þar sem það er ekki vani minn að lengja umr. að óþörfu

Guðmundur Ólafsson: Það hafa þegar orðið fjörugar umræður um þetta mál, og það á milli manna, sem búast má við að hafi vit á því, því það eru tómir embættismenn, sem þekkja betur til málsins en við bændurnir, enda hefir orðið hnotabit á milli þeirra.

Jeg ætlaði aðallega að minnast á brtt. hv. þm. Snæf. (H. St.), á þgskj. 709. Samskonar brtt. kom fram í samvinnunefndinni í launamálinu, en fjekk ekki fylgi meiri hluta nefndarinnar, enda finst mjer hljóta að vera sanngjarnara að miða verðlagið við 4 aðalkaupstaði landsins en Reykjavík eina. Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) taldi brtt. til bóta, og gat þess sjerstaklega, að útreikningurinn yrði þægilegri. Get jeg hugsað mjer, að það sje rjett, því auðveldara er að afla upplýsinga um verðlag á vörum í einum kaupstað en fjórum, en þar með hygg jeg að kostirnir sjeu taldir, því það hlýtur að gefa gleggra yfirlit yfir verðlag á öllu landinu, að taka 4 kaupstaði í stað eins. Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) taldi ósanngjarnt að setja kaupstað með 1500 íbúum á bekk með kaupstað með 15 þús. íbúum við verðlagsútreikninginn, en þess er að gæta, að margir fleiri versla í kaupstöðunum en íbúarnir einir, t. d. sveitirnar, og hefir það auðvitað áhrif á verðlagið, enda tók hann fámennasta kaupstaðinn til samanburðar.

Mjer þótti það hálfeinkennilegt, að hæstv. *forsætisráðh.* (J. M.) skyldi mæla helst með þeim brtt. einstakra þm., er ganga lengst móti stjórnarfrv., t. d. brtt. háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), en móti brtt. háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F.), en hún fór næst því, er stendur í stjórnarfrv. Finst mjer það illa farið, að flutningsmönnum frv. skuli þykja það lakast, er kemur frá þeim sjálfum, og því fremur þegar um stjórnarfrv. er að ræða.

Nefndin hafði bundið sig við skipun þá á læknahjeruðum, er læknafundurinn lagði til að gerð yrði. Hv. Nd. breytti því á þá leið, að hún færði 3 hjeruð upp í hærri launaflokk. Sje jeg ekki, að betri grundvöllur fáist til að byggja á en álit læknafundarins, og því ástæðulaust að flytja þessi hjeruð um set.

Frv. þetta er nú búið að ganga á milli beggja deilda. Hafa komið fjölmargar brtt. við það og þær flestar verið taldar til bóta. Líst mjer því ekki á blikuna, og álít jeg, að ef til vill hefði verið eins mikil ástæða til að

vísa því aftur til stjórnarinnar og frv. um refaeldi, enda býst jeg fastlega við, að lögin þurfi fljótt lagfæringar við.

Forsætisráðherra (J.M.): Það er að eins lítil leiðbeining út af ræðu hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.). Hann sagði, að jeg hefði helst mælt með þeim brtt., er fjarstar hefðu verið stjórnarfrv. Þessum orðum sínum getur háttv. þm. (G. Ó.) ekki fundið stað nema um eina smábreytingu. Öðrum breytingum, sem fóru í þá átt, að gera frv. samkvæmara stjórnarfrv., mælti jeg ekki móti. Jeg mælti með hækkun bráðabirgðauppbótar presta, en úr því að munurinn á sýslumannslaunum í 2. og 3. flokki var færður niður í 200 kr., taldi jeg rjettast að láta skipulag Nd. haldast eða hafa að eins 2 flokka. Annað hefir ekki getað gefið hv. þm. (G. Ó.) tilefni til að segja, að jeg væri ósamkvæmur stjórnarfrv.

Það var rjett, að jeg taldi rjettast að nema skrifstofukostnaðinn úr frv., en að öðru leyti eru ummæli hans gripin úr lausu lofti.

Magnús Torfason: Að eins stutt athugasemd út af orðum hv. þm. Snæf. (H. St.). Hann rjeðst á mig, eins og „plagsiður" hans er, þegar hann vissi mig dauðan, og brá mjer um öfgar og prócuratorshæfileika, starf, sem jeg hefi aldrei fengist við. En ræða hans minti mig á nokkuð, sem smakkast svo vel og kallað er „lummur".

Þessi háttv. þm. (H. St.) hafði það eftir mjer, að jeg hefði sagt, að að því gæti rekið, að landlæknir yrði sóttur til Hesteyrarhjeraðs, en jeg sagði, að ástæða væri fyrir landlækni að sækja um hjerað, t. d. Hesteyrarhjerað, með því að hann myndi þá fá betri kjör. En eftir öllu, sem fram hefir komið hjá læknastjettinni til landlæknis, skil jeg þetta svo mætavel.

Út af fyrirspurn minni til hæstv. forsætisráðh. (J. M.) skal jeg geta þess, að vel hefði mátt setja bráðabirgðalög með því ákvæði, að útborgun færi ekki fram, nema þingið samþykti.

Háttv. þm. Snæf. (H. St.) sagði, að jeg hefði þulið harmagrát eða harmagrút vegna minnar stjettar. Sú stjett hefir nú engan forsvarsmann átt í launanefndum þingsins, en báðir læknar þingsins eiga sæti í þeim nefndum, enda ber frv. þess vott, að læknastjettin hefir haft þar talsmenn, þótt það muni raunar rjett, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að ekki væri hægt annað en verða við kröfum læknastjettarinnar.

Loks skal jeg geta þess, að jeg gleymdi að gera eina fyrirspurn til hæstv. forsætisráðh. (J. M.) um 33. gr. Þar stendur, að þeir, sem laun taki eftir lögum þessum, fái dýrtíðaruppbót eftir þeim. Þá er spurningin um þá menn, sem taka laun eftir eldri lögum og halda embættum sínum. Eftir hverjum reglum eiga þeir að fá uppbót? Vera má, að ætlast sje til, að þeir fái enga uppbót; væru þá lög þessi hrein kúgunarlög.

Guðmundur Ólafsson: Það var von, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) færist svo orð, með því að hann heyrði ekki til mín. Hann mintist á sýslumennina, sem jeg hafði ekki minst á, og taldi þar eitt dæmi til, sem rök fyrir mínu máli. Stjórnin fellst þá á það, að hægt sje að breyta frv. til bóta, og styrkir það mitt mál, enda tjáir stjórnin sig nú meðmælta ⅔ uppbótar til presta, í stað ½, sem er mikið nær því, sem stóð í frv. stjórnarinnar. Sýnir þetta, að orð mín áðan voru ekki gripin úr lausu lofti.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Út af orðum háttv. þm. Ak. (M. K.) skal jeg geta þess, að breytingin á 33. gr., um niðurfelling tímatakmarksins 1. okt. 1914, er gerð

eftir ósk sambandsins, enda getur hann sjeð, ef hann les greinina, að það skiftir ekki máli, þótt þessu sje slept, því að haustið 1914 stendur síðar í greininni.

Um aukalækni á Akureyri vil jeg skjóta því til formanns nefndarinnar að láta athuga þetta atriði á nefndarfundi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 682,1.a.—b. samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. T., E. P., G. Ó., H. St., H Sn., K. E., K. D., G. B.
nei: M. K., S. E., S. J., S. F., G. G., Jóh. Jóh.

Brtt 682,2. tekin aftur.

11. gr.,svo breytt, samþ.með 10 shlj.atkv.

Orðið „Síða“ í brtt. 682,3. (tvisvar) tekið aftur.

Brtt. 682,3., svo skert, samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: M. T., E. P., G. Ó., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., K. D., G. B.
nei: M. K., S. E., S. J., S. F., G. G., K. E.

Brtt. 687,1. samþ. með 11. shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 682,4. samþ. með 10 shlj. atkv

13. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

14.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 687,2. samþ. með 10 shlj. atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

23.—31. gr. samþ. með 9. shlj. atkv.

Brtt. 682,5. samþ. með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., S. E., S. J., G. B.
nei: E. P., G. Ó., M. T., S. F.

32. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 682,6. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 682,7. — — 9 : 4 atkv.
— 682,8. — — 9 : 2 —
— 682,9. — — 9 : 4 —
— 709. — — 9 : 1 —
— 705. sjálffallin.

33. gr., svo breytt, samþ. með 8 : 1 atkv.

34.—35. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 748, 749, 760, 765, 778, 785, 805, 809).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 785, 805 og 809, sem of seint var útbýtt.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg býst við því, að jeg komist ekki hjá því að fara nokkrum orðum um brtt. mínar á þgskj. 749, og vil þá um leið nota tækifærið til að minnast nokkuð á málið alment.

Jeg fór í þeirri trú af þingi í fyrra, að ekki yrði hjá því komist að bæta kjör embættismanna að mun. Og jeg kom aftur á

þetta þing í þeim hug, að verða stuðningsmaður sanngjarnrar launahækkunar. En um það má segja, að „verður það, er varir, og það, er ekki varir“. Því eins og málinu er nú komið, er líklegast, að jeg geti ekki látið atkv. mitt fylgja frv. út úr deildinni. Vil jeg nú gera grein fyrir afstöðu minni til þess með nokkrum orðum.

Þetta mál má skoða frá ýmsum sjónarmiðum, og skal jeg nefna fyrst sjónarmið landssjóðs og þeirra manna, sem fyrir hag hans eiga sjerstaklega að sjá. Þegar launamálið er athugað frá því sjónarmiði, tekur maður fyrst eftir því, að horfur eru á að minsta kosti 2. milj. kr. tekjuhalla á næsta fjárhagstímabili, og það þrátt fyrir það, þó bætt hafi verið tollum á tolla ofan á þessu þingi, bæði óvinsælum og rjettlátum. En megnið af þessum aukna tekjuhalla stafar einmitt einkum af hækkun embættalaunanna. Það er sjálfsagt rjett, að sjá verði embættismönnum fyrir sæmilegum launum, hvað sem líður hag landssjóðs. En menn eru litlu nær fyrir, þó það sje viðurkent, því skoðanir manna um það, hvað sje sæmilegt, eru mjög mismunandi. Og yfirleitt verð jeg að undrast það, hversu litlar upplýsingar fylgja þessu frv. um raunverulega launaþörf embættismanna. Jeg minnist þess ekki að hafa sjeð neitt ábyggilegt í skjölum málsins um tekjuþörf embættismanna, nema helst áætlun um útgjöld embættismannsheimilis í Reykjavík í árbók háskólans f. á. En þó sú áætlun sje allsennileg, virðist mjer viðurhlutamikið að byggja á henni einni í svo stóru máli. Í þessu sambandi má til samanburðar minna á það, að 1916 komu víða í blöðum og tímaritum greinar og áætlanir um tekjur landbúnaðarins árið 1915, meðal annars eftir merkisprest á Austurlandi og bónda í Rangárvallasýslu. Beindust þær í þá átt að sýna, að landbúnaðurinn hefði tæplega eða ekki borið sig þá — og var þó veltiár. Er þetta til marks um það, hve áætlunum má ýmislega haga og hve lítið er einatt á þeim að byggja.

Það er sjónarmið embættismanna, sem þetta mál hefir einkum verið athugað frá á þessu þingi.

En frá því sjónarmiði sjeð virðast mjer sjerstaklega koma til greina þrjú atriði sem grundvöllur krafanna um launahækkun, í fyrsta lagi launahækkunarþörfin sjálf, í öðru lagi almenn verðhækkun lífsnauðsynja og rjettmæti tilsvarandi launahækkunar, og í þriðja lagi, að betri kjör sjeu í boði annarsstaðar en hjá ríkinu. Merkast af þessum atriðum virðist mjer það fyrsta, um launaþörfina, eða það, að launin nægi nú ekki, og mun jeg víkja að því á eftir. Um annað atriðið er það skemst að segja, að auðvitað eiga embættismenn heimting á launum í rjettu hlutfalli við aðra, en þá er eftir að rannsaka það hlutfall og ákveða, og kem jeg líka að því síðar. Þá er þriðja atriðið, og er ekki laust við, að reynt hafi verið að gera einna mest úr því, þó það sje í rauninni veigaminst. Menn þykjast sem sje sjá hættu á því, að embættismenn yfirgefi störf sín, ef ekki verði hækkuð launin eins og þeir vilja sjálfir. En jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að aldrei geti komið til mála, að ríkið geti kept við bestu boð frá einstaklingum, t. d. kaupmönnum, sem venjulega skamta sjer launin sjálfir, og fá einatt orð fyrir að sníða fullbreiðar lengjur í skæði sín af hrygg almennings. Yfirleitt virðist mjer kenna fullmikillar frekju, sjerdrægni og samhendarleysis með almenningi hjá embættismönnunum í þessu máli, og tel þeim það ekki til sóma.

Þá kem jeg að þeirri ástæðu, að embættismenn hafi rjett til launahækkunar í hlutfalli við verðhækkunina. Lagarjettur er þetta auðvitað ekki, en þar fyrir getur það verið náttúrlegur rjettur. Í þessu sam-

bandi er það aðallega tvent, sem komið getur til greina, almenn tekjuhækkun landsmanna og verðhækkun nauðsynjanna

Eftir bestu heimildum hafa tekjur landsins ekki aukist nærri því að sama skapi og launakröfurnar, sem farið er fram á. Samkvæmt verslunarskýrslum nam vöruútflutningurinn árið 1914 ca. 20 milj. kr., en rúmlega 40 milj. kr. síðastl. ár, eftir þeirra sögn, sem kunnugastir eru. En þegar litið er á verðhækkun lífsnauðsynja, er í Hagtíðindunum talið, að hún sje um 233% í júlí þ. á., frá því 1914. Þetta er mikil hækkun, en þó skilst mjer, að sú launahækkun, sem gert er ráð fyrir, sje hlutfallslega enn þá meiri. Því eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, var launaupphæðin áður, þ. e. fyrir stríðið, ca. 600 þús. kr., en nú um 736 þús. Samkvæmt stjórnarfrv. eiga föst laun að vera um 1 milj. kr., og hækkunin orðin um 66%, en samkvæmt till. nefndarinnar eiga sömu laun að verða ca. 1 milj. 145 þús. kr., og hækkunin þar er því um 90%, en öll laun saman lögð, þ. e. með dýrtíðaruppbót, áætlast eftir till. nefndarinnar um 2 milj. og 200 þús. kr., og þar er því hækkunin um 270%, og er það augsýnilega meira en þær hækkanir, sem áður voru nefndar, á tekjum þjóðarinnar og lífsnauðsynjum. Að vísu má segja, að það rugli nokkuð þessi hlutföll, að launamönnum hefir fjölgað. En það virðist þó mega telja það víst, að launahækkunin sje yfirleitt fullkomlega á móts við verðhækkun lífsnauðsynjanna, og mikið meiri en hækkunin á meðaltekjum almennings, því ætla má, að hlutföll þeirra þjóðartekna, sem út eru fluttar, og þeirra, sem neytt er í landinu, hafi ekki breyst mikið á stríðstímanum. Og mjer sýnist ekki annað rjettara en að embættismennirnir verði að þola með þjóðinni súrt og sætt, og laun þeirra því aðallega að miðast við þjóðartekjurnar, með rjettu tilliti þó til námskostnaðar og annara sjerstaklegra menningarþarfa.

Nú hefi jeg talað um tvær af ástæðunum fyrir hækkuninni og sýnt fram á, að þær eru reistar á hæpnum grundvelli. Þá er eftir þriðja og veigamesta ástæðan, launahækkunar*þörfin*. Jeg hefi áður tekið það fram, hversu ótrúlega lítið liggur fyrir af upplýsingum um launaþörf embættismanna. Jeg hefi því reynt að gera mjer nokkra grein fyrir þessu frá mínu sjónarmiði. Jeg get að vísu ekki hælt mjer af því, að þekking mín sje mikil á þessu sviði. En þó held jeg, að hún sje að ýmsu leyti meiri en margra annara. Jeg hefi verið deildarstjóri í einni af stærstu deildum kaupfjelags í Þingeyjarsýslu, og þar að auki endurskoðari reikninga þess. Við þetta hefi jeg fengið talsverða þekkingu á högum manna af ýmsum stjettum, á allstóru hjeraðssvæði. Af því mjer virðist læknastjettin hafa togað sinn hlut í frekara lagi fram í þessu frv., skal jeg geta þess, að mjer er allvel kunnugt um fjárhag eins læknis á þessu svæði, og veit, að hann er að vísu fremur örðugur, en hefir þó farið heldur batnandi og staðist dýrtíðina ekki ver en í meðallagi þar í sveit, og hefir þó læknirinn leyft sjer meira, sem að lífsþægindum lýtur, en almenningur.

En ef launahækkunin, sem gert er ráð fyrir í frv., nær fram að ganga, mundu tekjur hans að líkindum hækka um rúman helming frá því, sem nú er, en ca. fimmfaldast frá því, sem var fyrir stríðið, að frátöldum aukatekjum. Og af þeim kynnum, sem jeg hefi af högum presta og sýslumanna, virðist mjer, að þeir hafi sloppið ekki ver en almenningur, nema prestar þeir, sem lítið eða ekki hafa haft við bú að styðjast. En vel skil jeg, að þessu sje öðruvísi háttað hjer í Reykjavík og víðar í kaupstöðum, sökum dýrara húsnæðis,

eldsneytis o. fl. Jeg hefi reynt að afla mjer upplýsinga um það, hvað þurfi til lífsframfæris hjer í Reykjavík, og hníga þær upplýsingar helst að því, að ekki sje hægt að komast af með minna en 1000 kr. á mann, og mun það þó tæplega hrökkva, þegar fáir eru í heimili — þó að spart sje á haldið — því þar verða ýms útgjöld tiltölulega meiri. Indriði Einarsson hefir í ritgerð um þjóðartekjurnar, í „Iðunni" 1917, talið, að hjer á landi kæmu 3 menn á hvern framfæranda, þ. e. að meðalheimili væri ekki stærra en svo. Slíku heimili ætti þá að ætla 3000—3500 kr. lágmarkslaun, 7 manna heimili nálægt 7000 kr. launum o. s. frv. Lægstu laun einhleypra manna gætu þannig talist hæfilega sett 1200—1500 kr., hæstu lágmarkslaun fjölskyldumanna um 10000 kr. Jeg játa, að þetta væru ekki neitt sjerlega rífleg laun, en álít, að þau mættu, eftir atvikum, teljast viðunandi.

Að öllu þessu athuguðu virðist mjer, að saman borið við allan hag almennings sje farið fulllangt í ýmsum atriðum launafrv., þegar dýrtíðaruppbótin er tekin til greina, og sje nokkur lækkun því ekki ósanngjörn.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þykist ekki þurfa að tala langt mál við þessa umr. Jeg hefi áður gert grein fyrir afstöðu minni til málsins í heild og brtt., sem fram eru komnar, eða voru komnar við 2. umr. Jeg vil því að eins minnast lítillega á þær till., sem komnar eru fram við 3. umr.

Jeg get mælt með brtt. á þgskj. 785, við 11. gr., því hún er í samræmi við frv. stjórnarinnar, og get jeg vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt um skrifstofustjórann.

Um brtt. við 11. gr., á þgskj. 778, get jeg sagt það sama, að hún er í samræmi við frv. stjórnarinnar, þó spurning gæti verið um það, hvort hún gangi nógu langt. En eins og jeg hefi oft tekið fram áður, var það ætlunin í upphafi, að allar aukatekjur fjellu í landssjóð. Og jeg býst við, að ætlunin sje einnig að telja þar með gjöld fyrir t. d. eftirlit með útlendum skipum; því engu minni ástæða virðist til þess, að þau falli í landssjóð, en t. d. tekjur af ýmsum tollum. Annars skýt jeg þessu fram til athugunar að eins, svo reynt verði að ganga þannig frá þessum ákvæðum, að engum ágreiningi valdi eftir á.

Um brtt. á þgskj. 765 skal jeg segja það eitt, að ef aðstoðarlækninum á Akureyri eru engin laun ætluð, virðist ekki heldur ástæða til að launa slíkan lækni á Ísafirði. Sama reglan á að gilda um báða, hver sem hún verður.

Brtt. á þgskj. 760 kemur einnig heim við það, sem jeg hefi áður látið í ljós í þessari hv. deild, að eftir því, sem nú er komið, væri rjettast að skifta öllum sýslumönnum og bæjarfógetum að eins í tvo flokka. Það er líka rjett athugasemd hv. þm. Ísaf. (M. T.) við þessa grein, að breyta þurfi orðalagi hennar að því er snertir bæjarfógetann í Vestmannaeyjum, sem er rangnefndur þar sýslumaður. En í sambandi við þessa grein verð jeg enn að geta þess, að rjettast hefði verið að telja þar einnig upp lögreglustjórann á Siglufirði, því samkvæmt frv. yrðu kjör hans lakari en þau eru nú.

Þá er brtt. á þgskj. 805, og tel jeg hana til bóta. Að vísu má segja, að þar sje um óþarfa hækkun að ræða að sumu leyti, því þessir embættismenn geti lifað á 9500 kr., ef aðrir geti það, eins og gert er ráð fyrir. En svo kemur hitt til greina, að það er ranglátt að gera jöfn þau laun, sem ætlast er til að sjeu ójöfn.

Auk þessa má benda á það, að gagnstætt því, sem menn bjuggust við, er nú verð ýmsra lífsnauðsynja að hækka meira, og jafnvel mest það, sem ekki er talið á verðlagsskrá. Þess vegna eru horfur á, að

þeir, sem búa við föst peningalaun, muni eiga enn þá örðugra uppdráttar framvegis en hingað til. Þess vegna tel jeg ekki rjett að samþykkja brtt. á þgskj. 749, sem fer fram á enn meiri takmörkun en háttv. Nd. Að vísu voru ýmsar athuganir háttv. flutningsmanns rjettar, svo sem það, að ekki væru nægilegar skýrslur til um það, hvað borga þyrfti embættismönnum í raun og veru.

Á hinn bóginn liggja fyrir talsvert ábyggilegar skýrslur frá háskólanum um þarfir embættismannsheimilis hjer í Reykjavík. Hagstofustjórinn hefir skýrt mjer frá, að þær skýrslur komi heim við sína útreikninga og skýrslur annarsstaðar frá. Í þessum sökum er ekki mikill munur á kaupþörfinni hjer og í nágrannalöndunum, nema hvað dýrtíðin mun vera orðin meiri hjer. Mjer er því óhætt að segja, að laun embættismanna hefðu ekki verið of hátt talin, þótt frv. stjórnarinnar hefði verið látið halda sjer. Í frv., eins og það nú er, er að vísu um dálitla hækkun að ræða frá því, sem var í stjórnarfrv. Annað er læknarnir, og þar var ekki undanfæri. Hitt er prestarnir, og jeg játa fúslega, að þeim hefir verið gert of lágt undir höfði af stjórninni.

Eftir síðar fram komnum upplýsingum er mjer ljúft að viðurkenna, að þeim eru síst ætluð of há laun í frv. Það er líka sú eina breyting, sem jeg sje að full ástæða hefir verið til að gera. Frv. yfirleitt er tæpast betra en það var, og beint skemt að því leyti, sem sett hefir verið hámark á uppbótina. Hámarkið er ekki rjettmætt.

Þrátt fyrir þessi ummæli mín verð jeg samt að viðurkenna, að það er skoðun mín, að embættismönnum beri að sætta sig við frv. eins og það nú er, einkum ef till. háttv. þm. Ísaf. (M. T.) verður samþykt. Hún bætir talsvert úr.

Jeg býst ekki við að fá tækifæri til að taka oftar til máls um frv. Jeg skal að eins benda á, að þessi gífurlega hækkun, sem talað er um, stafar nær eingöngu af hækkun launa prestanna, sem er nauðsynleg til þess að þeir geti lifað, og hækkun læknalaunanna, sem var óhjákvæmileg vegna krafa þeirra. Auk þess hefi jeg engan heyrt bera brigður á, að laun þessi sjeu nauðsynleg, þegar á þörf embættismanna er litið.

Magnús Torfason: Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) talaði um, að landið væri fátækt, og þess vegna þyrftu laun embættismanna að vera lág. Jeg lít svo á, að launalögin sjeu fyllilega í samræmi við efnahag þjóðarinnar, því að áætluðu launin þar eru lág, ef rjett er saman borið.

Það lítur út fyrir, að 1. landsk. varaþm. (S. F.) hafi tekið upp orð hæstv. forsætisráðherra (J. M.). Hann hjelt því fram, að tekjur þjóðarinnar hafi ekki vaxið að sama skapi og laun embættismannanna. Útfluttar vörur þjóðarinnar hefðu ekki hækkað nema upp í 40 milj. úr 20 milj. En það er við þetta að athuga, að háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) miðar við það árið, sem við stundum undir bresku samningunum. Nú, óðar en ófriðnum lauk, hefir þetta gerbreyst. Nú hækka allar útfluttar vörur, og það svo, að búast má við, að útfluttar vörur á yfirstandandi ári nemi 60—70 miljónum kr., eða jafnvel meiru.

Þá gat 1. landsk. varaþm. (S. F.) þess, að tekjuhalli væri mikill í fjárlögunum. En jeg vil benda honum á nál. á þgskj. 802 og brtt., sem fylgja því; því samkvæmt þeim verður tekjuauki.

Þá talaði hann um, að skattabyrðin hafi aukist mjög á landsmönnum. Þetta er ekki rjett, nema að nokkru leyti. Skattarnir verða að miðast við vöruverðið. Það er ekki sama, hvort 1 eyris skattur er greiddur af tólgarpundi, þegar það selst á 25 aura, eða þegar kr. 1.80 fæst fyrir það. Skattabyrðina verður að mæla „procent-

vis". Annars fanst mjer þessar kvartanir undan skattabyrðinni koma úr hörðustu átt, þar sem vitanlegt er, að skattar landbúnaðarins hafa að eins sáralítið aukist. Það eru kaupstaðabúarnir og sjávarútvegsmennirnir, sem gætu kvartað.

Jeg vil benda hv. þm. (S. F.) á, að till. hans myndi hjálpa til þess að fækka fólki í landinu, ef hún næði fram að ganga. Þegar verið er að tala um, að þjóðin sje fátæk og geti ekki launað embættismönnum sínum, má spyrja, hvort þjóðin hafi þá efni á að launa embættismönnum sínum illa? Af lágum launum leiðir ljelegir menn. Aðsóknin að mentaskólanum er að vísu allmikil, en þeir, sem nokkur manndáð er í, eru farnir að gefa sig við alt öðru en embættisnámi, þegar mentaskólanáminu lýkur.

Að því er snertir hækkun hámarksins, þá er það misrjetti að takmarka launahæð embættismanna. Það er misrjetti, að menn, sem ætluð eru misjöfn laun, fái jöfn laun. Það er misrjetti, að þeir, sem eytt hafa litlu til náms síns, beri jafnt úr býtum og þeir, sem eytt hafa miklum tíma og fje. Það er einnig árás á sjálft þjóðfjelagið að takmarka laun ábyrgðarmestu og þýðingarmestu embættismannanna eins og gert er í frv. Þjóðfjelaginu er það áríðandi, að þeir standi vel í stöðum sínum og dreifi ekki kröftum sínum með því að blanda sjer í öll hugsanleg fyrirtæki. Þjóðfjelagið tryggir sig ekki gegn því, nema með því að launa menn sína vel. Þá fyrst er hægt að gera strangar kröfur til þeirra.

Jeg kem ekki fram með brtt. um að hækka launamarkið mín vegna. Það er óvíst, að jeg komist nokkurn tíma undir launalögin. En þó svo yrði, þá skal jeg lofa því, að gefa þessar 1000 kr., sem það myndi muna mig, ef brtt. yrði samþykt, til einhverra þjóðnytja. Brtt. er því ekki gerð mín vegna, heldur til að leiðrjetta misrjetti, sem felst í frv.

Jóhannes Jóhannesson: Starf skrifstofustjóra Alþingis er nú orðið svo umfangsmikið og vandasamt, að ekki er að hugsa, að aðrir en afbragðs skrifstofumenn geti annað því. Þegar farið verður að halda þing árlega, sem ekki verður langt að bíða, er óhugsandi, að skrifstofustjóri geti gegnt nokkrum öðrum störfum. Nú gildir sú skipan, að skrifstofustjóri sje skipaður til eins kjörtímabils og hafi að árslaunum kr. 2400, en forsetar líta svo á, að starfinn sje vandasamari en það, að skrifstofustjóraskifti megi verða í hvert sinni þegar meirihlutaskifti verða í þinginu. Forsetar leggja því til, að skrifstofustjórastarfinn sje gerður að föstu embætti, sem stjórnarráðið veiti, og skrifstofustjóra verði ákveðin laun í launalögum, en þau mega ekki vera lægri en ákveðið er í brtt. minni. Núverandi forsetar ætlast til, að núverandi skrifstofustjóri njóti húsnæðis þess, ásamt hita og ljósi, er hann hefir í Alþingishúsinu, meðan hann er við þetta starf. Enn fremur er ætlast til, að gerð verði breyting á 11. gr. þingskapanna, samkvæmt þeirri breytingu, sem verður gerð á embætti skrifstofustjóra, á næsta þingi, þegar þau verða endurskoðuð í tilefni af stjórnarskrárbreytingunni.

Áður en jeg lýk máli mínu vil jeg leyfa mjer að beina stuttri fyrirspurn til hv. frsm. (K. D.) og hæstv. forsætisráðh. (J. M.), sem stendur í sambandi við það, að við 2. umr. hjer í deildinni var skotið inn í 33. gr. því ákvæði, að „allir þeir, sem njóta eftirlauna samkvæmt eftirlaunalögum", skuli fá sömu dýrtíðaruppbót og þjónandi embættismenn. Nú er það spurning mín, hvort sama eigi ekki að ganga yfir þá, sem eru eða verða kunna á biðlaunum? Jeg spyr ekki um þetta vegna þess, að jeg sje í vafa um, að ætlast sje til þessa, heldur af því, að þeirra, sem njóta biðlauna, er sjerstaklega getið í lögum um dýrtíðaruppbót embættismanna, nr. 33, frá 22. nóvember 1918.

Jeg vænti svo ákveðins svars frá háttv.

frsm. (K. D.) og hæstv. forsætisráðherra (J. M.).

Eggert Pálsson: Jeg ætla að eins að fara fáum orðum um brtt. mína á þgskj. 769. Þar er farið fram á, að allir sýslumenn sjeu settir í einn launaflokk, að undanteknum sýslumönnunum í Ísafjarðarsýslu, Norður-Múlasýslu og Eyjafjarðarsýslu. Jeg skal strax benda á, að það er rangnefni í till. að tala um sýslumanninn í Vestmannaeyjasýslu. Hann er að eins bæjarfógeti, og ætti að mega breyta þessu á skrifstofunni. Munurinn á launum sýslumanna, í 3. og 4. málsgrein, er orðinn svo lítill, að ekki er vert að vera að greina þá flokka sundur, nje halda nokkrum eftir. Það er, eins og allir vita, þörf sama undirbúnings og þekkingar til allra þessara embætta, og hvað snertir mismun á annríki þessara embætta, þá á það að koma fram í embættiskostnaðinum, en ekki í föstu launum. Alt getur komið í sama stað niður, þó brtt. mín verði samþ. Það þarf ekki annað til en áætla kostnað af rekstri embættisins 200 kr. lægri fyrir þau embætti, sem hækkuð verða í launaflokki. Jeg tók ekki lögreglustjórann á Siglufirði með í brtt., því það embætti er nokkuð sjerstætt. Honum er ætlað 2500 kr. byrjunarkaup, sem er nokkru meira en laun fulltrúanna í stjórnarráðinu. Það liggur því næst að skoða þessar stöður sem prófstöður, áður en menn eru fluttir upp í hærri og ábyrgðarmeiri embætti. Lögreglustjórastaðan á Siglufirði er þar að auki ekki erfið Meiri hluta ársins er þar mjög lítið að gera.

Jeg get ekki fylgt brtt. hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.), þegar af þeirri ástæðu, að þar er um svo stórfelda breytingu að ræða, að hún myndi stofna frv. í heild sinni í voða, ef hún væri samþykt svona seint á þingi.

Í eðli sínu hefi jeg ekkert á móti brtt. hv. þm. G.-K. (K. D.), um hækkun á hámarkslaunum. En eins og komið er, álít jeg viðurhlutamikið að hrófla nokkuð við þessu ákvæði. Það gæti orðið frv. að fótakefli í hv. Nd. Eins mundi það koma illa heim, ef brtt. yrði samþ., að sagt er, að „engin uppbót skuli greidd af launum, sem eru hærri", því þessi hærri laun eru ekki til. Jeg mun því greiða atkv. móti brtt. hv. þm. G.-K. (K. D.), en hefði þó sennilega geta felt mig við 10,000 kr. hámark, ef það hefði upphaflega verið lagt til.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Þegar jeg kom á þing, kveið jeg fyrir því, að erfitt yrði að ráða fram úr þessu máli svo vel sem þyrfti, svo að ríkinu yrði tryggðir hæfir starfsmenn annars vegar, og hins vegar ætlað þó af með gjaldþolið. Auðvitað er aðalatriðið að fá sem allra besta menn. Skal jeg ekkert segja um, hvernig það tekst eða lítur út fyrir að muni takast, en jeg býst þó við, að málið sje nú komið í það horf, að farinn verði einskonar meðalvegur. Að vísu bætast töluverð útgjöld á landssjóðinn, en eigi er þó hægt að segja, að starfsmönnum sjeu ætluð hærri laun en viðunanlegt má telja, og að sjálfsögðu mundi ríkið greiða meira, ef það teldi sjer fært. Hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) sagði, að skylt væri að ræða málið einnig frá sjónarmiði þeirra, sem eiga að sjá um hag ríkisins. Það er að vísu rjett, en það verður líka að taka tillit til þess, fyrir hvaða laun hægt er að fá menn í þjónustu ríkisins. Þetta tvent verður að haldast í hendur. Þá mintist hann á, að hallinn yrði 2 miljónir, en í fjárlögunum, eins og þau liggja fyrir, er hann ekki nema ½ miljón. En þó hann yrði 2 milj., tel jeg ekki ástandið vonlaust. Aðalatriðið er, að ríkið fái góða og nýta menn í þjónustu sína.

Þar sem hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) talaði um %-tölu, verð jeg að játa, að jeg gat ekki fylgst vel með; jeg hafði ekki gert mjer grein fyrir málinu á þann hátt,

heldur hver uppbótin yrði í krónutali, Hækkunin nam eftir frv. Nd. um 792 þús. kr., og eftir meðferðinni í þessari hv. deild um 830 þús. kr. í beinum tölum.

Jeg býst við, að það verði skiftar skoðanir um, hvernig þinginu tekst að ráða fram úr þessu máli. En það hefir altaf íhendisjer að bæta úr þeim göllum, sem á lögunum kunna að verða. Hv. þm. eru kann ske ekki ánægðir með niðurstöðuna, en jeg hygg samt, að úr þessu máli sje ráðið nokkurn veginn viðunanlega. En ekki er að búast við, að úr jafnmiklu stórmáli og þessu verði ráðið svo, að öllum líki.

Jeg vona, að hv. þm. hafi athugað brtt.

Jeg skal fyrst minnast á brtt. hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.), á þgskj. 749. Hún haggar svo mjög undirstöðu þessa máls, að mjer finst ekki geta komið til greina að samþ. hana. Hún fer fram á að hækka þá, sem hæst eru launaðir, en draga úr launum miðflokksins, þannig að allir, sem væru á laununum 3—6000 kr., myndu skaðast, en þeir, sem hefðu 6—8000 kr., myndu hafa hagnað af. Jeg get því ekki verið með þeirri brtt.

Þá skal jeg minnast á brtt á þgskj. 760, sem háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) flytur, en eigi í nafni nefndarinnar. Það hefir verið reipdráttur um 2 eða 3 sýslumannsembætti. Tillaga þessi munar ekki nema 1200 kr. á ári, og þó hún eigi hafi komið fram frá nefndarinnar hálfu, finst mjer hún skifta svo litlu máli, að jeg get ekki lagst á móti henni.

Þá er brtt. á þgskj. 765. Getum við fallist á hana, enda fer hún í raun rjettri ekki fram á annað en það, sem til er ætlast í frv. sjálfu, að þessi staða falli niður með þeim manni, sem nú gegnir henni. En þó er þetta með því skilyrði, að honum sje bætt upp í fjárlögunum, svo að hann bíði ekki halla.

Þá er tillaga nefndarinnar við 11. gr., þgskj. 778, um aukatekjur sýslumanna. Var rætt um það atriði við 1. umr., og teknar fram þær ástæður, sem eru orsök þess, að nefndin kemur með þessa brtt. Ætlast hún samkvæmt henni til, að sýslumenn haldi innheimtulaunum af ellistyrktarvátryggingar- og stimpilgjaldi. Jeg skal taka fram, að ætlast var til að stæði „tollum" í staðinn fyrir „tolli", og vona jeg, að hæstv. forseti lagi það við prentunina.

Þá er brtt. á þgskj. 785. Fyrir nefndarinnar hönd hefi jeg ekki annað að segja en það, sem jeg sagði við 1. umr. málsins um þetta atriði. En hvernig sem fer um tillöguna, ætlast nefndin til, að forsetar bæti laun skrifstofustjóra eins og hann á skilið, og lít jeg svo á, þótt till. verði samþykt, að með henni sje ekki breytt að öðru leyti 11. gr. þingskapanna. Breytingin nær að eins til launaákvæðisins og ekki annars. Nefndin legst auðvitað ekki á móti því, að skrifstofustjóri Alþingis fái laun sín hækkuð álíka og aðrir opinberir starfsmenn. Spurningin er að eins um það, hvort ákvörðunin um launabætur skrifstofustjórans skuli vera í höndum forsetanna eða í höndum löggjafarvaldsins. Þetta ætti ekki að vera margbrotið deilumál, og þótt afstaða háttv. deildarmanna kunni að vera mismunandi um þessi tvö atriði, ætlast þó allir til þess, að þessum starfsmanni sje sýndur allur sómi. Jeg er þess fullviss, að málinu væri vel komið í höndum forseta, og vantreysti þeim hvorki að því leyti, að þeir sýni starfsmanni þessum allan sóma, nje heldur að þeir muni ganga of langt eða lengra en til er ætlast. Skal annars ekki fjölyrða um þetta.

Þá er brtt. á þgskj. 805, frá háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Um afstöðu nefndarinnar í þessu efni er sama að segja og áður, hún er með öllu óbreytt. Hún leit svo á, að þegar laun eru orðin jafnhá ráðherralaunum, þá yrðu aðrir við það að hlíta, og við-

unandi að telja. Í frv. er ef til vill þó ekki gætt fulls rjettlætis, og má svo fara, að menn verði ófúsir á að ganga í vandasamar stöður, ef þess er ekki gætt, að launin sjeu vandanum sambærileg. Jeg hefi því hugsað mjer miðlunarleið, og hefi því komið fram með brtt. á þgskj. 809, þó ekki fyrir nefndarinnar hönd. Legg jeg það alveg á vald háttv. deildar, hvernig hún fer með málið.

Það kom til orða að bera fram brtt. um launaviðbót til annars bókavarðar við Landsbókasafnið, Halldórs Briems; hann er viðurkendur fræðimaður, nýtur starfsmaður og alls góðs maklegur. En nefndin sá þó ekki næga ástæðu til þess að færa upp launin við stöðu hans fyrir hvern, sem henni gegnir, en hins vegar get jeg lýst yfir fyrir nefndarinnar hönd, að hún telur hann eiga rjett til þess að halda þeim eftirlaunum, sem hann hingað til hefir notið eftir það starf, sem hann áður gegndi, en þó án dýrtíðaruppbótar. Jeg átti tal um þetta við hæstv. forsætisráðh. (J. M.), og skildi jeg ummæli hans svo, að hann væri nefndinni sammála um þetta. Vona jeg, að háttv. deild láti sömu skoðun í ljós.

Jeg býst við því, að breytingar nefndarinnar sæti ýmsum dómum, en vona þó, að háttv. deild gangi svo frá málinu, að háttv. Nd. fallist á frv. í þeim búningi, sem það fær í þessari háttv. deild, eða að minsta kosti ráðist ekki í stórvægilegar breytingar frá því sem nú er, en ráði málinu til viðunanlegra lykta.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get tekið undir með hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.), á sama hátt og háttv. frsm. (K. D.), að biðlaun sjeu ein tegund eftirlauna, þó að oft sje gerður greinarmunur í lögum á þessu tvennu. Þennan skilning hygg jeg að hver stjórn muni telja sjer heimilan samkvæmt yfirlýsingu hv. frsm. (K. D.).

Sökum þess, að laun Halldórs Briems eru bygð á sama grundvelli, tel jeg yfirlýsingu hv. frsm. (K. D.) fullnægjandi fyrir stjórnina, en það væri æskilegt, að samskonar yfirlýsing kæmi einnig frá hv. Nd., sjerstaklega ef borga á út eftirlaun, hvort þá eigi líka að borga út hækkun á þeim.

Aftur á móti get jeg ekki verið samdóma hv. frsm. (K. D.) um laun skrifstofustjóra Alþingis eða þýðingu þess, að hann sje tekinn upp í launalögin. Jeg lít svo á, að með því að taka hann hjer upp sje gerð breyting á þingsköpunum, nefnilega að hann með því væri gerður að embættismanni ríkisins, launaður af því og honum veitt embættið fyrir lífstíð. En það kæmi í bága við reglurnar í heild sinni, ef hann þannig væri tekinn í flokk annara embættismanna; t. d. má nefna ákvæðin um ekkjutryggingarsjóð embættismanna o. fl.; þau ákvæði geta varla komið til greina, nema um lífstíðarembættismenn sje að ræða. Þar sem svo er álitið, að yngri lög venjulega breyti eldri lögum, þegar þeim ber eigi saman, en einmitt nú, samtímis þessu frv., er til meðferðar í þinginu frumvarp til laga um tryggingarsjóð embættismanna, sem þannig yrði að lögum jafnhliða þessu frv., þá kæmi fram ósamræmi í löggjöfinni, sem ekki væri hægt að skera úr eftir áðurnefndri reglu. Jeg átti tal um þetta við bestu lögfræðinga, og eru þeir á sama máli um þetta. En sje það ekki meiningin, að hann skuli vera fastur embættismaður, er engin ástæða til að taka hann upp í lögin; ráðning hans og launakjör geta þá verið á valdi forseta eins og áður.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal að þessu sinni ekki fara inn á fjármálahugleiðingar, enda heyrði jeg því miður ekki, hvað hv. þm. Ísaf. (M. T.) talaði um það efni. Jeg vildi að eins spyrja hv. frsm. (K. D.), hvort hækkun á eftirlaunum væri

talin með í þeim 830 þús. kr. útgjaldaauka, er hann taldi að frv. þetta hefði í för með sjer fyrir ríkissjóð.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi ásamt hv. 1. þm. Rang. (E. P.) komið með brtt. á þgskj. 765, og þarf jeg ekki að fjölyrða um hana, þar sem henni hefir verið tekið vel af þeim, er um hana hafa talað, en það eru hæstv. forsætisráðherra (J M.) og hv. frsm. (K. D.). Jeg álít, að það sje af misgáningi einum, að staða þessi er komin inn í launafrv., enda hefi jeg litið svo á, að hún gæti ekki skoðast sem fast embætti.

Þegar starfi þessi var stofnaður og samskonar starfi á Akureyri, var aðallega haft tvent fyrir augum; annars vegar var litið á þörf þessara hjeraða, vegna stærðar þeirra og fólksfjölda, en hins vegar, að ungum kandidötum gæfist færi á að vera þar nokkurn tíma og kynnast starfinu, en ekki gert ráð fyrir, að nokkur ílengdist við það.

Því fremur er ástæða til að nema þennan lið úr frv., þar sem á ferðinni er frv. um sjerstakt læknishjerað í Bolungarvík, enda væri landsfjórðungunum gert mishátt undir höfði, ef þrjú föst læknisembætti yrðu lögákveðin á þessu litla svæði.

Frá þessu sjónarmiði sjeð finst mjer því sjálfsagt, að brtt. okkar verði samþykt.

Hins vegar er það ekki ætlun okkar að baka þessum manni óþægindi eða fjártjón, og er því gert ráð fyrir, að honum verði í fjárlögunum veitt hæfileg upphæð, þangað til hann á kost á viðunanlegu embætti annarsstaðar.

Annars er mál þetta svo augljóst, að jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það, en vona, að það fái góðar undirtektir.

Sigurjón Friðjónsson: Það eru að eins örfáar athugasemdir út af því, sem sagt hefir verið um brtt. mína á þgskj. 749 og ræðu þá, er jeg mælti fyrir henni.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) tók rjettilega fram, að tekjur þjóðarinnar undanfarandi ár hefðu verið minni, vegna bresku samninganna, en ella hefði orðið. Það er rjett, að tekjur hennar munu verða meiri á yfirstandandi ári, en ekki eru líkur fyrir því, að þær hækki að sama skapi og lífsnauðsynjarnar yfirleitt.

Í sambandi við það, að útreikningur minn á því, hvern útgjaldamun frv. þetta hefði í för með sjer fyrir ríkissjóð, kom ekki heim við útreikning hv. sessunauts míns. (K. D.), skal jeg geta þess, að munurinn liggur í því, að hann reiknaði út mismuninn á launum eins og þau eru nú og verða eftir frv., en jeg reiknaði aðallega út muninn á launum eins og þau voru árið 1914 og verða eftir frv.

Enn fremur er villa í reikningi hv. frsm. (K. D.), sem skiftir talsverðu máli. Hann gengur sem sje út frá því, að dýrtíðaruppbótin nemi nú 600 þús. kr. Það getur tæplega verið rjett, nema því að eins, að dýrtíðaruppbót lækna sje talin með og auk þess allra annara starfsmanna, einnig þeirra, sem ekki eru teknir upp í launafrumvarpið.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) mintist á, að ekki sæti á mjer sem fulltrúa landbúnaðarins að kvarta yfir, að sjávarbúum hafi verið íþyngt með sköttum. Jeg tel mig ekki sjerstaklega fulltrúa landbúnaðarins og þykist ekki hafa sýnt neina sjerdrægni eða ósanngirni í skattaukafrv. þeim, sem fram hafa komið. (*M. T.*: Þingmaðurinn hefir verið sanngjarnari en margir aðrir).

Hv. þm. (M. T.) mintist á það, að þegar launakjörin væru ljeleg, fengist ekki annað en ljelegir embættismenn, og getur það verið rjett að nokkru leyti. En hitt hefir þó alloft komið fyrir, að mestu menn þjóðfjelagsins hafa átt við ljeleg kjör að búa, og mætti nefna ýms dæmi í þá átt.

Hv. frsm. (K. D.) taldi, að jeg hefði

litið á frv. frá sjónarmiði þeirra, sem eiga að sjá fyrir hag ríkisins, en ekki litið eins til þeirra, sem launin eiga að fá fyrir starf sitt. Þó að jeg að sjálfsögðu hafi litið til hins fyr nefnda, þá hefi jeg þó fyrst og fremst litið á nauðsynina til þess, að halda launakjörunum í rjettu horfi

Það hefir rjettilega verið tekið fram, að brtt. mín verkar til lækkunar á launum, sem nema 3000—6500 kr., en til hækkunar á launum, sem þar eru fyrir ofan, en jeg sje ekki, að það sje ósanngjarnt, hafi launastiginn verið rjett settur upphaflega.

Ef launastiginn er rjettur, eiga þeir embættismenn, sem hæst eru launaðir, rjett á dýrtíðaruppbót eins og hinir, sem lægri laun hafa.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Út af fyrirspurn hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) um það, hvort talin væri með í útreikningi mínum hækkun sú á útgjöldunum, er dýrtíðaruppbót á eftirlaunum hefði í för með sjer, skal jeg geta þess, að útreikningurinn er gerður þegar frv kom frá Nd., en af því leiðir, að mismunurinn hækkar um ca. 40 þús. kr. við breytingu þá, er gerð var hjer í deild á launakjörum presta, og auk þess er hækkun vegna eftirlaunanna ekki talin með, svo láta mun nærri, að munurinn nemi einni miljón króna. Láðist mjer að geta þessa, er jeg tók til máls áðan.

Út af ræðu hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) skal jeg taka það fram, að dýrtíðaruppbótarhæð sú, er jeg hefi nefnt, er reiknuð út af hagstofustjóra, eftir því sem ríkisfjehirðir hefir gefið upp að hún hafi verið greidd.

Út af því, er hæstv. forsætisráðherra (J. M.) mintist á um skrifstofustjóra Alþingis, skal jeg láta þess getið, að jeg geri það ekki að neinu kappsmáli, hvort brtt. á þgskj. 785 nær fram að ganga eða ekki. Jeg er sammála honum um það, að yngri lög breyta eldri lögum að svo miklu leyti, sem þau fara í bág við þau, en ekki þeim ákvæðum eldri laganna, er geta staðist, þrátt fyrir yngri lögin. Ef t. d. brtt. á þgskj. 785 yrði samþ., breyttist auðvitað launaupphæðin í 11. gr. þingskapanna, en önnur breyting yrði ekki á þeirri grein.

ATKVGR.

Brtt. 785. feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., Jóh. Jóh., M. K., E. P., S. F., G. B.

nei: G. Ó., H. St., H. Sn., K. E., K. D., M. T., S. E., S. J.

Brtt. 760. samþ. með 10 : 2 atkv.
— 778. — — 12 shlj. atkv.
— 765. — — 8 — —
— 749. — — 10 : 3 atkv.
— 809. feld með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., K. D., M. K., S. J., E. P.

nei: G. Ó., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., M. T., S. E., S. F., G. B.

Brtt. 805. feld með 8 : 5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 : 4 atkv. og endursent Nd.

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 15. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um laun embættismanna,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 817).

Á 67. fundi í Nd., fimtudaginn 18. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 817, n. 883, 825, 836, 838, 847, 851, 855, 873, 892).

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj. um n. 883 og brtt. 873, sem of seint var útbýtt.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Mjer þykir óþarfi að ræða þetta mál mikið nú, eins og það liggur fyrir. Það hefir verið gert rækilega áður, bæði um sjálft frv. og brtt.

Eins og nál. ber með sjer, hefir meiri hluti nefndarinnar fallist á, að frumvarpið verði samþ. nú, eins og það kemur frá háttv. Ed. En það er ekkert talað um þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv., í nefndarálitinu, og skal jeg því geta þeirra helstu.

Þá er fyrst breyting á 11. gr. frv., fækkun á launaflokkum sýslumanna.

Það kom tillaga fram um þetta hjer í Nd., en var feld með miklum mun atkvæða. Nefndin sá hins vegar ekki, að ástæða væri til að gera hana að ágreiningsefni. Sjerstaklega af því, að aðrar leiðir eru til að jafna þennan mismun, t. d. að veita þeim mun minni skrifstofukostnað en annarsstaðar.

Þá er og önnur lítil breyting við þessa sömu grein, viðvíkjandi aukatekjunum. Það hefir verið bætt inn í greina, til að ákveða nánar, innheimtulaunum af tollum og útflutningsgjöldum.

Þá er næst sú breyting gerð á 12. gr., að ritfje landlæknis er numið burtu. Sömuleiðis hefir ritfje biskups verið numið burt í 22. gr. Aftur hefir fjárveitinganefnd Ed. lagt til og það verið tekið upp, að það skuli goldið samkvæmt reikningi. Nefndinni fanst heldur ekki ástæða til að gera ágreining út af þessu atriði. Hún trúir þessum mönnum vel til þess að gefa sanngjarnan reikning.

Þá hafa ekki verið gerðar breytingar á frv. fyr en við 33. gr. — Þá er fyrst, að felt hefir verið úr greininni 1. okt 1914. — Þetta virðist vera rjett, því það er skýrt tekið fram á öðrum stað í greininni, að miðað skuli við haustið 1914, en ekki við júlímánuð 1914. Þessi breyting hefir því engin áhrif á verðstuðulinn.

Þá hefir því líka verið bætt inn í þessa grein, að launauppbót skuli líka fá allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögunum. — Þetta var að nokkru gert í samráði við nefndina í Nd. En hv. Ed. hefir ekki gengið lengra en þetta, að það nær ekki til annara starfsmanna, sem hafa eftirlaun á annan hátt en samkvæmt eftirlaunalögunum.

Þá hefir enn fremur verið felt úr sömu grein, að þessi uppbót gildi að eins til 1925. Meiri hluti nefndarinnar gat fallist á þetta, og get jeg um það vísað til þess, sem áður hefir verið sagt.

Enn fremur hefir verið felt úr 33. gr., að miðað skuli við verðlag í fjórum aðalkaupstöðum landsins, og sett Reykjavík í staðinn. Eftir atvikum sá nefndin ekki ástæðu til að gera þetta að ágreiningi milli deilda, enda taldi hagstofustjóri hitt mjög erfitt. Líka er á það að líta, að flestir embættismenn eru búsettir í Reykjavík. Það virðist því rjettara að miða við þann verðstuðul, sem gildir fyrir þá, heldur en vöruverð í fjórum aðalkaupstöðum landsins.

Þá er loks í sömu gr. gerð sú breyting, að uppbótin til presta, sem ekki er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, er færð upp úr helmingi upp í tvo þriðju launauppbótar. — Þetta er að vísu breyting, sem skiftir talsvert miklu máli. En þó fjelst meiri hluti nefndarinnar á, að sanngjarnt væri að gera ekki meiri mun á þeim og prestum, sem búa í kaupstað, en hjer er gert.

Þá eru hjer nokkrar brtt. frá einstökum þingmönnum, og skal jeg minnast lauslega á þær og afstöðu nefndarinnar til þeirra.

Fyrst er brtt. á þgskj. 851, við 7. gr. frá hv. þm. Mýra. (P. Þ.). Fer hún fram á, að 7. gr. falli burt. Nefndin fjelst

á þessa breytingu, enda er hún sjálfsögð. Það er að eins af misgáningi, að gr. var ekki feld burt, því í frv. stjórnarinnar var gert ráð fyrir sameining embætta, en nú er hún horfin.

Þá er brtt. á þgskj. 825, við 9. gr., að á eftir henni komi ný grein, þar sem skrifstofustjóra Alþingis er bætt inn í frv. — Þessi till. ber það með sjer, að hún nær vafalaust samþykki hjer í hv. deild. Og nefndin býst heldur ekki við, að háttv. Ed. geri hana að neinu ágreiningsatriði. Annars eru *óbundin atkvæði* um tillöguna í nefndinni.

Næst er brtt. á þgskj. 873, við 12. gr., að bætt sje inn í frv. Hólslæknishjeraði, sem er nýstofnað með lögum, eins og kunnugt er. Þessi tillaga er því ekki nema sjálfsögð, og nefndin álítur, að hjeraðinu hafi verið skipað niður í rjettan launaflokk.

Þá koma brtt. á þgskj. 855 og 838. Þessar brtt. hafa áður verið samþ. hjer í hv. deild og fara fram á að færa læknishjeruð milli flokka. — Um þetta áskilja nefndarmenn sjer *óbundin atkvæði*. En eins og sjest í nefndarálitinu, þá láta nefndarmenn þess getið, að þó þeir hafi áður greitt till. atkvæði sitt, sem feldar hafa verið í hv. Ed., þá muni þeir ekki gera það nú, til þess að gera ekki ágreining milli deilda.

Þá er brtt. á þgskj. 836, frá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), við 33. gr., að saman lögð laun og dýrtíðaruppbót dómenda í hæstarjetti megi nema 10,500 krónum. Það hefir áður komið fram till. um, að í stað 9,500 kæmi 10,500 kr., en var feld hjer í Nd. En sú breyting gilti alment, en þessi nær að eins til hæstarjettardómara. En þó áleit nefndin, að till. mundi ekki fá byr í háttv. Ed., og sjer hún sjer því ekki fært að mæla með henni.

Þá er enn fremur brtt. á þgskj. 847, við 33. gr., frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og háttv. þm. Borgf. (P. O.). Hún fer fram á það, að setja aftur inn í frv. þau ákvæði, sem háttv. Ed. feldi burtu, fyrst að launauppbótin skuli greidd fyrst um sinn til ársloka 1925, að í staðinn fyrir Reykjavík komi í fjórum aðalkaupstöðum landsins, og enn fremur að uppbótin til presta, sem ekki er skylt að búa í kaupstað, skuli færð niður úr ⅔ niður í hálfa launauppbót. Háttv. flutningsmenn hafa ekki athugað, að það þarf að breyta a-lið, því hann fellur ekki inn í frv. — Annars hefir áður verið rætt um þetta. Jeg vil ekki fara að taka það upp aftur. En ef færðar verða fram einhverjar nýjar ástæður, þá skal þeim verða svarað. — Viðvíkjandi breytingunni um fjóra kaupstaðina, þá vill nefndin ekki ganga inn á að setja það aftur inn í frv., með fram af því, að hún býst við, að hv. Ed. haldi fast við sitt. Sama er að segja um launauppbótina til presta.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið. En jeg vænti þess, að hv. þm. fari ekki að telja fram sömu ástæður og áður hafa verið nefndar, svo að umræður verði ekki lengri en þörf er á.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi ritað undir framhaldsnál. á þgskj. 883 með fyrirvara, og kemur sá fyrirvari að öðru leyti fram í brtt. þeim, sem jeg hefi leyft mjer að bera fram, ásamt hv. þm. Borgf. (P. O.), á þgskj. 847. Samt er ekki svo að skilja, að jeg sje að öðru leyti ánægður með frv., þótt jeg að þessu sinni vilji ekki gera frekari ágreining. Þessar brtt. lúta að eins að breytingum, sem hv. Ed. hefir gert á frv., og að mínu viti var lítil ástæða til að gera á því.

Brtt. eru í þrem stafliðum, og lúta að því, að færa aftur í samt lag ákvörðunina um tímatakmarkið 1925, að færa í samt lag ákvæðið um undirbúning verðlagsskrárinnar, að hún sje miðuð við það

meðalverð, er fæst af verðlaginu í fjórum aðalkaupstöðum landsins, og enn fremur að færa í samt lag niðurlagsákvæði 33. gr., um uppbót presta, er í sveit búa.

Það ætti ekki að vera ástæða til að endurtaka það, sem áður hefir verið sagt um þessi atriði í deildinni, er frv. var afgreitt. Það var margtekið fram af þeim, sem þá mæltu með þessum ákvæðum, og er auðvitað flestum í fersku minni. Því var þá af mótstöðumönnunum haldið fram, að því er snertir tímaákvörðunina 1925, að með því væri svo gott sem loku skotið fyrir launabætur eftir þann tíma, eða þá að með því vildum við fylgismenn þessa ákvæðis lýsa yfir því, að dýrtíðinni skyldi vera lokið 1925. Það gefur nú að skilja, að slíkt er hrein og bein hártogun á ákvæðinu, því að eins og þá var tekið fram, getur ekkert annað í því falist en að ríkið sje ekki skuldbundið til að fylgja þessum lögum óbreyttum lengur en þetta. Þegar þar er komið, má gera breytingar, eftir því sem ástæður liggja til, og eftir því sem Alþingi þá þykir við eiga. Hvort þær ganga í þá átt, að rýmka launakjörin eða draga úr þeim, er hlutur, sem jeg ætla engu um að spá. En að menn þá verði búnir að sjá það, sem öllum er dulið nú, hvernig lögin koma niður, þarf ekki að efa, því að þá er reynslan fengin. Enda mætti líta svo á, ef þetta stæði óbreytt í 33. gr. eins og nú, að þótt lögunum megi breyta, þá sje embættismönnunum hjer gefið það fyrirheit, sem taka laun sín eftir frv., ef að lögum verður, eða taka embættið meðan ótímatakmarkaða ákvæðið gildir, að þessa uppbót skuli þeir hafa fyrir sitt leyti, meðan þeir sitja í embætti. Fyrirheitið væri þá það, að uppbótin skyldi ekki lækka seinna. Það er sem sje alment álitið, að ekki sje hægt að draga úr launum embættismanns, þótt jafnan sje hægt að auka við þau.

Að því er kemur til undirbúnings verðlagsskrárinnar, að miða við 4 aðalkaupstaðina í stað Reykjavíkur, hefir verið margtekið fram, að það er miklu vænlegra til að finna sanngjarnlegan mælikvarða eða meðalverð. Og þótt því sje haldið fram, að þetta sje erfiðleikum bundið vegna þess, að til þess þarf að útvega skýrslur um verðlag í öllum landsfjórðungum, þá skil jeg ekki, að nokkur taki slíka viðbáru í fullri alvöru. Hvað skyldi það kosta að fá skýrslur um þetta efni frá bæjarfógetum á Seyðisfirði, Ísafirði og Akureyri? Jeg skil ekki, að það sje sá erfiðisauki, að málið þurfi á því að stranda.

Miklu meira máli skiftir þá hitt, sem hv. frsm. (Þór. J.) hefir tekið fram, að langflestir embættismenn búa í eða við Reykjavík, og gæti því verið óhagur fyrir þá, ef þetta hefir þær afleiðingar, að verstuðullinn lækkaði og uppbótin yrði þar af leiðandi minni. En enginn hefir fært sönnur á, að þetta hefði þær afleiðingar. Hvorttveggja er jafnlíklegt, að verðstuðullinn hækki og lækki. En hjer á ekki að hugsa um það, hvort einstakir menn hafa hag af þessu eða ekki, heldur að finna meðalverð, sem er meðalverð í raun og veru, eða sem næst því. En það fæst ekki með því að miða við einn stað á landinu.

Að því er kemur til ákvörðunarinnar um launauppbót presta í sveit, hefi jeg ekki annað að segja en það, sem jeg hefi tekið fram áður í deildinni, að sú uppbót, sem ætluð var eftir frv., eins og það fór hjeðan, var miklu ríflegri en stjórnarfrv. ætlaðist til, og eftir öllum atvikum virðist vera fullsómasamleg. Því er sem sje ekki hægt að neita, að á erfiðum tímum, eins og þessum, þegar dýrtíð er í landinu, þá eru töluverð hlunnindi því samfara að búa á góðri jörð í sveit, það er að segja ef engin sjerstök óáran er til lands og sjávar. Eins og allir vita, er færra þar að kaupa. Sá, sem í sveit býr, getur veitt sjer margt af

því, sem hann annars þyrfti að kaupa. Finst mjer því þetta ákvæði sanngjarnlegt eins og það var þegar frv. fór hjeðan.

Jeg get nú látið mjer lynda þetta um brtt. okkar. En af því að a.-liður hennar hefir af vangá okkar flutningsmanna eða prentmiðjunnar orðið öðruvísi en vera átti, höfum við nú nýlega afhent á skrifstofunni brtt. við hana. Er það að vísu ekki nema orðabreyting, og ef deildin getur fallist á brtt. að efni til, hlýtur hún að fallast á brtt. við hana, því að þar er aðeins fært til rjetts máls það, sem óljóst var. Annars hefi jeg brtt. fyrirliggjandi skriflega, og skal afhenda forseta hana, svo að hún sje til, ef hin verður ekki komin prentuð til atkvgr.

En ef þessi brtt. okkar háttv. þm. Borgf. (P. O.) verður ekki samþykt, og frv. að þessu leyti fært í sama horf og það var í, er það fór hjeðan úr deildinni, munum við flutningsmenn hennar ekki geta greitt frv. atkv., og eru allsterkar líkur fyrir því, að þá muni margir fleiri greiða atkv móti því með okkur.

Gísli Sveinsson: Jeg vildi að eins segja örfá orð út af brtt., sem jeg ásamt mörgum fleiri háttv. þm. ber fram, á þgskj. 825 Fer hún fram á það, að ný grein komi í frv., er segir fyrir um það, að skrifstofustjóri Alþingis skuli og launaður samkvæmt launalögum.

Eins og hv. þm. sumum mun kunnugt, þá kom það til atriða á þingi, bæði til nefndarinnar og fleiri háttv. þm., að skrifstofustjórinn yrði líka tekinn með í þetta frv. En eftir því, sem fram kom í nefndunum í báðum deildum, þótti það ekki tiltækilegt, eins og ákvæðið hljóðaði þá, því að þingmenn hafa talið sjálfsagt og heppilegast, að þingið hefði um þennan starfsmann æðsta vald, eins og um aðra starfsmenn Alþingis. En með því ákvæði, sem brtt. þessi leggur til, er að engu skert fullveldi Alþingis um þetta mál, þar sem gert er ráð fyrir, að forsetar Alþingis í sameiningu skipi skrifstofustjórann.

Með því er unnið það, sem menn hafa viljað láta standa, að Alþingi hefir aðalvaldið, en manninum er launað samkvæmt launalögunum. Eins og menn sjá, eru launin ákveðin 4000 kr. í upphafi, og hækkandi upp í 5000 kr. Er það einu þúsundi lægra en laun skrifstofustjóra stjórnarráðsins.

2. brtt. er bein afleiðing af þessari, og fer því fram, að numin sje úr gildi ein málsgrein úr þingsköpum Alþingis. Er það ákvæðið um laun og ráðningu skrifstofustjórans. Hjer eftir verður embættið veitt sem æfistarf, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um aðra embættismenn.

Mjer þykir ekki þurfa að segja fleira um þessa till., því að víst má telja, að hún gangi í gegnum hv. deild og þingið alt, þar sem með þessu orðalagi er numið burtu það, er áfátt þótti.

Einar Arnórsson: Jeg á hjer brtt., á þgskj. 886, er ekki virðist hafa fundið fulla náð fyrir augum háttv. nefndar.

Eins og kunnugt er, mega laun og dýrtíðaruppbót saman lögð, eftir frv. því, sem hjer liggur fyrir, verða 9500 kr Þar af leiðir, að dómendur hæstarjettar geta ekki hærra komist, nema dómsforseti, sem fær 10 þús. kr. laun, en þá enga dýrtíðaruppbót.En af því leiðir aftur það, að menn, sem hæfir eru, munu ekki fást, því að það er þeim peningatap. Enn fremur er gert ráð fyrir því í greinargerð stjórnarinnar við hæstarjettarfrv., að þeir megi ekki gefa sig við neinu öðru, ekki gegna öðrum störfum utan embættis síns. En af því leiðir, að þeir, sem hæfir eru, fara sumir þangað, sem þeir hafa föst hærri laun, en aðrir þangað, sem þeir hafa svipuð eða jöfn föst laun, en auk þess er í lófa lagið að vinna sjer inn talsvert fje utan hjá.

Afleiðingin yrði því sú, ef óbreytt stæði

ákvæðið um laun dómenda hæstarjettar, að góðir menn fengjust ekki í þennan rjett. En það tel jeg með öllu ómögulegt fyrirkomulag, og þess vegna ber jeg fram þessa brtt., sem er svo hógvær, sem mest má verða.

Háttv. deild sker nú úr með atkvgr., hvort hún vill gera þennan dómstól vel úr garði eða ekki, hvort hún vill samþykkja lög um hæstarjett, án þess að sjá honum fyrir dómendum.

Þorleifur Jónsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þgskj. 855, út af því, að hv. Ed. færði Hornafjarðarlæknishjerað í annan launaflokk. Það hafði verið samþykt hjer í deildinni, að Hornafjörður skyldi vera í hæsta launaflokki, svo að jeg veit ekki, á hverju hv. Ed. hefir bygt það, að rifta þessu aftur.

Jeg held, að það sje í raun og veru alveg rangt, ef menn þekkja til, að setja Hornafjarðarhjerað í lægri launaflokk en ýms hjeruð, sem eru í hæsta launaflokki. Skal jeg nefna til dæmis tvö hjeruð, Hólmavíkurhjerað og Bíldudalshjerað. Býst jeg við, að þessi tvö hjeruð sjeu að mörgu leyti betri læknishjeruð og aðgengilegri, bæði vegna hægðar og meiri íbúatölu en Hornafjarðarhjerað. Jeg held því, að þetta stafi af ókunnugleika, að háttv. Ed. heldur, að þetta sje gott hjerað. En þeir, sem til þekkja, vita, að hjeraðið er erfitt. Það er löng strandlengja, margra daga ferð með miklum torfærum, þar sem stór vötn falla um hjeraðið. Auk þess er hjeraðið strjálbygt, og því litlar aukatekjur. Samgöngur á þessum landshluta eru og mjög örðugar, eins og kunnugt er, og býst jeg því ekki við, að hjerað þetta muni þykja eftirsóknarverðara en ýms hjeruð í hæsta launaflokki, nema síður sje.

Vænti jeg því, að hv. deild hjálpi mjer til að færa þetta aftur í samt lag, sem það var í, er það fór frá þessari hv. deild. Þarf jeg ekki að eyða fleiri orðum, en vænti, að hv. deild sýni fulla sanngirni í þessu efni..

Þorsteinn Jónsson: Jeg hefi borið fram brtt. á þgskj. 838, sem fer í sömu átt og brtt. sú, er háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) hefir borið fram. Ed. hefir gert þá breytingu um Hróarstunguhjerað, að setja læknirinn þar í 2. launaflokk. En í frv., er það fór frá hv. Nd., var sá læknir í hæsta launaflokki.

Jeg tók það fram við 2. umr. launalaganna í þessari hv. deild, að læknafundurinn hefði lagt til, að þetta hjerað væri í hæsta flokki. En launanefnd setti það í 2. flokk, af því að aukatekjur læknisins þar voru dálítið hærri en þess flokks lækna, sem settir voru í hæsta flokk. Ástæður þær, sem jeg bar fram þá, þarf jeg ekki að endurtaka. En þar sem bæði læknafundurinn, sem ætla má að þessum hnútum sje kunnugastur, og hv. deild síðan, hafa litið svo á, að þetta hjerað eigi að vera í hæsta flokki, þá vona jeg, að hv. deild samþykki það nú aftur. Býst jeg við, að þessi breyting hafi komist inn í hv. Ed. vegna ókunnugleika. Þetta hjerað er eitt með erfiðustu hjeruðum landsins, og lengi var það, að enginn læknir fekst til hjeraðsins. En launanefnd hefir yfirleitt, eins og sjálfsagt er, tekið tillit til þess, er um laun lækna er að ræða, hve hjeruðin eru erfið, sem þeir þjóna. Hafa mjer virst ýms hjeruð, er hún hefir sett í 1. launaflokk, ekki frekar eiga þar heima en Hróarstunguhjerað. Jeg þekki t. d. bæði Vopnafjarðarhjerað og Fljótsdalshjerað, og tel ekki ástæðu til að hafa þau í hærra flokki en Hróarstunguhjerað. Þessi hjeruð eru mjög sviplík því að aukatekjum, en Hróarstunguhjerað einna erfiðast yfirsóknar.

Sigurður Stefánsson: Jeg þarf ekki að tala um viðaukatill. mína á þgskj. 843. Hv.

frsm. (Þór. J.) er henni samþykkur, þar sem hún er eðlileg afleiðing af því, að Hólshjerað hefir verið samþykt.

En mig langar að víkja fáum orðum að brtt. á þgskj. 847, og þá sjerstaklega c-lið hennar. Það er, eins og menn vita, afturganga frá fyrri umr. þessa máls hjer. Er það hin mesta furða, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) skuli hafa þolinmæði til að vekja þennan draug upp á ný og sleikja hann svo rækilega. Það er þessi sífelda árás á þessa vesalings presta. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) þykist gera þeim vel til með því, að ætla þeim ½ dýrtíðaruppbót, af því að stjórnin ætlaði þeim ekki nema 500 kr., og telur það sæmilegt í samanburði við það. Játa jeg það rjett vera, því að það var hreinasta smánaruppbót.

Það er einlægt verið að endurtaka, að það sjeu svoddan hlunnindi fyrir presta að búa í sveit. Jeg get alls ekki fallist á, að það út af fyrir sig sje rjettmæt ástæða til að lækka dýrtíðaruppbót þeirra. Þegar litið er til þess, hvernig landbúnaðurinn er orðinn, þá hygg jeg, að menn hljóti að játa, að sömu erfiðleikarnir muni ganga yfir presta í sveit sem aðra bændur. Þessi bújarðahlunnindi prestanna eru svo langt frá því að vera nokkur hlunnindi, að þau eru stundum hin mestu óþægindi fyrir prestana. Það er orðið svo dýrt að reka þessar bújarðir prestanna, að það má telja frágangssök fyrir unga og efnalausa presta að reisa bú á þeim. Lögin eru þó víst líka samin fyrir ungu prestana, sem smámsaman koma í embætti, en ekki fyrir þá eina, sem nú sitja í embættum. Það er vitanlegt, að landbúskapurinn hjer er orðinn mestmegnis einyrkjabúskapur, og má því nærri geta, hve þægilegt er ungum prestum að byrja búskap á stórum jörðum, enda eru þess dæmin í seinni tíð, að prestar hafa sama sem flosnað upp af góðum jörðum eftir skamman tíma, og jeg veit ekki betur en bændur hjer á þingi telji sömu hættuna vofa yfir landbúnaðinum, ef líku fer fram með dýrtíð og verkalaunahækkun og að undanförnu.

Menn mega ekki einblína á þau hlunnindi, sem prestar höfðu áður af búskap í sveit, því nú eru þau orðin hverfandi. Samkvæmt þessum lögum eru prestarnir olnbogabörn ríkisins, settir miklu lægra að launum en aðrir starfsmenn þess, og samt þykir nokkrum hv. þm. sæmandi að klípa af dýrtíðaruppbót þeirra og láta þá fá að eins helming hennar móts við aðra embættismenn. Þá vil jeg og bæta einu við, sem sýnir hvað prestarnir eru illa staddir. Þessum stóru jörðum fylgja vanalega stór húsakynni; stundum eru þau svo fallin, að presturinn verður að reisa þau upp með hinum svo nefndu prestakallalánum, sem telja má ein verstu lán á voru landi, og jafnan miklu minni en þarf til að byggja upp prestssetrin. Þó að presturinn, auk þeirra lána, sem heimtuð eru undan hans blóðugu nöglum, hafi lagt mörg þúsund krónur frá sjálfum sjer, þá fær hann ekki eyri fyrir þau framlög sín, er hann flytur frá jörðinni, á ekkert í húsinu, þótt hann hafi lagt í það tugi þúsunda, heldur verður hann að svara álagi ofan á alt saman, og það þótt hann hafi bætt jörðina stórum. Við þetta eru aðrir embættismenn lausir. En úr því að farið er nú að gera þennan mun á dýrtíðaruppbót sveitapresta og annara embættismanna, hvers vegna þá ekki að láta það ná til annara embættismanna, er í sveit búa? Af prestunum er líka tekið afgjald eftir jarðirnar, svo að þeir fá jörðina ekki fría. Það mætti líka alveg eins fara að ganga í grafgötur um það, hvaða embættismenn ættu hluti í sjávarútvegi, og draga af dýrtíðaruppbót þeirra, er tekjur hefðu af slíku. Það er sem sje kunnugt, að hjer í Reykjavík eru embættismenn, sem eiga stóra hluti í sjávarútvegi og öðrum gróðavænlegum fyrirtækjum, og sama má segja um suma em-

bættismenn úti um land, er við sjó búa. Jeg segi þetta ekki til þess, að farið væri að framkvæma þetta, heldur til þess, að sýna ósamræmið hjá þeim hv. þm., og þar á meðal hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem altaf eru að eltast við þessi hlunnindi prestanna, sem þó hafa langminst launin. Jeg veit, að hv. Ed. lítur sanngjörnum og rjettlátum augum á þetta mál, og mun aldrei líða slíkt ranglæti, sem brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fer fram á, og ef því hv. Nd. ekki samþykkir frv., eins og það kom frá henni, þá mun frv. fara í sameinað þing. En slíkan flæking þykir mjer þetta frv. ekki eiga skilið fyrir þennan ómerkilega uppvakning.

Magnús Guðmundsson: Jeg hefi ekki tekið eftir því fyr en nú, að með þessu frv. eru ekki numin úr gildi gömlu dýrtíðaruppbótarlögin. Leyfi jeg mjer því að koma með brtt., er ræður bót á þessu. Vona jeg, að nefndin gangi inn á þetta, enda hygg jeg, að sú hafi verið tilætlun hennar. Aftur á móti hýst jeg við, að dýrtíðaruppbót fyrir síðara helming þessa árs verði greidd eftir núgildandi lögum til allra þeirra, sem ekki taka laun sín eftir nýju launalögunum. Brtt. mín kemur því inn í 34. gr. frv., á eftir orðunum „laun sóknarpresta“, og verður á þessa leið: .. ..

....

(Sjá A. 904).

Sveinn Ólafsson: Það var víst hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), sem lagði nokkra áherslu á, að Hróarstungulæknishjerað yrði flutt úr 2. flokki í 3. flokk. Jeg vil nota tækifærið, þar eð jeg er kunnugur á þessum slóðum, til þess að lýsa því yfir, að mjer finst því skipað í þann stað, sem það eigi að vera á, og sje það fullsæmt af að sitja þar. Jeg get ekki fallist á, að það sje svo stórt eða örðugt yfirferðar, að það eigi að vera í 3. flokki, þegar nú er ráðgert að skifta út úr því Bakkahjeraði. Jeg vildi skjóta þessu fram, af því að jeg þykist vita, að ýmsir hv. þm. sjeu ekki kunnugir þar eystra.

Hins vegar var það hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem kastaði smávægilegum hnútum að mjer, og bar hann mjer það á brýn, að jeg væri að vekja upp drauga, til þess að tefja fyrir framgangi málsins. Það mætti þá eigi síður segja, að hann gerði sjer far um að glíma við drauga. Hann mælir hjer á móti því, að færa frv. í þann búning, sem það hafði hjer úr deildinni. Ástæða hans móti e.-lið brtt. er sú, að hlunnindin, sem prestar hafi áður haft, er þeir fengu góðar jarðir til ábúðar, sjeu nú úr sögunni og orðin að engu. Ef þessi ástæða hans væri rjett, að jarðirnar væru engin hlunnindi, þá hlyti það sama að gilda um bændur yfirleitt, og væri nú svo, að jarðirnar væru orðnar þeim byrðarauki, þá væri lítið vit í að binda þeim þá skattabyrði, sem þessi lög gera, því að auðvitað lendir mikill hluti af útgjöldunum, er þetta hefir í för með sjer, á þeirra herðum. Þá fanst þessum hv. sama þm. (S. St.), að ef þetta ætti að gilda um prestana, þá ætti það og að gilda um aðra embættismenn, er í sveit byggju. Jeg er ekki frá því, að svo megi vera, og væri það sanngjarnlegt, en þeir eru harla fáir embættismennirnir, sem í sveit búa, nema þá helst læknar, en þeir eru framar öðrum bundnir embættisstarfi og síður hæfir til að sinna sveitabúskap. En af því að starf sveitaprestanna er víðast fremur ljett, þá er ástæða til að taka það til greina á þann veg, að draga úr uppbótinni. Að þetta hefði í raun og veru átt að gilda um alla, sem afla sjer tekna utan embættis, er sanngjarnlegt, en líklega er það ókleift vegna erfiðleika á að greina eða flokka þá eftir slíkri aukaatvinnu. Og að því er kemur til þeirra embættismanna

í Reykjavík, sem eiga hluti í arðvænlegum fyrirtækjum, svo sem sjávarútvegi, þá má því svara hv. þm. (S. St.), að enginn varnar prestunum að eiga hlut í arðvænlegum fyrirtækjum, og þurfa þeir ekki að búa í Reykjavík til þess.

Sigurður Stefánsson: Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) tók fram, að ef sveitabúskapurinn borgaði sig eins illa og jeg hefði tekið fram, þá hlytu bændur að vera nauðulega staddir. Og þetta er alveg rjett hjá honum, því bændur eru nauðulega staddir. En þó horfir þetta mál alt öðruvísi við frá bændum heldur en prestum. Bændur eru aldir upp við búskap, en svo er ekki um prestana, því þegar þeir fara í skóla, ganga þeir út úr búskapnum og dvelja mörg ár við nám. Og þetta nám þeirra býr þá á engan hátt undir búskapinn síðar meir, heldur fjarlægir þá honum, en svo er ekki um bændurna, sem lifa á búskapnum. Auk þessa geta bændur gefið sig alveg óskifta að búskapnum, en svo er ekki um allan þorra presta, því þeir hafa margir hverjir ærinn starfa við embætti sitt og mega síst missa tíma frá því til búskaparbaslsins.

Þessi sami hv. þm. (Sv. Ó.) sagði, að hversu bágt sem bændur ættu, þá legðist þó meiri hlutinn af útgjöldum landsins á herðar þeirra. En þetta held jeg ekki rjett, því að eins og nú er farið skattaálögum hjer í landi, þá er það sjávarútvegurinn, sem ber allar aðalbyrðarnar, og er það ekki nema eðlilegt, þar sem hann hefir miklu meira gjaldþol. Það er því ekki rjett að vera að slá því fram, að bændur beri meiri byrðar; þeir gera það ekki, enda geta þeir það ekki. Hv. Ed. hefir nú að vísu litið nokkuð á búskapinn, er prestar hafa, og hefir ákveðið, að sveitaprestar fengju að eins ⅔ uppbótarinnar. Úr því að klípa á af þessum embættismönnum, virðist það vera nóg að klípa ⅓ af uppbótinni, þó ekki væri lengra farið, og ekki ætti svo að vera.

Bjarni Jónsson: Jeg gat ekki stilt mig um að standa upp til þess að dást að, hversu háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) er góðgjarn og vitur í tillögum sínum. Hann getur nú ómögulega sjeð í friði, að prestarnir fái ⅔ uppbótarinnar, eins og hv. Ed. ætlaði þeim. Hann er þó svo nærri sveit, að honum ætti að vera kunnugt um, hver hlunnindi eru að búskapnum á þessum árum. Það er nú orðið einn prestur í Dalasýslu, og nægja ekki laun hans nú til þess að borga vinnumanni. Þó hann fengi nú laun samkvæmt launalögunum, og auk þess ⅔ uppbótarinnar, þá mundi það, sem eftir yrði, er hann hefði goldið vinnumanninum, ekki vera of mikið fyrir hann.

Eitt var einkar vel og skarplega hugsað hjá háttv. þm. (Sv. Ó.). Það var það, að prestar í sveit gætu átt hluti í botnvörpungum og öðrum arðvænlegum fyrirtækjum. Það er alveg nýlega athugað, að eftir því eigi að fara, hvort menn eigi í fyrirtækjum. En er það nú líklegt, að prestar hafi mikla peninga aflögum til þess að leggja í slík fyrirtæki. Þeir kosta sig til náms 10—12 ár, og þegar þeir svo lúka prófi, hafa þeir skuldir á baki, fara svo í hin feitu embætti með 1300 kr. launum, sem fara til þess að borga einum vinnumanni. Skyldu nú slíkir menn hafa fje aflögum til þess að leggja í gróðafyrirtæki? Hlægileg er þessi kenning háttv. þm. (Sv. Ó.) og lík honum sjálfum. Hitt skil jeg betur, að bændur geti safnað og lagt fje í slík fyrirtæki. Þeir hafa margir fengið fje og jarðir að erfðum, eða hafa búið sig undir búskapinn með langri vinnumensku. En hvað brúka nú menn, sem eru að læra í 10 ár eða 12? Það er ekki of í lagt, þótt 1000 kr. eyðist slíkum manni á ári, og verða það í 12 ár 12000 kr. Þetta hafa þessir menn lagt út í bein-

um peningum, en nú má gera ráð fyrir, að annað eins hefðu þessir menn getað unnið sjer inn þessi árin og ættu því að eiga um 24000 kr. Þetta ættu því ólærðir menn að eiga, sem engu hafa til sín kostað, en altaf unnið eins og húðarjálkar. Þeir ættu því að hafa getað lagt í arðvænlegt fyrirtæki. Það er því alllangt frá því, að prestar sjeu svo vel settir, sem bændur og aðrir ólærðir menn, og ætti því þessi hv. þm. (Sv. Ó.) að geta sjeð þessa ⅔ í friði.

Björn R. Stefánsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að hafa önnur afskifti af þessu máli hjer í deildinni en að greiða atkv., er til kæmi, eftir því, sem jeg teldi rjett vera. En þá var það hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem kom mjer til þess að segja nokkur orð um e.-lið till. á þgskj. 847. Jeg ætla að greiða atkv. með þeim lið, en vil þó láta þess getið, að það er ekki af þeim ástæðum, að jeg vilji setja prestana skör lægra en aðra embættismenn, heldur af því, að jeg álít þá betur setta en flesta aðra, á ýmsan hátt. Þeir eru ekki eins bundnir við sitt starf og t. d. læknar, sem um má segja, að aldrei megi um frjálst höfuð strjúka, og mega búast við því að vera rifnir að heiman þegar minst vonum varir. Hv. þm. (S. St.) vildi telja jarðahlunnindin byrði. Jeg vil ekki neita því, að ungir kandidatar, sem koma blankir frá prófborðinu, eigi erfitt með að nota sjer jarðirnar; að þær þurfi að vera þeim til byrði vil jeg þó ekki kannast við, því svo mikil eftirspurn er nú eftir jörðum í sveit, þar sem jeg þekki til, að jeg efast ekki um, að þeir prestar, sem ekki treysta sjer til að taka sjálfir jarðirnar, muni eiga hægt með að leigja þær fyrir þá upphæð — það eftirgjald — sem þeim eru metnar þær upp í tekjur sínar, og tryggja sjer einhver hlunnindi um leið. (*S. St.*: Og vera svo húsviltir sjálfir). Það eru læknarnir líka víða, og verða sjálfir að sjá fyrir því. Prestarnir eru að því leyti ekkert ver settir en þeir. Af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú lýst, mun jeg greiða atkv. með e.-lið till. á þgskj. 847, en ekki af því, að jeg vilji setja prestana að nokkru leyti skör lægra en aðra embættismenn. Annars furðar mig á því, að hv. þm. (S. St.) skyldi geta setið á sjer um daginn, er verið var að tala um aðskilnað ríkis og kirkju, því þá fengu prestarnir marga hnúturna, sem jeg taldi að þeir ættu ekki skilið. Ætlaði jeg að mótmæla þeim áburði þá, en þar eð þá var orðið svo áliðið dags, hætti jeg við það, en geri það aftur á móti nú, fyrst hv. þm. (S. St.) kom mjer til að standa upp. Jeg veit sem sje ekki betur en að ef það kemur til mála að leggja niður prestakall, þá rísi alþýðan öfug á móti því og vilji hafa prest áfram; og jeg veit ekki betur en að hjer fyrir þinginu hafi altaf legið beiðnir, og þær margar, um það, að sundurgreina aftur sum þau prestaköll, sem steypt hefir verið saman við önnur brauð. Þessar beiðnir mundu ekki liggja svona margar fyrir, ef vegur prestanna væri svo lítill hjá þjóðinni. Það eru því ranglátar getsakir, þegar verið er að bera þeim það á brýn, að þeir standi yfirleitt illa í stöðu sinni, og að alþýða lítilsvirði þá og hafi horn í síðu þeirra, eins og hátt var látið hjer um fyrir skemstu. Auðvitað má segja það, að í þeirri stjett sem öðrum geti verið „misjafn sauður í mörgu fje", en þó mun það alment, að prestar eru vel metnir menn í sinni sveit, og margir þeirra vinsælir og vel metnir sveita- og hjeraðahöfðingjar, sem söfnuðirnir vilja ekki láta frá sjer taka.

Það er sagt, að prestar sjeu of margir, og jafnvel óþarfir með öllu, en þó er altaf söngurinn sami, ef taka á prest frá söfnuði eða fækka prestaköllum. Þetta sýnir, að þjóðin vill í raun og veru ekki án prest-

anna vera, og ef þeim fækkaði að mun, eða væru afnumdir alveg, þá held jeg, að sannaðist, að enginn veit hvað átt hefir fyr en mist hefir. Þjóðin mundi því alls ekki hætta að hafa presta, þó að ríki og kirkja væru aðskilin, eins og jeg tel að ætti að vera, eins og ríkið nú orðið stjórnar kirkju sinni. En út í það skal ekki farið.

Sigurður Stefánsson: Fyrir hönd prestanna þakka jeg hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) fyrir, hvað hann mælti fagurlega í þeirra garð. Jeg held, að fáir hafi sýnt betur nauðsyn þeirra en hann, og fáir varið þá betur gegn óverðskulduðum lastmælum. En af öllu þessu hefir hv. þm. (B. St.) dregið þá ályktun, að með enga starfsmenn ríkisins skuli farið jafnilla og einmitt prestana.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það er fátt, sem jeg þarf að taka hjer fram fyrir nefndarinnar hönd. Það, sem aðallega hefir vakað fyrir nefndinni, er að stofna málinu ekki í hættu, og slaka þá heldur til en að gera smámuni að ágreiningsatriðum.

Viðvíkjandi hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og brtt. hans skal jeg geta þess, að nefndin getur ekki á þær fallist. Hv. þm. (Sv. Ó.) taldi sanngjarnara að miða verðstuðulinn við verð í fjórum aðalkaupstöðunum heldur en í Reykjavík einni. Um þennan stuðul er það að segja, að sanngjarnast væri að miða hann við verð í hverjum kaupstað og veita uppbótina eftir því, hvar menn væru búsettir. En þessu verður ekki komið við. Ef miðað er við Reykjavík eina, þá fá nokkrir embættismenn úti um land hærri uppbót en þeim ber, en ef fjórir aðalkaupstaðirnir eru teknir, þá fá embættismenn í Reykjavík lægri uppbót, og þeir eru fleiri. Það virðist því sanngjarnast að miða við Reykjavík eina, úr því að ekki er hægt að fara svo nákvæmlega út í þetta, að full sanngirni verði. En það er ekki hægt.

Um prestana þarf jeg ekki að fjölyrða. Þó að laun þeirra hafi ef til vill verið sanngjörn áður, þá eru þau það ekki framar nú. Það er orðið dýrt að koma upp búi, og arðurinn ekki meiri en svo, að óvíst er, að það borgi sig fyrir presta, enda á ekki að vera svo í garðinn búið, að prestar þurfi að stunda einhvern sjerstakan atvinnuveg til að halda í sjer lífinu.

Um læknishjeruðin get jeg líka verið stuttorður. Nefndin bygði á læknafundinum í þeim efnum, enda hafði hann meiri þekkingu til að bera en hún. Það var einnig sett undirnefnd, og komst hún að sömu niðurstöðu.

Þá kem jeg að brtt. frá hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), um að nema úr gildi þau lög, er nú gilda um dýrtíðaruppbót. Nefndin hefir haft þetta til athugunar. Fjárlögin fjalla um fimm starfsmenn, sem heyra ekki undir þetta frv., og hjelt nefndin þess vegna, að gamla uppbótin þyrfti ef til vill að gilda. En ef fult tillit verður tekið til þessara manna í fjárlögunum, þá verða gömlu lögin vitanlega þýðingarlaus.

Annars er óþarfi að ræða þetta mál frekar; umræður verða ekkert annað en endurtekningar úr þessu. Hv. deildarmönnum munu vera orðin kunn öll atriði málsins, og eiga þeir nú við sjálfa sig, hvort þeir vilja stofna því í hættu eða ekki.

Björn R. Stefánsson: Ályktun háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) stóð ekki í rjettu hlutfalli við vitsmuni þá, sem honum eru eignaðir. Jeg færði rök fyrir máli mínu, benti á, að prestar hefðu óbundnari hendur og gæta frekar en flestir aðrir embættismenn gefið sig að öðru en embætti sínu, og ættu því ekki að hafa jafnhá laun og aðrir starfsmenn ríkisins. Þeir geta verið jafnþarfir fyrir því.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki látið vera að segja fáein orð áður en þetta mál fer úr deildinni að fullu og öllu, og jeg vona, að það þurfi ekki að koma fyrir sameinað þing. Jeg tel rjett að gera engar breytingar við frv. nú, og býst við, að flestir geti við það unað, þó margir kysu að hafa það öðruvísi í ýmsum atriðum.

Það er erfitt að spá nokkru um framtíðina. Menn hafa löngum vonað það og búist við því, að verðlag færi að batna, en sú von virðist ekki ætla að rætast í náinni framtíð. Sú skoðun ryður sjer til rúms meðal kaupsýslumanna, að verðlagið nú sje að festast, og búast megi við, að það raskist lítið úr þessu, að minsta kosti varla til lækkunar. Sje svo, þá er ósanngjarnt að hafa takmarkað svo hærri launin og gert launin yfirleitt sem jöfnust. Enda tel jeg það mestu galla á frv., að það ákveður, að laun og uppbót megi ekki fara fram úr ákveðinni upphæð. En þrátt fyrir þennan galla verða menn að sætta sig við það, sem komið er.

Um einstakar breytingar og brtt. skal jeg ekki tala, en þó vil jeg sjerstaklega mæla með brtt. frá háttv. þm. Mýra. (P. P.), um að fella burtu embættasameiningar í stjórnarfrv. Úr því, sem komið er, þá er þetta alveg rjett. Jeg sá sjerstaklega eftir, að ekki var gert ráð fyrir að fela þjónustu Holdsveikraspítalans ódýrari manni en nú er, þegar um losnaði, sem vonandi er langt að bíða. En þegar þar að kemur, hafði jeg hugsað mjer þennan sparnað.

Það hefir mikið verið þráttað um brtt. á þgskj. 847, um hvort fyrirskipa skuli endurskoðun á þessum lögum. Jeg skal játa, að í fljótu bragði virðist það ekki skaða, en jeg tel brtt. óþarfa. Jeg legg þann skilning í orðin „fyrst um sinn", að þessi uppbót sje ekki föst og embættismenn geti ekki krafist hennar framvegis. Eins tel jeg varhugavert að skylda þingið 1925 til að endurskoða þetta, ef þess er engin þörf þá, en heimild hefir það vitanlega til þess, og orðin „fyrst um sinn" gefa því undir fótinn, ef ástandið verður breytt þá. Jeg tel því engan skaða skeðan, þó þessi tillaga falli.

Um verðstuðulinn þarf jeg ekki að tala. Háttv. frsm. (Þór. J.) hefir svarað þar fyllilega. Það er ómögulegt að reikna uppbótina svo, að fullkomin sanngirni fáist, og er þá að taka það, sem næst er sanngirni, og það er að miða við Reykjavík.

Það má segja, að mjer farist ekki að andmæla sparnaðartillögum hjer, því stjórnarfrv. hafi verið lægra en þetta, og er það rjett. En það verður að gæta að því, að langur tími hefir liðið á milli, og á þeim tíma hefir ástandið breyst. Auk þess vildi stjórnin ekki gefa þinginu undir fótinn með að hækka launin alt of mikið; hún vissi sem var, að þau hlytu að hækka í meðferðinni, og gat hún vel sætt sig við það.

Jeg held, að þeir háttv. þm., sem flutt hafa sparnaðartill., hafi ekki tekið nægilegt tillit til verðmætis peninganna nú og þarfa manna. Þeir hafa litið um of á það, að landssjóði yrði ofraun að standast allan þennan kostnað, en nú ætti þeim að vera orðið ljóst, hvernig ástatt er. Jeg vona því, að menn geti sameinast um þetta frv.

Pjetur Jónsson: Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) talaði um brtt. á þgskj. 847 og taldi hana óþarfa. Hann vildi teygja orðin „fyrst um sinn", svo þau væru nóg í hennar stað. Jeg ætla ekki að fara hjer út í lögskýringar, en jeg þykist hafa tekið eftir því, að lög eru yfirleitt skýrð í öfuga átt við það, sem hæstv. forsætisráðh. gerir hjer. Mjer finst rjettast að hafa fyrirmæli laganna skýr og tvímælalaus, og ætti þinginu að vera vorkunnarlaust að ganga svo frá frv., að eigi væri um að villast. Jeg get ekki fallist á, að engin breyting geti

átt sjer stað í náinni framtíð nema til hækkunar; jeg held að minsta kosti, að því verði ekki slegið föstu með vissu. En það vil jeg að komi skýrt fram, að breyting skuli fara fram þegar þess gerist þörf, hvort heldur til lækkunar eða hækkunar, og þess vegna tel jeg vel farið að samþ. brtt. á þgskj. 847.

Jeg vil því hiklaust, að sú breyting sje gerð, og mjer er kunnugt um, að hún verður ekki gerð að kappsmáli. Jeg tel það ekki eiga við, að löggjafarvaldið afsali sjer um óákveðinn tíma rjettinum til að geta breytt ákvæðunum um dýrtíðaruppbótina, ef því finst sanngirni mæla með því. Það er þó ekki hugsun mín með þessu, að jeg telji sjálfsagt, að dýrtíðaruppbótin verði afnumin 1925, heldur hitt, að þá verði tekinn til endurskoðunar grundvöllur sá, sem hún byggist á, og honum breytt, ef rjett þykir, á annanhvorn bóginn, því að eftir þessi 5—6 ár, sem líða frá því lög þessi eru sett og þangað til gera má ráð fyrir endurskoðun þeirra, ætti að vera fengin sæmileg reynsla fyrir því, á hversu heppilegum grundvelli dýrtíðaruppbótin er bygð. Jeg tel þetta svo mikilvægt atriði, að jeg er ekki viss um, hvort jeg greiði atkv. með frv. ef brtt. verður feld.

Jeg tel það að vísu ekki skifta mjög miklu máli, hvort prestar, sem ekki búa í kaupstað eða verslunarstað, fái ½ eða ⅔ launauppbótar; þó mun jeg fremur greiða atkvæði með brtt. á þgskj. 847. Lækkun sú, sem þar er farið fram á, nær ekki til annara presta en þeirra, sem hafa jörð til ábúðar, og mega það teljast hlunnindi, því þeir afla sjer bæði kjöts og smjörs í búi sínu, og það er einmitt einn hluti af þeim vörutegundum, sem dýrtíðaruppbótin er bygð á. Það er því ekki ástæða til að greiða dýrtíðaruppbót af því, sem þeir kaupa af sjálfum sjer, sem neysluvöru. Mjólk er t. d. ekki lítill hluti af neysluvörum á sveitaheimili, og kjöt líka.

Jeg er í sjálfu sjer ekki á móti því, þótt þessi brtt. næði einnig til annara embættismanna, sem í sveit búa, en það gerir hún ekki, og er því ekki um það að tala. Þessir embættismenn eru mjög fáir, og hefir því ekki mikla þýðingu, hvort þeim er slept eða þeir teknir með.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg get lýst því yfir, fyrir hönd nefndarinnar, að skoðun hennar fellur saman við álit hæstv. forsætisráðherra, um að þingið hafi ekki með lögum þessum afsalað sjer rjettinum að ákveða dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins fyrir fult og alt; sjest það á því, að þar sem í 33. gr. frv. er talað um dýrtíðaruppbótina, þá er sagt, að hana skuli veita „fyrst um sinn“. En þyki það vafasamt, hvort þessi skilningur sje lagalega rjettur, þá mundi nefndin ekki hafa á móti því, að það væri skýrt tekið fram, að þennan skilning vill hún leggja í þetta atriði.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegu brtt. frá 1. þm. Skagf., M. G., (sjá A. 904), leyfð með öllum greiddum atkv.

Brtt. 851. samþ. án atkvgr.

— 825,1. samþ. með 23 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J. Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

nei: H. K.

B. Sv. og E. J. greiddu ekki atkv.

Brtt. 855. samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. Árna., G. Sv., J. J., J. B., M. P., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., Ó. B.
nei: B. K., E. A., E. J., H. K., J. M., M. G., M. Ó., P. J., S. S., S. St., Þór. J.

Brtt. 873. samþ. með 17 : 1 atkv.
— 838. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., J. J., J. B., M. G., M. P., P. Þ., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. St., E. Árna., Ó. B.
nei: H. K., J. M., M. Ó., P. J., P. O., S. S., S. St., Sv. Ó., Þór. J., B. J., B. K., E. A., E. J.

Brtt. 892. og 847,a., svo breytt, samþ. með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., H. K., J. B., Ó. B.
nei: M. P., Þór. J., B. J., B. K., E. A., G. Sv., J. J., J. M., M. G.

Brtt. 847,b. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., H. K., J. B., M. Ó., P. O., Ó. B.
nei: P. Þ., S. St., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., E. A., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. P., P. J.

Brtt. 847,c. feld með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. St., E. Árna., M. G., Ó. B.
nei: P. Þ., S. St., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M. J. B., M. P., M. Ó.

Brtt. 836. samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv., B. J., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J.
nei: P. O., S. S., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. K., B. St., E. J., H. K., M. G., Ó. B.

Brtt. 825,2. samþ. án atkvgr.
— 904. (skrifleg brtt.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 : 2 atkv. og endursent Ed.

Á 60. fundi í Ed., föstudaginn 19 sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um laun embættismanna,

eins og það var samþ. við eina umr í Nd. (A. 905).

Á 62. fundi í Ed., mánudaginn 22. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg vil að eins skýra frá því, að nefndinni þótti ekki ráðlegt að koma með neinar brtt. við frv. úr þessu, og leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd.

Nd. hefir ekki gert margar eða miklar breytingar á frv. 7. gr. var feld burtu, enda var hún orðin óþörf, þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum samsteypuembættum í lögunum. — Þá hefir verið bætt inn í frv. grein, sem nú er 9. gr., um skrifstofu-

stjóra Alþingis. Nefndin er sömu skoðunar um þetta embætti og hún áður var, en telur það hins vegar ekki þess vert, að gera frekari ágreining um þetta efni. — Sú breyting hefir verið gerð á launum lækna, að Hornafjarðarlæknirinn hefir verið fluttur upp í hæsta launaflokk, og nýjum lækni bætt við handa Bolvíkingum. — Á 33. gr. hafa verið gerðar smávægilegar breytingar. Ákvæðið um að lög þessi skuli fyrst um sinn gilda til 1925 hefir verið sett inn aftur. Nefndin telur í sjálfu sjer litlu máli skifta, hvort þetta ákvæði stendur í lögunum eða ekki. Það var fyrir orð sambandsstjórnar embættismannafjelaganna, að nefndin mælti með því fyrir nokkru, að ákvæði þetta væri tekið út úr lögunum, en nú lætur hún það kyrt liggja. — Hámarkslaun hæstarjettardómara hafa verið færð upp í 10500 kr. Nefndinni hefir komið saman um að láta við svo búið standa, þó hún telji ekki rjettlátt að taka þá eina út úr. Það munu vera að eins um 20 menn, sem 9500 kr. takmarkið nær til, svo engin frágangssök hefði verið að hækka þá alla, fyrst einn flokkur var hækkaður. — En út af þessum breytingum hefir hvorki nefndin nje einstakir þingmenn komið með neina brtt., og eru það því tilmæli mín, fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 :1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 949).

23. Lífeyrissjóður embættismanna.

Á 1 .fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri (A. 23).

Á 3. fundi í Nd., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta frv., sem stjórnin leggur fram, gerir ráð fyrir að afnema eftirlaun embættismanna, en að þeir safni sjer lífeyri. Er frv. þetta sniðið eftir frv. því, er launamálanefndin samdi, og víkur líka nokkuð að því sama, sem áður hefir verið gert, hvað prestana snertir. Mun þetta vinsælla en eftirlaunin, enda eru þau alls ekki fullnægjandi. Eftir frv. getur lífeyririnn orðið allhár eftir margra ára embættisþjónustu, enda rjettlátt, að þeir, sem lengi þjóna, fái að sama skapi hærri lífeyri. Hjer er lagt til, að tillagið úr ríkissjóði verði miklu ríflegra en launanefndin gerði ráð fyrir. Einnig er tillagið til sjóðsins frá embættismönnum hærra heldur en ráð var fyrir gert í frv. nefndainnar.

Jeg býst við, að þessu frv. verði vísað til sömu nefndar og launamálinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til launamálanefndar (sjá A. bls. 2017) með 17 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 545, 575).

Frsm. (Matthías Ólafsson): Eins og háttv. þingdm. er kunnugt, er nú ætlast til þess með samþykki launalaganna, að engin eftirlaun verði framvegis. Hins vegar hefir hæstv. stjórn sýnst, að ekki mætti eiga sjer stað, að ekki væri tryggilega sjeð fyrir

gömlum embættismönnum. Þess vegna er frv. þetta fram komið, og í launalögunum eru launin ákveðin svo rífleg, að gert er ráð fyrir, að menn geti sjeð af nokkru gjaldi af þeim í sjóð þennan.

Launanefndin, sem haft hefir þetta frv. til meðferðar, telur þetta sjálfsagt. En hins vegar er það mikið efamál, hvort ekki þarf að breyta þessu áður en langt um líður.

Í frv. er gert ráð fyrir, að embættismenn greiði 5% af embættislaunum sínum í sjóð þennan, þó ekki af þeim hluta launa, sem fram yfir er 5000 kr.

Lífeyririnn, sem hann fær greiddan, nemur 27% af launahæð þeirri, sem hann hefir greitt af samtals.

Maður, sem hefir 5000 kr. í laun og situr í embætti í 20 ár, hann hefir þá lagt í sjóðinn samtals 5000 kr., en fær útborgað í lífeyri 2700 kr. árlega.

Maður, sem hefir 2400 kr. í árslaun og er í 20 ár í embætti, greiðir samtals í sjóðinn 2400 kr., en fær útborgað í lífeyri árlega 1296 kr.

Það líða því tæp 2 ár áður en embættismenn hafa til fulls etið upp aftur alt, sem þeir hafa lagt í sjóðinn.

Af þessu sjest, að 5% gjald verður of lágt. En þá verður annaðhvort að hækka gjald þetta eða landssjóður verður að leggja meira fje af mörkum.

En jeg skal geta þess, að slíkt ákvæði sem þetta er ekki hægt að setja svo rjett í fyrstu, að ekki þurfi að breyta því aftur. Þar verður að þreifa sig áfram smátt og smátt.

Í frv. stendur, að landssjóður leggi til sjóðsins 50,000 kr. í eitt skifti fyrir öll. Það taldi nefndin alveg sjálfsagt, þar sem ekki er hægt að stofna sjóðinn af tillaginu einu saman.

Þá er annað, sem nefndin taldi líka sjálfsagt, að þegar embættismenn eru orðnir 70 ára, þá megi þeir fara frá, og eigi þá heimtingu á eftirlaunum, eða þegar aldur þeirra og embættisár eru til samans orðin 95 ár, þá hafi þeir heimtingu á eftirlaunum. En til þess geta menn ekki verið yngri en 57—58 ára.

Í 7. gr. er það ákvæði, að þegar embætti legst niður og embættismaðurinn flyst ekki í annað embætti, þá eigi hann heimtingu á að fá endurgreidd úr sjóðnum iðgjöldin vaxtalaust.

Þetta sýndist nefndinni sanngjarnt, að menn fái þetta endurgreitt, ef þeir missa rjettinn til lífeyrisins. Hins vegar hafa þeir um leið veitt sjóði þessum stuðning með vöxtunum af iðgjöldunum.

Annars varð talsverður ágreiningur um það, hvort embættismaður, sem ljeti af stöðu sinni, ætti afturkræft það, sem hann hefir lagt í sjóðinn. En meiri hluti nefndarinnar var á þeirri skoðun, að stjórnin hefði þar hitt á hið rjetta, þar sem ganga má að því vísu, að menn sleppi ekki fastri stöðu nema því að eins, að þeir eigi völ á öðru betra starfi og þurfi því ekki eftirlaunanna við.

Þá skal jeg geta þess, að nefndin lagði fyrst til, að frv. yrði samþ. óbreytt, en eftir að nál. var prentað tók hún eftir því, að hæstv. stjórn hafði gleymst að nema úr gildi lög nr. 5, 4. mars 1904, en þau hljóta að falla úr gildi, eins og hin, sem til eru tekin í 8. gr. frv. Nefndin hefir því komið með brtt. á þgskj. 575 um þetta efni til lagfæringar.

Jeg þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, en vil að eins ráða háttv. deild til að samþ. frv. með þessari brtt. frá nefndinni.

ATKVGR.

1.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 575. (ný 8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. sept. var frv. tekið til 3. umr. (A. 636).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., fimtudaginn 4. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 661).

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 5. sept, var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forsætisráðherra (J. M.): 6. og 7. mál á dagskránni eru stjórnarfrv., og hefir hv. Nd. samþykt þau óbreytt að efni til. Efni frv. er náskylt, og kýs jeg því að tala um þau bæði í einu, ef hæstv. forseti leyfir.

Frumvörpin eru samin að miklu leyti af launamálanefndinni, en stjórnin hefir gert lítils háttar breytingar á þeim. Tillagið til lífeyrissjóðsins hefir verið hækkað og tillagið úr sjóðnum einnig. En þessi breyting var sjálfsögð, vegna þess, hve mikið kaupmagn peninga hefir lækkað síðan frv. var samið. Sama er að segja um ekkjutrygginguna.

Frv. þessi eru borin fram í sambandi við launalagafrv., og veldur ekki mikilli breytingu fyrir ríkissjóð nje embættismenn. Það gildir í sjálfu sjer einu, hvort greidd eru lægri laun og eftirlaun þá úr ríkissjóði, eða hærri laun og embættismenn þá látnir safna í lífeyrissjóð. Nú er farin síðari leiðin, og tel jeg það heppilegt. Með því móti er Alþingi forðað frá leiðinlegu kvabbi um sjerstök eftirlaun og viðbætur við eftirlaun. Þetta nýja fyrirkomulag held jeg að verði líka betra bæði fyrir ríkið og starfsmenn þess, vegna þess, að þessir sjóðir eru útreiknaðir á þann hátt, að búast má við, að þeir geti brátt greitt hærri eftirlaun en gert er ráð fyrir, og má þá að líkindum setja iðgjöldin til þeirra niður.

Jeg vona, að hv. deild taki málum þessum jafnvel og raun varð á um hv. Nd., enda verða frumvörpin að teljast sanngjörn frá hvaða sjónarmiði sem á þau er litið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 8. sept, var frv. tekið til 2. umr. (A. 661).

Frsm. (Guðm. Ólafsson): Frv. þetta er stjórnarfrv., og hefir samvinnunefnd launanefnda athugað það og leggur til, að það sje samþykt. Álit nefndarinnar er á þgskj. 545, og rituðu tveir nefndarmenn undir það með fyrirvara, en þar sem langt er síðan nál. kom fram, og þeir hafa enga brtt. gert, má gera ráð fyrir, að þeir láti sjer frv. lynda, þótt þeir sjeu ekki alls kostar ánægðir. Jeg mæli því með, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A 661, 804).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 804, sem of seint var útbýtt.

Kristinn Daníelsson: Samband starfsmanna ríkisins kom fram með þá málaleitan, að þegar endurgreidd væru iðgjöld úr lífeyrissjóði til embættismanna, vegna þess, að embætti það, er þeir skipuðu, væri lagt niður, væru einnig greiddir sparisjóðsvextir af þeirri upphæð, í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir því, að iðgjaldaupphæðin verði greidd vaxtalaus Þar sem jeg gat ekki annað sjeð en að ósk þessi væri eðlileg og hefði við full rök að styðjast, hefi jeg komið fram með brtt. við frv., er gengur í þessa átt.

Lífeyrissjóðurinn nýtur, þó þetta verði samþykt, mismunarins á þeirri vaxtaupphæð, sem hann fær af fjenu, og sparisjóðsvöxtum. Á sama hátt nýtur hann vaxtavaxta af iðgjöldunum þann tíma, sem embættismaðurinn greiðir í sjóðinn. Þegar þar við bætist, að sjaldgæft mun verða, að embætti sjeu þannig lögð niður, hygg jeg, að bagi sá, er sjóðurinn kann að hafa af þessu, vegi ekki upp á móti sanngirniskröfu embættismannanna.

Skal jeg ekki fjölyrða meir um mál þetta, en vildi að hv. deild skæri úr þessu atriði fyrir sitt leyti.

Frsm. (Guðm. Ólafsson): Jeg vildi að eins geta þess, að atriði þetta kom þó nokkuð til umr. í launamálanefndinni, og vildi hún halda sjer við það, sem í frv. stendur, enda verður ekki sjeð, að það geti talist órjettlátt.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal viðurkenna það, að það er ekki þýðingarmikil breyting, sem farið er fram á í brtt. háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), á þgskj. 804, um það, að þegar embætti er lagt niður og embættismaðurinn flyst eigi jafnframt í annað embætti, skuli hann eiga rjett á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóði, með sparisjóðsvöxtum, saman lögð iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn; en í frv. er gert ráð fyrir, að hann fái þau endurgreidd vaxtalaust. Að vísu getur það verið sjóðnum beinlínis í óhag að hafa tekið við iðgjöldunum, en stórvægilegt verður það ekki.

En þó verð jeg að vera sammála meiri hluta launamálanefndar um það, að rjett sje að breyta ekki frv. — Jeg held, að það sje fullkomlega sanngjarnt að fara ekki lengra en að embættismennirnir fái iðgjöldin endurgreidd að fullu.

Margir slíkir sjóðir borga með frádrætti þegar líkt stendur á, og þegar frv. var samið, var meiningin með þessu að sýna fylstu sanngirni. Jeg veit, að ýmsir hv. þingdm. þekkja slíka sjóði, auk þess sem skilmálarnir eru oft þannig, að alt tapast, án þess embættismanninum sje sjálfum um að kenna.

Ef sjóðurinn, auk þess að endurborga iðgjöldin að fullu, væri skyldaður til að greiða einnig sparisjóðsvexti, yrði það honum til skaða, því þegar hann stækkar, verður ekki hjá því komist að greiða af vöxtunum kostnaðinn af gæslu hans.

Forseti: Það er af vangá, að þetta mál og hið næsta er tekið á dagskrá í dag. Þau er ekki hægt að afgreiða frá þinginu, nema í sambandi við launafrv. Jeg tek þau því af dagskrá nú, en mun taka þau á dagskrá aftur, þegar sjeð eru afdrif launafrv.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Ed., mánudaginn 22. sept., var framhaldið 3. umr. um frv. (A. 661, 804).

Kristinn Daníelsson: Jeg á eina brtt., á þgskj. 804, sem jeg vildi leyfa mjer að fara

nokkrum orðum um. Hæstv forsætisráðh. (J. M.) mintist nokkuð á þetta við fyrstu umræðu málsins, og jeg leyfi mjer að gera nokkrar aths. við ummæli hans.

Það, sem jeg fer hjer fram á, er að embættismönnum verði endurgreidd öll iðgjöld saman lögð með sparisjóðsvöxtum, ef embætti þeirra er lagt niður og þeir flytjast eigi jafnframt í annað embætti. En í frv. er ákveðið, að í slíkum tilfellum skuli iðgjöldin greidd aftur vaxtalaust, en í því er bersýnilegt misrjetti, að menn fái ekki sæmilega vexti af fje sínu, en ríkið hirði ágóðann af því, að það hefir skipað mönnunum að tryggja sig. En þar sem sagt hefir verið, að sjóðurinn myndi tapa á þessu, þá held jeg, að það hafi við engin rök að styðjast. Þetta mun vera svo sjaldgæft, að þess gætir ekki fyrir sjóðinn, sem sjálfsagt græðir á mörgum tryggingum, en hins vegar getur hinn líftrygða munað þetta miklu. Það virðist ekki heldur ástæða til, að þessi tryggingarsjóður sje ósanngjarnari í þessum efnum en önnur líftryggingarfjelög. Skal jeg svo ekki tefja umræðurnar með lengri ræðu, en vona, að brtt. mín verði samþykt.

ATKVGR.

Brtt. 804. feld með 8 : 4 atkv.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 950).

---

24. Ekkjutrygging embættismanna.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um ekkjutrygging embættismanna (A. 41).

Á 3. fundi í Nd., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta frv. er nokkuð meira frábrugðið frv. launamálanefndarinnar heldur en næsta frv. á undan, sjerstaklega að því leyti, að það gerir einnig ráð fyrir eftirlaunum handa ekkjum embættismanna og börnum þeirra. Jeg þykist vita, að þótt gjöld landssjóðs verði að nokkru aukin með frv. þessu, þá muni það fá góðar undirtektir hjá hinu háa Alþingi. Það hefir undanfarið verið tekið hjer á þingi sanngjarnlega í málaleitanir embættismannaekkna að þessu leyti. Jeg tel sjálfsagt að vísa málinu til launamálanefndar og vona, að háttv. nefnd taki því vel.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til launamálanefndar (sjá A. bls. 2017) í e. hlj.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 41, n. 546).

Frsm. (Matthías Ólafsson): Launamálanefndin leggur til, að þetta frv. verði samþykt með þeim orðabreytingum á 5. gr., sem nefndin leggur til. Nefndinni fanst það dálítið undarlegt, að í 1. gr. er ekki ætlast til, að hvorki þeir menn greiði þetta gjald, sem giftast eftir fimtugt, nje þeir, sem sitja í embættum er lög þessi öðlast gildi, og eldri eru en fimtíu ára. Jeg hefi spurst fyrir um þetta hjá hæstv. stjórn, og eftir því, sem jeg hefi næst komist, virðist það hafa vakað fyrir stjórninni, að er menn væru orðnir svo gamlir, hefðu þeir ekki efni á að greiða svona hátt tryggingargjald, því það leiðir af sjálfu sjer, að því skemri tíma sem búist er við að maðurinn lifi, því hærra verður iðgjaldið. Einhver sagði, en jeg býst við að það hafi verið

gletni, að þetta væri gert til þess að fyrirbyggja það, að konur sæktu um of eftir gömlum embættismönnum.

Þetta frv. er nokkuð annað en frv. um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn, því hjer er farið fram á, að nokkurt tillag falli til ekknanna og barna þeirra, úr landssjóði. Nefndin athugaði þetta vel og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki yrði fram hjá þessu komist. Það er sem sje ekki hægt að ætlast til, að embættismenn geti bæði keypt sjálfum sjer og ekkjum sínum líftryggingu.

Í 5. gr. frv. stóð um börn embættismann, sem mist hafa báða foreldra sína, að konungur geti veitt hverju um sig 100 til 200 kr. uppeldisstyrk árlega, ef það sýndi sig maklegt að njóta. Þótt þetta ákvæði hafi staðið í eldri lögum, þótti nefndinni það svo afkáralegt, að hún vildi ekki halda því lengur í lögunum. Það virðist ekki hægt að segja, eða krefjast þess, að barn innan 16 ára aldurs sýni sig maklegt styrksins eða ekki. Ef barnið hefir sýnt af sjer einhverja óknytti innan 16 ára aldurs, þá væri því fremur ástæða til að veita því styrkinn, ef hann gæti hjálpað því á rjetta leið aftur. Að svo mæltu læt jeg úttalað um þetta mál.

ATKVGR.

1.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 546. samþykt með 14 : 2 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj atkv.

6.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 637).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., fimtudaginn 4. sept., var útbýtt.

Frumvarpi til laga um ekkjutrygging embættismanna,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 662).

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 5. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 8. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 662).

Halldór Steinsson: Frv. þetta er í nánu sambandi við síðasta mál, og leyfi jeg mjer fyrir nefndarinnar hönd að leggja til, að það verði samþ., jafnframt og jeg vísa um það til greinargerðarinnar með stjórnarfrv. og nál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11. shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11. shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 662).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., mánudaginn 22 sept., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 951).

25. Lögreglusamþyktir.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 1, 3. jan 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina (A. 25).

Á 3. fundi í Ed., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Frv. er fram komið fyrir ósk bæjarstjórnarinnar í Reykjavík og fer fram á að hækka sektir fyrir brot gegn lögreglusamþyktum Bæjarstjórnin færir þá ástæðu fyrir málaleitun sinni, að peningar hafi lækkað mjög í verði. Hvort sem það er nú rjett að komast svo að orði, að peningar hafi lækkað í verði, eða hitt er það rjetta, að vörur og kaupgjald hafi hækkað stórum, þá verður útkoman hin sama í þessu máli. Sektarákvæðin geta verið svo lág, að tilvinnandi sje frá hagnaðarins sjónarmiði að fremja brotið og greiða sekt fyrir. Jeg geri því ráð fyrir, að það muni ekki orka tvímælis, að sektir eigi að vera svo háar, að aldrei geti verið hagnaður í því að fremja brotin, heldur komi þær þvert á móti í veg fyrir þau. Hitt kann ef til vill að mæta mótspyrnu, að refsa skuli umsjónarmönnum barna fyrir ávirðingar barnanna. En bæjarstjórn hefir þótt nauðsynlegt að biðja um þetta, og ráðuneytið fundið ástæðu til að verða við því. Jeg geri ráð fyrir, að frv. verði, að umræðunni lokinni, vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls 2004) með 10 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., föstudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 85).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og nefndarálitið ber með sjer, hefir allsherjarnefnd komist að þeirri niðurstöðu, að ráða háttv. deild til að samþykkja frv., með þeirri einni breytingu, að hámarkið verði fært niður úr 1000 kr. í 500 kr. Ástæðurnar fyrir þessu eru teknar fram í nál., og finn jeg ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um það atriði, en vænti, að hv. deild samþykki brtt. og síðan frv.

Magnús Kristjánsson: Jeg verð að segja það, að mjer virðist frv. þetta mjög óaðgengilegt, þótt brtt. hv. nefndar bæti nokkuð úr, en þó nægir hún ekki til þess að gera frv. aðgengilegt í mínum augum.

Það lítur svo út, að tilgangurinn sje sá, að gera tilraun til þess að afla kaupstöðunum tekna á þennan hátt, en þær tekjur verða að líkindum hvorki miklar nje eftirsóknarverðar.

Það er kunnugt, að sumar bæjarstjórnir ganga nokkuð langt í því að semja langa lagabálka, sem sjálfsagt ekki 10. hluti bæjarbúa kynnir sjer til nokkurrar hlítar, og verður þannig ekki nema fáum kunnugt, hvað leyfilegt er eða ekki. En hitt er víst, að varlega er farandi í að setja slíkar reglur, nema vissa sje fyrir því, að þær verði

almenningi kunnar, og að þær sjeu ekki óþarflega strangar, því að mínu áliti verður það oftast til þess að vekja mótþróa, í stað þess að bæta siðferðisástandið. Og um þetta frv. er það að segja, að ef það yrði þannig samþykt, þá yrðu þeir mjög fáir, sem int gætu af höndum slíkar sektir, og sje jeg þá ekki betur en að frv. miði að því að baka ríkinu kostnað, með því að menn verða með svo háum sektum neyddir til þess að afplána þær á annan hátt.

Jeg verð því að vera á móti frv., þótt jeg greiði brtt. nefndarinnar atkv., af því að hún er til bóta. Mun jeg síðan tala við nefndina eða sjálfur bera fram brtt. í þá átt, að færa hámarkið niður í 200 kr.; hærra má það ekki vera.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Frv. þetta er samið og samþykt af bæjarfulltrúum hjer í Reykjavík, og munu þeir sjálfsagt ekki hafa ætlað sjer að setja í það annað en það, er hæfilegt væri. Þess ber og að gæta, að verð peninga nú er annað en 1890; það er víst ekki of mikið í lagt að segja, að 400 kr. nú jafngildi 100 kr. þá, og um þannig vaxin brot gegn lögreglusamþykt, sem hjer um ræðir, er það víst, að efnamönnum er ekki ofvaxið að greiða alt að 1000 kr. í sekt fyrir þau, hinir fátækari að sjálfsögðu minna, alt eftir efnum og ástæðum. Nefndin hefði líklega fallist á frv. óbreytt, ef ekki hefði þurft að breyta tilsvarandi greinum í tilskipun handa Íslandi um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum, og koma samræmi á við fjesektaákvæði hegningarlaganna, en það áleit nefndin hlutverk stjórnarinnar að bera fram þar að lútandi frv., og lagði því til að lækka hámarkið.

En um það atriði, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) nefndi, að bæjarbúar þektu ekki lögreglusamþyktina, sem þó er bæði prentuð, auglýst og henni útbýtt sjerprentaðri meðal bæjarbúa, þá er það trassaskapur bæjarbúa, og mega þeir sjálfum sjer um kenna.

Auðvitað er háttv. þm. Ak. (M. K.) frjálst að koma með brtt., en ekki býst jeg við því, að nefndin aðhyllist hana.

Magnús Kristjánsson: Ekki geri jeg mig ánægðan með svar háttv. frsm. (Jóh. Jóh.), og ástæðu hans álít jeg ekki allskostar viðeigandi. Hann byggir á núverandi ástandi, en víst er, og vonandi, að ekki haldist það um aldur og æfi, svo ekki er sú ástæða svo veigamikil, að hún geti sannfært mig.

Það er augljóst, eins og jeg tók fram, að þeir verða ekki allmargir, sem int geta af höndum svo háar sektir, og rekur þá að því, sem jeg mintist á, að menn verða að afplána sektirnar, og þannig baka landssjóði kostnað. En auk þess er sá galli á, að almenningur er svo álitið, að blettur sje á manni, sem afplánað hefir sekt, og er sú ástæða út af fyrir sig nægileg á móti frv. eins og það nú er.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg vil benda hv. þm. Ak. (M. K.) á, að hjer er að eins um hámark sekta að ræða, en ekki hæð þeirra yfirleitt. Dómarar fara yfirleitt ekki upp í hæsta mark, nema mjög brýnar sakir sjeu fyrir hendi. Jeg skal t. d. geta þess, að í þá 15 mánuði, sem jeg hefi verið dómari hjer í Reykjavík, hefi jeg að eins einu sinni farið upp í hámark sektanna. Af þessu má marka það, að ekki er hætt við, að hæstu sekt verði oft beitt, og þá að eins þegar brotið er mjög þungt, svo að í flestum tilfellum hefir þetta ákvæði ekki mikið að segja.

ATKVGR.

Brtt. 85. samþ. með 10. shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 : 3 atkv.
2. gr. samþ. með 9 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 3 atkv.

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 21 júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 111, 114).

Magnús Kristjánsson: Þegar mál þetta var til 2. umr. hjer í hv. deild, þá gerði jeg grein fyrir skoðun minni á því, einkum þó um fyrri lið brtt., svo jeg finn ekki ástæðu til að endurtaka það, en jeg vil þó bæta því við, að mjer hefði þótt viðkunnanlegra, þegar þessu er breytt, að þá væri öðrum svipuðum ákvæðum í öðrum lögum og breytt í sömu átt, því jeg lít svo á, að sektir fyrir brot á lögreglusamþyktunum eigi að vera í hlutfalli við sektir fyrir brot á öðrum lögum.

Um síðari hluta brtt. hefi jeg ekki talað áður. Jeg vil þó láta mjer nægja að taka það fram, að það er hart, og illa framkvæmanlegt, að foreldrar sæti refsingu fyrir það, sem börn þeirra aðhafast í hugsunarleysi eða af vanþekkingu. Jeg hygg það muni mjög oft vera erfitt fyrir dómara að gera sjer fullkomlega ljósa grein fyrir því, hve nær á að gefa foreldrunum sök á því. Sem dæmi þessa skal jeg benda á það, ef börn safnast saman einhversstaðar í útjaðri bæjarins og mölva rúður með grjótkasti, eða ef eldsvoða ber að höndum af því að barn hefir farið óvarlega með eldspýtur. Mjer líst það vera hart að hegna foreldrunum fyrir þetta, og erfitt fyrir þau að koma í veg fyrir það. Hingað til hefir verið sagt, að yfirsjónir feðranna komi niður á börnunum, en nú á að snúa því við, og yfirsjónir barnanna að koma niður á foreldrunum, en jeg hygg, að hvorttveggja sje fjarstætt.

Ströng refsiákvæði, sem þetta, er stríða á móti mannúð og rjettlæti, en innræta þrælsótta við lögin, eru síst til þess fallin að verða undirstaða að aukinni siðmenningu og andlegum þroska þjóðarinnar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það má vel vera, að það sje rjett hjá hv. þm. Ak. (M. K.), að ástæða hefði verið til að athuga fleiri sektarákvæði en þetta, en til þess að athuga það, svo vel væri, þarf rækilega umhugsun um málið og góðan tíma, en stjórnin hafði ekki tíma til þess. Og þó að sú endurskoðun sje æskileg, þá er ekki rjett að hindra framgang þessa máls fyrir það, að henni er ekki lokið

Jeg hygg, að það hafi ekki verið rjett af nefndinni að færa hámark sektanna niður úr 1000 kr. í 500 kr. Jeg var þá ekki við, er það var gert, og gat því ekki tekið þátt í umræðunum um það. Annars legg jeg ekki mikla áherslu á þetta atriði, því það er mjög sjaldan dæmt í hæstu sektir, en það er með öllu ástæðulaust að vera hræddur við hátt sektarákvæði vegna þess, að það taki svo langan tíma að „sitja þær af". Jeg vona þó að minsta kosti, að þetta atriði hafi verið ákveðið til fullnustu við 2. umr. og hámarkið verði ekki hækkað frekar en þá var gert. Að færa hámarkið niður í 200 kr. tel jeg alt of lágt, og þá næst ekki tilgangur bæjarstjórnarinnar, að hækka sektirnar í hlutfalli við peningagildi fyr og nú.

Í fljótu bragði lítur svo út, sem hitt atriðið í brtt. hv. þm. Ak. (M. K.) sje meira virði, en mjer heyrðust orð hans falla á þá lund, að það leit út fyrir, að hann hefði ekki fyllilega lesið ákvæðið sjálft í frv., því þar er sagt, að foreldrarnir beri ábyrgð á brotinu, ef skortur sje á hæfilegri umsjón, og ef svo er, er rjett að refsa foreldrunum fyrir það, en að refsa foreldrum fyrir öll brot barnanna, eins og hv. þm. (M. K.) virtist halda fram, dettur engum í hug. Hjer er í sjálfu sjer ekki

gerð önnur breyting á gildandi lögum en að aldurstakmark barnsins er fært upp, og það getur ekki haft gagngerð áhrif á ákvæðið. Þetta ákvæði kemur því, eins og jeg hefi tekið fram, að eins til, þegar foreldrarnir hafa látið skorta á nauðsynlega umsjón með barninu. Þetta veit jeg að allir sjá að er rjettmætt, og ætti eigi að þurfa langa tölu um jafneinfalt atriði.

Halldór Steinsson: Jeg vil að eins gera örstutta athugasemd við ummæli hæstv. forsætisráðherra (J. M.).

Mjer skildist svo, að frv. væri aðallega borið fram vegna þess, að peningar hefðu lækkað í verðmæti. En frv. gengur út frá, að peningar hækki ekki aftur, þar sem hámark sektanna er miðað við núverandi gildi peninga. En það er rangt að byggja á því fyrir framtíðina.

Það má altaf deila um það, hvað sje „hæfileg umsjón" með börnunum, og jeg tel það því lítið bæta, þótt svo sje að orði komist. Jeg er samþykkur hv. þm. Ak. (M. K.) um, að það sje ekki rjett að hafa hámarkið mjög hátt, því fátæklingar, sem yrðu brotlegir — má ske fyrir lítilfjörleg brot — og gætu ekki greitt þessar háu sektir, en yrðu að sitja lengi í fangelsi til að afplána þær, mundu bíða við það meira og minna atvinnutjón, og verð jeg að telja það óheppilegt.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Allsherjarnefnd hefir athugað brtt. þær, sem bornar eru fram, og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að halda fast við ákvæði sitt um sektarupphæðina, 500 kr., því það er beinlínis rjett að hækka sektarákvæðið, þegar verðmæti peninga hefir breyst svo mjög, en hún lítur og svo á, að það megi ekki hærra vera nú, því ákvæðum um afplánun sekta hefir ekki verið breytt. Efnamenn gætu raunar eins greitt hærri sekt, en hinir, sem fátækir eru, og þeir brjóta líka lögreglusamþyktina, yrðu að afplána sektina og þyrftu til þess langan tíma, og biðu því atvinnutjón við það. Í sambandi við þetta skal jeg benda á það, að það er heppilegt, að hámark sektarinnar sje fremur hátt, því oft er álitamál, hvort brot heyrir undir lögreglusamþyktina eða hegningarlögin, og er þá gott, að sektarákvæðið sje hátt, svo eigi þurfi frekar en hitt að reka málið sem sakamál.

Jeg vil benda hv. þm. Ak. (M. K.) á, að ákvæðið um það, að refsa megi foreldrum fyrir skort á eftirliti með börnum sínum, er ekki nýtt. Það hefir verið í lögum síðan 1890, og hefir aldrei risið nein óánægja út úr því. Ef svo væri ekki, þá gætu foreldrarnir haft börn sín til að erta nágranna sína á ýmsan hátt, og væri ekki hægt að hegna fyrir það, vegna þess að börnin væru of ung. Sjá allir, að það væri óheppilegt.

Jeg vil því, fyrir hönd allsherjarnefndar, mæla eindregið á móti brtt. hv. þm. Ak. (M. K.).

Karl Einarsson: Jeg vil að eins mæla með því, að brtt. hv. þm. Ak. (M. K.) verði samþykt. Jeg sje enga ástæðu til að hækka hámark sektanna meira en upp í 200 kr. Það er oft vafasamt, hvort brot heyrir undir lögreglusamþykt, eða það á að fara með það sem sakamál, og þegar svo er, þá er hægt að hafa sektirnar bæði háar og lágar, því sektarákvæði hegningarlaganna eru svo rúm, og um flest stærri brot mun vera hægt að fá nóg önnur lög til að dæma eftir. 200 kr. sekt virðist vera fullhá fyrir smærri lögreglusamþyktarbrot, sem oft eru saklaus í eðli sínu.

Hina breytinguna tel jeg meinlausa, því aðalatriðið er, að hegningin komi rjett niður. Ef foreldrar, eins og hv. frsm. (Jóh. Jóh.) tók fram, nota börn sín til að láta þau erta nágranna sína, þá má hegna þeim

eftir gildandi lögum. Jeg legg enga áherslu á, hvort sú breyting verður samþykt eða ekki.

Magnús Kristjánsson: Jeg tel mjer skylt að bera fram þessa brtt., en þar fyrir er ekki víst, að hún verði samþykt, því hið rjetta verður oft að lúta í lægra haldi.

Mjer skilst, að þetta mál sje ekki neitt sjerstakt áhugamál hæstv. stjórnar, og því muni hún ekki láta sig miklu skifta, hver afdrif þess verða, nema hvað persónulegar skoðanir einstakra ráðherra á því snertir.

En áður en brtt. mínar eru drepnar vil jeg með fáum orðum sýna fram á, hversu það er óheppilegt að hafa hátt sektarákvæði.

Þetta er aðalatriðið, að menn geti ekki greitt sektirnar, og verði því að afplána þær. Hver verður afleiðingin af því? Það yrði tilfinnanlegt vinnutjón fyrir viðkomanda að sæta langri fangelsisvist. Það gæti numið 1—2 þús. krónum, þó ekki sje auðvelt að meta slíkt til peninga. Auk þess yrði það alltilfinnanlegur kostnaður fyrir landssjóð að eiga að kosta fangelsisvistina. Og enn hefði brotinu engar tekjur af í för með sjer. Þetta er nú alt ilt út af fyrir sig, en hið versta af öllu er þó ótalið. Hið langversta er, að fangelsisvistin mundi koma mjög hart niður á aðstandendum eða fjölskyldu þess, er hneptur væri í varðhald, og að varðhaldsvistin yrði jafnan skoðuð sem blettur á mannorði hans; svo mundi vera litið á fangelsisvistina af öllum almenningi, þó lagalega sjeð sje ekki um mannorðsmissi að ræða. Þetta tvent, er jeg taldi síðast, eru fyrir mjer aðalatriðin í þessu máli.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal geta þess í tilefni af ræðu hv. þm. Snæf. (H. St.), að hækkun sekta vegna verðfalls peninganna er einmitt aðalástæðan, sem fram kemur í greinargerðinni við frv. Fyrir mörgum eru 500 kr. nú ekki meira en 100 kr. voru 1890. Tekjur manna og peningavelta hefir tekið slíkum stakkaskiftum síðan. Hitt efast enginn dómari um, að þegar ákveða ber upphæð sektar, ber að leggja miklu hærri sekt að krónutali á ríka en fátæka. Ef dómurum er á annað borð treyst til nokkurs, þá verður að treysta þeim til að hafa vit á svo einföldu máli sem þessu. Þessu vildi jeg beina til háttv. þm. Ak. (M. K.). Hans ástæður eru því að eins gildar, að dómarar eigi skilið megnasta vantraust. (*M. K.*: Þá ætti að standa í frv.: „eftir efnum og ástæðum"). Það er óþarfi að gefa svo sjálfsagða bendingu, auk þess sem fyrir getur komið, að leggja verði hæstu sekt á fátækan mann, ef hann til dæmis hefir sýnt sjerstaka þrjósku. Það er engin ástæða til að hlífa þeim, sem margsinnis hefir brotið þær reglur, er bæjarfjelagið hefir sett sjer til varnar, þó fátækur sje.

Mjer þykkja ekki **vel til hjer í Reykjavík**, ef þeir hræðast að lögleiða hjer þær sektir, sem frv. felur í sjer. Vera kann, að háttv. þm. Ak. (M. K.) vilji verja Akureyri fyrir samskonar breytingum á lögreglusamþykt, og er honum það þá í lófa lagið. En hví má þá bæjarfjelag Reykjavíkur ekki verja sig á þann hátt, sem þar á best við? Vera má, að þessi sektarákvæði ættu ekki heldur við í Vestmannaeyjum. Jeg skal um hvorugt segja. En háttv. þm. Vestm. (K. E.) ætti ekki að þurfa að berjast af neinu kappi á móti þeim, þar sem það mun standa í hans valdi, hvernig þeim verður beitt í Vestmannaeyjum, að minsta kosti fyrst um sinn. Það er að vísu rjett, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að frv. þetta er ekkert sjerstakt kappsmál stjórnarinnar, en stjórnin getur ekki sjeð, hvaða ástæða gæti verið

til að meina Reykjavíkurkaupstað að verja sig á þann hátt, sem best á við þar.

Halldór Steinsson: Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir ekki tekið rjett eftir orðum mínum. Jeg nefndi það ekki, að verðfall peninga væri ekki talið sem aðalástæða í athugasemdunum við frv. Hitt lagði jeg áherslu á, að þess væri hvergi getið, að þetta væri bráðabirgðalög.

Það er að vísu rjett, að 100 kr. voru 1890 vart minna en 500 kr. eru nú. En þetta hlýtur að breytast, og eftir 10—20 ár verður gildi peninga ef til vill tvöfalt við það, sem það er nú.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil að eins beina þeirri spurningu til háttv. frsm. nefndarinnar (Jóh. Jóh.), hvort reynsla bæjarfjelags Reykjavíkur hafi ekki gefið ástæðu til, að frv. þetta var flutt, og sjerstaklega hvort það hafi komið á daginn, að það gæti verið hagnaður að brjóta sum ákvæði lögreglusamþyktarinnar. Þetta virðist mjer vera aðalatriðin, og vildi jeg því æskja upplýsinga um þau.

Karl Einarsson: Jeg hafði ekki búist við slíku svari, sem raun varð á, frá hæstv. forsætisráðh. (J. M.), eins vægt og jeg talaði um frv. Vitanlega hafði jeg í huga alla kaupstaði landsins, er jeg mintist á sektarákvæðið. Jeg hefi aldrei verið í vafa um, að dómarar hafa næsta gott svigrúm til að beita þeim hegningarákvæðum, er þeir álíta best við eiga, eftir kringumstæðum. En það vildi jeg benda á, að „tendensinn" í frv. væri óheppilegur; það, að fara úr 100 kr. upp í 1000 kr., er altof geist farið. Ef skaði hefir verið unninn einhverjum með broti á lögreglusamþykt, bætast skaðabætur við sektirnar. Svo 100 kr. hámarkið er í raun og veru ekki gildandi nema þegar enginn hefir beðið tjón af brotinu. Það má og telja víst, að peningar hækka aftur í verði á næstu árum, svo jeg tel nógu langt farið að hækka sektarhámarkið um helming.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg vil svara háttv. þm. Ak. (M. K.) því, að ekki er ætlast til að útvega bæjarfjelaginu tekjur með auknum sektum, heldur er farið fram á að hækka þær til þess, að meiri trygging sje fyrir því, að lögreglusamþyktum sje hlýtt. Það er auðvitað, að það hlýtur að hafa ríkissjóði kostnað, ef menn sitja í varðhaldi til að afplána sekt, en það má ekki horfa í það fje, sem gengur til að halda uppi löggæslu og löghlýðni. Lágmark sekta er látið haldast, svo það mun sjaldan koma til, að hæstu sektarákvæðunum verði beitt. En dómarar verða að hafa gott svigrúm til að geta kveðið upp rjettláta dóma eftir málsástæðum. Það verður að vera langt bil milli hæsta og lægsta sektarákvæðis, til þess að sektir geti verið hlutfallslegar við stærð brota og efnahag sökudólganna.

Viðvíkjandi spurningum háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) skal jeg geta þess, að jeg hefi ekki verið svo lengi hjer í Reykjavík, að jeg sje orðinn kunnugur öllu ástandi. En vafalaust hefir bæjarstjórn haft fulla ástæðu til að koma fram með óskir um hækkun sekta. Það virðist og auðsætt, að ágóði af brotum í einstökum tilfellum geti verið meiri en nemur sektum, t. d. ef menn versla gegn ákvæðum reglugerðarinnar.

Magnús Torfason: Jeg á bágt með að skilja mótþróann, sem komið hefir fram gegn þessu frv. Jeg lít svo á, að þó engin breyting hefði orðið á verðgildi peninga frá 1890, þá hefði samt verið sjálfsagt að hækka sektarákvæðin. Ástæðan til þess er sú mikla breyting, sem orðið hefir á efnahag manna: efnahagurinn hefir yfirleitt batnað svo stórkostlega. Menn finna nú

ekki til, þó þeir fái 50—60 kr. sekt. Þeir hlæja að því, þegar þeir ganga út frá dómaranum, því peningarnir eru nú fyrir mörgum einskis virði. En meðan við höfum 100 kr. hámarkið er ekki leyfilegt að sekta um 100 kr. nema fyrir stærstu brot. Menn hafa fundið að því, hve lágar sektir eru oft, en athuga þá ekki, að það er að kenna úreltum lögum, en ekki dómurunum. En það er engin ástæða til að halda, að þessi hækkun komi illa niður á fátæklingunum. Til er nokkuð, sem heitir áminning, og láta dómarar oft nægja með hana við fyrsta brot. Svarar það að nokkru til skilyrðisbundinna hegningadóma. Láta menn oft áminningar sjer að kenningu verða, og það ákvæði því orðið að stórmiklum notum. Menn mega ekki halda, að lögreglumál fari yfirleitt í dóm. Meðan lögreglustjórar eru ekki betur launaðir en nú er, og launum þeirra er þann veg háttað, að þau verða því minni, sem þeir hafa meira starf, þá mun svo fara um allflest lögreglumál, að þau verða leidd til lykta með sætt, og þá mjög lágum sektum.

Annað, sem jeg vildi benda á, er það, að þó ekki þurfi að hegna þungt fyrir sjálft lögreglubrotið, sem málið rís af, getur verið nauðsynlegt að hegna fyrir önnur brot, svo sem óvirðing sýnda lögregluþjónum. Ef alt slíkt væri dregið fram, yrði nóg að gera, t. d. hjer í Reykjavík. Enn fremur verður að muna eftir þeim mikla útlendingavaðli, sem hingað streymir. Hækkun sekta er ekki síst nauðsynleg vegna þeirra. Þegar þeir brjóta lögreglusamþyktina, koma þeir oft líka nærri öðrum lögum. Málið þarf þá langa og nákvæma rannsókn, ef til dóms á að fara. En ef þeim er haldið, kemur það kann ske niður á öðrum, ósekum. Ef það er skipstjóri eða háseti, verður skipið að bíða. Eftir samkomulagi við stjórnarráðið hefir þeim því oft verið slept með því móti, að þeir borguðu hærri sekt en lögreglusamþykt leyfir. Þetta er í sjálfu sjer ekki rjett að farið, og væri gott að þurfa ekki að taka til þess. Í þau 15 ár, sem jeg hefi verið dómari, hafa ekki komið nema 1—2 lögreglumál til dóms. Sektir hafa ekki verið ákveðnar hærri en það, að þær fengust greiddar. Og yfirleitt mun það vera reynslan alstaðar, að sektir eru ekki svo háar, að þær komi til afplánunar, enda væri það engum til góðs.

ATKVGR.

Brtt. 114,a. feld með 7 : 3 atkv.
— 114,b. — — 8 : 4 —

Frv. samþ. með 8 : 3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 1, 3. jan 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 126).

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Jörundur Brynjólfsson: Það voru að eins örfá orð. Þegar þetta frv. var lagt fyrir háttv. Ed., þá var sektarákvæðið tiltekið 1000 kr. í frv. En háttv. Ed. breytti þessu og lækkaði það niður í 500 kr. Eftir verðgildi peninga, eins og það er nú, hygg jeg, að 1000 krónur hafi ekki verið of hátt, og því engin ástæða til að færa sektina niður. Menn verða að athuga, að þau brot geta verið til, er verðskuldi þunga refsingu. Jeg vildi leyfa mjer að skjóta þessu til háttv. nefndar, er fær málið til athugunar, og hvort ekki væri rjett að láta ákvæðið standa óbreytt eins og það var upphaflega í frv.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og sjá má í athugasemdum frv., þá er það komið fram samkvæmt beiðni bæjarstjórnarinnar í Reykjavík. Jeg hefi ekki neinu að bæta við það, sem tekið er fram í athugasemdunum við stjórnarfrv. Mjer virðist, að bæði bæjarstjórnin og ráðuneytið megi vera ánægð með undirtektir háttv. Ed og geti látið þar við sitja. Jeg býst við, að þessu máli hafi verið vísað til allsherjarnefndar í hv. Ed., og held jeg rjettast, að það færi þá leið hjer í Nd. líka

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011), hvorttveggja með öllum greiddum atkv.

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst., var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 219).

Frsm. (Einar Arnórsson): Þetta frv. er, eins og menn muna, stjórnarfrv. og borið fyrst fram í háttv. Ed. Háttv. Ed. breytti því að því leyti, að sektahámarkið, sem í stjórnarfrv. var 1000 kr., var lækkað um helming, fært niður í 500 kr. Allsherjarnefnd Nd. hefir ekki getað fallist á þessa breytingu, og þykir rjettara, að hámarkið sje 1000 kr. Það sýnist ekki hafa neina hættu í för með sjer, því að samkvæmt lögum 2. okt. 1891, um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál, geta menn venjulega, ef þeir vilja, sloppið hjá dómi með því að greiða hæfilega sekt, og mega þær sektir vera minni en lög kveða á. Svo er og, að þótt málin fari til dóms, er ekki hætt við, að beitt sje háum sektum, nema brotin sjeu mjög alvarleg. Sektaákvæði hin hæstu í hegningarlöggjöf vorri eru yfirleitt ekki notuð, nema brotin sjeu alvarleg.

Að öðru leyti hefir nefndin ekki lagt til neinar breytingar, nema hún vill orða öðruvísi 2. málsgrein frv. Það er engin efnisbreyting, heldur að eins orðabreyting, og er hún í samræmi við 35. gr. hegningarlaganna.

Forsætisráðherra (J. M.): Það ræður að líkindum, að jeg sje ekki á móti þessari breytingu, því að hún færir frv. að mestu leyti aftur til þess, sem það var hjá stjórninni, eða öllu heldur bæjarstjórn Reykjavíkur. En jeg veit ekki samt, hvort það er ástæða til að breyta frá háttv. Ed. í þessu máli. Eftir byr þeim, er málið fekk þar, mætti jafnvel ætla, að þetta yrði til þess, að sektahámarkið yrði lækkað niður í t. d. 200 kr. Jeg er hræddur um, að frv. yrði aftur breytt í Ed., ef samþ. er 1000 kr. hámark í þessari háttv. deild. En ef til vill er ekki rjett að taka til greina vilja hv. Ed. í þessu máli. Þó vildi jeg gefa þessar upplýsingar, sem benda til þess, að háttv. Ed. muni ekki geta sætt sig við breytingu þessa, en að öðru leyti ræður háttv. deild, hvernig hún ræður málinu til lykta.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg vil að eins geta þess, að mjer er kunnugt um ýmsa mikils metna menn í Ed., sem eru samdóma stjórninni og allsherjarnefnd þessarar deildar. Jeg veit auðvitað ekki, hvernig málið fer í Ed., en vil ekki beygja mig undir það, þó að einhverjum í Ed. þyki ákvæðið of hátt; þeir geta þá lækkað það, ef þeim sýnist.

ATKVGR.

Brtt. 219,1. samþ. með 15 shlj. atkv.

— 219,2. samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 264).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 24. fundi í Ed., föstudaginn 8. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 295).

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 14. ágúst, var frv. tekið til einnar umr. (A. 295, n. 339).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Í framhaldsnál. á þgskj. 339 er skýrt frá þeim 2 breytingum, er hv. Nd. hefir gert á frv. Þar er og skýrt frá því, að allsherjarnefnd þessarar hv. deildar telji aðra breytinguna til bóta, en geti ekki felt sig við hina, að sektarhámarkið sje aftur fært upp í 1000 kr., í stað 500. Til þess liggur sama ástæðan sem nefndin færði í fyrra nál., á þgskj. 85, að ákvæðin um afplánun fjesekta standa óbreytt. Það vill svo til, að hv. allsherjarnefnd Nd. hefir ekki minst á þá ástæðu, sem hjer er færð, í nál. sínu. Hún færir sömu ástæður fyrir rjettmæti hækkunarinnar sem stjórnin í frv. sínu, að peningar hafi fallið í verði og að menn hafi nú miklu meira fje milli handa en áður. Það er satt, að peningar hafa fallið mjög, en hækkun úr 100 kr. upp í 500 kr. virðist vera ærin til þess að vega á móti því verðfalli. Og þó að einstakir menn hafi auðgast á síðari tímum, þá er því miður ekki svo um allan almenning. Ef sektarhámarkið verður sett svo hátt, sem hv. Nd. vill, virðist nefndinni fátæklingum gert rangt til. Vitaskuld hafa þeir, sem geta borgað sektirnar, ekki af því að segja, þó að afplánunarákvæðunum sje ekki breytt, en fyrir fátæklingana, sem ekki hafa efni á að borga sektirnar, er það mikilvægt atriði, því að menn yrðu að sitja í fangelsi mánuðum saman til þess að afplána hæstu sektirnar. Og það eru ekki eingöngu efnaðri mennirnir, sem brjóta lögreglusamþyktirnar, heldur engu síður fátæklingarnir.

Hjer er og venjulega ekki um mikilvæg brot að ræða. Um flest stórvægilegri brot eru ákvæði í sjerstökum lögum, svo sem hegningarlögunum, bifreiðalögunum o. s. frv. Er því síður ástæða til að ákveða þessar sektir háar.

Jeg vil því leggja til, fyrir hönd allsherjarnefndar, að hv. deild haldi fast við fyrri ákvörðun sína og samþykki frv. með þeirri breytingu, sem nefndin leggur til að gerð sje.

ATKVGR.
Brtt. 339, samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 : 2 atkv. og endursent Nd.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina,
eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 370).

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til einnar umr. (A. 370, n. 404).

Frsm. (Einar Arnórsson): Ágreiningurinn milli þingdeildanna í þessu máli er sá, að hv. Ed. vill ekki hafa hámark sekta fyrir brot á lögreglusamþyktum hærra en 500 kr. Í frv. sínu stakk stjórnin upp á 1000 kr. hámarki, og allsherjarnefnd þessarar deildar fjelst á það, er málið kom til hennar hið fyrra sinn. Og hún vill það einnig nú, og ber því fram brtt. um að færa frv. aftur í samt lag. Nefndin hefir ekki getað sannfærst um, að það sje ómjettmætt að hafa þetta hámark, og heldur sjer að því leyti við stjórnarfrv.

ATKVGR.

Brtt. 404. samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt til Sþ.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21. ágúst, og á 36. fundi í Ed., s. d., var útbýtt frá Sþ.

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina,

eins og það var samþ. við eina umr í Nd. (A. 431).

Á 2. fundi í Sþ., þriðjudaginn 23. sept., var frv. tekið til umr.

Magnús Torfason: Eins og háttv. þm. sjá, er komin fram breyting frá háttv. allsherjarnefnd efri deildar um að fá lækkað hámark sekta úr 1000 kr. niður í 500 kr. Ástæðan til þessa er sú, að það er enn ekki orðin nein breyting á tilskipun um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum. Samkvæmt þeirri tilsk. verður að afplána 1000 kr. sekt með 30 daga fangelsi við vatn og brauð, en 120 daga fangelsi með venjulegu viðurværi.

Þar sem hjer er um tiltölulega litlar yfirsjónir að ræða, þá virðist það ekki rjett að láta smælingja þjóðfjelagsins eiga að afplána þær með þungri refsingu eins og fyrir einhverja stórglæpi, samkvæmt hegningarlögunum. Með þetta fyrir augum fanst háttv. Ed., að hjer væri verið að leggjast á smælingjana. — Þess er og að geta, að það var svo langt frá, að háttv. Ed. vildi ganga svo langt, að það var með berkjum, að 500 kr. hámarkið fekst samþykt. Það kom fram tillaga um að hafa það 200 kr., og nærri helmingur deildarinnar var með því.

Af þessu er það augljóst, að það voru ekki nokkur tök á því að fá frv. samþ. með 1000 kr. ákvæðinu. Ef því hefði verið haldið til streitu, þá var frv. fallið og alt sat við sama og áður. Þegar frv. svo kom fram til einnar umr., þá varð það sama uppi á teningnum, að það var ekki hægt að láta það lifa með hærra hámarki en 500 kr.

Jeg lít svo á, að hjer sje um sæmilega hækkun að ræða. Auk þess hefir hæstv. stjórn lýst því yfir, að hún geti sætt sig við það. Jeg veit nú ekki, hvernig hv. þingmenn Nd. líta á málið. En þó vil jeg geta þess, að það er ekki víst, að frv. nái fram að ganga í sameinuðu þingi, ef brtt. verður ekki samþ.

Einar Arnórsson: Jeg get byrjað ræðu mína á því, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) endaði á, þar sem hann viðhafði hótun um dráp, ef háttv. Ed. hefði ekki sitt mál fram. Mjer stendur á sama, hversu miklir vígamenn hv. efri deildar þingmenn eru; það hefir engin áhrif á mig eða mína skoðun, síst meðan það er ekki annað en hótunin ein. Svo að þeir mega vega að þessu frv. mín vegna.

Það, sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði

um afplánun sekta í öðrum málum, þá er það rjett. En það snertir ekki þetta frv. neitt sjerstaklega. Það snertir öll refsimál, þar sem refsing er dæmd eftir öðrum lögum en almennum hegningarlögum. Háar sektir hafa víðar verið settar, en reglunum um afplánun þeirra hefir ekki verið breytt. Það þarf að breyta tilsk. 25. júní 1869. Þó ekki sjerstaklega vegna þessa frv, hvað sem hámarkið verður, heldur vegna allrar okkar nýju löggjafar. Hæstv. stjórn ætti að leggja fyrir næsta þing breytingar á tilskipuninni frá 25. júní 1869.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. (M. T.) sagði um smælingjana, þá sje jeg ekki, að það komi sjerstaklega niður á þeim að afplána þessar sektir. Jeg get ekki skilið, að það sjeu eingöngu smælingjarnir, sem brjóta lögreglusamþyktir kaupstaðanna. Reynslan sýnir, að það eru engu síður ríku mennirnir. Og þeir eru sannarlega ekki of góðir til að borga fyrir afbrot sín. Háttv. þm. (M. T.) sagði, að 500 kr væri mikil hækkun. En það er það ekki í rauninni. Það er mikið fremur lítil hækkun. Háttv. þm. voru sammála um það hjer í Nd. fyrir skömmu, að fimmföldun á 10 kr. hundaskatti væri mjög lík upphæð nú og 10 kr. voru fyrir 5 árum. 500 kr. væri þá líkt og 100 kr. áður, og 1000 kr. yrði þá tvöföldun. Svo að í rauninni, ef tekið er tillit til þeirrar breytingar, sem orðin er á kaupmagni peninga, þá er 1000 kr. hámark að eins tvöföld hækkun. Jeg vil því mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það var borið fram af hæstv. stjórn og samþykt í neðri deild. Enn fremur vil jeg endurtaka það, að jeg tel æskilegt, að stjórnin endurskoði tilskipunina frá 25. júní 1869.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er rjett, sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að jeg lýsti því yfir í háttv. Ed., að jeg legði ekki mikla áherslu á, hvort sektahámarkið væri 1000 kr. eða 500 kr. Annars ljet jeg það álit mitt í ljós, líkt og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), að það væri ekki ástæða til að setja þessa breyting á sektarhámarkinu í samband við ákvæðin um afplánun fjesekta. Það er rjett athugað hjá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), að þessu hefir ekki verið skeytt hjer meðan ófriðurinn hefir staðið.

Það mun ekki vera hægt að segja, að þetta sje til að verja smælingjana, þó hámarkið sje lækkað, því enginn dómari mundi dæma mjög háa sekt, ef fátæklingur ætti í hlut, nema þá um mikið afbrot væri að ræða, sakir endurtekninga eða annars. En þetta er í rauninni lítið mál til þess að vekja deilur milli deilda. Og jeg sje ekki, að neinn voði væri á ferð, þó að frv. fjelli. Það mundi þá verða lagt fyrir næsta þing aftur. Má ske stjórnin, ef hún situr, verði þá búin að endurskoða löggjöfina, sem snertir þetta.

Magnús Torfason: Það hefir í þessu sambandi verið minst hjer á mjög háar sektir. En jeg vil endurtaka það, sem jeg sagði áðan, að það kemur ekki þessu máli við. Slíkar sektir eru að eins fyrir fjárglæfra-glæpi, en ekki fyrir að blístra á götum úti, eða gera annan smáóskunda, sem brýtur í bág við lögreglusamþyktir. Þar er að eins um lítilvægar yfirsjónir að ræða. Og sá, sem oft yrði sektaður alt að 500 kr., sem er álitleg upphæð fyrir fjölmarga, hann mundi sjálfsagt láta sjer það að kenningu verða.

Vitanlega kæmi ekki til þess, að hámarkið, 500 kr., væri notað fyr en brotin hafa verið dýrgð hvað eftir annað.

En það, sem vakir fyrir okkur, er við viljum hafa hámarkið sett lægra, er það, að við viljum ekki láta þetta ganga út yfir smælingjana, að ástæðulausu. Við þekkjum það sjálfir, og vitum þess dæmi, að auðnu-

leysingjar verða sekir við lögin hvað eftir annað. Er þá ekki öðru til að dreifa, ef fara á með þá samkvæmt lögum, en að dæma þá í talsverð peningaútlát, ef ákvæðin verða látin óbreytt, eins og þau eru frá hv. Nd.

Einar Arnórsson: Að eins örstutt athugasemd. Vitanlega kemur þessi samanburður, er jeg nefndi, við þær háu sektir, sem beitt hefir verið á stríðstímunum, alt að 100 þús. kr. að hámarki, þessu máli við. Ef maður borgar ekki slíka sekt, verður hann að afplána hana samkvæmt tilskipun frá 25. júní 1869. Að þetta geti komið illa niður á smælingjum og auðnuleysingjum, eins og hv. þm. Ísaf. (M. T.) nefndi, getur verið. En dómarinn hefir það alt í sinni hendi, því að jeg þarf víst ekki að minna hv. frsm. Ed. (M. T.) á það, að útkljá má almenn lögreglumál með því, að hinn seki gangi inn á að greiða sekt. Og sú sekt má vera lægri en lágmark það, sem er í lögum. Minnir mig, að það venjulega lágmark sje 2 kr. Með öðrum orðum, að sektarupphæðin getur verið frá 2 kr. upp í 1000 kr. Er því mjög vítt rúmið milli hámarks og lágmarks. Í því rúmi hefir dómarinn sektina eftir því, sem yfirsjónin er vaxin.

Jeg býst við, að endurskoðun tilskipunarinnar sje tiltölulega mjög auðvelt verk. Spurningin er þessi: Er nokkur knýjandi ástæða til að láta aðrar reglur gilda um afplánun sekta fyrir brot, er hegningarlögin taka ekki til, en um þau brot, sem hegningarlögin taka til?

Nú ber að athuga það, að öllum hæfir ekki hið sama. Há sekt er tiltölulega meiri refsing fyrir fátækan mann en sama sektin fyrir ríkan. En aftur getur vel verið, að sama fangelsisvistin sje miklu meiri refsing fyrir þann ríka en þann fátæka, því að honum getur brugðið meira við. Jeg get vel hugsað mjer, að sumir „auðnuleysingjar“ hv. þm. Ísaf. (M. T.) kæri sig kollótta, þótt þeir sitji í „steininum“ nokkra daga. En þetta alt athugar dómarinn, er hann framkvæmir sektina.

Þetta var nú að eins um endurskoðun tilsk. frá 25. júní 1896. En annars skal jeg játa, að annað eins og þetta getur ekki verið neitt kappsmál.

ATKVGR.

Brtt. 669. feld með 21 : 18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., S. F., Sv. Ó., B. Sv., B. St., E. P., G. G., G. B., G. Ó., H. St., H. Sn., K. E., K. D., M. K., M. T., S. E., S. J., Jóh. Jóh.

nei: S. S., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. K., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., Ó. B., P. J., P. O., P. Þ.

Einn þm. (B. J.) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 28 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., P. Þ., S. E., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., G. Ó., H. K., J. J., J. M., J. B., K. D., M. G., M. P., M. Ó., Ó. B.

nei: S. J., S. F., E. P., G. G., G. B., H. St., H. Sn., K. E., M. K., M. T., Jóh. Jóh.

Einn þm. (B. Sv.) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 955).

26. Skrásetning skipa.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 3. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um skrásetning skipa (A. 27).

Á 3. fundi í Ed., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Þetta frv. er til komið vegna sambandslaganna. Með því að landið er orðið fullvalda ríki, er nauðsynlegt að setja lög um þetta efni. Jeg skal geta þess, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) gaf út bráðabirgðalög um skrásetning skipa, sem sjálfsagt var eftir að vjer höfðum fengið þjóðfána.

Aðalbreytingin, sem þetta frv. gerir á gildandi lögum, er sú, að hugtakið íslensk skip er ákveðið öðruvísi en áður, með því að landið er nú fullvalda. Í sambandi við þetta er sú breyting, að eins árs dvöl hjer á landi er sett sem skilyrði fyrir því, að geta eignast skip, en áður var skilyrðið innborinna manna rjettur eða búseta. Það þótti ekki rjett að hafa engar hömlur á þessu, með því að slíkt getur verið hættulegt litlu ríki. Hins vegar getur verið varasamt að hafa þessi skilyrði of ströng, með því að þá getur verið hætt við, að íslenskum skipum fjölgi seint.

Önnur breyting er sú, að setja upp sjerstaka skipaskráningarskrifstofu. Áður fór skrásetningin fram í Kaupmannahöfn, en þetta getur ekki lengur svo fram farið, eftir að landið hefir fengið fult sjálfsforræði. Menn getur greint á um það, hvort fela beri stjórnarráðinu þetta starf; en þá yrði að sjálfsögðu að auka við mannafla þar, enda þessi störf ólík [illegible] um þess, með því líka að ólag er víða á skrásetningu skipa hjer á landi og full þörf að kippa henni í lag. Það er einnig álit þerra manna, sem vit hafa á og jeg hefi við talað, að setja beri upp sjerstaka skrifstofu. Stjórnin lýst við því, að ef Alþingi fellst á þessa tillögu, þá komi þessi skrifstofa fram með tillögur um nauðsynlegar breytingar á skrásetningarreglunum, en til þessa þarf sjerþekking og, eins og nú stendur, eru ekki margir, sem hana hafa til að bera hjer á landi.

Jeg skal geta þess, að í frv. er ákvæði um það, að ef skráningarskrifstofan neitar skrásetningarbeiðanda um skrásetning, þá má skjóta þeim ágreiningi til dómstólanna. Þótti þetta tryggilegast. Þar á móti liggur synjun bráðabirgðaskírteinis undir úrskurð stjórnarráðs; dómstólaleiðin mundi taka of langan tíma.

Það getur verið vafamál um það, í hverja nefnd vísa beri þessu frv., hvort heldur allsherjarnefnd eða sjávarútvegsnefnd. Í þessari deild eru að vísu lögfræðingar í báðum, en í Nd. er enginn lögfræðingur í sjávarútvegsnefnd. Vegna þess, að í þessu frv. eru ýms atriði lögfræðilegs eðlis, virðist mjer heppilegast, að frv. væri vísað til allsherjarnefndar.

Eggert Pálsson: Af sömu ástæðu, sem jeg tók fram í dag við umr. frv. til laga um hæstarjett, verður það og enn tillaga mín, að þessu frv. verði vísað til væntanlegrar stjórnarskrárnefndar og umr. því frestað þangað til sú nefnd er kosin. Er enginn vafi á því, að frv. er í nánu sambandi við sambandslögin, en hitt nauðsynlegt, eins og jeg tók fram í dag, að skift sje nokkurn veginn jafnt milli nefndanna, svo að ekki hlaðist um of störf á sumar þeirra. En þótt stjórnarskráin sje mikilsvert mál, þá er það þó svo vel undirbúið, að nefnd sú, sem um það fjallar, getur vafalaust bætt á sig nokkrum fleiri málum án þess að henni verði íþyngt í samanburði við aðrar nefndir.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg fæ ekki

sjeð sambandið milli þessa frv. og stjórnarskrárfrv. Hvernig sem stjórnarskránni verður breytt, þarf þetta frv. í engu að haggast, þótt það snerti sambandslögin í rýmra skilningi. Jeg sje ekki betur en að málið eigi heima í allsherjarnefnd.

Magnús Kristjánsson: Jafnvel þótt frv. þetta geti átt heima hjá allsherjarnefnd, þá virðist mjer samt heppilegast að vísa því til sjávarútvegsnefndar. Það er athugandi, að jafnvel nú þegar hefir mjög mörgum málum verið vísað til allsherjarnefndar, og búast má við enn fleiri, svo að hún mun fá nóg að gera. Það er engan veginn svo, að jeg telji eftirsóknarvert fyrir sjávarútvegsnefndina að hafa þetta frv til meðferðar, en þangað ættu þó að fara mál, sem varða siglingar og fiskveiðar, og það gerir þetta frv. að mínu áliti.

Magnús Torfason: Jeg styð till. háttv. þm. Ak. (M. K.) Og geta má þess, að rjett virðist, að tekin væru í þessu sambandi til athugunar í sjávarútvegsnefndinni atriði, sem að þessu lúta. Það er rjett, að skrásetningu skipa hjer á landi er allmjög áfátt, eins og hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) drap á, en þar mun mestu um valda, að mæling skipa er í miður góðu lagi, enda vart við því að búast, með því að einungis nokkur hundruð króna eru ætluð til mælingamanns hjer í Reykjavík, en alls ekkert úti um land, þótt þangað komi talsvert af ómældum skipum.

Það er einnig vegna vinnubragða í deildinni, að jeg tel rjettara að vísa málinu til sjávarútvegsnefndar en til allsherjarnefndar. En að vísa málinu til lausanefndar hlýtur að verða til þess að rugla fastanefndastörfin. Og það því fremur, sem nú er í ráði að skipa þrjár allveigamiklar lausanefndir til þess að fjalla um umfangsmikil mál, og mun ekki hjá því komist; en því óráðlegra verður að vísa til þeirra nefnda öðrum málum en þeim, sem hein og brýn þörf er á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Till. um frestun nefndarskipunar feld með 8 : 3 atkv.

Frv. vísað til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2003) með 11 shlj. atkv.

———

Á 33. fundi í Ed., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 375, 374).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Það getur vel verið, að hv. deildarmönnum hafi hnykt við, er þeir sáu þann mikla fjölda brtt., er frv. fylgja frá nefndinni. En jeg vona samt, að þeir, sem hafa kynt sjer brtt., hafi verið fljótir að jafna sig og sjeð, að meira kvað að fyrirferð brtt. en að eiginlegum efnisbreytingum.

Aðalbreytingin, sem nefndin stingur upp á, er sú, að ekki sje sett á fót skrásetningarskrifstofa sú, sem farið er fram á í 4. gr. frv. Nefndin leit svo á, að ekki væri brýn þörf á skrifstofu þessari. Skipastóll vor er enn ekki svo stór, að taki því að setja upp heila skrifstofu í þessu skyni. Nefndin játar það, að ólag sje á skrásetningunni, en telur það ekki að kenna vöntun skrásetningarskrifstofu. Skrásetningin fór áður fram í Kaupmannahöfn, og var stjórnarráðið milliliður milli þeirrar skrifstofu og skrásetningarstjóranna, sem sje sýslumanna og bæjarfógeta. Aðalgallinn á skrásetningunni var í því fólginn, að nægilega aðstoð brast til þess að framkvæma mælingarnar, eins og greinilegar er sýnt í nál. Enn fremur má geta þess, að nefndin telur rjettara að hliðra sjer hjá að stofna

ný og kostnaðarsöm embætti, meðan kostur er, og er í því samdóma stjórninni í greinargerð hennar fyrir 4. gr. Þarf jeg svo ekki að fjölyrða um þetta; býst við, að öllum sje þetta ljóst, hvort sem eru með eða móti.

Við 1. gr. vill nefndin gera samskonar undanþágu sem samþykt var hjer í siglingalögunum fyrir skip, sem skrásett voru fyrir 1. desbr. 1918. Við 1. gr. má og vænta breytinga í samræmi við siglingalögin, eftir því hvaða skilyrði verða sett fyrir því, að skip verði skrásett hjer.

Þá vill nefndin láta hækka sektarákvæði frv. af þeim ástæðum, sem fram eru teknar í nál., bæði að sektirnar eru í sjálfu sjer lágar, og einkum vegna þess, hve lágt er gildi peninga nú.

Jeg hefi nú drepið á efnisbreytingarnar, og kem nú að því, sem fyrirferðinni veldur, en það er orðalag frv. Nefndin þóttist ekki geta komist hjá því að endurskoða málið á frv. Þykist nefndin vita, að frv. sje flýtisverk; er það mest sniðið eftir lögunum 1895, sem að mestu leyti mun hafa verið þýðing á útlendum lögum. Jeg get sparað mjer og hv. deild langan fyrirlestur um þessi efni. Þótti nefndinni svo, að úr því að hún þurfti víða að grípa niður í frv., væri rjett samtímis að fjarlægja óíslenskuleg orð og þunglamalega setningaskipun, en ekki hygg jeg, að í þessum brtt. felist efnisbreyting. Jeg vil að eins benda á það, að eftir 4. brtt. nefndarinnar á orðið „skipsins“ ekki að falla burt, enda segir það sig sjálft. Sömuleiðis hafa tveir stafliðir í 46. brtt. nefndarinnar víxlast, en skrifstofan getur væntanlega leiðrjett þetta.

Jeg þykist ekki þurfa að fjölyrða meira um þetta, en ef hv. deildarmönnum sýnist nefndinni hafa í einhverjum atriðum verið mislagðar hendur, er nefndin fús til samvinnu og til breytinga eftir atvikum. Nefndin hefir, eftir atvikum, lagt mikla vinnu í frv. og vonar, að verk hennar verði virt vel og fái góðar viðtökur.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg verð að telja, að aðalbreyting nefndarinnar sje á engan hátt til bóta, og nefndin hefir algerlega misskilið, hvert sje starf skrásetningarskrifstofunnar, með því að í nál. er talið, að þótt skrifstofan sje sett á stofn, þurfi sjerstaka endurskoðun mælingabrjefanna, en endurskoðun þeirra er einmitt aðalverk skrásetningarskrifstofunnar. Og þessi endurskoðun fer nú fram á aðalskrifstofunni í Kaupmannahöfn.

Jeg skal játa það, að jeg hafði sterka tilhneiging til þess að gera þennan kostnað sem minstan, en eftir að jeg hafði átt tal um þetta við mann, sem hefir sjerþekking um þetta, sem sje Ágúst Flygenring, sannfærðist jeg um það, að ekki yrði komist hjá því að setja á fót skrásetningarskrifstofu. Aðalhlutverk þessarar skrifstofu yrði að öðru leyti að koma lagi á skrásetninguna og gefa leiðbeiningar, eftir að skrifstofan hefði sett sig inn í, hverjar breytingar væru nauðsynlegar, til þess að koma málinu í rjett lag.

Annars er það mjög vandasamt verk að eiga við þessar mælingar, og þó málið verði áfram í stjórnarráðinu, eins og nefndin vill, þá verður að fá þangað sjerstakan og vel launaðan fulltrúa til að sjá um það, og svo er endurskoðunin að auki úti í bæ, svo jeg hygg, að kostnaðurinn yrði ekki minni.

Eins og allir geta sjeð, nema nefndin, eru þessi störf alóskyld störfum þeim, er stjórnarráðið fer með, og auk þess á að láta það í þá deild stjórnarráðsins, þar sem minst húsrúm er. Það er eins og nefndin hugsi sjer, að málið sje áfram í sama káki og trassaskap og verið hefir, og ef það er ekki athugin, þá verður að fá sjerstakan mann í stjórnarráðið til að annast þetta, eins og jeg tók áðan fram, og þá er munurinn, fjárhagslega sjeð, mjög lítill milli stjórnarinnar og nefndarinnar. Og eins og menn vita, eru ekki mælingafróðir menn

í stjórnarráðinu, svo mjer skilst, að eftir sem áður þurfi að senda menn utan til að kynna sjer þau störf.

Þá vill nefndin láta taka upp í fjárlögin fje til aðstoðar við mælingarnar úti um land, (*K. E.*: Það er nauðsynlegt), en stjórnin ætlaðist til. að skrifstofan athugaði þetta. Það væri alls ekki óhugsandi, að þessu yrði breytt t. d. svo, að allar stærri mælingar yrðu framkvæmdar hjer í Reykjavík; líka gæti það verið, að skrifstofan sendi mann kringum landið til mælinganna; mætti vel koma því fyrir t. d. eins og ferðum umsjónarmanns mælis og vogar. En ef það á að fullnægja þeim kröfum nefndarinnar, að mælingarfróðir menn, launaðir, sjeu í öllum kauptúnum landsins, þá hlyti að leiða af því mikinn kostnað, en yrði að litlu gagni, ef enginn sjerfróður maður væri til þess að leiðbeina þeim. Það er auðvitað mjög leitt að þurfa, landssjóðs vegna, að kosta sjerstaka mælingarskrifstofu, en ef farið yrði að tillögum nefndarinnar, þá yrði kostnaðurinn mjög lítið minni.

Þetta er aðalbreyting nefndarinnar, og hún er, eins og jeg hefi sýnt, ófær.

Að því er snertir málleiðrjettingar nefndarinnar, þá tel jeg líklegt, að sumar þeirra sjeu til bóta; jeg hrósa mjer ekki af því, að jeg sje neinn sjerstakur íslenskumaður, en heyrt hefi jeg góðan íslenskumann í háttv. Nd. segja, að betra mál sje hjá stjórninni í 4. gr., þar sem hún segir „heyra undir", heldur en, eins og nefndin vill hafa það, „liggja undir". (*K. D.*: Nei). Ja, þetta sagði ágætur íslenskumaður í hv. Nd. (*Forseti*: Það er góð íslenska). Úr því hæstv. forseti telur og svo, þá þykist jeg hafa fengið trausta og góða bakhjarla um þetta, og jeg býst við því, að líkt sje um fleiri málrjettingartill. nefndarinnar sem þessa.

Um íslenskuna á frv. skal jeg enn láta þess getið, að jeg fór skyndilega utan og hafði þá ekki tíma til að yfirfara hana, enda varð að semja athugasemdirnar við frumvarpið í Kaupmannahöfn.

Þá vil jeg benda á það, að ef aðalbrtt. nefndarinnar verður feld, þá hefir hún áhrif á ýmsar aðrar brtt. nefndarinnar, sem samþyktar yrðu, og yrði þá að leiðrjetta það til 3. umr.

Jeg vænti þess fastlega, að náttv deild sjái það, er hún athugar málið, að sjálfsagt er að fella aðalbrtt. nefndarinnr, þar sem sú till. miðar að því, að sem seinast komist gott lag á þessi efni.

Karl Einarsson: Jeg vil að eins minnast á eitt atriði, er hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hefir gefið tilefni til, þar sem hann rjeðst með hvössum orðum á brtt. nefndarinnar við 4. gr. frv.. Meðal annars góðgætis, er hann sagði um það, var „að nefndin gæti ekki skilið það", að það „væri hreint kák" og „að skrásetningin væri öll í mestu óreglu", ásamt fjölmörgu fleiru af líku tagi. Það er óvandur eftirleikur, þegar svo er að manni farið, en auðsjeð er það, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) þekkir ekkert til málsins.

Nú eru í gildi tvær tilskipanir frá 1869, báðar frá 25. júní, önnur um mælingu skipa, en hin er um skrásetning skipa, og báðar þessar tilskipanir gilda enn þá. Í hinni fyrri eru nákvæmar reglur um mælingu skipanna, og er það mikið verk að setja sig inn í þær reglur. Að þessar mælingar sjeu rjett gerðar er mjög áríðandi; eftir mælingunni er reiknuð stærð skipsins, og við stærðina eru öll gjöld af skipinu miðuð. Þetta er annað aðalmarkmið skrásetningarinnar; hitt, að lýsing skipsins sje svo fullkomin, að ekki verði um vilst, hvert skipið er.

Brtt. nefndarinnar er um, að skrásetningarskrifstofa sú, sem gert er ráð fyrir í frv. að sett verði á fót í Reykjavík, verði ekki stofnuð, en að mál þetta verði, eins og verið hefir, í stjórnarráðinu.

Nú er það svo, að þegar einhver vill láta skrásetja skip, þá snýr hann sjer til viðkomandi lögreglustjóra, er gætir þess, að

öll skjöl, er að skipinu lúta, svo sem eignarskjöl, þjóðernis o. fl., sjeu í lagi. Þegar það er gert, mælir hann eða lætur mæla skipið og reiknar út stærð þess og sendir síðan stjórnarráðinu skjölin. Stjórnarráðið hefir síðan sent þetta skrifstofu þeirri í Kaupmannahöfn, er þetta annast, og hún endursendir það aftur og gerir breytingar, ef þörf er á.

Jeg get skilið það, að stjórnarráðið hafi fundið til þess, að það þurfti mælingarfróða menn til endurskoðunarinnar, því mælingarfróðleikur finst ekki, eins og eðlilegt er, í stjórnarráðinu. En úr þessu er ekkert bætt með frv. eða skrifstofunni. Þeir, sem við mælingarnar fást, eða lögreglustjórarnir, eru jafnómælingarfróðir og áður.

Ef sú leið er farin, sem nefndin leggur til, þá sparast nokkurt fje frá því, er frv. gerir ráð fyrir, og mætti þá verja því til að útvega lögreglustjórunum mælingarfróða menn. Það þyrfti ekki fleiri en 6—7 menn, og kostnaðurinn við fræðslu þeirra um þetta hlyti að verða mjög lítill.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hjelt því fram, að það væri ókleift að öðlast þennan fróðleik, nema að láta menn sigla, en jeg tel, að það sjeu svo mælingarfróðir menn hjer, að það sje hreinn óþarfi, og það megi spara þann kostnað. Jeg skal í því sambandi benda á Pál skólastjóra Halldórsson og Ágúst kaupmann Flygenring.

Þá var hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) að tala um það, að skrifstofustjórinn á þessari skrifstofu gæti ferðast um landið til að leiðbeina sýslumönnum. Hvaða gagn heldur hann að þeir hafi af því, þó að til þeirra komi einhver embættismaður úr Reykjavík og lesi yfir þeim tilskipunina frá 1869 eða annað álíka hnoss, eða þótt hann skreppi með þeim niður í eitthvert skip til að sýna þeim mælingu. Vitanlega er ekkert gagn að því. Það verða að vera mælingarfróðir menn á staðnum: annað er þýðingarlaust. Það er innan handar fyrir lögreglustjóra landsins að kynna sjer tilskipunina frá 1869, eða önnur ámóta skjöl; til þess þarf ekki að stofna skrifstofu suður í Reykjavík og senda skrifstofustjórann með miklum hátíðleik í embættisferð um landið.

Jeg mótmæli því, að þessi skrifstofa geti úrskurðað vafaatriði, ef þess þyrfti; til þess þyrfti skrifstofustjórinn að vera lögfræðingur, en lögfræði og mælingar falla ekki saman. Það eru ólíkar fræðigreinar: mælingarnar standa miklu nær skipasmíði t. d.

Eftir því, sem verið hefir hin síðari ár, þá mundi þessi skrifstofa kosta 20—30 þús. krónur eftir 2—3 ár, og það tel jeg óþarfa. Stofnunin bæði dýr og óþörf. Skipastóll okkar er því miður ekki svo stór enn, að hann hafi þörf á svo dýrri skrifstofu.

Eins og sakir standa, verður að leggja áherslu á að útvega lögreglustjórunum nóga aðstoð við mælingar skipa, því þeir bera hvort sem er alla ábyrgð á mælingunum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg tók það fram, er jeg lagði fram frv., að tilskipuninni frá 1869 væri ekki breytt, og var það af því, að stjórnin vildi fá upplýsingar frá sjerfróðum manni um það, hvort og þá hvernig ætti að breyta tilskipuninni. Forstöðumaður skrifstofunnar ætti auðvitað að veita þessar leiðbeiningar, eftir að hafa kynt sjer málið ytra. Það mætti t. d. taka upp aðrar mælingaraðferðir. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að stjórnarráðinu barst nýlega fyrirspurn um, eftir hvaða reglum mælingar yrðu framkvæmdar hjer, og var því svarað, að það yrði eftir sömu reglum og hingað til. Hingað til hefir skrifstofan í Kaupmannahöfn endurskoðað mælingarnar. (*K. E.*: Það er ekki rjett.) Jú, og hún hefir hvað eftir annað gert athugasemdir, og skipaskránni hefir verið breytt samkvæmt því. Þetta gæti þau

sannfærst um, ef hann liti upp í 3. skrifstofu stjórnarráðsins.

Ef frv. þetta verður samþykt, þá verða frummælingarnar framkvæmdar, eins og verið hefir, af sýslumönnum eða umboðsmönnum þeirra, en þeir senda síðan skjölin til skrifstofunnar hjer, er athugaði öll skilríki, er að því lytu, eignarskjöl, mælingar o. s. frv. Verði ágreiningur um það, hvort skip hafi rjett til að sigla undir íslenskum fána, þá má skjóta þeim ágreiningi undir dómstólana.

Jeg veit, að það verður ekki komist hjá því að senda mann utan til að læra þessi fræði. Páll skólastjóri Halldórsson segir, að hann yrði að fara utan til þess að auðga þekkingu sína um þetta, og er hann þó fróðastur maður hjer í skipamælingum, ásamt Ág. Flygenring, er auðvitað mundi ekki taka þær að sjer. Og þó brtt. nefndarinnar verði samþykt, þá verður ekki komist hjá því.

Niðurstaðan í þessu máli fer mikið eftir því, hvað menn leggja upp úr, að lögskráningarstarfið sje í góðu lagi. Jeg álít, að slíkt hafi mikla þýðingu, og með öðrum þjóðum er lögð mjög mikil áhersla á það.

Háttv. þm. Vestm. (K. E.) misskildi mig, þar sem jeg sagði, að nefndin hefði misskilið hlutverk skrifstofunnar, og vildi halda því fram, að hún ætti ekki að fást við endurskoðun, en það verður einmitt eitt af aðalstörfum hennar.

Það þýðir ekki að vera að deila um þetta fram og aftur. Hjer er að ræða um 2 leiðir, kákleiðina og endurbótaleiðina. Og þó þingið í ár telji heppilegra að fara kákleiðina, mun mál þetta rísa upp á næstu þingum og þá verða sett í nýtt og betra horf, eins og jeg hefi nú stungið upp á.

Nefndin ætti að taka mál þetta til frekari íhugunar og um fram alt að hafa tal af þeim mönnum, sem sjerþekkingu hafa í þessum efnum, t. d. Ágúst Flygenring.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Hv. þm. Vestm. (K. E.) hefir tekið af mjer ómakið og gert mjög ljóslega grein fyrir ástæðum nefndarinnar. Er það því betra, þar sem jeg verð að kannast við að vera sístur postulanna í þessum efnum, en gat fallist á röksemdir samnefndarmanna minna.

Í tilefni af ræðu hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), þar sem hann sagði, að alstaðar annarsstaðar (*Fjármálaráðherra*: Víðast hvar) væru hafðar sjerstakar skrifstofur, er fjölluðu um þetta mál, skal jeg taka það fram, að það sannar ekkert, að svo þurfi einnig að vera hjer. Því okkar skipastóll er svo miklu minni en annara landa, að þar sem aðrar þjóðir telja skip sín í þúsundum, teljum við okkar í tugum. Jeg get ekki ímyndað mjer, að þetta sje of mikið verk, enn sem komið er, — hvað sem endurskoðuninni líður — til þess, að það sje haft í stjórnarráðinu, en auðvitað geng jeg út frá því gefnu, að einhver sjerstakur maður verði hafður til að sinna því.

Hvað hinu viðvíkur, að ólag hafi verið á lögskráningunni, þá er um að gera, að tekið sje fyrir rótina á meininu. En það verður ekki gert með því að stofna sjerstaka skrásetningarstofu —slíkt er að grípa á skökkum stað — heldur með því að revna að koma því þannig fyrir, að frumfrágangurinn sje í sem bestu lagi. Hitt nær ekki nokkurri átt, að nefndin hafi ekki viljað, að þetta væri í sem bestu lagi, og von mín er sú, að skipastóllinn vaxi svo, að í framtíðinni kunni að verða þörf á sjerstakri skrásetningarstofu, en nú er það ótímabært.

Jeg tel ekki nauðsynlegt að fara út í deilur um orð, en vil fyrir hönd nefndarinnar leggja það til, að tillögur hennar nái fram að ganga í hv. deild.

Karl Einarsson: Það er að eins örstutt athugasemd. Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sagði, að nefndin væri mótfallin því, að

sjerstök skipamælingaskrifstofa væri stofnuð, en sagði svo á öðrum stað, að hún ætlaðist til, að sjerstakir skipamælingaembættismenn væru á öllum stöðum úti um landið. Þetta er ekki rjett. Nefndin ætlast að eins til, að fje verði veitt til að útvega lögreglustjórum nægilega aðstoð sjerfróðra manna við skipamælingar.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sagði, að nefndin hefði misskilið starf skrifstofunnar. Nefndin hefir ekki misskilið það. Þar er ekki um annað að ræða en venjuleg skrifstofustörf, en útreikninga og endurskoðun á hún enga að hafa á hendi.

Hitt er sjálfsagt, að sá, er endurskoðunina á að hafa á hendi, verði styrktur til að afla sjer sem mestrar þekkingar, og getur hann þá einnig kent þeim, er skipamælingar eiga að hafa á hendi í hverju skrásetningarumdæmi.

Jeg get t. d. bent á Þorkel Þorkelsson, forstjóra voga- og mælingaskrifstofunnar, sem einkarhæfan mann til slíkrar endurskoðunar. Hann hefir þegar um nokkurra ára skeið mælt upp skip við Eyjafjörð, og mun ekki hafa svo mikið að gera, að hann komist ekki yfir endurskoðun mælinga.

Jeg tel það ekki ofvaxið verk stjórnarráðinu að hafa á hendi skrásetning skipa jafnt eftirleiðis sem hingað til og það að athuga, hvort heimild sje til þess, að skipið sigli undir íslenskum fána. Fje því, er samkvæmt frv. stjórnarinnar á að verja til skrifstofuhalds, finst mjer miklu betur varið til að útvega praktiska þekkingu við mælingarnar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er greinilega tekið fram í athugasemdum stjórnarinnar við frv. um skrásetning skipa, að til þess sje ætlast, að maður sá, er stjórni aðalskrásetningarskrifstofunni, eigi að vera mælingarfróður, þar sem þar á bæði að reikna út og endurskoða mælingarnar.

Háttv. þm. Vestm. (K. E.) getur ekki neitað því, að endurskoðun fór fram í Kaupmannahöfn. (*K. E.*: Nei, hún fór ekki fram þar). Endurskoðunin er aðalhlutverk mælingarskrifstofunnar, auk umsjónar með þeim, sem við mælingar fást. Hvort sem stofnuð verður sjerstök mælingarskrifstofa, eða þeim störfum verður hlaðið á stjórnarráðið, er endurskoðunin aðalatriðið. Stjórnarráðið hefir til þessa ekki haft neitt með endurskoðun að gera, af þeirri einföldu ástæðu, að hún fór fram í Kaupmannahöfn, og hafa þaðan oft verið sendar leiðrjettingar við útreikninga hjeðan, (*K. E.*: Þær hafa verið mjög lítilfjörlegar).

Hvort sem skrásetningin verður í stjórnarráðinu eða sjerstakri skrifstofu, verður maður að fara utan til að kynna sjer hana, ef hún á ekki að verða hreinasta kák. Hv. þm. (K. E.) sagði, að skrásetningastörfin mundu ekki taka nema „part úr fulltrúa". Jeg hygg það verði lítið, sem hinir partarnir gera. Að minsta kosti verður það svo eftir skoðun þess manns, er nú hefir það starf á hendi.

Jeg endurtek það, að nefndin hefir algerlega misskilið hlutverk skrásetningarskrifstofunnar, þar sem hún heldur fram, að þar eigi engin endurskoðun að vera, en endurskoðunin er, eins og jeg þegar hefi bent á, aðalhlutverk skrifstofunnar. Þetta hefir hún ekki skilið, og því ekki getað fallist á, að sjerstök skrifstofa sje nauðsynleg; sem og ekki væri, ef nefndin hefði lagt rjettan skilning í frv. Jeg er ekki að álasa nefndinni fyrir þennan misskilning. Það getur komið fyrir alla

Um tvent er að velja, annaðhvort að hafa sjerstaka skrásetningarskrifstofu innan stjórnarráðsins, eða hún verði úti í bæ. Kostnaðurinn býst jeg við að verði líkur. Að hafa sjerstaka skrifstofu hefir meðal annars þá kosti fram yfir hitt, að henni verður stjórnað af manni, er ber sjerstaka ábyrgð á því starfi, og auk þess hefir betri skilyrði til þess að leiðbeina lögreglustjórum, ef eitthvað þarf að lagfæra.

Jeg veit, að mjer tekst ekki að sannfæra háttv. nefnd, en reynslan mun sýna, að nái till. hennar fram að ganga, mun þetta verða kák.

Ef háttv. þm. eru hræddir um, að þessi nýja skrifstofa hafi ekki nóg að gera, má benda á það, að t. d. formaður hins nýja sjóvátryggingarfjelags hefir kvartað yfir því, að hjer vantaði „dispacheur", og mætti þá fela honum það, og gæti hann lært það um leið og hann sigldi til að læra um skipamælingar. Einnig mætti leggja ýms störf undir þessa skrifstofu, er samrýmanleg væru aðaltilgangi hennar.

Jeg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vilji ekki, með leyfi hæstv. forseta, taka málið út af dagskrá og tala við menn, er sjerþekkingu hafa á þessu sviði, t. d. Ágúst Flygenring.

Í upphafi var tilheiging mín, að stjórnarráðið hefði þetta á hendi, vegna kostnaðarins, en er jeg hafði talað við menn, er sjerþekkingu höfðu í þessu efni, sá jeg, að með gamla laginu mundi alt lenda í óreglu, þar sem það með nýja laginu gæti alt verið í röð og reglu.

Magnús Kristjánsson: Jeg þarf ekki að fara langt út í málið sjálft. Tveir meðnefndarmenn mínir hafa gert það ítarlega. Mig furðar stórlega á því kappi, sem hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hefir sýnt í þessu máli, (*Fjármálaráðherra*: Jeg fylgi því altaf með kappi, sem jeg álít rjett), og finst það næstum frekja. (*Fjármálaráðherra*: Mjer finst þetta vera frekja). Jeg hygg, að ef á að fá máli þessu framgengt með óþarfa málalengingum og orðagjálfri, þá verði það ekki auðsótt. (*Fjármálaráðherra*: Engar ógnanir. *Forseti*: Ekki samtal). Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) var að bera upp á nefndina, að hún hefði misskilið frv. Þessari móðgun finst mjer að hann hefði getað slept, enda er hún mjög óviðeigandi. Ef misskilningur á sjer stað í þessu máli, þá er það hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), sem misskilur. Því allir vita, að mikið af skipamælingarstarfinu verður að framkvæma annarsstaðar en í Reykjavík, og skrifstofustjóri og undirmenn hans mundu tæplega sendir út um land til að mæla skip, og að þurfa að senda skipin hingað til mælingar mundi oft koma sjer mjög illa. Auk þess er engin trygging fyrir því, að sá, er yrði skipaður í starfann, sje honum vaxinn. (*Fjármálaráðherra*: Nýi ráðherrann skipar hann). Hvort nýr eða gamall ráðherra skipar hann, skiftir engu máli, ef óheppilega er til starfsins stofnað.

Jeg álít ekki heppilegt að ákveða með lögum, að skipaskrásetning skuli verða sjerstakur starfi. Til hins væri meiri ástæða, að sameina ýms skyld málefni undir eina skrifstofu, er stæði undir eftirliti stjórnarráðsins. Mætti þar til nefna löggilding mælis- og vogartækja, samábyrgðina, dispacheur-starfann, ef hann á að vera undir umsjón stjórnarinnar o. fl. (*M. T.*: Vörumerki, firmaskrár, einkaleyfi).

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hjelt því fram, að starf nefndarinnar væri frekar til hins verra en til bóta. (*Fjármálaráðherra*: Um þetta atriði). Hann hefir þá vegna ákafans ekki tekið glögt fram, hvað hann meinti.

Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá treysti jeg hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) að draga úr útgjöldunum, eins og hans er von og vísa, og segi jeg honum þetta ekki til lasts.

Mjer dettur nú í hug uppástunga til bráðabirgða, ef svo er, að stjórnarráðið með engu móti treystir sjer til að hafa skrásetningarstarfann á hendi. Væri ekki reynandi að fela hagstofunni hann? Henni er fullkomlega treystandi til að leysa hann vel af hendi. Skeð getur, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) álíti þetta ekki tiltækilegt, en mjer finst, að una mætti við það til

bráðabirgða, þar til búið væri að sameina fleiri skylda starfa.

Hvað hinu viðvíkur, að ekkert lag muni verða á skrásetningunni, þar sem mælingarfróða menn vanti, er því til að svara, að mjer er kunnugt um, að í hverjum landsfjórðungi eru menn, sem vaxnir eru starfanum; en engin von til, að þeir vinni fyrir litla eða enga borgun.

Þar sem fundurinn er þegar orðinn langur, skal jeg ekki fjölyrða meira um málið, en vil að eins benda á, að starf þeirrar skrifstofu, er getur um í frv. stjórnarinnar, er ekki í öðru fólgið en að taka við skjölum, sem undirbúin hafa verið í hinum ýmsu skrásetningarumdæmum, og færa þau inn í aðalskrá. (*Fjármálaráðh.*: Stórkostlegur misskilningur). Misskilningurinn er hjá hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), og vil jeg lýsa því yfir, að þar sem hann ber nefndinni misskilning á brýn, er það hjal á engum rökum bygt.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 27, n. 375, 374).

Fjármálaráðherra (S. E.): Það mun ekki vera til neins að hafa langar umræður um þetta mál að þessu sinni. Flest, sem nokkurs er um vert í málinu, mun hafa komið fram í umræðunum í gær. Það var að eins út af ummælum hv. þm. Ak. (M. K.), sem jeg vildi segja nokkur orð. Hann hneykslaðist á, að jeg skyldi tala um misskilning hjá nefndinni. Í nál. stendur þessi klausa: „Hjer í Reykjavík þarf auðvitað að hafa endurskoðanda mælingarbrjefanna, og þyrfti hans jafnt hvort sem skrifstofa þessi, sem um ræðir í 4. gr. frv., væri sett á stofn eða ekki.“

Þarna liggur misskilningurinn. Það nær ekki nokkurri átt, að það þyrfti endurskoðanda auk skrifstofunnar. Mig skal ekki furða, þó hv. nefnd legðist á móti þessu atriði í stjórnarfrv., fyrst henni hefir skilist það svona. En jeg vona þá líka, að nefndin fallist nú á rjett mál, þegar þetta er upplýst. Ef meðferð þessara mála á áfram að vera í stjórnarráðinu, skilst mjer, að nefndin ætlist til, að endurskoðunarskrifstofa sje höfð einhversstaðar úti í bæ. En þá er orðið mjótt á milli mín og hv. nefndar. Þá get jeg ekki sjeð, að neitt sje sparað með brtt. hv. nefndar, um að fella burt skrifstofuna, sem um ræðir í 4. gr. frv.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) fann að því, að jeg flytti þetta mál með kappi. Jeg veit ekki betur en að háttv. þm. Ak. (M. K.) sje vanur hinu sama þegar hann flytur mál hjer í deildinni. Segi jeg þetta síst til lasts. Það er ekki nema gott og sjálfsagt, að menn flytji mál sín af kappi, þegar þeir eru sannfærðir um rjettmæti þeirra.

Magnús Kristjánsson: Þó skýring hæstv. fjármálaráðherra geti verið góð, þá játaði hann nú, að hann hefði beint því til nefndarinnar, að hún hefði tæplega reynst starfi sínu vaxin. Jeg kalla það virðingarvert, að hann hefir nú lýst yfir því hjer í deildinni, að þetta var eigi meint eins og það var talað. Jeg vil halda fast við það, þrátt fyrir allar skýringar hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), að nefndin hefir ekki orðið sek um neinn misskilning. Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) ljet í ljós í gær, að ekki mundi vera völ á nema einum manni til endurskoðunarstarfsins, og hann væri ófáanlegur. Það má því telja víst, að forstöðumaður skrifstofunnar yrði allsendis óhæfur til endurskoðunarstarfsins og yrði að vera upp á aðstoðarmenn kominn með alt, er að því lýtur. Kann og að vera, hvað sem öðru líði, að forstöðumaðurinn teldi endurskoðunarstörfin sjer ekki samboðin.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) þarf ekki

að fyrtast af þessum undirtektum nefndarinnar undir frv. Þær bera ekki vott um neina óánægju með stjórnina. Við treystum henni til að halda áfram að hafa þær framkvæmdir á hendi um skrásetning skipa, sem hún hingað til hefir haft. Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) virðist ekki treysta henni til þess. Þessi er munurinn.

Hitt væri happaráð, sem jeg mintist á í gær, að draga saman þessar skrifstofur, sem eru víðs vegar úti um bæinn og hafa skyldum störfum að gegna, en þá þarf líka hæfur og duglegur maður að standa fyrir þeirri aðalskrifstofu. Slíkar umbætur væru þarfar. Árangurinn yrði góður, en kostnaðurinn lítill.

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir skilið svo orð mín, að jeg hafi haldið því fram, að háttv. nefnd hafi ekki verið starfi sínu vaxin. Jeg hefi að eins sagt, að nefndin hafi misskilið frv. Það getur komið fyrir alla, sem annars eru starfi sínu vaxnir, að þeir misskilji. Enginn er óskeikull, og þá síst í svona málum, sem útheimta sjerþekkingu.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) kvað mig hafa sagt, að einungis einn maður hjer á landi væri fær um að taka að sjer forstöðu skrifstofunnar, og hann væri ófáanlegur til þess. En honum láðist að geta þess, að jeg taldi þess vegna sjálfsagt, að sá, sem fengi forstöðumannsstarfann, færi utan til þess að kynna sjer skipamælingar. Það er auðvitað mikils um vert, að vel takist valið á þessum manni. Hver muni eiga að útnefna hann er ekki enn fyrirsjáanlegt, því eftirmaður minn er enn ekki ráðinn. En slíkt ættu háttv. þm. ekki að setja fyrir sig. Það er svo ætíð um embættaveitingar, að stjórninni verður að treysta til þess að ráða fram úr þeim. Hjer er ekki lagt meira á hættu en um allar aðrar embættaveitingar. Hvort sem farin verður sú leið, að sameina margar skrifstofur, eða hin, sem farin er í frv., að setja á stofn sjerstaka skrifstofu, þá er það nauðsynlegt að fá hæfan mann, mann, sem treystandi sje til að koma á fullkomnu samræmi um skipaskrásetning um alt land.

Mjer skilst á háttv. þm. Ak. (M. K.), sem honum sje kostnaðaratriði þessa máls ekki aðalatriðið, heldur hitt, að málinu sje komið í gott horf. Þá er orðið stutt á milli okkar, verð jeg að segja. Ef ekki er að sjá í kostnaðinn, hvaða ástæða getur þá verið á móti því, að útvega nú hið bráðasta hæfan mann til þessara starfa? Jeg er sannfærður um, að það verður gert á 1. eða 2. þingi hjeðan í frá, ef það verður ekki gert nú þegar. Rjettlætið stingur altaf upp höfðinu aftur og aftur, hve oft sem það er fært í kaf.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg skal ekki bæta mörgu eða miklu við. Það voru að eins nokkur atriði í ræðu hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) í gær, sem jeg vildi athuga, og sumt af því hefir hann nú í dag endurtekið.

Fyrst er það, að hann ber nefndinni á brýn misskilning. Það er altaf óþægilegt að fá það framan í sig, að maður hafi misskilið augljós atriði, en það er hægri eftirleikurinn, og verður nú varla talin ókurteisi af mjer, þótt jeg beini því aftur til hæstv. fjármálaráðherra, að aðalmisskilningurinn liggur hjá honum sjálfum, en ekki hjá nefndinni. Misskilningur hans er sá, að hann vill lækna sjúka trjeð í toppinn, en við nefndarmenn viljum lækna það í rótina. Þetta á við alla heildarskoðun hæstv. fjármálaráðherra á málinu. En hvað því viðvíkur, að við nefndarmenn höfum misskilið frv. svo, að endurskoðun ætti eftir sem áður að vera fyrir utan skrifstofu þá, er um ræðir í 4. gr., þá skal þess getið, að endurskoðunin er alstaðar fyrir utan slíkar skrifstofur. (*Fjármála-*

ráðh.: Svo!). Já, það hefi jeg fyrir satt. (*Fjármálaráðh.*: Jeg get sannað það gagnstæða). Það þýðir ekki að munnhöggvast um það; það yrði ekki úr því annað en „klipt og skorið". Aðalstarf slíkra skrifstofa er að taka við plöggum, sem viðkoma skrásetning, og ganga frá skrásetningar- og þjóðernisskilríkjum.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) kvaðst ekki ásaka okkur nefndarmenn fyrir misskilninginn. Jeg skal ekki heldur ásaka hann. Jeg býst við, sem eðlilegt getur verið, að hann sje ekki nægilega kunnugur þessu máli, að minsta kosti ókunnugri en háttv. þm. Vestm. (K. E.), sem bæði hefir fengist við þessi mál á skrifstofum stjórnarráðsins og eins sem lögreglustjóri.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) endaði ræðu sína með mikilli áherslu á því, að eftir 1—2 þing yrði slík skrifstofa sett á stofn, ef það væri ekki gert nú þegar. Það er jafnan hægur vandi að styðja mál sitt með ágiskunum um það, sem verða muni, en jeg býst við, að nefndin geti með meiri rjetti en hann dregið stóra víxla upp á framtíðina, ef út í það á að fara, og tel eins óyggjandi, að sagt muni á 1. og 2. þingi hjeðan í frá og kann ske enn lengur, að gott hafi verið, að ekki var farið að ráðast í þessar óþörfu embættis- og skrifstofustofnanir.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það getur verið, að háttv. deild hafi í fljótu bragði virst það sannfærandi, sem háttv. frsm. (K. D.) orðaði svo lævíslega, að jeg vilji lækna hið sjúka trje í toppinn, en háttv. nefnd vilji lækna það í rótina. En ef betur er að gáð, er þetta hin mesta fjarstæða. Ef t. d. stjórn landsins þykir fara í handaskolum, er þá bætt úr því með því að skifta um dyravörð í stjórnarráðinu? Nei, meinið er læknað í toppinn. Það er skift um stjórn. Hjer er sama máli að gegna. Mestu skiftir um skrásetninguna, að aðalmaðurinn sje góður, og það er það, sem jeg er að berjast fyrir.

Mig furðar stórkostlega á því, að háttv. frsm. (K. D.) skuli leyfa sjer að fullyrða, að skrásetningarskrifstofur annarsstaðar hafi ekki endurskoðun á hendi. Þetta fullyrðir hann ofan í alla undanfarna reynslu hjer á landi. Er það ekki einmitt skrásetningarskrifstofan í Kaupmannahöfn, sem hefir haft á hendi endurskoðun á íslenskum mælingum? Þetta virðist mjer nokkuð langt gengið.

Annars efast jeg um, að háttv. þm. Vestm. (K. E.) sje nokkuð betur kunnugt um þessi mál en mjer. Jeg hefi verið lögreglustjóri á tveim stöðum, þar sem oft þurfti að sinna þessum málum. Auk þess kynti jeg mjer nákvæmlega öll lög á Norðurlöndum, er að skrásetningu lúta, þegar jeg undirbjó þetta frv. Nei, alt þetta bendir til þess, að háttv. nefnd er komin í bobba. Hún er orðin röksemdaþrota. Henni er best að játa þann sannleika.

Að endingu vona jeg, að nefndin byggi ekki atkvæði sitt á þeim misskilningi, að endurskoðunin fari hvergi fram í samskonar skrifstofum.

Magnús Torfason: Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að jeg áliti, að það, sem laga þyrfti, væri mælingarnar, og þá einkum utan Reykjavíkur. Í Reykjavík hygg jeg að þær sjeu nokkurn veginn í lagi, en úti um landið mun þeim vera töluvert ábótavant. Get jeg eigi sjeð, að skrifstofa hjer í Reykjavík geti bætt neitt úr því. Eftir því, sem jeg best veit, hefir tilhöguninn verið sú hingað til, að lögreglustjórinn hefir mælt eða látið mæla, og maður utan stjórnarráðsins endurskoðað. Býst jeg ekki við, að mikil breyting verði á þessu, þó skrifstofa yrði sett á stofn. Að minsta kosti mundi alt ganga eftir gamla laginu úti um land. Jeg sje því enga ástæðu til að veita

fje til sjerstakrar skrifstofu hjer, en mjer finst eina ráðið vera að launa sómasamlega þeim mönnum úti um land, sem eiga að taka að sjer mælingarnar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sje, að hjálparliðið er komið fram á vígvöllinn. Lögreglustjórinn virðist ekki vera sjerlega áfram um, að þetta mál nái fram að ganga. Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) vildi endurbæta ástandið úti um land. En hver á að gera það? Hjer er einmitt farið fram á, að fenginn verði sjerfróður maður, sem geti kent mönnum úti um landið.

Karl Einarsson: Jeg hefi ekki gefið hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) nein andsvör síðan jeg dó í gær. (*Forseti*: Það hefir ekki komið fram neitt nýtt hjá honum). En jeg vil áður gengið er til atkvæða benda á, að þó þessi skrifstofa verði sett á stofn, verður samt að fá sjerstakan mann til endurskoðunar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi hvað eftir annað tekið fram, að það er engin þörf á endurskoðunarmanni, ef skrifstofan er sett á stofn. Það lítur út fyrir, að háttv. nefnd sje komin í rökseindaþrot, og láti sjer því nægja tómar staðhæfingar.

ATKVGR.

Brtt. 374,1.—2. samþ. án atkvgr.
— 374,3. samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 374,4. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 374,5. — — 12 — —

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 374,6.—7. samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 374,8. feld með 9 : 4 atkv.
— 374,9. samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., K. D., M. K., M. T., S. J., S. F., E. P., G. Ó., Jóh. Jóh.
nei: S. E., G. G., H. St., H. Sn., G. B.

4. gr., svo breytt, samþ. með 10. shlj atkv.

Brtt. 374,10. samþ. með 10 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj atkv.

Brtt. 374,11. samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 374,12. samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 374,13. samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj atkv.

Brtt. 374,14. (ný 9. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 374,15. (ný 10. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 374,16. samþ. með 10 shlj. atkv
— 374,17.—20. samþ. án atkvgr.

11. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 374,21. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 374,22. samþ. án atkvgr.

12. gr. svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 374,23. (ný 13. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 374,24.—25. samþ. án atkvgr.
— 374,26. samþ. með 11 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 374,27. (ný 15. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 374,28. (ný 16. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 374,29.—37. samþ. án atkvgr.
— 374,38. samþ. með 13 shlj atkv
— 374,39.—42. samþ. án atkvgr.

17. gr. svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 374,43. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 374,44.—47. samþ. án atkvgr.

18. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 374,48.—49. samþ. án atkvgr.

19. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 374,50.—51. samþ. án atkvgr.

20. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 374,52.—60. samþ. án atkvgr.
— 374,61. samþ. með 7 : 1 atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 374,62. samþ. með 10 shlj. atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 374,63. samþ. án atkvgr.
— 374,64. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 374,65.—67. samþ. án atkvgr.

23. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 374,68. samþ. með 10 shlj. atkv
— 374,69. samþ. án atkvgr.
— 374,70. samþ. með 11 shlj. atkv.

24. gr., svo breytt, samþ. með 11. shlj atkv.

Brtt. 374,71.—72. samþ. án atkvgr.

25. gr., svo breytt, samþ. með 11. shlj. atkv.

Brtt. 374,73. samþ. með 11 shlj atkv
— 374,74. — — 10 — —

26. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 374,75.—76. samþ. án atkvgr.

27. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
28.—29. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj atkv.

Á 40. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. ágúst. var frv. tekið til 3. umr. (A. 454).
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., miðvikudaginn 27 ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr.. (A. 454, 513).
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., fimtudaginn 28. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr. (A 454. 513).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Frv. þetta var tekið af dagskrá í gær vegna tilmæla nefndarinnar, en svo stóð á þeim, að ekki

var hægt að afgreiða þetta frv. fyr en útsjeð var um afdrif fyrsta málsins á dagskránni í dag. Ef brtt. sjávarútvegsnefndar hefði ekki verið samþykt, þá hefði þurft að breyta 1. gr. skrásetningarlaganna, en þar sem hún nú var samþykt, þá gerist engrar slíkrar breytingar þörf.

Jeg hefi ástæðu til að þakka hv. deild fyrir undirtektir hennar undir tillögur sjávarútvegsnefndar um daginn, við 2. umr. skrásetningarlaganna, sem allar voru samþyktar, að undantekinni einni smábreytingu. Sú breyting var að vísu ekki mikilvæg, en mjer kom þó á óvart, að hún skyldi feld, því nokkru áður hafði hv. deild samþykt alveg sömu orðabreytingu. eftir tillögu samvinnunefndar beggja deilda. Þær brtt., sem nú liggja fyrir, eru eingöngu orðabreytingar, sem ekki er vert að eyða mörgum orðum að. Jeg vil benda á brtt. um, að „skrásetja" komi í stað „lögskrá"; sú brtt. er ekki gerð til að færa til betra máls, heldur til að koma á samræmi, með því að orðið „skrásetja" er alstaðar annarsstaðar í frv. Hinar breytingarnar eru sumpart sjálfsagðar, og sumpart til bóta, og geta hv. deildarmenn auðveldlega dæmt um þær af eigin dómgreind.

ATKVGR.

Brtt. 513,1.—18., allar í einu lagi, samþ án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um skrásetning skipa, eins og það var samþ. við 3 umr í Ed. (A. 548).

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 1 sept. var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta var til meðferðar í sjávarútvegsnefnd hv. Ed., og legg jeg til, að því verði vísað til samkynja nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2010) með 17 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 548, n. 769).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg sje ekki ástæðu til að tala langt mál. Nál. á þgskj. 769 ber með sjer þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. í háttv. Ed., og nefndin er þessum breytingum samþykk, eins og tekið er fram í nál. En jeg skal geta þess, að það þarf að breyta 1. gr. frv. í samræmi við þær breytingar, sem Nd. hefir gert á frv. um breyting á siglingalögunum. Nefndin leggur þess vegna til, að 1. gr. frv. verði breytt í samræmi við þetta. Enn fremur hefir nefndin lagt til, að gerð væri lítils háttar orðabreyting á 12. gr. Nefndin væntir þess, að hv. deild lofi málinu fram að ganga með þessum breytingum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sje, að nefndin hefir fallist á breytingar Ed. En aðalbreyting Ed. er sú, að hún vill ekki setja á stofn sjerstaka skráseiningarstofu, eins og gert var ráð fyrir upphaflega, heldur að stjórnarráðið annist hana. Jeg hefi ekki komið með brtt. við frv., en það má, ef vill, fyrir 3. umr.

Það, sem vakti fyrir stjórninni, er hún fór fram á, að sett væri á stofn sjerstök

skrásetningarskrifstofa, var, að slík störf eiga ekki heima í stjórnarráðinu, og að skrásetningin er ekki í því lagi, sem æskilegt mætti þykja. Áleit stjórnin, að bæta mætti skrásetninguna með því, að setja á stofn skrásetningarskrifstofu, sem væri undir eftirliti sjerfróðs manns, er aflaði sjer upplýsinga um þetta efni erlendis. Þessi endurbót er flókið starf, og jeg veit ekki, hvort nokkur maður hjer á landi er fullnuma í því.

En nefndin hefir ekki fallist á þessa till. stjórnarinnar og telur hægt að leiðrjetta þetta með því, að bæta við starfskröftum á skrifstofu *lögreglustjóra*, og sama skoðun varð ofan á í Ed.

Mín skoðun er það, að eina skilyrðið til, að þessu verði kipt í lag, sje að fá sjerfróðan mann til þess að annast skrásetninguna. Ef til vill má segja, að það skifti ekki miklu máli, þó að skrásetningin sje ekki höfð í lagi. En jeg býst við, að eftirmaður minn finni þörfina á þessu, ef málið nær ekki fram að ganga á þessu þingi.

Jeg læt ósagt um, hvort jeg kem með brtt. við frv. við 3. umr.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Það var vitanlegt, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) vildi halda þessu með skrásetningarskrifstofuna fram, úr því að hann á upptökin að því. Nefndin ræddi þetta allítarlega og hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) kom á fund til hennar og skýrði henni frá, hvað fyrir honum vekti. En þrátt fyrir það gat nefndin hefir sannfærst um nauðsynina á að setja að svo stöddu slíka stofnun á fót, sem kostaði mikið fje. Og þeir gallar, sem eru á skrásetningunni, verða ekki betur bættir með því, að setja á stofn slíka skrifstofu, eins og bent er á í nefndarálitinu. Hjer eru til menn, sem hafa vel vit á þessu máli, t. d. Þorkell Þorkelsson, umsjónarmaður voga- og mæliáhalda. Og nefndinni datt í hug, að til mála gæti komið, að hann athugaði þetta mál og gæfi leiðbeiningar á ferðum sínum út um land, til eftirlits með mæli- og vogaráhöldum, og er að líkindum ekkert því til fyrirstöðu, að þetta hvorttveggja eftirlit geti vel farið saman. Aðalgallinn á skrásetningunni er sá, að frummælingarnar eru ekki rjettar. Jeg hefi átt tal við Þorkel Þorkelsson um þetta, og hann er nefndinni samdóma um það, að óþarft sje að setja á stofn sjerstaka skrásetningarskrifstofu að svo stöddu. Starfið er ekki svo mikið enn, að ekki sje hægt að hafa aðaleftirlitið og endurskoðunina innan vjebanda stjórnarráðsins. Og þeir, sem önnuðust það og þekkingu hefðu á því, mundu geta lagfært það, sem nú er ábótavant í því efni, smám saman í hendi sjer. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sagði, að það þyrfti að senda mann út, til þess að fullkomna sig í þessu. En það finst mjer vera hæpin ályktun, sem oft klingir við, að menn þurfi ekki annað en skreppa út fyrir pollinn til þess að verða *fullkomnir* í hinu og þessu.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal geta þess, að jeg átti tal við ýmsa menn um þetta atriði áður en frv. var lagt fram, því að jeg var fyrst að hugsa um að komast hjá að auka útgjöld landssjóðs, með því að stofna sjerstaka stöðu. Þá átti jeg meðal annars tal við Ágúst Flygenring, sem er mjög vel að sjer í þessu máli og hefir kynt sjer það, eins og hv. þm. Borgf. (P. O.) tók fram, á aðallögskráningarskrifstofunni í Kaupmannahöfn. Hann rjeð mjer til að setja á stofn sjerstaka skrifstofu til þess að annast skrásetninguna. Annars yrði hún kák. Hann kvað þetta vera mikilsvert mál og nauðsyn bera til að fá duglegan mann til þess að annast það, fara utan og kynna sjer málið þar og koma svo heim aftur til þess að takast það á hendur.

Það er ekki til neins að hugsa sjer, að endurbætur verði gerðar á þessu máli,

nema nægileg sjerþekking verði fengin. Að ausa út fje í þessu skyni til lögreglustjóranna, ef alla yfirumsjón með sjerþekkingu vantar, er hreinn hjegómi.

Jeg sje, að nefndin álítur ekki nauðsynlegt, að þessu sje þegar komið í gott horf Og það má ef til vill segja, að ýmsir hlutir sjeu nauðsynlegri. En þó að því verði slegið á frest að þessu sinni, þá er jeg sannfærður um, að að því rekur, áður en langt um líður, að mínar till. verða allar teknar til greina.

Mjer þótti það mjög einkennilegt, að hv. frsm. (P. O.) vitnaði til Þorkels Þorkelssonar sem sjerfræðings í þessu efni. Mjer er ekki kunnugt um, að hann hafi nokkurn tíma fengist við skipamælingar. (*P. O.*: Jú.) Hvar? (*P. O.*: Fyrir norðan). Má vera, en því miður hefir honum ekki tekist að koma skrásetningunni í gott horf þar.

Eftir því, sem hjer er gert ráð fyrir, á skrásetningin að vera framvegis í höndum stjórnarráðsins. Og Páll Halldórsson skólastjóri hefir haft hana á höndum hingað til. Hann lítur svo á, að hann þurfi að fara utan, til þess að kynna sjer þetta efni betur.

En jeg býst við, að ekki dugi að deila við dómarann. Reynslan mun skera úr, hver hefir rjett í þessu máli. En jeg er sannfærður um, að þessar endurbætur verða gerðar bráðlega, þó að þær verði látnar undir höfuð leggjast á þessu þingi. Jeg er viss um, að enginn fjármálaráðherra getur unað því, að starf, sem heyrir honum til, sje í jafnmegnu ólagi og þetta mál nú er. Ekki veldur sá, er varir. Og skrifstofukostnaðurinn verður hinn sami, þó að sjerstök deild í stjórnarráðinu verði látin annast skrásetninguna. Hjer er verið að gera sparnaðartilraun, sem borgar sig ekki til lengdar.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Þegar jeg gat áðan um menn, sem hefðu þekkingu á skipaskrásetningarmálum hjer, láðist mjer að geta eins, sem sje þm Vestm. (K. E.). Hann hafði starf þetta með höndum í stjórnarráðinu, þegar hann var starfsmaður þar. Og hann álítur enga nauðsyn til bera að setja sjerstaka skrásetningarskrifstofu á stofn. Hann fullyrðir, að hægt sje að bæta úr annmörkunum, þó að þessi mál sjeu framvegis höfð í stjórnarráðinu. En hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) þekkir líklega sitt heimafólk, og hann virðist ekki treysta neinum sinna manna til þess að hafa yfirendurskoðun á skrásetningu á hendi. En jeg hygg, að þetta sje of mikið vantraust. Og svo er þess að gæta, að Páll Halldórsson skólastjóri er við höndina, til aðstoðar, og sennilega getur hann sjeð af einhverjum tíma til þess að sinna þessu máli, auk þeirrar aðstoðar, sem Þorkell Þorkelsson mundi geta veitt á ferðum sínum, til að kippa þessu máli í betra horf.

Það tjáir ekki að vitna í það, að sjerstakar skrifstofur annist starf þetta hjá öðrum þjóðum. Hjer er alt öðru máli að gegna, þar sem skipafloti okkar er ekki nema örlítið brot móts við flota annara þjóða. Og að lokum virðist mjer, að það sitji ekki á hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) að setja ofan í við menn fyrir það, að þeir vilja spara ofurlítið, því sjálfur hefir hann, eins og kunnugt er, prjedikað sparnað hjer í deildinni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttv. þm. (P. O.) vísaði til þm. Vestm. (K. E.) um þetta efni. En jeg skal taka það fram, að hann hefir enga sjerþekkingu á þessu sviði. Páll Halldórsson hefir sjeð um endurskoðunina. Og það hefir enginn sjerþekkingu á skipamælingum í stjórnarráðinu. Sá, sem nú fæst við þennan starfa, Gísli Ísleifsson, er ágætur maður. Og það er algerlega tilhæfulaust, að jeg vantreysti fjármálaskrifstofunni. Skrifstofa þessi er mjög

vel skipuð, og er það ef til vill dálítið mjer að þakka. En þar hefir enginn sjerþekkingu á þessum mælingum. Og jeg geng að því alveg vísu, að frv., eins og það er nú orðið í höndum þingsins, bæti alls ekki úr þeim göllum, sem nú eru á skrásetningu skipa.

ATKVGR.
Brtt. 769,1,1.—4. samþ. með 16 shlj atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 769,2. samþ án atkvgr.

12. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
13.—29. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 814).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 17. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um skrásetning skipa,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 857).

Á 61. fundi í Ed., laugardaginn 20. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 857, 881).

Karl Einarsson: Fyrstu grein þessa frv. hefir verið breytt í háttv. Nd. alveg á sama hátt og 1. gr. siglingalaganna, sem nú eru komin í sameinað þing. Nefndin lítur svo á, að rjett sje, að þessi frv. fylgist að, og hefir því verið borin fram brtt. við frv., enda er frv. miklu aðgengilegra, eins og við ráðum til að hafa það, en eins og Nd. samþykti það.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að rökstyðja till., leyfi mjer um það að vísa til fyrri ræðu minnar um þetta mál hjer í hv. deild.

ATKVGR.
Brtt. 881. samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 70. fundi í Nd., mánudaginn 20. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um skrásetning skipa,
eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 919).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. (A. 919, 926).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Eins og háttv. þingdm. sjá, hefir Ed. enn einu sinni gert þá breytingu á frv. þessu, að hún hefir fært 1. gr. í sama form og hún var í upphaflega frá Ed.

En nefndin hjer flytur brtt. um að setja

hana aftur í sama form og hún var samþ. í áður hjer í Nd., svo að þessi tvö frv., siglingalögin og skrásetningarlögin, geta þá orðið samferða í Sþ., enda hefi jeg sjeð, að þau eru bæði komin á dagskrá þar á morgun.

ATKVGR.
Brtt. 926. samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 70. fundi í Nd., mánudaginn 22. sept., og á 62. fundi í Ed., s. d., var útbýtt frá Sþ.

Frumvarpi til laga um skrásetning skipa,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 928).

Á 2. fundi í Sþ., þriðjudaginn 23. sept., var frv. tekið til u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

Brtt. 929. tekin aftur.

Frv. samþ. með 30 : 2 atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.
(Sjá A. 956).

---

27 Siglingalagabreyting.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914 (A. 29).

Á 3. fundi í Ed., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg get látið mjer nægja að vísa til þess, sem jeg sagði í dag um skipaskrásetningarfrv.

Jeg skal að eins geta þess, að hin almenna heimild, sem stjórninni var veitt í lögum 30. nóv. 1914, 1. gr., um undanþágu undan skilyrðum siglingalaganna, er feld niður í þessu frv., með því að engin ástæða virðist til þess að halda henni. Þetta hefir að sjálfsögðu engin áhrif á þær sjerstöku undanþágur, sem veittar hafa verið, t. d. ísl. eimskipafjelaginu.

Legg jeg til, að frv. sje vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2003) með 11 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 29, n. 108).

Frsm. (Karl Einarsson): Frv. þetta, sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið, er eðlileg afleiðing sambandslaganna, sem gengu í gildi 1. des. 1918. Breytingarnar eru nálega eingöngu þær, að að eins íslenskum skipum er heimilt að sigla undir íslenskum fána; aðrar breytingar, sem gerðar eru, standa í sambandi við það. Í núgildandi lögum eru skilyrðin fyrir að fá skip skrásett hjer á landi annaðhvort innborinna manna rjettur eða búseta. Hjer er ekki krafist innborinna rjettar, en hlutaðeigandi verður að hafa haft eins árs heimilisfestu hjer á landi, en flytji hann af landi burt, missir hann rjettinn, og er það ákvæði eins og í núgildandi lögum.

Nefndin vill ráða hv. deild til að sam-

þykkja frv. óbreytt að efni til. Fyrsta brtt. nefndarinnar er eingöngu orðabreyting, og önnur brtt. er að eins til að skýra ákvæði greinarinnar betur. Þriðja breytingin er um, að þau skip, sem voru skrásett hjer fyrir 1. des. síðastliðið ár, haldi þeim rjetti. Fjórða brtt. er bein afleiðing af hinum. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða um þetta mál meir, en legg til, að hv. deild samþykki frv. með á orðnum breytingum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg þakka hv. nefnd fyrir, að hún í öllum aðalatriðunum hefir fallist á frv. stjórnarinnar. Þrjár brtt. hefir nefndin gert við frv. Aðalbreytingin, og sú sem nokkru skiftir, fer í þá átt, að skip, sem skrásett voru fyrir 1. des. 1918, megi halda áfram að vera í skipaskránni, þó þau fullnægi ekki skilyrðum laganna. Jeg vil ekki setja mig gegn þessari brtt., því nokkur sanngirni er í henni, og hún undirstrikar fastlega muninn á íslenskum og dönskum skipum, eftir fullveldisviðurkenninguna.

Hinar brtt. eru að eins orðabreytingar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 108,1. samþ. án atkvgr.
— 108,2. — með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 108,3. (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 108,4. samþ. án atkvgr.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 128).

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg vil að eins geta þess, að sjávarútvegsnefndin hefir komið sjer saman um að biðja hæstv. forseta að sjá um, að leiðrjett verði prentvilla í 2. og 4. gr. frv. Í stað orðanna: „strikað út af skránni“ komi „strikað út úr skránni“. Er þetta eingöngu gert til samræmis, því að hvorttveggja má teljast rjett.

Forseti: Jeg vakti máls á þessu á síðasta fundi; tel jeg þetta enga breytingu, en að eins leiðrjettingu á máli. Tel jeg því rjettast, að skrifstofunni sje falin leiðrjetting á þessu.

ATKVGR.

Frv. samþykt með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 24. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1911.

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 145).

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 26. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Breytingar á þessum lögum eru sjálfsagðar og nauðsynlegar vegna fullveldisins og leiða af því. En á skilyrðunum til þess að eignast íslensk skip er þó gerð nokkur breyting, sem ekki stafar beint af sambandslögunum. Þar eru sett þau skilyrði, að eigendurnir skuli hafa eins árs heimilisfestu á Íslandi. Þótti ekki ástæða til að hafa búsetuna styttri, því að svo var talið, að með því væri útlendingum gert það

auðvelt að flytja flota sinn hingað, og koma miklu af honum undir íslenskan fána með litlum fyrirvara, en af því gæti leitt óþægindi. Undanþága um það, að heimila stjórninni að veita stjórnum hlutafjelaga sjerstaka undanþágu undan búsetuskilyrðinu, hefir ekki verið tekin upp.

Í hv. Ed. hefir aðallega verið gerð ein breyting frá stjórnarfrv., að þau skip, sem hafa verið löglega skrásett sem íslensk skip fyrir 1. desember 1918, þurfa ekki að strikast út úr skránni, þó að skilyrðunum um búsetu og heimilisfang sje ekki fullnægt.

Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að máli þessu sje vísað til sjávarútvegsnefndar að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2010), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 145, n. 238).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 14. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 145, n. 238, 252, n. 347).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 145, n. 238, 252, n. 347).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Eins og nál. á þgskj. 238 ber með sjer, er frv. þetta, sem er stjórnarfrv., komið frá háttv. Ed. Er það bein afleiðing sambandslaganna. Aðalbreytingin, sem á því hefir orðið í hv. Ed., er sú, að bætt hefir verið inn í frv. nýrri grein, sem veitir þeim skipum, er tekin hafa verið upp í skipaskrá yfir íslensk skip 1. des. 1918, undanþágu frá ákvæðum 1. gr. frv. Hafði sjávarútvegsnefndin ekkert verulegt að athuga við þetta. En síðan sjávarútvegsnefnd gaf út álit sitt um frv. þetta hefir komið fram brtt. við það frá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). Í þeirri brtt. er kveðið svo á um, að þeir einir, þegar um einstaka menn er að ræða, megi láta skip sín sigla undir íslenskum fána, sem hafi íslenskt ríkisfang, eða hafi að öðrum kosti óslitna 5 ára búsetu að baki sjer hjer á landi síðustu árin. Í stjórnarfrv. er aftur á móti ríkisfangið ekki sett sem skilyrði fyrir notkun fánans, heldur 1 árs búseta.

Þegar um fjelagseign á skipi er að ræða, er heimild þessi nokkuð nánar sundurliðuð í brtt. en í stjórnarfrv., eftir því, hvernig ábyrgð hvers fjelaga á skuldum fjelagsins er háttað.

Eins og framhaldsnál. á þgskj. 347 ber með sjer, hefir nefndin, eftir að hafa athugað brtt. allrækilega, komist að þeirri niðurstöðu, að rjett muni vera að fallast á hana, en þó að eins með þeirri breytingu, að þeir, sem hafa íslenskt ríkisfang, hafi enn fremur eins árs búsetu hjer á landi. Nefndin leggur mjög mikla áherslu á brtt. þessa og leggur mikla áherslu á, að hún verði samþykt. Ef þessi ákvæði verða þrengd, eftir því sem brtt. háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) og nefndarinnar fara fram á, verður betur fyrir það girt, að erlendar þjóðir geti undir sjerstökum kringumstæðum komið skipastól sínum, og jafnvel flota, undir íslenskan fána. Gæti það orðið bagalegt, eins og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) bendir á í greinargerðinni fyrir brtt. sínum, ef aðrar þjóðir, t. d. á stríðstímum, ættu hægt með að koma flota sínum undir fána vorn. Á þessa leið, sem hjer er farin, er einnig bent í athugasemd-

unum við stjórnarfrv., en þó er horfið að hinni, þar sem sagt er, að eins árs búseta sje einfaldari.

Þar sem tryggilegar virðist um hnútana búið með því að samþykkja áminstar brtt., álítur nefndin rjett að hallast að þeim. Í þessu máli sem öðrum gildir málshátturinn gamli: „allur er varinn góður".

Fjármálaráðherra (S. E.): Eiginlega hafði jeg ekki hugsað mjer að taka til máls fyr en háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefði talað með brtt. sínum, en þar sem jeg sje, að háttv. þm. (E. A.) bíður eftir því, að jeg taki fyrst til máls, þá gríp jeg nú tækifærið.

Nefndin, sem fjallaði um þetta mál í hv. Ed., fjelst á stjórnarfrv. svo að segja óbreytt, og er það nú komið til hv. Nd. Fyrst lýsti nefndin, er hafði frv. til athugunar hjer í hv. deild, því yfir, að hún fjellist algerlega á stjórnarfrv., en eftir að brtt. háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hafa komið fram lýsir sama nefnd því yfir, að hún fallist á þær, með þó einni allverulegri breytingu, sem jeg benti háttv. nefnd á, að undir öllum kringumstæðum yrði að gera við brtt. hv. 2. þm. Árn. (E. A.).

Sundurliðanir þær á brtt. hv. 2. þm. Árn. (E. A.), eftir því, hvort skipið er eign einstaks manns, eða fjelags, þar sem sumir hafa fulla ábyrgð, en aðrir takmarkaða ábyrgð, eða hvort það er hreint hlutafjelag, o. s. frv., eru engin efnisbreyting, því þeir liðir, sem hjer eru taldir, falla undir 2 aðalreglur frumvarpsins, um hlutafjelög og þá, sem hafa fulla persónulega ábyrgð á skuldum.

En aðalþungamiðjan í breytingartill. hv. 2. þm. Árn. (E. A.) er það sama, sem greindi á milli stjórnarinnar og dansk-íslensku nefndarinnar, nefnilega það, að nefndin vildi, að ríkisborgarar og þeir, sem njóta sama rjettar og þeir, Danir, gætu átt skip, þó þeir hefðu ekki búsetu hjer að neinu leyti. Þetta gat jeg ekki fallist á, og tók þessar breytingar dansk-íslensku nefndarinnar ekki til greina.

Af því leiðir aftur, að ef t. d. Danir lenda í ófriði, sem Íslendingar geta algerlega verið utan við, þá gætu þeir komið flota sínum undir íslenskan fána.

Hin aðalbreyting háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) er það, að hann vill, að þeir, sem ekki eru ríkisborgarar hafi ekki rjett til að eignast íslensk skip og fá það lögskráð fyr en þeir hafa verið hjer í 5 ár.

Í stjórnarfrv. er það tekið fram í athugasemdunum, að fara megi þá leið í þessu máli, að heimta ríkisborgararjett + 1 árs dvöl, og lengri búsetu fyrir útlendinga. Í sjálfu sjer hefir stjórnin því vakið eftirtekt á þessum lengri dvalartíma, og getur því ekki snúist öfug á móti þeirri brtt., þó hún teldi hættulaust og hagkvæmast að hafa tímann styttri.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði um, að ef málið yrði afgreitt þannig, að heimta eins árs dvöl fyrir alla, þá leiddi þar af, að þeir, er uppfylt hefðu þetta skilyrði, fengju rjett til að veiða hjer í landhelgi, þó þeir væru ekki ríkisborgarar. Á þetta get jeg ekki fallist, og vil að eins vísa í lög um þetta efni frá 1901. Er þar gert beint að skilyrði fyrir því að veiða í landhelgi, að hafa ríkisborgararjett.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði um, að það bæri ekki mikinn vott um ræktarsemi við íslenska fánan, að gera ekki skilyrðin erfiðari til þess að fá að nota hann Mjer finst háttv. þm. (E. A.) höggva hjer nærri sjer, því jeg sje ekki betur en að heilli þjóð, sem er miklu stærri en við, sje skilyrðislaust leyft að nota fánann, ef brtt. hans um ríkisborgararjettinn einan, sem skilyrði fyrir að eiga skip, verða samþyktar. Sbr. ákvæðin í sambandssamningnum.

Í núgildandi lögum eru engin ákvæði um, hvað búseta fyrir útlendinga eigi að vera löng, að eins nóg, að þeir hafi búsett sig hjer,

en nákvæm skýring á því, hvað til þess heimtist, er engin. Stjórnarfrv. heimtar aftur eins árs búsetu, og átti sá tími að vera trygging fyrir því, að útlendingar gætu ekki á stríðstímum skrásett skip sín hjer, og gert það sem „hermanövre". En þegar ársdvöl er skilyrði fyrir að geta eignast skip, þá er ekki mikil hætta á því.

Þar sem nú í stjórnarfrv. er minst á, að einnig mætti fara þá leið, að krefjast ríkisborgararjettar + búsetu, þá get jeg ekki risið á móti frv., þó sú breyting yrði sett inn í frv. Þó vil jeg leggja áherslu á, að ekki má samþykkja breytingartill. hv. 2. þm. Árn. (E. A.), nema brtt. nefndarinnar verði samþykt, eins og jeg hefi tekið fram hjer á undan.

Einar Arnórsson: Eftir öllum sólarmerkjum að dæma býst jeg ekki við, að þetta mál verði neitt þrætuepli.

Jeg hefi að vísu sagt, að jeg áliti það „principielt" rjett, að ríki skyldi veita þegnum sínum rjett til þess að sigla undir fána sínum. Þó mun jeg geta sætt mig við brtt. sjávarútvegsnefndar til samkomulags. Og þar sem brtt. mínar ganga í sömu átt og stjórnin getur um í athugasemdum sín um, að eins vel geti komið til mála og tillögur stjórnarinnar, þá get jeg ekki sjeð, að hjer beri svo mikið á milli, að deila þurfi mikið um það.

Jeg vildi þó athuga nokkur atriði í ræðu hæstv. fjármálaráðh. (S. E.).

Það er rjett, að till. mín stefnir í sömu átt og álit hinnar dansk-íslensku ráðgjafarnefndar, í 1. tölulið fundargerðar hennar um þetta mál, og allir nefndarmennirnir voru sammála um þetta atriði. Þar segir svo: „Nefndin álítur það æskilegt, að 1. gr. í báðum þessum lögum sje þannig orðuð, að annaðhvort íslenskur ríkisborgararjettur eða alllöng dvöl, t. d. um 5 ár samfleytt, sje gerð að skilyrði fyrir því, að maður fái skrásett skip sitt á Íslandi". Það er einmitt þetta atriði, sem jeg hefi farið fram á, og það varð samkomulag allra nefndarmannanna.

Jeg talaði við hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) um ástæðuna fyrir því, að setja ríkisborgararjett + 1 árs búsetu. Og skoðunarmunur okkar í þessu efni stafar af því, að okkur greinir á um, hvernig beri að skilja eitt atriði í sambandslögunum. Það er, að Danir hafi heimild til að láta skrásetja skip sín hjer og sigla undir íslenskum fána sem hjerlendir menn. En þetta er ekki rjettur skilningur á þessu atriði sambandslaganna. Jeg hygg, að engum nefndarmanni hafi dottið í hug í fyrra, að jafnrjettið væri svo víðtækt. Og jeg hygg, að Danir líti svo á, að íslenskir ríkisborgarar geti ekki átt heimtingu á þessum rjetti í Danmörku, og ráðgjafarnefndin hefir litið svo á málið. Því að í 2. tölulið nefndarálitsins stendur: „Enn fremur vill meiri hluti nefndarinnar skjóta því til íslensku og dönsku stjórnarinnar, hvort ekki virðist vel til fallið að breyta íslenskum og dönskum siglinga- og skrásetningarlögum þannig, að skilyrði þau, er sett eru hlutaðeigandi stjórnum þeirra um heimilisfang og bústað, eigi sjer ekki stað millum Íslands og Danmerkur innbyrðis."

Jeg hygg, að óhætt sje að fullyrða, að nefndin hafi gert ráð fyrir, að sín hvor lög og rjettur giltu hvor í sínu landi. Annars skal jeg ekki deila um þetta, því jeg ætla ekki að gera mínar brtt. að ágreiningsatriði við brtt. nefndarinnar. Vegna þess vafa, sem hjer lýsir sjer, vil jeg slá af þessari meginreglu, sem gildir annarsstaðar, að hver ríkisborgari hafi skrásetningarrjett, þótt hann hafi ekki búsetu í viðkomandi ríki. En svo er það þó annarsstaðar. Norðmenn, Bretar og Þjóðverjar, t. d., leyfa sínum þegnum að sigla undir fána ríkisins, hvort sem þeir eru búsettir utan

ríkis eða innan. Danir hafa aftur á móti haft tvennskonar skilyrði, ríkisborgararjett eða 5 ára búsetu.

Hæstv. fjármálaráðh sagði, að ef Danir færu í stríð, gætu þeir siglt flota sínum undir íslenskum fána. Ef skilningur hans á umræddu atriði sambandslaganna væri rjettur, væri þessi skoðun á rökum reist. En þetta gæti orðið svipað eftir frv. stjórnarinnar. Því að þótt talað sje um búsetu í þrengri eða rýmri skilningi, þá er hætt við, að framkvæmdarvaldið eigi erfitt með að gera greinarmun á þessu. Jeg veit ekki til, að til sje nein skilgreining á búsetu. Það þyrfti að gera grein fyrir búsetu í þrengri skilningi. Að mínum dómi þyrfti hún að vera skilgreind á þá leið, að maðurinn hefði ekki að eins herbergi, eldstó og matseld innan ríkisins, heldur og fjölskyldu sína. En þessa skilgreiningu vantar í frv. og sömuleiðis í löggjöf vora. Jeg hygg, að útlendingum veitist tiltölulega auðvelt eftir frv. stjórnarinnar að fá skip sín skrásett hjer og koma þeim undir íslenskan fána, ef þeir sæju sjer á annað borð hagnað í því. Og jeg er hræddur um, að ófriðarþjóðir mundu ekki virða það mikils, þótt skip sigldu undir íslenskum fána á stríðstímum, þar sem jafnauðvelt er að koma skipi undir íslenskan fána eftir frv. stjórnarinnar. Jeg er hræddur um, að íslenskur fáni mundi ekki skýla mikið skipum, íslenskum eða öðrum, ef skilyrðin til að sigla undir honum eru ekki strangari en í stjórnarfrv. Þetta vegur mikið í mínum augum, og tel jeg því nauðsynlegt að breyta frv. í þá átt, sem jeg legg til. Það gæti vel hugsast, að margir flyttu skip sín hingað í stríðsbyrjun, áður en hafbann kæmist á, hefðu þau hjer lögákveðinn tíma og ljetu síðan skrásetja þau hjer og kæmu þeim undir íslenskan fána.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) talaði um landhelgisgæsluna. Að vísu hafa íslenskir þegnar og danskir nú einir leyfi til að fiska í íslenskri landhelgi, samkv. lögum nr. 35, 27. sept. 1901, og 6. gr. sambandslaga 30. nóv. 1918. En ef aðrir en þessir geta siglt skipum sínum undir vorum fána, þá fá þeir raunverulegt færi á að fiska hjer í landhelgi, því að hvernig ætti að banna þeim það? Hvernig ætti varðskip að þekkja sundur útlend skip, sem sigldu undir íslenskum fána, og íslensk skip, sem sigla undir sama fána, er um landhelgisbrot væri að ræða. Jeg fæ ekki betur sjeð en það yrði að láta sjer nægja að reka þau ein skip úr landhelginni, sem ekki hefðu íslenskan fána. Jeg veit ekki, hverja aðra leið varðskipið gæti farið. Hjer með á jeg þó auðvitað ekki við botnvörpunga, því að lögin ganga jafnt yfir þá alla, og það er auðvelt að þekkja þá frá öðrum skipum. Og þessu atriði verður að leggja töluvert upp úr.

Jeg finn ekki ástæðu til að eyða fleirum orðum að þessu, því að jeg hefi engan ákveðinn andstæðing og síst nefndina; og jeg sje ekki betur en stjórnin megi vel við una, þar sem hún hefir beinlínis vikið að þessum möguleikum og sýnist ekki telja þetta óþarft, heldur að eins álitamál, hvora leiðina skuli fara.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi ekki getað skilið sambandslögin á aðra leið en ef ákveðið væri, að íslenskir ríkisborgarar hefðu þennan rjett, hefðu danskir ríkisborgarar hann líka. Sú skoðun hefir yfirleitt vakað fyrir mjer, eins og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) veit, að ekki sje eðlilegt að veita öðrum mikinn rjett hjer á landi en þeim, sem ætla að dveljast hjer. Og jeg álít, að þetta eigi að gilda jafnt um íslenska ríkisborgara sem aðra, t. d. Vestur-Íslendinga, er ekki hafa búsetu hjer á landi.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) vísaði til 2. liðs í áliti samninganefndarinnar og skildi hann á þá leið, að nefndin hafi gert ráð fyrir, að hvoru landi væri frjálst að setja í lög

sín þau skilyrði í þessu efni hlutafjelögum um heimilisfang og bústað, sem því sýndist.

Um búsetuna er það rjett, að hún er hvergi skilgreind í íslenskum lögum. En jeg held, að dómstólarnir mundu líta þann veg á þetta atriði, að maður, sem hefði hjer dúk og disk, væri hjer búsettur. Hins vegar veit jeg ekki, hvað kynni að verða heimtað af einstökum mönnum, sem ekki hefðu hjer dúk og disk; ætli það væri ekki nóg, að þeir hefðu tekið sjer hjer bólfestu og ætlað væri, að þeir mundu vera hjer áfram?

Hitt má deila um, hversu fresturinn á að vera langur. Það, sem skiftir mestu máli í þessu sambandi, er það, hvort varhugavert sje, að maður, sem hefir verið búsettur hjer á landi 1 ár, megi eignast skip undir eins að þeim tíma loknum. Eina sýnilega hættan við þetta ákvæði er sú, að það gerði mönnum auðvelt að koma skipum sínum undir íslenskan fána á ófriðartímum. Þar sem enginn getur fengið hjer skip skrásett, nema hann hafi dvalið hjer eitt ár, þá væri það nokkuð seinleg ófriðarráðstöfun að koma manninum fyrir til ársdvalar hjer, áður en skipin yrðu skrásett. Jeg held þess vegna, að eitt ár sje nægilega langur tími.

Um landhelgisrjettinn er það að segja, að ef hann væri veittur fleirum en er, væri þetta atriði, sem hefði töluverða þýðingu. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hjelt, að varðskipi mundi verða erfitt að þekkja sundur skip, sem hefðu rjett til að veiða hjer í landhelgi, og hin, sem ekki hefðu þennan rjett. En þar til er því að svara, að jeg skil ekki annað en varðskipið gæti þekt þau í sundur á númeri og nafni. Enda mætti gera ráð fyrir, að þeir, sem hefðu þennan rjett, mundu segja til hinna, sem ekki hefðu hann. Þetta virðist því fremur vera grýla. En þó fresturinn fyrir útlendinga sje lengdur, þá má vel vera, að það skifti ekki mjög miklu máli, en varla er það til hagsmuna fyrir oss. Það er alt öðru máli að gegna um búseturjett eða kosningarrjett hjer á landi, rjettinn til að ráða í landinu. Það er eðlilegt, að gerðar sjeu strangar kröfur til þess að tryggja þennan rjett. Hitt er ekki eins mikils virði.

Það er rjett, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að stjórnin lítur svo á, að best væri að krefjast eins árs búsetu fyrir alla. Hann mintist þess í byrjun ræðu sinnar, að orðin í 1. gr. mundu mega vera meira til skýringar, en fæli hins vegar ekki annað í sjer en það, sem sagt er í frv. stjórnarinnar. Þó er eitt nýtt atriði, sem hjer kemur til greina. Það er, að stjórnendur hlutafjelaga verða að eiga hlut í fjelaginu.

Mín skoðun er þá í stuttu máli þessi: Jeg álít í sjálfu sjer einfaldast að samþykkja stjórnarfrv. Hins vegar álít jeg ekki hættulegt að samþykkja till. 2. þm. Árn. (E. A.), ef till. nefndarinnar eru samþyktar með, en það er nauðsynlegt, og þá er fyrirkomulagið á málinu það, sem stjórnin vjek að í athugasemdum sínum.

Einar Arnórsson: Þetta atriði um hlutaeiga, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) mintist á, er tekið eftir norskum og sænskum lögum, og er til bóta.

Mjer er óhætt að fullyrða, að öll samninganefndin hafi verið sammála um það, að þessi skrásetningarrjettur gæti ekki verið gagnkvæmur. Enda höfum við ekkert gagn af að skrásetja skip okkar í Danmörku.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hjelt, að það væri seinleg ófriðarráðstöfun að koma skipi undir íslenskan fána, þar sem eins árs búseta væri skilyrði fyrir þessum rjetti. Jeg er ekki alveg á sama máli. Nú í stríðinu hefðu Þjóðverjar t. d. vel getað komið skipum sínum hingað í stríðs-

byrjun og látið þau bíða hjer fyrst eitt ár, áður en þeir öðluðust þennan rjett. Hitt er annað mál, hvort þetta hefði verið heppilegt fyrir verslunarviðskifti okkar landa á milli.

Jeg skal ekki fara nánar út í þá sálma, hvort varðskip gæti greint þau skip, sem hefðu rjett til að veiða í landhelgi, frá hinum, er ekki hefðu þennan rjett. Jeg er hræddur um, að erfitt reyndist að hafa fult eftirlit með því í framkvæmdinni.

Og jeg býst við því, að það yrði litið svo á, að hvert skip, sem fengið hefði heimild til að sigla undir íslenskum fána, mundi og hafa fengið heimild til að fiska í landhelgi jafnt alíslenskum skipum. Er það ekki svo, að Svíar og Norðmenn hafi að undanförnu leikið það, að fá skip sín skrásett hjer, annaðhvort í skjóli einhvers Íslendings og undir hans nafni, eða tekið sjer bólfestu hjer að nafni til? Og þetta hafa þeir gert til að njóta sömu rjettinda sem Íslendingar til að fiska í landhelgi, og eigi mun lögum samkvæmt hann hafa orðið lagt við því. Mundi ekki eins fara enn, að menn, sem hjer hefðu verið búsettir eitt ár, má ske að eins í orði kveðnu, ljetu skrásetja skip sín hjer, og mundi það verða talið brot á landhelgislögunum, þótt þeir þá fiskuðu í landhelgi? Jeg býst ekki við, að svo yrði talið. Það er ekki gott að segja um, hvort meira muni metinn rjetturinn til alþingiskosninga, eða rjetturinn til að fá skrásett skip hjer. En trúað gæti jeg því, að ýmsir praktiskir atvinnurekendur mundu meta skrásetningarrjettinn meira, og þeir teldu sjer hann arðvænlegri en hin rjettindin

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg skal vera stuttorður og blanda mjer ekki í deilur hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) og hv 2. þm. Árn. (E. A.). Mjer skildist á hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), að hann mundi geta felt sig við brtt. hv. 2. þm. Árn. (E. A.), ef brtt. nefndarinnar verður samþykt ásamt þeim, enda er það, eins og jeg hefi áður bent á, í samræmi við það, sem fram er tekið í athugasemdunum við frv. stjórnarinnar, þótt hann leggi ekki eins mikið upp úr breytingunum eins og nefndin gerir. Jeg skal geta þess, að ef brtt. verða samþyktar, þá þarf að bæta *og* við á tveim stöðum, til þess að brtt. og frv. falli saman. Mun verða sjeð til, að þetta verði lagað á undan 3. umr. málsins.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg veit ekki, hvort jeg má skilja hv. 2. þm. Árn. (E. A.) þannig, að hann álíti, að danskir ríkisborgarar geti ekki fengið skip sín skrásett hjer á landi, nema sem íslenskir ríkisborgarar, nje heldur íslenskir ríkisborgarar í Danmörku. Þó skilst mjer skoðun hans vera sú. Með því að þetta snertir fleira í sambandslögunum, væri fróðlegt að fá að heyra af vörum hv. þm. (E. A.), hvort öll sambandslaganefndin hafi verið sammála og haft sömu skoðun á þessu sem mjer sýnist hv. þm. (E. A.) hafa. Jeg vil gera mjer far um að skilja sambandslögin sem rjettast og samkvæmast því, sem höfundar þeirra ætluðust til að þau ættu að skiljast, og því þykir mjer mikils vert að fá yfirlýsingu um þetta frá einum í nefndinni. Eftir mínum skilningi er það ótvírætt, að Danir hafa rjett til að fá skip sín skrásett hjer, ef ekki er gerð önnur krafa en ríkisborgararjetturinn einn, án nokkurrar búsetu.

Jeg ætla svo ekki að fara út í önnur atriði, sem jeg og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) höfum rætt um, því það yrði að miklu leyti endurtekning á því, sem jeg hefi áður sagt. En út af ummælum hv þm Borgf. (P. O.) tel jeg það heppilegra, að frv. stjórnarinnar sje samþykt óbreytt, og þótt jeg geti ekki andmælt breytingum þeim, sem vikið er að í athugasemdum við stjórnarfrv., þá álít jeg þá leið, sem stjórn-

in leggur til að farin sje í frv., óbrotnasta og í alla staði hættulausa. En vilji hv. deild heldur fara hina leiðina, hefir stjórnin ekkert sjerlegt móti því að segja, þótt hún kjósi fremur, að hin leiðin sje farin.

Einar Arnórsson: Jeg skal leyfa mjer að svara hæstv. fjármálaráðherra því, að það kom til tals í sambandslaganefndinni um skrásetningarheimildina, og jeg hjelt því þar fram, að íslenskir ríkisborgarar hefðu ekki rjett til að skrásetja skip sín í Danmörku, og Danir eigi heldur hjer. Dönsku sambandslagamennirnir mótmæltu ekki þessari skoðun, og verð jeg því að líta svo á, sem þeir hafi verið mjer samdóma um, að Íslendingar gætu ekki fengið skip sín skrásett í Danmörku, nje Danir hjer.

ATKVGR.

Brtt. 347. samþ. með 19 shlj. atkv

— 252., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv..

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd, þriðjudaginn 19. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 383).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 35. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 417).

Á 42. fundi í Ed., fimtudaginn 28. ágúst, var frv. tekið til einnar umr. (A. 417, n. 510).

Frsm. (Karl Einarsson): Þetta mál þarf ekki langrar skýringar. Nefndin hefir fært frv. í sama horf og háttv. deild hefir áður samþykt það í. Að öðru leyti vísa jeg til nál.

Fjármálaráðherra (S. E.): Aðalbreyting Nd. á frv. er sú, sem háttv. nefnd hefir rjettilega getið um, að útlendingum er sett 5 ára básetuskilyrði fyrir rjettinum til þess að eiga skip hjer á landi. 1. gr. frv. er að öðru leyti meira sundurliðuð en áður. En í raun og veru falla sundurliðanirnar nákvæmlega undir hinar tvær aðalreglur, sem skift var eftir í frv. stjórnarinnar: 1. skip, sem eru eign einstakra manna, og 2. skip, sem eru eign hlutafjelaga. Auk þess er bætt við í sömu grein ákvæði um, að sjerhver stjórnandi í hlutafjelagi skuli eiga hlut í fjelaginu. Sama ákvæði stendur í sænskum siglingalögum. En það skiftir litlu máli, því að aldrei verða vandræði með að útvega stjórnanda lítinn hlut í fjelagi, sem hann á að veita forstöðu, ef þess er krafist. Þessar breytingar eru því smávægilegar og gera hvorki til nje frá. En aðalbreytingin er sú, sem jeg fyrst gat um.

Í núgildandi lögum er búseta í landinu eina skilyrðið til þess að geta eignast íslenskt skip. Að vísu er engin föst lögskýring til á orðinu „búseta“, en sennilega mundi það verða skýrt svo, að menn yrðu að hafa hjer dúk og disk, eða vera alfluttir hingað að allra vitorði, til að teljast hjer búsettir. Kröfurnar eru því meiri í stjórnarfrv., þar sem eins árs heim-

ilisfesta er sett að skilyrði. En breyting Nd. fer lengst. Aðalástæða flutningsmanns þessarar brtt. í Nd. mun hafa verið að koma með þessu í veg fyrir, að útlendingar gætu á ófriðartímum skrásett skip sín hjer á landi til að koma þeim undir hlutlaust flagg. Flutningsmaður mun og hafa haldið, að svo framarlega sem útlendingar öðluðust þennan rjett til að eignast íslenskt skip eftir 1 árs búsetu, þá mundu þeir og öðlast rjett innlendra manna til að fiska í landhelgi. En þetta er ekki rjett. Þann rjett hafa engir aðrir en þeir, sem orðnir eru ríkisborgarar. Eins ætti 1 ár að vera nógu löng töf til þess, að útlendingar gætu ekki átt við það að koma skipum sínum undir íslenskt flagg á ófriðartímum. Það, sem aðallega vakti fyrir stjórninni, er hún hafði heimilisfestuna ekki lengri, var það, að engin ástæða virðist til að meina nokkrum manni að eiga íslenskt skip, ef hann er búsettur hjer. Skoðanamunurinn er ekki svo mikill, að ástæða sje til fyrir stjórnina að steyta hnefann framan í háttv. Nd. En jeg tel leiðina, sem farin er í stjórnarfrv., greiðari og einfaldari, og mun því greiða atkv. með brtt. nefndarinnar.

Magnús Kristjánsson: Mjer skilst helst á hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), sem hann álíti brtt. nefndarinnar vel fallna til þess að ganga fram, og skal mig ekki undra, þótt það reynist rjettur skilningur á hinum óákveðnu orðum ráðherrans, því að brtt. er í fullu samræmi við frv. stjórnarinnar, eins og það var í upphafi. Jeg vil taka það skýrt fram, að þó að sjávarútvegsnefnd neðri deildar fylgdi aðalbreytingu neðri deildar, þá var það að eins með hangandi hendi. Því má búast við, að háttv. Nd. fallist á þá brtt., sem væntanlega verður gerð hjer, þegar þangað kemur. Enda er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að reisa eigi of rammar skorður við því, að menn geti aukið skipastól landsins eins og þörf krefur. Ef nánar er að gætt, er ekki minsta hætta á, að útlendingar reyni til að fá skip sín skrásett hjer. Skilyrðin hafa til þessa verið svo væg, að eitthvað hefði sú hætta átt að gera vart við sig. Áður var gert talsvert að því, að láta skrásetja útlend fiskiskip hjer, en því var fljótt hætt, því reynslan sýndi, að það var óhentugt. Útlendingar gátu ekki notað skip sín hjer nema stuttan tíma ársins. En hinn tíma ársins varð svo íslenska skrásetningin þeim til óþæginda. Þess vegna ljetu þeir brátt umskrá skipin aftur heima hjá sjer.

Vegna þessarar reynslu, sem á er komin, leikur mjer grunur á, að breyting Nd. sje gerð aðallega til þess að breyta og til að láta líta svo út, að deildin væri að bjarga okkur frá einhverju ógurlegu glappaskoti. Jeg tel sjálfsagt, að háttv. deild haldi fast við þá skoðun, sem hún hefir áður fallist á í þessu máli, og jeg vona, að hún muni sigra í sameinuðu þingi, ef til kemur.

ATKVGR.

Brtt. 510. samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914,

eins og það var samþykt við eina umr. í Ed. (A. 549).

Á 58. fundi í Nd., mánudaginn 8. sept., var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 549, n. 686).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Eins og deildinni er kunnugt, var 1. gr. frv. breytt í Nd. á þá leið, að rjettur manna til að nota íslenskan fána var þrengdur. En þessa breytingu hefir Ed. nú felt niður og fært frv. í sama búning og það var áður í. Af því að nefndin lítur svo á, að meiri trygging hafi falist í breytingu þeirri, sem gerð var á frv. í þessari deild, vill hún eindregið, að breyting þessi verði tekin upp í frv. aftur.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sje ekki ástæðu til að taka aftur upp umr. um þetta mál. Jeg vil að eins vísa til þess, sem jeg sagði áður, og vil jafnframt lýsa yfir því, að mjer þykir betur farið, að frv. verði samþykt eins og það er komið frá Ed.

ATKVGR.
Brtt. 686. samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. sept., og á 52. fundi í Ed., s. d., var útbýtt frá Sþ.

Frumvarpi til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914,
eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 743).

Á 2. fundi í Sþ., þriðjudaginn 23. sept., var frv. tekið til u m r. (A. 743, 924).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 924. feld með 20 : 14 atkv.

Frv. samþ. með 31 : 2 atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.
(Sjá A. 957).

---

28. Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1 júlí, var útbýtt

Frumvarpi til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands (A. 5).

Á 3. fundi í Nd., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (J. M.): Það þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. þetta. Það var óhjákvæmilegt að taka stjórnarskrána til meðferðar og semja nýja, enda þótt ekki hafi verið með frv. þessu gerðar margar verulegar breytingar á því skipulagi, sem nú er.

Hitt er auðvitað, að þegar ríkið er viðurkent fullvalda, þá verður stjórnarskipunin að byggjast á öðrum grundvelli en stjórnarskráin hefir gert undanfarið.

Nú setur hið íslenska konungsríki stjórnskipunarlög af fullveldi sínu og um öll mál. Áður voru aðalstjórnskipulög vor, stjórnarskráin frá 1874, bygð á stöðulögunum, en þar er Ísland talið hluti úr hinu danska ríki, að eins greind frá tiltekin mál, er Ísland stjórni sjálft, en hinum málunum átti danska ríkisvaldið að ráða.

Frv. þetta var ekki fullbúið, er fjármálaráðherra (S. E.) fór af landi burt í vor, og hefir hann því ekki haft tækifæri til að taka þátt í tilbúningi allra breytinganna.

Breytingarnar eru að vísu ekki margar, og er það með vilja gert. Það þótti ekki rjett að taka upp margar breytingar, sem ætla mætti að verða mundu deiluefni, þar sem stjórnarskrárbreytingin þarf að komast á sem fyrst.

Auðvitað eru hjer tekin upp ýms ný ákvæði, en fæst svo, að valda þurfi neinum deilum.

Skal jeg ekki nú fara út í allar breytingarnar, enda munu háttv. þingdm. þegar hafa sjeð þær; er gerð nokkur grein fyrir þeim í athugasemdum frv.

Að eins skal jeg minnast á fáein atriði.

Tala ráðherra er nú sem stendur lögákveðin, en það virðist rjettara að hafa þá tölu ekki fastákveðna, heldur láta það vera undir konungsúrskurði komið. Með því var þó alls ekki haft í huga að fjölga ráðherrum, heldur hitt frekar, að nægilegt mundi t. d. reynast að hafa að eins tvo ráðherra milli þinga, ef sjerstaklega stæði á.

En það er mjög efasamt, hvort slíkt væri leyfilegt, ef núgildandi lög um það efni fengju að standa.

Jeg býst ekki við, að nein hætta sje á því, að ráðherrum verði fjölgað án vilja þingsins.

Það þótti sjálfsagt að stofna íslenskt ríkisráð, og er um það ákvæði í frv.

En það þykir ef til vill undarlegt að halda ríkisráðsfundi með einum ráðherra, en svo verður nú þó að vera. Þá er gert ráð fyrir, að ráðherrafundir skuli einnig haldnir, og í sambandi við það settar reglur fyrir því, hvernig með málin skuli farið.

Það þótti einnig sjálfsagt að gera ríkisborgararjett að skilyrði fyrir embættisveitingu.

Þá er eitt atriði, sem jeg býst ekki við að sæti neinum mótmælum. En það er, að Alþingi skuli haldið á hverju ári. Reynslan hefir orðið sú, að mestan hluta þess, sem af er þessari öld, hefir Alþingi verið haldið árlega. Þessa virðist líka full þörf, einkum vegna fjárlaganna, því að ólíkt mun reynast betur að gera fjárhagsáætlun fyrir að eins eitt ár í senn.

Kosningarrjettur til Alþingis er bundinn við ríkisborgararjett; að vísu er sá rjettur einnig fyrir Dani, en ekki getur það haft neina hættu í för með sjer.

Þá vil jeg biðja háttv. þm. að leiðrjetta tvær prentvillur, sem slæðst hafa inn í frv.

Önnur er sú, að greinartalan næst á eftir 76. gr. er 78, en á auðvitað að vera 77. Hin er í 1. línu 2. málsgr. í 76. gr. frv. Þar stendur: „breytinguna“, en á að vera: „breytingu“.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að halda lengri ræðu um frv. að þessu sinni. Jeg tel víst, að þessari umr. verði frestað og málið sett í nefnd.

Það mun vera rjettast, að kosin verði sjerstök nefnd í málið, og vil jeg gera það að till. minni, að kosin verði fimm manna nefnd.

ATKVGR.

Till. um að kjósa sjerstaka fimm manna nefnd í málið samþ. með 16 shlj. atkv.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosning var viðhöfð. Fram komu 4 listar, og voru á þeim fimm menn.

Í nefndina voru því rjett kjörnir þessir:

Af B-lista: Stefán Stefánsson.
Af D-lista: Einar Arnórsson.
Af C-lista: Þorleifur Jónsson.
Af A-lista: Benedikt Sveinsson.
Af B-lista: Pjetur Jónsson.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 12. júlí, mælti

forseti: Jeg skal geta þess, að stjórnarskrárnefndin hefir farið þess á leit að fá að bæta við sig 2 mönnum, þeim háttv. þm. Dala. (B. J.) og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Þá, sem þessu eru samþykkir, bið jeg um að rjetta upp hendurnar.

ATKVGR.
Samþ. með öllum gr. atkv.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. ágúst, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 5, 49, 52, 64, 80, 297, 504, n. 514).

Frsm. (Benedikt Sveinsson): Jeg sje ekki ástæðu til að hefja umr. um málið að þessu sinni, og mun láta greinargerð fyrir frv. bíða til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 514, 49, 52, 64, 80, 297, 504, 556, 557. 562. 573).

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj. um brtt. 556 og 573, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Benedikt Sveinsson): Eins og getið er um í nál. og brtt. samvinnunefndar í stjórnarskrármálinu bera með sjer, er allur þorri brtt. einungis orðabreytingar, til þess að bæta málið á frv. í ýmsum atriðum. Um þetta þarf ekki að eyða mörgum orðum, því að breytingarnar bera það með sjer, að þær eru ekki efnisbreytingar. En málið á gömlu stjórnarskránni var ekki sem best; það er skrifstofastíll 19. aldar. Þetta orðbragð gömlu stjórnarskrárinnar er víða óbreytt í frv. stjórnarinnar. Nefndinni þótti ástæða til að vanda málið á þessum lögum, ekki síður en öðrum.

Það er reyndar orðabreyting, að „lögráður" hefir verið bætt inn í 12. gr. En það gerir ákvæðið skýrara, og hefir víst verið tilætlun stjórnarinnar, að þetta væri fólgið í ákvæðinu.

Þá er brtt. við 13 gr., að orðin: „Á fundum þessum ræður afl atkvæða" falli burt. Nefndin var á einu máli um það, að þetta ákvæði geti tæplega staðist, að afl atkvæða skuli ráða á ráðherrafundunum, því að ef svo færi, að forsætisráðherra yrði í minni hluta, mundi hann verða að biðjast lausnar. En það mun þó ekki vera tilætlunin. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að breytingarnar við 14. og 15. gr. eru orðabreytingar, þar sem lagt er til, að orð falli burtu, sem er ofaukið eða ekki eru nauðsynleg.

Við 16. gr., staflið b., hefir nefndin lagt það til, að á eftir þeirri grein komi ný (17.) grein, svo hljóðandi: „Konungur gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sjer fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarskipun ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til." Þetta er viðbót, sem nefndin er ásátt um að bera fram. Það hefir verið skoðun sumra, að konungur gæti afsalað rjettindum landsins, án samþykkis Alþingis, og þótti nefndinni nauðsyn til bera að girða fyrir allan vafa um svo mikilvægt atriði.

Nefndin leggur til, að 17. og 18. gr verði dregnar saman í eitt, því að efni þeirra fer vel saman í sömu grein, og breytist greinatalan samkvæmt því.

Þá hefir nefndin gert lítils háttar breytingu við 19. gr. Hún er fólgin í því, að orðin: „hins reglulega" falli burtu. Nefndinni þótti rjett, að sömu ákvæði giltu í

þessu efni um aukaþing sem aðalþing. Þá hefir og nefndin stytt frestunartímann úr 4 vikum í 2 vikur.

Við 20. gr. hefir nefndin gert þá breytingu, að í stað 12 mánaða komi 8 mánuðir, sem leiðir af því, að gert er ráð fyrir, að Alþingi komi saman á hverju ári.

Um breytinguna við 24. gr. urðu nokkrar umræður. Vildu sumir fella greinina niður. Varð það þó úr að láta ákvæðið standa og orðinu „saksókn“ bætt inn í greinina.

Við 25. gr. gerði nefndin að eins orðabreytingar, til málfegurðar.

Um 26. gr. var mikið rætt í nefndinni, og komu fram ýmsar till. til breytinga; en þær voru mjög ólíkar og skoðanir manna sundurleitar, og varð því niðurstaðan sú, að nefndin skyldi ekki sem slík gera neinar verulegar breytingar á frv. stjórnarinnar. En þó varð það að samkomulagi í nefndinni, að svo framarlega sem fram kæmi brtt., þá skyldu nefndarmenn hafa óbundnar hendur. Nefndin hefir lagt til, að skotið væri inn í þessa grein nýrri málsgrein, svo hljóðandi: „Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kosningarrjett og kjörgengi sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.“ Nefndinni þótti rjett að taka upp þessa heimild fyrir Reykjavík, svo að eigi þyrfti að breyta stjórnarskránni síðar, þótt fjölgað yrði þingmönnum í Reykjavík. En það þótti gagnslítið að fjölga fulltrúum bæjarins á þingi, ef meiri hluti í bænum rjeði einn úrslitum kosninganna, eins og nú á sjer stað. En jafnframt var gert ráð fyrir því í nefndinni, að um leið og þessi breyting yrði í lög tekin væri öðrum núverandi tvímenningskjördæmum landsins breytt í einmenningskjördæmi.

Af þessari breytingu stafa ýmsar orðabreytingar við 27., 28., 29. og 30. gr., og þarf jeg ekki að skýra það mál frekara.

Um 29. gr. varð mikil deila í nefndinni. En af því að það verður alllangt mál, áður en á enda sje kljáð, þá mun jeg geyma það þangað til jeg hefi farið yfir aðrar smærri brtt.

Við 34. gr. hefir nefndin að eins bætt inn því ákvæði, að sameinað Alþingi hafi heimild til að senda konungi ávörp, eins og hvor þingdeild fyrir sig. Þetta hefir reyndar verið venja á undanförnum tíma, en orkað tvímælis, hvort löglegt væri. Þótti nefndinni rjettara, að þetta væri heimilað berum orðum í stjórnarskránni.

Þá hefir nefndin lagt til, að sú breyting yrði gerð á 36. gr., að í stað orðanna: „neina af jarðeignum“ komi: „neina af fasteignum landsins nje afnotarjett þeirra“. Nefndinni þótti ákvæðið „jarðeignum“ eigi nógu víðtækt.

Þá kem jeg að 27. brtt. nefndarinnar, við 38. gr. frv., þar sem talað er um fjárlagafrumvarpið og að í því skuli fólgin greinileg skýrsla um tekjur ríkisins og gjöld. Þetta fanst nefndinni ekki sem best orðað, að nefna greinilega skýrslu það, sem ekki getur verið annað en áætlun eða spádómur, meira eða minna nær sanni, um hverjar verði tekjur ríkisins og gjöld; því þótti nefndinni betur fara að setja þar „greinargerð“.

Þá eru allar næstu brtt. ekki annað en orðabreytingar, alt út að 33 brtt.; þar vill nefndin að bætt sje inn í „eða drengskaparheit“. Jeg tók það fram áður, er jeg talaði um 7. brtt., að það væri í samræmi við lög vor um eiða og drengskaparheit, og væri því rjettara að láta það einnig koma fram í stjórnarskránni.

Með 35. brtt. breytir nefndin orðinu „talað“ í „sagt“. Sagt er nokkru víðtækara; það tekur og yfir það, sem þm hefir *ritað*, t. d. í nefndaráliti.

36. brtt. er að eins orðabreyting.

37. brtt. er í raun rjettri ekki annað en lagfæring þess orðalags, sem stendur í

stjórnarskránni og frv. stjórnarinnar, því að auðvitað er hjer átt við meira en helming þm. í hvorri deild, en ekki helming allra þm.

38. brtt. er líka orðabreyting, en skýrara orðuð en í stjórnarfrv., þar sem það er þannig orðað, eins og það sje ekki ályktun að vísa máli til stjórnarinnar.

Með 39. brtt. er 53. gr. stjórnarskrárinnar orðuð upp, en er engin efnisbreyting.

40. og 41. brtt. eru og orðabreytingar.

Í 42. brtt. er prentvilla. Seinni hluti greinarinnar á að vera þannig orðaður samkvæmt brtt.: „nema eftir dómsúrskurði, eða sjerstakri lagaheimild.“ Þetta bið jeg forseta að athuga.

43. brtt. er í samræmi við það, sem áður er komið og jeg gat þá um. Nefndinni þótti rjett, að það væri tekið fram í stjórnarskránni, að ef ákvæði vantaði um heimild útlendinga til þess að eiga, ekki einasta fasteignir, heldur og fasteignarjettindi hjer á landi, þá skyldi því skipað með lögum.

44. brtt. er að eins orðabreyting.

Sama er að segja um 45. brtt. og enn fremur 46. brtt., þar sem nefndin leggur til, að í stað orðanna: „breytingu á sambandinu milli“ komi: „breytingu á sambandslögunum“.

Jeg hefi nú minst á flestar breytingar nefndarinnar og vona, að hv. þingdm. geti áttað sig á þeim við samanburð á þeim og stjórnarfrv., og hafi mjer sjest yfir eitthvað, mun jeg síðar geta skýrt það, eða aðrir samnefndarmenn mínir.

Þá kem jeg síðast að þeirri brtt., sem jeg geymdi áðan, brtt. við 29. gr. frv. Hún hefir valdið mikilli og langri deilu.

Nefndin hefir klofnað um kosningarjettarákvæðin í 29. gr. stjórnarskrárfrv., eins og nefndarálitið ber með sjer, og vil jeg skýra þann skoðanamun frá sjónarmiði meiri hlutans nokkru gjör en gert er í nefndarálitinu og jafnframt rifja upp helstu atriðin, sem þar eru tekin fram.

Fyrst vil jeg víkja að þeim ramma misskilningi, sem mjög bryddir á manna á meðal og rækilega hefir verið studdur og árjettur í sumum blöðum hjer, að brtt. meiri hlutans, 5 ára búsetuskilyrði í stjórnarskránni fyrir kosningarrjetti, sje eitthvert *nýmæli*, sje breyting frá því, sem er, og uppátæki nýjungagjarnra þingmanna, sem sum blöðin hafa verið að kenna einum þeirra og öðrum. Í þessu birtist furðumikil fáfræði, þar sem 5 ára búsetuskilyrðið *stendur í núgildandi stjórnarskrá.*

Ákvæðið var fyrst tekið upp í stjórnarskrárfrumvarp í efri deild 1911, af stjórnarskrárnefndinni þar, allri í einu hljóði, og hefi jeg ekki sjeð, að það hafi valdið neinum andmælum í þinginu.

Ákvæði þetta var síðan tekið óbreytt upp í stjórnarskrárfrv. það, sem vjer þrír þingmenn bárum fram í Nd. 1913. Sætti það þá engum mótmælum. Báðir flokkar studdu það jöfnum höndum, og engin rödd heyrðist á móti því. Komst svo ákvæðið í lög í stjórnarskipunarlögunum 19. júní 1915.

Það var fyrst í sambandslaganefndinni í fyrra, að dönsku fulltrúarnir hreyfðu því, að afnema yrði *mismun* þann, sem nú er í stjórnarskránni á kosningarrjetti, en skilyrði fyrir kosningarrjetti, sem hjer um ræðir, eru sem kunnugt er þau, að annaðhvort þarf maðurinn að vera fæddur á Íslandi, eða hafa verið hjer búsettur síðustu 5 árin áður en kosning fer fram.

Þessi ákvæði þótti dönsku fulltrúunum koma í bága við jafnrjettisákvæðið í 6. gr. sambandslaganna, þar sem búsetuskilyrðið náði ekki til Íslendinga.

Andstæðingar sambandslaganna óttuðust, að nema þyrfti burtu 5 ára skilyrðið, samkvæmt sambandslögunum, og var það

eitt meðal annars, er þeir bygðu á mótstöðu sína gegn lögunum.

En þessu var harðlega neitað af öllum forsvarsmönnum sambandslaganna í báðum deildum þingsins, í nefndarálitum meiri hlutans og ræðum framsögumanna og annara, sem til máls tóku. Staðhæfðu þeir og leiddu rök að, að eins mætti afmá þann mismun, sem dönsku fulltrúarnir töldu vera, með því að láta 5 ára búsetuna *ná til allra jafnt*, hvort sem fæddir væru á Íslandi eða ekki. Var því meira að segja *heitið* þá, að *sú* breyting skyldi á þessu verða gerð, af öðrum helsta flutningsmanni sambandslaganna hjer í deildinni, og hefir hann nú sýnt, að hugur fylgdi máli, og hefir ekki gengið á bak orða sinna.

Sambandslagafrumvarpið var því beint samþykt af þinginu í fyrra með þeim skilningi, því fororði og þeim áskilnaði, að svo skyldi breytt til um fyrgreindan „mismun á kosningarrjetti", sem meiri hl. mælir nú fram með.

Sama var meðal kjósenda utan þings. Því var haldið fast fram í ræðu og riti af fylgismönnum sambandslaga, að svo skyldi úr þessu ráðið, sem meiri hlutinn leggur til, og er enginn vafi á því, að þessi skilningur og þetta fororð hefir ráðið mjög miklu um fylgi málsins meðal kjósenda í landinu.

Allir geta því sjeð, hve öfugt og fráleitt það er að bregða meiri hlutanum um, að hann sje að bera hjer fram nýmæli.

Hjer er ekki um nýmæli að ræða frá öðrum en *stjórninni*, er nú fellir *búsetuskilyrðið niður* í frv. sínu. Er þetta undarlegt tiltæki af stjórninni, og hafði þjóðin síst búist við slíku. Vænti hún þess þvert á móti, að staðið yrði við það, sem sagt var í sambandi við sambandslögin og þau studd með. Bjóst ekki við, að þar yrði látið sitja við *orð tóm*, heldur látið koma til framkvæmda nú þegar, og mundi þjóðin þykjast harla grátt leikin, ef slíkur rjettarspillir næði nú fram að ganga.

Stjórnin telur fæðingarjettinn einhlítan sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, til þess að varna áhrifum aðvífandi manna, og ber það fyrir sig, að slíkt ákvæði sje látið duga víðast hvar í öðrum löndum. Ef hjer stæði eins á sem í öðrum fullvalda ríkjum, þá mundum vjer og telja fæðingarjettinn einhlítan. — En því miður, hjer á landi stendur alveg sjerstaklega á, alt annan veg en í flestum eða öllum öðrum þjóðlöndum. Vjer erum í sambandi við annað langt um fjölmennara ríki, og borgarar þess eiga að njóta að öllu sama rjettar hjer í landi sem íslenskir ríkisborgarar. Af þessu leiðir, að tryggingin sú, er fæðingarjettur veitir, er ekki slík hjer á landi sem í öðrum löndum; tryggingin *hverfur* algerlega gagnvart Dönum. Því er það með öllu óhjákvæmileg varnarráðstöfun, að fimm ára búsetuskilyrðið haldi áfram að standa í stjórnarskránni, með þeirri einni breyting, að það nái til allra jafnt, Íslendinga sem Dana. Kosningarrjetturinn felur í sjer svo mikið vald til afskifta og umráða í landinu, að *til engra mála getur komið* að hrapa enn lengra í því að veita þegnum annars ríkis greiðari aðgang að honum en þegar er orðið, láta enn meir undan síga um þann rjett, sem Íslendingar ættu einir með að fara í sínu landi. Meiri hlutinn fær með engu móti gengið að slíku rjettartjóni, telur það óverjandi gagnvart kjósendum landsins og allri hinni íslensku þjóð.

Hvers vegna er stjórnin að taka upp þetta nýmæli?

Ekki hefir nokkur einasta rödd heyrst á nokkrum einasta þingmálafundi í landinu eða annarsstaðar, sem óskaði þess. Ekki hefir Alþingi óskað eftir því. Hjer hefir nýmæli stjórnarinnar *alls ekkert* fylgi. Jafnvel minni hlutinn, sem fylgir forsætisráðherra, vill breyta stjórnarfrv.

í þessu efni. Hann telur, að búsetutíminn megi ekki *styttri* vera en tvö ár og vill auk þess, að heimilt sje að lengja hann fram úr því með sjerstökum lögum, hve nær sem ástæða virðist til þess. Hann kveðst fús að lengja hann *fram úr* 5 árum, ef þörf þyki. — Þetta sýnir ljóslega, að minni hlutinn er allfjarlægur forsætisráðherra í þessu og þykir ákvæðið í stjórnarfrv. óhafandi. En hvers vegna vill minni hlutinn þá vera að breyta þessu atriði frá því, sem nú er í lögum?

Meiri hlutinn sjer alls enga minstu ástæðu til þess.

Því er haldið fram til málsbóta, að þetta sje tilhliðrun við Dani. Svo er víst um frágang forsætisráðherrans, en till. minni hlutans eru þar tvíbentari. En hvað sem því líður, þá virðist stjórn og þingi meiri vandi á höndum við Íslendinga sjálfa, að efna við þá gefin loforð og gæta hagsmuna þeirra og helgustu rjettinda, heldur en að þoka þeim til hliðar fyrir hagsmunum einstaklinga annarar þjóðar.

Minni hl. hefir reynt að leiða rök að því, að 5 ára búsetan sje óþörf. Er sú meginástæða hans, að litlar líkur sjeu til, að Danir fari að fjölmenna hingað. Um það atriði vil jeg skírskota til nefndarálitsins. Þarf eigi annað en nefna fossaiðnað, járnbrautafyrirtæki, fiskveiðar, verslun, o. s. frv., til þess að minna á verkefnin handa þeim hjer í landi. Er það kunnugt, að fyrir styrjöldina vantaði að eins herslumuninn, að þeir væru byrjaðir á slíkum stórfyrirtækjum hjer, fossavirkjun og járnbrautarfyrirtækjum, — mundu jafnvel þegar hafa verið byrjaðir, ef ekki hefði strandað í bili á meiri hl. Alþingis.

Minni hlutinn telur það at ólíklegra, að Danir fjölmenni hingað, þar sem þeir fái nú nýtt svigrúm suður á bóginn, og muni þeir snúa framkvæmd sinni þangað.

Þetta virðist meiri hl. öfugt. Hann telur Íslandi einmitt hættuna meiri vegna Danmerkur-aukans. Danir taka þar fullbygt, þjetthýlt, þrautræktað land, sem ekki getur tekið við innflutningi þeirra. En Dönum bætist þar mikið fjölmenni. Suður-Jótar eru ötulir framkvæmdamenn, engir eftirbátar annara Dana. Þessari efling dönsku þjóðarinnar hlýtur að fylgja þjóðleg vakning til nýrra dáða og framkvæmda. Væri þá ekki óeðlilegt, að þeir leituðu helst þangað, er þeir telja verkefnin ærin og þeir hafa trygt sjer opnastar gáttir og óbundnastar hendur, en það er á Íslandi. Hættan er því auðsælega vaxandi.

Minni hl. er og ekki alls kostar ugglaus um þennan málsstað sinn, því að hann gerir þó ráð fyrir, að Danir kunni að flykkjast hingað síðar, en þykist þá hafa vaðið fyrir neðan sig, er hann heimilar, að lengja megi búsetuskilyrðið með einföldum lögum. Telur hann þá aðferð fljóttækari, ef til komi, heldur en að breyta stjórnarskránni, ef lengja þurfi tímann fram úr 5 árum.

En hjer mætti nú spyrja þá, sem þykjast vilja hliðra til við sambandsþjóðina, hvort Dönum mundi þá verða geðfeldara, að *breytt yrði* um búsetuskilyrðin þeim í óhag, er þeir fara að vera hjer fjölmennir, straumurinn byrjaður, áhuginn í algleymingi að leita hingað, heldur en nú, að *óbreytt standi* ákvæði stjórnarskrárinnar meðan þeir eru hjer fáir og áður en straumurinn er hafinn? — Allir sjá, að minni hlutinn lendir hjer í ógöngur, því að ekki mundu Danir síður heita á ráðgjafarnefndina til fulltingis sjer þegar fara ætti að svifta fjölmennan flokk þeirra fengnum rjettindum.

Minni hlutinn telur fullborgið yfirráðum Íslendinga í landinu, þótt ekki sjeu strangari skilyrði sett um búsetuna en hann ákveður. Býst hann við, að innstreymi útlendinga verði svo hverfandi

lítið. En fyrir þessu vantar allar sannanir, og sönnunarskylda hvílir hjer á þeim, sem breyta vilja útlendingum í hag. Vjer höfum leitt sennilegar líkur að auknum innflutningi. Svo er á það að líta, hve Íslendingar eru fámennir; kjósendur einar 30 þúsundir, og er þjóðfjelag vort því viðkvæmara en öll önnur fyrir útlendu aðstreymi. Tiltölulega fáir menn, miðað við mannfjölda nágrannaþjóðanna, þyrftu að flytjast hingað til þess að ná hjer sterkum tökum. Vjer verðum því að gæta þess eftir megni, að útlendingar vaxi oss eigi yfir höfuð hjer í landinu. Þetta á ekki skylt við neina „innilokunarstefnu", eins og sumir blekkingamenn hafa verið að tönnlast á. Slíkt er einungis ryk, sem þyrlað er upp til þess að villa almenningi sýn. Það er alt annað, að vilja tryggja sem best rjettindi og hagsmuni landsins, eða hitt, að útiloka öll erlend áhrif á íslenskt þjóðlíf. Skilyrðið er látið standa í stjórnarskránni til þess að aftra því, að þekkingarlausir útlendingar geti ráðið of miklu í þjóðmálum vorum. Er sannarlega ekki til of mikils ætlast, þótt þeir verði að dveljast hjer 5 ár til þess að kynnast landslögum og þjóðháttum, áður en þeir standa til fulls jafnrjettháir landsins börnum til þess að ráða fyrir um örlög þess.

Minni hlutinn finnur 5 ára búsetunni það til foráttu, að hún komi hart niður á þeim Íslendingum, sem búsettir hafa verið erlendis og slept hjer búsetu. Hefir það verið látið klingja óspart, að sambandslagaandstæðingar hafi talið það ókost á sambandslögunum í fyrra, að þau mundu leiða af sjer þessa rjettarskerðing Íslendinga, sem látið hafa landsvist og sest að erlendis. Vjer sambandslagaandstæðingar erum enn sömu skoðunar. Teljum þetta baga löndum vorum erlendis. Hefðum vjer kosið sambandslögin öðruvísi, enda reyndum að fá þeim breytt. En oss tókst það ekki. Þess vegna verður ekki komist hjá afdrifum laganna, en betra er þó, að ákvæðin komi niður á nokkrum einstaklingum þjóðar vorrar, heldur en öll þjóðin sje sett í hættu.

Annars ferst andstæðingum vorum tæplega að bregða oss um hverflyndi í þessu atriði, því að þegar vjer bentum á það í fyrra, að sambandslögin kæmu hjer í bága við rjett landa vorra erlendis, þá gerðu flestir lítið úr því, og heyrðust jafnvel þau orð úr fleirum áttum en einni hjer í deildinni, að þeir menn ættu ekki betra skilið, sem „brugðið hefðu trygð við land sitt", en að fá að doka dálítið eftir kosningarrjetti, ef þeir kæmu heim aftur. En nú virðist hjartalagið orðið annað, að því er uppi er látið.

Þá hefir minni hlutinn sagt, að Danir mundu vænta þess, — „og það ekki að ástæðulausu, þar sem stjórnarskrárfrv. var lagt fyrir þá í ráðgjafarnefndinni" — að ekki yrðu sett frekari búsetuskilyrði en „þörf krefðist",*) en á hinn bóginn mundu sætta sig við þá breytingu seinna, þegar þeir færu að streyma í landið. — Jeg mintist áðan á þetta síðara atriði og benti á, hversu það væri fjarstætt öllum líkum og sanni, að þeim þætti ákvæðið því *betra*, sem það kæmi niður á *fleirum* þeirra. Þetta getur varla verið minni hl. alvörumál.

En að því er kemur til ráðgjafarnefndarinnar, þá er það getgáta ein eða hugboð minni hl., að henni, eða danska hlutanum af henni, mislíki búsetuskilyrðið, eða hann muni verða fyrir vonbrigðum. Og enn fjarlægara er að tala um „gabb" við Dani í þessu sambandi. — Hinu verður ekki neitað, að það væri beint gabb við íslenska kjósendur, íslensku þjóðina, eftir yfirlýsingarnar í sambandsmálinu í fyrra, ef forsætisráðherranum tækist að koma

*) Þ. e. frá þeirra sjónarmiði.

frumvarpi sínu óbreyttu fram. En þegar ræða er um kosningarrjett á Íslandi, verður að hafa hag Íslands eingöngu fyrir augum, en ekki ímyndaða geðþekni erlendrar þjóðar.

Annars þykir mjer nú eiga að fara að gera meira en lítið úr þessari ráðgjafarnefnd. Í fyrra var hún af sambandslagamönnum hjer í þinginu kölluð „barnagull", og sagt, að hún mundi brátt trjenast upp á íhlutun sinni um mál vor, ef tillögur hennar væru ekki teknar til greina. En nú á að snúa öllu við. Þótt ekkert liggi fyrir frá nefndinni, þá á nú að geta sjer til um vilja hennar og breyta eftir því! Samkvæmt þessu öllu má því engu breyta í stjórnarfrumvörpum, er legið hafa fyrir nefndinni, nema víst sje, að dönsku nefndarmönnunum falli breytingin í geð. Grundvöll að slíkri stjórnmálavenju legði minni hl., ef hann fengi sitt fram. Og söm er hans gerð, þótt hann fái því ekki framgengt.

Það er augljóst, hvert stefnir um vald Alþingis, ef slíku færi fram. Fer það þá heldur en ekki að færa saman kvíarnar, og kemur þá að því, sem sagt var í fyrra um tilætlun Dana með þessari sælu nefnd, ef sú venja yrði þegar hafin á fyrsta þinginu, að samþykkja það eitt — óbreytt — sem „lögjöfnunarnefndin" hefði fjallað um og fengið því í hendur. Þá væri laglega af stað farið á fyrsta Alþingi hins „viðurkenda fullvalda ríkis" á Íslandi!

Annars höfum vjer óræk rök fyrir því, að það er síður en svo, að stjórnmálamenn í Danmörku telji búsetuskilyrði fyrir kosningarrjetti nokkra fjarstæðu eða óbilgirni. Hefir meiri hlutinn í því sambandi leyft sjer að benda á ritgerð eftir dr. Knud Berlin, í tímaritinu „Det Nye Nord". Getur doktorinn þar ekki dulið skoðun sína um þetta efni, þótt aldrei hafi hann talinn verið mikill Íslandsvinur. En um þetta kemur skoðun hans alveg heim við skoðun meiri hlutans. Hann er að ræða um sameiginlegan ríkisborgararjett á öllum Norðurlöndum. Leiðir hann rök að því, hve hættulegt sje fyrir smáþjóð að gera fullkominn jafnrjettissamning við sjer stærri nágrannaþjóð, og nefnir í því sambandi Dani og Þjóðverja. Mætti af því ráða, hversu hyggilega honum þyki Íslendingum hafa farið í samningunum í fyrra. Og sameiginlegan ríkisborgararjett meðal Norðurlandaþjóðanna sjálfra telur hann óhyggilegan og lítt framkvæmanlegan, því að þjóðirnar mundu þá neyðast til að verjast hver annari með löngu búsetuskilyrði fyrir kosningarrjetti, jafnvel 10—25 árum. Drepur hann á það, að Íslendingum kynni að vera nauðsyn á að grípa til slíkra úrræða, til þess að verða ekki með öllu ofurliði bornir í landi sínu, ef hin Norðurlöndin, Svíþjóð og Noregur, fengju þar samskonar rjettindi sem Danir.

Þessi danski stjórnmálamaður telur því langt búsetuskilyrði löglegt og framkvæmanlegt — og jafnvel lífsnauðsynlegt.

Sjálfur minni hlutinn er ekki fjarri þessu, þegar til kastanna kemur, því að hann klykkir út með því í nefndaráliti sínu, að honum þyki 5 ára búsetuskilyrðið eigi „*fullörugg trygging*" gegn dönskum áhrifum á úrslit mála vorra, og kveðst því vilja búa svo um, að tafarlaust megi lengja búsetuna fram úr 5 árum, ef þurfa þyki!!

Hjer tekur minni hlutinn skyndilega að bera um seglin og hefja nýja stefnu. Hjer er hann alt í einu orðinn svo lafhræddur við Dani, að honum þykir ekki „fullörugg trygging" gegn þeim að bíða eftir *stjórnarskrárbreytingu* til þess að *lengja* búsetuna, jafnvel fram úr 5 árum, heldur telur nauðsynlegt, að það verði gert í einum svip, með einföldum lögum.

Það lægi nærri að ætla, að minni hlutinn færi hjer með tóm látalæti, eða væri að „gera að gamni sínu", svo þveröfugt

kemur þetta við aðra röksemdaleiðslu hans. Mun einhverjum þykja broslegt, er minni hlutinn gerist svo hátíðlegur, og þykist standa mun betur á verði fyrir rjett landsins heldur en meiri hlutinn!

En þessi fyrirsláttur villir engan. Ef nauðsynlegt reynist að lengja búsetuskilyrðið úr 5 árum, sem vel má vera, þá er ekki loku fyrir skotið, að það verði gert, þótt meiri hlutinn ráði nú, — eins og minni hlutinn virðst gefa í skyn. Vandinn er sá einn, að gera breyting á þessu atriði í stjórnarskránni.

Munurinn er sá, að meiri hlutinn vill láta svo mikilvægt atriði vera háð breytingu á stjórnskipulegan hátt, borið undir kjósendur landsins, sem hvert annað stjórnarskráratriði, en ekki háð einræði eins sjerstaks Alþingis, sem þá gæti breytt því á bak við kjósendur, enda mætti þá vera, að búsetuskilyrðið stæði ekki á stöðugu, og sjá allir, hve óviðurkvæmilegt væri að hringla með það ýmislega, eftir því, hversu þing kynni að vera skipað í hvert sinn.

Þegar þessa er gætt, er það því næsta einkennilegt, að eitt blað hjer hefir lagst á móti margnefndri tillögu meiri hlutans, sakir þess, að *hann vilji fara með mál þetta bak við* kjósendur!! Sennilega er það prentvilla (*E. A.*: Eða fáfræðisvilla), því að það er ekki meiri hlutinn, heldur minni hlutinn, sem vill fara með þetta bak við kjósendur.

Ekki væri sú skipun málsins, sem minni hlutinn ræður hjer til, álitlegri fyrir Dani ef nokkurt mark mætti taka á því, að þessi síðasta röksemd hans væri borin fram í alvöru.

Eða hvers vegna ætti þeim að vera hagþekkara að lúta ákvæði, sem stæði í einföldum lögum, heldur en stjórnarskrá, — nema þá af því, að þeim væri hægra að fá breytt einföldu lögunum sjer í hag?

Meiri hlutinn heldur fast við það, sem höfuðatriði í þessari deilu, að almenn skilyrði fyrir kosningarrjetti sje eitt af helstu grundvallaratriðum stjórnarskipulagsins og eigi hvergi heima nema í stjórnarskránni. Þegar af þeirri ástæðu telur hann eigi geta komið til mála að hafa slík ákvæði í einföldum lögum.

Sum blöðin hafa verið að átelja það, að *sjö* atriði væru nú í stjórnarskrárfrv., sem „breyta mætti með lögum“. Fjarlægast væri að bæta búsetuatriðinu við sem því áttunda.

Loks vil jeg taka það skýrt fram, að hjer er ekki um búsetuskilyrðið eitt að ræða. Það er að eins sem einn angi á limaríku trje. Hjer kemur fram *stefnumunur* í sjálfstæðismálum þjóðarinnar, sem á sjer dúpar rætur í sögu undanfarins árabils, og kemur hvarvetna fram í viðureigninni við erlenda valdið, og hlýtur að verða þjóðinni örlagaríkur, enda mun skifta henni hjer eftir sem hingað til í andvíga flokka, — nema minni hlutinn sjái að sjer í tíma og bæti ráð sitt.

Hjer er um það að ræða, hvort þegar eigi að *hefja undanhald* í sjálfstæðismálunum, hopa til baka frá því, sem áunnist hefir, eða *hafa í fullu trje* og sækja fram til öruggara og traustara sjálfstæðis.

Það voru margra ummæli í fyrra þegar deilan var um sambandslögin, að mjög væri komið undir framkvæmd laganna og hversu Íslendingar kynnu að halda á rjetti sínum næstu árin. Meiri hlutinn kannast við þetta og vill láta það á sannast, að hann ætlar hvergi að láta undan síga. Vil jeg lesa nokkur orð úr nefndaráliti hans því til stuðnings og árjettingar. Þar segir svo:

„Loks vill meiri hlutinn láta þess getið, að sambandslögin hafa eigi verið samþykt í því skyni, að Íslendingar skyldu láta nokkuð undan þokast um rjett sinn frá því, sem þar er ákveðið, heldur sje einsætt að neyta rjettinda sinna samkvæmt þeim hjer

í landi, svo sem fremst má, og heldur styrkja en veikja, hve nær sem tækifæri gefst. Þau spor viljum vjer marka þegar á þessu fyrsta þingi, sem háð er eftir að breyting er orðin á sambandinu.“

Þá skal jeg snúa mjer að þeim brtt., sem fram hafa komið frá einstökum þm. Skal jeg taka þær í þeirri röð, sem þær eru á þingskjölunum.

Fyrst koma brtt. á þgskj. 49, frá háttv. þm. Dala. (B. J.). Eru þær tvær og báðar við 29. gr. Um þá fyrri er það að segja, að hún er að efni til tekin upp af nefndinni, og mun því háttv. þm. (B. J.) taka hana aftur. En síðari brtt. reyndist að áliti nefndarinnar ekki hæf. Var meiri hl. henni mótfallinn, en auðvitað hefir deildin óbundnar hendur um það, hvernig hún snýst við till.

Næst er brtt. á þgskj. 52, frá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Nefndin hefir ekki getað fallist á þá till. Var bent á það, að ef undanþiggja ætti þá frá gjöldum til háskólans, sem ekki væru í þjóðkirkjunni, þá mundi fara að þynnast í hinni rúmgóðu þjóðkirkju. Og níu menn af tólf, sem í nefndinni eru, lögðust á móti brtt.

Þá er brtt. á þgskj. 64, frá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) við 29. gr., þess efnis, að á eftir orðunum „óflekkað mannorð“ komi: „tali og riti íslenska tungu stórlýtalaust“. Í nefndinni var þessi till. rædd og hafði nokkurt fylgi að efni til, en flestum þótti hún ganga nokkuð langt og til nokkuð mikils mælst, að menn töluðu og rituðu íslenska tungu stórlýtalaust eftir 5 ár. Svo þótti og sumum, sem erfitt mundi að fylgja fram ákvæðinu. Og um það er ekkert talað í till., hvernig því skuli komið í framkvæmd. Líklega yrði að hafa sjerstaka reglugerð að fara eftir. En svo gæti líka orðið álitamál, hvað það er að tala og rita tunguna stórlýtalaust. Till. hlaut því ekki fylgi, eins og hún er orðuð. Einir tveir voru með henni. En með því er ekki loku fyrir það skotið, að till., sem gengi í líka átt, næði fram að ganga. Gæti flm. (J. B.) ef til vill komist að hagkvæmari niðurstöðu og breytt till. þannig, að hún gangi fram, því að efni til hafði till. allmikið fylgi í nefndinni.

Næst kemur brtt. á þgskj. 80, við 31. gr., og er hún flutt af tólf þingmönnum. Hún mælir svo fyrir, að Alþingi komi saman 15. febrúar ár hvert, „eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr á árinu“. Það var eins með þessa brtt. og aðrar brtt. frá einstökum mönnum, að það reyndist ekki gott að fá úrskurð nefndarinnar með henni. En till. hlýtur að hafa mikið fylgi í deildinni, eftir flutningsmannafjöldanum. Meiri hyr hafði það í nefndinni að flytja þingtímann til hausts og láta þing standa fyrri hluta vetrar, en þó vildi hún ekki bera fram tillögu í þá átt.

Á þgskj. 297 er brtt. við 76. gr., þess efnis, að aftan við aðra málsgr. bætist orðin: „Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipuninni samkvæmt 58. gr.“ Um þetta var nefndin ekki samhuga, og leist nefndarmönnum best, að þm. hefðu óbundnar hendur, og leggur þar ekkert til málanna.

Brtt. á þgskj. 556, við 26. gr., er komin frá 1. þm. Reykv. (J. B.) og þm. S.-Þ. (P. J.), og er um það að fjölga þingmönnum. Eins og getið er um í nál., var mjög mikið rætt um greinina í nefndinni, áu þess að nokkur niðurstaða fengist. Eins fór á síðasta fundi nefndarinnar, sem haldinn var í morgun, að þá náði breytingartill. þessi ekki samþykki meiri hlutans, en var feld. Þó voru sumir nefndarmenn ekki á móti brtt. af því, að þeir væru á móti fjölgun þingmanna, heldur var fylgi þeirra við brtt. háð því, hvort þingrof skyldi ná til landskjörinna þm. Ef svo væri, mundu þeir

vart standa á móti till. Að sjálfsögðu verður hjer að skeika að sköpuðu um, hvað hv. deild vill vera láta í þessu máli, en meiri hluti nefndarmanna leggur á móti till. og vill heldur láta greinina standa óbreytta, eins og hún er í stjórnarfrv.

Sumir nefndarmanna töldu það varhugavert að fjölga tölu þingmanna, því að með því yrði ofmjög dregið úr mætti einstakra kjördæma. Fjölmennustu hjeruðin mundu þá ráða minstu. En þótt þau hafi nú fleiri kjósendur móts við hvern þingmann en hin fámennari kjördæmi, þá er aðstaða þeirra á annan veg þeim mun betri á þinginu, að þau þurfa ekki að kvarta um, að hallað sje rjetti þeirra. Ef farið er að miða kjördæmin, eða tölu þingmanna, við höfðatölu, þá er mikil nauðsyn að minnast þess, hversu iðnaðarbæir fossafjelaganna (t. d. „Íslands“ og „Títans“) geta orðið fjölmennir á skömmum tíma, kann ske miklu fjölmennari en Reykjavík, og ætti þá sá útlendi lýður að geta krafist þingmanna eftir höfðatölu og sent fleiri menn til þings en heilir landsfjórðungar, eða jafnvel hálft landið. Sumir í nefndinni töldu því mjög varhugavert að fara inn á þessa braut, þótt aðrir, er skemra horfa fram, sjái enga hættu í bili.

Á þgskj. 557 er brtt. við 29. gr., frá hv. þm. S.-Þ. (P. J.) og hv. 1. þm. Eyf. (St. St.), „um búsetuskilyrðið“. Þessi till. var feld í nefndinni með 7 : 5 atkv., og sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um hana. Hún sýnir að eins hugarþel flutningsmanna, en fylgi mun hún ekki hafa.

Loks er hjer brtt. frá háttv. þm. Dala. (B. J.), á þgskj. 573, og hefi jeg áður minst á, að þær breytingar, sem þar er farið fram á, öðluðust ekki fylgi nefndarinnar. Jeg verð að kannast við það, að jeg er ekki hrifinn af því að tala hjer fyrir nefndarinnar hönd, þar sem svo lítið samkomulag náðist um flestar brtt., að varla var unt að fá eindreginn úrskurð um nokkra þeirra. En það verður að segja hverja sögu sem hún gengur.

Aðalniðurstaða nefndarinnar var sú, að ef brtt. yrðu samþ., þá gæti orðið vafasamt, hvort stjórnarskráin næði fram að ganga á þessu þingi. Þess vegna vildi hún skirrast við að bera fram aðrar tillögur, eða veita öðrum tillögum fylgi, en þeim, sem nokkurn veginn væri víst að verulegt fylgi hefðu í þinginu.

Pjetur Jónsson: Það er ekki svo að skilja, að jeg álíti, að svo mikið eigi að hafa við, að skoða mig og hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sem minni hluta í nefndinni. Nefndin er óklofin, og því ekki rjett að tala um minni hluta, nema að eins um eitt atriði.

Annars verð jeg að biðja háttv. þm. að meta ekki málstað minn eftir framsögu minni. Þeir, sem eru í meiri hluta um búsetuskilyrðið, eru alt þaulvanir þingmenn og þá sjerstaklega í þessu máli, stjórnarskrármálinu. Þeir eru bæði orðfimir og jafnvígir á hverja höndina sem þeir glíma og hvort sem málstaður er góður eða ekki. Við flutningsmenn þessarar till. erum aftur á móti óvanir þessum stórmálum. Jeg t. d. hefi ekki talað í stjórnarskrármálinu, svo jeg muni, síðan á þinginu 1895, og hefi þó verið í fleiri af stjórnarskrárnefndunum.

Þessi tillaga mín og hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) verður þá fyrsta umtalsefnið. Við lítum svo á, að með breytingu okkar sje fengið alt eins mikið og það, sem meiri hlutinn vill. Þeir vilja hafa búsetuna 5 ár, en við setjum 2, og frekari skilyrði fyrir að öðlast kosningarrjett viljum við að hægt sje að setja með einföldum lögum. Skilyrðin eru því í sjálfu sjer engu minni trygging. Það, sem verulegur ágreiningur er um, er einungis aðferðin. Við lítum svo á, að það sje ekki rjett að setja svo strangt búsetuskilyrði þegar í stað, og ekki fyr en þörfin

knýr til þess. En að þá sje líka hægt í snatri að herða skilyrðin.

Þessi aðferð hefir tvær hliðar; snýr önnur að Dönum, en hin að löndum okkar í öðrum löndum. Um Dani ætla jeg ekki að vera langorður; sú hliðin er ekki höfuðatriðið fyrir okkur. Þó vil jeg fara um það örfáum orðum í sambandi við sambandslögin.

Við höfum tekið það fram í okkar hluta af nál., að við álítum, að við höfum fullkominn rjett til að setja það skilyrði, sem meiri hlutinn fer fram á. En hitt er annað mál, hvort það kemur ekki samt í einskonar bága við sambandslögin, þ. e. í bága við anda þeirra, að skella því á, svona eins og upp úr þurru, þegar í stað. Jeg ætla í þessu sambandi að leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp 2 kafla úr athugasemdunum við sambandslögin. Fyrri kaflinn er um 6. gr., og hljóðar hluti af honum svo:

> „Af þessari gagnkvæmni leiðir það, að afnema verður allar þær takmarkanir, sem nú eiga sjer stað á fullu gagnkvæmu jafnrjetti (svo sem mismun þann á kosningarrjetti, sem kemur fram í 10. gr. stjórnarskipunarlaga Íslands frá 19. júní 1915)".

Þá er í athugasemdunum við 16. gr. þessi klausa:

> „Það hefir náðst fullkomið samkomulag um stofnun og skipun tveggja nefnda, annarar ráðgjafarnefndar, sem hefir það hlutverk að efla samvinnu milli landanna, stuðla að samræmi í löggjöf þeirra og hafa gætur á því, að engar ráðstafanir sjeu gerðar af öðru landinu, sem geti orðið til tjóns fyrir hitt landið".

Þegar þetta er athugað, þá virðist það höggva nærri jafnrjettinu að hafa þá aðferð, sem háttv. meiri hluti fer fram á; að minsta kosti bendir það ekki á hreina og drengilega afstöðu gagnvart Dönum. Það virðist ekki í anda laganna, að farið sje að sperra fót fyrir þá Dani, sem hingað hafa flust í trausti jafnrjettisins. Þeir líta á þetta svo, að það sje gert án nokkurs tilefnis frá þeirra hálfu, og þannig er það einnig. Það er tortrygni að halda, að Danir mundi nota sjer það, að þeir eru fleiri og ríkari, og í skjóli sambandslaganna flykkist inn í landið og hafi áhrif á stjórnmál þess. Jeg sje enga ástæðu til þessarar tortrygni, enda hafa Danir hjer ekki eftir mörgu að sækjast. Það lítur út fyrir, að heppilegra og viðkunnanlegra hefði verið, að svo strembið búsetuskilyrði, sem háttv. meiri hluti fer fram á, hefði verið lagt fyrir þessa ráðgjafarnefnd. Þar virðist mjer verkefni fyrir slíka nefnd samkvæmt athugasemdinni við 16. gr. sambandslaganna. Jeg ætla ekki að halda lengra út í þetta; það er ekki höfuðatriðið. En það hlýtur altaf að vera mikilsvert, að við komum drengilega og hreinskilnislega fram gagnvart sambandsþjóð okkar. Það er ekki rjett að láta svo sýnast, sem við höfum verið neydddir til að samþykkja sambandslögin. Við gengum að þeim frjálsir og ótilneyddir. Og það er hæpið, hvort hægt sje að telja það drengilega framkomu að lauma svo löguðu ákvæði inn í stjórnarskrána, þó að það komi líka niður á okkur sjálfum. En ef á því bólaði, að innflutningur Dana færi að verða svo mikill inn í landið, að til óhappa horfði, þá getum við sett þetta skilyrði, og ef það er heimilt með einföldum lögum, getum við sett ákvæðið í fyllilega tækan tíma, og það haft það eins strangt og okkur líkar. Það þarf ekki annað en setja einföld lög og ákveða þar, hvað búsetan skuli vera löng. Það getur verið, að menn álíti þá, að 5 ár nægi ekki, þegar mikill innflutningur hefst, og er okkar tillaga þá handhægari því það tekur ekki eins langan tíma að breyta búsetunni með einföldum lögum.

Þá er hin hliðin, og hún er þýðingarmeiri. Hún ein væri nóg ástæða til að hafa tilhögun þá, sem við viljum gera með tillögu okkar. Við eigum landa víðs vegar um heim, bæði í Ameríku, Danmörku og víðar. Þeir dvelja svo árum skiftir erlendis, og meiri hluti þeirra mun slíta heimilisfestu sinni hjer. Ef þeir vilja hverfa heim aftur, þá eiga þeir undir högg að sækja. Það hefir verið og er enn mikil útþrá í landanum. Jeg á hjer ekki við þá útþrá, sem togaði fjölda manns til Ameríku fyrir nokkrum áratugum, heldur gömlu útþrána, það að leita sjer frægðar og frama í öðrum löndum, sumir með þeim einráðna hug að koma heim aftur, aðrir, sem meira eru má ske tvíbentir. Okkur er óneitanlega gróði að því, að menn sæki mentun, menningu og nýja andlega strauma til útlanda, ef þeir koma heim aftur. Að stugga við þeim með 5 ára rjettarmissi er því svo viðsjárvert, að ástæðan til slíks þarf að vera *brýn*, eða öllu heldur *óhjákvæmileg*. Þar á móti ef slík hætta er á ferðum, verður að sleppa hlífðinni af þessum löndum vorum til að verja sjálfa oss. En þá mun sumum finnast efasamt, nema 5 ára tímabilið sje of stutt, og verður slíkt metið eftir ástæðum, þegar þar að kemur. Það er þess vegna að minsta kosti eins mikil trygging í okkar till., og hún skaðar ekki sjálfa okkur að óþörfu. Í till. meiri hlutans er veitt undanþága ýmsum mönnum frá því að slíta búsetu hjer við dvöl erlendis, svo sem nemendum og sjúklingum. Jeg veit ekki, hve víðtækt þetta á að verða í reyndinni. Jeg er hræddur um, að ákvæðið nái til fárra, nema það sje teygt svo langt, að nærri stappi broti á sambandslögunum, eða jafnrjettissamningnum. Þetta er tekið fram í okkar kafla í nefndarálitinu, og það er svo ljóst, að ekki ætti að þurfa að fjölyrða um það.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að ýmsu, sem háttv. frsm. meiri hlutans (B. Sv.) sagði. Hann gat þess snemma í ræðu sinni, að þegar 5 ára skilyrðið hafi verið sett í stjórnarskipunarlögin frá 1915 fyrir þá, sem ekki voru fæddir Íslendingar, þá hafi enginn kvartað, og hafi heldur ekki síðan heyrst neitt í þá átt. Það er skiljanlegt, að menn hafi ekki kvartað þá, af því að þetta skilyrði náði ekki til þeirra, sem fæddir voru á Íslandi. Það er skiljanlegt, að mönnum hafi ekki orðið órótt, þó komið væri við þá Dani, sem hingað flyttu eða nýfluttir voru; þá var sem sje engin jafnrjettissamningur kominn á við Dani. Ef háttv. frsm. meiri hlutans (B. Sv.) hefði viljað hafa fyrir því að fara lengra en á yfirborðið, þá hefði hann vel mátt taka þetta fram.

Þá gaf háttv. frsm. (B. Sv.) tilefni til að halda, að við litum öðruvísi á ráðgjafarnefndina en þeir hinir. Jeg held, að engin ágreiningur hafi orðið um það, hvernig ber að skilja tilveru og tilgang þeirrar nefndar. Hún er auðvitað að eins ráðgefandi; en hún *getur verið* málamiðlandi. Vald hefir hún auðvitað ekki. Hún hefir með öðrum orðum að eins tillögurjett; en svo eru þingin sjálfráð um, hve mikið þau leggja upp úr till. hennar. Hún á að vera til þess að reyna að koma á samræmi í löggjöf og miðla málum milli landanna, ef þarf og í það fer. Það getur vel hugsast, að ágreiningur rísi milli landanna, og mundi þá ráðgjafarnefnd að sjálfsögðu reyna að jafna þá misklíð, enda er það beint tekið fram í útskýringum á sambandslögunum. Okkur þótti sanngjarnt og drengilegra, að þetta stranga búsetuskilyrði hefði verið borið undir nefndina, því 5 ára skilyrðið er svo strembið, að eðlilegt er, að það veki óánægju í Danmörku.

Við segjum ekki með þessu, að Ísland eigi að slá af, þegar nauðsyn er að gera þessa ráðstöfun, en það getur vel verið, að nefndin hefði fundið málamiðlunarveg, sem báðum málspörtum yrði til góðs. Og setjum nú svo, að þetta atriði (5 ára bú-

setan) hefði verið lagt fyrir nefndina, og býst jeg þá við, að niðurstaðan hefði orðið eitthvað svipuð og við komumst að, að hafa skilyrðið 2 ár, en færanlegt eftir vild Íslendinga og þörfum, heldur en að slá því föstu þegar í stað, að það skuli vera til 5 ára.

Háttv. frsm. meiri hlutans (B. Sv.) talaði um það, að við hefðum söðlað um, þar sem við viljum ekki 5 ára skilyrðið; en í nál.-kafla okkar tölum við síðar um það, að 5 árin sjeu ekki full trygging, ef í það fer. Við höfum ekkert breytt skoðun, því síður söðlað um í þessu máli. Í byrjun okkar kafla af nál. er lýst skoðun okkar á því, að vjer höfum *rjett* til að setja það búsetuskilyrði, sem oss sýnist þörf á. En á hinn bóginn sjáum við ekki ástæðu til að hafa búsetuna 5 ár þegar í stað, því með því er ekkert annað gert en að sýna Dönum tortrygni og skaða sjálfa okkur. En ef vanda ber að höndum, viljum við, að hægt sje að vinda bráðan bug að því að byrgja brunninn, og ef 5 ár verða ekki talin næg trygging, eins og virðist skoðun sumra, þá er fljótlegra að setja þá tryggingu fullkomnari eftir okkar till., því óneitanlega er fljótlegra að breyta einföldum lögum en stjórnarskránni. Háttv. frsm. (B. Sv.) sagði, að við viðurkendum, að búsetuskilyrði þyrfti að hafa. Þetta er alveg rjett, við höfum aldrei borið á móti því, kafli okkar í nál. byrjar einmitt á því. En við viljum hafa búsetuna þannig, að hún sje full trygg, en sem minstur skaði að henni fyrir landa okkar. Ágreiningurinn var aldrei um það, hvort við hefðum rjett til að haga þessu þannig, ekki heldur um það, að vera viðbúnir þegar á þyrfti að halda, heldur að eins um, hvernig beri að haga þessu nú, meðan engin hætta er á ferðum.

Þá vildi háttv. frsm. meiri hlutans (B. Sv.) gera lítið úr þeim kafla okkar í nál., sem fjallar um aðsókn Dana til Íslands. Við höldum því fram, að ekkert sje þar að óttast fyrst um sinn. Það er ekki eftir miklu að sækjast hingað fyrir Dani. Ef við athugum fiskiveiðarnar, þá eru litlar líkur til, að Danir fari að flykkjast hingað þeirra vegna. Þeim hefir ekki tekist að reka þær hjer með arði; og Norðmenn og Svíar, sem þó hafa getað haft arð af síldveiðum sínum hjer við land, hafa ekki getað flutt með sjer það fólk, sem þeir hafa þurft á að halda. Þegar þetta er athugað, þá fer hættan að verða lítil af innflutningi Dana til fiskiveiða. Ef litið er á námana, þá verður það sama upp á teningnum. Hjer hefir verið danskt fjelag að reka kolanámu, og höfuðstóll þess fjelags ca. 350 þús., og hefir það nú eytt honum öllum, að sögn, á upp í það eitthvað af áhöldum og getur verið einhvern slatta af kolum. Það er ekki betur stætt en svo, að það sækir um eftirgjöf á 12 þús. kr. skuld, sem á námunni hvílir við viðlagasjóð. **Hjer getur varla fyrst um sinn verið um aðrar námur að ræða, sem** vinnandi eru. Ja,—nema þá gullnámur(!). Það er vitanlegt, að ef Ísland yrði nokkurskonar Klondike, þá streymdi hingað fólk úr öllum áttum, bæði frá Danmörku og öðrum löndum. En ætli það væri ekki nægur tími til að koma á breytingu í kosningarlögum um lengri búsetuskilyrði á meðan verið væri að grafa *betur* eftir gullinu!

Það eina, sem nefnt hefir verið í þessu sambandi og komið gæti til mála, er fossaiðnaður. Það hefir ekki verið talið ólíklegt, að hægt væri að fá fje til þessa iðnaðar í Danmörku, og af því er sprottin sú mikla óbeit á innflutningi fólks og fjár, sem nú gerir vart við sig. En nú virðist enginn járnbrautarhraði ætla að verða á framkvæmd þess máls. Jeg þori að spá því, að við getum beðið rólegir í 5—10 ár áður en nokkuð það verður gert í framkvæmda áttina í þessu máli, að innflutningur fólks fari að aukast í *stórum* stíl. Slíkur innflutningur gengur eigi heldur svo ört, að

ekki verði hægt að átta sig á því, setja undir lekan í tíma, og þá er till. okkar fulltrygg. Það er líka heimtuð 2 ára búseta, og oftast stendur svo á, að tíminn mundi verða lengri, eftir því sem kosningar færu fram.

Þá talaði háttv. frsm. meiri hlutans (B. Sv.) um þann kafla í nál. okkar, sem fjallar um aukningu Danmerkur suður á bóginn. Við gátum þess til, að það yrði til að draga úr athygli þeirra og aðsókn hingað á bóginn, en hann heldur þvert á móti, að þeir fyllist svo fjöri og framkvæmdavilja, að þeir sjái sjer allar leiðir færar og vilji auka stafssvið sitt hingað líka. Það má deila um þetta fram og aftur, en þó held jeg, að færa megi rök og sterkar líkur að því, að okkar skoðun muni rjettari. Í þeim landshluta suður á bóginn, er Danir fá nú, býr blendingur Dana og Þjóðverja, og verður ekki hjá því komist, að margir þar sjeu af hreinu þýsku bergi brotnir. Danir munu því leggja mikla áherslu á, að dönsk áhrif fái þarna yfirhönd, og munu ósparir að leggja þar í framkvæmdir, — í stuttu máli, gera sitt ítrasta til að nema þar land dönsku þjóðerni, og til þess þurfa þeir bæði fólk og fje. Þarna, sem annarsstaðar, eru lítt ræktuð svæði til innan um, svo að verkefnin eru nóg.

Þá hefir það verið borið fram, að tryggingin með okkar tillögu væri lítil, að því leyti, að breyta mætti aftur ákvæðinu með einföldum lögum. Þá mætti eins færa það til baka á sama hátt og lengt var. Jeg skal játa það, að þeir, sem ekkert byggja á framtíðinni og óttast, að þeir, sem síðar koma, verði okkur langtum heimskari og óþjóðræknari, geta komið með þessa röksemd. En þá fer trygging hinna líka að rjena, því að stjórnarskráin er ekki óbreytileg, þó breytingar hennar taki lengri tíma en annara laga. En við verðum hjer, sem annarsstaðar, að treysta framtíðinni, því án þess er alt starf okkar hjer hjegómi einber.

Nú hefir háttv. meiri hluti haldið því fram, að á því væri ekki mikill munur, hvort þetta búsetuskilyrði væri sett með einföldum lögum eða með stjórnarskrárbreytingu. En þá mætti eins segja, að tryggingin fyrir festu ákvæðisins væri ekki mikið meiri, þó 5 ára búsetan væri sett í stjórnarskrána. Jeg held, að við minni hluta menn sjeum sammála um það, að við þorum vel að treysta framtíðinni, ef við að eins leggjum vel til hæfis og gerum henni ekkert til skaða í þessu efni, en látum hana hafa alveg frjálsar hendur. Ef við hins vegar ættum að fara að bera umhyggju fyrir framtíðinni svona nákvæmlega í hverju atriði, þá veit jeg ekki, hvar ætti að byrja eða enda, og hvað mikið þingið mundi komast yfir. Víst er um það, að þá fengi þingið nóg að gera. Á ýmsum sviðum getur framtíðin spilt sjálfstæði okkar, bæði efnalega og stjórnskipulega, ef illa er að farið. Og hvað eiginlega megnum við að setja undir þann leka fyrirfram? Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta nú.

En svo er atriðið í brtt. okkar hv. 1. þm. Eyf. (St. St.), sem jeg ætla rjett að víkja að, en hefi eigi gert áður. Till. er sem sje á þgskj. 557, og er við brtt. stjórnarskrárnefndar á þgskj. 504, og hljóðar svo: „og verið búsettir í landinu síðustu tvö árin áður en kosningar fara fram. Setja má með lögum frekari skilyrði fyrir kosningarrjetti, þar á meðal lengri búsetu í landinu“. Með orðunum „frekari skilyrði“ vakti fyrir okkur það, sem oft hefir komið til orða meðal manna, að rjett væri að geta sett einhver prófskilyrði fyrir kosningarrjetti, þannig að hægt væri að ganga úr skugga um það, að sá maður, sem hefir rjett til að kjósa, sje með fullu viti og sje að minsta kosti bæði læs og skrifandi, og fullnægi má ske fleiri þekkingarskilyrðum, svo að hann teljist hæfur til að hafa þennan rjett. Okkur hefir fundist hægra að koma slíkum ákvæðum fyrir í kosningalögunum heldur en að setja þau í stjórnarskrána. Kosning-

arskilyrði í sjerstökum lögum eru alls ekki einsdæmi; þau finnast talsvert víða.

Það bólar enn fremur á þessari hugsun í einni brtt. hjer á þgskj. 64, „að tala og rita íslenska tungu stórlýtalaust“. Það kann að vera, að þetta þætti nærgöngult við jafnrjettið, því sennilega mundi það ekki koma niður á Íslendingum sjálfum; þeir eru varla svo málhaltir, að þeir geti ekki uppfylt þetta skilyrði. En eins og kunnugt er, þá er sá galli á frændum okkar Dönum, að þeir eiga erfitt með að læra að tala íslensku stórlýtalaust. En hins vegar mætti orða þetta skilyrði á annan hátt. Ef þekkingarskilyrði eru sett, þá mega þau ekki miðast við það eitt, að útiloka Dani, sem sjaldan tala íslensku stórlýtalaust.

Jeg skal svo ekki fara neitt út í einstakar brtt. Það gerir hv. frsm. meiri hlutans (B. Sv.). En má ske minnist jeg seinna citthvað á brtt. á þgskj. 556, sem jeg er meðflutningsmaður að.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla sjerstaklega að tala um brtt. nefndarinnar. Hins vegar mun jeg ekki fara neitt út í aðrar brtt. að svo komnu.

Nefndin hefir ekki breytt þessu frumvarpi stjórnarinnar í mörgum atriðum, og segir hún það enda sjálf. Hún þykist hafa fært frumvarpið til betra máls víða. Um það má auðvitað deila. Satt að segja finst mjer sumar af þessum orðabreytingum nefndarinnar vera óþarfar. Annars skal jeg látinn dóm leggja á það, hvaða breytingar beri að samþykkja. Sumar bæta má ske málið dálítið.

Um efnisbrtt. vil jeg geta þess, að jeg býst við, að það sje vafasamt, hvort skilja beri við 4. brtt. nefndarinnar annað en að það sje orðabreyting.

Jeg skal að vísu játa, að það kann að vera, að orðið „nafnsett“ sje ekki sem allra heppilegast. En auðvitað var það með vilja sett í staðinn fyrir „undirritað“. Það er ekki jeg, sem hefi fundið þetta orð, heldur gerði annar maður það, sem tekur mörgum fram í kunnáttu í íslenskri tungu. En þetta var sett vegna þess, að ekki er gert ráð fyrir, að ráðherra geri annað en „meðundirrita“, en að konungur aftur „undirriti“. Meiningin var sú, að gera greinarmun á þessu tvennu. Það er vitanlegt, að eins má nota orðið „undirrita“, því í rauninni er hið sama meint með báðum orðunum.

Í 5. brtt., við 14. gr., er ætlast til, að orðin „svo sem með því að undirrita“ til enda greinarinnar falli burtu.

Þetta er mjög lítil efnisbreyting, sem hvorki gerir til eða frá. Og finst mjer, að henni hefði mátt sleppa. Enda hefi jeg ekki heyrt hv. frsm. meiri hlutans (B. Sv.) gera neina grein fyrir henni á neinn hátt. Ef nefndin hefir einhverjar ástæður fyrir þessari **brtt., sem jeg býst við að hún hafi**, þá eru **þær mjer huldar.**

7. brtt., liður a., að á eftir orðinu „eið“ komi „drengskaparheit“. Jeg ímynda mjer, að það hafi vakað fyrir nefndinni, þegar hún setti þetta brtt., að í lögum hjá okkur er fallið burtu orðið „eiður“, en „drengskaparheit“ komið í staðinn. Meiningin er sú sama; einungis var „eiður“ notað áður fyr. Má ske hefði mátt sleppa orðinu „eið“, en láta „drengskaparheit“ nægja. Seinni brtt., b-liðurinn, er aftur á móti sjálfsagt til bóta.

Jeg hefi í rauninni ekkert að athuga við 17. gr. En þó er þar gerð lítil breyting, sem veldur því, að greinin verður ekki alveg eins skýr og hún er eftir stjórnarfrumvarpinu. Þar stendur: „Konungur stefnir saman reglulegu Alþingi ár hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þinginu má eigi slíta fyr en fjárlög eru samþykt.“ Þessi fyrri partur er eins og í stjórnarfrv. En seinni parturinn: „Konungur getur og kvatt Alþingi til aukafunda“, er tæplega nógu skýrt orðaður.

Þar sjest ekki á orðalaginu, að konungur ráði líka, hve nær því þingi skuli slitið. Aftur er það skýrt tekið fram í 18. gr. í stjórnarfrv., sem ætlast er til að falli burtu. Jeg hefði talið heppilegra, að þessi grein hefði fengið að standa. Auðvitað dettur engum lögfræðingi í hug að skilja þetta öðruvísi en að það eigi við bæði þingin. En það hefði gjarnan mátt segja það berum orðum.

Um brtt. við 19. gr., að í staðinn fyrir 4 vikur komi 2, er það að segja, að jeg skil ekki, að ástæður sjeu til þess að breyta þessum 4 í 2. En hina brtt., við 20. gr., að breyta 12 mán. í 8, get jeg vel felt mig við.

Viðvíkjandi 21. gr., og hvernig nefndin vill skilja fyrra atriði hennar, held jeg að betur færi á, að hún kæmi með beina brtt. við greinina. Jeg held, að varla sje fært að krefjast þess af konungi, að hann gefi alment leyfi til þess að leggja fram stjórnarfrumvörp. Eftir þeim reglum, sem tíðkast annarsstaðar, mundi þetta teljast ókleift. Jeg lít svo á, að þessi athugasemd sje komin fram af vangá hjá nefndinni. Enda er þetta algerlega óþarft. Það eru margir aðrir vegir til að komast fram úr þessum vandræðum, sem nefndinni hefir vaxið í augum. Jeg álít, að þetta hafi ekki verið fullhugsað. Auk þess getur það ekki verið neitt kappsmál fyrir nefndina, því það hefir litla „praktiska“ þýðingu.

Um brtt. 14, 15, 16, 18 og 19 hefi jeg ekkert að segja. Það er ekki annað en breytingar á orðalagi núgildandi stjórnarskrár, sem margir af þessum hv. þm. hafa verið í verki með að orða þannig.

Jeg ætla að hlaupa yfir 20. brtt., sem hv. frsm. (B. Sv.) gerði. Svo kem jeg ekki auga á neina brtt., sem ástæða er til að tala um, fyr en þá 27., að í staðinn fyrir „greinileg skýrsla“ komi „greinargerð“. Í viðtali við hv. nefnd kom það til tals að breyta „skýrsla“ í „greinargerð“. Þessi tvö orð hafa má ske ekki alveg sömu merkingu. Það er komið undir, hvað átt er við með orðinu „greinargerð“. Það, sem fyrir mjer vakti, þegar jeg setti þessi orð, „greinileg skýrsla“, var, að þegar ætti að lýsa nákvæmlega fjárhagsástæðum landsins, þá mundi það heppilegra en hitt orðið. Hins vegar tel jeg víst, að nefndin leggi sömu merkingu í orðið „greinargerð“, og með þá skýringu fyrir augum má vel við þetta una.

Jeg veit ekki, hvort bein þörf er á að breyta orðinu „jarðeign“ í „fasteign“, en jeg sje ekkert á móti því, að svo verði gert. Það kann vel að vera, að mjer hafi sjest yfir einhverja brtt., sem ástæða væri til að minnast á, en nú vil jeg víkja að brtt. við 65. gr. Þeirri grein er breytt einna mest af hálfu nefndarinnar. Það kann að vera einhver ástæða til þess. En þessi grein, eins og hún er í stjórnarfrv., hefir víst staðið í stjórnarskrám allra siðaðra ríkja, mjög líkt orðuð, síðan franska stjórnarbyltingin átti sjer stað. Greinin á ekki að merkja annað en það, að menn skuli hafa frjálsan rjett til hverrar atvinnu sem er, nema þeirrar, sem takmörkuð er með lagaákvæðum, af því að almenningsheill krefst þess. Þetta er dálítið annað en að fyrirskipa, að setja skuli lög um allan atvinnurjett manna. Sennilega hefir það vakað fyrir nefndinni, þegar hún orðaði greinina um, að það væri óþarfi að taka þetta upp í stjórnarskrána, af því að öll höft á atvinnufrelsi manna væru nú þegar numin burtu. En það er að gætandi, að nefndin segir mikið meira í sinni grein en stóð í frv. stjórnarinnar.

Jeg minnist þess nú, að jeg hljóp yfir 3. brtt., þar sem stendur, að orðin: „Á fundum þessum ræður afl atkvæða“ falli burtu. Ef þetta ákvæði á að falla burtu, þá skil jeg satt að segja ekki, að ráðherrafundirnir hafi þá þýðingu, að taka eigi ákvæði um þá í stjórnarskrána.

Háttv. frsm. meiri hl. (B. Sv.) talaði um það í ræðu sinni, að þetta ákvæði gæti valdið óþægindum, ef báðir hinir ráðherrarnir yrðu á móti forsætisráðherra. Og hann spurði, hvað þá ætti að gera. Þar er því til að svara, að einu gildir hver af ráðherrunum í hlut á. Sá þeirra, sem verður í minni hluta, verður að beygja sig, ef hann telur ágreiningsatriðið ekki mjög mikilvægt. Að öðrum kosti lætur hann ekki undan og biður um lausn. Mjer finst þetta vera auðskilið mál, og er enda venja hvar sem er.

Þessir ráðherrafundir eru settir hjer vegna þess, að vitanlega er mjög sjaldan hægt að hafa ríkisráðsfundi. Og þessu á að vera hjer líkt hagað og tíðkast annarsstaðar, að í stað reglulegra ríkisráðsfunda halda ráðherrarnir sjálfir fund með sjer, atkv. eru bókuð eða færð til „protokolls", og gerðir fundarins eru síðan sýndar konungi á eftir.

En vilji menn nú ekki halda þessu ákvæði um afl atkvæða, þá verða þessir ráðherrafundir ekki annað en samtalsfundir, og verða þeir þá ekki svo merkilegir, að rjett sje að setja um þá ákvæði í stjórnarskrána.

Það á að rjettu lagi að gilda sama reglan um þau mál, sem skylt er eftir stjórnarskránni að ræða á fundum þessum, og hin önnur mál, sem einhver ráðherranna vill bera undir þessa fundi, að afl atkv. ráði og sá ráðherra, sem í minni hluta verður, verði að beygja sig fyrir meiri hlutanum.

Þá er eitt ákvæði, sem jeg get ekki fyllilega sagt um, en tel þó í sjálfu sjer gott. Það er brtt. um að heimila hlutfallskosningu hjer í Reykjavík.

En gildi þeirrar brtt. fer eftir því, hvort samþykt verður önnur brtt., sem fram hefir komið. Jeg get ekki sjeð, að nein ástæða væri til slíkrar heimildar, ef ekki verður fjölgað þingmönnum þess kjördæmis.

Misrjettið væri þá eftir sem áður svo mikið, að naumast væri vert að vera að káka við nokkra breytingu.

En í sjálfu sjer er þessi till. góð.

Um 29. gr. frv., eða 20. brtt. háttv. meiri hl., get jeg verið mjög stuttorður.

Jeg lít svo á, að brtt. háttv. minni hl. við þá gr. sje þannig vaxin, að hún ætti að geta nægt öllum þeim, sem hræddir eru við innflutning útlendinga, og þá sjerstaklega Dana, hjer til landsins.

Og jeg get lýst því yfir, að jeg get alveg fallist á hana og sje ekki ástæðu til að bæta neinu við greinargerð háttv. minni hl. að því leyti.

Og jeg verð að segja það, að þegar athugaðar eru rólega og með fullri aðgætni brtt. minni hl. og brtt. meiri hl., þá er mismunurinn ekki svo mikill, að háttv. frsm. meiri hl. (B. Sv.) geti haft nokkurn rjett til þess að tilkynna flokkaskifti í landinu út af því í framtíðinni.

En um þetta ákvæði í stjórnarfrv. sjálfu skal jeg geta þess, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) var fjarverandi þegar það varð til, og hefir hann því alls ekki að því komið.

En að jeg hafði þetta ákvæði svona úr garði gert var fyrst og fremst af því, að jeg minnist þess ekki, að samskonar ákvæði sje haft öðruvísi í nokkurri stjórnarskrá utan Íslands.

Alstaðar, þar sem jeg veit um, er ákvæðið svo í grundvallarlögum og stjórnarskrám annara ríkja.

Það kann að vera dálítill munur á búsetuskilyrðunum; jeg minnist þess t. d., að í Hollandi er það 18 mánuðir, en það er líka lengsti tíminn, sem jeg minnist að heimtaður sje, að ríkisborgarar sjeu búsettir í landi, til þess að verða atkvæðisrjettar aðnjótandi.

En það fanst mjer eðlilegast og rjettast að hafa þetta ákvæði líkt og annarsstaðar gerist. Og þá var spurningin að eins um það, hvort þörf væri að hafa það öðruvísi vegna hættu þeirrar, sem okkur væri búin af hálfu Dana. En jeg fyrir mitt leyti verð að líta svo á, að engin hætta sje á innflutningi þeirra í fyrirsjáanlegri framtíð.

Og þar í liggur allur meiningamunur háttv. meiri hl. og þeirra, sem minni hl. fylgja.

Þeir sjá í því atriði hættu, sem þeir vilja fyrirbyggja með þessu ákvæði sínu. Og það má segja, að sje sá ótti háttv. meiri hl. á rökum bygður, þá sje rjett að setja ákvæðið.

En þeir, sem líta á málið frá mínu sjónarmiði, sem telja engin líkindi til þess, að slíkur innflutningur verði, fyrir þá er ekki nema eðlilegt að setja ákvæði þetta eins og jeg gerði í fyrstu.

Þá er ekki nein ástæða til þess, að við förum að svifta okkur sjálfa neinum eðlilegum rjettindum að þessu leyti.

Háttv. frsm. meiri hl. (B. Sv.) talaði um þetta sem nýmæli hjá mjer, að jeg setti ákvæðið svo.

Nýmæli er það að vísu að því leyti, að það er annað en í stjórnarskránni stóð og staðið hefir í um 4 ár. En í athugasemdunum við sambandslögin er þess getið, að þessu ákvæði eigi að breyta, en ekki til tekið, hvernig sú breyting eigi að vera.

Og þar sem Knud Berlin hefir verið að vara menn við þessu atriði, þá þykir mjer ekki fjarri sanni, að hann hafi skrifað grein sína einmitt með það fyrir augum, að háttv. meiri hl. hjer gæti vitnað í hana. Hann getur sjálfsagt reiknað með okkur eins og öðrum. (*B. J.*: Hann gerist djúpsær, ef svo er). Til hans hefir líka oft verið vitnað af sjálfstæðismönnum, þegar þeir hafa þurft á að halda.

Þetta 5 ára ákvæði er ekki upphaflega orðið til beint af hræðslu við útlendinga, heldur til þess að skapa íslenskan borgararjett, en nú höfum við okkar þegnrjett, og þurfum þess því ekki lengur við.

Háttv. frsm. meiri hl. (B. Sv.) talaði um innflutningshættuna vegna fossaiðnaðarins, járnbrautanna o. fl.

En eins og nú standa sakir, er helst útlit fyrir, að þvertekið verði fyrir það, að útlendingar fái að stafrækja fossa hjer.

Og hvar er hættan þá?

Og nú veit enginn einu sinni, hvað fossamálinu líður á þingi, þessu máli, sem allir hjeldu að yrði eitthvert mesta stórmál þingsins.

Þar er því varla hætta búin.

Og eftir því, sem nú lítur út með þann iðnað annarsstaðar, þá mun ekki mikil hætta á því, að útlendingar kæri sig um að koma honum hjer á fót fyrst um sinn.

Jeg mintist á prófessor Knud Berlin. En ef farið væri eftir hans tillögum, þá væru 5 ár ekki nóg, 10 ár væru það minsta, veitti ef til vill ekki af 25 árum.

En sem sagt, þá er bilið milli meiri og minni hl. ekki fjarska langt. Minni hl. vill setja fyrst 2 ár, með heimild til lengingar, ef þörf krefur. En meiri hl. vill fastákveða 5 ár í eitt skifti fyrir öll.

Háttv. frsm. meiri hl. (B. Sv.) sagði, að gera mætti stjórnarskrárbreytingu, ef lengja þyrfti tímann. En jeg hjelt, að þeir vildu einmitt ákveða 5 ár strax, til þess að komast hjá að þurfa að breyta aftur.

En eins og jeg hefi áður sagt, er munurinn að eins sá, að jeg álít hjer enga hættu á ferðum, en meiri hl. aftur á móti álítur það. En til þess að setja undir þann leka mun jeg nú fallast á brtt. háttv. minni hl.

En þegar jeg tala um breytingu á 5 ára búsetunni, þá tala jeg um hana eins og hún fyrst kom fram frá háttv. þm. Dala. (B. J.). Var sú breyting hans sú, að færa ákvæðið í 4 ára tíma, og vilji háttv. þm.

(B. J.) ekki viðurkenna það nú, þá hlýtur það að stafa af því, að hann sje farinn að tapa minni, og get jeg ekki að því gert.

Brtt. var gerð við stjórnarfrv. eins og það lá fyrir, og hvað sem hv. þm. (B. J.) meinti þá, var þetta það sem hann gerði.

En þetta er ekkert aðalatriði.

Þegar jeg hefi talað um þetta atriði, hefi jeg ekki haft í huga undantekningarnar.

Háttv. meiri hl. segir, að hún sje í samræmi við lögin um ríkisborgarrjett. En það er allsendis órjett. Það eru alt önnur ákvæði, sem standa þar, eða þau, sem hjer eru í till. háttv. meiri hl. Sendimenn ríkisins var óþarfi að nefna hjer, þar sem ekki verður deilt um það, að þeir sjeu búsettir í landinu.

En háttv. meiri hl. segir, að ákvæðið um þá, sem dvelja erlendis við nám eða lækningar, sje hið sama og stendur í 9. gr. laganna um ríkisborgararjett, en svo er alls ekki. Þar segir svo í niðurlagi gr.:

> „Eigi skal það talið heimilisfang á Íslandi samkvæmt þessari gr., þótt danskur maður hafi dvalist þar 1. des. 1918 sem sjúklingur á sjúkrahúsi, við nám, í fangelsi eða sem þurfamaður. ....“

Þetta vantar alveg í till. háttv. meiri hl., og þýðir því ekki fyrir hann að vísa til þessara laga. Og jeg lít svo á, að þessi ákvæði háttv. meiri hl. sjeu svo víð, að ekki sje hægt að samþykkja þau. Því að annaðhvort eru þau þýðingarlaus, eða þau eru brot á sambandslögunum.

Og jeg get ekki talið það rjett, að við sjeum að undanskilja okkur með slíkum undanbrögðum, ef jafnrjetti á að vera á annað borð.

Háttv. frsm. meiri hl. (B. Sv.) sagði, að jeg hefði ekki haft leyfi til að setja þessi ákvæði svona í stjórnarfrv. En jeg hefi nú sagt mínar ástæður fyrir því, og menn verða að leggja sinn dóm á þær.

Um þetta atriði hefir ekki heldur komið annað fram en það, sem stendur í athugasemdunum við sambandslögin, og auk þess það, sem háttv. frsm. meiri hl. (B. Sv.) ljet um mælt á þinginu í fyrra. Vil jeg leyfa mjer að lesa upp nokkur orð hans þá. Hann segir svo:

> „Sambandsmenn hafa verið að tala um að takmarka rjettindi Dana hjer á landi, með þeim hætti, að gera heimilisfestu innanlands að skilyrði fyrir atvinnurekstri í landinu. Jeg skal engu spá um efndirnar, sem á því yrðu. En örðugt mundi það þó veitast, þar sem slíkt væri ótvírætt brot á anda samningsins.“

Og hv. frsm. meiri hlutans (B. Sv.) sagði, að þetta væri brot á móti anda samningsins. Hvort það er svo eða ekki, segi jeg ekkert um, en hv. þm. (B. Sv.) sagði þetta í þá daga, og hann sagði meira. Með leyfi forseta vil jeg lesa upp kafla úr ræðu hv. frsm. meiri hlutans (B. Sv.):

> „Erindrekar Dana hafa ekki sett þessi afdráttarlausu skilyrði um jafnrjettinn í samninginn alveg út í bláinn. Nefndarmennirnir íslensku hafa einnig fallist á þau, og þau eru í samræmi við allan anda samningsins, þótt heyrst hafi síðan, að torvelda mætti Dönum aðstöðu þeirra með búsetuskilyrðum.“

Og svo segir hv. þm. (B. Sv.) enn fremur:

> „En jeg sje ekki betur en slíkt væri brot á samningnum, og væri það ekki fögur aðferð eða heillavænleg að gera samning með þeim hug að svíkja hann.“

Þetta sagði nú hv. frsm. meiri hlutans (B. Sv.) í fyrra, og hjelt jeg því þess vegna, að jeg hefði að minsta kosti stuðning þessa hv. þm. (B Sv.), sem nú kemur upp úr kafinu, að mest berst fyrir að

hafa búsetuskilyrðið fimm ár. Þetta er þá líka að forminu til jafnrjetti, en í eðli sínu er það misrjetti, af þeim ástæðum, „að Íslendingar standa nær uppsprettunni“, eins og prófessor Lárus H. Bjarnason sagði í fyrra. Prófessor Lárus H. Bjarnason áleit líka enga ástæðu til að breyta þessu ákvæði í lögunum. Hann spurði mig, hvað jeg gæti haft á móti röksemdunum í pjesa sínum, og mjer finst margt mega færa fram þeim til stuðnings. Ef þetta er rjett hjá Lárusi H. Bjarnasyni, þá er það ekki nema eðlilegt, að þetta verði dálítið vandræðamál. Jeg legg mikla áherslu á það, að ekki verði annað sagt um oss Íslendinga en að vjer höldum vel gerða sáttmála. Það er auðvitað, að sje hætta á ferðum, að íslenskt þjóðerni verði yfirbugað, þá verður alt að víkja fyrir þeirri hættu, en sú hætta verður þá að vera á einhverju bygð. Jeg felli mig betur við brtt. minni hlutans í þessu atriði, sjerstaklega af því, að við eigum ekki að gera löndum vorum erlendis þyngra fyrir um ríkisborgararjettinn en þörf krefur. En tryggingin fult eins góð.

Bjarni Jónsson: Jeg sje mjer ekki fært að láta þetta merka mál fara svo gegnum hv. deild, að jeg lýsi ekki skoðun minni á þessum litla meiningarmun, sem ræðuskörungurinn á undan mjer vildi samfæra háttv. deild um að væri milli háttv. meiri og minni hluta.

Jeg vil þá hefja mál mitt á því, sem allir vita, að stjórnarskrá er sett til þess að ákveða mönnum takmörk, sem þeir mega að fara, en ekki yfir. Stjórnarskránni er því á sinn hátt líkt farið og hegningarlögum, sem eru sett sem varnarhringur um önnur lög, en væru óþörf ef enginn bryti lög. Í stjórnarskrá eru og sett ýms almenn ákvæði, sem eiga ekki við neina yfirvofandi hættu, heldur það, sem fyrir getur komið. Þannig er í stjórnarfrv. settar ýmsar reglur, sem eiga ekki við neinar sjerstakar yfirvofandi hættur, heldur það, sem fyrir getur komið, og eru því nokkurskonar varúðarreglur, ef einhverjum skyldi detta í hug að gera öðruvísi en það, sem væri í samræmi við hið ákveðna stjórnarfar í landinu.

Þetta kemur að því leyti við því, sem um er deilt, að þótt hættan sje ekki yfirvofandi, þá er þó best að hafa alla varúð, og aldrei er of varlega farið. Ef hættan verður aldrei nein, sakar ekkert að hafa farið varlega, en ef hættan skyldi dynja á, er ilt að vera ekki undir búinn, því að það er of seint að herklæðast, er á hólminn er komið.

Nú stendur svo á, að þetta er fyrsta löggjafarþingið eftir að Íslendingar fengu viðurkenningu Dana fyrir því, að þeir væru fullvalda ríki. Það munu nú allir hafa samþykt þennan sáttmála með þeim ráðna hug, að sjá á þessu þingi borgið í framtíðinni öllu frekara sjálfstæði landsins. Var það haft á orði, bæði í fullveldisnefndinni, sem skipuð var, og manna á milli, að nú skyldi setja öll þau ákvæði inn í stjórnarskrána, sem kæmi í veg fyrir hvern þann háska, hvort heldur yfirvofandi eða ekki, sem hinu unga fullvalda ríki gæti stafað hætta af. Komst þá búsetuskilyrðið til orða meðal annars, og lýsti jeg því þá yfir, að jeg mundi koma með þessa brtt., ef engir aðrir yrðu til þess. Jeg vona, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) kannist við, að jeg hafi látið hann vita um þetta fyrir löngu, svo að það þýðir ekki að saka mig um þetta; hann hefir þá ekki heldur sjálfur gert slíkt, en flokksmenn hans hafa gert það.

Þetta getur verið nokkurskonar inngangur að svari við því, sem háttv. þm. Suður-Dana, nei, jeg ætlaði að segja Suður-Þingeyinga (P. J.) hefir sagt. Þessi háttv. þm. (P. J.) hafði af speki sinni fundið það út, að stjórnarskrárnefndin væri óklofin,

og því gæti hann ekki heitið frsm. minni hlutans.

Þetta er rjett að því leyti, sem nál. er ekki í tvennu lagi, en þrátt fyrir það er nefndin klofin um búsetuskilyrðið (*P. J.*: Þetta sagði jeg líka). Háttv. þm. (P. J.) gerist nú allgamlaður, er hann man ekki, að hann vildi ekki fallast á, að nefndin væri klofin um þetta atriði. Svo var þessi sami háttv. þm. (P. J.) að tala um, að sjer fyndist enginn munur á tryggingunum, sem felast í till. meiri og minni hlutans um búsetu manna. Jeg vil þó benda honum á, að ef í búsetuskilyrði er trygging fólgin, þá er þó meiri trygging í fimm ára ákvæðinu heldur en í tveggja ára ákvæðinu. Í öðru lagi er það tryggara sem stendur í stjórnarskrá,heldur en það, sem stendur í almennum lögum, vegna þess, að ef breyta þarf stjórnarskránni, kemur til kasta kjósenda, og er það því þeirra vilji sem ræður. En ef þetta ákvæði stæði að eins í einföldum lögum, þá gætu menn tekið sig til, er þing væri hagstætt, t. d. þegar fylgismenn minni hlutans væru í meiri hluta, og numið þetta skilyrði úr gildi. Mjer finst því harla lítil trygging fólgin í þessu viðbótarákvæði minni hlutans, um að ákveða megi búsetuna lengri með einföldum lögum Hún er fyrst og fremst háð því, að menn svíkist ekki um að semja slík lög, þótt þeir sjái næga ástæðu til, og í öðru lagi er hún háð því, að menn vanti ekki glöggskygni að sjá, hve nær hættan er fyrir dyrum Það er því betra að hafa þetta ákvæði í stjórnarskránni, svo að ef einhverjir vilja afnema það, verði þeirra gull þó að hafa hreinsast í kosningareldinum. Þá vildi hv. þm. (P. J.) halda því fram, að hann og hans fylgifiskar byði betri kjör en meiri hlutinn, þar sem þeir kæmi með till. um, að lengja mætti enn meir þennan tíma með einföldum lögum. Þetta er rjett, og jeg held, að jeg mundi geta fallist á að setja þetta inn í stjórnarskrána á eftir búsetuskilyrðinu, og jeg held, að mjer sje óhætt að lofa fyrir meiri hl. nefndarinnar hönd, að hann muni ganga að þessu. Það er að minsta kosti ekki torsótt að fá mig til að fylgja því, að búsetuskilyrðið verði lengt upp í 10—15 ár. (*Forsætisráðherra*: Knud Berlin taldi það öruggara). Já, það getur verið, að mjer hafi ekki gengið vel að greina á milli hæstv. forsætisráðh. (J. M.) og hans, því að þeir hafa svo oft staðið nærri hvor öðrum.

Háttv. frsm. minni hlutans (P. J.) talaði um, að Dani og Íslendinga greindi á um búsetuskilyrðið, og er hann talaði út frá sjónarmiði Dana, fyndist sjer stappa nærri, að þetta væri brot á sáttmálanum, ef samþykt yrði. Bygði hann þessa skoðun sína á athugasemdunum við 6. gr. sáttmálans. En er betur er að gáð, kemur það í ljós, að háttv. þm. (P. J.) hefir ekki skilið athugasemdirnar. En setjum nú svo, að það sje brot á sáttmálanum að setja fimm ára búsetuskilyrði inn í stjórnarskrána, hvað mundi þá háttv. frsm. minni hlutans (P. J.) halda um að setja tveggja ára búsetuskilyrði, eða þótt það nú ekki væri nema eins árs, eins og hæstv. forsætisráðh. (J. M.) vill vera láta. Jeg álít, að það þurfi ekki skarpskygna menn til að sjá, að hjer er um algerlega sama lögbrotið að ræða. Jeg held því, að það væri best fyrir háttv. þm. (P. J.) að kistuleggja þessar röksemdir sínar nú þegar.

Þá var háttv. frsm. minni hlutans (P. J.) að tala mikið um ráðgjafarnefndina, og vandræðast út af, að henni hefði verið misboðið. Af hverjum? Af okkur? Eða ætli við Íslendingar höfum misboðið okkur sjálfir? Nei, líklegast mun það koma í ljós, að Dönum hafi verið misboðið, eftir hans skoðun. En af hverju? Er það af því, að þessi ráðgjafarnefnd er ekki sett til þess að vera ráðgjafarnefnd þm. Dala. (B. J.)? Hvergi mun hún geta gefið mjer ráð, eða jeg tekið við ráðum frá henni. Annars er

það alger misskilningur, ef menn halda, að einstaka háttv. þm. eigi að spyrja þessa ráðgjafarnefnd um einstök lagafrv., sem samþykt kynni að verða hjer á Alþingi Íslendinga, eða brtt. við þau. Hún færi þá að gerast nokkuð voldug. Þessi nefnd hefir enga ástæðu til að búast við því, að engar breytingar verði á stjórnarskránni; hún má vita það, að þótt hún gefi ráð, þá er enginn skyldur að fara eftir því ráði, hvorki Alþingi Íslendinga nje ríkisþing Dana. Þeir, sem því halda þeirri vitleysu fram, að ráðgjafarnefndinni sje misboðið, þótt vjer breytum stjórnarskránni, þeir geta alveg eins komið með tillögur um að leggja niður Alþingi og ríkisþingið og hafa þessa ráðgjefarnefnd sem einskonar yfirþing. Annars er þetta svo fjarri öllum sanni, að ekki einu sinni þeir, sem bera þetta fram úr vitsmunasjóði sínum, geta trúað því, að þetta sje frambærileg ástæða á nokkru þingi, þar sem menn sitja með nokkurri skynsemi. Þá talaði hv. frsm. minni hlutans (P. J.) um, að hann vildi sýna drengskap í því, að brjóta ekki sáttmálann við Dani. Það eru fleiri, sem vilja gera það. En eftir þessu er það þá ódrengskapur að vilja setja inn fimm ára búsetuskilyrðið, en drengskapur, er hann vill setja inn tveggja ára búsetuskilyrðið. Háttv. frsm. minni hlutans vill sýna Dönum drengskap, og það vil jeg líka, en jeg vil ekki þar fyrir sýna Íslendingum ódrengskap.

Jeg vil halda því fram, að meiri hluti nefndarinnar hafi viljað sýna og hafi sýnt fullkominn drengskap báðum aðiljum, Dönum og Íslendingum, með því að rjúfa ekki sáttmálann á neinn hátt á Dönum og leggja hins vegar fram meiri tryggingu en minni hlutinn vill til handa Íslendingum.

Þá skal jeg geta þess, að minni hlutinn álítur það nægilega tryggingu til handa Íslendingum, að búsetuskilyrðunum megi breyta með einföldum lögum, ef þingið sjái þörf á. En jeg hefi getið þess áður, að glöggskygni manna er misjöfn og trúmenska þeirra einnig, svo að ekki er eigandi undir því, hvað einstakt þing kann að gera í þessum efnum. Það er miklu tryggara að hafa þetta ákvæði í stjórnarskránni. Það gæti vel hugsast, að glöggskygnin brygðist, og að of seint yrði að byrgja brunninn, þegar barnið væri dottið í hann. Segjum, að það væri fastráðið að virkja stóran foss, t. d. frsm. minni hlutans (P. J.) fengi leyfi fyrir það fjelag, sem hann er stjórnandi fyrir, að virkja stærsta fossinn á landinu. Þá gæti vel svo farið, að tugir þúsunda erlendra verkamanna flyktist inn í landið og hefði þau áhrif á kosningarnar, að margra ára búsetuskilyrði næði ekki fram að ganga. Þá væri þetta um seinan, og gæti svo farið, að frsm. (P. J.) lenti í sínum eigin fossi. Það skaðar engan, þó ákvæðið sje sett í stjórnarskrána, og það er ástæðulaust að leggja á tæpasta vaðið, þegar með því verður hvorki bjargað sínu lífi nje annara.

Þá gat frsm. minni hl. (P. J.) þess, að þetta væri ekki höfuðástæðan, til þess að forðast sáttmálsrof, að þeir hjeldi fram tveggja ára búsetuskilyrði, sem síðan má lengja með einföldum lögum: það væri ekki gert vegna Dana, heldur vegna Íslendinga, sem dveldi erlendis og kynni að vilja flytja hingað og setjast hjer að. En ræðumaðurinn varðist allra frjetta um það, hversu þessir menn væru margir og hvaðan þeir mundu koma. Jeg hygg, að þessir menn sjeu ekki svo margir, að þingið þurfi að veigra sjer við að setja þetta ákvæði í stjórnarskrána þeirra vegna. Það mundu einkum verða menn, sem hingað flyttu frá Kaupmannahöfn. Því að þótt landar vorir vildu flytja hingað vestan um haf, þá eru þeir flestir orðnir þegnar annars ríkis, og mönnum, sem eru þegnar annars ríkis, er engin linkind gefin. Landar vorir vestan hafs verða flestir hverjir ekki taldir Íslendingar í þessum skilningi. Þetta ákvæði getur því að eins átt við þá Íslendinga, sem búa á strjálingi úti um heim og kynni

að flytjast hingað. Og ef þetta væri eitthvert hróplegt ranglæti, gæti jeg skilið, að þessi umhyggja minni hlutans væri runnin frá rjettlætiskend. En þegar þess er gætt, hversu þetta er eðlileg krafa, verður ekki sagt, að hjer sje um rjettlætisbrot að ræða. Því að hvers vegna ætti maður, sem væri ókunnugur öllum háttum hjer í landi og væri ef til vill Bolshewich, eða af hinum endanum, að njóta hjer sama rjettar sem aðrir, sem hafa unnið hjer og skapað hjer lög í landi? Og er nokkur ósanngirni í því, að menn, sem dvalið hafa lengi erlendis og eru orðnir ókunnugir högum landsins, sje ekki látnir fá undir eins sömu rjettindi sem landsmenn. Það er ekki rjettlætistilfinning minni hlutans, sem hefir valdið þessari 2 ára búsetu, heldur Danskurinn. Enda er það góður prófsteinn á rjettlætiskend þessara manna, að þeir svifta menn kosningarrjetti fyrir það eitt, að þeir eru fátækir. (*P. J.*: Sveitarlimi). „Sveitarlimi" segir fossastjórinn. En jeg er ekki svo ríkur, að jeg geti ekki skilið hug þessara manna. Af þessu má nú ráða, að það er ekki rjettlætiskend þessara manna gagnvart Íslendingum, sem hjer ræður. Ef þeir hjeldi þessu fram af hreinni rjettlætiskend og misskilningi á ákvæði sambandslaganna, mundi jeg ekki taka hart á því.

Þá talaði frsm. minni hlutans (P. J.) og hæstv. forsætisráðh. (J. M.) um það, að undantekningar væru óeðlilegar, og hæstv. forsætisráðh. (J. M.) tók það fram, að sendimenn yrðu taldir að eiga búsetu hjer, þótt þeir dveldist erlendis; þess vegna væri óþarft að setja ákvæði um það í stjórnarskrána. En jeg lít svo á, að það skaði ekki, að það sje sett inn.

Þá er að minnast á það, hvort námsmenn og sjúklingar eiga að teljast búsettir erlendis fyrir þá skuld, að þeir verða að leita sjer fræðslu eða heilsubótar í öðrum löndum. Hvaða ástæðu skyldu Danir hafa til að misvirða þetta við oss? Dettur nokkrum í hug, að þeir gerði þá kröfu, að sjúklingar, sem dveldist sjer til heilsubótar í Danmörku, skyldi teljast þar heimilisfastir? Og aldrei hafa Danir krafist þess af oss, sem dvalist höfum 6 ár við nám í Danmörku, að vjer greiddum skatt eða intum af hendi herþjónustu. En þetta sýnir, að þeir hafa ekki talið oss búsetta þar í landi. En jeg tel rjett, að þetta sje tekið fram í stjórnarskránni, til þess að fyrirgirða misskilning. Menn kynni annars að gera sjer sömu von um þessa menn og mig, þegar jeg var sendimaður, er menn vildu meina mjer kosningarrjett og þingsetu fyrir það, að jeg væri búsettur í Þýskalandi. Jeg álít rjett að setja ákvæðið í stjórnarskrána, ef menn skyldi verða svo treggáfaðir eða samviskulausir, að þeir byggi til rangan skilning á lögum, til þess að útiloka menn frá þjóðfjelagslegum rjettindum, sem þeir eiga heimtingu á. En þar sem forsætisráðh. (J. M.) vildi halda því fram, að þetta væri annað en það, sem í lögum stæði, þá er það ekki rjett, því að í 9. gr. laga um ríkisborgararjett stendur: „Eigi skal það talið heimilisfang á Íslandi samkvæmt þessari gr. in, þótt danskur maður hafi dvalist þar 1. des. 1918 sem sjúklingur á sjúkrahúsi, við nám, í fangelsi eða sem þurfamaður, nema sú vist sje áframhald af heimilisfangi á Íslandi".

Háttv. frsm. minni hlutans (P. J.) talaði um það, þegar hann klykti út, að þetta ákvæði væri sjerstaklega miðað við Íslendinga, sem dveldist erlendis. Mjer skilst þó, að það geti ekki náð til Vestur-Íslendinga (*P. J.*: Það er satt), sem eru enskir borgarar. Og flestir þeirra nú eru orðnir enskir þegnar, því ekki þarf nema 3 ára búsetu til þess að verða breskur þegn. Ást minni hlutans getur því ekki náð til þessara manna. Og það má undur heita, ef þessi ást hans verður ekki svo heit, að hún bræði þá fáu Íslendinga, sem hún nær til.

Háttv. sami þm. sagði, að vjer þyrftum

ekki að óttast innflutning, og rakti hann ýmislegt þeirri staðhæfingu til sönnunar, t. d. að Norðmenn gætu ekki flutt hingað með sjer kvenfólk, til þess að kverka síld (*P. J.*: Jeg nefndi ekki kvenfólk). Nei, en það var að eins fyrir kurteisissakir. En jeg get ekki sjeð, að þetta sanni á neinn hátt, að Dönum geti ekki komið til hugar að setja hjer á fót útgerðarfjelög og flytja hingað fólk, til þess að læra af Íslendingum. Má í því sambandi minna þennan atvinnufræðing á það, hvernig Englendingar fóru að bola Hollendinga út af fiskimiðum sínum. Þótt fjelagsskapur sá, sem þeir höfðu gert til þess að reka fiskiveiðar, færi þrisvar eða oftar á höfuðið, þá lærðu þeir þó að lokum af Hollendingum, og nú situr engin erlend þjóð yfir fiskimiðum Englendinga. Og Danir eru eins gáfuð og dugleg og mentuð þjóð sem Englendingar. Og ef þeir setti slík fjelög á fót hjer á landi, þá gæti svo farið, að ræðumaðurinn dytti ekki einungis í sinn eigin foss, heldur og niður í danskt slortrog, áður en hann fengi ráðrúm til að lengja búsetuskilyrðið með lögum.

Jeg sje ekki ástæðu til að rekja tal hans um námana.

En þá eru fossarnir Frsm. (P. J.) er sjálfur í stjórn fossafjelags, sem er mjög auðugt og getur vafalaust byrjað að reka stóriðnað hve nær sem vill. Og sameinaða fjelagið á ekki svo óhraðskreið skip og er ekki svo óviljugt á að verabrjóstvörn Dana, eins og komist er að orði, að það flytti ekki hingað danskan verkalýð, ef á þyrfti að halda. Og það er hægt að flytja 20 þús. manns úr sjálfri Kaupmannahöfn, án þess að á beri. (*P. J.*: Jeg skal aðvara þm. Dala). Jeg læt ekki villa mjer svo sýn. Jeg veit, að hann getur sjálfur leitt alla þessa hættu yfir þjóðina á hálfu ári og látið síðan verkalýðinn greiða atkvæði móti sjer við næstu kosningar.

Þá á jeg eftir að minnast á traust hans á framtíðinni. Oss ber að sjálfsögðu að treysta því, að hún verði ekki verri en nútíðin. En því að eins getum vjer gert oss vonir um það, að vjer látum ekki eftir oss liggja ill eftirdæmi. Framtíðin getur ekki orðið góð, nema nútíðin sje það. En það er ekki að gefa gott fordæmi, að skjóta á frest þeim málum, sem miða að því, að tryggja Ísland sem best á öllum sviðum, síst af öllu þegar því máli er frestað, sem felur í sjer mannrjettinda grundvallaratriði.

Þá talaði forsætisráðh. (J. M.) um áskilnað nefndarinnar. Hann taldi það vera ótækt að áskilja stjórninni leyfi til að leggja frv. fyrir þingið, án þess að hafa lagt þau áður fyrir konung. Hann sagði, að þessi venja ætti sjer hvergi stað, og jeg hefi enga ástæðu til að efast um, að það sje rjett; það liggur í hlutarins eðli; því að jeg veit ekki til, að menn þurfi að sækja með slík mál yfir 6 daga haf, nema á Íslandi. Og það er hart að þurfa að flýja á náðir nefnda eða einstakra manna, í hvert skifti sem stjórninni hugkvæmist að leggja frv. fyrir þingið, sem nauðsynlega þarf fram að ganga á því þingi. Það getur ekki móðgað konung, þó að fengið sje fyrirfram leyfi hjá honum til þessa. Stjórnin getur símað konungi um hvert slíkt frv. Þetta er alls ekki gert til þess að rýra vald konungsins, heldur til að bæta úr vandkvæðum, sem Íslendingar eiga við að búa, meðan konungurinn hefir búsetu erlendis.

Þá talaði hann um hættuna af fossunum, og heyrðist mjer á honum, að hann harmaði, að ekki bljesi byrlega fyrir stóriðnaði hjer á landi. En þar til er því að svara, að enn þá er enginn úrskurður fallinn í því máli. Stóriðnaður gæti orðið leyfður hjer á landi, þótt það væri á móti vilja þeirra manna, sem varlega vilja fara. Jeg veit ekki nema þessir hugdjörfu menn verði ofan á, sem halda, að þessar 90 þúsundir þoli tugi þúsunda af erlendum verkalýð. Og hver veit nema slíkir ofurhugar sitji á

næsta þingi. Aftur á móti eru Danir miklu hugdeigari en Íslendingar í þessum efnum. Margir vitrustu menn Dana voru hugsjákir út af því, að bandamenn höfðu ákveðið, að atkvæðagreiðsla skyldi fara fram í þriðja (syðsta) beltinu á Suður-Jótlandi. Þeim stóð stuggur af, að 2—3 hundruð þúsund manna bættist við innan konungsríkisins, þótt þeir sæti á óðulum sínum og hefði þar sína menningu. En hjer eru ofurhugar, sem ekki óttast. Það er ekki samjöfnuður á hv[illegible] ekki þessara manna og Dana. Jeg hygg, að hver gætinn maður vilji ganga svo frá stjórnarskránni, að fossaiðnaður yrði ekki hjer að meira tjóni en óhjákvæmilegt er.

Hins vegar tel jeg það óviturra manna háttt að byggja á því, að þetta verði ekki gert fyrir það, að nokkrir menn hafa látið í ljós þá skoðun. Fyrst skyldi til reynt um, hvað kjósendur vilja. Hjer vil jeg vera hugdeigur, eins og Danir. Hættan er sú, að eitt eða tvö af fjelögum þeim, sem sótt hafa um að virkja fossa, fái leyfi til þess, og jeg býst við að hæstv. fjármálaráðh. (J. M.) þekki menn, sem sje því fylgjandi, að leyfið fáist. Þar er fossahættan.

Þá er að fara nokkrum orðum um fyrirspurn hæstv. forsætisráðh. (J. M.). Hæstv. forsætisráðherra þótti vanta í 20. brtt. nefndarinnar, við 29. gr. stjórnarskrárfrv., samsvarandi ákvæði þeim, sem eru í síðustu málsgr. 9. gr. frv. um ríkisborgararjett; meira að segja, hann sagði, að annað stæði í brtt. en í frumvarpsgreininni. En svo er ekki. Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sýnist ekki hafa athugað brtt. nógu vandlega. Þar stendur svo: „Ekki slítur það heimilisfestu manns, þótt hann dvelji erlendis, af því að hann er sendimaður ríkisins, við nám eða til lækninga“. Þessi málsgrein svarar til þess, sem stendur í niðurlagi 9. gr. í frv. um ríkisborgararjett, þar sem svo segir, að eigi skuli það talið heimilisfang á Íslandi, þótt danskur maður hafi dvalið þar 1 desember 1918 sem sjúklingur í sjúkrahúsi eða við nám. Hjá nefndinni er með öðrum orðum sleginn sami varnaglinn í upphafi brtt. sem er í síðustu málsgrein 9. gr. frv. um ríkisborgararjettinn, og þurfti því ekki að endurtaka hann í niðurlagi brtt. Þessa mun hæstv. forsætisráðh. (J. M.) eigi hafa gætt.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) kvað þetta stappa nærri því að vera brot á sambandslögunum. Jeg skil ekki í, hvernig svo gáfaður maður og góður lögfræðingur, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) er, skuli láta sjer slíkt til hugar koma, hvað þá að láta sjer það um munn fara. Honum hlýtur að vera þetta meira en lítið kappsmál, svo fjarri sem það fer, að það komi sáttmálanum við. Hann taldi þetta meira að segja vera undanbrögð, til þess að komast fram hjá sáttmálanum. En það er fjarstæða, því að þesskonar dvöl í Danmörku, sem hjer ræðir um, hefir aldrei verið talin búseta, að minsta kosti ekki þeirra, sem þar hafa við háskólanám verið; það sýnir öll framkoma Dana við þá og undanþágur frá herskyldu og gjöldum.

Mjer kemur ekki við, þótt þeir hníflist, hæstv. forsætisráðherra (J. M.) og háttv. frsm. (B. Sv.), enda mun hann maður fyrir að bera sjálfur hönd fyrir höfuð sjer. En langt þótti mjer hæstv. forsætisráðherra (J. M.) seilast, er hann fór að vitna í ummæli Knud Berlins um búsetu.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hlýtur að vera mjer samdóma, þegar hann fer að gerskoða málið, að það sje ekki móti anda sambandslaganna, þótt vjer settum búsetuskilyrði inn í stjórnarskrá vora. Í þessu sambandi mætti og minna á, að Danir hafa í ár sett lög um einn atvinnuveg, þar sem ekki er einungis ákveðin 5 ára búseta til að mega reka hann, heldur og „Indfödsret“, og útiloka þau því Íslendinga jafnt sem aðra

Það er og rangt að segja, að Danir hafi ekki vitað, að búsetuskilyrðið mundi verða sett fyrir kosningarrjetti; því að bæði stóð það í nefndaráliti meiri hlutans í fyrra, og jeg gat um það í framsöguræðu minni; hið sama tók og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) fram. Jeg hreyfði og málinu í samninganefndinni í fyrra og spurði um það, hvort Danir vildi eigi afnema búsetuskilyrði sín, svo að vjer mættum t. d. sitja hjer og eiga verslun þar, svo sem verið hefir um Dani, að þeir hafa mátt sitja í Danmörku og eiga hjer verslanir, selstöðuverslanir. J. C. Christensen svaraði, að það gæti ekki látið sig gera; ekki fyrir Dani að undanþiggja Ísland búsetuskilyrði, vegna „mestbegunstigelses"-rjettar annara, því að öðrum kosti kæmu þeir og heimtuðu hið sama. En vjer gætum sett búsetuskilyrði hjer hjá oss, sagði hann. Danir hefði því aldrei þurft að undrast, þótt þessi búsetuskilyrði yrði sett, þar sem því hafði bæði verið lýst yfir á sambandslagafundi og í þingi, að svo mundi verða gert. Auk þess ljetu þeir þýða fyrir sig bæði umræðurnar um málið á þingi og nefndarálitið, og höfðu þetta hjá sjer í Danmörku. Þeir vissu það eins vel og hæstv. forsætisráðherra, að jeg mundi bera fram málið á þessu þingi.

Mjer þótti það undarlegt, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) skyldi enda ræðu sína með því, að hann fjellist á röksemdaleiðslu prófessors Lárusar Bjarnasonar um þetta.

Eftir sambandslögunum eiga allir Danir að hafa sömu rjettindi hjer á landi sem Íslendingar fæddir hjer. Breytingin á 10. gr. stjórnarskrárinnar varð því fram að fara, því annars hefði þeir Danir verið útilokaðir, sem eru ekki fæddir hjer. En úr því umsamins jafnrjettis hefir verið gætt í brtt. nefndarinnar, þá er samningnum fullnægt að þessu leyti. Þá verð jeg að minnast á einstöku brtt. hv. þm., og þá sjerstaklega brtt. á þgskj. 556, um að landskjörnum þingmönnum sje fjölgað um helming, svo að þeir verði 12. Þessi brtt. stefnir nákvæmlega í sömu átt sem baráttan gegn búsetuskilyrðinu; hún stefnir að því, að hafa alt svo laust, að útlendingar, sem inn í landið flytja, geti náð sem föstustum tökum á öllu hjer. Setjum svo, að iðnaður efldist í landinu, og Danir flytti hingað í stórhópum, ef til vill tveir eða þrír tugir þúsunda. Það má gera ráð fyrir, að þeir mundu setjast að í einum eða tveimur iðnaðarbæjum, og þá líklegt, að þeir næði að minsta kosti einu kjördæmi í sínar hendur. Þeirra mundi og ekki gæta lítið við landskjörið, og því meir, því fleiri sem landskjörnir þingmenn væri. Það lægi miklu nær, bæði af þessum sökum og fleiri, að afnema alt landskjör. Í brtt. gægist fram sú hættustefna, að vilja opna á gátt allar dyr fyrir útlendingum, sem inn í landið vilja flytja, líklega þó sjerstaklega fyrir einni þjóð. Jeg læt þess getið, að jeg mun taka aftur fyrri lið brtt. á þgskj. 549, því að jeg get fallist á, að 5 ára tími sje nægur. En síðari lið till. dettur mjer ekki í hug að taka aftur, enda geta þeir, sem sitja hjer á þingi, varla verið svo innrættir, að þeir geti hugsað til þess, að þeir, sem eru svo óhamingjusamir, að þurfa fátækrastyrk, sjeu látnir fyrir þá sök missa þegnrjettindi sín. Það liggur slíkt djúp harðýðgi og tilfinningarleysis til grundvallar fyrir slíku, að ótrúlegt er, að nokkur löggjafi vilji halda í þessar leifar miðaldahugsunarháttar. Það er ekki heldur mikil hætta á því, að það mundi valda mikilli röskun eða byltingum, þótt allir þurfamenn fengi kosningarrjett, svo margir eru þeir ekki, sem betur fer, og því síður þeim mun óhæfari að neyta kosningarrjettarins en þeir, sem nú hafa hann. Jeg vona, að menn verði svo sanngjarnir, að fallast á þessa breytingartiliögu, þar sem jeg hefi slakað svo til, að jeg hefi ekki tekið þá með, sem þolað hafa laga-

refsing. Jeg veit þó varla, af hverju flestir leggjast svo á móti slíkum óhamingjumönnum, nema ef það væri af því, að þeir fyndu sig svo rjettláta og óbreiska sjálfa, að þeir vilji ekki hafa þá í neinu samfjelagi við sig. Það getur þó fremur verið óhapp en afbrot, að maður verði að þola refsingu fyrir að hafa skrifað ranglega kvittun fyrir 25 aurum, og lengi mætti að vera, ef rekja ætti rætur og tildrög afbrota og glæpa. Sú fræði er enn stutt á veg komin, sem til þess þarf, og hefir lítt verið stunduð. Segjum svo, að rjett sje að taka ein dýrmætustu mannrjettindi, kosningarrjettinn, af þeim, sem eyðslusamir eru, latir og ráðlausir. En því þá ekki að halda próf yfir mönnunum, áður en þeir eru sviftir rjetti þessum, því að próflaust er torvelt að þekkja þá úr, og láta svo þá eina missa kosningarrjettinn, sem ekki standast prófið. En jeg spyr: Er það hugsanlegt, að löggjafarvaldið uni við það, að drýgja það ranglætsverk til langframa að svifta dugnaðarmanninn, ef til vill oddvita og forsprakka sinnar sveitar, manninn, sem alið hefir upp heilan tug barna handa þjóðfjelaginu, eða er kominn vel á veg með það, manninn, sem ætti skilið verðlaun og lof alþjóðar, getur þjóðfjelagið verið svo harðsvírað, segi jeg, að svifta slíkan mann dýrasta mannrjetti sínum, kosningarrjettinum, fyrir þá sök, að hann þrýtur mátt, oft og einatt fyrir óviðráðanleg óhöpp, til að færa þjóðfjelaginu barnahópinn sinn að gjöf sem fullveðja borgara, eða fyrir það, að hann hefir eytt svo heilsu og kröftum við það strit, að hann stendur uppi ósjálfbjarga? Og fyrir hverjar sakir fer þjóðfjelagið þannig að ráði sínu? Það gerir það í vonsku yfir því, að vera kunni, að fáeinir letingjar og slæpingjar fljóti með. Jeg skal svo ekki segja fleira um þetta. En sannlega mun svartur blettur koma á tunguna á hverjum þeim, sem greiðir atkvæði móti brtt. minni. (Til brosandi prests). Það sæmir ekki að brosa að þessu, síst þeim, sem hafa það að atvinnu að prjedika kærleika Krists.

Jeg vil svo enda ræðu mína með því, að minnast lítið eitt á orðheldni. Jeg lít svo á, að orðheldni sje ekki einungis kostur, heldur lífsnauðsyn, jafnt í stjórnmálum sem í daglegu lífi: „Ein Mann, ein Wort", segir orðheldnasta þjóðin í heiminum. Jeg tel stjórnmálamönnum sæma allra manna verst að vera óorðheldnum. En þingið gerist óorðheldið, ef það setur ekki búsetuskilyrðið inn í stjórnarskrána. Sökum þeirrar hættu, er stafað gæti af jafnrjettisákvæðum 6. gr. sambandslaganna, þá var borið fram af mjer og fleiri háttv. þm., að sú bót lægi við hættunni, að setja mætti búsetuskilyrði í stjórnarskrána. Þetta skildi almenningur sem loforð, og þótt sumir vilji nú hverfa frá þessum ummælum, mun almenningur ekki þola þeim það. Hann mun standa fast á því, að það sje ekki nóg að segja, hvað gera megi, heldur eigi að framfylgja því, sem talað hafi verið. Ef háttv. minni hluti hefði ekki á síðasta þingi skoðað þetta sem loforð, þá hefði hann átt að rísa þá upp og segja alþjóð, að þeir ætluðust ekki til, að þetta væri gert, þótt máttulegt væri. Mjer er það nóg til þess að halda fast við, að búsetuskilyrðið sje nú sett inn í stjórnarskrána, ekki skemra en nú er farið, heldur helst fyllra, mjer er það nóg, að jeg sagði í fyrra, að það ætti að gerast. Jeg skil ekki, hvernig menn leyfa sjer nú að leitast við að draga úr þessu og halda því fram, að hjer sje eftir krókaleiðum verið að fara á svig við sambandslögin.

Jeg hefi áður sýnt fram á, að ákvæðið mundi snerta fáa Íslendinga. Þeir, sem eru á móti búsetuskilyrðinu, hljóta að finna til þess með sjálfum sjer, að hjer er um stefnumun að ræða, þótt þeir vilji ekki

kannast við það. Jeg skil ekki, hvað þessum mönnum gengur til. Þeim fer líkt og bókbindara, er setur álíming á bók. En slíkur álímingsskapur er ekki að mínu skapi. Jeg er ekki myrkur í máli og vil jafnan segja berlega, hvað jeg ætla og vil. Þess vegna held jeg búsetuskilyrðinu fast fram, bæði hjer og annarsstaðar.

Jeg þykist þess fullviss, að till meiri hl. muni eiga vísan meiri hluta atkvæða hjer í deild, og þarf því eigi að þreyta þetta mál lengur. En jeg hefi viljað sýna, að hjer sæti þó þeir menn, sem vildi halda heitorð þau, er þeir gáfu í fyrra.

Matthías Ólafsson: Jeg á hjer brtt. á þgskj. 52. Hún er við 60. gr. stjórnarfrv., og skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa þá gr. upp. Hún er svo:

> „Enginn má neins í missa af borgaralegum eða þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.
>
> Enginn er skyldur að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.
>
> Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.“

Tvær fyrstu málsgreinarnar eru viturlegar og viðunandi. Það er viðunandi, að enginn megi skjóta sjer undan almennri fjelagsskyldu sakir trúarbragða sinna, og það er viturlegt að ákveða, að enginn skuli skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann aðhyllist sjálfur. Jeg fer því ekki fram á, að þessu sje breytt. En svo kemur síðari hluti greinarinnar, og í honum er það nákvæmlega tekið aftur, sem veitt er í fyrri hlutanum.

Það má að vísu segja, að ekki sje hjer verið að skylda menn til að borga til guðsdýrkunar; en til háskólans verða þeir að borga. Jeg sje ekki, hvað það á að þýða eða hvaða rjettlæti er í því, að vera að neyða menn til að borga fje fyrir það, að þeir geta ekki aðhylst hina lögvernduðu guðsdýrkun þjóðarinnar. Það getur ekki heitið trúfrelsi að þvinga menn til að greiða aukagjöld vegna trúarbragða þeirra. Jeg tel það smánarblett á stjórnarskránni, ef slíku verður haldið í henni. Þetta er í þá átt, að gera menn að píslarvottum sökum trúarskoðana þeirra. Við getum hugsað okkur mann, sem hefði þá skoðun, að hann gæti best dýrkað guð sinn í einveru inni í herbergi sínu, og svo á að neyða hann til þess að greiða fje til háskólans, til þess að fá að gera þetta, fje, sem hann teldi miklu betur varið til einhvers annars, svo sem til líknarstarfa. Hver er svo ástæðan fyrir öllu þessu? Hún er sú, að menn eru hræddir við, að ef menn komist undan gjöldum með því að segja sig úr þjóðkirkjufjelaginu, þá muni margir nota sjer það og kirkjurnar standa tómar eftir. Það eru þá ekki fyrst og fremst trúarástæður, sem hjer eru ráðandi. Vitanlega þykir þessum mönnum betra að þurfa ekki að borga.

Brtt. þessa lagði jeg inn á öndverðu þingi, þá er stjórnarskrárfrv. hafði verið útbýtt. Hefir hún síðan legið fyrir háttv. nefnd, og kvað hún loks hafa tekið einhverja afstöðu til hennar í morgun. Og eftir allan þennan tíma, sem nefndin hefir verið að leggja kollhúfur yfir till., kváðu það svo að eins vera 3 menn í nefndinni, sem ráðið hafa að greiða atkv. með henni. Það er þó gott, eða betra en ekkert. En satt að segja bjóst jeg kann ske við, að

í nefndinni mundi verða eitthvað álíka og í Sódómu af rjettlátum mönnum. En þeir reyndust ekki svo margir, hinir rjettlátu í nefndinni. Og jeg heyri jafnvel sagt, að þetta manngerða frelsi, háttv. þm. Dala. (B. J.), sem talaði svo hátt áðan, sje á móti till. Þessi maður, sem er svo frjálslyndur, að hann mundi jafnvel veita tukthúslimum atkvæðisrjett, ef hann gæti, vill ekki leyfa þessum mönnum að vera lausum við ranglátt gjald. Það er einkennilegt samræmið í þessum frelsiskenningum. En svona er það, og sannast þar:

„Í einum munni tungur tvær
tálið einföldum brugga þær.“

Jeg sje svo ekki til neins að fara fleiri orðum um þetta einfalda mál. Hjer er farið fram á, að þeir menn, sem ekki aðhyllast guðsdýrkunarsiði kirkjunnar og ýmsar sjerskoðanir aðhyllast í trúaretnum, sleppi við öll gjöld, sem aðrir gjalda til kirkju sinnar. Vona jeg, að þótt þessi sanngirnistillaga næði ekki meira fylgi hv. stjórnarskrárnefndar, þá fái hún þó nóg fylgi hv. þingdeildarmanna til þess að ná samþykki deildarinnar og síðan alls þingsins. Jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á, að þingið þvoi ekki þennan smánarblett af stjórnarskránni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það voru að eins nokkrar brtt., er jeg vildi leyfa mjer að minnast á, og skal jeg ekki vera orðmargur um þær.

Fyrst er þá brtt. 3, við 13. gr., um atkvæðagreiðslu á ráðherrafundum. Jeg er sammála forsætisráðherranum í því, að jeg sje ekkert við það að athuga, að þetta sje ákveðið í stjórnarskránni. Hins vegar getur vel verið, að það skifti ekki miklu, og gerði því ekkert til, þótt ákvæðið fjelli burt. En eins og forsætisráðherrann tók fram, þá verður sá ráðherra, sem ekki getur verið sammála hinum ráðherrunum, en vill ekki beygja sig, að láta af embætti, ef hinir tveir eru á gagnstæðri skoðun.

Þá er 13. brtt., við 25. gr. Jeg er þar líka sammála forsætisráðherranum, að óviðkunnanlegt sje, að konungur veiti slík leyfi fyrirfram. Enda virðist ekki full ástæða til þess, því að það er altaf hægt með símskeyti að fá heimild til að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi.

Að því er snertir 27. brtt., við 38. gr., þar sem talað er um „greinargerð“ í stað „greinileg skýrsla“, þá þýðir það vitanlega hið sama. En það er gott að fá þetta ákvæði inn í stjórnarskrána. Það er gott, að þingið geti fengið þessa greinargerð þegar í þingbyrjun. Stjórnin hefir líka sjeð það í seinni tíð, hve nauðsynlegt það er fyrir þingið að geta þegar í þingbyrjun áttað sig á hag landsins.

Forsætisráðherrann tók það fram, er hann lagði stjórnarskrárfrv. fyrir hið háa Alþingi, að jeg hefði óbundnar hendur um ýms ákvæði í stjórnarskránni. Eins og hann skýrði frá, var stjórnarskrárfrumvarpinu ekki lokið, er jeg fór til útlanda. Þetta atriði, sem mest er um deilt í dag, búsetan, hafði að eins komið til umræðu áður, og jeg þá haldið fram 5 ára búsetuskilyrði. En engin niðurstaða var komin um málið, er jeg fór til Kaupmannahafnar. En því næst afrjeð stjórnin hjer heima að setja ákvæðið í frv. eins og það er þar nú. Það hefir verið tekið fram í einu blaði bæjarins ekki alls fyrir löngu, og má ef til vill segja, að ástæða sje til þess í fljótu bragði, að þar sem jeg hefði gert ágreining við fjelaga mína í stjórninni um jafnmikið atriði og þessa 5 ára búsetu, þá hefði jeg átt að gera þetta atriði að fullkomnu ágreiningsatriði. Hefði þá verið eina leiðin að biðja um lausn frá embætti. Í blaðinu segir enn fremur, að jeg hefði þegar í ríkisráðinu átt að gera ágreining. Jeg verð nú að lýsa því yfir, að jeg áleit það undir engum kringumstæðum rjett að biðja um lausn. Ekki síst þar sem jeg þóttist viss um, að full leiðrjetting fengist um þetta á hinu háa Alþingi.

Og eftir mínum skilningi var það ekki rjett að gera þennan ágreining þá þegar, er nýlega hafði fengist svo gott samkomulag um sambandsmálið. En það liggur í hlutarins eðli, að þar sem jeg tók ekki þá leið, að gera ágreining, þá gat ekki komið til mála, að jeg sneri mjer til þessarar nefndar, er sumir kalla lögjafnaðarnefnd, til þess að bera þennan ágreining þar upp. Það hefði ekki átt við, úr því jeg gerði ekki ágreining hjer heima, að vinna á móti stjórninni í þessu máli niðri í Danmörku. Það hefði verið algerlega órjett, og auk þess hefði það verið tilraun til að leggja meira inn í þessa ráðgjafarnefnd en nokkurn tíma var meiningin. Þess vegna hefir mjer líka þótt þær skrítnar, þessar raddir um hv. þm. Dala. (B. J.), sem er frumkvöðull búsetuskilyrðisins hjer á þingi, að hann hefði átt að bera sig upp um það í ráðgjafarnefndinni. Það hefði verið algerlega rangt af hv. þm. Dala. (B. J.). Það var alveg rjett hjá honum, að þetta mál átti hann að flytja á öðrum vettvangi. Hann átti að flytja þetta mál á Alþingi Íslendinga, og það hefir hann nú gert. Það er því ekki ástæða til annars en að vera honum þakklátur fyrir þá leið, er hann hefir valið í þessu máli, og langt frá því, að hægt sje að ámæla honum fyrir það.

Annars er það fyrsta aðalatriðið í þessu máli, hvort sambandslögin eru brotin með því að setja þetta 5 ára búsetuákvæði inn í stjórnarskrána. Nú hefi jeg skilið allar ræður hv. þingdeildarmanna í dag á þá leið, að enginn líti svo á, að sambandslögin sjeu brotin með þessu ákvæði. En þegar allir eru sammála um, að með því sjeu á engan hátt brotin sambandslögin, þá sýnist það liggja í hlutarins eðli, að enginn vafi geti á því leikið, að hið háa Alþingi megi breyta öllu, er því sýnst, við þetta frv., án þess að það hafi áður komið fyrir ráðgjafarnefnd. Og ef þetta ákvæði er í fullu samræmi við sambandslögin, þá er mjer ómögulegt að skilja hv. þm., er þeir tala um, að vjer gerumst nærgöngulir við Dani eða sambandslögin, ef till. hv. meiri hluta verði samþykt. Ef svo væri litið á af mönnum, væri það jafnvont fyrir bæði Dani og Íslendinga, að mjer finst. Því að ef Alþingi mætti ekki gera þær breytingar á lögum, sem á engan hátt fara í bág við sambandslögin, án þess að þær breytingar sjeu fyrst bornar upp í ráðgjafarnefndinni, þá væri það óheppilegt, ekki að eins fyrir Íslendinga, heldur og Dani. Ef danska ríkisþingið þarf að semja lög eða breyta lögum, og þyrfti áður að leggja það fyrir ráðgjafarnefndina, þá yrði að kalla íslensku nefndarmennina á fund, hvernig sem á stæði. Að öðrum kosti mættu þeir engu breyta. Mjer finst þetta hreinasta fjarstæða.

En ef það er rjett, að hjer sje ekki að neinu leyti gengið nærri sambandslögunum, þá kemur ekki til nokkurra mála, að við þurfum að blanda Dönum inn í þetta mál. Það snertir þá að eins okkur sjálfa.

Það liggur líka í hlutarins eðli, að þar sem Danir hafa viðurkent fullveldi þessarar þjóðar, þá þýðir það ekki annað en það, að Danir viðurkenna, að við ráðum í landinu. Og jeg er sannfærður um, að þeim hefir ekki dottið í hug að leita að öðrum leiðum til að ráða í landinu.

Jeg er sannfærður um, að danskir stjórnmálamenn telja það eðlilegt og sjálfsagt, að við í stjórnarskránni tryggjum okkur rjett til að ráða yfir landinu, með því að setja inn 5 ára búsetuskilyrðið. Það er í samræmi við það, hvernig þeir líta á sín mál heima fyrir. Við vitum, hve hræddir þeir eru við að hleypa öðrum þjóðum inn í land sitt. Þótt þeir geti stækkað land sitt, þá vilja þeir ekki þá menn inn í ríki sitt, sem ekki eru nábundnir þeirra eigin landi. Því fremur munu þeir nú skilja aðstöðu okkar í þessum málum.

Það er annars mjög leiðinlegt að þurfa

nú að deila um þetta mál hjer á Alþingi. Allir stjórnmálaflokkar landsins hafa hingað til fylgst að um það, að koma sambandsmálinu í gott horf Það hefði líka verið æskilegt, að allir hefðu verið sammála um aðferðina til að leysa þennan hnút, sem hjer er um að ræða.

Því hefir verið haldið fram, að vjer mættum vel bíða með að setja róttækari ákvæði í stjórnarskrána, þar til sýnilega væri um einhverja hættu að ræða. En jeg held það allra hluta vegna heppilegast, okkar vegna og sambandsþjóðar vorrar, að fullkomin tryggingarákvæði sjeu sett strax inn. Þá hverfur með öllu tortrygnin í garð sambandsþjóðar vorrar, því að þegar búið hefir verið tryggilega um hnútana, þá vitum vjer, að það er oss miklu síður hættulegt, þótt einhverjir útlendingar flytji inn í landið.

Jeg bíst þá líka við, að ganga megi út frá því sem vísu, að 5 ára búsetan verði samþykt á hinu háa Alþingi. Og jeg þykist þá líka viss um, að þar sem hv. minni hluti hefir þegar gengið inn á 2 ára búsetu, og gerir ráð fyrir að lengja hana síðar ef á þurfi að halda, með einföldum lögum, þá muni hv. minni hluta ekki detta í hug að setja fót fyrir stjórnarskrána, þótt 5 ára búsetan verði samþykt.

Eina ástæðu hafa þeir enn borið fram, sem mótfallnir eru 5 ára búsetunni, en ekki halda því fram, að hún sje brot á sambandslögunum. Það er sú ástæða, að þetta ákvæði sje hart aðgöngu fyrir Íslendinga utan Íslands, sem vilji flytjast heim. En það hefir oft komið fram í umr. bæði um þetta mál og sambandslögin, að það ætti alls ekki að fæla góða Íslendinga frá landinu, þótt sett sjeu tryggileg ákvæði um búsetuna í stjórnarskrána, og þessi ákvæði að einhverju leyti komi við þá.

Yfirleitt er ekki ástæða til að fara fleiri orðum um þetta ákvæði, þar sem jeg fellst að öllu leyti á hina mjög svo skýru greinargerð málsins, sem gefin var af hæstv. frsm. meiri hlutans (B. Sv.), og hefi engu við hana að bæta.

Áður en jeg sest niður vildi jeg minnast á brtt. á þgskj. 556, þar sem gert er ráð fyrir að fjölga þingmönnum og bæta 6 þingmönnum við Ed., sem kosnir sjeu hlutbundnum kosningum. Jeg man, að þegar sú stjórnarskrá, sem nú gildir, var á leiðinni gegnum þingið, urðu allmiklar deilur um, hvernig skipun þingsins ætti að vera. Ef jeg man rjett, vildu sumir hafa alla efri deild landskjörna. En eftir mjög miklar deilur varð það að samkomulagi, að 6 deildarmenn skyldu vera landskjörnir, en hinir þjóðkjörnir. Reynsla annara þjóða virðist þá líka sýna, að ekki sje ráðlegt eða heppilegt að búa til of mikið íhald í efri málstofunni. Vjer vitum, að hjá bræðraþjóð vorri, Dönum, hjelt við miklum vandræðum af þessu nýverið, og ætlaði þá hnútur að verða torleystur. Ei þá því síður ástæða til að taka upp slíka aðferð, er hún hefir ekki gefist vel hjá nágrannaþjóðunum. Of mikið íhald í efri málstofunni verðum vjer því að varast. Enn er það víst, að ef nú yrði hróflað mikið við skipun þingsins, þá gæti það vel orðið stjórnarskrárfrv. að falli. Þess vegna held jeg, að leið sú, er stjórnin hefir valið í því efni, sje hjer hin rjettasta. Jeg býst nú við, að það verði má ske kallað afturhald, er jeg segi, að 40 þm. sje alveg nóg fyrir þetta land. En jeg álít nú í raun og veru, að svo sje. Auðvitað er aftur á móti, að varla verður hjá því komist að gera breytingu á kjördæmaskipuninni á sínum tíma. En við þetta er ekki gott að eiga nú. Vildi jeg því leyfa mjer að mæla með því, að þessi brtt. væri feld. Og yfirleitt legg jeg áherslu á, og vona, að flestir styðji það, að halda sem minstu fram af breytingum, sem orðið gætu stjórnarskrárfrv. að falli. Gegnum þingið verður það að komast. En jeg býst við, að svo framarlega sem

5 ára búsetuákvæðið kemst inn í stjórnarskrána, þá muni hún verða svo úr garði gerð að öðru leyti, að vel megi við una.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á brtt. á þgskj. 64. Um hana hafa 2 hv. þm., framsögumenn meiri og minni hlutans (B. Sv. og P. J.), farið nokkrum orðum. Hafa þeir tjáð mjer, að stjórnarskrárnefndin hafi ekki getað fallist á hana, eins og hún er úr garði gerð. En ef úr henni væri dregið, myndi nefndin geta fallist á hana, ef hún væri ekki svona kröfufrek við þá, er hún hlýtur aðallega að snerta. Ætla jeg því að þessu sinni að fara fram á að fá frestað atkvgr. um þessa brtt. til 3. umr. og reyna að gera hana svo úr garði, að nefndin geti fallist á hana. Ef það tekst, þá er vel, því að það er vafalaust bót að fá svipað ákvæði inn í stjórnarskrána. Skal jeg því ekki eyða fleiri orðum að þessu sinni um brtt. og þann tilgang, er jeg hafði með henni. Læt það bíða 3. umr.

Þá á jeg, ásamt hv. þm. S.-Þ. (P. J.), aðra brtt., á þgskj. 556. Hennar hefir nú þegar verið getið, og það ekki að góðu. Þeir hv. þm., sem minst hafa á hana, eru henni mjög mótfallnir. Brtt. fer fram á það, að þingmönnum sje fjölgað um 8, 6 landskjörna og 2 kjördæmakosna. Skal jeg ekki mæla langt mál fyrir þessari till., þótt vel mætti færa mörg góð og gild rök fyrir rjettmæti hennar. Auðvitað má deila um, hve marga menn skuli kjósa í einu á þennan hátt. Það getur altaf verið álitamál. En að háskalegt sje að hafa svo marga landskjörna þingmenn, eins og sjerstaklega hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, get jeg með engu móti viðurkent. Ætla jeg að víkja betur að þeim ummælum, áður en jeg lýk máli mínu.

Mjer virðast þessir 6 landskjörnu þingmenn, sem nú eru, hafa býsna litla þýðingu fyrir landið til þessa, hvort sem þeir nú eiga að halda aftur af þinginu, eða hafa bætandi áhrif á framgæmdir þess. Til þessa hlutverks skortir svo fáa menn meðlilega allan mátt. Að öðrum kosti yrðu þeir að vera miklum mun færari en aðrir þm. Þeir yrðu að vera þannig, að aðrir þingmenn hefðu þá að nokkurskonar leiðarstjörnu sinni, ef þeir ættu að hafa nokkur áhrif í þinginu, ekki fleiri en þetta. En að þeir hafi að jafnaði slíka kosti til að bera í svo ríkum mæli, að þeir geti komið öllu sínu fram óskorað, því geri jeg ekki mikið úr.

Jeg gæti þá skilið afstöðu þeirra hv. þm., sem eru á móti því, að landskjörnum þm. sje fjölgað, ef þeir bæru fram till. um að afnema þá, sem fyrir eru. En ef menn vilja halda landskjörinu, en eru þó á móti því, að 6 landskjörnum sje við bætt, þá sýnist mjer það ómöguleg afstaða

Þá gerum við ráð fyrir, að 2 þm. sje bætt við, kjörnum í einstökum kjördæmum. En sú er tilætlun okkar, ef till. verður samþ., að Reykjavík verði aðnjótandi þessara tveggja þingmanna, sem við yrði bætt. Jeg hygg vart nokkurn þm., sem geti með rökum mælt móti þessu.

Jeg verð að víkja ofurlítið að brtt. stjórnarskrárnefndarinnar, 14. lið, við 26. gr. Þar stendur svo:

> „Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.“

Jeg átti tal við allmarga hv. þm., sem í nefndinni voru, og vildi fá þá til að ganga inn á, að Reykjavík fengi a. m. k. tvo þm. í viðbót. Og mjer skilst líka af þessari brtt., sem nefndin telji ekki unt að komast hjá því, að fjölga þingmönnum í Reykjavík. Jeg geri mjer því fylstu vonir um, að þótt till. okkar verði ekki samþykt, verði þó hægt að ná einhverju samkomulagi við nefndina um þetta atriði. Mjer fyndist sjálfum best við eiga, að í stjórnarskránni

sje ákveðin sú tala þingmanna, sem á að vera nú fyrst um sinn. Hv. þm. Dala. (B. J.) hafði það út á till. okkar að setja, að hún gerði ráð fyrir of mörgum þingmönnum, kostnum hlutbundnum kosningum og heyrðist mjer hann ekki vera fjarri því, að vilja láta afnema landskjörna þm. Aðalmótbára hans virtist sú, að hlutbundnu kosningarnar gerðu Dönum auðveldara að hafa áhrif á mál okkar, ef þeir flyttu margir hingað. Skal jeg ekki neita því, ef þeir verða mjög margir á einum stað. En þó er ekki eins mikið upp úr þessari hættu leggjandi eins og hv. þm. virðist gera. Og þótt gott sje að vera varkár, má maður ekki sjá vofu í hverju horni, þora ekkert að hafast að. Svo tel jeg heldur ekki loku fyrir það skotið, þótt búsetuskilyrðið yrði 5 ár, og þó að ekki yrði fjölgað þingmönnum, að Danir gætu þá ekki eins, með tímanum, haft stórkostleg áhrif á mál vor, ef þeir flyttu inn í landið í stórum stíl á annað borð. Þeir gætu t. d. flutt sig um set og haft þannig áhrif í mörgum kjördæmum landsins. Svo að 5 ára búsetan ein hefir ekki svo mikla þýðingu.

Mig undrar það, að hv. þm. Dala. (B. J.) skuli ekki geta fallist á till. mína um móðurmálsákvæðið. Þar virðist hann sjálfur hafa verið á sama máli og jeg áður. Nú virðist þetta eitthvað breytt.

Þá vildi jeg svara hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) örfáum orðum. Hann mintist á íhaldið og taldi landskjörna þm. líklega til halds. Hann má þar djarft úr flokki tala, þar sem hann er einn af þeim landskjörnu. En jeg geri nú samt ráð fyrir, að landskjörnu þingmennirnir yrðu þjóðnýtir menn, eins og þeir eru nú, og þjóðin mundi ekki hleypa öðrum í þann sess en þeim, sem þektir væru að dugnaði og þekkingu á þjóðmálasviðinu. Auðvitað verða þingmenn upp og ofan, eins og þjóðin sjálf, en mjer finst þó einna síst ástæða til að halda það um þá landskjörnu. Það væri að minsta kosti eðlilegast.

Þá mintist hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) á það, að ef till. mín yrði samþ., gæti það orðið stjórnarskránni að falli. Mjer finst hann leggja þar heldur mikið upp úr mikilvægi breytingarinnar. Að minsta kosti dettur mjer ekki í hug að halda, að stjórnarskrárfrv. verði felt þess vegna.

Þá hefir komið fram brtt., á þgskj. 562, frá 1. þm. Árn. (S. S.), við brtt. okkar. Hann gengur inn á að fjölga þingmönnum um fjóra landskjörna, en kjördæmakosnir þingmenn sjeu óbreyttir. Maður getur nokkuð sjeð af þessari brtt., hvers má vænta af hv. þm. (S. S.), að því er snertir fjölgun þingmanna í Reykjavík. Og mjer finst næstum ótrúlegt, að brtt. sje frá honum komin, eins og hann er þó kunnugur staðháttum hjer í höfuðstaðnum. Vænti jeg þess, að þegar þm. athugar málið betur, þá taki hann brtt. sína aftur og gangi í lið með mjer um það, að koma brtt. á þgskj. 556 fram til fullkomins sigurs.

Skal jeg svo ekki orðlengja meira um þetta að sinni.

Gísli Sveinsson: Af því að jeg er aðalflutningsmaður að 2 brtt., verð jeg að segja nokkur orð.

Fyrri brtt. er á þgskj. 297. Þar er lagt til, að þjóðaratkvæði eftir á verði ekki að eins látið fara fram, ef breytingar verða gerðar á sambandslögunum, heldur og ef breyting verður á kirkjuskipuninni.

Kirkjunefndin var á einu máli um, að slík breyting væri svo stórvægileg, að sjálfsagt væri að ákveða þetta eitt skifti fyrir öll í stjórnarskránni. Kirkjuskipuninni mætti ekki breyta án þjóðaratkvæðis. Jeg þarf ekki að taka það fram, sem jeg hefi áður látið í ljós hjer í hv. deild í öðru sambandi, að sjálfsagt er, að slíkt stórmál sje undirbúið af þinginu, áður en það er

borið undir þjóðaratkvæði. Með þessu er líka átt við, að þjóðaratkvæðis sje ekki leitað um stórmál óundirbúið. Og af innlendum málum, sem varða alþjóð, skiftir þetta mál svo miklu, að ekki má minna vera en að fólk fái að segja álit sitt um það, af eða á. Stjórnarskrárfrv. getur ekki verið nokkur hætta búin, þótt brtt. þessi verði samþ. En jeg verð að taka undir það, að rjett er að stuðla að því, að þær einar brtt. nái fram, sem ekki eru líklegar til að valda of miklum töfum. Það eru líkindi til, að kosningar eigi að fara fram í haust á ákveðnum tíma, og má þá ekkert dragast að afgreiða slíkt stórmál eins og stjórnarskrármálið, ef það á að koma tilbúið frá þinginu undir kosningarnar.

Önnur brtt., sem jeg býst við að menn geti líka orðið sammála um, er á þgskj. 80 og hljóðar um, að þingtíminn sje færður yfir á veturinn. Jeg býst sem sje við, að menn verði að játa, að þetta sje heppileg breyting. Ef heyja á þingið árlega, gefur að skilja, að þm., sem margir eru bændur, eigi ekki gott með að missa þann tíma, sem við verðum nú að halda þing á, frá nauðsynlegum sumarönnum. Svo er þetta líka annarsstaðar, að þing er háð að vetrinum að mestu, en á sumrin hafa þingmenn „frí" frá þingstörfum, nema eitthvað kalli að. Spurningin getur að eins verið um það, hvort fyrri eða seinni hluti vetrar er heppilegri. Að öllu samanlögðu er það, að þingið komi saman 15. febrúar, hentugasti tíminn, eins og við flm. till. leggjum til.

Haustið er ekki eins hentugur tími, því að þá stendur skammdegið sem hæst um þingtímann, og eins færi svo, ef þingið væri háð fyrri part vetrar, að talsverð töf yrði frá þingstörfum, meðan hátíðir stæðu yfir. Þann tíma mundi ekkert unnið, og fjelli þannig úr að minsta kosti hálfur mánuður. En slíkt fyrirfram gefið aðgerðaleysi þarf ekki að koma fyrir, ef þingið er háð seinni part vetrar.

Enn fremur eru lítil líkindi til, að neitt hamli verulega ferðum þennan tíma árs. Ís hindrar varla nokkurn tíma skipagöngur þennan tíma vetrar, eða í öndverðum febrúar. En jeg geri ráð fyrir, að skip verði látið sækja þingmenn, eins og tíðkast hefir nú upp á síðkastið. Jeg tel sjálfsagt, þar sem jafnörðugar samgöngur eru eins og hjer á landi, að landsstjórnin láti sækja þessa starfsmenn, svo að þeir komist slysalaust til þings og þingstarfa. Ef þing kæmi saman 15. febrúar, yrði heimfarartími þingmanna í kringum 1. maí, eða má ske öllu fyr. Þá gæti ís að vísu hamlað ferðum, en það kæmi vart niður á nema 2—3 mönnum, sem þá gætu ferðast landveg frá einhverjum þeim næsta stað, er skip kæmust á. Það er kunnugt, að ýmsir, þar á meðal embættismenn, verða að ferðast landveg á vetrum, og yrði það ekki örðugra þingmönnum en öðrum.

Jeg tel helst til snemt, að þing komi saman 1. febrúar, vegna þess að ýmsir, sem trúnaðarstörfum eiga að gegna og reikningsskil þurfa að gefa um áramót, eru ekki búnir að lúka þeim fyrir þennan tíma, er þeir yrðu að fara að heiman. Þingið má því ekki byrja fyr en 15. febrúar. Það tímatakmark er heldur ekki of snemt, því að jeg býst við, að margir búandmenn vilji vera komnir heim um mánaðamótin apríl—maí.

Hv. frsm. meiri hlutans (B. Sv.) gat þess um brtt. þessa, að atkvæði nefndarinnar um hana væru óbundin, og svo er víst um fleiri till. En um leið gat hann þess, að hentara mundi að láta sitja við stjórnarfrv. Jeg hefi nú gert grein fyrir, að svo er ekki.

Út af athugasemdum nefndarinnar, á þgskj. 514, við 21. gr., skal jeg enn fremur segja fáein orð.

Nefndin ætlast til, að stjórnin fái umboð konungs á ríkisráðsfundi á undan Alþingi til þess að leggja fram í þinginu

frv., sem ráðuneytinu kann að þykja þörf á, þótt eigi hafi verið kostur á að bera þau áður undir konung í ríkisráði. Mjer heyrðst hæstv. forsætisráðherra (J. M.) telja einhver tormerki á þessu. Og það kann líka að virðast fljótt á litið. Hann tók til dæmis, að þetta væri ekki venja í nágrannalöndunum, og er það rjett. En það er ekki saman berandi við okkar ástand hjer. Því að þar er konungurinn við höndina og altaf hægt að ná til hans, hversu brátt sem að kann að bera um frv., sem stjórnin þarf að leggja fyrir þingið. Þó skal jeg ekki leggja svo mikið kapp á, að álit nefndarinnar á þessu atriði sigri hjer í deildinni, nema að því er snertir eitt frv., og það er fjárlagafrv., sem leggja á fyrir hvert reglulegt Alþingi.

Það getur orðið öldungis ókleift að sigla með það á konungsfund, eða á hvaða hátt sem er að leggja það fyrir konung fyrirfram, nema í stórum dráttum. Jeg vil leggja áherslu á það, að þó að vandkvæði kunni að vera á að fá samþykki konungs til þessa fyrirkomulags yfirleitt, þá mætti þó leggja það fyrir þingið á þennan veg. Þegar nánar er að gætt, þá er samþykki konungs líka að eins form eitt og kemur ekki svo mikið málinu við í framkvæmd. Vitanlega er það stjórnin, sem ábyrgðina ber, og þarf ekki annað en minna á margt, sem konungur að forminu til á að fremja, en stjórnin verður þó að bera fulla ábyrgð á og framkvæma, svo sem embættaveitingar o. fl. Konungur verður á engan hátt sakaður, þótt óhöndulega takist til með þetta, því að hann er ábyrgðarlaus með öllu. Þess vegna á það ekki að gera hið minsta til, þótt stjórnin fái umboð í þessu efni, og sjerstaklega þegar þess er gætt, að fjárlög eru ekki nein lagabreyting á ástandi, heldur að eins áætlun um tekjur og gjöld, sem einnig tekur miklum breytingum í meðferð þingsins. En það gæti komið sjer mjög illa, ef fjárlög yrðu háð framlagningarskilyrðum, ef þing er haldið árlega, og skil jeg þá ekki, að neitt geti verið á móti því, að gera undantekningu þeim viðvíkjandi. Það segir líka berum orðum, svo að ekki verður um villst, í frv. þessu, að konungur geti látið leggja fyrir þing frv. og annað þess háttar. Það er ekki með því sagt, að hann verði að gefa umboð í hvert skifti; hann getur gefið það fyrir lengri tíma eða í eitt skift fyrir öll. Og þó ekki standi þar, að stjórnin skuli gera það, þá liggur það í hlutarins eðli, að það er hún, og enginn annar, sem átt er við. Ef þetta hefði ekki verið venja, þá er óvíst, að neitt hefði þurft að taka fram um þetta, en nú er sú venja á komin að sigla með stjórnarfrv. öll á konungsfund, og verður því ákvörðun um það, ef undantaka á, nauðsynleg. Jeg býst við, að hæstv. stjórn geti fallist á þessa röksemdaleiðslu, er jeg nú hefi flutt.

Þá kem jeg að ráðherrafundunum og atkvæðagreiðslu á þeim fundum. Það er beint fyrirskipað, að þessa fundi skuli halda. Ef ákvæðið um þessa fundi á að vera annað en nafnið tómt og að eins til þess að taka þetta eftir öðrum, þá verður að ákveða nánar hjer um Ef þeir eiga að verða ályktunarfærir, og til þess munu allir ætlast, þá verður að taka það fram, hvernig sú ályktun skuli gerð. Við höfum til þessa, nú um hríð, bygt á meiri hluta valdi, og virðist því rjett, að ályktanir ráðherrafunda sjeu bygðar á sama grundvelli. Það hefir verið um það rætt, að óviðkunnanlegt væri, ef forsætisráðherra væri einn á móti hinum tveimur, að hann þyrfti þá að lúta í lægra haldi. En til þessa kemur ekki beinlínis. Ef málið er svo mikilsvert, að einhver ráðherranna sjái sjer ekki annað fært en að gera það að ágreiningsatriði, þá verður sá ráðherra væntanlega að fara frá, hvort sem það er forsætisráðherra

eða annar. Ráðuneytið beiðist þá lausnar og nýtt verður myndað, að öllu eða nokkru leyti. Ákvæðið verður þá á engan hátt óviðkunnanlegt, heldur sjálfsagt, sem áframhald af þingræðinu.

Þá vík jeg mjer að brtt. hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Jeg verð að telja hana sjálfsagða. Það er meiningarlaust að skylda menn til að borga til annara trúfjelaga en þeir eru í, og ef þeir eru utan þjóðkirkjunnar, að þá leggist á þá sjerstakt gjald þess vegna, hvort sem er til háskólans eða annars. Það er ekki rjett að refsa þeim mönnum með peningagjöldum. Þessi brtt. er framhald þeirrar breytingar, sem gerð var 1915, um að losa menn við þjóðkirkjugjaldið ef þeir væru utan hennar, en í öðru trúfjelagi, en sú breyting gekk ekki nógu langt; nú kemur sú nauðsynlega viðbót, og er sjálfsagt að taka henni vel.

Þá er brtt. háttv. þm. Dala (B. J.) um að fella burtu það skilyrði fyrir kosningarrjetti, að vera fjár síns ráðandi og vera ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Um sjálfa till. eða innihald hennar skal jeg ekki tala, en vildi að eins benda háttv. þm. (B. J.) á, að hann hefir ekki gengið nógu langt. Það stendur sem sje í næstu málsgr. á eftir, í 29. gr., að „gift kona teljist fjár síns ráðandi" o. s. frv. Þetta ákvæði verður algerlega óþarft, ef brtt. hv. þm. Dala. (B. J.) yrði samþ., og ætti því jafnframt að falla niður.

Að lokum vildi jeg leyfa mjer að víkja nokkrum orðum að aðalþrætuepli deildarinnar, búsetuskilyrðinu. Jeg hafði heyrt mikið um það talað, að ágreiningur væri allmikill í nefndinni, og von væri á deilum og illindum. Það má segja, að sú spá manna hafi að nokkru ræst; ekki hefir deilurnar vantað, en það hefir verið minna um ágreininginn í raun og veru. Báðir málspartar eru sem sje sammála um það, að búseta skuli heimtuð. Það er þá að eins um það að ræða, hve löng hún skuli vera. Sumir halda fram 2 árum, aðrir 4 eða 5. En öllum kemur saman um, að 5 ár sjeu ekki nóg, ef í það fer. Jeg skil því ekki deiluna, sem risið hefir, þótt jeg hafi lesið nál., eða ef til vill heldur af því að jeg hefi lesið þau. Mjer virðist, að minni hlutinn hefði átt að geta fallist á 5 ára skilyrðið, jafnvel þótt hann álíti það óþarflega mikið í svipinn. Jeg sje því ekki betur en að brtt. hans hefði mátt vera óframborin. Jeg býst við, að minni hlutinn líka beygi sig, ef 5 ára skilyrðið verður samþ. Það yrði óviðkunnanlegt, ef málið alt ætti að falla á þessu atriði, sem í sjálfu sjer er ekki veigamikið, með því að báðir vilja búsetuskilyrði, og reyndar allir hafa skrifað undir fyrirvaralaust. — Það er annars einkennilegt snið á þessu nefndaráliti eða álitum, og hefir ekki þekst hjer fyr. (*P. J.*: Jeg hefi sjeð þau mörg með þessu sniði). Það held jeg að varla geti verið rjett, því að allir skrifa undir fyrirvaralaust, en þykjast þó vera mjög ósammála.

Einar Arnórsson: Það eru að eins örfá atriði, sem jeg vildi athuga. Jeg var hjer ekki þegar hæstv. forsætisráðh. (J. M.) talaði og veit því ekki, hvað hann kann að hafa sagt. En eftir því, sem mjer hefir skilist á ræðum hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), þá mun hann hafa talað um 13. gr. eða ráðherrafundinn. Þeir, sem jeg hefi nefnt, hallast allir að því, að þar eigi afl atkvæða að ráða, en nefndin hefir, sem kunnugt er, lagt til, að það ákvæði verði felt niður. Mjer virðist þetta ákvæði ekki altaf geta staðist, og því betra að hafa það ekki. Það getur hæglega komið fyrir, að forsætisráðherrann rói einn á báti, og hinir 2 sjeu á móti. Þegar svo stendur á, er eitt af tvennu: Annaðhvort beygir meiri hlutinn sig undir álit minni hlutans (forsætisráðherra), eða hann gerir það ekki. Ef meiri hlutinn beygir sig, þá ræður minni hlutinn. En ef meiri hlut-

inn beygir sig ekki, þá verður hann að sækja um lausn frá embætti. Þá beiðni verður forsætisráðherra að vísu að taka til greina, en meiri hlutinn ræður hjer ekki heldur, heldur minni hlutinn. Ef þar á móti forsætisráðherra hefir annan hinna ráðherranna með sjer, en hinn er andstæður þeim, þá getur afl atkvæða ráðið. En sá, sem þá er í minni hluta, sækir þá um lausn, ef málið er svo mikilsvert að hans áliti, að hann vilji enga ábyrgð taka á framgangi þess eða hinu gagnstæða.

En nú getur auk þess hæglega komið fyrir, að ráðherrarnir sjeu að eins tveir. Það eru að vísu lög nú, að þeir skuli vera þrír, en það getur hugsast, að einn forfallist, sje veikur, í siglingu eða forfallaður á annan hátt. Það getur því komið fyrir, að halda þurfi ráðherrafund, og verður þá ákvæðið um afl atkvæða þýðingarlaust. Þá eru að eins 2, og getur þá ekki orðið skorið úr með afli atkvæða. Það er því eins gott að sleppa því alveg. Þegar ágreiningur verður, þá verða ráðherrarnir að skera úr því sjálfir, hvað framkvæmt verður, og geta þeir, sem á móti eru, losað sig við ábyrgð með því að segja af sjer embætti. En þá er hægt að spyrja um það, til hvers ráðherrafundir skuli þá vera ákveðnir í stjórnarskrá, og er því auðsvarað. Ráðherra á þá stjórnskipulega heimtingu á, að hinir komi og taki þátt í meðferð mála, og geta þeir ekki skotist undan því. Þetta hefir mikla þýðingu í sambandi við ráðherraábyrgðarlögin. Enginn getur skotið sjer undan ábyrgð eða látið, sem hann hafi hvergi nærri komið mikilsverðri ráðstöfun, sem ágreiningi veldur. Þegar rætt er um ábyrgð þeirra einstöku ráðherra, þá má leita gerðabókar ráðherrafunda, og sjest þá svart á hvítu, hvað sá ráðherra hefir lagt til málanna. Þetta atriði er ekkert stórmál, og síst að það sje mjer kappsmál, en þó held jeg hentara að hafa það fyrirkomulag, sem nefndin leggur til, og þegar semja á stjórnarskrá, sem standa á lengi, þá er sjálfsagt að vanda til hennar sem mest, þó í smáu sje.

Þá er brtt. nefndarinnar við 15. gr., um að orðin „Hver ráðherra“ og til enda greinarinnar falli burt. Nefndin taldi þessa breytingu sjálfsagða. Ef ráðherra undirritar, þá ber hann vitanlega ábyrgð á henni. En hinir losna ekki við ábyrgðina fyrir það. Það er þegar sagt í 10. gr., að ráðherrar beri ábyrgð á öllum ráðstöfunum, og þá jafnt neikvæðum og jákvæðum, jafnt á því, sem gert er, og látið ógert. Vitanlega minkar það ekki ábyrgð hans að skrifa undir, en þetta ákvæði gæti verið villandi, að því leyti, að hægt væri að líta svo á, að það minkaði ábyrgð hinna ráðherranna, að einn skrifar undir, en það hefir ekki verið tilgangur stjórnarinnar með þessu ákvæði; það sjest á 14. gr., og vona jeg því, að hún geti fallist á þessa till. nefndarinnar.

Þá ætla jeg að víkja mjer að athugasemd nefndarinnar við 21. gr. Athugasemdin er um það, að stjórnin fái almenna heimild í ríkisráði hjá konungi til að bera fram frv. á Alþingi.

Það er sem sje kunnugt, að stjórnin ber ábyrgð á öllu því, sem borið er fram af hennar hálfu hjer á þingi, þótt fengið sje, að forminu til, samþykki konungs. Auk þess getur staðið svo á stundum, að hún eigi ekki kost á að ná til konungs. Það er ekki langt síðan síminn slitnaði. Svo gæti staðið á undir líkum kringumstæðum, að stjórninni lægi á að fá samþykki konungs til að bera fram einhver frv. Það yrði þá að bíða. Hitt er annað mál, að í framkvæmdinni skiftir þetta litlu máli. Því að stjórnin getur ávalt snúið sjer til einhverrar nefndar, eða jafnvel einstakra þm., og beðið hana að flytja fyrir sig þau frv., sem um ræðir. T. d. hefir fjárhagsnefnd flutt fyrir stjórnina. — Á þennan hátt hefir hæstv. stjórn oftar en einu sinni farið í kring um þetta ákvæði

stjórnarskrárinnar. Það má því segja, að ekki væri neitt lakara að fá heimild til þessa hjá konungi í eitt skifti fyrir öll.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) virtist ekki vera sammála nefndinni um breytingu hennar á 38. gr. stjórnarskrárinnar. Það stendur í greininni: *„og skal í frumvarpinu vera fólgin greinileg skýrsla um tekjur ríkisins og gjöld“*.

Þetta orðalag sýnir það, að átt er við *efni sjálfs frumvarpsins,* en ekki athugasemdir þess. En úr því að átt er einungis við efni frv., þá virðist ekki alls kostar rjett að tala um „greinilega skýrslu“. — Eins og menn vita, er í fjárlagafrumvarpinu gerð *áætlun* um væntanlegar tekjur og gjöld ríkisins fyrir það fjárhagstímabil. Mjer finst ekki viðfeldið að kalla það *„greinilega skýrslu“*, sem ekki er nje getur verið annað en áætlun. Að það sje ekki annað en áætlun nær einkum til tekjubálksins, og að nokkru leyti til gjaldanna. Allur tekjubálkurinn, síðan 60 þús kr. árgjaldið frá Dönum fjell niður, er áætlun frá stjórninni um það, hvað hún ætli að ýmsir tekjuliðir gefi af sjer. Þar sem nú það er sýnilegt, að ómögulegt er að gefa „greinilega skýrslu“ um þetta, tel jeg rjettara að kalla það „greinargerð“ um hina mismunandi tekjustofna. Sama máli er að gegna um útgjaldaliðina. Meiri hluti þeirra er áætlun. Jeg skal játa, að þetta er að eins ágreiningur um orðalag. En mjer finst orðið „greinargerð“ vera betra um það, sem við er átt, heldur en „skýrsla“.

Þá vildi jeg minnast lítið eitt á búsetuskilyrðið. Það er nú búið að ræða það svo mikið, að mjer finst óþarft að tala rækilega um það. Þó er eitt atriði í því, sem jeg hefi ekki heyrt minst á.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) inti að því, að ekki væri viðeigandi að ganga fram hjá ráðgjafarnefndnni í þessu máli. Hann sagði, að þegar stjórnarskráin hefði legið fyrir henni í vor, þá hefði henni ekki verið skýrt frá því, að þessi breyting mundi gerð hjer á þingi. Bæði háttv frsm. meiri hlutans (B. Sv.) og háttv. þm. Dala. (B. J.) hafa nú svarað þessu. En jeg ætla að gera háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) það til geðs, að fallast á það með honum, að þetta skuli borið undir ráðgjafarnefndina. En verður þá ekki niðurstaðan alveg hin sama? Jeg geri ráð fyrir, að þetta stjórnarskrárfrv. verði samþykt nú. Þá verður það borið upp á auka þingi næsta ár. Þá býst jeg við, að þetta atriði verði borið fram fyrir þessa nefnd, eins og önnur stjórnarfrv. Er þá ekki háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) fullnægt?

Annað er og hitt, að það er mikið rjett í því, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv) tók fram, að eftir brtt. háttv. minni hluta er mjög skamt á milli hans og háttv. meiri hluta, eftir skilningi minni hluta sjálfs á þessu atriði. Því hann (minni hluti) telur sig vera reiðubúinn til þess að lengja búsetuskilyrðið með sjerstökum lögum, ef á þarf að halda. Jeg get því ekki skilið, hvers vegna minni hlutinn heldur svo fast á því að setja búsetuskilyrðið ekki í sjálfa stjórnarskrána.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) finst, eftir því er hann segir, stappa nærri broti á sambandslögunum, ef sett verður 5 ára búsetuskilyrði, en hins vegar ekki ef sett eru 2 ár, sem svo má framlengja með einföldum lögum. Ef 5 ára skilyrðið á að vera brot á sambandslögunum eða stappa nærri því, en 2 ára tíminn ekki, þá finst mjer það vera lík röksemdaleiðsla og ef sagt væri: Sá, sem stelur 2 kindum, er ekki þjófur, en hinn, sem stelur 5 kindum, hann er þjófur.

Þá vildi jeg að eins minnast á eina brtt.; það er till. háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) á þgskj. 52. Hún er við 60. gr. stjórnarfrv. Brtt. hans fer í þá átt, að þeir, sem eru utan þjóðkirkjunnar, geti losað sig við öll persónuleg gjöld til hennar, svo framarlega sem þeir eru ekki í neinu viðurkendu trúarfjelagi í landinu. Mjer skilst nú, að eftir

því, sem komið er málum kirkjunnar hjer á landi, þá sjeu það ekki mikil höft á trúfrelsi manna að vera í þjóðkirkjunni, eða samviskuþvingun á neinn máta. Jeg á auðvitað ekki við þjóðkirkju höfuð-„Patríarkanna“ hjer í háttv. deild, þeirra háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Hún á að vera mjög lögmálsskorðuð. En nú er hún ekki lengur „virkileg“, því að okkar þjóðkirkja líkist miklu fremur „hóteli“, sem allir geta fengið gisting í, af hvaða sauðahúsi sem þeir eru, og það mjög rúmgott „hótel“. Einu sinni var það jafnvel á „prógrammi“ andlegs höfuðs kirkjunnar hjer að hafa þjóðkirkjuna „confessions“-lausa. Og virðist nú stefnt í þá átt. Þegar svo er komið, gerir kirkjan ekki harðar kröfur til manna. Hún leggur ekki mörg bönd á samfæringarfrelsi þeirra, þar sem menn virðast geta haft hvaða skoðun sem þeir vilja, á þeim grundvallaratriðum, sem kirkjan heldur fram. (*G. Sv.*: Er rjettlátt, að menn borgi gistingu á því hóteli, sem þeir vilja ekki gista á?). Nei. Að vísu ekki. En það er kunnugt, að menn verða að gjalda til vega og vegagerða, þó þeir vilji ekki fara um vegina. Í þessu sambandi vil jeg líka benda á það, að á meðan ríkið á annað borð heldur uppi kirkju, þá ber að líta svo á, að hentast muni, bæði fyrir kirkjuna og ríkið, að sem flestir sjeu í henni og gjaldi til hennar. Ef hins vegar allir sem vildu gætu með því að segja sig úr þjóðkirkjunni losnað við þá skatta, sem því fylgja, þá gætu þeir, sem ekki eru mjög trúhneignir, beinlínis haft sjer vantrú sína að fjeþúfu. Þeir gætu af lítilmótlegustu peningaástæðum smeygt sjer undan þeirri þjóðfjelagsskyldu, sem samkvæmt anda stjórnarskrárinnar á að hvíla á sem flestum. Og á þann hátt auka þeir þau gjöld, sem hinir, er í þjóðkirkjunni haldast, þurfa að greiða til kirkjunnar. Því prestlaunasjóðurinn er ekki annað en hluti af landssjóði. Þótt óánægja rísi einhver af gjaldskyldu þessari, þá sje jeg ekki, að það væri mjög hættulegt. Síst væri það hættulegt frá sjónarmiði þeirra, sem vilja skilnað ríkis og kirkju. Það væri ný hvöt til þeirra til að vinna sem ósleitilegast að skilnaðinum. Ef aftur á móti allir sem vildu gætu losnað við gjöldin með því að þyrpast úr þjóðkirkjunni, þá væri þeim sama, þó hún hjengi uppi áfram. Mjer finst því, að báðir þessir háttv. þm., er jeg nefndi áðan, ættu að reyna að halda í þetta, til þess að hafa það sem röksemd fyrir skilnaðinum og koma honum sem fyrst í framkvæmd.

Frsm. (Benedikt Sveinsson): Satt að segja bjóst jeg við, að fleiri háttv. þm. mundu taka til máls í því mikla stórmáli, sem hjer er á ferðinni. En það er í munnmælum hjer í háttv. deild, að þessu máli eigi að láta nægja einn fund til umræðu. Og er ekki laust við, að sumum þyki það harðræði, að slíkt alþóðarmál, og jafnumfangsmikið og það er, skuli afgreitt á einum þingfundi. Ekki síst finst mönnum það undarlegt fyrir þá sök, að þetta sama þing hefir gefið sjer tíma til að eyða 3—4 dögum í hvert smámálið um sig, svo sem að þjarka um refarækt, eðlisgalla ullar, hundaskatt og fleira af líku tægi.

Það vill nú svo vel til, að jeg get verið stuttorður, því að sumir háttv. þm. hafa tekið alldrengilega í þann streng, er jeg hafði óskað. Má þar nefna háttv. þm. Dala. (B. J.), sem hefir svarað háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) og hæstv. forsætisráðherra (J. M.) rækilega út af búsetuskilyrðinu, og þannig sparað mjer mikið ómak. Enn fremur hafa þeir háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tekið ýmislegt fram, bæði um fyrnefnt atriði og aðrar brtt., svo að jeg get leitt hjá mjer að svara mörgu, sem ella hefði þurft. Einkum er jeg þakklátur háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) fyrir þær fræðandi og glöggu skýringar, sem hann gaf um starfsemi ráðherrafund-

arins og alt, sem þar að lýtur. — Það er því að bera í bakkafullan lækinn að fara að svara háttv. minni hluta, eða rökstyðja afstöðu meiri hluta gagnvart honum. Þetta er því fremur óþarft, sem hv. frsm. minni hluta (P. J.) færði ekki fram nein ný rök fyrir sínu máli; að eins talaði hann nokkur fleiri orð um málið en gert er í nefndarálitinu. Mjer virtist það heldur bera vitni um röksemdaskort, er hv. frsm. minni hl. (P. J.) fór að kasta því fram, að við hinir værum svo gamlir þingmenn, að ilt væri við okkur að etja. (*P. J.*: Gamlir í þessu máli, átti jeg við). Hann er þó sjálfur okkar elstur, og auk þess gáfaður maður og rökvís, þótt honum tækist illa til í þessu máli, sakir þess að málstaðurinn var svo lakur og erfiður. Þennan varnagla hans verður því ekki hægt að taka til greina. Hann vildi gera lítið úr ágreiningi milli meiri og minni hluta nefndarinnar, og var á honum að heyra, að nefndin væri ekki klofin. Auðvitað er nefndin klofin. En sannleikurinn er sá, að eftir því sem á leið, og þegar háttv minni hluti fór að sjá, hversu lítið fylgi málstaður hans hafði í þinginu, og að hann mundi ekki koma sínu máli fram, þótt hann beitti til þess öllu sínu kappi og atorku, þá fór hann að nálgast hv. meiri hluta og tók upp tveggja ára búsetuskilyrði, sem svo mætti framlengja, ef þörf krefði, með einföldum lögum. Hv. minni hluti vill nú gera sem minst úr þessum mismun milli nefndarhlutanna, en yfir hann verður eigi breitt, enda ber nefndarálitið það best með sjer, að nefndin er klofin og hvor hlutinn ritar sitt nefndarálit, þótt hvorttveggja sje á einu þingskjali.

Hæstv. forsætisráðh (J. M.) gat þess, að langt bil væri milli stjórnarfrv. og háttv. meiri hl. nefndarinnar, en hins vegar skemra bil milli minni hl. og stj.frv. Hann hefir þó getað teygt sig svo langt, hæstv. ráðherra, að hann fylgir minni hluta. Það er sýnilegt, og einnig víst og fullkunnugt, að hann hefir lagst allþungt á að hafa sitt mál fram, og ekki mátt kenna mikið meira kapps, ef ekki átti úr hófi að keyra.

Þar sem nú hv. minni hluti hefir nálgast allmikið meiri hlutann, með því að setja þó tveggja ára búsetuskilyrði í tillögur sínar, þá er það því undarlegra, eins og nú er komið, að hæstv. forsætisráðh, (J. M.) skuli gefa í skyn, að meiri hluti gangi í berhögg við 6. gr. sambandslaganna og við ráðgjafarnefndina og starfsvið hennar, eins og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að ef búsetuskilyrðið á annað borð er brot á sambandslögunum, þá er brotið alveg hið sama að forminu til, hvort sem búsetan er tvö ár eða fimm ár. Till. þessa háttv. þm. (P. J.) stappar því alveg eins nærri broti á lögunum eins og meiri hlutans. En hjer er alls ekki um neitt slíkt brot að ræða. Enda hefir því ekki verið haldið fram hjer á þingi fyr en nú, að slík búsetuskilyrði væri óheimil sakir sambandslaganna, þótt á því kynni að hafa brytt í einhverjum blaðagreinum.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) þótti leitt, að verið væri að „spenna fót fyrir" danska kjósendur með því að setja búsetuskilyrðið. Hjer þykir mjer hv. þm. alt of hörundsár, því að hjer er alls ekki verið að teygja fót fyrir Dani fremur en áður, þar sem 5 ára búsetuskilyrðið stendur nú í stjórnarskránni. En mismunur sá, sem dönsku fulltrúarnir vöktu máls á í fyrra, er afnuminn á algerlega löglegan hátt, með því að láta búetuskilyrðið ná jafnt til Íslendinga sem Dana, eins og áður hefir margsinnis verið rökstutt. Það er því algerlega rangt, að hjer sje um nýja ásælni að ræða af Íslendinga hálfu. Jeg verð að neita, að svo sje. Jeg benti á í fyrri ræðu minni, hvers vegna meiri hlutanum er það fullkomið kappsmál og alvörumál, að búsetuskilyrðið standi í stjórnarskránni. Það er vegna þess,

hvernig rýmkað hefir verið til við Dani á annan hátt, hve mikla rjettindaveislu þeir hafa hjer á landi samkvæmt 6. gr. sambandslaganna.

Það verður líka erfitt að skilja, að hægra verði síðar meir að takmarka kosningarrjett Dana, setja þeim 5 ára eða jafnvel lengra búsetuskilyrði fyrir kosningarrjetti, þegar þeir fari verulega að fjölmenna hingað. En þetta leyfir háttv. frsm. minni hlutans (P. J.) sjer að endurtaka hvað eftir annað. Því sagði hann, að aðferð minni hlutans væri *tryggari*, þar sem hann vildi hafa einföld lög og færa búsetuskilyrðið upp eftir þörfum um 10—20 ár!

Ólíklegt er, að það komi síður sárt við Dani, er þeir eru margir komnir hingað og þeir streyma að landinu og fara að hafa hjer verulegra og margháttaðra hagsmuna að gæta, heldur en hitt, að kyrt standi frá upphafi það hóglega búsetuákvæði, sem nú er í lögum. Það er ósennilegt, að þeim verði ljúfara síðar meir *mörgum* að missa fenginn rjett sinn en *fáum* að búa við þau lög, sem nú gilda og Íslendingar verða sjálfir að lúta þegar eins stendur á.

Danir munu einmitt gerla mega sjá, hve gildandi búsetuákvæði er rjettmætt, þegar þeir gæta þess t. d., hver skilyrði Norðurlandaþjóðir setja fyrir kosningarrjetti þeirra manna, sem flytjast inn í lönd þeirra frá öðrum stærri þjóðum. Danir vita það og vel, að hingað til hafa Svíar og Norðmenn sætt sömu skilyrðum í þessu efni sem Danir, en nú eru bæði Norðmenn og Svíar sviftir þessum rjetti og Danir einir halda honum óskertum til móts við Íslendinga sjálfa. Það er því áreiðanlegt, að Danir munu kunna að líta á málið með meiri samsýni heldur en forsvarsmenn þeirra og sjálfboðaliðar hjer á þingi, hv. frsm. minni hluta (P. J.) og hæstv. forsætisráðh. (J. M.).

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) kannaðist við, að ráðgjafarnefndin hefði ekkert *vald*, en að hún gæti að eins gert málamiðlun, og þar fram eftir götunum. En það stappar nærri, að Alþingi sje að venja hana á að líta á sjálfa sig sem setta yfir Alþingi, ef það ætti að fara að ráðum háttv. þm. (P. J.) og þeirra, sem snúist hafa á sömu sveif og hann.

Þá kvað við annað hljóð hjá þingmönnum í fyrra um nefnd þessa; þá virtist jafnvel forsætisráðherra (J. M.) telja það rjettmætt og rýmilegt að venja nefndina af því að skifta sjer af málum Íslands.

Með leyfi hæstv. forseta vil jeg leyfa mjer að lesa nokkur ummæli hæstv. forsætisráðherra (J. M.) um þetta mál í fyrra:

> „Jeg hygg, að nefndin komi stjórninni einni við, en ekki þinginu. Það er líka auðsjeð, að nefndin er að eins ráðgefandi og hefir ekkert vald, og trúað gæti jeg því, að svo gæti farið, að nefndin þrevttist á að gera athugasemdir, þegar hún sæi, að ekkert tillit væri tekið til þeirra.“

Þótt ráðgjafarnefndin færi nú að gera athugasemdir út af búsetunni þá kemur það ekki Alþingi við, samkvæmt orðum forsætisráðherrans (J. M.) — og mundi sjálfsagt rjett að fara þá að ráðum hans og venja hana af slíku óþarfamasi með því að taka „ekkert tillit“ til athugasemda hennar. En það er eins og hv. þm. S.-Þ. (P. J.) bregði á annað ráð og vilji einmitt venja nefndina á eitthvað annað en íhlutunarleysi um Íslandsmál.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) var að tala um, að ekki mundi líklegt, að Danir flyttu hingað margir fyr en eftir nokkur ár. Væri þá ekki betra, að ákvæðið standi þar til er þeir koma? Væri það ekki meinlausara heldur en ráðast á þá, er þeir koma eftir nokkur ár til að setjast að við Gullfoss eða aðrar auðsuppsprettur landsins? Eða mundi þá ekki sannast hið fornkveðna á Íslendingum: „Of seint kemur ósvinnum

ráð í hug," ef taka skyldi að þröngva kosti þeirra, er þeir væru orðnir öflugir og mannmargir í landinu?

Jeg hygg fáa svo skyni skropna, að þeir gíni yfir slíkum flugum.

Hv. frsm. minni hlutans (P. J.) sagði, að námur hefðu ekki hepnast á Íslandi, og nefndi til dæmis kolanámurnar á Vestfjörðum. Meiri hlutinn hefir litla áherslu lagt á það, að námugröftur mundi freista margra Dana hingað. Aftur hefir verið bent á ýmsar aðrar atvinnugreinir, er líklegt væri að Danir mundu stunda hjer, t. d. fossaiðnað. Verður því ekki neitað, að þeir hafa lagt mikið kapp á að ná tangarhaldi á fossum hjer og sótt það fast að ná samningum um afnot þeirra. Hv. þm. (P. J.) sagði, að enginn hraði væri á fossamálinu enn. Hvað sannar það? Hv. þm. (P. J.) veit, að málið er umfangsmikið og hefir verið til undirbúnings í *nefnd, sem einmitt var sett vegna áfergju útlendinga* (Dana o. fl.) eftir fossarjettindum hjer.

Á stríðsárunum hefir ekki verið hægt að ráðast í framkvæmdir; það vita allir, og er því ekki að marka, þótt minna hafi borið á athöfnum fossafjelaganna síðustu árin. En jeg ímynda mjer að þeir taki til óspiltra málanna þegar aftur hægist um. Þinginu verður heldur eigi með rjettu legið á hálsi fyrir athafnaleysi í fossamálum, eða það muni draga þau á langinn um skör fram, þótt ekki sje hægt að hrapa að lagasmíð og rjettindaveislum við fossa samstundis sem hinum flóknu og sundurleitu álitum fossanefndar er kastað í þingmenn; — skjölum og skrifum, sem líklega eru samtals stærri en öll biblían (*P. J.*: Var jeg að væna þingið í þá átt?) Getur verið, að það hafi verið hæstv. forsætisráðh. (J. M.). (*J. M.*: Já. *P. J.*: Jeg á eftir að lesa nefndarálitið). Jeg veit, að enn eiga margir og líklega flestir þingmenn eftir að lesa það, og virðist því ekki sanngjarnt að byggja á því, að ekkert muni verða gert í fossamálum í framtíð, þótt ekki hafi þegar verið samþyktir lagabálkar um þau efni; — og því sje engin hætta á, að Danir flytjist hingað! Þetta verður að taka fram, til þess að enginn komist upp með það, að telja mönnum trú um, að Danir muni ekki leita hingað til landsins í náinni framtíð, af því að eigi sje hraðað fossafrv. gegnum þingið!

Jeg skal ekki þræta við hv. þm. um Dannerkurauðkann. En ekki skil jeg annað en að Danir verði færari að beita sjer út á við, er þeir ná öllu Suður-Jótlandi undir sig. Veit jeg ekki betur en að sá hluti Jótlands sje fult eins vel setinn sem flest önnur hjeruð Danmerkur, og þar bætast víst um 300 þúsundir þegna við danska ríkið. Munu Danir því eigi streyma suður á bóginn þess vegna. Og Dönum væri þá öðruvísi farið en flestum öðrum þjóðum, ef landauki slíkur og ræting þjóðlegra vona veldur eigi því, að framkvæmdaþrek og starfsdugur glæðist með þjóðinni, og hún verði fúsari til stórræðanna en áður.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði, að vjer hefðum enga tryggingu fyrir því, hvernig framtíðin mundi fara með þetta mál, og kvað það ekki mundu alt lengi lifa, er þetta þing gerði nú til að tryggja alla mögulega hluti. Og þetta atriði væri eitt af því, sem ekki væri þörf að lögfesta nú. Hjer væri verið að taka fram fyrir hendurnar á framtíðinni. Það má með sama rjetti segja, að margt fleira, sem stendur í stjórnarskrárfrv., sje óþarft nú sem stendur, og rjett væri því að láta framtíðina sjá fyrir því sjálfa, er þess gerðist þörf. En ef fara ætti eftir þessari kenningu hv. frsm. minni hl. (P. J.) að eigi megi „taka fram fyrir hendurnar á framtíðinni" með lagasmíð, þá væri einsætt að hætta snarlega við alla löggjöf, því að engin lög þekki jeg, sem sett hafi verið svo, að þau hafi ekki átt að gilda eitthvað inn í framtíðina.

Skal jeg svo láta útrætt við hv. þm. S.-Þ. (P. J.), af því að aðrir hafa svarað honum rækilega.

Þá eru fáein orð til hæstv. forsætisráðherra (J. M.).

Fyrst sagði hann um ýmsar smávægilegar breytingar nefndarinnar, að þær væru því líkastar, er kennari væri að lagfæra stíl. Þetta kemur eigi í bága við það, er jeg hefi sagt. Jeg ljet einmitt svo um mælt, að mikill þorri brtt. væri smávægilegur og að eins til að lagfæra málið. Það er því alveg rjett hjá hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að nefndin hefir hjer tekið að sjer samskonar störf og kennari, sem þarf að lagfæra stíla.

Nefndinni finst varla mega minna vera en að stjórnarskrá landsins sje stórlýtalaus að máli og orðfæri. Og ef það yrði nú samþykt að gera það eitt af skilyrðum kosningarrjettar hjer á landi, að menn tali og riti íslensku stórlýtalaust, þá mætti þó eigi minna vera en að sú stjórnarskrá, sem skipar svo fyrir, væri sjálf á allgóðu máli. Auðvitað eru óvíða verulega stórlýti á máli frv., en þó allmargt, sem nefndinni þótti mega betur fara.

Jeg hleyp yfir ýmislegt, er hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hafði við brtt. að athuga, þar sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir skýrt það vel frá nefndarinnar sjónarmiði.

Hv. forsætisráðherra (J. M.) gat þess, að óþarfi væri að ákveða hlutfallskosningar í Reykjavík, ef þingmannatala bæjarins yrði ekki aukin. Stjórnin hefir að vísu ekki lagt til, að þingmannatala bæjarins sje aukin, en nefndinni þykir sjálfsagt, að hjer verði höfð hlutfallskosning, ef til þess kemur, að þingmönnum bæjarins væri fjölgað. Ákvæðið getur engan skaða gert, þótt það komi kann ske ekki til framkvæmda fyrst um sinn. Og nefndinni þótti meira að segja nauðsynlegt að setja ákvæðið í stjórnarskrána nú þegar, svo að eigi þyrfti síðar að gera stjórnarskrárbreytingu um þetta efni, þótt þingmannatalan yrði aukin með einföldum lögum.

En auk þess mega hjer vel vera hlutfallskosningar, þótt þingmenn sjeu eigi nema tveir. En hitt er og sennilegast, að aukin verði þingmannatalan áður langir tímar líða. En það væri bænum gagnslítið, nema hlutfallskosning sje viðhöfð.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) talaði um 29. gr., og þarf jeg því síður að þjarka við hann út af þeirri till. nefndarinnar, sem hún hefir verið svo rækilega rædd áður. Hann sagðist hafa tekið þau ákvæði upp í stjórnarskrána, að skilyrðin fyrir kosningarrjetti sjeu hin sömu og þarf til að öðlast ríkisborgararjett, af því að ekki væri ákveðið öðruvísi í stjórnarskrá nokkurs lands. Það væri þá ef til vill í hæsta lagi krafist 18 mánaða búsetu í kjördæmi. Jeg hafði bent á, að þetta myndi hafa vakað fyrir höfundi stjórnarskrárfrv., því að þess hafði verið getið í athugasemdum við frumvarpið. En jeg tók líka fram, að þar sem sjerstaklega stæði á á Íslandi, yrði að setja hjer sjerstök ákvæði til frekari tryggingar. Hjer stendur svo gjörólíkt á við það, sem er í öðrum löndum. Nú hafa ríkisborgarar annars lands jafnrjetti, að öðru jöfnu, við ríkisborgarana íslensku. Slíkt á sjer eigi stað um önnur ríki utan Danmerkur og Íslands. Það er einmitt vegna þess, að meiri hlutinn hyggur Íslandi betur borgið með búsetuákvæðinu. Og því fremur vill meiri hlutinn, að þetta ákvæði sje sett, sem *þjóðin hefir beinlínis loforð þingsins fyrir því*, að svo skuli gert, og alt málið hefir verið túlkað svo fyrir þjóðinni, að hún hafi fullan rjett að setja þetta skilyrði, sem verða skuli henni til varnar.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) taldi það ekki rjett að gera ráð fyrir flokka-

skiftingu í landinu í framtíðinni út af þessu atriði. Það fer auðvitað alt eftir því, hvort flokkur hæstv. forsætisráðherra (J. M.) heldur fram þessari stefnu sinni sem flokkur. Ef hæstv. forsætisráðherra (J. M.) og hans menn sveigja aftur að meiri hlutanum og hverfa frá villu síns vegar, verður vitanlega engin flokkaskifting út af þessu rjettindaatriði Íslendinga. Og óskandi væri, að þeir hagi sjer svo. En ef þeir halda svo fram stefnunni, sem nú horfir, mun verða áfram ákveðin og eindregin flokkaskifting, eins og að undanförnu. Verður því áframhald á því, sem áður var, að hjer verði bæði íslenskur og danskur stjórnmálaflokkur, eins og mörgum hefir þótt brydda of mikið á í stjórnmálasögu Íslands, og ýmsum enn kippa þar of mjög í það kynið, er síður skyldi, — þrátt fyrir allar fullveldisgyllingarnar.

Í því liggur skoðanamunurinn, hvort hjer er um hættu að ræða eða ekki. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sjálfur, og minni hlutinn, sem þó er ekki eins óhræddur og hann sjálfur, álítur hættuna svo litla, að ákvæði þetta sje allsendis óþarft í stjórnarskránni. Og hæstv forsætisráðherra (J. M.) fanst hvortveggi flokkurinn hafa jafnan rjett á sjer með sínar skoðanir. En jeg tel einsætt, að þeir, sem eru hreint og beint sannfærðir um, að þetta ákvæði eigi að vera áfram *óbreytt* í stjórnarskránni, eigi meiri rjett á sjer en hinir, sem vilja láta ákvæðið *falla burtu* og ekki gera ráð fyrir neinni hættu.

Hygnir menn gera jafnan ráðstafanir til að fyrirbyggja hugsanlega hættu. Menn leggja oft mikið fje til vátryggingar eignum sínum, til þess að missa þær eigi bótalaust. Þar með er alls ekki sagt, að þeir missi þær, þótt þeir vátryggi ekki, en þeir gera þetta samt, til að vera við öllu búnir. Það er af þessu, að „allur er varinn bestur", að meiri hlutinn gengur ekki frá skoðun sinni. Það er skylda vor að búa sem tryggilegast um. Í þessu ákvæði er nokkur trygging fólgin, úr því sem ráða er. Og það getur aldrei gert neinn skaða.

Viðvíkjandi tilvitnun minni til hr. doktors K. Berlin sagði hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að doktorinn hefði auðsjáanlega skrifað þessa ritgerð handa mjer sem frsm. meiri hlutans, til þess að nota hana hjer í þinginu. Fór hann þá að gerast nokkuð gamansamur, Jeg verð að telja það harla ólíklegt, að doktorinn hafi ætlað mjer þessa grein, þar sem það hafði víst ekki komið neitt til orða, þá er hann reit hana, að jeg yrði frsm. stjórnarskrármálsins á þingi. Enda á jeg mjer þess ekki von, að hann beri neitt slíkt hugarþel til mín, að hann vildi veita mjer að málum. Gæti jeg frekar búist við slíku af honum gagnvart sínum gamla gistivin og samherja, hæstv. forsætisráðherra (J. M.). Auk þess vita þeir, er lesið hafa greinina, að hún er ekki skrifuð fyrir Ísland, heldur um viðfangsefnið: *Sameiginlegan borgararjett allra Norðurlanda.* En hæstv forsætisráðherra (J. M.) fanst víst orð hans koma allvel heim við það, er jeg hjelt fram. Jeg hefi að vísu enga sjerstaka hvöt til að hæla þessum rithöfundi, og hefi aldrei verið neinn einkavinur hans, eins og hæstv. forsætisráðherra (J. M.), en er þó ekki svo blindaður, að jeg vilji ekki taka til greina það, sem hann segir rjett og skynsamlega. Enda hafa ýmsir aðrir fallist á kenningar hans í tjeðri grein og talið þær á góðum rökum bygðar. Margir góðir rithöfundar í Danmörku hafa fallist á, að það muni algerlega óaðgengilegt að lögfesta sameiginlegan borgararjett fyrir öll Norðurlönd. Hefi jeg hjer í höndum yfirlýsingar nokkurra ríkisrjettarfræðinga og annara nafnkunnra rithöfunda um efni það, er dr. Berlin ritar um, og teljast þeir honum sammála í þessu efni. Yfirlýsingarnar eru prentaðar í „Det nye Nord". Geri jeg ráð fyrir, að þessir herrar hafi

ekki allir ætlað yfirlýsingar sínar frsm. meiri hlutans í stjórnarskrármálinu í dag!

Það var hæstv. forsætisráðherra (J. M.), sem taldi hættuna um kosningarrjett Dana eftir eins árs búsetu litla í sambandi við fossamálið. Á það við hann, sem mjer lá við að heimfæra upp á hv. þm. S.-Þ. (P. J.) áður, og þarf eigi að endurtaka það.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði, að ef vjer vildum fylgja kenningum dr. K. B., yrði búsetuskilyrðið að vera lægst 10 ár. Er þar ekki alveg rjett með farið orð gistivinarins. Dr. K. B. talar um sameiginlegan borgararjett *allra* Norðurlanda. En vitanlega er hættan minni, ef einni þjóð er veittur slíkur rjettur, heldur en t. d. þremur. En annars er hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hjer í sömu mótsögninni sem flokksbræður hans, er í öðru orðinu telja alt trygt og örugt með nýmælaákvæði stjórnarskrárfrv., en í hinu, að ekki sje „fullörugt" nema lengdur sje tíminn, kann ske upp í 10—25 ár!

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hafði ýmislegt að athuga við breytingartill. nefndarinnar um, að þeir skuli eigi þurfa að slíta heimilisfestu hjer á landi, sem eru sendimenn ríkisins, eða fara utan til náms eða lækninga. Sagði hann það rangt, að eins væri ákveðið í 9. gr. laga um ríkisborgararjett. Jeg sagði ekki, að ákvæðin væru hin sömu, heldur lík eða samskonar. Aðrir menn úr nefndinni hafa nú skýrt þetta svo vel, að mjer sýnist óþarft að elta ólar um það við hæstv. forsætisráðherra.

Þá sagði hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að jeg hefði sagt, að hann hefði ekki haft neina heimild til að bera fram margnefnda breytingu á kosningarrjettinum; þeim orðum hefi jeg eigi farið um þetta tiltæki hans, en hitt sagði jeg, að það hefði ekki heyrst í þinginu nein rödd um það frá fylgismönnum sambandslaganna, að breyta þyrfti stjórnarskránni viðvíkjandi kosningarrjettinum á *þann* hátt, sem frv. gerir, og hinu gagnstæða hefði verið heitið kjósendum í fyrra, þegar sambandslögin voru rædd.

Þá fór hæstv. forsætisráðherra að lesa upp kafla úr gömlum þingræðum eftir mig, þar sem jeg tala um 5 ára búsetuskilyrðið. Jeg, sem var andvígur sambandslögunum, hafði dregið í efa á Alþingi í fyrra, hvort slíkt yrði ekki talið brot á sambandslögunum. Jú, jeg kannast við að hafa mælt þetta í fyrra. En þótt jeg hafi nú haft þennan skilning þá, þá vil jeg spyrja hæstv. forsætisráðherra (J. M.), hvort það hafi verið minn skilningur, sem sigraði hjer í deildinni í fyrra? Það var skoðun forsætisráðherrans og hans fylgismanna, sem sigraði, og verður því að skilja sambandslögin samkvæmt þeim skilningi, sem þeir lögðu þá í þau.

Hitt er víst og satt, að jeg hefi mjög stutt að því, með því að benda á galla og agnúa sambandslaganna í fyrra, að knýja flutningsmenn og fylgismenn þeirra til þess að skýra þau sem mest Íslendingum í vil — og þykist jeg hafa unnið þjóðinni gagn með því, ekki alllítið, því að nú verður að skýra og skilja lögin samkvæmt staðhæfingum þeirra manna, sem báru þau fram, samþyktu þau á þingi og fengu síðan þjóðina til að samþykkja þau í trausti til þeirra skýringa, er þeir höfðu gefið.

Ef sambandslagamönnunum hefði haldist uppi að samþykkja frv. í fyrra að mestu þegjandi, þá hefði þjóðin staðið berskjaldaðri fyrir.

Skoðanir *mínar*, er jeg ljet í ljós í fyrra, verða eigi notaðar til lögskýringa á sambandslögunum, þar sem þeim var þverneitað af meiri hluta þingsins, sem rjeð úrslitum málsins. Það er því hin mesta fjarstæða, er hæstv. forsætisráðh. (J. M.) vill nú nota orð mín í fyrra nýmælum sínum til liðsinnis.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) vildi sýna skoðanaskifti mín, með því er hann las upp

úr þingtíðindunum af ræðu minni. En jeg vil þá minna á það, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) tók einnig til máls um þetta margnefnda atriði við umræðu málsins, og jeg er ekki viss um, nema hann hafi einnig breytt nokkuð skoðun sinni í málinu, eftir orðum hans að dæma. Hann hjelt því þá fram, að skoðanir mínar um búsetuskilyrðið væru rangar, þar sem það kæmi oft fyrir í íslenskum lögum, að ekki gilti sömu ákvæði um Íslendinga búsetta heima og erlendis. — Framsetning hæstv. forsætisráðh. (J. M.) er að vísu dálítið óljós, hvort sem það stafar af því, að honum hefir sjest yfir að leiðrjetta „Löðna" framsetningu skrifarans, eða þá af öðrum ástæðum. Jeg ætla að lesa upp kafla þann úr ræðu hæstv. forsætisráðh. (J. M.), sem að þessu lýtur, — með leyfi hæstv. forseta:

> „Þetta er ekki óþekt í íslenskri löggjöf. Skal jeg nefna fossalögin, sem ákveða líkt hjer um, og sama er að segja um námulögin. Þau gera mun á þeim Íslendingum, sem búsettir eru í landinu, og hinum, sem verið hafa langdvölum erlendis. Það, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hefir sagt, er því fjarstæða að þessu leyti. Skal jeg svo ekki fara frekar út í það."

Það getur því varla verið alvara hæstv. forsætisráðh. (J. M.), er hann sagðist hafa búist við fylgi mínu með nýmæli sínu í þessu máli.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er afarlítið, sem jeg þarf að segja frekar um þetta mál. Öll hin langa ræða háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði ekkert fram yfir það, sem stóð í nefndarálitinu frá hv. meiri hluta, og það, sem hv. frsm. meiri hluta (B. Sv.) bætti við það. Jeg ætla því ekki að svara neinu í ræðu háttv. þm. Dala. (B. J.), öðru en því, að hann sagði, að jeg hefði lofað því á þinginu í fyrra að láta alstaðar setja búsetuskilyrði inn í þau lög, sem það á við. Þetta er mjer óhætt að fullyrða að háttv. þm. (B. J.) getur ekki staðið við, og jeg hefði gaman af, að hann tilfærði þau orð, sem hann byggir þetta á.

Hv. þm. Dala. (B. J.) talaði um, að það stappaði nærri að vera ofurkapp, sem hv. minni hluti legði á þetta atriði, en ef það er borið fram af ofurkappi af minni hlutanum, hvaða orð ætti þá að hafa um aðgang háttv. þm. Dala (B. J.)?

Þá skal jeg lauslega minnast á það, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, og þá sjerstaklega það, sem hann sagði um fjárlögin, að þau ætti aldrei að þurfa að leggja fyrir konung. Hvers vegna þessa gerðist ekki þörf, þykist jeg sjá af brtt. háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og fleiri háttv. þm., um að færa til þingtímann. Mjer þótti ekki ástæða til að koma með brtt. við stjórnarskrána þessu viðvíkjandi, af því að þessu má altaf breyta með einföldum lögum. En þó nú þingið kæmi saman í febrúar, þá ætti að vera hægt að hafa lokið við fjárlögin svo snemma, að hægt væri að bera þau undir konung. Fjárlagaárið gæti þá heldur ekki byrjað 1. janúar, heldur yrði það að byrja t. d. 1. júlí. Mjer þótti vænt um það, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði um afl atkvæða, því jeg er honum algerlega samdóma um það, og hefi ekki getað sannfærst af skýrslu háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.). Það, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði um þetta mál, að ef ráðherrarnir væru tveir, þá gæti afl atkvæða ekki ráðið ef þeir væru ósammála, er að vísu alveg satt, en þetta ætti alveg eins að geta komið fyrir þó þeir væru fjórir.

Þá talaði háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) um 15. gr. í stjórnarskránni og þótti einkennilegt orðalagið: „Hver ráðherra, sem undirritar, ber ábyrgð á ákvæðinu." Þetta ákvæði er svo orðað í stjórnarskrám margra ríkja, og svo að við tökum það, sem okkur er næst, þá er það svona orðað t. d. í hinum nýju grundvallarlögum

Dana. Ástæðan er sú, að ef fleiri en einn ráðherra undirrita eitthvað með konungi, þá skuli þeir allir og hver um sig hafa sömu ábyrgð og sá ráðherrann, sem málið heyrir undir. Okkar stjórnarskrá er mjög sniðin eftir grundvallarlögum Dana, og hefir verið það frá fyrstu. Þetta ákvæði hjer er sniðið eftir samskonar ákvæði þar.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafa báðir tekið fram það, sem jeg sagði í fyrstu, að það væri að eins meiningarmunur á hv. meiri og minni hluta. Og jeg býst ekki við, að hægt verði að gera þennan meiningarmun svo mikinn, að hv. meiri hl. takist að gera mikinn hvell út af honum.

Jeg man ekki, hvað háttv. frsm. minni hl. (P. J.) sagði um búsetuskilyrðið, en jeg þykist vita, að hann hafi aldrei haldið því fram, að það væri lögleysa að setja fimm ára búsetuskilyrðið inn í stjórnarskrána, en ekki tveggja ára. Og jeg byggi þessa skoðun mína aðallega á því, að það kemur fram í nefndaráliti hv. minni hluta, að það sje fullkomlega lagalega rjett að setja slík ákvæði sem þessi inn í stjórnarskrána. Þess vegna er engin ástæða fyrir hv. 2. þm. Árn. (E. A.) að taka dæmið um stuldinn á tveimur eða fimm sauðum. (*E. A.*: Ræða hv. frsm. minni hl. (P. J.) gaf fullkomið tilefni til þessa dæmis. *P. J.*: Þetta er helber misskilningur hjá háttv. 2. þm. Árn.).

Hv. frsm. meiri hluta (B. Sv.) las upp ummæli mín frá því í fyrra um starf ráðgjafarnefndarinnar. Jeg get fullkomlega staðið við þau ummæli, enda hefi jeg á engan hátt breytt skoðun á starfi nefndarinnar frá því í fyrra.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði nokkuð um hlutfallskosningarnar. Þessi brtt. nefndarinnar við stjórnarskrána kemur af því, að hún hefir búist við, að fjölgað yrði þingmönnum hjer í Reykjavík. En það má vel segja, að það sje ekki ástæða til að hafa hlutfallskosningar fremur hjer heldur en annarsstaðar á landinu. Jeg sje ekki ástæðu til þess, út af fyrir sig, þótt fjölmennið sje meira hjer heldur en annarsstaðar. Það mætti skifta bænum í hverfi. Það er gert alstaðar annarsstaðar, og það í miklu fjölmennari bæjum heldur en Reykjavík. Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) var að tala um, að fimm ára búsetan væri nýmæli. Þetta ákvæði er áður komið inn í lög vor, og jeg man ekki til, að það væri sett þar af neinni hræðslu við innflutning Dana eða annara þjóða. Jeg sje heldur enga hættu nú, og er minni hlutinn hræddari við slíka hættu heldur en nokkurn tíma jeg. Það, sem bæði háttv. frsm. meiri hluta (B. Sv.) og háttv. þm. Dala (B. J.) hafa gert lítið úr, er, að langt búsetuskilyrði kemur töluvert hart niður á sumum Íslendingum. Þetta játaði háttv. frsm meiri hlutans (B. Sv.) samt hreinskilningslega, en háttv. þm. Dala. (B. J.) gat ekki viðurkent, að þetta gæti á nokkurn hátt snert t. d. Vestur-Íslendinga óþægilega. Það getur verið, að sem stendur snerti það þá ekki, en ef Íslendingar, sem fullvalda ríki, færu að semja við aðra þjóð, t. d. Kanada, um, hversu skjótt þeir Íslendingar skyldu fá ríkisborgararjett hjer á landi, sem væru orðnir ríkisborgarar í Kanada, þá þætti mjer undarlegt, ef þetta ákvæði yrði ekki þröskuldur á veginum og stæði fyrir því, að þeir gætu fengið nokkra ívilnun.

Hvað snertir ummæli mín um búsetuna, þá hefði háttv. frsm. meiri hlutans (B. Sv.) átt að geta fundið fullskýr ummæli mín frá þinginu í fyrra um, að jeg teldi fullkomna heimild til að setja búsetuskilyrði fyrir atvinnurekstri hjer á landi. Danir hafa sett búsetuskilyrði fyrir atvinnurekstri, og við höfum alveg sama rjett til þess. Hitt er annað mál, hvort rjett er að setja slík skilyrði um alla skapaða hluti, þó að full heimild sje til að setja þau fyrir eignarrjetti einstaklinga hjer á landi. Hitt er

annað mál, hvort það var rjett að setja skilyrðin eins og þau voru sett í lagafrv. því, sem afgreitt var hjeðan úr deildinni fyrir nokkru. Það hefði verið eðlilegra, að þau lög hefðu fylgt lögum um búsetuskilyrði fyrir atvinnu. Því það tel jeg fyrst og fremst sjálfsagt, að setja þetta skilyrði fyrir sumum atvinnurekstri.

Annars er það þýðingarlaust að vera að fjölyrða mikið um þetta mál, og að endingu vil jeg strika undir það, sem bæði háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafa sagt, að munurinn á meiri og minni hluta er ekkert ýkjamikill.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla þá ekki lengur að vera að mögla á móti því, að heita frsm. minni hlutans, úr því að það sýnist vilji allra háttv. þm. að nefna mig þeim titli. Jeg ætla þá ekki að nota mjer framsögumannsrjett minn, þó jeg nú tali í annað sinn, því jeg býst við, að allir yrðu sofnaðir er röðin kæmi að mjer í þriðja sinn. Úr því að háttv. þm. Dala (B. J.) gat eftir mikla mæðu áttað sig á því, að jeg væri þm. S.-Þ., þá ætla jeg að svara honum nokkru. (*B. J.*: En ekki ef jeg hefði staðið fast á, að hv. þm. væri þm. Suður-Dana). Þá hefði jeg svarað hv. þm. Dala. (B. J.) á þýsku. Þessi háttv. þm. (B. J.) lagði þann skilning í fyrri ræðu mína, að jeg hefði talið það brot á sambandslögunum að samþykkja skilyrðið um fimm ára búsetu, en þetta er ekki rjett skilið. Jeg tók sem sje skýrt fram í ræðu minni, að jeg áliti það ekki brot á samningunum, eða *lagalega* rangt, að setja fimm ára búsetuskilyrðið inn í stjórnarskrána. Jeg rifjaði upp í þessu sambandi nefndarálitið, og ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að rifja það upp aftur:

> „Minni hluti nefndarinnar er meiri hlutanum fyllilega samdóma um það, að vjer höfum lagalegan rjett til þess að setja svo langt búsetusklyrði, sem oss sýnist, í stjórnarskrána fyrir kosningarrjetti og kjörgengi til Alþingis, og eins um hitt, að tryggja beri Íslendingum rjett og vald yfir málum sínum. Hins vegar telur hann hvorki nauðsynlegt, hagkvæmt eða fallörugt að einskorða búsetutímann í stjórnarskránni, eins og meiri hlutinn vill gera".

Það, sem jeg sagði um ráðgjafarnefndina, vildi hv. þm. Dala. (B. J.) leggja út á þá leið, að jeg teldi nefndina hafna yfir þing beggja ríkjanna. En þetta er auðvitað rangt, eins og jeg hefi margtsagt áður. Nefndin er að eins ráðgjafarnefnd, en *getur* gert málamiðlanir, þegar svo ber undir, en annað ekki. Og alt er þetta svo skýrt tekið fram í nál., að algerður óþarfi er að snúa út úr því.

Háttv. þm. (B. J.) kallaði það óorðheldni, ef við samþ. nú ekki búsetuskilyrði meiri hlutans og háttv. framsm. hans sagði landsmenn hjer gabbaða, ef svo yrði ekki gert. En jeg held því fram, að ef þingið nú samþykkir tillögu okkar í minni hl. um búsetuskilyrðin, þá sje fullnægt þeim kröfum, sem landsmenn geta gert til þingsins, og þeir hafi eigi yfir neinum vonbrigðum að kvarta.

Í sambandi við þann mikla ótta, sem virðist hafa gripið suma menn hjer, við einhverskonar danska innrás hingað, þá er það hvorttveggja, að jeg hefi ekki trú á henni, og hefi ekki heyrt færðar fyrir henni neinar sennilegar líkur. En jafnvel þó gert sje ráð fyrir slíkri innrás, getur verið alveg eins mikil trygging í því að eiga hægt með að færa í snatri upp tveggja ára búsetuna eftir þörfum, ef annars búsetuskilyrði er næg trygging gegn illum áhrifum af slíkri innrás á þjóðmál vor.

Þá mintist háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) nokkuð á málið og sagði, að skoðanamunur nefndarhlutanna væri í rauninni ekki svo ýkjamikill, og leit yfirleitt á það með

sanngirni, og gladdi það mig En hann virtist líta svo á, að þar sem við hefðum gengið inn á nokkra búsetu, þá gætum við eins játað 5 árum eins og 2. Þessu hefi jeg áður andmælt. En jeg vil skjóta því hjer inn í, að mjer virðist það svo, að hann og fleiri telji ekki neitt búsetuskilyrði í stjórnarfrv. Þar er þó áskilin eins árs búseta í kjördæminu, og auðvitað er ekkert kjördæmi til nema í landinu. Þess vegna er eins árs búsetuskilyrði í því. Tveggja ára búseta er ekki nema lítill stigmunur frá því. En það, að minni hlutinn vill hækka þetta takmark, var bæði af því, að hann vildi sneiða hjá ósamkomulagi í nefndinni, ef hægt væri að miðla málum, og í öðru lagi af því, að ávalt má nokkuð um það deila, hvað telja beri fullkomna búseta þegar um eitt ár er að gera, en nokkurn veginn vafalaust annað árið. Þá sjest þó, hvort dvölin hjer er veruleg búseta eða „fingeruð".

Þá hefir hv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagt það, að ef jeg gæti talið það höggva nærri brotum á sambandslögunum að ákveða 5 ára búsetu, hlyti jeg líka að líta svo á um 2 ára búsetu. En jeg hefi gert grein fyrir, og í nefndarálitinu gerir minni hlutinn grein fyrir því, hver munur er á 5 árum og 2 í þessu sambandi. Tvö ár eru eðlilegt skilyrði, en 5 ár óþarft, fyrst um sinn.

Svipaður hugsanagangur kom fram hjá hv. frsm. (B. Sv.), þar sem hann gat um, að minni hl. hefði upp á síðkastið færst nær meiri hl. í skoðunum. Til skýringar þessu öllu saman vil jeg nú drepa örstutt á sögu þessa atriðis í nefndinni. Því var sem sje þannig varið, að umræðunum um búsetuna var sí og æ skotið á frest, þegar það varð augljóst, að mestur meiningamunur mundi um hana verða. Var kosið að láta það bíða, uns útgert væri um önnur atriði. En þegar ákveðnar tillögur fóru að koma fram, kom þegar í stað tillaga frá okkur um það, að á eftir greininni um búsetu í kjördæminu skyldi setja setningu um,að setja mætti frekari skilyrði með sjerstökum lögum. En þegar það kom fram, að margir nefndarmenn vildu hafa föst ákvæði í stjórnarskránni sjálfri, gerðum við það til samkomulags að stinga upp á tveggja ára búsetu. Það virtist nóg, því ákvæðið er ekki, og átti ekki að vera, annað en öryggisákvæði eða ráðstöfun, og því var sjálfsagt að hafa árabilið ekki hærra en nauðsynlegt var, til þess að tryggja það öryggi gagnvart útlendingum, án þess að íþyngja um of fæddum Íslendingum. Og eins og margsannað hefir verið, þá er þetta næg trygging hjer, án þess að vera nokkurt undanhald á neinu sviði, eins og stöðugt hefir kveðið við frá hv. meiri hluta. Hitt er augljóst, að ef að því kemur, að hætta standi fyrir dyrum, og á því er mönnum innan handa að átta sig og gera nauðsynlegar ráðstafanir á tveimur árum — jeg segi, ef svo reyndist, þá er ekki einungis unt, heldur auðvitað sjálfsagt, að grípa til nauðsynlegra úrræða til verndunar rjetti sínum, þó þau verði þá sennilega ekki fólgin í búsetuskilyrði einu, hvort sem það er lengra eða skemra, heldur fleiru. En fyrst kleift er nú að koma á fullgildum vörnum, þegar á þarf að halda, án þessa fimm ára skilyrðis, er þá nokkur ástæða til að vera að halda því til streitu, sjerstaklega þegar það getur ekki orðið til annars en þess, að ala á rig og tortrygni milli þjóðanna?

Þá hefir það verið sagt, að úr því minni hl. byggist ekki við því, að nokkur hætta mundi verða á ferðum í fyrirsjáanlegri framtíð, og að þess yrði langt að bíða, að grípa þyrfti til nokkurs slíks, ætti ákvæðið að minsta kosti að vera svo meinlaust, að ástæðulaust væri að amast við því. En þarna er einmitt munurinn — þarna er einmitt ágreiningurinn. Því ákvæðið er

ekki meinlaust gagnvart okkar eigin löndum, sem erlendis eru, og það er þeirra vegna, að við viljum ekki ganga inn á svona tíma. Því það er ástæðulaust að vera að gera sínum löndum óhægra fyrir í veruleikanum, með því að búa til einhverja málamyndatryggingu gegn ímyndaðri hættu seinna meir.

En auk þess, sem sagt hefir verið um búsetuskilyrðið beinlínis — og því hefi jeg nú svarað — hafa ýms önnur atriði og brtt. verið settar í samband við það. T. d. vildi hv. þm. Dala. (B. J.) setja brtt. á þgskj. 566, um fjölgun þingmanna, í samband við það, og þá sjerstaklega ákvæðin um landskjörið. Þetta átti alt að vera gert til þess eins, að opna Dönum greiðari aðgang hingað og gefa þeim betra færi á að beita sjer hjer, okkur til meins og miska. Ef teknar væru alvarlega þessar ásakanir, þá væru þær þungar, og þyngra þó fyrir hv. þm. að færa þeim stað. Því þetta er í raun rjettri sama sem að drótta að manni landráðum. En jeg kippi mjer ekki upp við þetta, af því að jeg veit, að jafnvel hv. þm. Dala. (B. J.) trúir þessu ekki sjálfur — hvað þá aðrir.

Í þessu sambandi vil jeg líka minnast lítils háttar á annað atriði — og þó að eins til að kvitta fyrir það, sem þar var að mjer vikið. Afskifti mín af þessu máli voru sem sje af þm. Dala. (B. J.) sett í samband við það, að jeg á sæti í stjórn fossafjelagsins Íslands, sem að vísu er nú orðið danskt að nokkru leyti, en var norskt þegar jeg var kosinn í stjórnina. Mjer er að vísu ekki ljóst, hvernig þingmenn hafa farið að koma þessu hvoru í samband við annað — nema ef það ætti að vera einhver verulegur galli á fjelagi, að jeg væri í stjórn þess. Nú býst jeg samt við, að ef menn gera ráð fyrir, að jeg hafi nokkur áhrif í þessari stjórn, þá muni það heldur reynast íhendis en úrhendis fyrir landsmenn.

Þá vil jeg örstutt minnast á tillögu á þgskj. 556, viðvíkjandi skipulagi þingsins, af því að jeg er við hana riðinn. Jeg og fleiri höfum lengi verið þeirrar skoðunar, að það væri heppilegra fyrirkomulag að hafa sjerstaklega kjörna fulltrúa í efri deild, meiri hluta Ed., eða helst alla, og að þeir fulltrúar væru kosnir til lengri tíma en aðrir þingmenn og ekki háðir þingrofi, heldur gengju úr á víxl, líkt og nú er um hina landskjörnu. Þetta er bygt á þeim rökum, að þegar kosningarrjetturinn til kjördæmakosninga er orðinn almennur og kjörtímabil stutt, þá geta orðið svo skjót veðrabrigði í íslenskri pólitík, að ekki sje til hollustu, ef ekkert af þinginu hefir meiri staðfestu. Jeg held líka, að við höfum nú þegar fengið nokkurn forsmekk þessa, og getur jafnvel orðið efi á því, hversu þingræðið yfirleitt yrði langlíft, ef slíku vindur fram til langframa. Jeg held því sem sje fram, að íhaldið eigi sinn tilverurjett, engu síður en framsóknin; hvorttveggja er nauðsynlegt og á að fá að njóta sín. Þó get jeg búist við því, að ekki fái þetta framgang á þessu þingi, frekar en ýmislegt annað nýtilegt. En að þessu máli mun jeg vinna, ef jeg lifi og fæst við stjórnmál framvegis. Og jeg get huggað mig við það, að í þessu máli er hin sigrandi framtíð mín megin.

Bjarni Jónsson: Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) kvað svo að orði í ræðu sinni, þeirri er síðast flutti hann, að engi myndi þess þörf að svara þm. Dalamanna, því ekkert hefði hann það til málanna lagt, er aðrir hefðu eigi áður sagt. Virðist að vísu mörgum svo, sem snúa mætti orðum þessum með meira sannmæli á hendur þeim góða manni, og mun jeg fyrir þá sök eigi orðmargur vera að sinni, því augljóst mun vera góðum mönnum og greindum, hversu sniðgenginn er hjer sannleikurinn. Mun jeg færa þess nokkur dæmi, og enn freista

að renna rökum nokkrum undir málstað minn og íslenskra rjettinda, og hirði jeg eigi, hvort mönnum þykir betur eða ver. Hefir og aldregi verið þann veg farið skapi mínu, að jeg sveigði skoðanir mínar af vegi rjettum, þótt af þeim hlyti jeg óþokka nokkurn þeirra manna, er heitið hefi jeg þýlyndar ættjarðarætur. Þykist jeg og hvorki þurfa að kikna nje blikna, þótt staðið hafi öllum stundum framarla í fylkingarbrjósti frelsismála vorra og framsóknar. Mun jeg og heldur eigi vægðar beiðast nje vorkunnsemi, þótt staðið hafi á öndverðum meiði við andskota þjóðernis vors og þjóðfrelsis og varnað því, að glataðist svo góður arfur og dýr, sem er tunga feðra vorra. Mun jeg enn halda fornum hætti og hvetja menn sóknarinnar, er vegið er að rjettindum vorum af vábeiðum frelsis vors, þótt bæði þetta þing og önnur hafi sannreynt mjer að sumu leyti, að eigi tjóar bleyðimenn að hvetja hreystiverka. Vonar mig þó, að eigi muni enn gengið svo gæfu vorri, að vjer fáum eigi borgið sóma vorum og sjálfstæði.

Annars er það eigi nýtt, að þeir sjeu háði leiddir og heiftyrðum, er eigi vilja gerast auðsveipir tagllhnýtingar erlendra áhrifa, og hafa þeir fyr mátt þola köpuryrði heimskra manna og illgjarnra — og stefni jeg því þó ekki til hæstv. forsætisráðherra (J. M.).

En til hans vil jeg þó beina því, þar sem hann sagði, að ekkert hefði verið í ræðu minni nýtt, að muna hefði hann mátt latneskan talshátt alkunnan, er svo segir: auditur et altera pars. Var mörgu þann veg farið í ræðu hans, að engi hefði verið vanþörf þess, að hann kynti sjer betur ástæður vorar, og ekki þarf að harma það, þó fleiri flytji en jeg einn, og er góð vísa sjaldan of oft kveðin.

Vil jeg nú nefna til þess nokkur dæmi, hversu ósvarað er ástæðum mínum sem fyr gat jeg.

Jeg sagði, að ósamræmi væri í því, að telja svo, sem 5 ára búseta stappaði nærri samningsrofum, en ekki 2 ára. Þetta hefði hæstv. forsætisráðherra (J. M.) að ósekju mátt skýra betur en orðið er.

Jeg sagði, að minni hlutinn hefði viljað gera úr lögjafnaðarnefndinni einskonar yfiralþingi. Þessu hefði hæstv. forsætisráðherra (J. M.) mátt svara.

Jeg sagði, að vakið hefði verið hjegómahjal um sum atriði máls þessa af hendi minni hlutans. Þarna hefði hæstv. forsætisráðherra (J. M.) þurft að koma til hjálpar liðsmönnum sínum, fyrst þeir skilja ekki sjálfa sig, hvað þá aðrir.

Jeg hafði neitað því, að meginástæða minni hluta till. væri umhyggja fyrir Íslendingum erlendis, þó að svo væri látið í veðri vaka. Þessu hefði hæstv. forsætisráðherra (J. M.) mátt hnekkja, ef unt er.

Jeg hefði eytt yfirborðsástæðum frsm. minni hlutans (P. J.) og afhjúpað nekt þeirra og fánýti. Þar hefði hæstv. forsætisráðherra (J. M.) mátt koma skjaldsveini sínum til varnar, þar sem augljóst er, að hann má ekki megna því, að bera vopn á þingi þessu. Og hafa úr því horni hrotið ýms þau ummæli, er betur væru ókveðin. Mun jeg svo eigi orðlengja meira en orðið er um þessi atriði, því hjer má taka undir þau hin fornkveðnu orð:

Hælumsk minst í máli,
metumsk heldr at val feldan.

Mun jeg og óhræddur leggja mál mitt í dóm sannsýnna kjósenda, og uggir mig, að einhver málstaður muni eiga þar erfiðari sakarsókn en minn. Því sannfærður er jeg þess, að enn muni sannast það, er jeg sagði einhverju sinni í kvæðiskorni, að

Ísland ævinlega
öflin styðja góð.

Vil jeg svo víkja nokkrum orðum að öðrum atriðum, og þá fyrst að því, sem drepið hefir verið á um þingmannafjölda og kjöraðferð.

En þar sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) var hræddur um, að þetta mundi rekast á atvinnumálalöggjöfina, þá á ekki að þurfa að koma til þess, ef stjórnin bregst fljótt og vel við þingsályktunartill. þeirri, er frv. mitt um atvinnufrelsi var afgreitt með hjer í deild.

Hv. þm. S.-Þ (P. J.) kvað búsetuskilyrðið stappa nærri broti á sambandslögunum. En ef hann les grandgæfilega nefndarálitið, þá skil jeg ekki í öðru en hann hljóti að hverfa frá þeirri firru og koma auga á, að hann gengur þar í berhögg við foringja flokks síns, sem í nefndarálitinu segist vera meiri hlutanum fyllilega samdóma um, að vjer höfum lagalegan rjett til að setja svo langt búsetuskilyrði, sem oss sýnist, í stjórnarskrána, fyrir kosningarrjetti og kjörgengi til Alþingis, og eins um hitt, að tryggja beri Íslendingum vald yfir málum sínum. Undir þetta skrifar þingmaðurinn (P. J.) sjálfur fyrirvaralaust, og þarf þá ekki framar vitnanna við um það, á hve miklum rökum orð hv. þm. (P. J.), þau er hann mælti nú, eru bygð.

Þar sem jeg talaði um yfirþing, sagði jeg ekki, að það væru orð hv. þm. (P. J.). Þó var það rökrjett ályktun af orðum hans; jeg kunni að draga hana, en þingmaðurinn ekki.

Hv. þm. (P. J.) sagði, að búsetuskilyrði minni hlutans væri eins hagkvæmt eins og búsetuskilyrði meiri hlutans, með því að því mætti breyta með einföldum lögum og lengja búsetutímann. En þá fer nú að minka drengskapur okkar við Dani, ef við höfum það bak við eyrað að lengja búsetutímann þegar minst varir og þeim óvörum, ef til vill upp í 10—20 ár, hve nær sem hv. þm. (P. J.) eða öðrum þykir þörf á að afstýra með því yfirvofandi hættu. Jeg tel það vera drengilegra gagnvart Dönum að setja þegar í stað í stjórnarskrána ákveðið búsetuskilyrði; þá verður torveldara að svíkjast að Dönum og þeim fáu Íslendingum, sem erlendis dvelja, með nýjum, óhagkvæmum búsetuskilyrðum. Til þess þarf breyting á stjórnarskránni og samþykki kjósenda tveggja þinga.

Hæstv. forsætisráðherra (J M) gat þess, að sumstaðar væri það í lögum, að þeir, sem fæddir væru í ríkinu, en hyrfu þaðan og mistu ríkisborgararjett sinn við það, ættu hægra en aðrir með að öðlast hann aftur, ef þeir leituðu heim til föðurlands síns. Jeg kannast ekki við þetta, og væri gott að fá að vita, hvar það væri.

Það mun vera siður í öllum löndum að setja skilyrði fyrir kosningarrjetti í stjórnarskrár landanna, því að öðrum kosti yrði alt of auðvelt að hringla með þessi grundvallarrjettindi kjósendanna; þá mætti breyta skilyrðunum á einu þingi og án þess að kjósendum gæfist kostur á að láta vilja sinn í ljós. Gæti þá vel svo farið, að breytingin yrði gerð að fullum óvilja kjósenda og í ósamræmi við skoðanir þeirra.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) hefir alveg misskilið mig, þegar jeg gat um, að hann væri í stjórn fossafjelags. Mjer er alveg sama, hvort það er norskt eða danskt. Jeg nefndi þetta af því, að hv. þm. (P. J.) talaði um, að eigi mundi stafa hætta af flutningi Dana hingað til lands. Benti jeg á þetta af því, að jeg taldi víst, að hann, sem stjórnandi fossafjelags, mundi vita vel um fyrirætlanir þess. Jeg geri ráð fyrir, að þær sjeu ekki smáar, og þá ætti hv. þm. (P. J.) að sjá, þegar hann fer að skoða málið grandgæfilega, að ekki eru lítil líkindi fyrir innflutningi til fossaiðnaðarrekstrarins, ef fyrirætlanir fjelags hans hepnast, og þó er það fjelag ekki eitt um hituna hjer. Jeg mintist ekki á það, að hv. þm. (P. J.) er í stjórn fossafjelags, í því skyni, að blanda því inn í deilumál okkar, heldur til að minna hann á, að hann hlyti að geta sjeð það, að allmikil líkindi væru þess, að hingað mundu bráðlega flytjast

margir útlendingar, ef fjelag hans og önnur slík fjelög tækju fyrir alvöru að starfrækja fossa hjer á landi. Jeg talaði ekkert um það, hversu duglegur stjórnandi hv. þm. (P. J.) mundi vera, og ætla mjer ekki að gera það.

Svo skal jeg ekki að þessu sinni þreyta menn á fleiri athugasemdum, þótt margt sje eftir, sem leiðrjetta mætti. Þó er eitt eftir, sem jeg má ekki alveg ganga fram hjá. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði, að það væri rangt hjá mjer, að þingið í fyrra hefði lofað því, að setja búsetuskilyrði inn í stjórnarskrána í ár. Jeg hefi þegar gert grein fyrir því, af hverju jeg teldi, að hjer væri um beint loforð þingsins að ræða, þótt eigi kæmi það fram í ályktunarformi, og þýðir ekki að vera að taka það fram aftur. Allur almenningur mun og hafa litið svo á, að hjer væri um loforð að ræða. Þetta getur hæstv. forsætisráðherra ekki hrakið.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get enn eigi gert hv. þm. Dala. (B. J.) það til geðs að svara spurningu hans, því jeg get ekki fundið, að um annað sje að ræða en það, sem tekið er fram í nefndarálitinu, eins og annars hefir verið tekið fram áður. En svo virtist, sem hv. þm. (B. J.) tæki það illa upp, er jeg sagðist ekki þurfa að svara honum. Þó var eitt atriði í ræðu hv. þm. (B. J.), sem ef til vill er rjettast að svara. Hann segist hafa sagt mjer í vetur, að hann mundi ekki geta gert sig ánægðan með búsetuskilyrði, bundið við jafnstuttan tíma eins og gert er í stjórnarskrárfrv.; kvaðst hann þá ekki geta gert sig ánægðan með styttri tíma en 4 ár. Um þetta þýðir ekki að deila, því að við vitum báðir, að það er rjett. Því hjelt jeg, að hann hefði með vilja komið með brtt. um, að tíminn skyldi vera 4 ár. Fyrst hv. þm. (B. J.) sagði þá, að hann gerði sig ánægðan með 4 ár, þá get jeg ekki skilið, að 5 ár sjeu svo bráðnauðsynleg nú, að það gangi landráðum næst að stytta þann tíma. Þegar jeg sje, hvað hv. þm. (B. J.) er sjálfur reikull í ráði með það, hvað sje hæfilega langur búsetutími, er setja beri sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, og þegar þess hins vegar er gætt, hvað lítið meiri hluta og minni ber á milli um lengd hans, þá fæ jeg ekki sjeð eða skilið, hvílíkt veður háttv. þm. (B. J.) gerir út úr þessu. Jeg held nærri því, að hann hljóti að renna grun í, hve ónógar tryggingarráðstafanir hans eru, einmitt frá hans eigin sjónarmiði. Jeg hefi annars ekki borið neinar sakir á hv. þm. (B. J.) í máli þessu; en hann verður að fyrirgefa, þótt jeg fari ekki að taka upp aftur það, sem jeg sagði áður um 20. brtt. hv. nefndar og samanburð hv. þm. (B. J.) á henni og því, sem stæði í 9. gr. frv. um ríkisborgararjett. Þó ætti hann að viðurkenna, að munur er á, hvort sagt er sjúklingur á spítala, eða vera til lækninga.

Bjarni Jónsson: Jeg veit hvað því veldur, að hæstv. forsætisráðherra þykist ekki finna neitt nýtt í því, sem jeg hefi sagt; því veldur hið sama sem því, að einn lögfræðingur gat á engan hátt sjeð, að breyta þyrfti einni grein í stjórnarskránni, þótt öllum öðrum væri það ljóst. Það er sama sálarblindan, sem lagst hefir á hæstv. forsætisráðherra (J. M.). Svo er það nokkuð annað, sem jeg vil gera athugasemd við. Hæstv. ráðherra (J. M.) hermir ekki alveg rjett samtal okkar. Jeg sagði, að jeg gerði mig ánægðan með 5 ára búsetutíma, en komið gæti til mála, að 4 ára búsetutími gæti orðið að samningum okkar á milli. Þetta er nokkuð annað en hitt.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg sje ekki, að það sje neinn verulegur munur á frásögn okkar hv. þm Dala. (B. J.). Jeg sagði, að hann hefði sagt, að má ske gæti

hann gert sig ánægðan með 4 ára búsetutíma, og nú segir hann sjálfur, að hann hafi sagt, að þetta gæti komið til mála, svo að þá hefir honum ekki þótt það frágangssök. Það er ekki fullkomlega rjett sem sagt er í nefndarálitinu, að öll nágrannaríki vor á meginlandi Norðurálfunnar setji ríkisborgararjett sem skilyrði fyrir kosningarrjetti og kjörgengi. Þetta er vægast talað, býsna villandi, því að hvorki stendur þetta skilyrði í stjórnarskrá Frakka nje Ítala. (*B. J.*: Líklega ekki heldur í stjórnarskrá þeirra Balkanskagabúa). Má vel vera. Það stóð ekkert um það í bók þeirri, sem jeg hefi þetta úr.

ATKVGR.

1.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 504,1. samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, og 7.—11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 504,2. samþ. án atkvgr.

12. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 504,3. samþ. með 14 : 10 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 504,4 samþ. með 14 : 1 atkv.
— 504,5. — — 14 : 1 —

14. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 504,6. samþ. með 17 shlj. atkv

15. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 504,7.a. samþ. með 21 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 504,7.b. (ný gr., verður 17. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 504,8. (ný 17. gr., verður 18. gr.) samþ. með 23 : 1 atkv.
— 504,9. samþ. með 23 : 1 atkv.

17. og 18. frv. því fallnar.

Brtt. 504,10.a. samþ án atkvgr.
— 504,10.b. samþ. með 19 shlj. atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 504,11. samþ. með 20 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

21.—23. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 504,12.a. samþ. með 16 : 1 atkv.
— 504,12.b. samþ. án atkvgr.

24. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 504,13. (ný 25. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

25. gr. frv. því fallin.

Brtt. 562. tekin aftur.
— 556. feld með 21 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M., J. B., M. Ó., P. J., Þorst. J.
nei: Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.

Brtt. 504,14. samþ. með 15 : 5 atkv.
— 504,15.a.—b. samþ. án atkvgr.

26. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 504,16.—17. samþ. án atkvgr.
— 573,1. frestað til 3. umr

27. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 504,18. a.—b. samþ. án atkvgr.

28. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 557. feld með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Árna., E. J., J. M., M. Ó., P. J., S. S., St. St., Sv. Ó., Þór. J., B. St.
nei: E. A., G. Sv., H. K., J J., J. B., M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. St., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., Ó. B.

Brtt. 504,20. samþ. með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. St., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. J., Ó. B.
nei: M. Ó., P. J., S. S., St. St., Sv. Ó., Þór. J., B. St., E. Árna., J. M.

Brtt. 64. frestað til 3. umr.
— 49,1. tekin aftur.
— 49,2. frestað til 3 umr.
— 573,2. frestað til 3. umr.
— 504,21. samþ. án atkvgr

29. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 504,22.—24. samþ. án atkvgr.

30. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 80. (ný 31. gr.) samþ. með 20 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þór. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E J., G. Sv., H. K., J. J., Ó. B.
nei: P. J., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J.,

31. gr. frv. því fallin.
32. og 33. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 504,25. (ný 34. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

34. gr. frv. því fallin.
35. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 504,26. samþ. með 22 shlj. atkv.

36. gr., svo breytt, og 37. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 504,27. samþ. með 18 : 4 atkv.
— 504,28. samþ. án atkvgr

38. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 504,29. samþ. án atkvgr

39. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 504,30 samþ. án atkvgr.

40. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 504,31.—32. samþ. án atkvgr.

41. gr., svo breytt, og 42. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 504,33.—35. samþ. án atkvgr.

43.—45. gr., svo breyttar, og 46.—47 gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 504,36. (ný 48. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

48. gr. frv. því fallin.

Brtt. 504,37. (ný 49. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

49. gr. frv. því fallin.
50.—51. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 504,38. (ný 52. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

52. gr. frv. því fallin.

Brtt. 504,39 (ný 53. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

53. gr. frv. því fallin.

Brtt. 504,40. (ný 54. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

54. gr. frv. því fallin.
55. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 504,41. (ný 56. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

56. gr. frv. því fallin.
57.—59. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 52. feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., E. J., G. Sv., J. J., J. B.
nei: M. P., P. J., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., H. K., J. M., M. G., Ó. B.

60.—61. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 504,42. samþ. án atkvgr.

62. gr., svo breytt, og 63. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 504,43. samþ. án atkvgr.

64 gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 504,44. frestað til 3. umr.

65. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 504,45. (ný 66. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

66. gr. frv. því fallin.
67.—75. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 504,46 samþ. án atkvgr.
— 297. samþ. með 24 shlj. atkv.

76. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
78. gr. (á að vera 77.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Ákvæði um stundarsakir (1.—3.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 603, 586, 587, 604, 605, 606, 621, 623).

Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr.

atkv. um brtt. 604, 605, 606, 621 og 623, er of seint var útbýtt.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg bjóst við, að frsm. mundi segja álit sitt, fyrir nefndarinnar hönd, um þær breytingartill., er nú liggja fyrir. Jeg á hjer tvær brtt., á þgskj. 605 og 606. Jeg skal geta þess, viðvíkjandi brtt. á þgskj. 605, eins og jeg reyndar drap á við 2. umr. þessa máls, að eiginlega hefði jeg ekki átt að þurfa að koma með þá till., svo sjálfsagt er að fjölga þm. hjer í Reykjavík. Stjórnarskrárnefndin hefði átt að taka þetta upp hjá sjálfri sjer. Í till. fer jeg fram á, að þm. verði að eins fjölgað um tvo, og auðvitað er það ætlun mín, að Reykjavík njóti þessarar fjölgunar. Jeg vil ekki fara að endurtaka þau rök, sem flutt hafa verið fyrir þessari sanngjörnu kröfu. Jeg get í því efni vísað til ummæla minna á Alþingi árið 1917. Að eins vil jeg drepa á eitt atriði, sem sýnir, hve rjettmæt og sanngjörn þessi ósk er. Nú eru á kjörskrá fyrir Reykjavík 5510 alþingiskjósendur. Þessi kjósendafjöldi á að eins tvo fulltrúa á Alþingi. Á Seyðisfirði eru tæplega 300 kjósendur: þeir hafa einn fulltrúa hjer á Alþingi. Hvaða rjettlæti er nú í þessu? Auk þessa má benda á, hversu atvinnugreinarnar í þessum bæ eru orðnar fjölbreyttar og margvíslegar, og hversu margt nýtt kemur hjer fyrir svo að segja nærri daglega. Það geta því allir sjeð, hversu erfitt, að jeg ekki segi ókleift, er fyrir þessa tvo fulltrúa að fylgjast með í málum bæjarins og vera svo vel heima í öllum atvinnugreinum hans, að þeir geti flutt mál hans vel og talað fyrir þeim hjer á Alþingi. Þeir hljóta því að vera litblindir á alla sanngirni og rjettlæti, sem geta lagst á móti þessari till. Það er ekki einu sinni farið fram á að fá nærri eins mikið og bænum ber, borið saman við mörg önnur kjördæmi.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) grípur hjer fram í fyrir mjer og vill, að jeg taki þessa brtt. aftur. Honum er nú ekki altaf svo ýnt um að verða við rjettmætum óskum annara kjördæma en hans eigin og er ekki altaf sem framsýnastur. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) mætti nú muna sum ummæli sín frá þinginu 1911 um hafnargerð í Reykjavík. En þótt hann muni þau ekki, eru þau þó geymd í þingsögunni, en hvort þau eru til þess að sýna, hversu maðurinn er framsýnn, það ætla jeg mjer ekki að dæma um. Þegar farið er fram á eitthvað, sem sanngjarnt er og sjálfsagt, þá er það í mesta máta óhyggilegt að verða ekki við þeim óskum.

Þegar svo er ástatt, ættu menn meir að líta á sanngjörn rök og óhrekjanleg heldur en þröngsýnar skoðanir óþroskaðra kjósenda úti um landið. Ef það er þá annars nokkur kjósandi til á landinu, sem er svo nærsýnn. Best gæti jeg trúað því, að það væru að eins nokkrir þm., sem ekki sjá lengra. Það mætti nú segja, ef jeg ætlaði mjer að vera hjer í Reykjavík framvegis, að þetta væri sprottið af eigingirni hjá mjer, en þar sem jeg býst við að verða framvegis búsettur úti á landi, þá verður mjer ekki brugðið um slíkt.

Að svo mæltu læt jeg útrætt um þetta atriði.

Þá á jeg brtt. á þgskj. 606. Jeg tek aftur brtt. mína á þgskj. 64, sem er um líkt efni. Við 2. umr. málsins lýsti jeg því yfir, að jeg mundi koma fram með þessa till. Sneið jeg hana eftir þeim undirtektum, er hin brtt. mín fekk hjá háttv. þm. Hefi jeg dregið úr brtt. minni á þgskj. 64 það atriði, er þótti kröfuharðast, en það var það ákvæði, að útlendingar skyldu tala og rita málið stórlýtalaust. Nú er till. svo orðuð, að þeir verða að skilja málið og geta talað það sæmilega. Þetta er vægasta krafan, sem hægt er að gera til manns, sem

á að fá full rjettindi í landinu á við landsins eigin börn. Það má líka með rjettu segja, að þeirri þjóð væri undarlega varið, sem ekki vildi setja þá tryggingu fyrir meðferð þjóðmála sinna, að þeir, sem um þau fjölluðu, skildu tungu þjóðarinnar. Þá fyrst er líka hægt að vænta þess, að útlendingar þekki þjóð vora og kjör hennar og atvinnugreinir og alla hætti, er þeir skilja tungu vora og geta mælt við landsmenn. Það er því ekki að ástæðulausu, að jeg ber fram þessa tillögu. Færi nú svo, að útlendingum fjölgaði hjer mikið á næstu árum, er þetta ákvæði í stjórnarskránni alveg nauðsynlegt. Væri ekkert aðhald í þessu efni, býst jeg við, að margir þeirra útlendinga, er hingað kæmu, legðu ekki mikið á sig til að læra málið.

Nú vita menn, að allmargir Danir eru hjer: sumir þeirra hafa dvalið hjer í mörg ár, og allmargir þeirra tala ekki íslensku og skilja hana alls ekki. Nærri má geta, hvort þeir hafa gert sjer far um að læra málið. Nú má geta nærri, hvort þessir menn hafa mikla þekkingu á þjóðmálum vorum, þegar þeir sýna ekki meiri áhuga á að læra málið. Þó ættu þeir að hafa óskoraðan rjett til þess að greiða atkvæði um mál vor! Jeg vænti þess vegna að allir þeir, sem vildu hafa búsetuskilyrðið 5 ár, og jafnvel hinir líka, fallist á þessa tillögu mína. Það sjá líka allir, að ef trygging er fólgin í því, að útlendingar skuli hafa dvalið hjer 5 ár áður en þeir fái kosningarjett og kjörgengi, þá er þó meiri trygging í því, að þeir skuli skilja málið. Mjer er líka nær að halda, að útlendingar gætu verið hjer 10—15 ár án þess að vita nokkuð um landsmál vor, ef þeim væri ekki gert að skyldu að læra málið til þess að öðlast full rjettindi. Þó vil jeg geta þess, að þótt þessi till. verði samþ., þá álít jeg rjett að samþ. 5 ára búsetuskilyrðið samt sem áður. Já, jeg mundi jafnvel verða með því, að tíminn yrði lengdur enn þá meira.

Að þetta sje brot á sambandslögunum nær ekki nokkurri átt, því að þetta tekur jafnt til allra. Þótt heyrst hafi einhver rödd um það, að ekki væri rjett að setja þetta ákvæði inn í stjórnarskrána, jafnvel ekki sæmilegt, þá vænti jeg þess, að hv. deildarmenn láti ekki slíkt á sig fá, þótt einhvert þjóðkunnugt fífl sje með fávíslega sleggjudóma um þetta mál. Því hvað eru allar þjóðir að gera nú? Þær eru einmitt að reisa rammar skorður við innflutningi útlendinga og óhollum áhrifum þeirra á mál sín. Þetta gera stórþjóðirnar úti um heim og smáþjóðirnar miklu fremur. En svo ættum við, fámenn þjóð og fátæk, að opna allar dyr upp á gátt fyrir útlendingum, án þess að gera þá sjálfsögðu kröfu, að þeir, sem flyttust inn í landið [illegible] hjer að, lærðu að tala og skilja málið áður en þeir fái að hafa áhrif á úrslit þjóðmála vorra.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi leyft mjer að kom fram með brtt. á þgskj. 586, og er hún skyld till. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), á þgskj. 606. Brtt. lýtur að skilyrðum þeim fyrir kosningarrjetti, sem 29. gr. ræðir um. Þann rjett vil jeg binda við þekkingu, meðal annars, og finst mjer það eðlilegra en sum önnur skilyrði, sem sett eru. Skilyrðið felur í sjer tvö mikilsverð atriði. Fyrst og fremst felst í því örugg þjóðernisvörn, ef um innstreymi útlendinga væri að ræða, af því að sú „almenna þekking, sem heimtuð er af ungmennum á fermingaraldri“ felur í sjer kunnáttu í málinu, en enginn útlendingur tileinkar sjer það á svipstundu. Hins vegar er slíkt skilyrði sjálfsagður hemill á skrílræði, sem auðveldlega getur sagt til sín þegar kosningarrjetturinn er orðinn almennur og heill her af útlendum verkalýð sest ef til vill að í landinu.

Langmesta áherslu í þessu efni verð jeg þó að leggja á þjóðernisvörnina, einkum

af því að skilyrðið er í sjálfu sjer engin kvöð fyrir vora eigin þjóð.

Jeg þóttist taka eftir því við 2. umr., að hv. þingmenn ljetu sjer ant um að koma að skilyrðum, sem tryggðu sem best þjóðernið. Fyrir þá skuld gengu menn svo langt að samþ. 5 ára búsetu, þótt það í sjálfu sjer sje neyðarúrræði og sjerstaklega ósanngjarnt í garð Vestur-Íslendinga, sem heim kynnu að flytjast. En jeg álít 5 ára búsetuna allsendis ónóga í þessu efni. Jeg kannast við, að það er nokkur vörn í henni um stundarsakir, en hún er skammæ, og væru hjer búsett við stóriðju nokkur þúsund útlendinga, þá geta þeir eins og meinvættir komið eftir 5 ára dvöl og endavent öllu við kosningar. Þetta þyrfti ekki að óttast ef mín tillaga gengi fram. Tungan er sá þröskuldur, sem útlendingarnir verða að hika við, ekki að eins fimm ár, heldur ef til vill fimm sinnum fimm ár. En þeir, sem hana hafa numið, ættu að jafnaði að vera oss velkomnir í hóp kjósenda; þeir munu þá oftast orðnir svo íslenskir að öðru leyti, að ekki þarf við þeim að amast. Og fyrir slíka menn væri í raun og veru rjett að setja í kosningalög nánari ákvæði um málskunnáttuna, sem gerði þeim ljettara fyrir um fullnægingu hennar.

Mjer hefir verið bent á, að þessi krafa, eða þessi viðauki við hin almennu skilyrði fyrir kosningarjetti, mundi útiloka nokkra þá frá kosningarrjetti, sem nú njóta hans. Við því er auðvelt að gera, bæði með bráðabirgðaákvæðum, líkum þeim, sem nú er hjer hnýtt við 77. gr., og einnig í kosningalögum, sem verða að taka fram um alt nánara fyrirkomulag við kosningar og beitingu kosningarrjettarins. Þau 10 ár, sem liðin eru síðan alment var farið að beita fræðslulögunum frá 1907, hafa öll ungmenni, sem nú eru milli 14 og 24 ára, fullnægt með prófi þessu þekkingarskilyrði, og er því í ítrasta lagi að ræða um eitt eða tvö ár fyrir þá, sem eigi hafa náð aldursmarkinu 25 ár og lausir voru við fyrstu barnaprófin eða orðnir fullra 14 ára, er farið var að beita lögunum. En hitt er víst, að allir, sem ná kosningarrjetti eftir þennan tíma, fullnægja þessum skilyrðum með því að ganga undir það lögskipaða ungmennapróf á fermingaraldri. Og ef nú þyrfti að koma að einhverjum aukaákvæðum, svo sem því, að um útlendinga, sem að öðru leyti en málinu fullnægðu skilyrðunum, mætti nægja lestrarkunnátta og skilningur á daglegu máli, þá ættu slíkir viðaukar að geta komist að í háttv. Ed.

Jeg skal svo ekki fara nánar út í þetta atriði. Jeg hefi ekki sjeð mjer fært að bera fram fleiri brtt., og olli því mest annríki. Þó eru ýmsar fleiri greinar, sem jeg felli mig ekki alls kostar vel við, svo sem landskjörsákvæðin og þinghald á útmánuðum. En ef brtt. mín á þgskj. 586 verður samþ., þá þykist jeg sjá, að brtt. á þgskj. 606 sje óþörf, því að hún felst í minni brtt., en er hins vegar ekki eins víðtæk og auk þess nokkuð hvatskeytleg í garð sambandsþjóðarinnar.

Þá skal jeg minnast nokkrum orðum á brtt. á þgskj. 621. Þótt jeg hafi mikla tilhneigingu til að fallast á hana, þá sje jeg mjer það ekki fært. Hún fer í þá átt, að veita sveitarþurfum kosningarrjett jafnt öðrum, og er hugsun sú að vísu mannúðleg. Jeg hefi heyrt flutningsm. (B. J.) mæla fyrir þessari till. áður, en jeg get samt ekki fallist á hana svona fyrirvaralaust, og hjer þyrfti vissulega að aðgreina verðuga og óverðuga.

Einar Arnórsson: Jeg ætla að drepa á þessar tvær brtt., á þgskj. 586 og 606, með fáum orðum.

Brtt. hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), á þgskj.

606, er skýr og glögg, að minsta kosti að því er virðist í fljótu bragði. En brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), á þgskj. 586, getur orkað tvímælis, að minsta kosti það fyrirmæli, að menn hafi „þá almennu þekkingu, sem heimtuð er eða heimtuð kann að verða af ungmennum á fermingaraldri". Þeir, sem nú eru á kjörskrá, halda þessum rjettindum, fyrir ákvæðin um stundarsakir í stjórnarskrárfrv. Meðan lög nr. 59, 22. nóvember 1917, um fræðslu barna, gilda, verður að miða till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) við ákvæði þeirra laga. Og í 2. gr segir: „Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á að hafa lært: „1. að lesa móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gert skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust; það skal vita nokkuð um merkustu menn vora, einkum þá, er lifað hafa á síðustu öldum, og kunna utanbókar nokkur íslensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rjett frá efni þeirra í óbundnu máli. 2. að skrifa læsilega og hreina snarhönd." Þar að auki eiga þau auðvitað að hafa lært það, sem heimtað er í kristnum fræðum, og fjórar höfuðgreinar reiknings.

Hjer er heimtað, að kjósendur skuli lesa móðurmálið skýrt, og það er ekki um að villast, hvaða móðurmál átt er við; það er auðvitað íslenskan. En það er ekki víst, að hægt verði að beita þessu ákvæði við danskan mann, því að hans móðurmál er danska. Jeg veit ekki, hvernig skorið verður úr þessu, nema ef vera mætti, að skilyrðið um, að hann skuli læra íslensk kvæði, taki af allan vafa. En þótt menn kunni utan að nokkur kvæði, þá getur samt skort leikni í að fara með og skilja óbundið mál. Og það er ef til vill nokkuð hörð krafa, að kjósandi láti prófa sig í því, hvort hann kunni utan að kvæði.

Till. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) virðist geta orðið óglögg og valdið ágreiningi og efasemdum í framkvæmdinni, og á hún það að nokkru leyti sameiginlegt við till. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að kröfurnar virðast vera fullharðar, sjerstaklega þó till. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem gerir ráð fyrir, að menn skrifi íslensku nokkurn veginn ritvillu- og mállýtalaust. Jeg hygg, að þá yrðu margir kjósendur gerðir afturreka, ef prófdómarinn gengi sæmilega eftir því, að ákvæðinu væri framfylgt, og það ætti ekki að verða dauður bókstafur.

Mjer finst, að óþarft sje að gera harðari kröfur en að kjósandi hafi int af hendi þá kunnáttuskyldu, sem börnum er sett á vissum aldri í landi hlutaðeiganda. Þetta á sjerstaklega við Dani. Aðrir útlendingar hafa hjer ekki ríkisborgararjett. En nú er það kunnugt, að alþýðufræðsla er svo fullkomin í Danmörku sem hjer. Eina samgjarna krafan er, að þeir skilji íslenska tungu. Aðalatriðið er, að þeir geti skilið ræður manna og lesið prentað mál. En hitt þykir mjer fullstrangt, að þeim sje gert að skyldu að skrifa og tala stórlýtalaust. Margir útlendingar skilja og lesa íslensku sjer til gagns, en þeim er ef til vill ókleift að tala rjett og rita. En nú vantar eitt atriði í brtt., sem veldur því, að nauðsyn væri á að taka málið út af dagskrá. Það er ákvæðið um það, hverjir eigi að hafa eftirlit með þessu. Um það stendur ekkert. Á kjörstjórnin að hafa þetta eftirlit, eða eiga kjósendurnir að sýna kjörstjórnunum vottorð um, að þeir hafi þessa kunnáttu? Og ef svo er, hverjir eiga þá að gefa þetta vottorð? Ekki dugir að vitna til fræðslulaganna. Útlendingar geta sýnt, að þeir sjeu fermdir og að þeir hafi gengið í gegnum barnaskóla eða barnafarskóla, og þar með eru löglíkur skapaðar fyrir, að þeir fullnægi skilyrðunum. En hjer er að ræða um eldri menn, sem ekki fara að ganga í barnaskóla. Jeg spyr þess vegna: Hvernig á að haga eftirlitinu? Á kjörstjórnin í hverjum hreppi

að annast það? Á t. d. bæjarstjórn Reykjavíkur eða undirnefnd hennar, sem frumvarp á að gera að kjörskrá, að prófa, hvort Pjetur eða Páll sjeu svo vel að sjer, að þeir megi kjósa? Eða á að stofna sjerstaka prófnefnd til þess, sem allir, er vilja vera á kjörskrá, eiga að snúa sjer til? Ef svo er, að kjörstjórnirnar eiga að úrskurða þetta eftir lauslegu mati, þá sýnist tryggingin vera lítil og ákvæðið nánast sagt dauður bókstafur. En ef hitt er, þá eru fremur líkur til, að ákvæðinu verði fullnægt. Þessu verða menn að gera sjer glöggva grein fyrir, áður en till. er samþykt. Það er varhugavert að samþykkja ákvæði, sem er alt of hart og mundi bægja útlendingum, sem hjer eru búsettir, frá kjörgengi, þótt þeir sjeu ef til vill eins góðir Íslendingar og við, einungis fyrir það, að þeir kynnu ekki að lesa eða rita íslensku stórlýtalaust. Menn mega ekki skilja mig svo, sem jeg sje að tala beinlínis á móti þessu ákvæði. En jeg vil, að gerð sje ákveðin grein fyrir því, hverjar kröfur á að gera og hvernig þeim verður framfylgt. Það finst mjer vera nauðsynlegt. Þess vegna vænti jeg, að forseti taki málið út af dagskrá að þessu sinni.

Forseti, Það hefir verið hagað svo til, að slík mál sem þessi, einkum stjórnarskrármálið og launamálið, gætu orðið afgreidd frá þessari deild og komin til Ed. fyrir 2. umr. fjárlaganna. Nú er enn fremur liðinn sá lögákveðni tími, sem þingið má standa, og treysti jeg mjer því ekki til að taka málið út af dagskrá. Hins vegar mun jeg ekki standa á móti því, ef deildin æskir þess.

Einar Arnórsson: Jeg óska, að það sje borið undir deildina.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer sýnist full ástæða til, að málið komist bráðlega til Ed. En það þarf ekki að útiloka breytingar þar, þó að till. komist ekki hjer að. Þingið hefir nú staðið lengi, svo að jeg tel rjett að láta málið ganga þegar til Ed.

Einar Arnórsson: Jeg leit svo á, að þessi hv. deild mundi ekki fella sig við að fella till. óathugað nje samþ. hana eins og hún liggur fyrir. En hvorttveggja getur leitt til breytinga í Ed. Og mjer finst, að deildin geti ekki, sóma síns vegna, verið að afgreiða einhverja vitleysu.

Till. um að taka málið af dagskrá feld með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., E. A., J. B., M. G., Sv. Ó.

nei: Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. K., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Ó. B.

Einn þm. (P. J.) fjarstaddur.

Sigurður Stefánsson: Jeg á brtt. á þg. kj. 604, ásamt fleirum hv. deildarmönnum.

Eins og kunnugt er, kom fram önnur brtt. við 2. umr., sem fór fram á fjölgun þm., en sú brtt. var feld. Þessi brtt. fer líka fram á fjölgun, en helmingi minni en sú, sem feld var.

Þessi brtt. fer fram á, að þingmönnum verði fjölgað um 4, og er ætlast til, að 2 verði kosnir óhlutbundnum kosningum og 2 hlutbundnum. Og jeg játa, að við höfðum það í huga með óhlutbundnu kosningunum, að Reykjavík gæti fengið 2 þm. í viðbót. Því að við lítum svo á, að þar kenni misrjettis, að láta langstærsta kjördæmið á landinu ekki hafa nema 2 þm. Það er okkar álit, að hvað sem annars megi um Reykjavík segja, þá er hún þó höfuðstaður landsins, og það

verður að teljast rjett að sýna höfuðborginni sanngirni í máli sem þessu. Flestum þjóðum þykir vænt um sína höfuðborg og reyna að hlynna að henni, en okkur finst það lýsa ímugust á Reykjavík að unna henni ekki jafnrjettis við önnur kjördæmi landsins. Og þótt Reykjavík fengi 2 þm. í viðbót, ljeti ekki nærri, að hún hefði jafnrjetti við önnur kjördæmi; til þess ætti hún af hafa 6 til 7 þingmenn.

Þessi krafa frá Reykjavíkur hálfu hefir verið lengi uppi, og okkur finst hún vera svo sanngjörn, að fulltrúar þjóðarinnar geti ekki neitað henni ár eftir ár.

En svo er líka farið fram á, að þingmönnum, sem kosnir eru hlutbundinni kosningu, sje fjölgað um 2. Jeg lít svo á, að þeir sjeu nauðsynlegir, en sjeu nú hins vegar of fáir. Við álítum, að Alþingi, sem öðrum þjóðþingum, sje nauðsynlegt, að því sje með stjórnarskipunarlögum trygt nokkurt íhald í landsmálum gagnvart framsóknarstefnunni. Þessar stefnur eru báðar jafnnauðsynlegar og mega ekki hvor án annarar vera. En hins vegar er í stjórnarskránni lítið gert til að tryggja jafnvægið milli þeirra.

Jeg segi ekki, að gætni og íhald geti ekki verið í þinginu, þó að allir þingmenn væru kosnir óhlutbundnum kosningum. En þó tel jeg meiri tryggingu fyrir því, að dálítið íhald eigi sjer sæti á þingi, með þeim landskjörnu þingmönnum heldur en þeim, sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Einkum held jeg að þetta eigi rót sína að rekja til þess, að aldur þeirra, sem kjósa í hlutbundnum kosningum, er hærri en hinn almenni kosningarrjettaraldur. Jeg skal taka það fram, að jeg legg mjög mikið upp úr þessu. Jeg hygg, að flestir sjeu á einu máli um það, að 35 ára kjósandinn hafi aflað sjer fastari og ákveðnari skoðana á öllum þjóðfjelagsmálum heldur en 25 ára kjósandinn, sem í rauninni er naumast kominn af unglingsaldrinum. Þess er líka að gæta, að maður, sem hefir náð 35 ára aldri, er vanalega orðinn talsvert rótfastari í landinu heldur en hinn. Það má ganga út frá því, að hann hafi stofnað heimili og tekist á hendur ýms trúnaðarstörf, sem 25 ára manni er síður trúað fyrir. Má og gera ráð fyrir, að hann hafi ríkari ábyrgðartilfinningu fyrir að rækja vel þjóðfjelagsskyldur sínar heldur en 25 ára kjósandinn, sem er nýliði í þjóðfjelaginu. Nú skal enginn halda, að jeg segi þetta þeim yngri til lasts, þótt jeg telji hann rótminni í þjóðfjelaginu. Að þessu leyti tel jeg meiri tryggingu fyrir því, að 35 ára kjósandinn fari skynsamlegar með atkvæði sitt heldur en hinn, sem er 25 ára. Auk þess er ekki rjett að ganga þegjandi fram hjá því, að hinn síaukni kosningarrjettur hefir hjá oss verið veittur alveg óbeðið, eða án þess að nokkrar verulegar óskir hafi heyrst frá þjóðinni. Og óneitanlega væri þeim, sem hefðu barist fyrir að fá þennan rjett, betur trúandi fyrir að fara vel með hann heldur en hinum, sem hann hefir verið veittur óbeðið, og án þess að nokkur vissa væri fyrir því, að þeir kærðu sig nokkra vitund um hann.

Við flm. þessarar brtt. álítum því ekki heppilegt, að fjölgað sje þingmönnum, kosnum óhlutbundnum kosningum, án þess að hinum landskjörnu sje líka fjölgað. Margir hafa haldið því fram, að hinir landskjörnu ættu að vera enn fleiri, og var hjer till. á dögunum, sem fór fram á, að þeir yrðu 12, fyrir 6. En hjer er að eins farið fram á að bæta 2 við. Satt að segja býst jeg nú varla við, að þessi till. okkar verði samþ., þó að mjer hins vegar þyki það æðislæmt, vegna Reykjavíkurbæjar. En hvað sem því nú líður, þá vænti jeg þess, að hv. þm. hugsi sig vel um áður en þeir fella brtt. okkar við 27. gr. Þessi brtt. fer fram á það, að kjörtími hinna landskjörnu sje óslitin 8 ár, og ekki sje

skift um á því tímabili, í staðinn fyrir að helmingur þeirra fari frá 4. hvert ár. Færi nú svo, að landskjörnir þingmenn yrðu ekki nema 6, hljóta allir að sjá, hvílíkur hjegómi það er að tvískifta kosningu þeirra og setja, sem maður segir, alt landið á annan endann 4. hvert ár fyrir eina 3 þingmenn. Og það um hábjargræðistímann. Mig skyldi ekki undra, þótt margur hugsaði eitthvað á þá leið, að ekki væri mikill skaði skeður, þó hann kysi ekki, þar sem um eina 3 menn sje að ræða. Vafalaust yrði þetta til að draga mjög úr áhuga fyrir kosningunum. Að endingu vil jeg vænta þess, að hv. deild samþykki þessa till. okkar, þó aldrei nema hún geti ekki aðhylst hina.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla að drepa stuttlega á þær brtt., sem fram hafa komið við 3. umr. málsins. Og leyfi jeg mjer að fara eftir röð.

Þá er fyrst brtt. á þgskj. 604, sem háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) talaði um, og fer í þá átt, að fjölga lítið eitt bæði landskjörnum þingmönnum og þingmönnum kosnum óhlutbundnum kosningum. Þessa till. finst mjer að ætti að samþykkja, þó að jeg hins vegar hafi litla von um, að svo verði gert, eftir þeim undirtektum að dæma, sem lík till. fjekk hjer við 2. umr. En fari svo, að hún verði feld, vænti jeg þess, að till. hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) nái fram að ganga. Till. á þgskj. 605 fer að vísu of skamt, en nokkur bót væri í að fá hana samþykta, enda get jeg ekki trúað öðru en að hún verði nú samþykt, svo sjálfsagt sem það er að fjölga þingmönnum Reykjavíkur.

Um brtt. á þgskj. 604, við 27. gr., er það að segja, að hana læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja. Jeg álít, að íhaldið verði jafnmikið, hvort sem verður ofan á. Það, sem einna helst mælir með brtt., er það, að áhugi manna í kosningunni kann að verða nokkuð daufur, ef kosið er að eins um 3 þingmenn 4. hvert ár. Það þótti ekki vera um mikið að tefla þegar kosnir voru 6 í einu, hvað þá heldur þegar þeir verða að eins 3. Því væri má ske best að sleppa alveg landskjörnu þingmönnunum, eða þá hafa þá 12. En nú liggur það ekki fyrir hjer, og skal jeg því ekki fjölyrða um það.

En það liggur hjer fyrir önnur brtt., sem fer fram á að þrengja kosningarrjettarskilyrðin. Þegar kosningarrjetturinn er eins almennur og hjer er, þá væri í rauninni ekki óeðlilegt að heimta einhver kunnáttuskilyrði. Hins vegar finst mjer varhugavert að setja þau í stjórnarskrána. — Ef till. minni hl., um að gera rúm fyrir þessum skilyrðum, hefði verið samþykt, þá hefði hjer verið öðru máli að gegna. Þá væru þau sett í kosningalögin. — Jeg gat þess um daginn, að ekki væri rjett, að þess fyndist ekki dæmi, að slíkt ætti sjer stað í kosningalögum. Jeg skal geta þess, að á Ítalíu er ákveðið „próf“ sett að skilyrði fyrir alla þá, sem ekki er fyrirfram vitað um að hafa meiri mentun. Þetta hefði mátt taka til athugunar hjer síðar meir, ef brtt. hv. minni hluta hefði náð fram að ganga. En að fara að setja það í stjórnarskrána nú þegar álít jeg ekki rjett. Og till. hv. 1. þm. Reykv. (J.B.) kann að brjóta í bága við sambandslögin. Að minsta kosti er hún varhugaverð að því leyti, að verði hún samþ., þarf hún að vera svo skýrt orðuð, að engum ágreiningi geti valdið. Auk þess kemur þessi till. svo seint til athugunar, því hún mun ekki hafa verið athuguð af nefndinni, að jeg tel óheppilegt að samþykkja hana nú. En auðvitað ræður hv. deild hvað hún gerir. Sje jeg ekki ástæðu til að segja meira um það.

Brtt. á þgskj. 623 er ekki annað en orðabreyting, og það til hins betra frá því, sem er í stjórnarskrárfrv

Í rauninni þarf jeg ekki að bæta við það, sem sagt hefir verið um brtt. hv. þm.

Dala. (B. J.), á þgskj. 573. Nefndin hefir tjáð sig á móti henni. Mjer sýnist ekki rjett að láta þingrof ná til landskjörinna þingmanna, nema um breytingu á stjórnarskránni sje að ræða. En í því falli tel jeg, að svo mætti vera.

Um brtt. á þgskj. 587 er það að segja, að jeg held, að full ástæða sje til, að þing komi saman ár hvert, og væri mikill sparnaður viðhafður, þó þessi tillaga yrði samþykt. Færi svo, þyrfti að setja ákvæði um breytingu fjárhagsársins. En till. verður líklega feld.

Þá er brtt. á þgskj. 621. Það kann að vera, að hún hafi eitthvað til síns máls í sjálfu sjer. En jeg held, að hún geti verið dálítið hættuleg. Einkum held jeg, að fátækum og smáum sveitarfjelögum geti staðið nokkur hætta af því, ef það á engin áhrif að hafa á almenn mannrjettindi, þótt menn hafi þegið sveitarstyrk og standi þess vegna í óbættri sök við sveitarfjelagið. Jeg held, að þessi krafa sje ekki í samræmi við ástandið og borgaralegt fjelagslíf, eins og það er nú. En má ske er þetta framtíðarmál. Þar að auki má með einfaldri löggjöf bæta svo úr, að það komi ekki mjög ósanngjarnt niður, þó einhver hafi þegið fátækrastyrk. IIv. þm. Dala. (B. J.), sem flytur þessa till., mun hafa talað við mig um þetta, þegar stjórnarskráin var samin. Mun jeg hafa sagt, að nokkur sanngirni væri í þessu, en jeg teldi hins vegar ekki fært að setja það í stjórnarskrána. En það mætti sem best setja ákvæðið með einföldum lögum, sem bættu úr þessu, eins og jeg tók fram áðan. Það færi ekki í bága við stjórnarskrána. Sem sagt, jeg legg ekki mjög mikla áherslu á þetta atriði, en þó álít jeg dálítið varhugavert, að það sje samþykt nú, einkum með tilliti til fátækra sveitarfjelaga. Það geta þeir og dæmt um, sem þekkja betur til þessa en jeg.

Pjetur Ottesen: Jeg á hjer brtt. á þgskj. 587. Jeg skal taka það fram, að þessi till. er miðuð við 17. gr. frv., sem nú er ekki rjett, vegna þess, að við 2. umr. fluttist í greinatalan til, þannig að 17. gr. varð 18. gr. Brtt. er því við 18. gr. frv., eins og það er nú. Eins og hæstv. forsætisráðherra tók fram, má sem best breyta ákvæðinu um fjárhagstímabilið. Það er ekki nema orðabreyting, enda stendur það ekki í veginum fyrir því, að till. geti orðið samþykt. Að öðru leyti fanst mjer hæstv. ráðherra (J. M.) ekki gera till. hátt undir höfði, því hann mintist lítið á hana. Eins er með þetta ákvæði í frv. stjórnarinnar; þar er engin grein gerð fyrir þessari breytingu í athugasemdunum, eins og þetta sje svo sjálfsagður hlutur, að það taki engu tali. En jeg lít nú öðruvísi á það mál. Að vísu hefir þing verið háð árlega síðan 1911. En þess er að gæta, að á þessu tímabili hafa verið sjerstakar ástæður fyrir hendi. Þá var verið að þjarka um sambandsmálið, alt fram að 1915, og stjórnarskrárbreytingu í sambandi við það. Nú er það úr sögunni sem deilumál og búið, og við búnir að fá rjett okkar viðurkendan. Síðan hefir ófriðurinn geysað, og afleiðingar hans gert það að verkum, að eigi hefir verið hægt að komast hjá því að halda þing árlega. Nú eru þessar ástæður úr sögunni, og horfir málið því alt öðruvísi við. Auðvitað eru ýmsar fleiri ástæður, sem hægt er að færa fyrir nauðsyn þessarar breytingar, og skal jeg drepa á nokkrar.

Ein aðalástæðan í þessu máli er að sjálfsögðu sú, að tekjur og gjöld landssjóðs hafa síðari árin vaxið mjög mikið af frambjóðum þjóðfjelagsins, og nú seinustu árin hefir ófriðarástandið aukið þar mikið á.

Þetta gerir áætlun um fjárhaginn náttúrlega örðugri en áður var.

En þess ber að gæta, að stjórnin og þingið hefir sjer til aðstoðar ýmsa ráðunauta við áætlunina á stærstu útgjaldaliðum fjárlaganna.

Má þar fyrst nefna vegamálastjóra, sem leggur fyrir áætlun um framkvæmdir um vegagerðir og brúarsmíði á fjárhagstímabilinu, og er þessum málum nú svo komið, að að þeim er unnið í nokkurn veginn ákveðinni röð.

Og nú er enn fremur þess að gæta, að nýlega hefir verið samþykt frv. hjer í deildinni um að taka stærri brýrnar út af fjárlögum og byggja þær fyrir lánsfje.

Enn fremur er í ráði að hafa sömu aðferðina um byggingar á ýmsum húsum, sem landið þarf að láta koma upp.

Þá eru vitamálin; þar er vitamálastjóri sjálfsagður ráðunautur, sem gerir sínar till. um, hvaða vita skuli byggja þetta og þetta fjárhagstímabilið.

Enn fremur hefir verið ráðinn verkfræðingur til að rannsaka hafnarbætur, og hvaða áhrif þær hafi á atvinnuvegina á hverjum stað. Hann gerir svo sínar tillögur í þeim efnum.

Þá hefir Búnaðarfjelag Íslands búnaðarmálin og gerir tillögur um, hve miklu fje sje varið til framkvæmda á sviði landbúnaðarins yfir fjárhagstímabilið. Sama er að segja um Fiskifjelagið.

Þetta ljettir að sjálfsögðu mjög aðstöðu stjórnarinnar og þingsins til að áætla um fjárlögin. Og gera má ráð fyrir, að slíkum ráðunautum fjölgi heldur en fækki.

En svo eru ýmsir aðrir liðir, og má í því sambandi nefna styrki og bitlinga, sem svo eru kallaðir. Jeg geri sem sje fastlega ráð fyrir, að fjárlagaþing á hverju ári muni heldur gefa fjáreyðslu slíkri undir fótinn, og mun það koma á daginn.

Það hefir altaf orðið að veita allmikið fje í fjáraukalögum, og er það náttúrlega ókostur; en ekki hefir þetta verið hvað minst á þessum síðustu árum er þingið hefir verið háð á hverju ári. Á það að vísu rót sína í því, hve tímar þessir eru breytilegir af völdum ófriðarins. Hefir þess vegna ekki verið hægt að gera ábyggilegar áætlanir um fjárhaginn. En þetta bendir til þess, að naumast verði hægt að komast hjá því, að veita eitthvert fje í fjárlögum eigi að síður.

Þá er tekjuhliðin. Það verður auðvitað örðugra að gera ráð fyrir tekjum ríkissjóðs með því að halda gamla fyrirkomulaginu en ef þingið væri á hverju ári. Það hefir, eins og kunnugt er, við gengist upp á síðkastið að gefa út bráðabirgðalög um tekjuauka, þegar sjerstaklega stendur á. Hefir það auðvitað mælst misjafnlega fyrir, en þó má segja um þá ráðstöfun, sem gerð var síðastliðið vor, um tunnutollinn, að hún var góð og sjálfsögð. Og svo gæti oftar verið.

Jeg gat þess áðan, að jeg væri töluvert smeykur við, að þinghald hvert ár myndi alls ekki verða búhnykkur fyrir fjárhag landsins. Fyrir nú utan það, hvað þinghaldið út af fyrir sig er orðið geysidýrt, geng jeg út frá því, að miklu meira fje verði veitt í fjárlögum með því móti. Við því væri ekkert að segja, ef fjenu væri vel varið, og nægar tekjur á móti, en dæmin eru deginum ljósari, að það gengur misjafnlega. Oft hefir fje landsins verið varið til lítilla nytja, jafnvel ver en þótt því hefði verið fleygt í sjóinn.

Þá hefir það verið sagt, að nú og eftirleiðis myndu uppi vera fleiri stórmál en áður. Það er náttúrlega rjett, eftir því sem þjóðfjelagið þroskast og augu manna opnast fyrir auðsuppsprettum landsins og möguleikarnir vaxa til að nota þær. En jeg geri naumast ráð fyrir, að upp komi nein þau stórmál nú á næstunni, er eigi verði við ráðið með þinghaldi annaðhvert ár. En fari svo, þá er ekki annað en að grípa til þess ráðs, að hafa aukaþing, eins og t. d. sjálfsagt er, ef breyting er gerð á stjórnarskránni.

Með því að heyja þingið annaðhvert ár á þingið að sjálfsögðu miklu meira undir

stjórninni en ella. Á aukaþinginu 1916 — 1917 var ráðherrum fjölgað, svo að þeir urðu 3 fyrir einn. Var það auðvitað gert til þess, að stjórnin yrði miklu þrekmeiri og öflugri til að bera uppi heil' og velferð landsins, á þeim erfiðu tímum, sem þá stóðu yfir. Hefir verið mikið um það deilt síðan, hvort þessi tilgangur hafi náðst, og það á tvennan veg. Í fyrsta lagi hvort þessi tilgangur náist yfirleitt með fjölgun ráðherra, og í öðru lagi hvernig valið á mönnunum hafi tekist. En það er annað mál, og skal jeg ekki fara út í það. En sje þing ekki háð nema annaðhvert ár, gefur það þinginu mjög öfluga og sterka hvöt til að vanda valið á stjórninni, svo að hún verði virkilega starfhæf og þeim vanda vaxin. Jeg sje ekki annað en hæstv. stjórn ætlist til, að ráðherrarnir sjeu 3 eftir sem áður, þótt þing sje háð árlega, og þarf maður reyndar ekki að undra sig á því. Jeg hefi heldur ekki sjeð, að þingmenn hugsi sjer að fækka ráðherrunum í sambandi við þessa fyrirhuguðu breytingu. Þetta fyrirkomulag ætti þó enn ekki að vera orðið svo rótgróið, að ekki væri ástæða til að athuga það atriði út af fyrir sig. Ef þing yri háð á hverju ári, þá væri vissulega ástæða til að athuga, hvort ekki væri vert að færa stjórnina í sama horf og áður.

Jeg hefi heldur ekki heyrt, að þetta hafi komið til orða í stjórnarskrárnefndinni, sem þó, að því er virðist, álítur þessa breytingu á þinghaldinu sjálfsagða. En það getur þó verið, og ætti því hv. frsm. nefndarinnar að geta gefið upplýsingar um það. Það verður heldur heppileg úrlausn á þessu máli, ef það verður ofan á að ákveða að halda þing á hverju ári, að þessi breyting verði jafnframt gerð um ráðherrana, og það því fremur, ef þessu flokkasambræðingsviðrinisástandi, sem nú er, ljetti einhvern tíma af.

Þá vil jeg að eins minnast lítillega á ummæli háttv. þm. N.-Ísf. (St. St.) um till. hans um fjölgun landskjörinna þingmanna. Hann sagði, að augnamið sitt væri að skapa meira íhald. Út af þessu vil jeg að eins slá fram þeirri spurningu: Hvar er íhaldið? Eftir reynslu þeirri, sem þegar er fengin í þessu efni, hefði jeg heldur búist við, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) myndi hafa spurt þannig, en að hann færi slíkum orðum um landskjörið.

Bjarni Jónsson: Jeg vil drepa lítið eitt á tvær smábrtt., sem jeg hafði við stjórnarskrárfrv. og geymdar voru frá 2. umr. En þar sem jeg hefi áður minst á aðra, mun jeg mæla lítt fyrir henni nú.

Fyrir fátæktar sakir eru menn sviftir grundvallarrjettindum sínum. En í þessu er jafnlítil skynsemd og mannúð, því að allir vita, að kjósendur eru nú svo margir, að þeir eru fáir, sem vegna fátæktar missa atkvæðisrjett sinn, í samanburði við alla hina. Enn fremur eru ýmsir miklu lakari, sem atkvæðisrjett hafa, og í þriðja lagi mega menn ekki láta það koma niður á dugnaðarmönnunum, þótt þeir sjeu reiðir slæpingunum.

Þetta hygg jeg að enginn geti hrakið, sem jeg tók til, og enginn mun álíta slíkt sanngjarnt. Með þessum brtt. vildi jeg nú leiðrjetta þetta.

Út af ummælum háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vildi jeg nú biðja hæstv. forseta að skifta í tvent atkvgr. um 1. tölulið á þgskj. 621, en seinni málsgreinina geri jeg tekið aftur. Jeg óska þá, að sjerstaklega sje borið upp: „enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk".

Svo hefi jeg aðrar tvær brtt., á þgskj. 573, er jeg gleymdi að tala um við síðustu umr., þá er jeg sagði álit mitt á stjórnarskrárfrv.

Fyrri liðurinn er um þingrof. Ástæðan fyrir þessari till. er mjög einföld. Hún er sú, að þegar um þjóðkjörna þingmenn er að ræða, getur ekki annað komið til mála

en að þingrof nái einnig til þeirra. Það gat komið til mála, að þingrof næði ekki til þeirra þm., er kosnir voru af stjórninni. Það var engin ástæða til, að hún færi að skifta um menn, nema henni sýndist svo. En þegar allir þingmenn eru þjóðkjörnir, hvort heldur er um alt land eða í sjerstökum kjördæmum, þá er jafnnauðsynlegt, að fram komi vilji kjósenda þar eins og annarsstaðar. Það þýðir ekki að skjóta til kjósenda málum til úrslita, ef 6 þingmenn sitja kyrrir í annari þingdeildinni, því að til þess þarf allmikinn meiri hluta, að þeir ríði ekki baggamuninn í annar deildinni. Spurningin verður þá ónýt. Þjóðin getur ekki gefið fullkomið svar, er þessi halakleppur situr fastur.

Úr hinu geri jeg lítið, að festa og íhald verði til við það, ef kjósendur til landskjörs eru 10 árum eldri en aðrir kjósendur þurfa að vera. Það verða alls engar sönnur á það færðar, að kjósendur verði íhaldssamari eftir 35 ára aldur en á 10 árunum fyrir. Mjer er nær að halda, að þótt talið væri saman, myndi svo reynast, að menn væru afturhaldssamari á aldrinum 25—30 ára en 35—40 ára. Að minsta kosti munu mikil tímaskifti að slíku. Stundum eru ungir menn frjálslyndari en fullorðnir, en svo er og annað aldarfar til. Og sú öld er uppi í landi nú, að yngri mennirnir eru fult eins íhaldssamir og fullorðnir. Annars sýnist, eftir ræðum ýmsra hjer, að þarflaust sje að bæta á íhaldið. Menn halda í margt, sem ekki á að halda í. Auðvitað geta þeir verið nógu lausir á kostunum, er eitthvað þarf að halda í, tungu, þjóðerni, þjóðsiði og því um líkt. Þá láta þeir vaða með súðum og fara lausbeislaðir og mjög rasandi, en streitast við að halda hverri óvenju, er þeir hafa lært einhversstaðar.

En það er draumur, að þetta landskjör skapi íhald fyrir þennan aldursmun kjósenda. Þess vegna er sjálfsagður þessi 2. liður á þgskj. 573, að orðin „sem eru 35 ára eða eldri“ falli niður. Það er ekki nokkurt rjettlæti, að sumir kjósendur hafi meiri rjett en aðrir. En þessir eru þeir kjósendur, sem mega kjósa þingmenn í kjördæmum, en engan hlut í eiga um landskjörið. Þeir eru hlutræningjar að ófyrirsynju. En hví á svo að vera? Tuttugu og fimm ára gamall maður er talinn fær til allra embætta í landinu. Hann getur orðið þingmaður og ráðherra. Hví má hann ekki kjósa þennan halaklepp? (*Fjármálaráðherra*: Er hv. þm. að skamma landskjörnu þingmennina?) Nei. Jeg er ekki að skamma þá, heldur þá vitleysu, að skamta sumum kjósendum landsins meiri rjett en öðrum. (*S. St.*: Jeg mun engu svara). Frsm. íhaldsins segist engu svara. Það er von, því að orð mín verða ekki hrakin. Hans málstaður verður ekki varinn með öðru en því, að vefja ranga hugsun í villandi orðskrúð.

Ein var sú ástæða, er hv. frsm. íhaldsins (S. St.) bygði mikið á. En hún var þessi, að 35 ára gamlir menn hefðu meiri „rót“ í landinu heldur en þeir, sem eru 10 árum yngri. Jeg held, að þessi sje mörgum öðrum yfirskinsástæðum veigaminni. Jeg hygg, að þeir fái ekki miklar rætur í landi, sem eigi hafa fest þær 25 ára gamlir, ef þm. (S. St.) hefir talað í þeirri merkingu. En hins vegar munu engar sönnur verða á það færðar, að eldri menn sjeu að jafnaði „rætnari“ en þeir, sem yngri eru.

Þetta var um mínar brtt. En svo eru ýmar aðrar brtt. Þarf jeg ekki að nefna brtt. á þgskj. 587, „annaðhvert ár“ í stað „ár hvert“. Það vita allir, hvernig þetta mál horfir við. Það hefir sýnt sig, að það er ómögulegt að komast af án þings á hverju ári nú síðustu árin, frá því er hófst lokabaráttan í sjálfstæðismálinu. Og nú eftir að stríðið hófst, að fjárhagur landsins getur aldrei verið öðruvísi en í ólestri, nema þing sje háð árlega. Það getur ekki

annað verið en að eftirleiðis höfum vjer meira umleikis en áður. Getur því ekki verið um annað að ræða, sje haldið áfram með löngu fjárhagstímabilin, en að stjórnin noti meira fje, án leyfis þingsins. Alt verður miklu umfangsmeira. Auk þess er það mjög varasamt að trúa stjórninni altaf til þess að stjórna landinu að öllu leyti án eftirlits þingsins.

Skal jeg svo ekki orðlengja frekar um till., því jeg býst ekki við, að hún hafi mikinn byr í hv. deild.

Það er mikið rjett, að Reykjavík ætti að hafa fleiri þingmenn. Jeg væri þess og albúinn, að hún fengi 3—4 auk þeirra tveggja, sem fyrir eru, ef vjer gætum komið því fram, að fjölga þingmönnum með skynsemd, þannig að bætt væri við svo mörgum, sem á skortir fernar tylftir þingmanna, en landskjörið látið sitja við sama, en hinum bætt við önnur kjördæmi. Jeg hefi enn ekki gert upp í huganum, hvar þeir ættu að koma, en fljótlega mun mega finna á ýmsum stöðum allmikið misrjetti. Vjer vitum um Reykjavík. En nærri slíku er ekki komandi hjá vitringum vorrar þjóðar. Þeir telja slíka breytingu skaðlega landinu. Held jeg því langbest að láta þingskipun sitja við það sem verið hefir. Um það mun ekki nást samkomulag á þingi. Það mun verða rekið milli deilda, og kosta fleiri kosningar, ef það gengur fram nú. Er þá ráð að taka það upp í einföld lög, eins og 26. gr. gefur heimild til, er þar segir: „Tölum þessum má breyta með lögum“. Mætti gera þessa kosningalagabreytingu á næsta þingi, er stjórnarskráin hefir verið samþykt hið síðara sinn.

Hins vegar er það afleiðingin af sáttmálanum, sem gerður var síðastliðið ár milli Íslands og Danmerkur, að stjórnarskráin þarf að ganga fram sem fyrst, því sáttmálinn er ekki haldinn fyr en þær breytingar eru gerðar, sem hann hefir í för með sjer.

Þá eru hjer tvær brtt., á þgskj. 586 og 606. Á þær vil jeg lítillega minnast. Brtt. á þgskj. 606, frá 1. þm. Reykv. (J. B.), er um, að þannig lagað þekkingarskilyrði komi inn í 29. gr., að menn „skilji og tali íslenska tungu sæmilega“. Hefi jeg ekki á móti þessari till. að efni til, ef nokkur leið væri að framfylgja henni. En jeg verð að segja það, að þótt þessi till. sje ekki beint rof á sáttmálanum, þá stappar þó næst því hjer, svo jeg viðhafi orð hv. þm. S.-Þ. (P. J.), sem hann þó notaði í öðru sambandi. Það er líka vitanlegt, að menn, sem hafa verið hjer að eins 5 ár, eru ver fallnir til að standast slíkt próf, sem hjer er um að ræða, en Íslendingar sjálfir. Og erfitt mundi að koma slíkum prófum í framkvæmd. Það yrði þá helst að hafa próf við hverjar kosningar, eins og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) virðist ætlast til. En jeg er hræddur um, að þá yrði að breyta kosningalögunum, og ekki megi ætla svona stuttan tíma til kosninganna og nú er. (*M. G.*: Prófið verður að fara fram áður en kjörskrá er samin). Já, það er alveg rjett hjá háttv. þm., að svo yrði að vera. En þetta mundi nú alt hafa talsverðan aukinn kostnað í för með sjer, og ólíklegt, ef sjálfur sparnaðarmaðurinn, hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), fellst á það. Og hver ætti svo að prófa? Líklega helst hv. tillögumaður sjálfur. Annars minnir þetta mig á nokkuð, sem jeg sá nýlega í blaði um þennan háttv. þm. Það var þar haft eftir framliðnum manni, sem um langt skeið var þm., að tillögumaður heyrði til öðrum flokki en hann telur sig nú fylgja. Jeg sje líka, að hann hefir einmitt tekið upp sömu till. og sá maður flutti einu sinni. Hún var um kosningapróf. Um till. hv. 1. þm. S.-M (Sv. Ó.) á þgskj. 586 er annars það að segja, að hún er miklu lakara orðuð en till. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), en mjer þykir ólíklegt, að menn samþykki hvora till. sem er, af þeirri einföldu ástæðu, að það er ómögulegt að hafa nokkurt eftirlit með

þessu. Og í annan stað er það alls engin sönnun fyrir því, að menn geti ekki verið þjóðnýtir, þótt þeir eigi erfitt með að læra málið svo, að þeir tali það, skrifi og skilji stórlýtalaust. Og hróplegt ranglæti er það, að taka af mönnum þann rjett, sem allir eiga heimting á, fyrir þær sakir einar.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta.

Gísli Sveinsson: Eins og málum hagar nú, er aðallega um tvö atriði að ræða, sem menn greinir á um. Í fyrsta lagi deilir hv. þm. á um, hvort setja eigi ákvæði í frv. um það, að fjölga skuli þingmönnum. Jeg tel enga ástæðu til að setja ákvæði um þetta í stjórnarskrána, þar sem fjölgunin má fara fram eftir almennum lagaákvæðum. Ef á annað borð þarf að fjölga þingmönnum, má gera það á þann hátt.

Í öðru lagi er ágreiningur um ný skilyrði, sem sumir vilja setja fyrir kosningarrjetti og kjörgengi. Lá og fyrir till. um slík skilyrði við 2. umr. málsins, frá 1. þm. Reykv. (J. B.), sem ekki kom þá til atkvæða, en var tekin aftur. Hún var um, að menn yrðu að tala og rita íslensku stórlýtalaust, ef menn ættu að hafa kosningarrjett hjer á landi. En bæði er ilt að dæma um þetta atriði, og ef ætti að taka þetta nokkuð strangt, væri ekki útilokað, að sumir landsmenn af kjósendum, og jafnvel einhverjir þeirra, sem sæti eiga eða geta átt á Alþingi, reyndust ekki alls kostar að fullnægja þessu skilyrði. Og það þyrfti víst ekki sjerlega mikinn strangleika til.

En eins og jeg sagði, er þessi till. nú tekin aftur og önnur komin í hennar stað og að öllu vægari. Eftir henni er þess krafist, að menn skilji og tali íslenska tungu sæmilega. Þetta á nú víst að eins að koma til greina sem vörn gegn útlendingum, er setjast hjer að og vinna sjer hjer kosningarrjett að öðru leyti. En það má búast við, að þetta geti líka komið niður á Íslendingum. Og þó að sjálfsagt sje að gera þá kröfu til þingmanna og ráðherra, að þeir skilji og tali íslenska tungu, enda mun svo æ reynast, þá getur verið varhugavert að setja öllum kjósendum þetta skilyrði. Kjósendur geta t. d. verið málhausar. (*J. B.*: Þá hafa þeir fingramál). Já, en jeg geri nú ráð fyrir, að svo yrði ef til vill skilið, **að það kæmi** ekki að haldi hjer. Og einnig er langt frá því, að menn hafi áttað sig til fulls á því, hvernig „þekkingarskilyrði", ef setja ætti þau í lög, eiga að vera, og það er eðlilegt. Til þess hefir tíminn verið alt of stuttur hjer á þingi. En til þess að ráða þessu sæmilega til lykta væri einhlítt að setja aftan við 29. gr., að frekari skilyrðum um þekkingarkröfu mætti koma á með einföldum lögum, eftir að trygt er, að 5 ára búsetuskilyrðið er orðið fastákvarðað. Mjer finst mjög handhægt að hafa hjer sviðið opið. Og þó að jeg telji ekki tímabært að setja nokkur skilyrði nú, fram yfir það, sem jeg nefndi um búsetuna, þá mætti vel í hv. Ed. bæta því inn í frv., að auka mætti við kosningarskilyrðin síðar að þessu leyti.

Þó er till. hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sönnu nær en till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hann segir í till. sinni, að til þess að geta haft kosningarrjett verði menn að hafa þá almennu þekkingu, sem heimtuð er eða heimtuð kann að verða af ungmennum á fermingaraldri. Í þessu eiga að vera málsskilyrði, eftir því, sem hann var að tala um. En jeg sje ekki, að hægt sje að setja þau skilyrði þannig, eins og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) virðist, með því að fara í kring um það mál. Hann var jafnvel svo ófeilinn, að segjast gera þetta svona úr garði til þess, að það sæist ekki, hvað bak við lægi. En jeg tel mjög varhugavert að fara með nokkrum yfirdrepsskap í þessu efni. Hjer á að koma hreint fram. Hv. þm. sagði þetta meint sem „þjóðernisvörn". Getur verið, en þá er þess þó fyrst að gæta, hvort þetta er nokkur þjóðernisvörn. Jeg neita

því. Því að þetta er svo alment skilyrði, að í því þurfa ekki að felast nein málsskilyrði sjerstaklega. Hjer er að eins að ræða um skilyrði, sem heimtuð eru til fermingar og gætu átt við hvar sem væri, bæði í Danmörku og annarsstaðar. Það mætti skilja till. þannig, að hafi Dani, sem búsettur er hjer, að eins uppfylt þau skilyrði, sem honum voru sett undir fermingu í Danmörku, geti hann haft kosningarrjett hjer, þótt hann hvorki skilji eða tali eitt orð í íslensku.

Sami hv. þm. (Sv. Ó.) sagði enn fremur, að þetta ætti að vera vörn gegn skrílræði. En slíkt er fjarstæða. Því að skríllinn getur verið til, þótt hann hafi uppfylt fermingarskilyrðin. Það er vitanlegt, að um öll lönd er fjöldi manna, sem hagar sjer eins og skríll, og hefir þó ekki að eins uppfylt fermingarskilyrðin, heldur eru jafnvel ýmsir af þeim lærðir menn svo nefndir.

Það er enn fremur fullvíst, að það eru alls ekki allir landsmenn, sem uppfylla þau skilyrði, sem heimtuð eru *nú* undir fermingu. Marga eldri menn yrði þá að svifta kosningarrjetti. Og þótt hv. þm. ætlaðist til, að nánar yrði gengið frá þessu í kosningalögunum, þá er ekki hægt að setja það inn í þau, sem bryti í bág við sjálfa stjórnarskrána. En eftir till. verður a. m. k. að uppfylla þau skilyrði, sem þar eru talin. Yfirleitt er þessi till. þannig vaxin, að næsta ótrúlegt væri, ef þetta þing, eða nokkurt annað þing, gæti sett hana inn í sína stjórnarskrá.

Björn Kristjánsson: Það voru hjer tvær till., á þgskj. 604 og 605, sem jeg vildi lítillega minnast á.

Till. á þgskj. 605 fer fram á að fjölga þingmönnum um tvo. Hin till. gengur í sömu átt, en vill láta fjölga þm. um fjóra, og fái Reykjavík tvo af þeim, en hinir tveir verði kosnir hlutbundnum kosningum um land alt. Till. þessi kom á síðustu stundu, og jeg hafði ekki tíma til að koma með viðaukatill. En eins og kunnugt er, hefir Hafnarfjörður vaxið svo á síðustu árum, að hann ætti fullkomlega rjett á að hafa einn þingmann. Og ef þingmönnum yrði fjölgað um fjóra, þá er gefið, að sá kaupstaður hlyti að fá einn af þeim, þar sem líka kunnugt er, að þjóðin er á móti því, að fjölga landskjörnum þm. Í mínu kjördæmi var þannig samþykt till. um að afnema þá, án þess að við þingmenn kjördæmisins gæfum nokkurt tilefni til þess. Jeg hefi verið að bíða eftir því, að fram kæmu brtt. í þinginu um að gera landskjörna þingmenn að kjördæmakosnum þingmönnum. En það er ekki orðið enn.

Það er sjálfsagt, að þingið fjölgi þingmönnum um 4, úr því engin till. hefir komið fram um það að leggja niður þá landskjörnu. Jeg álít, að Reykjavík eigi ekki að fá 2 þingmenn í viðbót, heldur 3; það má ekki minna vera en hún hafi þingmann á hverja 1000 kjósendur. Jeg býst við, að þessari viðbót yrði sanngjarnast og heppilegast skift þannig niður, að Reykjavík fengi 3 þingmenn, en Hafnarfjörður 1. Og þessi viðbót má ekki minni vera, úr því þeir landskjörnu eru ekki afnumdir, en það hefði verið heppilegast að mínu áliti, og þá hefði ekki þurft að fjölga þingmönnum. (*E. A.*: Það eiga ekki að vera nema 2 kjördæmakosnir, því það er tekið fram, að tala þeirra landskjörnu eigi að hækka úr 6 í 8). Það mun rjett vera, en jeg vænti þess fastlega, að þessu verði breytt í hv. Ed., og í því trausti tala jeg um þessa viðbót, eins og hún væri eingöngu á kjördæmakosnum þingmönnum. Það vinst ekki tími til að breyta þessu þannig nú, en þó mun jeg greiða atkv. með till. til Ed., og vona, að hún láti ekki undir höfuð leggjast að breyta henni í rjetta átt. (*S. S.*: Vonandi kemst hún aldrei til Ed.). Jeg held, að það sje óþarfi að hrósa

sigri þegar í stað. Jeg hefi að minsta kosti ekki eins litla trú á sanngirni og skynsemi hv. deildarmanna og hv. 1. þm. Árn. (S. S.) virðist hafa. Jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á því, að þingið sýni aðra eins rangsleitni eins og það væri að fella till. Bæði Hafnarfjörður og Reykjavík eiga heimtingu á fleiri þingmönnum. Þessi till. bætir þar ekki fyllilega úr, en hún hefir möguleika til þess; það þarf að eins litla breytingu, og jeg vona, að hátt. Ed. komi með hana.

Frsm. (Benedikt Sveinsson): Nefndin hefir ekki haft tíma til að taka ákveðna afstöðu til þeirra brtt., sem fram hafa komið. Margar eru að eins endurvakningar á fyrri till., og er hægt að vísa til þess, er þá var um þær sagt. Þó er hjer ein ný, frá hv. þm. Borgf. (P. O.), á þgskj. 587, um að þing skuli haldið annaðhvert ár. Um þessa till. get jeg talað fyrir nefndarinnar hönd, því að öll nefndin var á einu máli um að aðhyllast breytingu stjórnarinnar óbreytta. Nauðsyn á þingi hvert ár hefir verið skýrð og rökstudd hjer og skal jeg ekki fara langt út í þá sálma að þessu sinni. Hjer gengur alt hraðari fetum en áður, viðburðarásin örari og nauðsyn á skjótum ráðum og fljótum framkvæmdum meiri. Nefndin verður því eindregið að mæla á móti þessari till. Jeg get viðurkent það, að hv flm. till. (P. O.) mælti svo vel með henni, sem unt var, en þó gat hann ekki hrundið þeirri nauðsyn, sem á því er, að þing verði haldið ár hvert. En ef svo ólíklega vill til og óhöndulega, að þessi till. verði samþykt, þá þarf að breyta mörgu öðru í frumvarpinu samkvæmt því. Það verður ekki samræmi í þeirri breytingu, að kjörtímabilið sje 4 ár, ef þessi till. verður samþykt. Þingmenn sitja þá að eins tvö þing, en sú breyting er ekki til bóta. Fleiru þyrfti að breyta, og ef mönnum væri alvara með þessa till., þá ættu þeir að fara fram á, að málið yrði tekið af dagskrá, til þess að færi gæfist til að koma samræmi í frumvarpið. Flm. hafa ef til vill treyst því, að Ed. breytti þessu, en jeg tel það varla vansalaust þessari deild að vísa hverju málinu á fætur öðru óköruðu til Ed., í því trausti, að hún lagfæri misfellurnar. En jeg býst við, að till. verði feld hjer, og þó að hv. þm. Borgf. (P. O.) hafi mælt skörulega með henni, þá hefir hann líklega sannfært fáa með ræðu sinni.

Þá kem jeg að tillögum þeirra hv. fyrra þm. Reykv. (J. B.) og hv. fyrra þm. S.-M. (Sv. Ó.). Þær ganga báðar nokkuð í líka átt, þar sem önnur fer fram á íslenskukunnáttu sem kosningarrjettarskilyrði, en hin almenna þekkingu Jeg lýsti því fyrir nefndarinnar hönd við síðustu umr., að hún gæti ekki fallist á till. hv. fyrra þm. Reykv. (J. B.). Hann hefir nú breytt henni nokkuð, en þó býst jeg ekki við, að nefndin sem heild geti fallist á hana. Sumir munu halda því fram, að hún stappi nærri broti á sambandslögunum, en jeg get ekki sjeð, að svo sje. Jeg held, að menn sjeu yfir höfuð of viðkvæmir í því efni. En jeg býst við, að till. yrði erfið í framkvæmd; það yrði ilt að koma því þannig fyrir, að hún kæmi að gagni. Jeg mun þó fyrir mitt leyti greiða atkv. með henni, því að jeg tel hana stefna í rjetta átt. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) virtist halda því fram, að þessi till. geri 5 ára búsetuskilyrðið óþarft. Jeg fæ ekki sjeð, að svo sje, enda ætlast hv. flm. (J. B.) til, að það ákvæði haldist áfram, og telur eins mikla þörf á því eftir sem áður, hvort sem till. hans nær fram að ganga eða eigi. Jeg get fallist á röksemdaleiðslu hans í því efni og skal því ekki fara út í slíkt hjer. Þá var talað um, að till. væri óskýr, en jeg held, að allir, sem vilja hafa fyrir að lesa hana, geti sannfærst um, að hún tekur af öll tví-

mæli, enda hefir ekki komið fram misskilningur á innihaldi hennar.

Það, sem jeg hefi hjer sagt um till. hv. fyrra þm. Reykv. (J. B.), verða 3fugmæli ef því er beint að till. hv. fyrra þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hann ætlaðist til, að tillaga sín kæmi í stað 5 ára skilyrðisins, sem honum þótti sem glófi í andlit Dana. Ef íslenskukunnátta er talin með þessum almennu þekkingarskilyrðum, þá fæ jeg ekki sjeð, að hv. þm. hafi bætt mikið úr skák fyrir sambandsþjóðina. Það er því nokkuð einkennilegt, að þm. skuli verða til þess að bera hjer fram till., sem að vísu er nógu meinleysisleg á pappírnum, en er í raun og veru engu síður brot á samningi, að hans áliti, heldur en þær tillögur, sem hann andæfir. Ef till. er sprottin af óvild til 5 ára skilyrðisins, og sú óvild er formkend, en ekki efniskend, þá er svo að sjá, sem till. eigi að vera gildra fyrir hv. Ed. Það er ein ástæða meðal annars til að skera till. niður. Það á ekki að þurfa að „veiða" neinn til þess að gæta rjettar Íslendinga. Auk þess er till. óskýr, þokukend og illframkvæmanleg. Sennilega verður þessi almenna þekking að miðast við það, sem heimtað er af börnum í það og það skifti í gildandi fræðslulögum. Það getur vel farið svo, að skilyrðin verði strangari síðar en nú eru þau, og þá gætu sumir þeir tapað kosningarrjetti, sem hefðu átt hann samkvæmt eldri lögunum, en ekki uppfyltu þau nýju skilyrði. Eins gæti hæglega farið svo, ef miðað er við fræðslulögin, að sumir þeir menn fengju ekki kosningarrjett, sem þó hefðu notið þeirrar fræðslu, er þau fyrirskipa. Sumir menn eru svo settir, að þeir hafa ekki ástæðu til þess að halda við barnalærdómi sínum, þótt þeir þroskist að öðru leyti í lífinu. Jeg get nefnt nokkur dæmi. Það er heimtað í fræðslulögunum, að börnin læri utanbókar nokkur kvæði. Hversu margir munu þeir vera, sem kunna þau kvæði alla æfi? Jeg er hræddur um, að jafnvel einhverjir hv. þm. mistu kosningarrjett sinn fyrir þá sök, að þeir væru farnir að gleyma þeim kvæðum. Og munu margir ryðga í með aldrinum bæði ritningargreinum og fræðikerfum kirkjunnar. Í fræðslulögunum er líka ákveðið, að unglingarnir skuli kunna nokkur sönglög. Mörgum fer svo með aldrinum, að þeir verða illa til söngs fallnir. Menn verða rámir og ósöngnir, og ekki víst, að allir stæðust það próf. (*E. A.*: Jeg stæðist það að minsta kosti ekki). Jeg held því, að þessi till. komi jafnvel fullhart niður á Íslendingum sjálfum, og að minsta kosti mundi ekki vafalaust, hversu hemi skyldi beitt.

Viðvíkjandi brtt. á þgskj. 694 ætla jeg að vera stuttorður. Jeg held, að till. sem þessi sje til einskis annars en tefja málið og vekja sundrungu. Nefndin gat ekki komið sjer saman um neina breytingu frá því, sem er í frv. stjórnarinnar, og var þó mikið rætt um það í nefndinni, og getur hún því sem slík enga afstöðu tekið til þess. Skoðanirnar eru svo sundurleitar, að ef farið væri að ýfa þær, gæti það orðið til þess, að alt málið strandaði, og væri þá ver farið en heima setið. Allir nefndarmenn hafa óbundnar hendur í þessu efni, en úr því engar ákveðnar till. gátu fengið fylgi hennar og hún kaus heldur að halda friðinn, þá býst jeg ekki við, að nefndarmenn ljái þessari till. fylgi sitt.

Þá er till. um það, að kjósa alla landskjörna þingmenn í einu lagi, og virðist mjer hún hafa nokkuð til síns máls. Það er satt, að það tekur því varla að hóa þjóðinni allri saman til að velja 3—4 menn. Það má þó segja, að þjóðin muni ekki telja þetta eftir sjer og kunni betur við að fá sem oftast tækifæri til að hafa hönd í bagga með framkomu og vali þessara manna. En það hefir hún betur og nánar, ef aftur er kosið. Einhverjir geta reynst illa, og þjóðin vill þá fá tækifæri

til að fá aðra betri sem fyrst í þeirra stað. Það er óneitanlega nær fullu „þjóðræði", að þjóðin hafi sem oftast færi á að taka í taumana og skifta um menn. En að öðru leyti virðist mjer brtt. ekki svo mikilvæg, eins og hún liggur fyrir, að vert sje að gera hana að kappsmáli.

Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um brtt. við 65. gr., á þgskj. 623. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sýndi fram á, að það væri betra að halda því, sem er, og er jeg honum þar sammála.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., og býst við, að þetta verði í síðasta skifti, sem jeg þarf að tala um það. Jeg vænti þess, að hv. Ed. fari ekki að grauta neitt í málinu, enda yrði það að eins „Sysifosarverk". Hv. Ed. þarf ekki að efast neitt um það, að sá mikli meiri hluti, sem hjer í deild hefir samþykt það atriðið, sem helst mun valda ágreiningi —skilyrðin fyrir kosningarrjetti til Alþingis — lætur ekki undan í því efni. Þótt hv. Ed. færi að halda málinu til streitu, þá mun sá endir á verða, að 5 ára búsetuskilyrðið verður samþykt, enda er það í samræmi við nærri alla þjóðina. Jeg hefi fáar raddir heyrt andmæla því, og hefir kveðið við sama tón, hvort sem talað var við sjálfstæðismenn eða heimastjórnarmenn. Þetta vona jeg að háttv. Ed. athugi vel, áður en hún hefur sundrungu og deilur um búsetuskilyrðið.

Sveinn Ólafsson: Till. mín á þgskj. 586 hefir mætt töluverðum andmælum Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hafa þó tekið till. fremur vingjarnlega, hafa að minsta kosti talið hana þess verða, að hún sje athuguð, og hafa ekki með öllu álitið hana óalandi og óferjandi, svo sem þeir 3 aðrir þingmenn, sem hana hafa vegið. Þeir hafa spreytt sig á hártogunum og fyndni, sem átti að koma í stað röksemda þeirra, sem þá gersamlega vantaði, og má vera, að þeim hafi tekist að skemta einhverjum með þessu, en mjer finst satt að segja nauðalítið púður hafa verið í fyndni þeirra.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) taldi till. óglögga og torvelda til framkvæmda; það þyrfti að ganga betur frá henni, ef að gagni ætti að koma. Það getur verið, að eitthvað sje það í till., sem betur mætti fara, en það er að eins formsatriði, og mætti auðveldlega laga í hv. Ed., ef þessi hv. deild fjellist á hugmyndina, og fyrirkomulagsatriðin geta að öðru leyti komið í kosningalögum. Jeg sje ekki betur en að alt slíkt eigi þar heima, því að stjórnarskránni eru að eins ætlaðir aðaldrættirnir.

Jeg hefi um þekkingarskilyrðið miðað við almenna fræðslu og þá sniðna eftir þeim skilyrðum, sem sett eru í fræðslulögunum frá 1907. Þarna hafa sumir þóst finna þá veilu á, að *móðurmál*" þyrfti eigi endilega að tákna íslensku, þegar um framkvæmd laganna væri að ræða, heldur gæti danskur maður skotið sjer undir kunnáttu í *sínu* móðurmáli.

Jeg held, að enginn geti í fullri alvöru ályktað á þennan veg, og hjer er því um hártogun eina að ræða. Vjer setjum ekki lög fyrir aðrar þjóðir, en að eins sjálfra vor vegna, og *móðurmálskunnáttan* eftir lögunum frá 1907 getur þess vegna ekki átt við neitt annað mál en íslensku. Jeg er viss um það, að ef hv. 2. þm. Árn. (E. A.) ætti að skýra þetta eins og lögfræðingur, þá kæmist hann að sömu niðurstöðu og jeg. Um þetta efni hefi jeg raunverulegt atvik fyrir augum, þar sem barn af útlendu foreldri átti að ganga undir ungmennapróf. Barnið hafði fengið ágæta tilsögn og var vel að sjer, en tæpt í íslensku, og óskuðu foreldrar þess, að móðurmálskunnátta barnsins yrði miðuð við barnsins upphaflega móðurmál. Fræðslunefnd feldi úr-

skurð um þetta — og auðvitað var enginn lögfræðingur í henni —, en úrskurðurinn fjell svo, að prófa skyldi í íslensku. Úrskurðinum var fullnægt, barnið látið leggja kapp á málið um nokkrar vikur á undan prófi, og prófið stóðst það sæmilega í málinu, en ágætlega í öllum öðrum greinum. Þannig leit þessi skólanefnd á málið, og þannig held jeg að allir skilji það, sem ekki vilja, af pólitískum ástæðum, beita vífilengjum og hártogunum Þegar talað er um móðurmálið í fræðslulögunum, er átt við íslensku og ekkert annað mál.

Hitt er annað mál, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók fram, að útlendingur, sem hingað kæmi með tilskilda þekkingu í öllu öðru en íslensku, hann þyrfti ekki að ganga undir próf í neinu öðru er málinu. Mjer heyrðist hæstv. forsætisráðherra (J. M.) halda því fram, að eigi væri rjett að þrengja skilyrði fyrir kosningarrjetti fram yfir það, sem þegar væri komið inn í stjórnarskrárfrv. Jeg get ekki fallist á þetta; og jeg fæ ekki sjeð önnur eðlilegri skilyrði fyrir kosningarrjetti en að kjósandi hafi ábyggilega þekkingu til brunns að bera. Jeg felli mig betur við, að þess sje krafist, en hins, að þeir einir hafi kosningarrjett, sem eigi eru í sveitarskuld, og að því leyti er jeg sammála hv. þm. Dala (B. J.), að hart sje að svifta efnilega og skynbæra menn kosningarrjetti fyrir það eitt, að þeir hafi komist í sveitarskuld, einatt af óviðráðanlegum atvikum. Það er í alla staði eðlilegt að heimta af mönnum þá þekkingu, sem tryggi þjóðfjelaginu, að þeir misbeiti ekki kosningarrjettinum vegna þekkingarskorts. Um hæfileikana að þessu leyti er hægt að dæma, þótt aðrar borgaralegar dygðir verði eigi metnar.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) upplýsti, að svipuð skilyrði fyrir kosningarrjetti væru í Ítalíu, og jeg hygg, að hið sama muni vera í lögum á Frakklandi og víðar, þar sem alþýðumentun er á lágu stigi, enda hafa slík skilyrði mikið gildi, ekki síst þar sem svo hagar til. Þau eru nauðsynlegur hemill gegn áhrifum þeirra manna á löggjafarvaldið, sem ekki eru hæfir til þess að taka þátt í því. Er þetta sú allra sjálfsagðasta vörn gegn áhrifum útlends iðjulýðs, sem flykst getur hingað fyr en varir. En þótt svo verði ekki, getur það þó komið fyrir, að bændur fari að seilast eftir útlendum verkalýð sunnan og austan úr álfunni, Pólverjum, Galizíumönnum eða Rússum, líkt og frændur vorir á Norðurlöndum hafa gert. Lýður þessi hefir reynst harðla ómentaður, og í raun og veru hafa Norðurlandabúar fengið ímugust á fólki þessu, þótt þeir hafi orðið að nota það á sumrin, sökum fólkseklu heima fyrir. Allir sjá, hve varúðarvert það væri, að slíkt þekkingarsnautt fólk næði hjer kosningarrjetti og miklum tökum á meðferð mála hjer á landi; en hins vegar væri varla gerlegt að neita því um þegnrjettinn, ef það tæki að dvelja hjer langdvölum. Vegna þessara manna, þótt ekki væri vegna Íslendinga, væri þekkingarskilyrðið nauðsynlegt. Slíkt skilyrði er öruggari þjóðernisvörn en þótt heimtuð sje fárra ára búseta.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) vildi skýra tillöguna svo, að ætlast væri til, að hver maður gengi undir próf, er kosningar ættu að fara fram. Þetta eru hártoganir einar og firrur. Það liggur í hlutarins eðli, að þeir, sem undir próf hafa gengið og öðlast prófskírteini, mundu jafnan sanna þekkingarhæfileika sinn með prófskírteininu. Háttv. þm. (B. J.) kallaði þetta hróplegt ranglæti gagnvart þeim, sem kynnu að missa kosningarrjett við það, að geta ekki fullnægt skilyrðunum fyrir honum; kvað hann þetta helst mundu koma niður á eldri mönnum, sem t. d. hefðu ekki lært að skrifa. Til þessa getur ekki komið, því með bráðabirgðaákvæðum stjórnarskrárfrv. er trygður kosningarrjettur framvegis þeim, sem þegar

hafa öðlast hann, er stjórnarskrá þessi gengur í gildi.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók málið einkum frá þeirri hlið, að jeg með því, að setja skilyrðið í samband við annað en þjóðernisvarnir, sýndi yfirdrepskap, og að þetta ætti að vera tálgröf fyrir þá, sem ættu að sæta þessum kröfum. Jeg skil ekki vel, hvað háttv. þm. (G. Sv.) á við með þessu, og efast um, að hann skilji þarna sjálfan sig. Jeg hygg ekki, að þannig verði litið á, því jeg tel það sjálfsagt, að þeir, sem skilyrðin eiga að uppfylla, muni telja þau að öllu eðlileg. Mig furðar sjerstaklega, að háttv. þm. Dala. (B. J.), slíkur föðurlandsvinur sem hann læst vera, og slíkur íslenskumaður sem hann er, að hann skuli vilja mæla Dani undan því, þá er hjer taka bólfestu, að læra eitthvað ofurlítið í íslensku. Slíkt er lítt samrýmanlegt við fyrri kenningar háttv. þm. (B. J.).

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fanst það óviðurkvæmilegt að tala um skrílræði, og að það mundi geta orðið fyrirbyggt með þessu skilyrði. Háttv. þm. (G. Sv.) vildi halda því fram, að mentaðir menn gætu hist í hópi hins svo nefnda skríls. Það er auðvitað hugsanlegt, að menntamenn, sakir óreglu eða einhverra skaplasta, kunni að falla svo djúpt í áliti sín og annara. En þar er yfirskinsástæða hjá honum og ísjálfu sjer engin mótbára gegn brtt. minni.

Háttv. frsm. (B. Sv.) hjelt því fram, að þetta skilyrði stappaði nærri því, að vera brot á sambandslögunum. (*B. Sv.*: Jeg átti við till. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) Jeg álít, að hvorug tillagan sje það, en jeg játa það, að kurteislegar er að Dönum farið með minni till., og hina má fremur skoða eins og móðgun við þá. Allir munu játa, að rjett sje að heimta af kjósendum, að þeir beri nokkurt skyn á þjóðhætti og atvinnuvegi þess lands, sem þeir hafa kosningarrjett í, og kunni nokkuð í tungu þjóðarinnar í viðbót við aðra almenna þekkingu. Mín tillaga á að varna því, að mentunarlausir menn nái kosningarrjetti hjer, en till. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) áskilur að eins það, *að skilja og tala íslensku „sæmilega:* er hún því bæði teygjanleg vegna þessa „sæmilega" óvissa ákvæðis, en opnar svo dyr á víða gátt fyrir hvern grasasna, sem grautt kann í málinu!

Háttv. þm. (B. Sv.) talaði um, og reyndi að vera fyndinn, að menn mundu, er þeir væru farnir að eldast, hafa gleymt einhverju af æskufræðum sínum, og yrðu þeir þá að rifja þau upp að nýju. Hver skyldi neita því, að menn geti ryðgað í fornum fræðum, og það er ekki nema þarft og gott að rifja þau upp aftur; en vegna kosningarskilyrðanna gerist þess ekki þörf, því að sá, sem einu sinni hefir staðist próf og fengið prófskírteini, hefir uppfylt þau skilyrði, sem sett yrðu eftir till. minni, og mundi úr því halda kosningarrjettinum æfilangt þeirra hluta vegna.

Þá fann háttv. sami þm þá veilu á þessu ákvæði, að rosknir menn mistu söngrödd og um leið kosningarrjett, af því að ungmennaprófið áskildi ljóðakunnáttu og söng. Slíkar hártoganir eru einskis virði. Þetta er sama tóbakið og hjá háttv. þm. Dala (B. J.), enda er auðsætt, að sá, sem hefir þann gáfnabrest í æsku að geta ekki sungið, ætti þá líka að fara á mis við borgaraleg rjettindi þess vegna.

Meðaltalseinkunn hvers ungmennis er vitanlega komin fram af ólíkum einkunnum þeirra einstöku greina, og getur kunnáttan í sumum nálgast 0, eða jafnvel verið neitandi, og prófið, sem rjettinn veitir, samt við hlítandi. En háttv. þm. (B. Sv.) kom að lokum að þeirri sömu mótbáru gegn tillögunni, sem knúði hann til andmæla, þeirri, að till. gerði Ed. hægara fyrir með að færa niður áratal búsetunnar úr 5 eða sleppa því. Það telur hann lífakkerið í

þessu efni og vill engu öðru hlíta, og þetta er reyndar rjett athugað, því að svo örugt er þekkingarskilyrðið, eins og jeg legg til að það verði, að 5 ára búsetan verður lítilsverð eða jafnvel óþörf.

Að öðru leyti tel jeg hártoganir hans og afbakanir á till. hjegóma einberan og eigi þess verðan að eyða að þeim fleiri orðum.

Jörundur Brynjólfsson: Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) gat þess í upphafi máls síns, að hann vænti þess, að brtt. mín við frv. fengi ekki fylgi deildarinnar. En jeg verð að segja hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að jeg flutti hana alls ekki með það fyrir augum, að jeg byggist við stuðningi hans með þessari tillögu, eða hvort hann mundi greiða atkvæði með henni eða ekki.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) þótti sem tillagan mundi koma í bág við sambandslögin; en það mundi hún jafnt gera, hvort sem ákvæði hennar stæðu í stjórnarskránni eða kosningalögunum, þar sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) fanst hún eiga heima og önnur slík ákvæði sem þessi. En jeg lít öðrum augum á þetta; jeg skoða, að öll haldgóð kosningarrjettarskilyrði eigi einmitt heima í stjórnarskránni; það er torveldara að kippa þeim burtu en úr kosningalögum. En um það, hvernig þetta eða þessu lík ákvæði verði framkvæmd, tel jeg eiga heima í kosningalögunum.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) þótti ákvæðin í brtt. vera nærgöngul við Dani; hið sama má og segja um búsetuskilyrðið, sem þegar hefir verið samþykt. En hvorugt er skilyrðið þó nokkurt brot á sambandslögunum. Það er auðvitað, að með báðum þessum skilyrðum er Dönum gert hóti erfiðara fyrir að ná kosningarrjetti en Íslendingum, sem hjer hafa heima setið. Þannig er það með búsetuskilyrðið, að ef við tökum t. d. tvo menn, annan danskan, en hinn Íslending, sem hefir alið aldur sinn hjer á landi, og hugsum okkur, að báðir sjeu 24 ára að aldri, þá fær Íslendingurinn hjer kosningarrjett 25 ára, en hinn verður að bíða eftir honum í 5 ár, ef hann hefir flutt inn í landið 24 ára, og fær hann ekki fyr en 29 ára. Það mundi reyndar Íslendingur, sem dvalið hefði í Danmörku fram að 24 ára aldri, ekki heldur fá. Líkt er um málið, að dönskum manni mundi veitast nokkru erfiðara að ná þeirri þekkingu í íslensku, sem nægja þætti til þess, að hann gæti öðlast kosningarrjett, heldur en Íslendingi; en þó gæti ákvæðið ekki lagt neinar þær tálmanir í veg fyrir Dani til að njóta rjettinda hjer, sem þeir ættu ekki að geta unað við. Mjer skilst sem að það muni vaka fyrir hæstv. forsætisráðherra og fylgifiskum hans — þeir hafa aftur og aftur sagt það — að reyna að koma inn í kosningalögin einhverjum stórvægum og þýðingarmiklum ákvæðum fyrir kosningarrjetti Dana hjer á landi, en þeir vilja ekki, að þessi ákvæði sjeu fastbundin í stjórnarskránni. En eftir því, sem sumir þingmenn hafa talað hjer, þá býst jeg við, að þessi ákvæði mundu verða nokkuð vægari en hjer er farið fram á. En mjer finst, að þessi tillaga mín sje svo væg, að það virðist ekki minna heimtandi af kjósanda en að hann skilji sæmilega tungu þjóðarinnar, þar sem hann á kosningarrjett, og geti gert sig skiljanlegan á henni. Mig undrar það mjög, að háttv. þm. Dala. (B. J.) virðist vera líkrar skoðunar um þetta atriði eins og hæstv. forsætisráðherra (J. M.). Jeg hefði ekki trúað, að hann mundi hafa viljað samþykkja sambandslögin í fyrra, ef hann hefði ekki haft í huga að leggja meiri hömlur á áhrif Dana á þjóðmál vor en nú virðist hann vilja. Háttv. þm. (B. J.) kvaðst eigi vilja samþ. tillöguna af því, að hún gæti skert rjettindi einhverra, og að hann vildi ekki, að einn saklaus gyldi tíu sekra. Þetta gæti alveg eins vel átt við búsetuskilyrðið, og þó datt háttv. þm. (B. J.) ekki í hug að

nota þau rök þá. Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) var ekki alveg á sömu skoðun; en þó var hann andstæður tillögunni, af því að honum þótti hún ekki vera nógu vel undirbúin eða nógu skýrt sett fram. En jeg held, að háttv. þm. (G. Sv.) ætti þá að vera vorkunnarlaust að geta skilið, hvað tillaga mín fer fram á, og jeg er sannfærður um, að ekkert sjerlegt vandhæfi muni vera á því að meta, hvaða íslenskukunnátta megi teljast viðunanleg. Háttv. þm. (G. Sv.) virtist bera málleysingjana svo mjög fyrir brjósti, og var það vel gert af honum. En það veit hann þó, að þeir læra hjer á landi sitt mál á íslensku og geta gert sig skiljanlega á íslensku. Svo þetta skerðir ekki rjettindi þeirra. Þá er eftir blinda fólkið. Talað getur það og skilið íslensku og líka lesið upphleypt letur, ef því er kent það, og jafnvel líka skrifað. Háttv. þm. (G. Sv.) kvað stjórnarskrárnefndina ekki annars hafa tekið afstöðu til tillögu minnar. Hún hefði þó ekki átt að þurfa að vera lengi að átta sig á henni, því að lík tillaga kom hjer fram árla á þinginu. Háttv. þm. (G. Sv.) var líka á því, að ákvæði lík tillögu minni, eða enn frekari, yrðu sett í koningalögin, og hefi jeg ekki á móti því, en eigi verður það gert að þessu sinni.

Þá var háttv. 1. þm. S.-M. (Sv Ó.) að mæla fram með sinni till. og taldi henni það til gildis, að með henni væri Dönum sýnd meiri kurteisi en eftir tillögu minni. En það er þó sýnt, að hans tillaga gengur ekki skemra. Og fyrst svo er, hví á þá að fela fyrir mönnum það, sem á bak við liggur? Eru það nokkur meðmæli með henni, að leita þarf að hinni eiginlegu merkingu hennar? Jeg fyrir mitt leyti kann því altaf best, sem sagt er berum orðum og blátt áfram.

Þá hafa nokkrir þingmenn gerst því andvígir, að sett sje í stjórnarskrána ákvæði um að fjölga þingmönnum. Skil jeg þó ekki í því, þar sem enginn hefir hreyft því, að það væri í sjálfu sjer ósanngjarnt.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) kvaðst ekki geta verið því fylgjandi af því, að samkomulag hefði ekki getað orðið um það í nefndinni. En hve nær verður það, sem fult samkomulag verður um slíkt atriði? Jeg býst við, að það verði seint. Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að þetta mætti altaf gera með sjerstökum lögum. Jeg býst þó við, að ekki verði það gert hjeðan af á þessu þingi, en þá er ekki víst, að við ráðum, sem nú eigum hjer sæti, þar um framar. En ef við teljum þetta rjett, er sjálfsagt fyrir okkur að skera þegar úr um það. Og þótt háttv. þm. Dala (B. J.) og V.-Sk. (G. Sv.) kunni að telja sig sjálfkjörna á þing svo lengi, sem þeir draga andann og eru rólfærir, þá verða þeir þó að gæta þess, að þeir eru dauðlegir sem aðrir menn, og því engin trygging fyrir, að þeim endist aldur til að koma á þessari breytingu. Það er því engan veginn rjett að fresta þessu, ef það einu sinni er rjettlátt. En að þessar tölur megi ekki sjást í stjórnarskránni nú, það nær engri átt. Sje þingmönnum fjölgað, á það einmitt að standa í stjórnarskránni.

Annars get jeg verið þakklátur háttv. frsm. stjórnarskrárnefndarinnar (B. Sv.) fyrir það, að hann var heldur hlyntur till. minni um íslenskuþekkingu sem skilyrði fyrir kosningarrjetti. Jeg vona því, að hv. þingmenn verði með því, að ákvæðið verði nú þegar sett inn í stjórnarskrána. Og jeg verð að telja það mjög bága frammistöðu að vera á móti svo sjálfsögðu atriði.

Forsætisráðherra (J. M.): Það var að eins örstutt athugasemd út af ummælum háttv. frsm. (B. Sv.). Honum hlýtur að hafa misheyrst um það, sem jeg sagði um till. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og till. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Jeg sagði

aldei, að þessar tillögur gætu ekki komist að fyrir fimm ára búsetunni. Jeg sagði að eins, að ef tillaga háttv. minni hluta hefði verið samþ., þá hefði ekki þurft að deila um þetta atriði nú. Þá hefði gefist tími til að orða þessa till. skýrt og greinilega.

Ummæli háttv. frsm. (B. Sv.) hafa því við enga stoð að styðjast, en mjer kemur ekki til hugar að kenna það öðru en því, að honum hafi misheyrst ummæli mín.

Jeg sje það líka, að háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir ekki misskilið mig á þennan hátt. Þó var ekki alveg rjett athugasemd hans viðvíkjandi því, er jeg talaði um báðar till. Jeg tók þær þá báðar í sama flokk og sýndi fram á, að ákvæðið um þekkinguna, sem gert er að skilyrði, gæti vel komist inn í kosningalögin. En vitanlega er það rjett, að ef þetta ákvæði kemur í bág við sambandslögin, þá gerir það það jafnt, hvort sem það er heldur sett í stjórnarskrána eða kosningalögin.

Jeg skal svo ekki lengja meira umræður þessar, enda hefi jeg ekki heyrt hjá neinum, sem talað hefir síðan jeg gerði mínar fáu athugasemdir, neitt hafa komið fram, sem jeg hefði þurft að andmæla.

Jeg skal að eins taka það fram, að jeg tel í alla staði rjettast, að þessi háttv. deild samþ. það, sem hún telur rjettast og best, því að það er alveg rjett fram tekið, að hún ræður engu um það, hvað háttv. Ed. kann að gera við frv.

En geri hún breytingar á því, þá er þar til að taka þegar þar að kemur.

Björn Kristjánsson: Í sambandi við það, sem jeg sagði áðan um rjett Hafnarfjarðarkaupstaðar til þess að fá sinn sjerstaka þingmann, vildi jeg láta í ljós þá ósk mína um brtt. á þgskj. 604, að hún yrði borin upp lið fyrir lið, svo að fram geti komið, hvort menn óska að fjölga að eins kjördæmakosnum þingmönnum, eða bæði þeim og hinum landskjörnu.

Þeir, sem eru með því, að kjördæmakosnum þingmönnum verði fjölgað um fjóra, geta þá verið með þrem fyrstu liðunum, en þeir, sem vilja fjölga hvorumtveggja, geta verið með öllum liðum till.

Jeg skal geta þess, að flutningsmenn tillögunnar hafa leyft mjer að bera fram þessa ósk, og eru þeir því ekki mótfallnir því, að atkvgr. verði hagað þannig. Vona jeg því, að hæstv. forseti sjái sjer fært að verða við þessum tilmælum mínum.

Pjetur Jónsson: Jeg skal ekki lengja mikið umr. þessar. Mjer þótti þó rjett að gera að eins grein fyrir atkvæði mínu.

Það er víst öllum ljóst, að jeg er ekki ánægður með 29. gr. eins og hún var samþ. við 2. umr., og sje jeg ekki miklar líkur til, að hún batni nú við þessa umr. Sömuleiðis var jeg óánægður með það, að ekki komst að brtt. mín og 1. þm. Reykv. (J. B.) um skipun þingsins, en það geri jeg þó ekki að neinu kappsmáli í þetta sinn, eins og sjá má af því, að jeg er hjer nú meðflytjandi að miðlunartill. um þetta efni.

En þrátt fyrir óánægju mína með þessi atriði mun jeg þó ekki greiða atkv. móti því, að málið fái nú þegar að fara upp í Ed., af því að jeg tel sjálfsagt, að báðar deildir fái að fjalla um það, þótt það hafi verið athugað af samvinnunefnd beggja deilda. Jeg mun því ekki greiða atkv. á móti frv.

En jeg skal taka það fram, að í því felst engin yfirlýsing um það, hvernig jeg haga atkvæði mínu þegar málið kemur hingað aftur að leikslokum.

ATKVGR.

Brtt. 587. feld með 16 : 5 atkv.

— 604,1. (við 26. gr.) feld með 19 : 7

atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. Ó., P. J., S. St., Þorst. J., E. Árna., J. M., J. B.
nei: P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. G., M. P., Ó. B.

Brtt. 605. feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J.J., J. M., J. B., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., Þorl. J., Þór. J., B. K., E. A.
nei: E. J., G. Sv., H. K., M. G., M. P., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorst J., B. Sv., B. J., B. St., E. Árna., Ó. B.

Brtt. 604,2. (við 27. gr.) feld með 14 : 5 atkv.
— 573,1. feld með 16 : 4 atkv.
— 586. feld með 22 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. S., Sv. Ó., Þorst J., E. J.
nei: H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., Ó. B.

Brtt. 606. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., E. A., E. J., H. K., J. B., M. P., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J.
nei: B. J., B. K., B. St., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. Ó., P J., St. St., Ó. B.

Brtt. 621,1. fyrri hluti („og sje fjár síns ráðandi") feld með 16 : 4 atkv.
— 621,1. síðari hluti („enda ekki .... sveitarstyrk") feld með 16 : 10 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. St., E. J., H. K., J. B., P. O., P. Þ., S. S., Ó. B.
nei: Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. K. E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. St., St. St., Sv. Ó.

Brtt. 621,2. tekin aftur.
— 673,2. feld með 19 : 6 atkv.
— 623. samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. sept., var útbýtt

Frumvarpi til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 642).

Á 47. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti: Áður en umr. fara fram vil jeg geta þess, að sá ljóður er á frv., að það er ekki í samræmi við 27. gr. þingskapanna, en fyrri málsgrein hennar hljóðar svo: „Lagafrumvarp, er felur í sjer breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt *frumvarp til stjórnarskipunarlaga.* Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá." — En jeg lít svo á, að á sama standi, hvort í frv. stendur stjórnarskrá eða stjórnarskipunarlög. Þau orð merkja í daglegri merkingu það sama, og vísa jeg frv. því ekki frá umræðum.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er ekki til annars en tafar að fara að ræða um málið hjer í þessari háttv. deild við 1. umr.

Skal jeg því að eins drepa lauslega á brtt. þær, sem gerðar hafa verið á frv. í háttv. Nd. og ástæða er til að nefna. — En áður en jeg sný mjer að þeim skal jeg geta þess, að það var rjett, sem hæstv. forseti sagði viðvíkjandi fyrirsögn frv. Jeg hafði við samning frv. í fyrstu skrifað: frumvarp til stjórnskipunarlaga, en þá hefði orðið að taka það sjerstaklega fram í formála, að lögin skyldu heita: „stjórnarskrá Íslands“. Eftir viðtal við íslensku nefndarmennina í dansk-íslensku ráðgjafarnefndinni breytti jeg fyrirsögn frv., þar sem álit þeirra var á þá leið, að það skifti ekki máli, hvort orðið stjórnarskrá eða stjórnskipunarlög væri notað. Hæstv. forseti hefir nú einnig úrskurðað á þessa leið, svo óþarfi er að tala meira um það.

Breytingar þær, er háttv. Nd. hefir gert á frv., eru fremur litlar, að sleptri breytingunni á 29. gr.

13. gr. tel jeg lakari eftir breytinguna í Nd., en þar er ákvæðinu um atkvæðagreiðslu ráðherra á ráðherrafundum slept. Jeg tel þessa tillögu háttv. Nd. hafa gert það að verkum, að betra sje að sleppa ákvæðinu gersamlega. Ráðherrafundir hafa, þegar ákvæðinu um atkvæðagreiðsluna er slept, enga þá þýðingu, er heimili ákvæði um þá sett í stjórnarskrána. Skýt jeg þessari athugasemd til háttv. stjórnarskrárnefndar. Ef háttv. nefnd vill eigi hafa atkvgr. sem slíkar, má í stað þess fyrirskipa, að bókað sje álit hvers ráðherra. Mun það vera í samræmi við stjórnarskrár annara ríkja, því að ákvæði um atkvæðagreiðslur mun að eins vera í nýjustu stjórnarskrám. En í praxis eru atkvæðagreiðslur viðhafðar, að minsta kosti þegar konungur er ekki viðstaddur. En þetta er ekki svo mjög áríðandi, því framkvæmdin skiftir svo miklu í þessu efni.

Þá er breytingin á 29. gr., um að 5 ára búseta skuli gerð að skilyrði fyrir kosningarrjetti. Skal jeg ekki að svo stöddu máli fara neitt út í það atriði sjerstaklega. Þó finst mjer ákvæðið um, að ekki slíti það heimilisfestu manns, þó hann dveljist erlendis við nám eða til lækninga athugavert. Vona jeg, að hv. nefnd taki það ákvæði til athugunar, því það kemur ekki heim við ákvæðin í lögunum um ríkisborgararjett, sjerstaklega ákvæðið um sjúklingana. Skal jeg ekki fara frekar út í þetta atriði, en beiðast þess, að nefndin taki til athugunar breytingu þá, er hv. Nd. gerði á 29. gr., þess efnis, að það sje skilyrði kosningarrjettar að skilja og tala íslenska tungu sæmilega. Tel jeg þetta brot á sambandslögunum.

Þá getur verið álitamál um það, hvort þing skuli koma saman á sumrum eða vetrum, og má segja margt með og móti hvorutveggja. Hv. Nd. hefir með miklum atkvæðamun ákveðið, að þingið skuli koma saman á vetrum, en eins og jeg sagði áðan, getur altaf verið deilumál, hvort heldur sje.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að fara út í frv. fyr en hv. nefnd hefir tekið það til íhugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj atkv.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13 sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 642, n. 770, 771, 783, 784, 796).

Forseti: Sökum annríkis fjárveitinganefndar verður þetta mál tekið af dagskrá nú, en tekið upp aftur næsta mánudag.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15. sept., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 642, n. 770, 771, 783, 784, 796).

Frsm. (Karl Einarsson): Eins og hv. þingdm. er kunnugt, hefir samvinnunefnd beggja hv. deilda unnið að þessu máli síðan í þingbyrjun, og er álit hennar prentað á þgskj. 514. Nefndin bar fram allmargar breytingar við stjórnarskrána, en flestar þeirra voru að eins orðabreytingar og mjög fáar efnisbreytingar. Till. nefndarinnar eru prentaðar á þgskj. 504, og voru flestar þeirra samþyktar í hv. Nd., svo að stjórnarskráin liggur nú að mestu fyrir eins og nefndin lagði til. Það er því ekki ástæða til að fjölyrða eða rekja frekar brtt. nefndarinnar þar, enda vænti jeg, að allir hv. þm. hafi fylgst með umræðunum um málið. Síðan málið kom hingað hefir nefndin átt hjer fundi með sjer um það, og hefir hún orðið ásátt um að bera fram tvær brtt. við frv. Fyrri brtt. er gerð af samkomulagi við meiri hluta nefndarinnar, þar sem hann fellur frá búsetuákvæðum sínum, en ágreiningurinn um það og rök á báða bóga eru skýrt tekin fram á þgskj. 514, svo það er óþarfi að fara frekar út í það mál hjer, en minni hluti nefndarinnar hjer og meiri hluti samvinnunefndarinnar heldur fast við skoðun sína um það. Annars hefir minni hluti nefndarinnar gengið inn á fyrri brtt. á þgskj. 770, með þeirri skýringu, sem tekin er fram í nál., eða með því að þar sje ekki um annað að ræða en það, sem er lög eða venja. Eftir lögum um ríkisborgararjett, sem hv. þing hefir nú samþykt, kemur þetta og skýrt fram í 9. og 11. gr., því þar er tekið fram, að svona dvöl gefi engum rjett, og þá er ekki nema eðlilegt, að henni fylgi enginn rjettindamissir í heimalandinu. Það er ljóst, að þegar viðkomandi menn ekki vinna neinn borgaralegan rjett eða borgaraleg rjettindi, þá geta þeir ekki mist þau, er þeir hafa. Með þetta fyrir augum getur minni hlutinn fallist á þetta, og það þeim mun fremur, þar sem meiri hluti nefndarinnar heldur fram sömu skoðun um þetta. Meiri hluti samvinnunefndarinnar ætlaði sjer aldrei að setja neinar nýjar reglur um þetta eða útfæra eldri reglur, heldur að eins að taka af öll tvímæli um það.

Nefndin kom sjer saman um að gera 2. brtt. á þgskj. 770, um að fella niður íslenskuþekkingu sem skilyrði fyrir kosningarrjetti. Nefndin gerir þetta ekki að kappsmáli, enda hefir till. ekki legið fyrir henni með þessu orðalagi. En nefndin lítur svo á, að ef þetta atriði ætti að hafa raunverulega þýðingu eða útfæra það strangt, þá yrði það erfitt viðfangs. Nefndin telur víst, að þeir Danir, er mundu ílengjast hjer, mundu fljótt læra málið svo, sem nauðsynlegt yrði talið, en þessi till. nær eigi nema til Dana, því annara þjóða menn, er setjast hjer að, þurfa að fá rjett innborinna manna, og hann verður að veita með lögum, til þess að fá hjer kosningarrjett.

Nefndin hefir ekki sjerstaklega athugað brtt. á þgskj. 783, frá hv. þm. Snæf. (H. St.), en þar sem lík till. þessari var feld í hv. Nd., þá eru forlög hennar ljós. Í þessari till. er enn fremur mælt svo fyrir, að setja megi með sjerstökum lögum frekari skilyrði eða setja lengri búsetuskilyrði. Þessu get jeg ekki fylgt. Jeg tel sjálfsagt, að stjórnarskráin ákveði til fullnustu, hvaða reglur eigi að gilda um þetta, en það sje með öllu óhafandi, að Alþingi geti á ári hverju verið að breyta þessu fram og aftur eftir geðþótta sínum.

Í síðustu 100 ár hefir verið unnið að því í öllum menningarlöndum heimsins að tryggja mönnum almennan borgararjett, og samkvæmt því á þetta atriði að vera fastákveðið í stjórnarskránni.

Nefndin hefir heldur ekki tekið afstöðu eða haldið fund um brtt. á þgskj. 706, um að þing sje annaðhvert ár, í stað ár hvert, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Þetta atriði var rætt í samvinnunefndinni, en hún vildi ekki taka það upp í till. sínar, og sjest á því skoðun hennar á málinu, og till. um þetta var feld með miklum atkvæðamun í hv. Nd.

Um brtt. á þgskj. 771 er svipað að segja og um till. á þgskj. 783, að ef hún yrði samþykt, væri engin föst skipun á Alþingi; þá mætti breyta kjördæmaskipuninni, þingmannatölunni, deildaskipuninni, og með nægilega mikilli frekju mætti jafnvel leggja alveg niður aðra deildina. Yfirleitt mætti umsnúa þessu á alla kanta, og væri því í sannleika varhugavert og syndsamlegt að hafa ekkert fast form í stjórnarskránni fyrir svo virðulegri og ágætri stofnun sem hinu háa Alþingi.

Um brtt. á þgskj. 784 er það að segja, að það eru frekast orðabreytingar, eftir því sem jeg hefi athugað, og jeg held allar til bóta.

Svo hefi jeg ekki meira að segja.

Guðmundur Ólafsson: Jeg á brtt. á þgskj. 796, ásamt hv. þm. Snæf. En við höfum síðan athugað, að hún er ekki fullnægjandi, því að ef hún verður samþ., yrði líka að breyta orðalagi 33. og 38. gr. Þess vegna tökum við brtt. aftur við þessa umr.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg hefi, ásamt hv. þm. Ak. (M. K.), leyft mjer að koma með brtt. á þgskj. 771. Hún er til þess gerð að greiða fyrir því, að landskjörnum þingmönnum megi fjölga, án þess að til þurfi stjórnarskrárbreytingu. Að vísu er ekkert beinlínis því til fyrirstöðu, að fjölga megi þeim, eins og nú er að orði komist í stjórnarskránni, því að heimildin til að breyta tölu þingmanna hlýtur, að mínu viti, einnig að ná til landskjörinna þingmanna.

Brtt. er fram komin til þess aðallega, að tala þeirra efri deildar þingmanna, sem kosnir eru af sameinuðu þingi, sje hreyfanleg, eins og aðrar tölur í 26. gr., svo að hlutföllin milli deildanna þurfi ekki að raskast, þó að landskjörnum þingmönnum sje fjölgað. Viðvíkjandi því, að þetta gæti gert laust skipulag deildanna, skal jeg játa það, að þetta er ekki alveg ástæðulaus ótti, en hins vegar svo ástæðulítill, að hann ætti að verða áhrifalaus á úrslit málsins. Og auðvitað getur það ekki komið til nokkurra mála, að af því leiði, að önnur deildin verði lögð alveg niður, þar sem það er víða tekið fram í stjórnarskránni, að deildirnar skuli vera tvær.

Um þörfina á fleiri landskjörnum þingmönnum skal jeg ekki fjölyrða, en að eins taka fram, að fjölgun þeirra mundi að líkindum vinna á móti þeirri hreppapólitík, sem alt of mikið þykir bera á í þinginu, og tryggja því yfirleitt meiri og betri starfskrafta; því aðalreglan hlýtur það að verða, að þeir einir fái nægilegt fylgi til að komast að við landskjörið, sem þjóðkunnir eru og að góðu reyndir.

Magnús Kristjánsson: Jeg kann ekki við það, að láta þetta mál fara svo út úr deildinni, að jeg minnist ekki á það fáum orðum, og það því fremur, sem jeg er alls ekki ánægður með þá meðferð, sem það hefir fengið í þinginu. Að vísu hefir það verið svo fyrir mjer, að jeg hefi oftast reynt að verja gerðir þingsins jafnvel þó að jeg hafi ekki ávalt samþykt það, sem ofan á hefir orðið. En í þessu máli treysti jeg mjer ekki til að verja gerðir þingsins, það sem af er, þótt jeg feginn vildi.

Jeg hafði búist við því, að þingið teldi sjer fyrst og fremst skylt að ganga svo frá stjórnarskránni, eða þessum grundvallarlögum, að þau væru viðunandi um langan

tíma, svo ekki þyrfti sí og æ að vera að breyta þeim. En hjer skortir mikið á.

Breytingarnar, sem samvinnunefndin öll gat orðið sammála um, eru flestar mjög lítilvægar, og getur jafnvel leikið vafi á því, hvort þær eru allar til bóta. En þegar til þess kom að athuga þau atriði, sem voru grundvallaratriði og verulegt gildi höfðu fyrir framtíðina, þá var samleiðinni lokið. Um þau atriði, sem máli skifta, má segja, að skoðanirnar voru eins margar og mennirnir í nefndinni. En augljóst er, að ekki er þetta heppilegt í öðru eins stórmáli og hjer er um að ræða.

Jeg skal nú leyfa mjer að fara örfáum orðum um tvö atriði sjerstaklega, þau sem mestum deilum hafa valdið, sem sje 26. og 29. gr.

Fyrst skal jeg þá snúa mjer að 29. gr., þó hún sje síðar í röðinni, því jeg álít það skifta minna máli, hvað þar verður ofan á, því þar er vitanlega að eins deilt um form, en ekki efni, því báðir nefndarhlutarnir hafa tekið það skýrt fram, að þeir sjeu ráðnir í því að setja fullnægjandi tryggingarskilyrði gegn innstreymi útlendinga, svo ekki spillist þjóðernið, tungan eða stjórnmálastarfsemin. Hjer er því að eins að ræða um mismunandi leiðir að sama marki.

Eins og kunnugt er, hafði stjórnarfrv. gert ráð fyrir eins árs búsetu. Öllum eru augljósar þær ástæður, sem voru fyrir þessu. Menn álitu enga slíka innstreymishættu yfirvofandi, en hins vegar óhæft að hafa búsetuna svo langa, að Íslendingar sjálfir, sem ytra dvelja, væru gerðir að nokkurskonar útlögum, eða fyrirbyggja innflutning þeirra með óþarflega ströngum skilyrðum. Það virðist því svo, sem nefndinni hefði átt að vera hættulítið að hallast að þessu upprunalega ákvæði, og það því fremur, sem minni hl. vildi gera það til samkomulags að ganga nokkru lengra og aðhyllast 2 til 3 ára búsetuskilyrði. En það leit svo út, sem fyrirfram væri ákveðið, að meiri hlutinn vildi alls ekki samkomulag. Má ske hefði þó sumum fundist þessu bót mælandi, ef minni hl. hefði ekki gert enn þá frekari tilraunir til samkomulags, sem sje með því, að hann vildi setja inn í kosningalögin enn frekari tryggingarákvæði, bæði að því er snertir dvalartímann og þekkingarskilyrði. Með þessu hefði öll hætta átt að vera útilokuð. En meiri hl. vildi samt ekki samkomulag.

Svo nú þykir mjer úr vöndu að ráða, og svo er um marga fleiri. Því hjer hefir samvinnustirðleiki meiri hl. komið málinu í ógöngur. Jeg veit sem sje, hvaða afleiðingar það getur haft, ef málið nær ekki fram að ganga, en mjer er hins vegar illa við að láta annan eins gallagrip fara frá þinginu og þessi stjórnarskrá er. Jeg hefi þess vegna ekki enn þá tekið ákveðna afstöðu til atkvgr. um málið.

Mjer finst það sem sje álíka viturlegt að setja þetta langa dvalartímabil sem skilyrði fyrir kosningarrjetti eins og ef einhver heimilisfaðir bannaði börnum sínum heimilisvist eða gerði þau arflaus, af því hann hygðist með því geta bætt úr ómannúðlegri meðferð á óskilgetnum börnum, sem hann hefði þó orðið að kannast við á sínum tíma. Því hjer er verið að útiloka Íslendinga frá sínu eigin landi, einungis af ótta — og það ástæðulausum ótta — við það, að aðrir muni njóta sömu rjettinda. Yfirleitt hefir þetta mál verið flutt meira af kappi en forsjá, en hins minna gætt, hvað væri heppilegast og rjettlátast.

Þá skal jeg minnast á seinna atriðið, 26. gr. Breytingarnar við þá grein höfðu að vísu allmikið fylgi ýmsra nefndarmanna, þó ekki gæti myndast nægur, samfeldur meiri hluti um það. Jeg játa það fúslega, að í mínum augum er þetta veigameira atriði en það fyrra, sem jeg talaði um, því hjer er um grundvallaratriði að ræða.

Öllum ætti að vera ljóst, hversu mikla þýðingu skipun þingsins hefir. Og enn þá meira vandamál verður þetta þegar kosningarrjetturinn hefir verið rýmkaður svo mjög, sem raun er á orðin, og þó það hafi verið rjett, og það jafnvel að rýmka hann enn þá meira. En öllum ætti að vera ljós nauðsyn þess, að val þjóðfulltrúanna takist sem best, þannig að til þess veljist hæfir menn og þjóðkunnir, sem fengið hafa reynslu í meðferð opinberra mála á þingi eða í hjeraði, og menn, sem komnir eru svo til vits og ára, að þeir hafi þá lífsreynslu, að þeim sje trúandi til að fara svo með mál þjóðarinnar, að þeim sje borgið, og að þeir geti komið í veg fyrir öll gönuskeið, sem rýmkaður kosningarrjettur gæti haft í för með sjer. Alt þetta verð jeg að telja mjög þýðingarmikið, og ef einhver slík hugsun, um tryggingu gegn gálauslegri meðferð þjóðmála, hefði ekki legið bak við ákvæðin um landskjörið, væri það beinlínis tilgangslaust. Að vísu fekst þessu ákvæði, um landskjörið, ekki hrundið í það horf í upphafi, sem bæði jeg og margir aðrir töldu æskilegast. En þá var tekið það, sem næst fór, í von um, að seinna mundi hægt að kippa þessu betur í lag. En hjá sumum, t. d. meiri hlutanum, virðist þó afturför í þessu efni, þannig, að sumir virðast jafnvel helst á því máli að afnema alveg landskjörið.

Þessi skoðun held jeg þó að eigi ekki mikil ítök í þjóðinni. Það er miklu fremur einlægur vilji flestra bestu mannanna, sem mest skyn bera á þjóðmál, að fjölga landskjörnu þingmönnunum. Það, að þetta verði til að auka íhald eða afturhald, eins og það er kallað, er fjarstæða, sem ekki ætti að þurfa að eyða orðum að, og reynslan hefir þegar hrakið.

Enn fremur sýnist það nokkuð afkáralegt, og jafnvel hálfgerður barnaskapur, að vera að setja þetta stóra kosningabáknaf stað til þess að kjósa þrjá menn. Það er líka augljóst, að meðan mennirnir eru svo fáir, sem kosnir eru, svarar hlutfallskosningin aldrei til þess, sem í orðinu felst og til var ætlast, því mesta misrjetti hlýtur að koma fram í hlutfallinu milli fulltrúanna, sem hver flokkur kemur á þing. Þegar þeir eru svona fáir, og það jafnvel þó flokkaskipunin væri heilbrigð, að jeg ekki tali um misrjettinn, sem hlýtur að verða meðan flokkaskipunin er eins óheilbrigð og nú.

Breytingin væri til bóta því meira sem landskjörnum þm. væri fjölgað. En viðunandi væri, ef þeim væri fjölgað um helming. Þá gæti skapast nokkurn veginn eðlilegt hlutfall milli flokkanna.

Þá er kostnaðaraukinn, þetta handhæga meðal, sem svo margir grípa til, kjósendum sínum til geðs, að því er virðist. Jeg geri samt ráð fyrir, að kjósendum sje engin þægð í smásálarlegum sparnaði, þegar svona stendur á. Jeg get ekki hugsað mjer, að þjóðin sjái í kostnað, sem svarar launum eins embættismanns, þegar um stjórnarbót er að ræða. En þeir, sem eru með sparnaðarhugsanirnar í þessu sambandi, ættu ekki að gera það endaslept, heldur koma með frv. um breyting á kjördæmaskipuninni og fækkun kjördæmakosinna þingmanna. Þá mundi sjást, að sparnaðarhugur þeirra væri einlægur. En þetta er viðkvæmt mál. Sýslurnar vilja ekki missa þingmenn sína. Sýslutakmörkin eru að sumu leyti eðlileg takmörk. Það er ekki hugsanlegt, að höfðatalan ein verði nokkurn tíma lögð til grundvallar fyrir kjördæmaskipuninni. Staðhættir munu altaf verða að ráða miklu.

Ef menn nú reynast ófáanlegir til að fjölga landskjörnum þingmönnum vegna kostnaðaraukans, vil jeg benda á leið, þó að jeg geti búist við, að hún verði talin fjarstæða. Ef þjóðin telur sig ekki hafa ráð á að launa nauðsynlegum þingmönnum sínum, þá er þó ætíð það úrræði, að hinir landskjörnu þingmenn tækju engin laun fyrir starf sitt. Það mundi ekki vanta

menn samt. Síst mundi það verða til þess að bestu mennirnir drægju sig í hlje. Svo mikla trú hefi jeg á ýmsum góðum mönnum, sem jeg þekki. Þetta verður kann ske skoðað sem spaug, en það er líka alvara.

Yfirleitt er jeg mjög óánægður með meðferð þessa máls hjer í þinginu. Jeg er enn óráðinn í því, hvort jeg greiði atkvæði með eða móti frv. úr deildinni. Það hefir flogið fyrir, að sumir þeir þm., sem öflugast hafa barist fyrir 5 ára búsetuskilyrðinu og móti fjölgun þingmanna í Reykjavík og landskjörinna þingmanna, hafi ekki verið eins brennandi í áhuganum undir niðri og út leit fyrir. Þeir hafi þóst sjá hjer leik á borði með að afla sjer kjósendafylgis undir kosningarnar. Þetta má kalla skiljanlegar ástæður, þó hvorki sjeu þær góðar nje gildar. En þess verður maður að krefjast, að menn leiti sjer ekki þjóðhylli á annara kostnað, með því að flytja róg og dylgjur um menn, sem vilja landi sínu og þjóð alveg eins vel og þeir sjálfir. Annars er það hreinasta oftraust á heimsku og þroskaleysi þjóðarinnar að halda, að hægt sje að telja henni trú um, að þeir menn sjeu henni hættulegastir, sem vilja tryggja stjórnarfyrirkomulagið sem best, eins og minni hluti nefndarinnar leitaðist við að gera.

Halldór Steinsson: Það mun hafa litla þýðingu að ræða þetta mál frekar en búið er. Flestir eða allir þm. munu vera búnir að taka ákveðna afstöðu í málinu. En þar sem jeg á brtt. við 29. gr., þá vildi jeg láta fylgja henni nokkrar ástæður. Brtt. mín fer í sömu átt og brtt. nefndarinnar, að öðru leyti en því, að búsetuákvæðinu er breytt. Það er sem sje ætlast til þriggja ára búsetuskilyrðis fyrir kosningarrjetti, en að þann tíma megi lengja með einföldum lögum, ef þörf krefur. Jeg er sannfærður um, að okkur stafar engin hætta af innflutningi útlendinga á næstu tímum Það er því fyllilega tryggilega um búið, að menn bíði þrjú ár eftir kosningarrjetti, einkum þegar tekið er fram, að því megi breyta, sem vitanlega verður þá gert, ef einhver hætta virðist vera á ferðum. Brtt. mín er meðalvegur á milli stjórnarfrv., eins og það var upphaflega, og frv. eins og það nú er úr garði gert, og vonast jeg til, að hún geti orðið til að koma á samkomulagi í þessu ágreiningsmáli.

Jóhannes Jóhannesson: Það kemur nægilega skýrt fram í nál., að meiri hlutinn hefir engan veginn breytt skoðun sinni, og ástæðan til þess, að hann kom ekki fram með brtt. nú, er sú, að meiri hlutinn á þingi hefir lagt svo mikla áherslu á 5 ára búsetuskilyrðið, að engin von er um að fá því þokað. Þetta var meiri hluta nefndarinnar ljóst, og vildi hann því ekki stofna málinu í hættu með því að reyna að koma að brtt. Það er augljóst, að meiri hluti nefndarinnar verður að láta undan fyr eða síðar, og þá er best að gera það strax. En engum þeirra, sem eru sammála meiri hluta nefndarinnar, virðist þetta svo stórvægilegt atriði, að hann vilji til vinna að fella stjórnarskrárfrv. í heild sinni fyrir það.

Af þessum ástæðum kom mjer dálítið á óvart, þegar jeg sá brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.). Jeg hugsaði, að honum væri eins farið og okkur hinum, sem höfum ákveðið að láta þegar undan. Jeg skal ern geta þess, að nefndin hefir tekið skýrt fram, og leggur áherslu á, að hún álítur 5 ára búsetuskilyrðið engan veginn koma í bág við sambandslögin, en við nefndarmenn leggjum mikla áherslu á, að íslenskukunnáttuskilyrðið verði numið burtu. Eins og málið er vaxið, getum við ekki greitt atkv. með brtt. hv. þm. Snæf. (H. St.).

Frsm. (Karl Einarsson): Hv. þm. Ak. (M. K.) hafði sitthvað að segja um 26. gr., og mintist á, að ekki hafði fengist samkomulag í samvinnunefndinni um

mikilsverð ákvæði í þeirri grein. Jeg skal játa það, að hver höndin var upp á móti annari, þegar um breytingu á 26. gr. var að ræða. Og greinin ber það með sjer, eins og hún nú er, að menn hafa viljað láta tölu þingmanna óútkljáða á þessu þingi. Atkvæðagreiðslan í hv. Nd. sýndi og, að ekki er árennilegt að fá nokkuð ákveðið fram á þessu þingi um þetta.

Hv. þm. (M. K.) talaði nokkur falleg orð um ágæti landskjörinna þingmanna. Hann kvað þá yfirleitt vera starfshæfa og þjóðkunna menn, sem komnir eru til vits og ára. Hjer höfum við 6 landskjörna þm., sem allir hafa auðvitað þessa eiginleika; jeg skal ekki draga það í efa. En jeg geri ráð fyrir, að sumir af okkur hinum þykist líka hafa einhverja af þessum ágætu eiginleikum, og að það megi gera ráð fyrir, að svo verði framvegis. Það er samt ekki einskisvert að hafa flokk sex fastra manna, sem stundum gætu haldið aftur af nýjum mönnum og athugað mál þeirra grandgæfilega.

Hv. þm. AK. (M. K.) gat þess, að komið hefði fram í samvinnunefndinni, að best væri að hafa enga landskjörna þm. Það kann að vera, að þessi skoðun hafi komið fram hjá einum manni, en eins og hv. þm. (M. K.) sagði, voru skoðanirnar um þessa grein jafnmargar mönnunum. Um mig get jeg sagt það, að jeg vildi gjarnan fjölga landskjörnum þm., en jeg ræð ekki nema mínu atkvæði, og því er fullsjeð, að á þessu þingi verður ekki hægt að koma fram neinu ákveðnu um þingmannafjölda Það verður að bíða næstu þinga.

Tillaga hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) og hv. þm. Ak. (M. K.), á þgskj. 771, er óheppileg, vegna þess meðal annars, að samkvæmt henni er ekki að eins hægt að fjölga þingmönnum, heldur og að fækka þeim. En fækkun þingmanna væri mjög óheppileg, eftir skoðun hv. þm. Ak. (M. K.) sjálfs. Ef nefnd væri í till. ákveðin tala þingmanna, mundi jeg ef til vill hafa getað fylgt henni, en í þessu formi er hún óaðgengileg.

Hv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að það gengi hneyksli næst, að þetta stóra bákn væri sett af stað, landskosningarnar, til að kjósa eina þrjá menn. En samkvæmt þessum reglum eru kosnir 6 menn af 14 í efri deild, og það álít jeg hreint ekki vera lítið. Það er alt að því helmingur annarar deildarinnar.

Jeg hefi ekki heyrt haldið fram, að menn hafi komið sjer saman um að fjölga þingmönnum; heldur hefi jeg ekki heyrt, að kaup þingmanna sje almennt talin ölmusa; hefir það helst komið til orða hjá hv. þm. sjálfum, og hugsanlegt er, að einhver blaðamaður hafi slegið því fram, til þess að slá um sig. Þá er auðvitað sú leiðin til, að gjalda þingmönnum ekkert kaup. En mjög eru skiftar skoðanir um hversu heppilegt það sje.

Þá talaði hv. þm. Ak. (M. K.) um 29. gr. og sagði, að þar væri deilan að eins um formsatriði. Verð jeg að lýsa yfir, að jeg get ekki fallist á þann skilning. Er jeg sammála meiri hluta nefndarinnar um, að það hafi mikla þýðingu. Getur og hver maður sjeð, að það er ekki eingöngu formsatriði, að dómari og tvö vitni eigi að vera viðstaddir. Mjer finst heldur ekki formsatriði, hvort það er hverju þingi í sjálfsvald sett að taka atkvæðisrjettinn af heilum flokki manna, að hvert þing geti með einföldum lögum breytt búsetuskilyrðinu. Jeg álít, að það geti orðið beinlínis hættulegt, að þingið geti þannig hringlað með kosningarrjettinn. (*M. K.*: Ótrú á framtíð landsins). Það er ekki ótrú á framtíð landsis, en við álítum, að svo stórt mál þurfi rækilegan undirbúning, þann undirbúning, sem stjórnarskrárbreyting gefur. Hver einstakur maður á ekki að vera háður geðþótta hvers þings í þessu efni.

Hv. þm. Ak. (M. K.) þótti undarlegt,

að nefndin hefði ekki getað komið sjer saman. En mjer finst ekki tiltökumál, þó nefndin hafi skifst í þessu máli eins og það kom fram. Þá hjelt sami hv. þm. því fram, að meiri hluti nefndarinnar væri að reyna að vinna sjer þjóðhylli með framkomu sinni. Verð jeg að lýsa yfir, að dylgjur um slíkt eru á engum rökum bygðar. Að lokum skal jeg taka fram, að jeg er á sömu skoðun og áður, um að þetta atriði eigi að standa í stjórnarskránni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni í þessu máli. Hæstv. forsætisráðherra skýrði frá því, er þetta mál kom fram í hv. Nd., að jeg hefði alveg óbundnar hendur í því.

Þegar jeg fór til Kaupmannahafnar, var farið að ræða þetta mál í stjórninni, en það var ekki til lykta leitt. Jeg hjelt fram 5 ára búsetu, en bjóst við, er jeg fór utan, að 2 ár yrðu ofan á hjá meiri hluta stjórnarinnar, en það varð þó eigi. Leit jeg að vísu svo á, að þetta væri ákaflega mikilvægt atriði, en jeg vildi þó ekki af þeirri ástæðu beiðast lausnar, því jeg bjóst við, að þetta mundi lagfærast á þinginu, og virðast mjer nú allar horfur á, að sú spá muni rætast.

Jeg lít svo á, að kosningarrjetturinn sje svo þýðingarmikill fyrir þjóðfjelagið, að það verði að búa sem allra best um hann. Það er rjetturinn til að ráða yfir landinu, og þess vegna eiga landsins börn að njóta hans, eða þeir, sem hafa búið svo lengi í landinu, að ætla megi, að þeir hafi fengið hlýtt þel til landsins og skilji, hvað landinu er fyrir bestu.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara ítarlegar út í þetta efni nú, því mjer hefir skilist á nefndarálitinu, að meiningin sje að halda 5 ára búsetuskilyrðinu áfram. Skilst mjer, að þeir, sem hjeldu fram styttri tíma, hafi beygt sig, og sje jeg því ekki ástæðu til að halda umræðum um það efni uppi. En fyrir mjer vakti ekki nema 5 ára búsetan. Ef það skilyrði er fastákveðið, get jeg felt mig við, að skilyrðið um kunnáttu í íslenskri tungu falli burt. Jeg verð að játa, að jeg kann illa við, að með sjerstökum lögum megi ákveða fleiri skilyrði fyrir kosningarrjetti, eins og hv. minni hluti samvinnunefndar lagði til. Finst mjer best við eigandi, að kosningarrjetturinn sje fastákveðinn í stjórnarskránni og að honum verði eigi breytt nema með stjórnarskrárbreytingu.

Hv. þm. Ak. (M. K.) þarf varla að svara. Hann gaf í skyn, að þessu væri haldið fram af mönnum, sem vildu afla sjer fylgis við næstu kosningar. Jeg hygg, að þetta sje stórkostlegur misskilningur. Þetta mál er svo stórt og þýðingarmikið, að jeg geri engum manni þær getsakir, að hann reyni að nota það til að afla sjer fylgis við kosningar.

Jeg þykist vita, að meiri hluti hv. þm. sje með 5 ára búsetunni af fylstu sannfæringu, af því þeir telja framtíð landsins best borgið með því móti.

Þá ætla jeg að minnast á brtt. 771. Mjer hefir skilist, að ef hún yrði samþykt, mætti gera hvora deild eins sterka eða veika og vera vildi með einföldum lögum. Þannig mætti breyta algerlega skipun þingsins og þungamiðju þess. Finst mjer það t.d., hvort háttv. Ed. er sterk eða veik, vera grundvallaratriði, sem ekki megi breyta með einföldum lögum. Hvað snertir hina landskjörnu þingmenn, skal jeg geta þess, að um þá hafa verið mjög deildar meiningar. Þegar núgildandi stjórnarskrá var á döfinni, var mikið um þá rætt, en ofan á varð þó, að þeir skyldu vera 6. Menn báru kvíðboga fyrir, að of mikið íhald mundi verða í Ed. ef allir þingmenn hennar væru landskjörnir.

Af dæmum annara þjóða má sjá, að varasamt er að hafa efri málstofuna of sterka. — Get jeg tekið til dæmis frændþjóð vora

Dani. Þar hefir þetta fyrirkomulag, eins og mönnum er kunnugt, reynst mjög illa nú á þessu síðasta ári. — Jeg álít því ekki rjett að hafa landskjörna þingmenn í meiri hluta í þessari deild.

Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að mjer virðist óvarlegt að gera stjórnarskrána svo úr garði, að það megi breyta flestum atriðum hennar með einföldum lögum. Jeg heyri sagt, að brtt. 796 sje tekin aftur við þessa umr., en jeg ætla þó að benda á, að reynslan hefir sýnt síðustu árin — mig minnir frá 1911 — að altaf hefir verið nauðsyn að halda þing á hverju ári. *Yfirleitt eru nú orðin svo mörg og stór mál*, sem fyrir liggja, að það veitir alls eigi af, að þing komi saman hvert ár. — Á þeim árum, sem þing ekki kemur saman, er stjórnin og nokkuð einráð. Hygg jeg, að yfirleitt muni reynast heppilegra, að þingið hafi hönd í bagga með henni. — Jeg vona því, að þessi brtt. verði feld, ef hún kemur aftur fram.

Jeg hefi nú gert grein fyrir afstöðu minni og læt þar við sitja að sinni.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram nokkrar brtt., á þgskj. 784. Jeg mun samt eigi tala langt um þær, því að háttv. frsm. (K. E.) hefir staðfest, að þær sjeu eingöngu orðabreytingar, og mælt með þeim. Jeg verð að eins að gera athugasemd við síðustu málsgrein 41. gr. Þar er síðasta orðið „því", en ef brtt. mín við 41. gr. nær fram að ganga, á þar að standa „þeim". *Jeg skal ekki tala meira um brtt. mínar*, en legg þær undir dóm háttv. deildarmanna.

Mjer finst liggja í augum uppi, hvernig um þetta mál muni fara hjer í háttv. deild. Um 29. gr. er ekki ástæða að fjölyrða, þar eð háttv. frsm. (K. E.) hefir gefið greinilega og — mjer liggur við að segja — drengilega yfirlýsingu um afstöðu nefndarinnar til hennar. — En það er eitt atriði, sem jeg vildi spyrja háttv. nefnd um. Mjer er eigi ljóst, hvernig hún hefir hugsað sjer að tryggja Reykjavík rjettindi til að fá fleiri þingmenn. Sá rjettur er ómótmælanlegur og viðurkendur af öllum. Sömuleiðis hefir Hafnarfjörður gert kröfu til að fá sjerstakan þingmann, sem hann einnig á fullan rjett á eftir mannfjölda. Þennan hnút hefði mátt leysa með því að afnema landskjörnu þingmennina og láta Reykjavík og Hafnarfjörð fá sína þingmenn í þeirra stað. — Háttv. þm. Ak. (M. K.) taldi víst, að það fyrirkomulag hefði ekki fylgi þjóðarinnar. Jeg skal taka fram, að sú ástæða hefir eigi aftrað mjer frá að bera slíka tillögu fram. Fór jeg til þings með áskorun frá kjósendum mínum um að bera fram slíka tillögu, en jeg hefi þó ekki gert það vegna þess, að jeg hefi heyrt á háttv. þm. mörgum, að það muni ekki vera til neins. Jeg verð að játa, að jeg get ekki sjeð, hvernig á að ráða fram úr þessu máli, eftir því sem 26. gr. er orðuð. Allir verða hygg jeg og að játa, að þingmönnum þurfi nauðsynlega að fjölga.

Háttv. Ed. er vanskipuð eins og er. Þegar ráðherrar eiga þar sæti tveir, eins og nú, er ekki hægt að framfylgja þingsköpum vegna þess, að ekki eru nógu margir til að fullskipa nefndir, svo löglegt sje. En ef svo færi, að þeir yrðu 3, eins og ekki er ómögulegt að fyrir gæti komið, yrðu alger vandræði að skipa nefndir í deildinni. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, en jeg hygg, að brtt. á þgskj. 771 ráði ekki á neinn viðunanlegan hátt úr þessu.

Ef það þýðir, að landskjörnum þm. megi með einföldum lögum fjölga eða fækka eftir geðþótta, tel jeg varhugavert, að gengið sje inn á þá braut.

Má segja, að setningin sje þá jafnvíg á báðar hendur, þannig, að eitt þing gæti afnumið landskjörna þm., en annað svo fjölgað þeim um helming. Tel jeg þingskipunina svo mikilsvert atriði, að ekki megi breyta

henni svo mjög í fljótræði, og ef til vill að þjóðinni fornspurðri.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um málið, en vildi hreyfa þessu til þess, að hv. þingdm. ljetu í ljós hvernig þeim líst að ráða fram úr þessum vanda.

Sigurjón Friðjónsson: Hv. frsm. (K. E.) vildi halda því fram, að fastákveðið væri í 3. mgr. 26. gr. frv., að landskjörnum þm. mætti ekki fjölga fram yfir 6, nema stjórnarskrárbreyting kæmi til. En þar er á sama hátt ákveðið, að kjördæmakosnir þm. skuli vera 34 að tölu. — Nú eru menn sammála um það, að tölu kjördæmakosinna þm megi breyta með einföldum lögum, og sje jeg þá ekki betur en að sama hljóti að gilda um landsk. þm., eftir orðalagi greinarinnar.

Jeg skal ekki fara frekari orðum um gr. þessa. Jeg lít svo á, að hún sje illa úr garði gerð, og kenni það frekar meiri en minni hluta samvinnunefndarinnar.

Viðvíkjandi fyrirspurn háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), um kröfu Reykjavíkur að hafa fleiri þm., skal jeg benda á, að í nefndinni voru sett inn í frv. ákvæði um það, að ef þm. fyrir Reykjavík væri fjölgað, skuli þeir kosnir hlutbundinni kosningu. Var þetta gert með það fyrir augum og til þess að greiða því götu, að þm. fyrir Reykjavík verði bráðlega fjölgað, sem ekki þótti heppilegt nema með þessu skilyrði. Annars hefi jeg ekki ætlað mjer að fara langt út í mál þetta, þar sem það hefir verið mikið rætt og þá sjerstaklega í nefndinni.

En það var aðallega vegna brtt. á þgskj. 783, að jeg bað um orðið.

Öllum má vera kunnugt, eftir það, sem á undan er farið, að jeg tel hana til bóta. En meiri hl. nefndarinnar í þessari hv. deild, sem er minni hluti samvinnunefndarinnar, áleit ekki rjett að koma með brtt. í þessa átt, af þeirri ástæðu, að hann taldi sjálfgefið, að hún yrði tekin út í háttv. Nd., og kynni þá að fara svo, að því fylgdu meiri breytingar til hins verra, og væri þá ver farið en heima setið.

Viðvíkjandi ræðu háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) um það, að við nefndarmenn höfum bundið okkur í nál. til að greiða ekki atkv. með þessari brtt., er það að segja, að jeg álít, að við höfum bundið okkur til að koma ekki með fleiri brtt. sjálfir en þær, sem nál. fylgja, en eigum hins vegar óbundin atkv. um þær brtt., sem fram hafa komið frá öðrum háttv. þm., og eins um hitt, hvort við greiðum atkvæði með stjórnarskránni út úr þinginu eða ekki.

En þó tel jeg rjettara, að háttv. þm. Snæf. (H. St.) vildi taka brtt. sína aftur, þar sem jeg hygg, að hún geti ekki orðið málinu að gagni, eins og þingið er skipað.

Halldór Steinsson: Það er vegna áskorana um að taka aftur brtt. þá, er jeg hefi flutt, að jeg er neyddur til að standa upp.

Háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) sagði, að sjer hefði komið óvart, að jeg skyldi koma fram með þessa brtt. Mjer kom óvart, að hann skyldi segja þetta, þar sem jeg vissi ekki betur en að honum væri kunn skoðun mín á þessu máli. — Hjer á þinginu hafa komið fram tvær stefnur, önnur sú, að krefjast 5 ára búsetu sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, en hin á þá leið, að krafist væri 2 eða 3 ára búsetu, en að jafnframt væri gefin heimild til að hækka áratöluna í kosningalögunum. Þessar tvær stefnur komu glögt fram í háttv. Nd., en ef Ed. samþykkir frv. í e. hlj., yrði það ekki rjettur spegill af vilja þeirra þm., er hana skipa.

Að vísu hafa 3 hv. þingdeildarmenn gert grein fyrir því í nál., hvers vegna þeir hafi ekki komið fram með brtt. um þetta atriði, en ef brtt. kemur ekki til atkvæða, sjest hvergi, hvernig við hinir lítum á málið.

Það er því svo langt frá því, að jeg vilji taka þessa brtt. aftur. — Þvert á móti held

jeg henni fast fram, og vil biðja hæstv. forseta um að hafa nafnakall um hana, þegar til kemur.

Magnús Kristjánsson: Umræður um mál þetta hafa verið mjög hóflegar, eins og vera ber. Það er því ekki mikil ástæða fyrir mig að taka til máls, sjerstaklega þar sem mjög lítið hefir fram komið, er fer í bág við það, sem jeg hjelt fram í fyrri ræðu minni.

Þó virðist mjer, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hafi ekki skilið til hlítar afstöðu nefndarinnar hjer í deildinni. Virðist hann ganga út frá því, að í henni hafi orðið algert samkomulag, og það með ljúfu geði af hálfu okkar, sem vorum í minni hluta samvinnunefndarinnar. — En samkomulag getur það ekki kallast, þó að tilgangslaust hafi verið fyrir okkur að berja höfðinu við steininn, þar sem fyrirsjáanlegt var, að okkar málstaður, þótt betri væri, yrði gersamlega fyrir borð borinn. — Jeg get ekki kallað það samkomulag, þó við svo búið hafi verið látið standa af okkar hálfu, þar sem það hefði orðið stjórnarskránni að falli, ef við hefðum haldið fast við okkar málstað. Og ef ekki hefði staðið sjerstaklega á, myndi jeg ekki hafa skoðað huga minn um að greiða atkvæði móti frv. En nú stendur svo á, að mjög er erfitt um samkomulag hjer á þingi, vegna reipdráttar mismunandi flokksbrota, og er því óhjákvæmilega nauðsynlegt að flýta sem mest fyrir nýjum kosningum.

Þá mintist hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) á það, og ræða hans gekk aðallega í þá átt, að varla væri verjandi, að nokkur ákvæði, er snertu kosningarrjett manna, væru tekin fram í sjerstökum lögum. En jeg álít, að þetta sje ástæðulaust. Þeir, sem halda þessu fram, hafa nokkurskonar ótrú á framtíðinni og þeim mönnum, sem fara með mál þjóðarinnar eftir okkur, en jeg lít svo á, að þeim sje eins vel treystandi og okkur til þess að hafa vakandi auga á velferð þjóðarinnar og breyta kosningarskilyrðunum eftir því, sem við á á hverjum tíma.

Hætv. fjármálaráðh. (S. E.) komst svo að orði, að hans skoðanabræður teldu sig vera að vinna í þá átt, að sjá hag landsins betur borgið. — Verður ekki annað lagt í þau orð en að hag landsins hefði verið laklega borgið, ef stefna minni hluta samvinnunefndarinnar hefði orðið ofan á í málinu. — Get jeg ekki annað sjeð en að í þessu felist, vægast sagt, svæsin aðdróttun um minni hluta samvinnunefndarinnar, aðdróttun, sem er ómakleg og ósamboðin ráðherra að bera fram að ástæðulausu.

Ætla jeg ekki að dvelja lengur við þetta, enda má það kallast útkljáð mál, þar sem jeg og skoðanabræður mínir höfum orðið að beygja okkur nauðugir. En þeir tímar kunna að koma, að hægt verði að ráða bót á þessu.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á brtt. okkar hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) við 26. gr., á þgskj. 771. Hún er komin fram í fullu samræmi við skoðun okkar í nefndinni um það, að brýn nauðsyn beri til að fjölga bæði landskjörnum og kjördæmakjörnum þingmönnum, sjerstaklega með tilliti til Reykjavíkur.

Þessi skoðun fjekk ekki meiri hluta í samvinnunefndinni, og ekki bljes heldur byrlega fyrir henni í hv. Nd., þar sem sú deild vildi heldur sætta sig við, að Reykjavík búi áfram við það misrjetti, sem nú á sjer stað.

Þó að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) og háttv. frsm. (K. E.) hafi lagst mjög á móti tillögunni, vona jeg, að hv. deild sjái, að hún er til bóta, og leysi þá hnúta, sem ekki eru nema að nokkru leystir með ákvæðinu: „breyta má þessu með lögum", þar sem það nær að eins til kjördæmakosinna þingmanna. Jeg álít, að það, að brtt. þessi verði samþykt, geti aldrei orðið til skaða; en innan skamms mun það talið velviðeigandi.

Jeg skildi ekki, við hvað hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) átti, þegar hann hjelt því fram, að óheppilegt væri, að tölu landskjörinna þm. væri breytt, þar sem það hefði glundroða á deildarskipununum í för með sjer. — Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hlýtur þó að sjá, að sami glundroðinn hlýtur að eiga sjer stað, þegar heimildin til að fjölga kjördæmakosnum þm. með einföldum lögum verður notuð.

Jeg vildi beina þeirri spurningu til hæstv. fjármálaráðh. (S. E), hvort honum hafi verið fullkomlega alvara, er hann sagði, að reynslan hefði sýnt, að varhugavert væri, að önnur þingdeildin væri skipuð mönnum, er kosnir væru á sjerstakan hátt. Hann sagði í því sambandi, að það hefði sýnt sig, bæði í Danmörku og á Englandi, að sú hefði orðið raunin á. — Hefir það sennilega átt að sýna, að slíkt gæti einnig komið fyrir hjer. En þetta er alls ekki sambærilegt. Þar er deildaskipunin bygð á æfagömlu og úreltu fyrirkomulagi. — Á Englandi eru t. d. tilnefndir menn í efri málstofuna, sem þjóðin sjálf hefir mjög lítil áhrif á, hverjir eru kjörnir. En hjer á landi er það þjóðin sjálf, sem tilnefnir mennina, og má ganga út frá því vísu, að ekki verði valdir aðrir menn en þeir, sem þjóðin ber mest traust til og byggir frekustu og fegurstu framtíðarvonir sínar á. Þess vegna verð jeg gersamlega að mótmæla því, að aukning landskjörinna þingmanna geti haft nokkur slík áhrif hjer á landi. Annars hygg jeg, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hafi ekki sagt þetta í alvöru, en slegið því fram í því trausti, að þm. hafi ekki gert sjer grein fyrir þessu.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) gat þess, að með fjölgun landskjörinna þingmanna myndi skapast íhald, og taldi hann það hættulegt. En jeg álít, að þó að reynt sje að gera það orð illa þokkað hjá almenningi, muni það ekki hafa haft tilætlaða verkun hjá öðrum en þeim, sem síst eru færir um að leggja dóm á landsmál.

Jafnvel þó þessi deild gæti í bili tafið eitthvert stórmál, sem kemur frá Nd., sje jeg ekki, að neitt sje að óttast, því jeg treysti því, að hvert gott málefni sem er muni ekki verða látið niður falla, heldur borið fram til sigurs, þegar það hefir verið nægilega athugað, en gönuskeiðin — mjer liggur við að segja galgopapólitíkin — í stóru málunum gæti leitt til þess, að stigin yrðu þau óheillaspor, sem seint eða aldrei yrði fyrir bætt, því ef unggæðingsskapurinn einn rjeði lögum og lofum í landinu, gæti afleiðingin orðið sú, að þjóðin yrði leidd út á glapstigu, sem hún umfram alt ætti að varast.

Býst jeg nú við, að hv. þm. sjái, hvað vakir fyrir þeim, er fjölga vilja landskjörnum þm., og það jafnvel svo, að þeir skipi meiri hl. í þessari deild. Því með stórauknum kosningarrjetti geta komið inn í Nd., margir hugsjónamenn með brennandi áhuga, sem vilja vinna stórvirki á skömmum tíma. — Getur það verið gott, en slík mál þurfa að grannskoðast, og gæti þá verið gott, að hin deildin væri þannig skipuð, að þau yrðu vel og vandlega athuguð áður þeim væri til lykta ráðið.

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttv. þm. Ak. (M. K.) færði fram máli sínu til stuðnings — að því er mjer skilst — að erfitt myndi að leiðrjetta misrjetti það, er Reykjavík hefir orðið fyrir, að því er þingmannatölu snertir, ef brtt. hans og hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) yrði ekki samþ. Hv. þm. (M. K.) getur ekki verið alvara, þar sem einmitt er gert ráð fyrir, að tölu þm. megi breyta með einföldum lögum. (*M. K.*: Þetta er útúrsnúningur, sem jeg skal leiðrjetta seinna). Jeg vildi helst að háttv. þm. leiðrjetti strax, ef um misskilning er að ræða af minni hálfu.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að deildar-

skipunin breyttist jafnt hvort landsk. þm. yrði fjölgað eða ekki, ef notuð væri heimild 26. gr. til að auka tölu kjördæmakjörinna þm. með einföldum lögum. Þetta er ekki rjett, því meðan tala landskjörinna þm. í Ed. er fastskorðuð er ekki hægt að gerbreyta eins deildaskipuninni og ef einnig mætti breyta tölu þeirra með einföldum lögum, eins og brtt. fer fram á.

Þá kemur aðalatriðið. Mjer skildist það hneyksla háttv. þm. (M. K.), að jeg játaði, að með aukinni tölu landskjörinna þm. gæti skapast íhald, sem orðið gæti hættulegt.

Háttv. þm. má þó vera kunnugt um það, að í baráttunni, sem háð var út af núgildandi stjórnarskrá, var það talin aðalástæðan móti landskjörnum þm., að of mikið íhald mundi skapast, og að erfitt mundi verða að ráða við Ed. af þeim orsökum. Sú millileið var farin, að hafa landskjörna þingmenn ekki í meiri hluta í deildinni, því talin var hætta á, að örðugleikarnir, sem komið höfðu fram annarsstaðar vegna íhalds efri málstofunnar, t. d. í Danmörku, gæti einnig átt sjer stað hjer.

Við skulum taka dæmi. Ef samþykt verður að hafa kjörtímabil landskjörnu þm. 8 ár, gæti svo farið, að mál, sem hvað eftir annað væru samþykt í Nd., og það jafnvel með mjög miklum meiri hluta, gætu ekki náð fram að ganga vegna mótstöðu Ed. Og þó þingið væri rofið hvað eftir annað, og vilji þjóðarinnar kæmi skýlaust í ljós, gagnaði það ekkert vegna þess, að þingrof nær ekki til landskjörinna þm.

Og svo skulum við halda lengra. Nú gæti verið, að þingið vildi breyta stjórnarskránni, til þess að koma í veg fyrir þetta, en það myndi einnig stranda á sama skerinu, ef landskjörnir þm. stæðu á móti.

Hitt er annað mál, að nokkurt íhald sje í þessari deild, en til þess tel jeg nægilegt, að hún sje skipuð eins og hún er nú. Þar með er engan veginn sagt, að landskjörnir þingmenn sjeu altaf íhaldssamari en aðrir þingmenn, en eftir öllum atvikum eru meiri líkur til þess.

Þykist jeg þá hafa fært rök fyrir máli mínu, enda reynsla annara þjóða mín megin í þessu efni.

Um búsetuna skal jeg taka undir það með hv. þm. Ak. (M. K.), að fyrirsjeð er, hvernig henni verður ráðið til lykta, og er því engin þörf að ræða það atriði frekar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg stend að eins upp til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu, með því að jeg á enga brtt. við frv.

Um brtt. á þgskj. 783 skal jeg láta þess getið, að jeg er samþykkur henni, og hefi jeg áður látið þá skoðun mína í ljós, þótt ekki væri á þingfundi.

Um brtt. nefndarinnar skal jeg geta þess, að jeg er þeim svo samþykkur, að ef þær næðu ekki fram að ganga, myndi jeg ekki hika við að greiða atkv. móti stjórnarskránni.

Það er helst brtt. á þgskj. 771, sem mjer þykir ástæða til að fara nokkrum orðum um. 26. gr. stjórnarskrárinnar er sú grein hennar, sem jeg hefði helst haft löngun til að breytt yrði, þótt ekki hafi jeg komið fram með brtt. við hana, enda ota Nd.-menn því óspart fram, að gagnslaust sje að breyta stjórnarskránni hjer, Ed. verði að segja já og amen við henni.

Jeg skal nú játa það, að það er ekki gott eða heppilegt, að stjórnarskrárbreytingar sjeu tíðar; en þó er þetta frv. svo úr garði gert, að það getur ekki staðið lengi sem lög, og er illa farið að breyta um stjórnarskrárákvæði eins og menn hafa skóskifti, en 26. gr. frv. er svo, að ekki verður hjá því komist að breyta innan skamms. Frá mínu sjónarmiði hefir brtt. á þgskj. 771 að geyma þann eina veg, sem er til þess að girða fyrir þetta, jafnvel þótt jeg telji alt að því óviðurkvæmilegt að leyfa slíka breyting sem þingmannaskipun með einföldum lögum. Jeg lít svo á, sem rjettast hefði verið, að

þingið hefði nú þegar útkljáð í stjórnarskránni sjálfri það atriði, sem enga bið þolir, sem sje fjölgun þingmanna. Það er næstum óhugsanlegt, að þingið sýni það kæruleysi, að verða ekki við hinni rjettmætu kröfu um fjölgun þingmanna í Reykjavík. Þetta misrjetti, sem Reykjavík er beitt, er hreinasta hneisa, og mætti ekki minna vera en hjer væri heimiluð fjölgun um helming. Jeg er einnig á því, að átt hefði að fjölga landskjörnum þingmönnum, en ekki með einföldum lögum. Í sambandi við þetta stendur það, að ef fjölgað yrði þingmönnum, þá þyrfti og að athuga skipun deildanna. Ef fjölgað yrði um 4, væri rangt að hafa þá alla í Nd. Þegar svo er ástatt sem nú, að meiri hluti ráðherranna á sæti í Ed., þá er sú deild ekki fullskipuð, og í rauninni ekki hægt að fullnægja þingsköpunum með þeirri tölu, sem nú er. Millivegur væri sá, að leiða Reykjavík af — því að meira er það ekki — með 2 þingmönnum og fjölga landskjörnum þingmönnum um tvo eða setja tölu þingmanna 44. Jeg er hissa á því, að uppástunga skuli ekki hafa komið fram í þá átt.

En þá er það þessi hræðsla við íhaldið, sem hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) gat um. Jeg fæ með engu móti sjeð, að óttast þurfi, að Ed. verði nokkuð íhaldssamari, ef um verulega skynsamleg mál er að ræða. Ef öll Ed. væri landskjörin, sem jeg er nú helst á, þá mundi hún ekki drepa nauðsynleg mál, sem Nd. vill koma fram; það er ómögulegt að hugsa sjer. Ef svo væri, að öll deildin væri svo forstokkuð, þá er áreiðanlegt, að eitthvað væri bogið við þau mál. Ella myndi þjóðin láta fljótt til sín heyra, svo að Ed. yrði ekki vært lengi.

Annars eru það skrítnar skoðanir, sem koma fram hjá mönnum um þá stefnu, sem menn kalla íhald eða afturhald. Margir telja, að menn verði miklu íhaldssamari þegar þeir verða gamlir. Þessari skoðun verð jeg algerlega að mótmæla. Af eiginni reynslu get jeg ekki fundið annað, er jeg prófa mig, en að jeg sje miklu meiri framsóknarmaður eftir að jeg varð gamall en á meðan jeg var ungur. Jeg hefi heyrt það utan að mjer, að jeg hafi verið talinn mesti berserkur og vígamaður fyr meir. En þetta get jeg ekki samþykt. Við það að rannsaka mig og framkomu mína sje jeg, að jeg hefi fyr meir verið íhaldssamur; t. d. get jeg nefnt það, að þegar járnbrautarmálinu var hjer fyrst hreyft, þá gerði jeg mitt til þess að drepa það; sömuleiðis spyrnti jeg þá af alefli móti akvegum. En nú er jeg á þeirri skoðun, að járnbrautir, akvegir og yfirleitt bættar samgöngur sjeu hið verulegasta skilyrði fyrir sönnum framförum. Þessi reynsla sýnir það, að menn verða framsóknarmenn með aldrinum, þótt verið hafi íhaldsmenn ungir. Vjer höfum og dæmin fyrir oss í hv. Nd.; sumir hinna yngri manna, sem þar láta hæst, eru alt annað en framsóknarmenn.

Nei, jeg hygg það vel ráðið að fjölga landskjörnum þingmönnum, af því að þeir eru fulltrúar þjóðarinnar í heild sinni, og væri þá hentast, að þeir væru kosnir allir í einu, svo þjóðin væri ekki að óþörfu ónáðuð með tíðum kosningum.

Í sambandi við þetta vil jeg hreyfa einu atriði, sem mjer þætti fróðlegt að vita, hvernig háttv. nefnd lítur á; jeg á við landskjörna varaþingmenn. Það er nú svo, að landskjörið fer fram á listum eftir flokkum, og er talið víst, að þeir, sem fremstir eru, sjeu vissir, þótt mönnum lærist æ betur og betur að snúa þeim við, enda er það heimilt. Nú gefur maður kost á sjer á slíkum lista, en úrslitin verða þau, að hann verður varamaður. Það er ósanngjarnt að halda þeim manni í dýflissu, svo að hann megi ekki gefa kost á sjer í einstöku kjördæmi. Vjer þekkjum það allir, að maður, sem ekki náði kosningu sem landskjörinn, náði þó kosningu í kjördæmi. Það þykir mjer þó mjög óeðlilegt, að maður, sem þjóðin vill ekki hafa að fulltrúa sínum, jafnvel ekki í varamannssæti, skuli mega

verða þingmaður, en hinn, sem hún treystir svo, að hún vill hafa hann að varamanni, skuli ekki mega verða í kjöri í kjördæmi. Þetta þætti mjer gott að nefndin athugaði, og fleiri atriði í sambandi við landskjörið, eins og t. d. það, hversu fara skuli um það, ef landskjörinn þm. segir af sjer og enginn varamaður er til á hans lista, svo að ef til vill komist að varamaður af lista andstæðs flokks. Þetta og fleira er athugavert í þessu sambandi.

En þótt jeg helst vildi í sjálfri stjórnarskránni nú þegar færa upp tölu þingmanna í þá átt, sem jeg nú hefi nefnt, þá verð jeg samt, með því að engin tillaga liggur fyrir í þessa átt, að vera með till. á þgskj. 771, jafnvel þótt jeg telji hana ekki heppilega að forminu til.

Magnús Torfason: Það, sem jeg vildi segja, eru að eins nokkrar athuganir um 26. gr., með því að þræta hefir orðið um, hvernig beri að skilja hana. Það hefir verið föst trúarsetning, að tölu landskjörinna þingmanna væri ekki hægt að breyta nema með stjórnarskrárbreytingu. Það er fyrst nú nýlega, að menn hafa athugað þetta gjör. Var eðlilegt, að menn litu svo á, að eigi væri hægt að breyta þessu nema með stjórnarskrárbreytingu, því þessir háttv. þm. voru skarðfyllar konungkjörnu þm., og því gengið út frá því, að tala þeirra væri jafnóhagganleg og hinna konungkjörnu. En við vitum það, að skoðanir manna breytast með ári hverju, og það, sem hefir verið óskeikul trúarsetning manna í þúsundir ára, það getur verið rifið niður á svipstundu. Við höfum sjeð þessa dæmin síðustu árin, og því er ekki að furða þótt efasemdir rísi um þennan gamla skilning á greininni.

Ef greinin er athuguð nánar, þá er í fyrstu málsgrein tekið fram, að á þingi skuli sitja 40 *þjóðkjörnir* þingmenn, og að því megi breyta með lögum. Það mun nú enginn vilja neita því, að landskjörnir þingmenn sjeu hjer taldir með. Í 3. málsgrein er sagt, að kjördæmakosnir þingmenn skuli vera 34, en landskosnir þingmenn 6. og þar stendur ekki, að því megi breyta með lögum. Nú eru allir samdóma um, að breyta megi tölunni 34. En jeg get ekki sjeð nein merki þess af orðalagi greinarinnar, að hún banni fremur að breyta tölunni 6 en tölunni 34, og það liggur í báðum greinunum, að þær eru miðaðar við töluna 40.

Þessi grein bannar heldur ekki, að landskjörnir þingmenn sjeu fleiri en 6.

Því ef svo hefði átt að vera, hefði greinin átt að vera orðuð á þann veg, að 6 þingmenn væru kosnir með hlutbundnum kosningum, en *hinir* í sjerstökum kjördæmum. Þá hefði greinin verið skýrt og skorinort orðuð, og ekki um neitt að villast.

Í þessari grein er enn ein tala, sem ekki er sagt að megi breyta með einföldum lögum. Sameinað Alþingi á að kjósa 8 menn til efri deildar, en það hlýtur að vera meiningin, að það megi breyta þessu með einföldum lögum. Það má vel hugsa sjer, að 16 þingmenn eigi sæti í efri deild, eins og till. hefir komið fram um, og þá hlyti að þurfa að kjósa 10 þingmenn til efri deildar. Þessi málsgrein hefði annars átt að vera eins orðuð og jeg tók áðan fram um tölu kjördæma- og landskjörinna þingmanna.

Jeg benti á það áðan, að það hefir verið trúarsetning, að eigi mætti breyta tölu landskjörinna þingmanna nema með stjórnarskrárbreytingu, en það er skrítið að skoða allar tölur í greininni breytilegar nema þessa. (*K. E.*: Þær eru bara afleiðing). Það má eins segja hið sama um töluna 6, að hún sje bara afleiðing. Að því er þetta snertir, gæti því verið hætta á, að hvert þing, sem vildi fjölga landskjörnum þingmönnum, teldi sig hafa fulla heimild til þess. Mjer finst því rjettast, að þessi grein væri tekin til nánari athugunar af nefndinni og að flutningsmenn geymdu þrtt. sína um hana til 3. umr. Þingið getur

tæplega verið þekt fyrir að skilja svo við þessa grein, er fjallar um svo mikilvægt atriði, að það orki mjög tvímælis, hvernig hún á að skiljast, því vitanlega var tilætlunin, að tölu landskjörinna þm. gæti ekki orðið breytt með almennum lögum.

Frsm. (Karl Einarsson): Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) gerði fyrirspurn um það, hvernig hún ætlaði að ráða fram úr spurningunni um fjölgun þingmanna fyrir Reykjavík, er hann taldi að Reykjavík ætti fulla kröfu til, og nefndi enn fremur í þessu sambandi Hafnarfjörð, sem hefir gert kröfu til þingmanns. Það kom fram í samvinnunefndinni, að það þyrfti að fjölga þingmönnum eitthvað, og að það mundi reka að því innan skamms, jafnvel um leið og stjórnarskráin gengi í gildi, en það fjekst ekki meiri hluti í nefndinni fyrir neinni slíkri tillögu, og þar sem nefndin leit svo á, að hægt væri að fjölga þeim með einföldum lögum og samhliða síðari meðferð stjórnarskrármálsins á næsta þingi, þá tók nefndin sem slík enga afstöðu til þessa atriðis. Það getur komið fyrir að skipun efri deildar og reglur þær, er þingsköpin setja, rekist á stjórnarskrána, en þá verða þingsköpin að víkja í framkvæmdinni, enda þótt það kunni að einhverju leyti að vera óheppilegt.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) vildi halda því fram, að brtt. sú, er komið hefir fram um 26. gr., sje engin efnisbreyting, en svo er frá sjónarmiði nefndarinnar, því með tillögunni er gefin heimild til að fækka landskjörnum þingmönnum, en til þess vill nefndin ekki veita neina heimild.

Mið furðar það, hvað mönnum hefir orðið tíðrætt um 26. gr. Því mjer líst, að ekki sje hægt að skilja hana nema á einn veg. Í fyrstu málsgrein er tekið fram, hversu þingmenn skuli vera margir, í 2. málsgr. hve margir í hvorri deild. Þessu má breyta með lögum, en í 3. málsgr. er tekið fram, hversu margir þingmenn skuli vera kosnir um land alt. Landskjörið er nýtt hjer, en það stendur ekki neitt um það, að tölu landskjörinna þingmanna megi breyta. Tölurnar 34 og 8 eru að eins afleiðing af þeim tölum, sem áður eru, 40 ÷ 6 = 34 og 14 ÷ 6 = 8, svo ef þingmenn yrðu t. d. 44, þá ættu kjördæmakosnir þingmenn að vera 44 ÷ 6 = 38. Þetta er ofur skiljanlegt. En það væri mjög athugavert, ef hvert einstakt þing hefði leyfi til að breyta þessu eftir geðþótta sínum. En jeg skal taka undir með hv. þm. Ísaf. (M. T.), að þessa grein mætti orða svo, að þetta væri skýrt og skorinort.

Þá vildi hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) kenna meiri hl. samvinnunefndarinnar, að eigi hefði verið hreyft við 26. gr., og skildist mjer hann þar eiga við þann meiri hluta, er myndaðist um búsetuskilyrðið. En það er ekki rjett. Meiri hluti nefndarinnar komst ekki, fremur en nefndin í heild sinni, að neinni ákveðinni niðurstöðu í málinu, og menn skiftust þar alt öðruvísi um þetta en um búsetuskilyrðið. Tek jeg þetta fram, svo eigi valdi misskilningi, því þm. munu ekki vilja láta eigna sjer þær skoðanir, sem þeir ekki hafa.

Það er rjett, sem hv. þm. Ak. (M. K.) tók fram, að það er ekki hægt að líkja landskjörinu og þar með efri deild við þær málstofur, sem teknar hafa verið til samanburðar. Landskjörnu þingmennirnir eru kosnir af sömu mönnum og hinir kjördæmakosnu, þótt aldurstakmarkið sje í við hærra, og jeg tel enga hættu á, að þeir mundu vera of íhaldssamir; að minsta kosti bæri ekki á því, á meðan þeir bera ekki hina ofurliði. Jeg hefi ekkert að athuga við það, þó að landskjörnum þingmönnum væri eitthvað fjölgað í svipuðu hlutfalli og við hina aðra þingmenn í efri deild, en jeg er eindreginn á móti því, að hvert einstakt þing sem vill geti gert það, án þess að bera það undir þjóðina. Slíkt atriði á að vera í stjórnarskránni.

Því, er hv. 4. landsk. þm. (G. G.) var

að tala um varaþingmenn, þarf jeg litlu að svara. Það munu allir vera á einu máli um það, að varalandsþingmaður megi bjóða sig fram við kjördæmakosningar, og það jafnvel án þess að hann segi af sjer varaþingmenskunni. Jeg býst við, að öll nefndin líti svo á þetta . . . . . .*)

Fjármálaráðherra (S. E.): . . . . . .*)
En meiri líkur eru til þess, að eldri menn og íhaldssamari komist á þing við landskosningar en kjördæmakosningar.

Ein sú ástæða, sem fram hefir komið móti landskjörinu með svo fáum mönnum, er að þetta sje alt of stórt „apparat". Þó eitthvað kunni að vera til í þessu, mun þó enginn telja eftir sjer þann kostnað, sem af því leiðir, ef með því fæst heppileg skipun þingsins. En einmitt þessi skipun og þá sjerstaklega jafnvægið milli deildanna, er svo stórt atriði og mikilsvert, að það verður að standa í stjórnarskránni sjálfri.

Viðvíkjandi 26. gr. held jeg, að athugasemdir hv. þm. Ísaf. (M. T.) sjeu rjettar og því full ástæða til að athuga þá grein betur.

Kristinn Daníelsson: Mjer skildist á svari hv. frsm. (K. E.) til mín, að hann ætlaðist til, að fjölga mætti þingmönnum Reykvíkinga með enföldum lögum, og mundi því tilgangslaust að ætla að koma ákvæði um það inn í stjórnarskrána.

Um brtt. þær, sem fyrir liggja í sambandi við þingmannafjölgunina og landskjörið, vil jeg geta þess, að eins og orðin liggja nú í 26. gr., mætti skilja svo, sem allir liðir væru breytilegir, eftir því sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) segir. En þó að svo mætti leggja út orðin, þá væri þessi skilningur fyrirbygður bæði af því, að þessir landskjörnu menn komu í stað hinna konungkjörnu, og eins af allri meðferð málsins. En ef hins vegar brtt. á þgskj. 771 kemst fram, þá slær hún föstum þeim skilningi, að allar tölurnar sjeu breytilegar. En eins og jeg hefi tekið fram, er jeg því mótfallinn, að þessa yrði slegið föstu, því jeg vil ekki fjölga landskjörnum þingmönnum. Jeg vildi þvert á móti helst afnema þá.

Jeg geri lítið úr því íhaldi, sem skapaðist við þetta fyrirkomulag, því þess gætir sama sem ekkert.

En annars ber að gæta, sem ekki hefir verið minst á í þessu máli, og það er það, að þetta fyrirkomulag gæti að veg ráðlað meiri hluta afstöðunni í þinginu. Við skulum hugsa okkur, að nýr meiri hluti komi í Nd., en gamli meiri hlutinn sitji eftir sem áður í Ed., svo hvor deildin yrði uppi á móti annari. Þetta gæti gert m. a. ómögulegt að koma fram stórmálum, eða mynda nýja stjórn, og liggur í augum uppi, í hverjar ógöngur það gæti leitt.

ATKVGR.

Brtt. 796. tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 784,1. samþ. með 10 : 2 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 784,2. samþ. með 8 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 784,3. samþ. með 10 shlj. atkv.

*) Frá ræðuskrifaranum (V. Þ. G.) vantaði niðurlag ræðu frsm. (K. E.) og sömuleiðis upphaf ræðu fjármálaráðh. (S. E.).

14. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

15.—25. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 771,a.—c. felld með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. F., G. G., Jóh. Jóh., M. K., S. J., G. B.
nei: G. Ó., H. St., H. Sn., K. E., K. D., M. T., S. E.

Einn þm. (E. P.) fjarstaddur.

26. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
27.—28. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 783. felld með 7 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., H. St., G. B.
nei: K. E., K. D., M. T., S. E., S. J., G. Ó., H. Sn.

Jóh. Jóh., M. K. og S. F. greiddu ekki atkv., með skírskotun til nál. í málinu og þeirrar afstöðu, er þeir hefðu tekið þar og töldu sig bundna við. Mat forseti ástæður þessar gildar.

Einn þm. (E. P.) fjarstaddur.

Brtt. 770,1. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 770,2. — — 11 — —

29. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
30.—33. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 784,4. samþ. með 9 shlj. atkv.

34. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj.

Brtt. 784,5. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 784,6. samþ. með 9 shlj. atkv.

35. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
36.—38. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 784,7. samþ. með 11 shlj. atkv.

39. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
40. gr. samþ. með 12 shlj. atkv

Brtt. 784,8. samþ. með 11 shlj. atkv.

41. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
42.—44. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 784,9. samþ. með 11 shlj. atkv.

45. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
46.—48. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 784,10. samþ. með 9 shlj. atkv.

49. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 784,11. samþ. með 10 shlj. atkv.

50. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
51.—53. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 784,12. samþ. með 9 shlj. atkv.

54. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
55. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 784,13. samþ. með 10 shlj. atkv

56. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

57.—68. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 784,14. samþ. með 11 shlj. atkv.

69. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

70. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 784,15. samþ. með 10 shlj. atkv.

71. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

72.—77. gr. samþ. með 12. shlj. atkv.

Ákvæði um stundarsakir 1.—3. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj atkv.

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 18. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 844, 853).

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal að eins fara fáeinum orðum um brtt. þá, er jeg hefi flutt ásamt hv. þm. Snæf. (H. St.), og er á þgskj. 853, en hún fer fram á, að ekki sje slegið föstu í stjórnarskránni, að Alþingi skuli koma saman á hverju ári, en að haldið sje þeim ákvæðum í því efni, sem nú eru í henni.

Þótt þing hafi verið haldið á hverju ári síðastliðin ár, er ekki sjeð, að sama þörfin verði fyrir hendi eftirleiðis. Sambandsmálið og heimsstyrjöldin hafa átt drýgstan þátt í því, hversu títt þing hafa verið haldin upp á síðkastið. Heimsstyrjöldin er nú sem betur fer um garð gengin, og sambandsmálinu hefir verið ráðið til lykta.

Ekki verður heldur sjeð, að nein hætta leiði af því, þó að brtt. þessi verði samþ., því vitanlega stendur stjórninni opin leið til að kveðja saman aukaþing, ef þörf verður fyrir þinghald milli reglulegra þinga.

Mjer virðist það, auk þessa ekki fara að öllu leyti vel saman að ákveða, að þing skuli haldið á hverju ári, þegar háværar raddir eru að koma fram um það, að þingkostnaðurinn sje að keyra svo úr hófi, að hætta verði prentun meiri hluta alþingistíðindanna. Frv. þess efnis hefir fengið mikinn byr í hv. Nd., en nú sje jeg, að frv. það, er útbýtt hefir verið í deildinni, veitir að eins heimild til að fresta útgáfu þeirra um eitt þing í senn. En það kemur að mestu í sama stað niður, því frestinn má framlengja á hverju þingi. Finst mjer næsta óviðkunnanlegt, að kjósendur úti um land skuli ekki geta sjeð, hvað fulltrúar þeirra hafa lagt til málanna á Alþingi.

Jeg hefi minst á þetta við ýmsa hv. þm., og hafa þeir helst haft á móti brtt. þessari, að hún muni ekki koma að haldi, þar sem þing muni verða á hverju ári alt að einu. En eins og jeg tók fram áðan, er það alls ekki víst, þótt svo hafi reynst síðustu árin, og finst mjer þetta því veigalítil ástæða.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) fór nokkrum orðum um brtt. þessa, er hún kom fram við 2. umr. í öðrum búningi. Mintist hann á það, að altaf síðan 1911 hefði verið þing á hverju ári, og finst mjer það ekki nægileg mótbára, samkvæmt því, sem jeg áður hefi tekið fram. Þá drap hann og á það, að með því að hafa þing ekki nema annaðhvert ár væri of mikið vald lagt í hendur stjórnarinnar.

Jeg er allsendis óhræddur við þá mótbáru. Ekkert slys bar að höndum af þeim orsökum, meðan ekki var nema einn ráðherra, og ætti hættan að vera enn minni, þegar þeir eru orðnir þrír.

Jeg veit, að hv. þm. hafa haft nægan

tíma til að hugsa um mál þetta; auk þess kom lík tillaga fram í hv. Nd., þó hún næði ekki fram að ganga, enda verður brtt. ekki móti mælt með rökum.

Ef brtt. yrði samþ., mætti — þótt jeg telji þess ekki þörf — setja viðauka við 18. gr. stjórnarskrárinnar, um það, að breyta mætti þessu með lögum, og væri þá siglt fyrir öll andnes.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg tel óþarft að ræða mikið um þetta atriði, þar sem búið er að skýra það frá ýmsum hliðum. Stjórnin átti miklar umræður um þetta atriði og varð sammála um, að eins og högum og fjármálum þjóðarinnar er nú háttað, væri heppilegast að hafa þing á hverju ári. Tel jeg því sjálfsagt, að hún haldi fast við þetta ákvæði. Enn fremur hefir hv. Nd. fallist á ákvæðið; hvort hún gerði það ágreiningslaust man jeg ekki, en tel víst, að hún muni halda fast við skoðun sína, þó brtt. verði samþykt hjer, sem jeg vona að ekki verði.

Frsm. (Karl Einarsson): Samvinnunefndin hafði tillögu sama efnis og brtt. þessa til meðferðar, og lagði á móti henni.

Stjórnarskrárnefndin í þessari deild hefir að vísu ekki haft till. til meðferðar, en jeg þori þó að fullyrða, að meiri hluti hennar muni brtt. mótfallinn.

Nú er högum þjóðarinnar svo háttað, að miklar og hraðfara breytingar eru á ýmsu í þjóðlífinu, og er því nauðsynlegt, sjerstaklega vegna áætlana um tekjur og gjöld ríkisins, að þing sje haldið á hverju ári.

Um kostnaðinn geta verið misskiftar skoðanir. Jeg lít svo á, að ef þingið hefir veruleg störf með höndum, muni kostnaðurinn vinnast upp, og langt fram yfir það.

Flytjendur brtt. gera jafnvel ráð fyrir því, að ekki sje ólíklegt, að þing geti orðið á hverju ári, þrátt fyrir brtt., og sje jeg þá ekki, hvað mælir á móti því, að frumvarpsgreinin verði samþ. óbreytt.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skildi í fyrstu ekki, hvað hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) fór, en svo lukust upp augu mín fyrir því, að hann væri að mæla á móti brtt., og virtist mjer aðaléstæða hans vera sú, að stjórnin hafi slegið því föstu, að Alþingi skyldi haldið á hverju ári.

Þó að jeg geti ekki fallist á, að það sjeu nein óyggjandi rök fyrir nauðsyn á reglulegu Alþingi, að stjórnin hafi slegið þessu föstu, er þó þessi yfirlýsing gleðilegur vottur þess, að þau atriði geta komið fyrir, sem stjórnin er sammála um og heldur fram lengur en meðan hún er að koma þeim á pappírinn.

Hv. frsm. (K. E.) mælti aðallega á móti brtt. af þeim ástæðum, að nauðsyn bæri til, að Alþingi kæmi saman á hverju ári, sjerstaklega vegna fjármálanna. Jeg skal játa það, að þetta er helsta ástæðan móti brtt., en jeg tel, að ekki sje neitt sjerstaklega vandasamara að gera fjárhagsáætlun fyrir 2 ár eftirleiðis en verið hefir hingað til.

Þó að fjárlög væru sett fyrir eitt ár, myndi samt sem áður þurfa aukafjárlög, þótt fjárveitingarnar yrðu ef til vill færri á þeim. Annars hefir mjer virst svo, sem fjáraukalögin hafi jafnan gengið fram breytingalítið eða breytingalaust. Jeg fæ því ekki sjeð, að þetta sje nein ástæða móti brtt. vorri. En ekki undrar mig, þótt mótstöðumenn brtt. vildi gjarnan, að umræður um hana verði litlar og þögn komi í stað röksemda.

Magnús Torfason: Sakir sjerstöðu minnar til sambandslaganna og ummæla minni hl. í stjórnarskrárnefndinni kemst

jeg ekki hjá því að fylgja frv. úr hlaði með örfáum orðum.

Jeg skal þá leyfa mjer að minna á það, að andstaða mín gagnvart sambandslagafrumvarpinu átti fyrst og fremst rót sína í ummælum Dana, um að breyta bæri 5 ára búsetunni í stjórnarskránni. Meðan þeim var ómótmælt, þótti mjer uggvænt, að vjer værum einráðnir um búsetuskilyrði þau, er oss var nauðsynlegt að setja oss til varnar hjer í fásinninu.

Alt öðru máli gegndi, er allir fylgismenn frv., sem töluðu af þingmanna hálfu, höfðu skýrt og skorinort lýst yfir því, að rjett væri að haga búsetuskilyrðum á þann veg, er nú er orðið.

Samþyktu Danir frv., að þeim yfirlýsingum fram komnum, gátum vjer með góðri samvisku og kinnroðalaust ráðið búsetuskilyrðunum eftir eigin þörfum, með þeirri afsneiðingu og að tilgættu því jafnrjetti, er lýsa sjer í lagaákvæðum þingsins, er hjer um fjalla.

Um þetta erum vjer nú allir eins hugar, sem betur fer.

Og hjer liggur þýðing andspyrnunnar móti sambandslögunum og þeirra umræðna, er af henni spunnust, enda er jeg ekki í neinum vafa um, að þessi hv. deild, sem er svo ant um sóma sinn, meti þetta rjettilega.

Í nefndarummælum minni hl. er vikið að því, að andstæðingar sambandslaganna hafi gert mikið úr þeirri rjettarskerðingu aflendra landa vorra, er af sambandslögunum hlyti að leiða.

Þetta nær alls ekki til mín. Jeg var þess í upphafi fullviss, að vjer yrðum að minsta kosti að súpa þann kaleik. Og þess vegna ljet jeg það atriði fara fyrir ofan garð og neðan, bæði í nefndaráliti mínu og ummælum af minni hálfu.

Jeg hefi verið brýndur á því, að jeg hafi í sambandslagadeilunni haldið því fram, að vjer hefðum samkvæmt sambandslögunum engan rjett til að ráða neinu um búsetuskilyrði hjer á landi.

Þessu er mjer skylt að mótmæla, og nægir í því efni að minna á, að jeg tók berum orðum fram, að vjer hlytum að eiga ráð á kjördæmisbúsetunni.

Til þess að spara mjer sjerstaka fyrirspurn skal jeg, áður en jeg lýk máli mínu, með leyfi hæstv. forseta, beina til nefndarmanns lögjafnaðarnefndarinnar, sem á sæti í deildinni, spurningu um það, hvort nokkuð sje nú því til fyrirstöðu, að birtar verði gerðir millimannanna í sambandslögunum.

Sakir fyrirmæla í stjórnarskránni og væntanlegrar atvinnulöggjafar getur verið brýn nauðsyn á að hafa þær til athugunar og skýringar, er vafaatriði koma upp.

Jóhannes Jóhannesson: Mjer er það mikil ánægja að heyra, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) skuli nú vera kominn til viðurkenningar á því, að ástæður hans gegn sambandslögunum hafi ekki verið á rökum bygðar. Jeg ljet þá í ljós, í fyrra, hver vonbrigði mjer væru það, að jafnáhrifamikill og gáfaður maður skyldi fylgja fram þeirri skoðun, sem hann gerði þá. En því gleðilegra er að heyra nú viðurkerning sjálfs hins hv. þm. (M. T.), sem gengur í gagnstæða átt.

Um fyrirspurn hins hv. þm. (M. T.) er það að segja, að mjer er ókunnugt um það, að beðið hafi verið um leyfi dönsku nefndarmannanna til að birta gerðir nefndarinnar, en án leyfis þeirra tel jeg óhæfilegt að birta þær. Hins vegar skal jeg geta þess, að fyrir mitt leyti hefi jeg ekkert á móti því, að þær sjeu birtar.

Magnús Torfason: Jeg hafði ekki ætlað mjer að vekja neinar deilur með þeim orðum, sem jeg mælti áðan. Af ásettu ráði forðaðist jeg að leggja nokkurn dóm á það, hvor skoðunin um búsetuatriðið væri rjett, eins og hin hv. deild mun hafa tekið eftir.

Þess vegna liggur ekki fyrir frá minni hálfu nokkur minsta viðurkenning þess, að andstaða mín við sambandslögin hafi verið að ófyrirsynju. Jeg benti einmitt og einungis á atriði, sem sýndu, að hún hefði ekki verið ófyrirsynju gerð.

En úr því að farið er að tala um þessi atriði, þá skal jeg taka það fram, að skoðun mín reynist nú rjett, og það sýnir nógsamlega þessi afsneiðing, sem háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) hefir þótt svo mikið fyrir. Jeg verð líka að taka það fram, að þótt yfirlýsingar um þennan útveg væru komnar frá okkar mönnum, þá var mjer það alls ekki nóg; til þess þurftu að koma fram yfirlýsingar frá Dönum.

Jeg skil ekki áherslu þá, er Danir lögðu á að breyta orðalaginu frá 1908 um búsetuskilyrðið, hafi þeir, meðan á samningum stóð, rent grun í, hvernig sú breyting yrði skýrð. Eða hvað unnu Danir við það, að vjer þvert á móti skapi voru neyddumst til þess að taka rjett af löndum vorum? Jeg get ekki fundið frá Dana hálfu nokkra aðra ástæðu en þá, að dönsku nefndarmennirnir hafi ekki treyst sjer til að fá samþykki danska þingsins, ef um þetta ákvæði væri búið á svipaðan hátt og í uppkastinu 1908. Jeg skal ekki gera neinum getsakir, en aðra ástæðu finn jeg ekki.

Jóhannes Jóhannesson: Ótti háttv. þm. Ísaf. (M. T.) við það, að vjer værum ekki einráðir um búsetuákvæðið, átti sinn þátt í því, að hann var á móti sambandslögunum. En það hefir nú sýnt sig, að sá ótti var ástæðulaus; búsetuákvæði stjórnarskrárinnar 1915 þurfti að breyta, til þess að jafnt tæki til Dana sem Íslendinga.

ATKVGR.

Brtt. 853,1. feld með 9 : 2 atkv.
— 853,2.—3. sjálffallnar.

Frv. samþ. með 12 : 1 atkv. og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 19. sept., var útbýtt

Frumvarpi til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 902).

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 902, n. 930).

Frsm. (Benedikt Sveinsson): Eins og nál. á þgskj. 930 ber með sjer, hefir hv. Ed. gert nokkrar breytingar á frv.

Er það þá fyrst, að ákvæðið um kunnáttu í íslenskri tungu er niður felt. Þetta var atriði, sem nefndin tók aldrei ákveðna afstöðu til, heldur hafði hver einstakur þm. óbundið atkvæði þar um, og svo er enn. Nefndin hefir ekki fundið ástæðu til að breyta þessu á ný, og þarf jeg því ekki að fjölyrða um það.

Sama er að segja um ákvæðið um heimilisfestuna. Breyting hv. Ed. á því var ekki talin efnisbreyting, og varð því samkomulag um það í nefndinni að samþykkja breytingu efri deildar með því fororði, er nál. greinir.

Þá hefir nefndin samþykt að bera fram nokkrar smábrtt., sem raunar eru ekki annað en breytingar á orðfæri. Eru þær fremur lítilsverðar, enda hafa sumir skrifað undir nál. með því fororði, að þeir gæti varla greitt þessum brtt. atkvæði. Er það heldur eigi svo rík sannfæring mín, að þær sje til bóta, að jeg geti mælt með þeim. Er þar fyrst, að í stað „lögráða" komi „lögráður". En nú heyri jeg hljóð úr horni, þar sem er háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) Mun

þá verða ötullega fyrir þessari breytingu barist, og skal jeg spara mjer að gera það.

Hitt annað er svo lítilfjörlegt, að engu máli skiftir. Það má telja mesta fagnaðarefnið þessari hv. deild, að búsetuákvæðið hefir náð samþykki þingsins, og eigi að eins hv. deild, heldur allri hinni íslensku þjóð, sem ætla má að hefði tekið því illa, ef annað hefði orðið ofan á.

Einar Arnórsson: Jeg heyri nú, að hv. frsm. (B. Sv.) mælir móti þeim brtt., er nefndin og hann sjálfur með hafa skrifað undir.

Nefndin leggur til, að sett sje sterka myndin „lögráður" fyrir „lögráða". Er það meðal annars fyrir þá sök að sterka myndin er þegar komin inn í sambandslögin. Fer illa á því, að hún standi í sambandslögunum, en ekki í stjórnarskránni, heldur sje það sitt á hvað.

Það var gert til samkomulags við hv. Ed. að halda veiku mynd lýsingarorðsins í lögræðislögunum á Alþingi 1917, en jeg held, að hún sje ekki alment notuð síðan. Að minsta kosti er hún ekki notuð við kenslu í háskólanum. Jeg held, að kennarinn í þessari grein við háskólann, Lárus H. Bjarnason, noti eingöngu sterku myndina, og býst jeg við, ef bækur verða skrifaðar um það efni, að þá verði sú myndin jafnan notuð. Þá hefir og þingð í sumar afgreitt lög, þar sem sú mynd er höfð, landamerkjalögin.

Það virðist því, að þótt veika myndin hafi slæðst inn í lögin 1917, þá sje ekki ástæða til að halda henni í stjórnarskránni. Vitanlega er þetta ekki stórt atriði. En vitanlegt er, að þessi mynd var tekin upp í Ed. fyrir frumkvæði eins manns. Þeir voru svo fastheldnir þar við gamla formkreddu frá 1917.

Pjetur Jónsson: Þegar þetta nál. var lagt fyrir mig til undirskriftar, þá skrifaði jeg undir það, því jeg var samþykkur aðalniðurstöðunni og gat fallist á, að það yrði samþykt óbreytt eins og það kom frá Ed. Fundust mjer smáorðabreytingar ekki svo mikilvægar, að það tæki því að fara að flækja málinu milli deilda fyrir þær. Jeg get því fallist á, að þær verði teknar aftur, enda er það best, að hægt væri að afgreiða málið frá þinginu nú; því fyr er hægt að efna til nýrra kosninga.

Bjarni Jónsson: Mjer þykir nú bregða einkennilega við, að þegar deildin sendir frá sjer frv. með snotru orðalagi, þá skuli hún síðar fallast á annað ljótara orðalag, fyrir það eitt, að Ed. sýnist það betra. Jeg sje ekkert á móti því, að málið komi í Sþ., því jeg fæ ekki sjeð annað en það sje jafnmerkilegt mál og hundaskatturinn. Veika myndin á aðallega við kvenkynið, eins og t. d. gylta af göltur. Mætti því eins vel kalla háttv. þm. blæsma, breima, álægja og yxna o. s. frv. Sje jeg ekki, hvað háttv. þm. gengur til að vilja láta ríkiserfingasinn hafa sömu málmynd og gylta. Jeg skil því ekki, hvaða hætta getur stafað af því, þótt breytt sje aftur og frv. þurfi að fara þennan óraveg, inn um dyrnar þarna og inn í Ed. Hugsa jeg, að málfræðingarnir þar þurfi að láta í ljós sína skarpskygni, og hver veit nema eitthvað upplýsist alveg nýtt í málfræðinni við slíka för.

Frsm. (Benedikt Sveinsson): Þó að nefndin hafi lagt til, að þessi orðabreyting yrði gerð, þá er sannfæringin ekki svo sterk hjá einstökum nefndarmönnum, að þeir yrðu mjög reiðir, þó þessi málamyndaorðabreyting yrði ekki samþykt. Jeg verð að kannast við, að hin orðmyndin getur staðist, þótt háttv. þm. Dala. (B. J.) sje að reyna að gera hana hlægilega. Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að einn hv. þm. í Ed. sagði, að töluvert væri varhugavert að hafa veiku myndina, t. d. eins og að segja að Ísland væri fullvalda, því það ætti að

segja, að Ísland væri fullvalt. Það sjest því á þessu, að hv. Ed. er fult svo snjöll í málfræðinni eins og sumir hv. þm hjer.

Einar Arnórsson: Tveir nefndarmenn, sem skrifað hafa undir nál. án nokkurs fyrirvara, eru móti því, sem nefndin leggur til. Mjer er spurn, hvers vegna sögðu þeir ekki frá þessu fyr, því það hefði þá ef til vill getað orðið til þess, að nefndin hefði slept að koma með þessar breytingar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg sje enga ástæðu til þess fyrir hv. þm. að fjölyrða svo mjög um þetta mál. Þessi hugtök eru bæði notuð í lögum, og notar t. d. háskólinn sterku myndina, en jeg fæ ekki betur sjeð en að hann muni samt beygja sig fyrir þessu, þegar það er orðið lögfest. (*E. A.*: Hitt er líka lögfest).

ATKVGR.

Brtt. 930,1. feld með 16 : 3 atkv.
— 930,2.—4. feld með 14 : 3 atkv.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr.

frá Alþingi.
(Sjá A. 965).

II.

Þingmannafrumvörp.

29 Verslunarlóðin á Nesi í Norðfirði.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stækkun verslunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði (A. 87).

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 19. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Það er óþarfi að hafa langa framsögu fyrir þessu máli, því að það er hvorki margbrotið nje frv. fyrirferðarmikið.

Kauptún það, sem hjer um ræðir, hefir á seinni árum vaxið tiltölulega meira en önnur kauptún á Austurlandi, og hefir nú

þegar færst út fyrir takmörk þau, sem því voru sett með lögunum 22. okt 1912 Afleiðingin af þessu, að menn hafa neyðst til að byggja fyrir utan takmark lóðarinnar, er sú, að þeir hafa farið á mis við hlunnindi þau, sem því fylgja að búa á löggiltri lóð.

Eins og kunnugt er, veitir veðdeild Landsbankans eigi lán út á húseignir, sem eigi standa á löggiltri lóð, nema þær, sem fylgja jörðum, og hefir því veðhæfi húseigna þarna að engu orðið, eigendum til stórbaga. Þeir hafa því óskað þess að frv. þetta væri flutt inn í þingið og kaupstaðarlóðin stækkuð, en sú ósk hefir einnig verið studd af öðrum íbúum kauptúnsins.

Vænti jeg þess, að enginn hv. þingdm. muni hafa á móti málinu, og sje því eigi ástæðu til að tefja tímann með lengri ræðu eða að vísa því til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 87).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv.

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 87)
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., þriðjudaginn 29. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um stækkun verslunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði,
eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 187).

Á 19. fundi í Ed., fimtudaginn 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr

Forseti: Jeg leyfi mjer að leggja það til, að málið gangi nefndarlaust til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj atkv.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 4 ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 187)
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 9 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 287).

30. Aðflutningsgjald af salti.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 17. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um aðflutningsgjald af salti (A. 90).

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Einar Árnason): Fjárhagsnefnd flytur þetta frv. eftir tilmælum hæstv. stjórnar. Og frv. er fram komið af þeim ástæðum, að fyrirsjáanlegt er, að allmikið tap verði á salti því, sem landsstjórnin hefir flutt til landsins. Þess vegna hefir stjórnin farið þess á leit, að lagður yrði innflutningstollur á salt, til þess að fá upp borið tapið. Fjárhagsnefndin hefir fallist á það, og vill því mæla með frv. Annars geri jeg ráð fyrir, að stjórnin gefi allar frekari skýrslur um þetta efni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Frsm. fjárhagsnefndar hefir gert grein fyrir ástæðunum að frv. þessu. Það er fram komið, eins og hann gat um, í þeim tilgangi að vinna upp tap, sem orðið hefir og verða kann á saltverslun landssjóðs.

Eins og kunnugt er, keypti landsverslunin allmiklar saltbirgðir meðan ófriðurinn geysaði, og vissi þá enginn neitt um, hvers vænta mátti af framtíðinni, en fyrirsjáanlegt, að sjávarútvegurinn var í voða, ef salt vantaði. Hins vegar sáu kaupmenn sjer ekki fært vegna verðfallshættunnar að birgja landið að salti, og var það ekki vonlegt. Landssjóður varð aftur að taka þessa áhættu á sig, og verður því að skoða tapið á saltinu eins og lán, sem landssjóður hefir veitt saltnotendum, og er því sjálfsagt, að þeir greiði það lán aftur. Samkvæmt upplýsingum frá landsversluninni hafa á árinu legið í saltversluninni hjer um bil .. .. kr. 2,029,000.00
en selt var $^1/_7$ fyrir .. .. — 1,100,000.00

Mismunur kr. 929,000.00

Upp í þann mismun eru til í saltbirgðum 4200 tonn, en tonnið er nú selt á kr. 150.00. Það verða kr. 630,000.00, en þar frá dragast áætlaðar fyrir kostnaði kr. 20.00 pr. tonn, eða kr. 84,000.00, og dragast þá frá áður umræddum mismun kr. 546,000.00, og verður þá eftir áætlaður halli kr. 383,000.00 En hallinn verður meiri, því ráð má gera fyrir því, að alt saltið verði ekki selt fyrir kr. 150.00 á tonn. Það lætur því nærri að áætla hallann kr. 500,000.00. Ekki er hægt að fullyrða neitt um, hvað halli þessi er lengi að vinnast upp. Það fer eftir því, hvað mikið verður inn flutt af salti á næstu árum. 1917 og 1918 hafa verið flutt inn hjer um bil 20,000 tonn á ári, en með þeim innflutningi ynnist hallinn upp á rúmum tveimur árum. Á árunum 1911—1916 var aftur á móti flutt inn að meðaltali hjer um bil 46,000 tonn, og með þeim innflutningi ynnist hallinn auðvitað fyr upp. Jeg leyfi mjer að vænta, að hv. deild telji sjálfsagt að vinna hallann upp á þá leið, sem stjórnin stingur upp á. Hvað fljótt hallinn verður unninn upp er vitanlega álitamál.

Matthías Ólafsson: Það er í sjálfu sjer góðra gjalda vert, að landsstjórnin skyldi sjá landinu fyrir nægilegu salti á ófriðarárunum, og tel jeg því sjálfsagt, að sá halli, sem hún hefir beðið á versluninni, sje goldinn að fullu. En hins vegar virðast geta verið misjafnar leiðir til þess að fá halla þennan upp borinn. Mjer virðist, að það geti ekki náð nokkurri átt að leggja svo háan toll á saltið, að hallinn fáist

greiddur á örstuttum tíma. Þegar um jafnháa fjárhæð er að ræða, sem hvílir að mestu leyti á einni atvinnugrein, verður að jafna henni niður á mörg ár. Það væri t. d. harla lítið vit í því, ef hernaðarríkin ætluðu sjer að vinna upp aftur það fje, sem þau hafa lagt í herkostnað, á 1—2 árum. Jeg vildi óska, að hæstv. stjórn sæi sig um hönd og reyndi að lækka tollinn að miklum mun og skifta honum þannig niður á langt tímabil.

Einar Jónsson: Mjer finst jeg vera nokkurn veginn skyldugur til að tala í þessu máli og lýsa afstöðu minni fyrir hv. deild. Það er ekkert nýtt fyrir oss hjer, að hæstv. fjármálaráðherra fylgi öllum auknum gjöldum til landssjóðs. En svo er að hinu leytinu hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), sem æfinlega er uppi, opinn og aftrandi, þegar um slíkt er að ræða frá hálfu sjávarútvegsins. Samt er jeg samþykkur honum nú að því leyti, að jeg hygg það sje ekki heppileg leið að skatta salt, eins og hjer er farið fram á.

Jeg var búinn að biðja um orðið fyrir nokkrum dögum, þegar hjer var á ferðinni í hv. Nd. samanburður á sjávarútvegi og landbúnaði, en fjell þá frá orðinu. En mjer finst vel við eiga að lýsa því yfir nú, að þessi samanburður hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) er óviðurkvæmilegur og á alls ekki við. Það er góðra gjalda vert, að hvor útvegur fyrir sig borgi sína skatta, en það er alveg ófyrirgefanleg og heimskuleg stífni, að vilja pressa annanhvorn fram yfir það sem kraftar hans leyfa.

Jeg ætla að segja hv. þm. V.-Ísf. (M Ó.) það, að gys hans og spje í garð landbúnaðarins á laugardaginn var að ófyrirsynju og ómaklega gert. Þar sem landbúnaðurinn er sá atvinnuvegur landsins, sem lengst hefir haldið lífinu í Íslendingum, ætti hann að fá að lifa og deyja án þess að sæta gysi og álasi frá hinum og þessum.

Jeg held því fram um frv. þetta, að rjett sje að afgreiða það svo, að gjaldið verði ekki eins hátt og hjer er gert ráð fyrir. Án alls samanburðar á sjávarútvegi og landbúnaði má hjer gera einhverja miðlun. Jeg er alls ekki að tala um að ofþjaka sjávarútveginum með gjöldum, en eins og nú standa sakir, er sjálfsagt, að meiri gjöld hvíli á sjávarútveginum, því að eins og allir vita, eru það allskonar landplágur, svo sem grasleysi, harðir vetur, öskuföll og eldgos, sem landbúnaðinum stendur mest fyrir þrifum, en það kemur sjávarútveginum ekkert við. Sjávarútvegsmennirnir geta viðhaft allar sínar athafnir úti á sjónum, meðan landbúnaðurinn á við alt þetta að stríða uppi í landinu. Menn verða að athuga það, að skattleggja ekki þessa stjett, án þess að taka þetta til greina. Landbúnaðurinn er þannig staddur, að hann þolir ekki mikið. En þó að hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) segði í skopi, að hann skyldi vera með því, að lausafjárskattur yrði afnuminn, svo að bændur þyrftu ekkert að greiða til landsþarfa, þá var ekki hlegið, eins og hann ætlaðist til. Hann þóttist víst vera fyndinn þá!

En nú er til umræðu þetta frv., og án þess að jeg hafi myndað mjer beina afstöðu til þess, skal jeg enn taka það fram, að jeg tel gjaldið mega vera lægra, því að það kemur mest niður á einum atvinnuvegi. Ef það kemur frá nefnd, þá þýðir ekkert að vísa því til annarar nefndar, enda þótt ekki sje langt síðan svo var gert. (*E. A.*; Mætti kann ske vísa því til launamálanefndar!) Það er vitleysa, þó frá vitrum komi. Jeg set mjer fyrir að greiða aldrei atkvæði með því, að mál, sem kemur frá nefnd, fari til annarar. Það er vantraust á viðkomandi nefnd og lengir þingtímann að óþörfu, þegar um ljós og einföld mál er að ræða, jafnvel að vísa máli til nefndar, sem kemur frá stjórn eða einstökum þingmönnum. En kann ske vill hv.

2. þm. Árn. (E. A.) fá þetta mál, eins og önnur, í ruslakistuna, allsherjarnefnd, þar sem hann ræður og ríkir æðstur allra. (*E. A.*: Þingmaðurnn er þar líka!)

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal lýsa því yfir, að ef fram kæmi brtt. um að færa tollinn niður í 10 kr., til samkomulags, myndi jeg geta fallist á hana. (*E. J.*: Væri 5 kr. ekki nóg?) Nei, ekki að tala um! Ef landsverslunin hefði selt saltið því verði, sem það stendur landssjóði í, eða á 240—260 kr., þá hefði það verið hart aðgöngu fyrir sjávarútveginn enda sá landsstjórnin það, og því var verðið fært stórlega niður, af sanngirni við sjávarútveginn. En það hefði verið lafhægt með einkasölu að halda háa verðinu. Saltið er nú selt á 150 kr. Það hefir verið gert af sjálfsagðri sanngirni við sjávarútveginn að færa saltverðið niður. Í raun og veru er því þessi salttollur liður í ráðstöfunum landsstjórnarinnar til þess að greiða fyrir sjávarútveginum. Í stað þess að krefjast þess, að sjávarútvegurinn greiði saltið nú þegar með þessu háa verði, þá vill stjórnin fara þá leið, að jafna hallanum niður á lengri tíma, með skatti. Ef fallist yrði á 10 kr. skatt og innflutningur yrði 20 þús. smálestir, myndi það taka á þriðja ár að fá þessa upphæð inn. Lægri en 10 kr. á skatturinn helst ekki að vera. Þetta er bráðabirgðaskattur, en ekki til frambúðar, og á að sjálfsögðu að falla niður jafnskjótt og salthallanum er náð inn. Ef lægri skattur yrði lagður á saltið til lengri tíma, er hættara við, að úr honum yrði fastaskattur á saltinu. En það munðu sjávarútvegsmenn ekki kæra sig um, enda stjórnin algerlega andvíg því.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, og ætti ekki að hafa langar umræður. Allir eru svo sanngjarnir að sjá, að hallanum af saltversluninni *má* til að ná inn. Og sanngirni hefir sjávarútveginum verð sýnd með því, að saltverðið, sem halda mátti uppi með einkasölu, var fært niður, og sama er að segja um kolin.

Þessi tollur á saltinu er því einn liður í ráðstöfunum stjórnarinnar til að láta ekki saltverð koma of hart niður á sjávarútveginum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 24. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 90, 139).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 26. júlí, kl. 1. miðdegis, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 90, 139).

Frsm. (Einar Árnason): Fjárhagsnefnd hefir borist erindi frá stjórn Fiskifjelags Íslands, þar sem farið er fram á, að salttollurinn verði ekki hafður hærri en svo, að hallinn á saltversluninni vinnist upp á 4—5 árum.

Beiðni þessa hefir nefndin viljað taka til greina, og mun hún þess vegna fallast á brtt. frá háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), sem fer í þá átt, að fyrir „12 kr.“ komi 8 kr.

Aftur á móti er nefndin hikandi við 2. málsgr. þessarar brtt., um það, hve nær lögin skuli falla úr gildi. Henni virtist, að það gæti orðið óþægilegt að binda það fyrirfram við fastákveðinn tíma. Hins vegar ætlast hún til, að lögin standi ekki lengur en verið er að vinna upp hallann, og við það er orðalag frv. miðað. Þetta virtist nefndinni að mundi verða þægilegra í framkvæmd heldur en að samþ. brtt. Jeg verð þess vegna að leggja á móti brtt., að minsta kosti þangað til jeg hefi heyrt flm. færa gild rök fyrir henni.

Benedikt Sveinsson: Háttv. frsm. gat þess, að fjárhagsnefnd hefði borist erindi frá stjórn Fiskifjelags Íslands, þar sem farið hefði verið fram á, að hallanum á saltkaupum stjórnarinnar yrði jafnað niður á 5 ár, og sagði hann, að nefndin hefði fallist á þessi tilmæli, og mundi því fylgja fyrri málsgr. brtt. minnar, sem fer fram á að lækka tollinn úr 12 kr. niður í 8 kr. á ári.

En það er ekki rjett, sem háttv. frsm. (E. Árna.) segir, að nefndin hafi orðið við beiðni fiskifjelagsstjórnarinnar, um að vinna skakkann upp á 5 árum, þótt hún aðhyllist brtt. mína. Brtt. mín var komin fram áður en beiðni Fiskifjelagsins og er því ekki í samræmi við hana.

Með brtt. minni, 8 kr. tolli á ári, er gert ráð fyrir, að hallinn vinnist allur upp á tveim árum, ef álíka miklu salti verður eytt í landinu og síðustu árin fyrir stríðið, eða yfir 40 þús. smálestir. Og þó að vjer gerum ráð fyrir, að salteyðslan verði töluvert minni næstu 2 árin, t. d. 30 þús smálestir á ári, yrði hallinn samt unninn upp á því tímabili eða því sem næst. Brtt. mín gengur því ekki hálfa leið við það, sem stjórn Fiskifjelagsins hafði óskað, enda hafði jeg ekki óskir hennar fyrir augum. Jeg hafði fyrst hugsað mjer að lækka tollinn niður í 5 kr. Færði jeg það í tal við nokkra þm., en þeir álitu, að svo mikil lækkun væri ekki vænleg til sigurs. Þess vegna þorði jeg ekki að lækka tollinn meira en niður í 8 kr., þótt mjer væri hitt miklu skapfeldara. En úr því að nefndin segist vilja fallast á tilmæli Fiskifjelagsins, ætti hún að lækka tollinn niður í 4—5 kr. Jeg sje ekki betur en að stjórnin megi vel við una að fá hallann upp borinn á 5 árum. Það er og hverju orði sannara sem stjórn Fiskifjelagsins hefir tekið fram, að margt gjaldið hvílir á sjávarútveginum um þessar mundir, en hins vegar ósýnt um arð. Hann er nægilega illa staddur, þó að ekki sje öllum hallanum af saltkaupum landsverslunar dembt á hann þar að auki á einu ári.

Síðari málsgrein brtt. minnar fer fram á, að tollinum skuli ljett af næstu áramót eftir það, að áhallinn er upp unninn. Það er ekki nefnt einu orði í frv. á þgskj 90, hve nær tollurinn skuli ganga úr gildi. Að vísu er sagt í greinargerðinni við frv., að ráðgert sje, að tollurinn falli úr gildi, þegar hallinn sje unninn upp. En mjer virðist, að einlægara sje að taka það skýlaust fram í lögunum sjálfum, hve nær tollurinn skuli falla úr gildi. Eftir brtt. minni getur tollurinn ekki legið á sjávarútveginum nema í lengsta lagi upp undir eitt ár, eftir að skakkinn er upp unninn, en tíminn getur líka orðið miklu styttri. En ef ekki stendur nokkurn veginn rjett á um nýár, þá mun ekki mikið um það fengist, því að landssjóður fær hagnaðinn. Hinu mótmæli jeg, að það sje nokkrum erfiðleikum bundið að komast að raun um, hversu mikið flyst til landsins af salti árlega. Stjórninni ætti að vera innan handar að afla sjer upplýsinga um það fyrir hver áramót, hve mikið hefir flust inn af salti, og veit því, hve nær tollurinn skal unninn úr gildi. Jeg vona því, að háttv. þingdeild sjái, að þessi brtt. mín er til bóta og getur ekki komið stjórninni í neinar ógöngur. Og jeg veit, að útgerðarmönnum er geðfeldara, að tekið sje fram í lögunum hve nær tollurinn skuli falla úr gildi, jafnvel þótt það dragist um part úr ári eftir að landssjóður hefir fengið hallann upp borinn.

Pjetur Ottesen: Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hefir tekið margt fram af því, sem jeg vildi sagt hafa. Jeg vildi leggja sjerstaka áhersla á það, að þessum salttolli sje ekki haldið lengur en nauðsyn krefur til þess að vinna upp hallann, sem orðið hefir af saltversluninni. Því að eins og háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) tók fram, er ekki gert ráð

fyrir í greinargerð fjárhagsnefndar, hve nær tollinum skuli af ljett. En við þekkjum það ofurvel, að þegar tollur er kominn á einhverja vöru á annað borð, gengur seint að fá honum af ljett. Hitt er miklu tíðara, að tollinum hafi ekki verið að eins haldið við, heldur hefir verið bætt ofan á hann, sbr. kaffitoll, sykurtoll, tóbakstoll o. m. fl. Jeg vil þess vegna, að það sje tekið skýrt fram, að tolli þessum sje ekki haldið lengur en nauðsynlegt er til að bæta þann halla, sem orðið hefir á saltversluninni.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hefir talið hallann af saltverslueinni vera um ½ milj. kr. Af því má sennilega ætla, að saltverslueinni hafi verið haldið sjerskildri, eigi verið ruglað saman við aðrar vörur landsverslunarinnar. En í sambandi við þetta vildi jeg spyrja hæstv. stjórn, við hvaða verð tollurinn hefir verið miðaður, hvort hann hefir t. d. verið miðaður við það verð, sem nú er á salti. En þess er að gæta, að saltverðið lækkar. Þess ber að gæta, að nokkur allverulegur hluti af saltbirgðum þeim, sem landsverslunin nú liggur með, er enskt salt, sem er óhæft til fisksöltunar. Að minsta kosti ekki notað ef annað salt fæst. Má því gera ráð fyrir allmiklu verðfalli á þessu salti, þegar betra salt kemur á markaðinn. Eins má gera ráð fyrir, að allmikil rýrnun verði á saltbirgðum þeim, sem nú eru fyrirliggjandi. Það má því gera ráð fyrir, að tapið verði meira en hæstv. fjármálaráðherra hefir gert ráð fyrir. Eins vil jeg leggja áherslu á það, að þessari saltverslun verði haldið sjerskildri, svo tap, sem verða kann á öðrum vörutegundum, sje ekki fært yfir á saltið, og tollinum á þessari vörutegund þar með haldið lengur en raunverulega rjettmætt er.

Það er óumflýjanlegt, að landssjóður nái upp þeim halla, sem hann hefir beðið af saltverslueinni, á þeirri vörutegund. En leiðin til þess er sennilega heppilegust, að tollinum sje jafnað niður á nokkur ár, eins og stjórn Fiskifjelagsins hefir farið fram á. Það kemur miklu vægar niður á þeim, sem þurfa að nota saltið. Að leggja 12 kr. toll á hverja smálest af salti, eins og frv. það, sem fjárhagsnefnd flytur, að tilhlutun stjórnarinnar, gerir ráð fyrir, og að ná þar með upp öllu tapinu á einu ári, er alt of freklega í farið. Sá tollur er fullkomlega helmingur þess verðs, er smálestin af salti var seld hjer fyrir stríðið. Þetta nær því ekki nokkurri átt. Brtt. hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) er þá sanni nær, en rjettara þó að dreifa þessu á fleiri ár. Jeg óska þess vegna, að fjárhagsnefnd taki tilmæli Fiskifjelagsins til greina og komi með brtt í samræmi við þau við 3. umr. málsins.

Fjármálaráðherra (S. E.): Menn gleyma því of oft, þegar rætt er um þennan salttoll, að hann er lagður á til þess að gera sjávarútveginum hægra fyrir. Ef landssjóður hefði viljað fá alt saltverðið undir eins inn, hefði smálestin kostað 250 kr. Og þetta hefði landssjóður getað gert með einokun. En af því að stjórnin skildi vel, að tillit þurfti að taka til sjávarútvegsins, færði hún saltverðið niður um 100 kr. Þar af stafar þessi tollur. Fiskifjelagið kannast og við það, að halli þessi eigi að vinnast upp aftur. Og sömu skoðunar eru allir, sem líta með nokkurri sanngirni á málið. Hitt er álitamál, á hversu löngum tíma hallinn skuli vinnast upp. Það er auðvitað vinningur fyrir landssjóð að fá hallann sem fyrst upp borinn. Og það er rangt, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hjelt fram, að landssjóð muni engu, hvort hann fengi hallann bættan undir eins eða á nokkrum árum. Frá sjónarmiði landssjóðs er ekki ósanngjarnt, að hann nái upp hallanum sem fyrst.

En samt mun stjórnin geta fallist á brtt. háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), þá að tollurinn verði 8 kr., en það þýðir 7 kr., því vörutollurinn var áður 1 kr. Það er óvíst, hversu langan tíma tæki að vinna upp hallann með

þessu móti; það færi eftir því, hversu miklar saltbirgðir flyttust til landsins. Ef aðflutningurinn verður álíka mikill og tvö síðustu árin, tekur það 4 ár. Ef hann verður álíka mikill og fyrir stríðið, tekur það styttri tíma. En hyggilegast er að fara gætilega í þessu efni og miða við tvö síðustu árin. Annars vill Fiskifjelagið auðvitað fara sem lengst í kröfum sínum. Tollurinn yrði þess vegna að færast langt niður, ef fullnægja ætti þeim. Hins vegar er eðlilegt, að landssjóður vilji fá upp borinn hallann sem allra fyrst.

Jeg skal taka það fram, að stjórnin mun ekki gera ágreining um 2. tölulið brtt. En í sambandi við fyrirspurn hv. þm. Borgf. (P. O.), um það, hvort saltreikningnum væri haldið sjer, vil jeg geta þær upplýsingar, að svo er. Hann spurði enn fremur, hvort miðað væri við það verð, sem nú er á salti, eða gert væri ráð fyrir verðfalli á því og rýrnun. Um þetta efni get jeg vísað til ummæla minna við 1. umr. málsins, þar sem jeg tók fram, að ef saltið yrði selt á kr. 150.00, þá mundi hallinn á því verða hjer um bil kr. 383,000.00, en þar sem óvarlegt væri að gera ráð fyrir, að alt saltið seldist þessu verði, þá taldi jeg, að hallinn mundi verða um ½ miljón króna.

Það er rjett hjá háttv. þm. Borgf. (P. O.), að varla er við að búast, að alt það salt, sem eftir er, seljist með 150 kr. verði tonnið, og með fram með tilliti til þess er gert ráð fyrir, að tapið á saltinu muni nema hálfri miljón króna; þó skal jeg taka það fram, að rjett þessa dagana fjekk jeg skýrslu frá landsversluninni um, að nú væru eigi eftir nema 2409 tonn óseld af saltinu; svo mikið hefir selst af því síðan 1. júní. Það er því ekki líklegt, að hallinn verði öllu meiri en hálf miljón króna, þótt selja þurfi eitthvað af því, sem eftir er, undir 150 kr. tonnið. Þó verður ekki sagt um það með vissu, og síst ástæða til nje ráðlegt að setja tollinn lægri en hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) stingur upp á í brtt sinni.

Stjórninni hefir aldrei komið það til hugar, að salttollinum yrði varið til nokkurs annars en til að jafna upp hallann við saltsöluna, enda væri annað óverjandi. Tollur þessi á eingöngu að leggjast til að bæta úr því, að saltið hefir nú um hríð verið selt undir sannvirði; stjórnin greip til þessa úrræðis til þess, að menn gætu sem fyrst fengið salt með tiltölulega lágu verði; og hún gerði það eingöngu til að ljetta undir með sjávarútveginum.

Frsm. (Einar Árnason): Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) vildi bera brigður á, að fjárhagsnefnd hefði tekið tillit til óska Fiskifjelagsins. En þar mun sitt sýnast hverjum. Hitt er auðsætt, að fjárhagsnefnd varð að fara mjög varlega í áætlun sína um innflutning á salti; annað var ekki forsvaranlegt, hvað sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) svo kann að sýnast. Nefndinni fanst langábyggilegast að miða áætlunina við innflutninginn tvö síðustu árin; framtíðarhorfur allar eru þannig, að valt er að byggja á, að aðflutningar muni bráðlega komast í sama horf sem áður. Það er því eðlilegt, að nokkuð skjóti skökku við með útreikninginn, þar sem háttv. þm. (B. Sv.) reiknar með 40 þús. smálesta innflutningi, en nefndin gerir ekki ráð fyrir meiru en 20 þús., eins og hann var 2 síðastl. ár.

Þess ber og að gæta, að eftir brtt. háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) verður tollurinn á tonni af salti ekki 8 kr., heldur að eins 7 kr., þegar vörugjaldið, sem nú hvílir á salti, er dregið frá.

Að svo stöddu er eigi unt að segja, hve mikið tap muni verða á salti því, sem landsverslunin hefir nú; það er ekki hægt að segja með vissu, fyrir hvaða verð hún muni geta selt það,nje heldur hver rýrnun muni verða. Þó taldi nefndin líklegt, að

tapið mundi með 8 kr. tollinum vinnast upp á hjer um bil 4 árum. Það er annars óþarfi að deila um þetta atriði, því að flestir eða allir sýnast ásáttir um 8 kr. tollinn. En þá er hitt atriðið, hve nær tollurinn skuli látinn falla niður. Hv. þm. Borgf. (P. O.) vildi, að það væri tekið skýlaust fram í lögunum, að tollurinn skyldi eigi lengur standa en á meðan verið væri að vinna upp hallann á sölu landssjóðssaltsins; þó vill hann aðhyllast viðaukatill. hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) við 3. gr. frv., en eftir henni gæti svo farið, að salttollurinn hjeldist við því nær heilt ár eftir að unninn væri upp hallinn á saltinu; það gæti staðið svo á, að búið væri að vinna upp hallann skömmu eftir nýár, en eftir tillögunni á salttollurinn eigi að síður að haldast til næsta nýárs þar á eftir. Jeg fæ því eigi sjeð, að þessi tillaga sje aðgengilegri fyrir sjávarútveginn, en yfirlýsingin í greinargerðinni fyrir frv., síður en svo.

Eins og jeg tók fram, er það tilætlun fjárhagsnefndar, eins og líka kemur fram í greinargerð frv. þessa, að lög þessi standi eigi lengur en nauðsynlegt er til að fá endurgreiddan hallann á verslun landsins með salt, en ekki lengri eða skemri tíma eftir það, eins og orðið getur, ef viðaukatillagan er samþykt. Þessi er tilætlun fjárhagsnefndar og hinnar núverandi stjórnar; en auðvitað er ekki hægt að vita, hvað önnur þing eða önnur stjórn kann að gera. (*B. K.*: Einmitt þess vegna er nauðsynlegt, að það standi í lögunum sjálfum, hve nær þau skuli falla úr gildi). Síðari þing geta eins breytt þessu, þó það standi í lögum.

Enn er einn annmarki á brtt. Það getur verið, að hallinn sje unninn upp skömmu fyrir nýár, en stjórnin hafi ekki fengið í hendur skýrslur, er sýni það, fyr en í febrúar eða mars næsta ár, og tollur hafi því verið borgaður af salti þangað til. Það er hætt við, að það geti orðið nokkuð vafningasamt að endurgreiða þann toll, því næst liggur að skilja tillöguna þannig, að til þess sje ætlast.

Þá vildi jeg að lokum spyrja háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.): Hlýtur ekki vörutollur á salti að falla niður jafnframt salttollinum, ef viðaukatillagan verður samþykt.

Pjetur Ottesen: Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) gat þess, að með frv. þessu væri verið að gera sjávarútveginum ljettara fyrir. (*Fjármálaráðherra*: Jeg sagði, að það væri einn liður í dýrtíðar- og ófriðarráðstöfunum stjórnarinnar). Jæja, látum svo vera. En með því einu móti getur hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sagði, að með þessu sje verið að ljetta undir með sjávarútveginum, að hann grýpur nú, sem oftar, til einokunargrýlunnar og hampar henni framan í þingið. Því auðsætt var, að stjórnin hefði orðið að sitja með sitt salt óselt jafnskjótt og hægt var að fá það hingað með lægra verði en landsverslunarsaltið var selt fyrir. Gat hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) því ekki fóðrað orð sín með öðru en einokunarógnunum. Mjer dettur ekki í hug að hafa á móti því, að þeir, sem saltið nota, og það var sjerstaklega keypt fyrir, borgi salttollinn, en vildi koma því svo fyrir, að þeim yrði gert það sem hægast, og það verður með því, að honum sje jafnað niður á nokkur ár. Jeg veit, að landssjóði muni ekki veita af að fá sem fyrst peninga sína, en besta ráðið til þess er að leggja sem allra minstar hindranir í veginn fyrir atvinnuvegina. Það er ekki mikið gagn að því að leggja svo og svo háan toll á salt, ef hann verður til þess, að menn sjái sjer ekki fært að nota það fyrir dýrleika sakir.

Það mátti skilja orð hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) þannig, að jeg væri að færast undan því, að saltnotendur greiddu hallann, sem verða mun á landsverslunarsaltinu, þar sem hann var að tala um, að allir sanngjarnir menn væru sammála um,

að þeir ættu að greiða hann. Slík orð var ástæðulaust að hafa í því sambandi, sem þau voru töluð, nema því að eins, að hann vildi skipa mjer, og þá háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), í flokk ósanngjarnra manna, sem vildu skjóta sjer undan tollgreiðslunni. En það þykist jeg ekki eiga skilið, því að jeg hefi ekki mælt á móti tollinum, heldur að eins upphæð hans á hverju tonni a salti, og hinu, að hann verði ekki heimtaður lengur en meðan verið er að vinna upp hallann.

Háttv. frsm. (E. Árna.) setti það út á viðaukatillöguna, að verið gæti, að hallinn yrði unninn upp snemma á ári, en eftir henni ætti þó eigi að síður að heimta inn tollinn til ársloka. Það er þó sá kostur við hana, að það er sett fast tímatakmark fyrir afnámi tollsins, en ekkert í frv. og með óákveðnum orðum í greinargerðinni fyrir frv. Nú virðist það liggja í loftinu hjá sumum, að þing muni eftirleiðis koma saman árlega, og mundi þá á því þingi, er kæmi saman næst eftir að vitneskja er fengin fyrir því, að hallinn sje unnin upp, vera hægt að gera ráðstafanir til þess, að þeim tilgangi yrði því sem næst bókstaflega náð, að eigi yrði greiddur meiri tollur af salti en til að vinna upp hallann af fyrirliggjandi saltbirgðum. En annars er stjórninni í lófa lagið að fylgjast með í því hvað tollgreiðslunni líður, og haga sjer eftir því.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það leit út fyrir, að hv. þm. Borgf. (P. O.) hneykslaðist á því, er jeg sagði, að saltkaup stjórnarinnar hefðu verið einn þáttur í dýrtíðarráðstöfunum hennar. Jeg vil spyrja: Hvernig mundi hafa farið fyrir sjávarútveginum, ef landsstjórnin hefði ekki ráðist í að kaupa salt, þótt hún gæti búist við, að halli yrði á því? Og við því mátti ísennleika búast, verðlækkunin sveif altaf yfir og hún skall á meðan stjórnin lá með allmiklar saltbirgðir. Einmitt af því, að útlitið var þetta, drógu kaupmenn sig í hlje með það að birgja sig upp með salt, eigi síður en ýmsar aðrar vörur, og var þeim það í sjálfu sjer ekki láandi. Landsstjórnin hljóp þá undir bagga og tók á sig áhættuna, til þess að bjarga við sjávarútveginum, og finst mjer hann mega vera þakklatur fyrir það, enda hefi jeg talað við marga, sem þá skoðun hafa. En hitt liggur og í augum uppi, að landssjóður gat ekki tekið á sig þessa áhættu og halla þann, sem henni fylgdi, nema með því að fá hann bættan upp síðar. Þetta vona jeg, að hv. þm. (P. O.) skilji. (*P. O.*: Það hafa ekki komið fram mótmæli gegn því, sem hæstv. ráðherra segir, og því óþarft að orðlengja um það).

Nú er útlitið orðið það, að ekki eigi að heimta nema 7 kr. viðbótartoll af hverju tonni af salti. Það sýnist því ástæðulaust að vekja hjer deilur og úlfúð út af þessum tolli, þar sem ekki er dýpra tekið í árinni. Það er sýnilegt, að allir hjer vilja hlaupa undir bagga með sjávarútveginum, og fyrir það ættu meðhaldsmenn hans að vera þakklátir.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) kvað landssjóð mundu liggja með allmikið af ensku salti, og að það vildu menn eigi nota til fiskverkunar. Sem stendur veit jeg ekki, hve mikið er fyrirliggjandi af þessu salti; en það veit jeg frá einum af forstjórum landsverslunarinnar, að sumir, t. d. Vestmannaeyingar, vilja einmitt þetta salt.

Jeg tek það enn fram, að eigi er aflögu tími til að deila um þetta atriði, sem allir sýnast í raun rjettri sammála um, allir sammála um, að rjett hafi verið af landinu að hlaupa undir bagga með sjávarútveginum og tryggja honum salt meðan horfurnar voru erfiðar, og rjett, að sjávarútvegurinn beri hallann sem af ráðstöfunum þessum leiddi. Með 7 kr. tolli á salttonnið tel jeg líklegt, að 3—4 ár þurfi til að vinna upp hallann, miðað við líka salteyðslu sem síðustu árin.

Benedikt Sveinsson: Mjer finst það óþarfi af hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), og eigi á rökum bygt, að varpa því fram, að hjer sje verið að vekja deilur um salttollinn og saltkaup landsstjórnarinnar. Allir sýnast ásáttir um, að salttollinn skuli leggja á, og Fiskifjelagið þar á meðal Það hlýtur því að stafa af ofheyrn hjá hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), er hann talar um deilur út af tollinum. Um tollálagninguna greinir menn ekki á, heldur um það eitt, á hve löngum tíma eigi að vinna upp hallann á saltkaupum landsstjórnarinnar. Það er dálítið undarlegt að heyra hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) tala um það, að sjávarútvegurinn megi vera stjórninni þakklátur fyrir það, að hafa ekki orðið að sæta þyngri kjörum af hennar hendi en raun er á orðin. Henni hefði verið innan handa að hafa einokun á salti framvegis, segir hann. Það er rjett eins og hann hafi í bili gleymt því, að stjórnin er hjer ekki einráð, en að það hlaut að koma til þingsins kasta að kveða á um, hvort einokuninni skyldi haldið eða ekki, eins og það yfir höfuð verður þingið, en ekki stjórnin, sem að lokum kveður á um það, hverjum tökum sjávarútvegurinn skuli beittur. Jeg held því fram, að tollurinn sje settur fullhár, og að ekki sje rjett að miða hann við saltinnflutninginn tvö síðustu árin, því að það dylst engum, að ófriðurinn hefir lagt ýmsar hömlur á sjávarútveginn og dregið mjög úr saltneyðslu í landinu. Þá munaði ekki heldur lítið um það, er 10 botnvörpungar voru seldir hjeðan úr landi nú fyrir tveim árum. En nú stendur fyrir dyrum, að jafnmargir eða fleiri bætist í skarðið í haust og í vetur. (*S. E.*: Er víst, að þeir muni fiska í salt?) Það er lítil ástæða til að ætla, að þeir muni ekki halda því áfram líkt og að undanförnu, hvort heldur sem litið er til hins háa kolaverðs, sem dregur úr Englandsferðum botnvörpunganna, eða útlits á saltfiksverði nú um sinn. Auk þess eru allar horfur þær, að útgerð muni aukast að öðru leyti og þar með notkun á salti.

Þá er um hitt að ræða, hve nær skattur þessi eigi niður að falla. Þar höfum vjer ekkert annað fyrir oss en óljós orðagreinargerð frv. og vilyrði hv. frsm. (E. Árna.). Þó dró hann sjálfur allmjög úr þessu, er hann sagði, að enginn vissi nú, hverjir sætu þá á þingi, er tollurinn ætti niður að falla, nje heldur hvaða stjórn sæti þá að völdum, og þar af leiðandi væri eigi hægt að segja nú, hvernig þá mundi verða litið á málið. Þetta sýnir ljóst, hve nauðsynlegt er að taka fram í lögunum sjálfum, hve nær þau skuli falla úr gildi.

Þá drap hv. þm. (E. Árna.) á, að það væri ekki heppilegt fyrir sjávarútveginn, að ákveðið væri í lögunum, að þau falli úr gildi um næsta nýár eftir að hallinn á saltinu væri unninn upp; kvað hann stjórnina ekki mundu hafa fengið allar skýrslur um saltsölu og saltbirgðir um nýár, og ekki fyr en komið væri fram í mars eða apríl. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. (E. Árna.), því að, eins og jeg sagði áður, á stjórninni að vera innan handar að ná í skýrslur þessar á örfáum dögum með símskeytum, og engin ástæða að væna hana að óreyndu um ófyrirgefanlegt seinlæti í því. Það á að vera innanhandar fyrir stjórnina að sjá undir árslokin, hve nær lögin muni mega falla úr gildi, og það er engin ástæða að taka lögin svo bókstaflega, að þótt nokkrar krónur vantaði um nýár upp á að hallinn væri að fullu unninn upp, að láta lögin fyrir þá sök gilda alt næsta árið.

Hver mundi verða afleiðingin af því, ef frv. yrði látið ganga fram óbreytt? Við höfum óljós loforð fyrir því, að lögin skuli falla úr gildi, þegar hallinn sje unninn upp. En ekki falla þau úr gildi af sjálfu sjer, ef í þeim er ekkert um það fyrir

mælt; og ef stjórnin sýnir annan eins slóðaskap og hv. þm. (E. Árna.) gerir ráð fyrir, þá getur það dregist, að þau hverfi úr sögunni. Eða gerir hv. þm. (E. Árna.) ráð fyrir, að stjórnin fari að gefa út bráðabirgðalög um, að lög þessi skuli falla úr gildi, þegar hún einhvern tíma seint og síðar meir hefir fengið vitneskju um, að þeirra þurfi ekki lengur við? Ef til vill ætlast hann til, að beðið sje til næsta þings með það að fella þau úr gildi, og lægi það óneitanlega beinast við.

Jeg sje ekki, hvað hv. þm. (E. Árna.) getur haft á móti brtt., því að hún fer ekki fram á neitt annað en það, sem hann segir að sje tilgangur frv., en gerir það að eins auðveldara að ná honum til fulls.

Hv. þm. (E. Árna.) spurði, hvað verða ætti um vörutollinn, þegar lögin fjellu úr gildi, ef brtt. fengi framgang. Jeg get beint alveg sömu spurningu að hv. þm. (E. Árna.), því að í frv. er ekki gert ráð fyrir, að vörutollurinn leggist aftur á salt, þegar lögin hverfa úr gildi.

En jeg geri ráð fyrir, að vörutollurinn muni aftur af sjálfu sjer falla á saltið, þegar þessi lög falla úr gildi, svo framarlega sem vörutollslögin sjálf verða þá eigi horfin úr sögunni. Að öðru leyti er hægt að laga þetta til 3. umr., því að þess er jafnmikil þörf, hvort sem frv. verður samþykt óbreytt, eða brtt. mínar komast að.

ATKVGR.

Brtt. 139,1. samþ. með öllum gr. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Brtt. 139,2. samþ. með 11 : 3 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., laugardaginn 26. júlí, þegar að loknum 17. fundi, var frv. tekið til 3. umr. (A. 90, með á orðnum breytingum samkv. A. 139).

Afbrigða var leitað um það, hvort málið mætti taka fyrir, og um alla meðferð þess í deildinni. Voru afbrigði leyfð og samþ. með 13 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. J., J. M., M. G., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þór. J., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., Ó. B.

nei: P. O., B. Sv., B. St.

Tíu þm. (B. J., B. K., E. J., J. B., M. P., M. Ó., P. J., S. St., Þorl. J. og Þór. J.) fjarstaddir.

Benedikt Sveinsson: Út af því, sem kom til orða við 2. umr. málsins, að tvímæli gæti leikið á um það, hvað yrði um vörutollinn, þegar lög þessi falla úr gildi, hefi jeg viljað leyfa mjer að bera nú fram brtt., til að varna tvímælum um þetta atriði. Brtt. er, að 3. gr. orðist svo: .... (sjá A. 180).

Eins og menn sjá, er hjer ekki um neina efnisbreytingu að ræða, heldur skýrara orðalag. Jeg leyfi mjer að afhenda hæstv. forseta till. þessa.

ATKVGR.

Brtt. 180. samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 28. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um aðflutningsgjald af salti,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 181).

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg leyfi mjer að leggja það til, að frv. þessu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 12 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., föstudaginn 8. ágúst, kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 181, n. 273).

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Ólafsson): Eins og nál. ber með sjer, hefir nefndin ekki getað orðið sammála. Formaður hennar hefir skrifað undir með fyrirvara. Frv. þetta er fram komið eftir ósk ráðuneytisins, og er tilgangur þess einungis sá, að ná upp halla þeim, er landsverslunin hefir orðið fyrir vegna saltverslunarinnar, enda sjest það glögt á frv., þar sem ætlast er til, að það falli úr sögunni þegar þessu takmarki er náð.

Í Nd. var tollurinn ákveðinn 12 kr. á smálest, en eftir beiðni Fiskifjelags Íslands hefir hann verið færður niður í 8 kr.

Verði frv. samþ., má gera ráð fyrir því, að hallinn náist upp á 4 árum; virðist það sæmilega langur tími og varla gerlegt að hafa hann lengri.

Athugandi er, að þótt tollurinn sje ákveðinn 8 kr. í frv., er hækkunin ekki nema 7 kr., þar sem nú er 1 kr. vörutollur á hverri smálest af salti, sem ætlast er til að falli niður, ef frv. þetta verður að lögum.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira um frv. þetta, en vænti þess, að hv deild samþykki það eftir tillögum meiri hluta nefndarinnar.

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Jeg skal ekki fjölyrða um frv. þetta við þessa umr.

Aðalástæðurnar til þess, að jeg get ekki aðhylst það, a. m. k. að svo stöddu, eru þannig lagaðar, að betur á við, að jeg komi fram með þær við 3. umr.

Við þessa umr. skal jeg að eins snúa mjer að 3. gr. frv., þar sem stendur: „Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, en falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að unninn er upp halli sá, er stafar af saltkaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.“

Í greinargerð frv., þegar það barst inn í þingið, sem sennilega má tileinka hæstv. stjórn, var til þess ætlast, að hallinn af saltversluninni væri greiddur með þessum tolli.

En samkvæmt 3. gr. frv. er ómótmælanlega farið fram á, að tekinn sje talsverður skattur fram yfir tjónið af saltversluninni, og getur sá ágóði orðið mikill.

Gæti svo farið, að við áramót vantaði að eins nokkrar krónur upp á, að tjónið væri greitt, og ættu þó lögin samkvæmt 3. gr. frv. að halda gildi sínu heilt ár í viðbót. Jeg get þessa af því, að útkoman í frv. er ekki samkvæm þeim ástæðum, sem gefnar voru í greinargerðinni.

Jeg skal ekki tala langt mál um þetta, en að eins geta þess, að mjer hefði þótt viðfeldnara, að gert hefði verið upp nokkurn veginn tjónið af saltversluninni og tekið fram í frv., að lögin fjellu úr gildi þegar því væri náð. Væri þetta einfaldast,

og auk þess girt fyrir, að þeir, sem greiða tollinn, ættu eftirleikinn í þessu máli.

Annars má drepa á það nú, að tjón hefir orðið á sölu fleiri vörutegunda en þessarar, og er þó ekki lagður skattur á þær, og á bili hafði landsverslunin gróða af saltversluninni, og er þó ekki minst á neinn frádrátt í frv.

Best væri að fá yfirlit yfir skifting taps og gróða landsverslunarinnar á hinum ýmsu vörutegundum. Ætti þetta að geta orðið kostnaðar- og umstangslítið, þar sem landsverslunin á því láni að fagna, að hafa útfarinn hagfræðing í þjónustu sinni.

Jeg mun ekki greiða atkvæði á móti því, að málinu verði vísað til 3. umr., en áskil mjer rjett til þess, ef til vill, að koma fram með brtt.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg veit, að hv. deild mun kunnugt um það, að saltbirgðir þær, sem til eru, voru keyptar vegna sjávarútvegsins, svo að ekki ræki til þeirra vandræða, að þessi höfuðatvinnuvegur landsins gæti fyrir saltleysi ekki haldið í horfinu.

Var fyrirsjáanlegt, ef stríðið hætti fljótlega, að verðtap mundi verða á saltinu, en engan gat grunað um stríðslokin. En brátt fyrir það, þó þessi óvissa væri yfir saltversluninni, þá taldi landsstjórnin skyldu sína að kaupa salt, enda varla von, að aðrir en landsstjórnin tækju þá áhættu á sig. Svo hefir nú og farið, sem vonlegt var, að landsverslunin sat með saltbirgðir, er stríðið hætti, og verðfall á þessu þarf nú að vinnast inn, og eðlilegast, að saltnotendur greiði hallann, þar sem áhættan var tekin vegna þeirra.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að æskilegt væri að vita, hvernig saltverslunin stæði, og er það eðlileg ósk og krafa.

Gaf jeg upplýsingar um það í hv. Nd., og er sjálfsagt, að jeg geri það einnig hjer.

.....

(Hjer er eyða í hndr., sem ræðumaður hefir ekki fylt.)

.....

Ekki er gott að segja, hve fljótt þessi halli vinst inn. Árið 1917—18 voru flutt inn ca. 20 þús. tonn af salti, og myndi hallinn þá, með sama innflutningi, vinnast upp á 4 árum.

Áður en stríðið hófst var flutt inn árlega að meðaltali ca. 40 þús. tonn, og mætti gera ráð fyrir slíkum innflutningi, næðist hallinn miklu fyr inn.

Mjer skilst, að allir sjeu sammála um að ná þessum halla inn með tolli.

Eins og kunnugt er, var tekin einkasala á kolum, til að ná upp samskonar halla á kolaversluninni, og hefði einnig mátt gera það með saltið, en mikla óánægju mundi það hafa vakið.

Landsverslunin lagði til, að saltverðið yrði fært niður sem fyrst, til að gera notendum þess hægra fyrir, en jafnframt var stjórninni og henni ljóst, að hallanum yrði að ná inn með tolli, og er því þetta frv. í raun og veru ekki annað en liður í þeim ráðstöfunum, sem stjórnin hefir gert til þess að greiða fyrir sjávarútveginum.

Meiningin er alls ekki sú, að gera saltið að tollstofni, frekar en orðið er, heldur einungis sú, að ná upp þessum halla.

Jeg skal geta þess, út af ummælum hv. þm. Ísaf. (M. T.) um 3. gr. frv., að brtt. við hana er komin inn í frumvarpið frá þeim hv. þm. í Nd., sem hlyntastir eru sjávarútveginum, og mun þeim ekki hafa þótt skifta miklu, þó svo stæði á, að nokkrar krónur slæddust inn í landssjóðinn um leið og upp væri gert.

Óheppilegt er, hversu langur dráttur er orðinn á að afgreiða þetta frv. Saltskip koma til landsins svo að segja daglega, og tapast tollur af þeim farmi, er þau flytja. Vona jeg, að hv. deild afgreiði frumvarpið fljótt.

Jeg þykist mega treysta því, að frum-

varpið nái fram að ganga, þar sem tollur sá, er ræðir um í því, er í raun og veru ekki annað en endurgreiðsla á láni.

Magnús Kristjánsson: Jeg býst við, að það sje álit deildarinnar, að mál þetta eigi fram að ganga sem fyrst, og því ekki ástæða til að fjölyrða um það.

Jeg stóð upp af því, að mjer virtist hv. þm. Ísaf. (M. T.) álíta, að ekki lægju fyrir nægilegar skýrslur frá landsversluninni um saltverslunina. Stjórnin hefir þó fengið þær skýrslur um málið, sem hún hefir talið fullnægjandi.

Saltverslueninni hefir, að minsta kosti upp á síðkastið, verið haldið út af fyrir sig, og ef eitthvað væri, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) óskaði upplýsinga um, er jeg fús á að gefa þær.

Sami hv. þm. (M. T.) mintist á, að „um tíma" hefði verið gróði á saltverslueninni. Jeg veit ekki, við hvaða tíma hv. þm. hefir átt, en að líkindum hefir það verið franska saltið, 1917. En þá, sem kunnugir eru þessu máli, hversu miklum örðugleikum það hefir verið undirorpið að flytja vörur — sjerstaklega kol, olíu og salt — til landsins á stríðsárunum, þar sem sumum skipunum var sökt, en önnur urðu fyrir stórtöfum, mun ekki furða á, þótt hagnaðurinn árið 1917 hafi hrokkið skamt til að greiða tjón af skipstöpum og skipstöfum.

Jeg skal ekki fara lengra út í málið; tel mjög óheppilegt, hversu lengi málið hefir verið á ferðinni hjer í deildinni. Landið tapar við hvern dag, sem líður, en einstakir menn græða, þar sem saltskip koma svo að segja daglega og von á miklu salti næstu daga. Vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, hvort eigi muni hægt að taka málið á dagskrá á morgun. (*S. E.*: Ef til vill í dag).

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Út af því síðasta skal jeg taka fram, að jeg er ekki undir það búinn að koma fram með brtt. í dag.

Viðvíkjandi drætti vísa jeg því frá mjer og nefndinni í Ed., að við eigum nokkra sök á honum.

Ef kenna má einhverjum einstökum um drátt, þá er það stjórnin, sem á sök á honum. (*Fjármálaráðh.*: Nú, vegna hvers?). Jeg skal víkja að því. Þegar frv. kemur í fjárhagsnefnd frá stjórninni, er tollurinn 12 krónur á hverri smálest, og auk þess eilífur — tíma þeim, er lögunum er ætlað að hafa gildi, er ekkert takmark sett. Frv. skýtur því alveg út fyrir mark það, sem því er sett í greinargerðinni.

Vænti jeg þess, að enginn lái okkur slordónunum, þótt við viljum ekki eiga eftirleikinn með að fá lögin numin úr gildi.

Drátturinn er því allur stjórninni að kenna.

Frv. skýtur enn yfir markið.

Í upphafi er eins og stjórnin hafi ætlast til, að sjávarútvegurinn borgi alt á einu ári. Eins og vænta mátti, er sagt við sjávarútveginn: Upp með budduna og ekkert mas.

Hann á ekki einungis að borga, heldur fær hann alls engan gjaldfrest.

Í því sambandi skal jeg geta þess, að jeg skil ekki hvað á því liggur að innheimta þetta tjón svona fljótt, nema íþyngja eigi sjávarútveginum á annan hátt, þegar þetta er greitt.

Mjer skilst, að það komi nokkurn veginn í sama stað niður fyrir ríkissjóð, hvort þetta er greitt á einu eða þrem árum — ef hann er ekki alveg á röndinni — þar sem stjórnin mun gæta þess, að láta sjávarútveginn greiða vexti af þessari upphæð.

Það hefir verið sagt, að skattur þessi sje ekki annað en endurgreiðsla á lánum, en jeg get ekki fallist á að skoða landsverslunina frá því sjónarmiði. Að vísu mun hún hafa verið stofnsett til að hjálpa atvinnuvegunum, en ekki er hægt að segja,

að skattur, sem lagður er á til að vinna upp tap á henni, sje endurgjald láns.

Jeg stend við, að eftir því, sem nú er orðið, má búast við, að tekinn verði drjúgur skildingur úr vasa sjávarútvegsins, og býst jeg við, að eins fari og með síldarhjálpina í fyrra, að ríkissjóður reikni sjer eitthvað fyrir ómak sitt.

Eins og sjest í greinargerð frv., er þetta ekki meiningin, og mun jeg því koma með brtt. við 3. **umr.**

Hvað ræðu hv. þm. Ak. (M. K.) viðvíkur, átti jeg ekki við saltið frá 1917. Mig minnir, að í byrjun stríðsins hafi landssjóður flutt inn bæði salt og kol, og býst jeg við, að þær vörur hafi verið seldar með ágóða. Núverandi fjármálaráðherra er ekki að kenna, að ekki var haldið lengur áfram á þeirri **braut.**

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) var að tala um linkind. Það verður eitthvað annað uppi á teningnum, ef menn bera þetta saman við það, sem gerist í öðrum löndum; jeg þekki ekki dæmi þess þar, að menn reyni til þess að ná upp tjóni því, sem leitt hefir af ófriðnum, á 1—2 árum; t. d. dettur Dönum ekki í hug að ná upp slíku tjóni strax, þó að skifti fáeinum miljónum **króna.**

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er misskilningur að kenna stjórninni um drátt þann, sem orðið hefir á meðferð þessa frv.; stjórnin lagði þvert á móti áherslu á það, að frv. yrði afgreitt sem fyrst. Fyrir Nd. var frv. lagt 15. júlí, upphaflega með 12 kr. tolli á tonnið, en þó lýsti stjórnin yfir því, að hún gæti fallist á að hafa tollinn 10 kr., en lyktir urðu þær á, að samkomulag varð þar í deildinni um 8 kr. toll af tonni. Fyrir hv. Ed. var frv. lagt þann 28. júlí, en nú er 8. ágúst. Það mun sönnu nær, að töfinni valdi gustur sá, sem stendur jafnan af hv. þm. Ísaf. (M. T.) gegn öllu, sem hann telur til álagna á sjávarútveginn; hv. þm. (M. T.) þolir ekki, að komið sje nálægt þeim atvinnuvegi á nokkurn hátt.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) hneykslaðist á því, er jeg hafði sagt, að hjer væri um endurgreiðslu á láni að ræða. Hv. þm. veit þó, að enginn kaupmaður vogaði eða reyndi til þess að kaupa salt, og þess vegna, beint til þess að bjarga sjávarútveginum, var afráðið, að landssjóður keypti saltið. Hjer er því í raun og veru ekki um annað en lán að ræða. Það hefði verið gaman að heyra hljóðið í sumum, þar á meðal hv. þm. Ísaf. (M. T.), ef stjórnin hefði ekki tekið þetta ráð. Það hefði verið hægt, og í samræmi við verslunarreglur, að selja þessa vöru, saltið, við því verði, sem hún stóð landinu í, en stjórnin sýndi þessum atvinnuvegi þá linkind, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) svo nefnir, að lækka verðið jafnskjótt sem hægt var, og leggur nú þar að auki til þess, að frestur verði á endurgreiðslunni, svo að lánið greiðist á 4 árum.

Jeg fæ ekki sjeð neina rjettmæta ástæðu til þess að vera á móti frv., og það er ekki þýðingarlaust fyrir landið að fá lánið endurgreitt á stuttum tíma. Hv. þm. Ísaf. (M. T.) segir, að annarsstaðar sje ætlast til þess, að lán út af ófriðarráðstöfunum sjeu endurgreidd á mörgum árum. Jeg skal geta þess, að jeg hefi átt tal við marga fjármálamenn, sem allir eru sinnuga um það, að ná beri inn halla þeim, sem af ófriðnum hefir leitt, sem fyrst, enda er það skiljanlegt, þar sem þjóðarhagir hafa batnað sumsstaðar stórkostlega við stríðið.

Ástæður þær, sem hv. þm. Ak. (M. K.) færði fyrir því að hraða málinu, ættu að vera öllum auðskildar, með því að landssjóður getur tapað miklu fje, ef málið er dregið, en hins vegar er von á mörgum skipsförmum á næstu vikum. Æskilegast væri því, að 3. umr. færi fram á morguna, eða helst í dag, ef þess væri kostur.

Halldór Steinsson: Mönnum kann að þykja það undarlegt, að jeg stend upp með fram til þess að bera blak af formanni nefndarinnar, hv. þm. Ísaf. (M. T.).

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fórust sem sje svo orð, að gustur sá, er stæði af hv. þm. Ísaf. (M. T.), myndi hafa valdið töf þeirri, er honum þótti hafa orðið á málinu. Jeg verð að lýsa yfir því, að það er allsendis rangt, að formaðurinn hafi á nokkurn hátt tafið málið, enda ekki rjett, að málið hafi legið lengur í nefnd en eðlilegt er, með því að frv. kom ekki til Ed. fyr en 28. júlí, og er nú komið til 2. umr., þann 8. ágúst; þetta mun vera í stysta lagi, eftir þeim reglum, sem venjulegar eru um meðferð mála í nefndum.

En það er annað atriði, sem jeg verð að vera ósamþykkur háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um, og það er það, að hann vill ekki kannast við það, að hjer sje um endurgreiðslu á láni að ræða. Vægari orð verða þó ekki um þetta höfð. Það er öllum vitanlegt, að þegar landsverslunin lækkaði verðið, var það mest sjávarútveginum í vil, og hver ætti þá að borga þann halla, sem orðið hefir á saltversluninni? Auðvitað þeir, sem góðs hafa notið af lækkun verðsins, sem sje sjávarútgerðarmenn. Þess vegna er rjettmætt að kalla þetta endurgreiðslu. Mjer virðist málið vera svo einfalt, að það ætti að geta gengið hljóðalaust áfram, jafnvel þótt 3. umr. væri höfð þegar í dag.

Kristinn Daníelsson: Mjer skilst, að það muni vera orðið samkomulag um það í þinginu, að frv. þetta gangi nú fram, enda mun því engin töf verða að mjer. En jeg get ekki látið vera að taka það fram, að jeg get engan veginn fallist á skilning þeirra manna, sem halda því fram, að hjer sje um lán að ræða handa sjávarútveginum. Þegar landsverslunin útvegaði saltið, var það ekki eingöngu vegna sjávarútvegarins, heldur vegna allra landsmanna. Menn mega sem sje ekki gleyma því, að ef sjávarútvegurinn hefði fallið í kaldakol, þá hefðu byrðar þær, sem sá atvinnuvegur ber, orðið að flytjast yfir á aðra gjaldstofna. Því er það, að þótt einum atvinnuvegi sje hjálpað í bili, þá get jeg ekki fallist á það, að um lán sje að ræða. Það er gott að hjálpa atvinnuvegunum, og þá hjálp eiga allir að bera í sameiningu, með því að hjálpin er í rauninni styrkur til hinna atvinnuveganna. Annað mál er það, að þessi atvinnuvegur er ef til vill færari um að bera þetta sjálfur en aðrir atvinnuvegir. En jeg vil vekja athygli á því, að það er rangt að byggja á því, að verðið á fiskinum geti ekki fallið að sama skapi sem saltið fellur.

Karl Einarsson: Jeg stóð að eins upp til þess að reyna að sýna fram á, að reikningur sá, sem hæstv. fjármálaráðherra kom fram með um hallann, sje ekki rjettilega útfærður. Í frv. er gert ráð fyrir 383 þús. kr. halla, þar með að sjálfsögðu talin rýrnun og kostnaður við sölu; meiri halla þarf því ekki að gera ráð fyrir, nema því að eins að saltið falli niður úr 150 kr. Samt segir hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), að allur hallinn muni verða um 600 þús. kr., og gerir ráð fyrir því, að 4 ár þurfi til að greiða hann með 8 kr. tolli á tonnið. Þetta getur ekki verið rjett. Ef miðað er við saltflutning hingað 1918 og gert er ráð fyrir, að 20 þús. tons flytjist inn á ári, þá þarf ekki nema 5 kr. toll á tonnið til þess að hallinn, þessar 383 þús. kr., jafnist á 4 árum. Þess vegna ætti að vera nægilegt að hafa tollinn ekki hærri. Stjórnin hefir sem sje lýst yfir því, að nægilegt sje að borga hallann á 4 árum, og á því er frv. bygt. Jeg mun því við 3. umr. koma með brtt. í þessa átt, þ. e. að tollurinn verði 5 kr. Annars skal jeg taka það fram, að jeg greiði nauðugur atkvæði með frv. þessu, og þó því að eins

að brtt. mín verði samþykt. Jeg get ekki annað en tekið undir það með hv. 2. þm. G.-K. (K. D.), að hjer sje ekki um lán handa sjávarútveginum að ræða, heldur eigi landið í heild sinni jafnan hlut að máli. Það mundi hafa lækkað í landssjóði, bönkum hjer liðið illa og dofnað yfir fyrirtækjum þessa lands, ef sjávarútvegurinn hefði fallið niður. Þetta segi jeg ekki af því, að jeg vilji í nokkru halla á landbúnaðinn, enda hefi jeg ekki sýnt mig að því að vilja halla á hann nje aðrar atvinnugreinar, sem miða til þess að halda þjóðinni í tölu siðaðra þjóða. En það er óneitanlegt, að frá sjávarútveginum stafar meiri hluti fjár landssjóðs.

Jeg fæ ekki skilið það, að ekki standi á sama, hvort hallinn er borgaður á 4 eða 6 árum, en mjer er nær að halda, að með áætlun stjórnarinnar verði hann greiddur á 3 árum. Það eru engar líkur til þess, að saltið lækki, meðan landsverslunin hefir sölu þess á hendi. Fragtir munu ekki falla á þessu ári. Eftirspurn eftir skipum er svo mikil, jafnvel seglskip er erfitt að fá, og þau halda frögtunum jafnhátt sem gufuskipin.

Hitt er rjett, að ef afgreiða á þetta frv. nú, þá er full ástæða til þess að gera það þegar í stað, af ástæðum, sem liggja í augum uppi og teknar hafa verið fram.

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttv. þm. Vestm. (K. E.) taldi hallann of hátt reiknaðan hjá stjórninni. En hann hefir ekki athugað það, að það sem á vantar ½ miljón, kemur fram við það, að vel getur svo farið, að selja þurfi saltið undir 150 kr. tonnið: landsverslunin hefir þegar neyðst til þess að færa verðið niður, og það getur orðið enn lægra. Það er altaf óvarlegt að hafa áætlanir of lágar, og eftir upplýsingum frá landsversluninni má gera ráð fyrir ½ miljón kr. halla, og lætur þá nærri, að hallinn jafnist á 4 árum. En verði saltflutningurinn sjerlega mikill, þá vinst hallinn auðvitað upp á styttri tíma.

Það var eitt, sem jeg skildi ekki í ræðum hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) og hv. þm. Vestm. (K. E.), en það var það, að þeir sögðu, að líta bæri á landsheildina, og að lán þetta væri í hennar þágu, en ekki sjávarútvegarins eins. Fyrir mjer stendur það svo, að alt, sem hlynt er að sjávarútveginum eða landbúnaðinum, sje gert fyrir landsheildina En þegar saltið er keypt handa sjávarútveginum eða notendum saltsins, sem auðvitað eru fleiri, en þó aðallega sjávarútvegsmenn, þá er eðlilegt, að endurgreiðslan komi fram á sjávarútveginum; sjálft Fiskifjelagið er og á þeirri skoðun, þótt það vilji teygja endurgreiðsluna yfir lengri tíma.

Jeg hefi gleymt að mótmæla því í ræðu háttv. þm. Ísaf. (M. T.), er hann sagði, að ætlast hafi verið til þess í stjórnarfrv., að þessi tollur yrði eilífur. Þessu var nótmælt bæði í ræðu, sem fylgdi frv. frá stjórninni, og í mótivum frv., að mig minnir. Það var þá ákveðið tekið fram, að tollur þessi væri tekinn upp til þess að vinna upp hallann. Þessu var lýst yfir í báðum deildum, og hv. þm. Ísaf. (M. T.) veit ofboð vel, að stjórnin hefir aldrei ætlað sjer annað. Jeg veit það vel, að það er ekki þakklátt að bera fram þessa auknu tolla, einkanlega með því að því er haldið fram, að stjórnin sje að höggva í annan aðalatvinnuveg landsins. En einmitt framkvæmdir stjórnarinnar í þessu máli sýna það, að hún vill og hefir viljað gera sjávarútveginum hægt fyrir. Þetta hefir hún sýnt með því að lækka verð saltsins; ef verslunin hefði verið rekin í reglulegum kaupmannsstíl, þá myndi verðið ekki hafa verið lækkað.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil að eins gera stutta athugasemd í tilefni af ummælum hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) um, að hjer sje að ræða um lán til sjávarútvegarins. Hæstv.

fjármálaráðh. (S. E.) viðurkendi nú, að hjer væri að ræða um ráðstöfun, sem hefði verið gerð vegna landsheildarinnar, og er því, að því er jeg best fæ sjeð, viðurkent, að landsheildinni beri að borga það. Þetta kemur og ljóst fram í því, að ef sjávarútvegurinn þætti ekki vera fær um þessa álögu, þá mundi engum hafa dottið í hug að halda því fram, að hann ætti að greiða þetta, heldur landsheildin. Jeg tek þetta fram vegna þess, að það gæti haft mjög óheppilegar afleiðingar, ef það ætti að slá slíku föstu sem „principi". Get jeg t. d. ekki sjeð, að ef landbúnaðurinn þyrfti af einhverjum sjerstökum ástæðum hjálpar við, þá ætti ekki að veita til hans styrk nema gegn því, að hann endurgreiddi hann síðan sjálfur.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Ólafsson): Háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) sagði, að sjávarútvegurinn greiddi einvörðungu þennan toll. Þetta er ekki rjett, og vil jeg leiðrjetta það. Þó sjávarútvegurinn greiði hann að miklu leyti, þá greiðir landbúnaðurinn hann og að nokkru, eða hver atvinnuvegurinn í rjettu hlutfalli við notkun hans á þessari vöru. Hjer er því um beint rjettlæti að ræða.

Allar eftirtölur og umkvartanir um það, að sjávarútvegurinn verði of hart úti, ef frv. verður samþykt, hafa því að eins við venju að styðjast, en engin rök.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vil geta þess, að jeg greiði frv. hiklaust atkvæði mitt, og að jeg tel þetta rjettan veg. Þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) tók það fram, og fanst hann hafa hendur í hári hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), að saltkaupin væru gerð fyrir landið í heild sinni, þá er það rjett, en eins rjett er það, að saltið er mest notað af sjávarútveginum, og þessi ráðstöfun því mest fyrir hann gerð. En þegar hallinn á saltinu er fenginn inn, með því að leggja toll á það, þá kemur tollurinn nákvæmlega í sömu hlutföllum niður á atvinnuvegi landsins og hagnaðurinn áður við kaupin.

Sjávarútvegurinn þarf saltið við fiskinn og síldina, landbúnaðurinn í kjöt og gærur, og svo eru heimilisnotin. Ef skatturinn væri lagður á eitthvað annað, þá kæmi hann ranglátlega niður, og gæti hæglega lent á mönnum, er ekkert salt nota — nema til matar — og ættu því að vera lausir þessara mála.

Annars er það víðar en hjá ríkissjóði, sem halli hefir orðið á saltkaupum. Í fyrra var t. d. hvergi fáanlegt salt í kringum Hólmavík um þær mundir, er þorskveiðar byrja þar. Jeg var þá grátbeðinn um að útvega salt, og þar sem þörfin og nauðsynin var til staðar, þá símaði jeg til landsverslunarinnar og bað hana um að senda salt norður með fyrstu ferð. Þetta var gert, saltið kom, en fiskurinn ekki, svo að saltið liggur ónotað enn. Hin verslunin, er fjekk saltbirgðir sínar seinna, eða er að fá þær nú, og því ódýrari, getur vitanlega selt salt sitt ódýrara, svo verslunin, sem hljóp undir bagga til hjálpar, verður að súpa seyðið af hjálpsemi sinni og bíða tap á því.

Karl Einarsson: Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir fallið frá að gera halla landsverslunarinnar á saltkaupum meiri en verslunin sjálf. Fyrst hjelt hann því fram, að varlegast væri að áætla hallann 600 þús. kr., og þannig fjekk hann þetta 4 ára tímabil, en nú ráðgerir hann hallann um ½ milj. kr., svo ef flutt eru inn 30000 tonn á ári, þá yrði hann greiddur upp á kring um 3 árum. Fyrir stríðið voru fluttar inn 40 þús tonn á ári, en árið 1918, þegar búið var að selja mikið af botnvörpuskipunum og fiskibátaafli var lítill, þá voru flutt inn 20 þús. tonn. Þessa upphæð — 20 þús. tonn — leggur fjármálaráðh. (S. E.) til

grundvallar fyrir útreikningi sínum, en það nær engri átt að leggja lægsta árið til grundvallar. Það er enginn vafi á því, að fiskveiðarnar aukast aftur, svo innflutningur af salti getur ekki orðið minni en 30 þús. tonn á ári, og mjer er nær að halda, að það væri nóg að tvöfalda vörutollinn á því til að fá inn þennan halla.

Það lítur svo út, að landsstjórnin vilji ná þessum halla upp sem fyrst, til þess að hún geti sýnt, að hagur ríkisins sje góður, og vil jeg ekki hafa á móti því, að svo verði gert, en það er nóg, að hann sje greiddur á þrem árum, og þá er 5 kr. tollurinn nægilega hár.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skil ekki niðurstöðu þá, er hv. þm. Vestm. (K. E.) komst að. Ef fluttar eru inn 20 þús. tonn á ári, og 7 kr. tollur á tonninu, þá koma inn 14 þús. kr á ári, og 4 × 140 eru 560, svo það er auðsætt, að eftir frv. þarf tæp 4 ár til að greiða tollinn. Verði innflutningurinn meiri, tekur það vitanlega styttri tíma.

Annars var ræða hv. 4. landsk. þm. (G. G.) svo sláandi og sannfærandi um kjarnaatriði málsins, að jeg tel víst, að það hafi sannfært hvern skynsaman mann, er á hlýddi.

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Mjer skilst svo, sem hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) líti svo á, sem landsstjórnin hafi gert feikilegt góðverk, þegar hún sá um, að salt væri til, en jeg verð að líta svo á, sem það hafi verið hreint og beint skylda hennar, en frá einu sjónarmiði skil jeg þó þennan góðverknaðar-hugsunarhátt. Það hafa komið fram raddir um að drepa þennan atvinnuveg. (*Fjármálaráðherra*: Hvar hafa slíkar raddir heyrst?). Þær hafa komið utan úr sveitum landsins, en jeg geng að því sem vísu, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sje ekki með því.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) vill halda því fram, að það hafi aldrei verið ætlun sín, að þessi tollur yrði eilífur. Ef svo er, þá er hann ákaflega óheppinn í orðalagi sínu; þarf í því efni ekki að benda á annað en 3. gr. í stjórnarfrv. Það er ljóst, að þar sem þar er gert ráð fyrir að fella niður vörutollinn, þá ætlast stjórnin beint til þess, að þessi skattur verði eilífur. Það mun enginn hafa að miklu, þótt hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hefði góð og fögur orð um þetta á meðan hann var að smokka á gjaldinu. Og þótt núverandi fjármálaráðherra (S. E.) hafi fögur orð og mætan ásetning um þetta, þá býst jeg ekki við, að hann verði eilíflega fjármálaráðherra landsins, og það er alls ekki víst, að hann sitji í því sæti, þegar á að krefja gjaldið inn, eða upphefja lögin, og því ofureðlilegt, að hv. Nd. setti tappa í neglugatið.

Jeg mótmæli því kröftuglega, að hjer sje um lán til sjávarútvegarins að ræða; þessi ráðstöfun var gerð fyrir heildina. Og upp í þennan halla mætti reikna tollinn á síldartunnum, en hann mun nema nær ½ milj. kr. (*S. E.*: Jeg efa það). Það verður ekki langt frá því, og svo græddi stjórnin á síldarkaupunum um 300 þús. kr., og það, sem græðist á öðrum lið sjávarútvegarins, ætti að mega draga frá tapi á hinum liðum hans.

Og þegar um lán er að ræða, þá verður ætíð að vera einhver lánardrottinn. Og hver er lánardrottinn hjer? Það er vitanlega sjávarútvegurinn. Hann hefir greitt svo mikið fje í ríkissjóð um fram það, sem til hans hefir verið veitt, að það má segja, að hann eigi allan ríkissjóð, og meira að segja alt landið, þ. e. a. s. hinar opinberu eignir þess, því hann hefir greitt það alt og meira til. Það má því líta á þetta mál frá ýmsum sjónarmiðum. Þessi skattur er heldur ekki eðlilegur, og ef landsverslunin hefði beðið tap á einhverri vörutegund, sem landbúnaðurinn hefir notað aðallega, þá

býst jeg ekki við, að meðhaldsmenn þessa máls hefðu viljað leggja tap það einvörðungu á landbúnaðinn. Það var t. d. tap á sykrinum; það er aðallega fyrir landbúnaðinn, en jeg hefi ekki heyrt neinn tala um sjerstakan toll í tilefni af því.

Við vitum, að Danir hafa þurft að leggja fram stórfje úr ríkissjóði sínum til styrktar ýmsu, en það er víst, að þeir ætla sjer ekki að ná því öllu upp á næstu árum, og víst er um það, að þeir ganga ekki lengra en það, að tekjur og gjöld vega salt í fjárlögunum.

Það má fyllilega gera ráð fyrir því, að sjávarútvegurinn aukist svo, að saltinnflutningur 1920 verði 40—50 þús. tonn, og ef reiknað væri með því, að hann verði 50 þús. tonn og 7 kr. tollur á tonni, þá yrðu árstekjurnar 350 þús. kr., en með 40 þús. tonnum yrðu það 280 þús. kr.; á þessu 4 ára bili yrði skatturinn því yfir 1 milj. kr., í stað ½ milj., eins og hæstv fjármálaráðherra (S. E.) segir.

Það er sagt, að þessu frv. liggi á, en það fæ jeg ekki sjeð. Nú er liðið á síðari hluta árs, og eins og sakir standa, þá munu menn kynoka sjer við að flytja upp meira salt en brýn þörf krefur; má því ekki búast við verulegum saltinnflutningi fyr en með vorinu, og svo efa jeg, að það sje rjett að hrapa að þessum skatti, því það hafa allir gert reikninga sína, án þess að búast við þessum tolli, og því ekki rjett að láta lögin verka aftur fyrir sig.

Ummælum þeim, er höfð hafa verið um, að jeg hafi tafið málið, hafa hv. meðnefndarmenn mínir svarað, svo jeg þarf ekki að svara því, enda er þvert á móti því, að svo sje; jeg hefi þvert á móti reynt að flýta fyrir málinu, og sem dæmi um það og skjót vinnubrögð skal jeg geta þess, að jeg skrifaði undir nefndarálitið án þess að lesa það, gerði það til að tefja ekki málið, og þurfti þess raunar heldur ekki, þar sem jeg ritaði undir það með fyrirvara.

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) vill halda því fram, að jeg hafi viljað láta þennan toll vera eilífan; slíkt er mesti misskilningur hjá honum, eins og liggur í hlutarins eðli, enda hefi jeg margtekið hið gagnstæða fram. Sú stjórn, er þá situr við völd, leggur að sjálfsögðu til að upphefja lögin, þegar markinu með þeim er náð.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að sjávarútvegurinn ætti alt og gæti alt hjer á landi. Hann hefir því ekki einungis játað, að þessi atvinnuvegur væri megnugur þess, að skatturinn væri lagður á hann, heldur jafnvel gefið ávísun á hann, sem hinn einasta gjaldanda, sem fær væri um að bera byrðina.

Jeg hefi að vísu vitað lengi, að sjávarútvegurinn á hv. þm. Ísafjarðarkaupstaðar, en mjer var ekki kunnugt um, að þessi atvinnugrein ætti alt hjer á landi. En þótt svo sje ekki, er hún, sem betur fer, svo öflug, að hún er vel fær um að borga halla þann, sem landssjóður hefir beðið hennar vegna.

Þá sagði hv. sami þm. (M. T.), að t. d. í Danmörku væri alls eigi ætlast til þess, að allur sá halli, er landið hefir beðið á stríðsárunum, yrði borgaður á einu ári. Að vísu ætlast enginn maður til þess, því það er óframkvæmanlegt, en jeg hefi átt tal við marga fjármálamenn í Danmörku, og hefir þeim öllum komið saman um, að þeim tekjuhalla beri að ná inn sem allra fyrst. Enda er hjer skotið langt yfir mark, því tekjuhalli landssjóðs mun áreiðanlega nema miljón króna, þó þetta frv. nái fram að ganga.

Þá sagði hv. þm. Ísaf. (M. T.), að skattur þessi kæmi aftan að mönnum. Þetta á sjer engan stað, því mönnum er og hefir

um langt skeið verið kunnugt um þessa fyrirætlun.

Jeg gat þess áðan, að óhæfilegur dráttur hefði orðið á þessu máli, og vildi hv. þm. Ísaf. (M. T.) helst kenna stjórninni um það; en þar eð alkunnugt er, að stjórnin hefir viljað flýta fyrir þessu máli svo sem unt er, sje jeg ekki ástæðu til að svara þeirri ásökun, og það því fremur, sem auðheyrt er, hvar málið mætir helst mótspyrnu. Annars álít jeg óþarfa að ræða þetta mál meira. Jeg ímynda mjer, að allir sjeu sammála um, að þessi skattur sje nauðsynlegur og rjettlátur, því jafnvel hv. þm. Ísaf. (M. T.) varð á að kannast við, að sjávarútvegurinn væri sá eini, sem byrðina gæti borið.

Eggert Pálsson: Jeg ímynda mjer, að allir sjeu á eitt sáttir um, að sjálfsagt sje að samþykkja þetta frv.; en þótt allir sjeu á sama máli, hefir mönnum ekki orðið jafntíðrætt um nokkurt mál hjer í hv. deild. Það er, sem betur fer, óvanalegt, að svo mikið sje rætt að óþörfu hjer í hv. deild.

Það kveður svo ramt að því, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir getað spanað upp jafnspaklátan mann og mig til að taka til máls.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) segir, að sjávarútvegurinn eigi alt og geti alt hjer á landi. Með því að kveða svo að orði, segir hann, að sjávarútvegurinn eigi allar kýr, öll hross o. s. frv., með öðrum orðum eigi allan landbúnaðinn á Íslandi. Sje svo, er æðiundarlegt, að sami hv. þm. (M. T.) er altaf að kveina og kvarta fyrir hönd sjávarútvegarins og sífelt að biðja umstyrk handa þessum atvinnuvegi. Man jeg ekki betur en að hann á síðasta þingi bæði um, að landssjóður tæki að sjer alla ábyrgð á síldarútveginum. Það er hverjum manni augljóst, að saltkaupin voru eingöngu gerð til styrktar sjávarútveginum, því að sjálfsögðu rjeðst landsstjórnin í svona mikil saltkaup eingöngu hans vegna. Man jeg ekki til, að miklu hafi verið kostað úr landssjóðnum til að styrkja landbúnaðinn á stríðsárunum. Árið í fyrra var eitthvert hið versta fyrir landbúnaðinn, síðan árið 1882. Varð jeg samt eigi var við, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) hreyfði hönd eða fót landbúnaðinum til styrktar.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) mintist á, að hægt væri að ná inn þessum tekjuhalla á annan hátt. Stakk hann upp á, að tollurinn á síldartunnum yrði látinn borga hallann. En með því móti hefði skatturinn komið órjettlátar niður, er hann var lagður eingöngu á annan aðiljann. Býst jeg við, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) hefði því líka fundið einhvern agnúa á því fyrirkomulagi.

Þá talaði hv. sami þm. (M. T.) um, að tap hefði orðið á fleiri vörum en saltinu; nefndi hann til sykur. Mjer er eigi kunnugt um, að nokkurt tap hafi hlotist af sykurkaupunum, svo dæmið var fremur óheppilega valið.

Jeg skal svo eigi lengja meira umræðurnar um þetta mál. Jeg stóð eingöngu upp af því, að mjer þótti kenna allmikils ósamræmi í ræðu hv. þm. Ísaf. (M. T.), er hann ýmist bar sig æði-borgmannlega fyrir hönd sjávarútvegarins, eða var kveinandi og kvartandi undan þeim álögum, sem hann væri látinn bera.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., föstudaginn 8. ágúst, kl. 3^{10} síðdegis, var frv. tekið til 3 u m r. (A. 181, 321).

Afbrigði um frv. og um brtt. 321, er fram kom á fundinum skrifleg leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Jeg ætla að eins að benda á, að eftir því, sem hæstv. fjármálaráðherra hefir lýst yfir, er meiningin með þessum skatti ekki að græða á sjávarútveginum, heldur einungis að ná aftur inn þeim tekjuhalla, er varð af saltkaupunum. Jeg fer því eingöngu fram á, að þetta sje tekið fram í frv. Vona jeg, að allir hv. deildarmenn sjeu mjer sammála um, að þetta sje svo sanngjörn krafa, að hún verði samþykt orðalaust.

Annars ætla jeg bara að koma með dálitla leiðrjettingu. Mjer hefir verið borið á brýn, að jeg hafi sagt, að sjávarútvegurinn ætti alt og gæti alt hjer á landi. Þetta hefi jeg aldrei sagt, en jeg sagði, að ef landssjóður hefði lánað sjávarútveginum fje, þá væri hann sinn eigin lánardrottinn, því allar eigur landssjóðs væru til komnar fyrir álögur á sjávarútveginn; og við þetta stend jeg. Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) má vita, að jeg hefi aldrei ætlað mjer að taka frá honum hestana eða kýrnar, fremur en vatnið. En sú stefna virðist nú vera ríkjandi í landinu, að það eigi að leggja allar skyldur og skatta á sjávarútveginn. Vil jeg í því sambandi minna hv. 1. þm. Rang. (E. P.) á síldarskattinn, sem lagður var á árið 1916—17. Var þó langt frá, að sá atvinnuvegur væri fær um að bera þær álögur þá, enda neyddist hann til að beiðast hjálpar, en sú hjálp varð, eins og menn vita, nokkuð dýrkeypt.

Fjármálaráðherra (S. E.): Viðvíkjandi fyrri brtt. læt jeg mjer nægja að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt. En um hina síðari er það að segja, að æðierfitt mun vera að segja fyrirfram nákvæmlega, hve nær hallinn verði að fullu borgaður. Mjer er líka kunnugt um, að hv. Nd. mun eigi vilja fallast á þessa breytingu. Legg jeg því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Brtt. 321,1. feld með 9 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. T., K. E., K. D.
nei: M. K., S. E., S. J., S. F., E. P., G. G., G. Ó., H. St., G. B.

Tveir þm. (H. Sn. og Jóh. Jóh.) fjarstaddir.

Brtt. 321,2. feld með 8 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., K. D., M. K., M. T.
nei: E. P., G. G., G. Ó., H. St., S. E., S. J., S. F., G. B.

Tveir þm. (H. Sn. og Jóh. Jóh.) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 9 : 2 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 317).

31. Löggilding Syðstabæjar.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 25. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um löggilding verslunarstaðar við Syðstabæ í Hrísey (A. 161).

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Árnason): Jeg þarf ekki að tala langt mál um frv. þetta. Það er

flutt eftir óskum þingmálafunda þar nyrðra, og hefir hlutaðeigandi sýslunefnd mælt með löggildingunni.

Eins og öllum er kunnugt, liggur Hrísey á fjölförnustu skipaleið norðanlands, og á síðustu árum hefir risið þar upp allstórt þorp, og sjávarútvegur aukist þar að miklum mun, bæði þorskveiðar og síldar, enda eru þar komnar upp tvær síldveiðastöðvar og skipabryggjur.

Skipalægi er þar einnig gott, einkum í hafátt, og hefir það oft komið fyrir, að skip, sem sigla út frá Akureyri, leita þar hlés í vondum veðrum, þar til fært er að leggja út til hafs.

Jeg býst ekki við, að þörf sje á að vísa frv. til nefndar, og vil því óska, að það verði látið ganga áfram nefndarlaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum greiddum atkv.

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 161).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. og 2. gr., samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 161).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 4. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um löggilding verslunarstaðar við Syðstabæ í Hrísey,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 247).

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., föstudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 247).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. — — — 10 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 247).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 334).

32. Verslunarlóðin á Sauðárkróki.

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki (A. 191).

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Það hefir farið svo á Sauðárkróki, sem víðar annarsstaðar, að verslunarlóðin er orðin þar of lítil, og er nú svo komið, að orðið hefir að reisa hús utan hennar, enda er ekki að furða, þótt farið sje að þrengjast á verslunarlóðinni, því að Sauðárkrókur var löggiltur verslunarstaður með opnu brjefi 27. maí 1857 og verslunarlóðin tiltekin þá.

Það er eftir ósk hreppsnefndarinnar í Sauðárkrókshreppi, að jeg ber fram frv. þetta, og vona jeg, að hv. deild lofi því að ganga áfram án þess að vísa því til nefndar, eigi síður en öðrum samkyns frv.

Sje jeg svo eigi ástæðu til að fjölyrða um málið, en vísa til greinargerðarinnar fyrir frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv.

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 191).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með öllum gr. atkv

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 191).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 7. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 291).

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 11. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 291).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 291)

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 380).

33. Löggilding Gunnlaugsvíkur.

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um löggilding verslunarstaðar við Gunnlaugsvík (A. 193).

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv.

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 193).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
2. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 193).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 7. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um löggilding verslunarstaðar við Gunnlaugsvík,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 293).

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 11. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 293).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. — — — 12 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 293)
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 381).

34. Póstlagabreyting.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907 (A. 91).

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf ekki mikið um frv. þetta að segja.

Í greinargerðinni er þess getið, að nefndin flytur það eftir tilmælum hæstv. stjórnar eða hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.). Og ef honum þykir ástæða til frekari skýringa en jeg læt nú fylgja frv., mun hann koma með þær.

Ef frv. þetta verður samþ., er það sjálfgefið, að niður fellur frv. það, sem hjer hefir legið fyrir, um framhald á hækkun burðargjaldsins, því að með frv. þessu koma í gildi samningar þeir, sem póstmeistari gerði í utanför sinni, t. d. ákvæðin um burðargjald milli Íslands og Danmerkur.

Hjer eru gerðar ýmsar breytingar. Meðal annars er burðargjald lækkað frá því, sem nú er. En það er álit póstmeistara, að það muni ekki verða til þess að rýra tekjurnar.

En þá eru auk fjárhagsatriðanna önnur atriði, t. d. það, sem stendur í 1. gr., um breyting á póststjórninni, þannig að komi aðalpóstmeistari, er standi beint undir ráðherra, en sje yfirmaður póstmalanna allra. Ætti sú breyting ekki að kosta svo mjög mikið, en bæta þó mikið um.

Hingað til hefir svo verið til hagað, að stjórnarráðið hefir haft á hendi brjefaskifti um smávægileg póstmál, þótt ekki væri nema einn böggull, ábyrgðarbrjef eða póstkrafa, sem ekki hafði komið fram á rjettum tíma. Þekki jeg það af gamalli reynslu, hvílíkt umstang það hefir verið. Með þessari breytingu ættu ýmsar krókaleiðir að falla niður og með því sparast bæði ómak og tilkostnaður.

Þá eru enn þá nokkrar nýungar, sem jeg mun ekki fara út í að sinni.

En þar sem frv. kemur frá nefnd, sje jeg ekki ástæðu til að vísa því til nefndar aftur.

Forsætisráðherra (J. M.): Út af því, að mín er getið í greinargerð póstmeistara með frv., skal jeg lýsa yfir því, að það er rjett, að það var fyrir hvatningu mína, að hann fór utan í vor.

Í utanför minni í haust sem leið athugaði jeg nokkuð mál þetta og áleit þá rjett, að póstmeistari færi utan og tæki þátt í samningum um það við önnur ríki, eftir að Ísland var orðið fullvalda.

Mjer var það þá þegar ljóst, að hjer, sem í öðrum ríkjum, þurfti að vera aðalpóstmeistari, nokkurskonar undirráðherra, sem hefði allmikið sjálfstætt vald og umboðsvald út á við. Á þessu er frv. þetta bygt.

Þykir það því líka rjett, að þessi póstmeistari standi beint undir ráðherra, en þurfi ekki að leita til skrifstofunnar.

Í raun og veru verða því póstmálin mest undir stjórn aðalpóstmeistara.

Hann getur því ekki verið um leið póstmeistari í Reykjavík.

Alt þetta kemur fram í greinargerðinni, og þarf jeg ekki að fara um það frekari orðum. En þar sem hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) er fjarstaddur, fanst mjer rjett að taka þetta fram.

Vil jeg svo þakka háttv. fjárhagsnefnd fyrir að hafa tekið málið að sjer til flutnings.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr atkv.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 91).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg get látið mjer nægja að segja örfá orð, úr því að engin brtt. hefir komið við frv.

Jeg vil þá geta þess, að frv. er samið af póstmeistara, og nefndin hefir gert fáar breytingar á því. Jeg býst við, að nauðsyn beri til að koma með brtt. við frv. við 3. umr., til þess að ákveða, hve nær það gengur í gildi. Það þarf sem sje að koma í gildi 1. jan. 1920, því að 31 des. þ. á. falla lögin frá 1917, um bráðabirgðahækkun á burðargjaldi, úr gildi. Fjárhagsnefnd mun sjá um, að brtt. þessi verði fram borin.

Magnús Pjetursson: Jeg vildi skjóta þeirri fyrirspurn og athugasemd til fjárhagsnefndar, hvort þessir nýju embættismenn eigi að vera undir sömu launakjörum og áður voru við póststörfin. Jeg vildi biðja hv. nefnd að athuga þetta, sjerstaklega ef henni virtist, að kjör þeirra gætu ekki farið saman, og senda þá athuganir því viðvíkjandi til launanefndar, og uppástungur um launin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 91, 153).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg gat þess við 2. umr., að brtt. um það, hve nær lög þessi skyldu öðlast gildi, mundi koma fram við 3. umr. Þessi brtt. er á þgskj. 153, og samkvæmt henni ganga lögin í gildi 1. jan. næstkomandi. Er auðsætt, að það verður að vera ákveðið svo, því að lögin um hækkun burðargjalds gilda til ársloka 1919. Vona jeg því, að hv. deild hafi ekkert að athuga við till. þessa.

ATKVGR.
Brtt. 153. samþ. í e. hlj.

Frv., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 28. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 164).

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Jeg legg til, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr með 11 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 14 ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 164, n. 337).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það má segja, að margar stoðir og styrkar standi undir þessu frv. Fjárhagsnefnd Nd. hefir flutt það, að undirlagi stjórnarinnar, en frv. er samið af póstmeistara, þeim manninum, sem mesta og besta þekkingu hefir á þessum málum. Frv gekk greiðlega í

gegnum hv. Nd.; þar var að eins lætt inn einni grein, 9. gr., um það, hvc nær lögin skuli öðlast gildi.

Í nál. er minst á flestar þær breytingar, sem frv. gerir á núgildandi lögum, og þarf því ekki miklu við að bætaa. Jeg vil þó að eins taka fram, að samkvæmt 3. gr. er nú ætlast til þess, að póstsendingar með skipum sjeu háðar öðrum skilyrðum en áður. Samkvæmt núgildandi lögum er greitt ákveðið gjald eftir þunga, en eftir frv. er ætlast til þess, að póststjórnin semji sjerstaklega um þessa flutninga og flutningsgjaldið verði ákveðið í samræmi við flutningsgjald á öðrum vörum. Má búast við, að póstsendingar með skipum verði talsvert ódýrari með þessu móti.

Burðargjaldið á yfirleitt að hækka frá því, sem áður var, en þó er burðargjald fyrir brjef og bögla sett mun lægra en það er nú samkv. lögum nr. 40, 26. okt. 1917. Að vísu er á ferðinni frv. um framlengingu á þeim lögum, en því mun ekki ætlað að koma fram, ef þetta verður samþykt.

Nefndinni fjell illa nafnið „aðalpóstmeistari“ og vildi heldur „póstmálastjóri“, en hún hefir samt ekki sjeð ástæðu til að flytja brtt. um þetta atriði.

Jeg skal ekki fjölyrða frekar um frv., en leyfi mjer að leggja til, fyrir nefndarinnar hönd, að hv. deild samþykki frv óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., laugardaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 3. umr (A. 164).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 396).

---

35. Sala á Ögri og Sellóni.

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 21. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólmshreppi (A. 124).

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Jeg hefi tekið fram í greinargerð frv., að jeg muni gera nákvæmari grein fyrir tildrögum þessa máls við flutning þess. Verð jeg þar aðallega að styðjast við upplýsingar frá hreppsnefndinni í Stykkishólmi.

Íbúatala Stykkishólms er hjer um bil 650, og þótt aðalatvinnuvegurinn sje sjávarútvegur, verður eigi hjá því komist að hafa nokkurt kúahald til mjólkur en bithagar í Stykkishólmi eru afaróhentugir og ljelegir. Þar eru nú um 50 kýr, og ber því brýn nauðsyn til að fá land til kúabeitar.

Ögur er eina landjörðin í hreppnum, og þar eru hagar langtum betri en í Stykkishólmi; er hreppnum því bráðnauðsynlegt að fá þessa jörð keypta, því með öðru móti getur hann aldrei verið öruggur um bithaga þar. Annað aðalatriðið í þessu máli er, að mótekja er mjög að þrotum komin í Stykkishólmslandi, en í Ögri er nógur mór.

Mál þetta hefir verið mikið rætt innan-

hjerað, og á síðasta vetri var hreppsnefndinni falið að sækja um kaup á jörðunum Ögri og Sellóni. Sellón er eyðiey, sem liggur milli Ögurs og Stykkishólms. Ey þessi hefir áður verið bygð, en árið 1912 sagði ábúandinn upp jörðinni, og var hún þá lögð undir Ögur. Síðasta vetur sagði bóndinn á Ögri jörðinni lausri, og varð þá að samkomulagi milli stjórnarráðs og umboðsmanns annars vegar og hreppsnefndarinnar í Stykkishólmshreppi hins vegar, að byggja skyldi jörðina að eins þetta yfirstandandi fardagaár, með tilliti til þess, að hreppurinn fengi hana keypta á þessu þingi; er því frá þeirri hlið ekkert til fyrirstöðu, að hreppurinn geti keypt jörðina. Á jörðinni er steinsteypuhús, og voru veittar til þess 3 þúsundir króna úr umboðssjóði. Skal jeg geta þess, að endurskoðunarmönnum landsreikninganna 1910 fanst undarlegt, að jafnmikilli upphæð skyldi varið til svo ljelegrar jarðar. Aðalverð jarðarinnar er falið í, hvað hún liggur nálægt Stykkishólmi. Á síðasta vetri var jörðin virt, og matið staðfest fyrir rjetti. Var hún þá metin 10 þúsund króna virði, en það mun of hátt metið, og er þar tekið tillit til þess, að þetta hús er á jörðinni, en það er þó nú orðið mjög úr sjer gengið.

Jeg hefi hjá mjer öll plögg þessu máli viðvíkjandi, svo sem umsókn hreppsnefndar, samþyktir hreppsfunda, matsgerð á jörðinni og meðmæli sýslunefndar. Öll þessi plögg mun jeg leggja fyrir hv. nefnd, er á að fjalla um málið.

Í frv. er ekki nefnt verð jarðarinnar; vildi hreppsnefndin láta það á vald Alþingis, hvort verðið væri ákveðið með lögum, eða stjórninni veitt heimild í lögunum til að ákveða verðið.

Að lokum óska jeg, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar, og getur hún fengið hjá mjer öll plögg málinu viðvíkjandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2002) með 13 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 124, n. 224).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Í raun og veru hefi jeg ekki annað að segja um frv. þetta en hv. flm. þess tók fram við 1. umr. Nefndin hefir athugað frv. og skjöl þau, er því fylgdu, og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að kauptúninu sje svo mikil þörf á að fá þjóðjarðir þessar, að rjett sje, að hv. deild samþykki það.

Í nál. er bent á, að virðingarverð jarðanna muni vera of lágt ákveðið, en nefndin sá ekki ástæðu til, að þingið færi að ákveða verðið, heldur fæli það stjórninni, eins og venjulegt er, en bjóst hins vegar við, að hún mundi taka bendingar nefndarinnar til athugunar.

Halldór Steinsson: Jeg er þakklátur hv. landbúnaðarnefnd fyrir það, hversu vel hún hefir tekið í mál þetta. En ekki get jeg fallist á, að sanngjarnt sje að hækka söluverð jarðanna um helming, eða úr 10 þús. kr. upp í 20 þús. kr.

Eftir skjölum málsins, sem hafa legið fyrir nefndinni, finst mjer þetta óeðlileg hækkun.

En þetta skiftir ekki svo miklu máli, þar sem það er lagt á vald stjórnarinnar að ákveða verðið, og stjórninni að eins gefnar bendingar í nál.

Vona jeg, að hæstv. stjórn sjái, þegar hún athugar málið, að hækkun sú, er nefndin bendir á, er alt of mikil.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg lít

svo á, að þetta sje að eins bending til stjórnarinnar, enda er það auðsjeð á orðalagi nál.

Þótt jeg sje ekki meðmæltur þjóðjarðasölu, er jeg með því, að Ögur sje seld, en hefi enn ekki gert mjer ljóst, hvort þörfin sje eins brýn hvað sölu Sellóns viðvíkur.

Jeg álít meira þjóðargagn að selja kauptúninu Ögur en hafa jörðina svona áfram í höndum leiguliða.

Í höndum kauptúnsins myndu landsnytjar verða meir sparaðar, en án sparnaðar endast þær ekki nema stuttan tíma.

Jeg er því meðmæltur frv., en tek það fram, að jeg hefi ekki aflað mjer nægilegs kunnugleika hvað Sellóni viðvíkur

Sellón er eyja, sem heppileg mun vera t. d. til að geyma þar ýms dýr, sem flutt kunna að verða til landsins og hafa þarf í sóttvörn.

En jeg hygg, að fleiri eyjar sjeu eins heppilegar, svo þetta skifti því ekki miklu máli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 124).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., fimtudaginn 7. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólmshreppi, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 289).

Á 29. fundi í Nd., laugardaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta var til meðferðar í landbúnaðarnefnd í hv. Ed., og legg jeg til, að það fari til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 289, n. 377).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Oddviti hreppsnefndar Stykkishólmshrepps hefir í brjefi, dags. 14. f. m., beðið Alþingi að veita landsstjórninni með lögum heimild til þess að selja hreppnum þjóðjarðirnar Ögur og Sellón í Stykkishólmshreppi, eftir reglum þeim, sem nú gilda um sölu þjóðjarða til ábúenda.

Stykkishólmshreppur á nú alt land jarðarinnar Grunnasundsness, sem kauptúnið er bygt á. Þetta land er nú orðið allsendis ónógt kaupstaðarbúum, sem nú eru orðnir um 650 að tölu, og er því brýn þörf á viðbótarlandsnytjum.

Auk Grunnasundsnesslands er Ögur eina landjörðin innan endimarka hreppsins, og liggur því betur við, kaupstaðnum til notkunar, en nokkurt annað land. Ögur er 27 hndr. að dýrleika. Jarðgæðin, sem talin verða, eru tún, 8 vallardagsláttur að stærð, en fóðrar að eins eina kú. Slægjurnar eru

mestmegnis smáblettir innan um bithaga. Gefa þær af sjer ca. 200 hesta í meðalári. En langstærstu landsnytjarnar eru fólgnar í góðri mómýri, með miklu móttaki Kemur það sjer sjerstaklega vel fyrir kaupstaðarbúa, því að mótak er nú um það bil á þrotum í því landi, sem þeir eiga nú. Enn fremur er talið til jarðnytja dálítið æðarvarp, er gefur af sjer um 2 tvípund af dún árlega. Beitiland er þar allgott, einkum þó fyrir sauðfje, ásamt fjörubeit.

Sellón er eyðijörð, 24 hndr. að stærð. Landsnytjar þar eru 2½ kýrfóður af góðu heyi, haustbeit fyrir 100 sauðkindur og 4½ tvípund af dún árlega. Talið er, að þessar jarðir, sem síðan 1911 hafa verið sameinaðar í einni ábúð, geti framfleytt 3 kúm, 120 sauðkindum og 8 hrossum. 5 kúgildi fylgja eigninni.

Jarðakaupin hafa verið í alla staði vel og formlega undirbúin. Meðal annars hefir, fyrir milligöngu umboðsmanns og með samþykki stjórnarráðsins, verið svo um búið, að jörðin er laus úr ábúð í næstu fardögum.

Jeg skal geta þess, að dýralæknirinn þar vestra, sem situr í Stykkishólmi, gat þess við nefndina, út af þessum jarðakaupum, að eyjan Sellón væri sjerlega hentug til slægjuafnota fyrir dýralækninn þar. Í sambandi við það er sú bending, sem nefndin hefir gefið hæstv. landsstjórn í nál. á þgskj. 377, að vert sje að tryggja dýralækni slægjuafnot á þessari eyju, gegn sömu leigu og aðrir bjóða, um leið og samið verður um kaupin.

Frv. þetta hefir fengið greiðan framgang í hv. Ed., þar sem það er fram komið. Nefndin hefir og stuttlega gert grein fyrir sínu áliti um söluverð eignarinnar, í niðurlagi 1. málsgreinar í nál. á þgskj. 377.

Nefndinni þykir yfir höfuð vel til fallið, að Stykkishólmur fái þessa eign við sanngjörnu verði til fullrar eignar og afnota, og væntir þess, að hv. deild samþykki frv. án frekari málalenginga.

ATKVGR.
1. og 2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 289).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 429).

---

36 Sjúkrasamlög.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög (A. 135).

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 26. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg held ekki, að langrar framsögu þurfi í þessu máli. Það er alkunna, að sjúkrasamlagsfjelags-

skapurinn er mjög nauðsynlegur og hefir komið að miklu liði hjer á landi, þótt hann því miður sje ekki líkt því eins útbreiddur og skyldi. Fyrir starfsemi sjúkrasamlaganna hefir stórum fækkað þeim, er hafa þurft að leita styrks annara vegna sjúkdóma.

En það hefir þegar í upphafi þótt þurfa að setja takmörk þannig, að útilokaðir væru frá samlögunum þeir menn, er alls ekki geta talist þurfa landssjóðsstyrk. Á þingi 1911, er lögin voru búin til, voru sett þau takmörk fyrir þessu, að þeir, sem hafa 1200 kr. tekjur árlega, auk 100 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára aldurs, skuli ekki njóta styrks af þessum fjelagsskap, og enn fremur þeir, er eiga skuldlausar eignir, sem nema meiru en 5000 kr. 1915 var tekjutakmarkið fært upp í 1800 kr., en hin ákvæðin látin haldast óbreytt.

Nú hafa orðið miklar breytingar á viðskiftasviðinu. Peningar hafa fallið mikið í verði. Þess vegna kvarta nú margir menn, er nauðsynlega þurfa að vera í fjelagsskap þessum, en eru útilokaðir vegna gildandi lagaákvæða.

Jeg hefi því leyft mjer að koma fram með brtt. um að færa atvinnutakmarkið upp í 3000 kr. og eignatakmarkið upp í 10000 kr. Jeg skal geta þess, að jeg hefi borið mig saman við Georg Ólafsson cand. polit., sem er mjög kunnugur þessum málum öllum, og eru þessar tölur settar í samráði við hann, og nokkuð í samræmi við breytingar á sjúkrasamlagslöggjöf Dana. Jeg skal geta þess, að Georg sagði, að ástæða væri til að hafa þetta takmark mismunandi. Mætti vel forsvara að setja takmarkið hærra í Reykjavík. En hann kvað það örðugt að koma því við, og var þess vegna ekki horfið að því.

Jeg vænti þess nú, að menn geti verið sammála um, að nauðsyn sje á þessum breytingum, og að þeim sje stilt í hóf. Það hefir líka verið kvartað undan því, að þegar í upphafi hafi eigna- og atvinnutakmarkið verið sett of lágt og þar með ýmsir menn útilokaðir, sem nauðsynlegt væri að hefðu aðgang að fjelögunum, t. d. til þess að mynda fjelögin og hjálpa þannig fátæklingunum. Gætu því þessi ákvæði staðið í vegi fyrir stofnun sjúkrasamlaga í ýmsum hjeruðum.

Jeg held ekki, að nefnd þurfi í þetta mál. Þó er mjer það ekkert kappsmál, en jeg vænti þess, að deildin taki vel í málið og greiði því veg.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 135).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. og 2. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 31. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 135).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 1 ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lög-

um nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 230).

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 230).

Kristinn Daníelsson: Jeg ætla að leyfa mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað í nefnd að umræðu lokinni. Jeg hygg, að öllum muni finnast frv. þetta sanngjarnt, og jeg get ekki sjeð, að það komi nokkursstaðar í bág við gildandi lög. En um þetta mál eru nú til þrenn lög, og eru hin síðustu frá árunum 1915 og 1917. Í lögunum frá 1917 er ráðgert, að stjórnin láti færa báðar breytingarnar inn í eldri lögin; en það hefir eigi verið gert, svo mjer finst rjettast að gera það nú, er 4. lögin eiga að koma.

Jeg efast ekki um, að hv. deild er mjer sammála um, að það beri ekki að íþyngja nefndunum að óþörfu, en þetta er ekki mikið verk, og mjer finst sjálfsagt, að ákvæðinu frá 1917 sje nú fullnægt og lögin birtist í einni heild.

Jeg legg því til, að málinu verði vísað til nefndar.

Halldór Steinsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9. shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 8 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., laugardaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 230, n. 363).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 363. samþ. með 12 shlj. atkv

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 18. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 394).

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg vil að eins vekja athygli á því, að breytingin, sem hv. Ed. hefir gert á frv., er sú, að þær breytingar, sem gerðar hafa verið á sjúkrasamlagslögunum síðustu árin, hafa allar verið færðar inn í texta laganna frá 1911, og gefið út í einu lagi, sem lög um sjúkrasamlög. Vænti jeg, að allir geti fallist á þessa breytingu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 430).

37. Brúargerðir.

Á 25. fundi í Nd., þriðjudaginn 5 ágúst, var úthýtt

Frumvarpi til laga um brúargerðir (A. 248).

Á 27. fundi í Nd., fimtudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Frv. þetta er borið fram af samvinnunefnd samgöngumálanefnda beggja þingdeilda, þó að það komi fyrst fram hjer í hv. Nd. Að efni til er frv. nýmæli. Og hv. þingmenn munu skjótt sjá, hvert er aðalefni þess, sem sje, að í staðinn fyrir það, sem áður hefir átt sjer stað og viðgengist allajafna þegar um stór fyrirtæki af þessu tægi hefir verið að ræða, að þá hafa fjárveitingar til þeirra verið settar í fjárlögin, eða þá veitt með einstökum ályktunum og komið síðar í fjáraukalögin, — þá er hjer ætlast til að farinn sje annar vegur. Það er í samræmi við fyrirkomulag á símamálum, og eins og lagt var til um vitamálin í fyrra, þó að það næði ekki fram að ganga. Meiningin er sú, að þetta sjeu heimildarlög fyrir landsstjórnina til að láta gera allar brýr, bæði á þjóðvegum og flutningabrautum, svo og öðrum vegum, sem hvíla á sýslusjóðum að mestu, þar sem nauðsynlegt þykir. Og það er ætlast til, að tekin sjeu lán til þess að framkvæma þetta. Og að þeim lánum sje haldið fyrir utan fjárlögin, að því undanskildu, að vextir og afborganir skulu tekin í þau, sem önnur gjöld ríkissjóðs. Lán þau, sem þyrfti að taka, skulu standa í 20—30 ár, en endurborgast á þeim tíma.

Þetta frv. samdi að mestu leyti vegamálastjóri, með ritsímalögin, sem eru heimildarlög, til fyrirmyndar. Hann sendi síðan landsstjórninni frumvarpið, og hefir hún fallist á það og afhent samgöngumálanefndum Alþingis. Aðalatriði frv., eða fjárhagsatriðið, hefir komið til álita fjárveitinganefnda, og munu þær samþykkar því, að þessi stefna sje tekin upp. Jeg skal geta þess, að niðurröðunin á brúnum, eins og hún er í frv., er gerð af handahófi, en alls ekki í þeirri röð, sem þær skulu bygðar. Vafalaust munu sumar þær, sem síðast eru taldar, eiga að byggjast einna fyrst. Þar verður vitanlega að fara eftir því, sem vegamálastjóri ákveður og landsstjórn. Það mun vera álit hans, að hjer sjeu upp taldar allar þær brýr á þjóðvegum og flutningabrautum, sem þörf sje á, og tiltækilegt sje að gera í næstu framtíð. Auk þess er áætluð talsverð fjárhæð til að gera brýr á sýsluvegum, sem ríkissjóður kosti að mestum hluta. Enn fremur brýr á öðrum vegum, svo sem fjallvegum og hreppavegum, eftir því sem landsstjórn ákvarðar með ráðum vegamálastjóra. Hvað snertir brýr á þjóðvegum og flutningabrautum, áætlar vegamálastjóri, að þær verði bygðar á 8—10 árum. En aðrar brýr á 10—15 árum.

Samkvæmt áætlunum, sem hann hefir gert, mun kostnaður við allar þessar brýr nema alt að 1½ milj. króna, fyrir utan brýr á sýslu- og hreppavegúm. Það er aðgætandi, að þessi lán, sem ætlast er til að skuli tekin samkvæmt 4. gr. frv., á vitanlega ekki að taka í einu lagi, heldur eftir því, sem hentugt þykir.

Það, sem nú skiftir mestu í þessu máli, er það, hvort þingið vill fallast á að taka upp þessa stefnu, sem hjer er farið fram á, að í staðinn fyrir að veita árlega háar fjárhæðir til brúargerða, þá sje því nú að mestu leyti haldið fyrir utan fjárlögin. Víst er um það, að ef þingið fellst á þetta, þá er mikið við það unnið.

Fyrst og fremst má telja það, að þegar ráðist er í að brúa stórár og vötn úr varanlegu efni, svo að nálega endist um aldur og

æfi, þá er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að útgjöldin, sem af því leiða, lendi ekki einungis á þeim gjaldþegnum landsins, sem uppi eru meðan fyrirtækin eru framkvæmd, heldur komi jafnara niður. Auk þess er meiningin, og mun í reyndinni verða mun hægara fyrir þing og stjórn, að áætla ríflegri fjárhæðir til annara vegabóta undanfarin ár, þar sem allmikilli fúlgu af því hefir venjulega verið varið í brúargerðir. Dálítil fjárhæð er ætlast til að gangi til brúarsmíðju ríkisins, til þess að gera hana fullkomnari en hún nú er, svo hún geti unnið alt það, sem til þarf, og verið að verki bæði vetur og sumar. Jeg skal geta þess, að eins og nú horfir við, getur það haft talsverða þýðingu að geta haft fasta menn við smíðina, bæði vetur og sumar. Og þetta fyrirkomulag ætti einmitt að stuðla að því, að hægt sje að ráða góða og hæfa menn til verka, þar sem ákveðið er fyrirfram, hvað smíðað skuli á næstu árum.

Þar eð frv. þetta kemur frá nefnd, álít jeg, að ekki þurfi að vísa því til nefndar aftur. Að lokum vil jeg geta þess, að samgöngumálanefnd hefir gert dálitla breytingu frá því, sem vegamálastjóri lagði til. Hún hækkaði lítið eitt tillag það til brúa á sýsluvegum aðallega, sem getið er um í VII. lið í 2. gr. Sömuleiðis vill nefndin, að tillag ríkissjóðs til brúargerða, er kosta 40 þús. kr. eða meira, megi nema $^3/_4$ hlutum, gegn $^1/_4$ hluta annarsstaðar frá. Þá getur og verið spursmál um, hvort 15 þús. kr., sem áætlaðar eru í B. í sömu grein, muni ekki vera of lítið. Samkvæmt áliti vegamálastjóra mætti það verða nokkru hærra, alt að 20 þús. kr., ef þörf þykir, og býst jeg við, að brtt. um það komi frá nefndinni síðar.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, fyr en ef andmæli koma fram.

Pjetur Ottesen: Jeg skal taka það fram, að jeg er alveg samþykkur þessu frumvarpi. Jeg álít, að sú stefna, sem þar er tekin upp, sje rjett. Það er öllum kunnugt, hver nauðsyn er á að bæta vegi og brýr, þar sem góðar samgöngur eru undirstaða allra framfara. Út af VII. lið í 2. gr., sem nefndin hefir hækkað frá till. vegamálastjóra, vil jeg þó geta þess, að jeg álít, að þar sje enn of skamt farið með 50 þús. kr. Það gæti svo farið, að ein einasta stórbrú á sýsluvegi kostaði meira en þessu nemur, auk smærri brúa, sem byggja þyrfti á sama ári, og þá tel jeg varhugavert að skera þetta tillag svo við neglur sjer, sem hjer er gert. Jeg er þakklátur hv. nefnd fyrir, að hún ætlast til, að tillag til brúa, þó þær sjeu á sýsluvegum, sje hækkað nokkuð frá því, sem nú er, en álít samt sanngjarnt, að tillag úr ríkissjóði væri dálítið ríflara en hjer er gert ráð fyrir, þegar um stórbrýr er að ræða. Enn fremur verð jeg að álíta, að tillag til brúa yfir 4 metra haf, alt að 10 metrum, sje of lágt áætlað 15 þús. kr., og að full ástæða sje til að hækka þann lið upp í 20 þús. kr. Jeg vildi skjóta því til hv. nefndar, hvort hún sæi sjer ekki fært að hækka þessa tvo liði.

Þorsteinn Jónsson: Út af orðum hv. þm. Borgf. (P. O.) skal jeg geta þess, að jeg var ekki sammála hv. samnefndarmönnum mínum um, hvað mikið ríkissjóður ætti að leggja til sýsluvega. Jeg lít líkt á það og hv. þm. (P. O.) og hefi hugsað mjer að koma fram með brtt. því viðvíkjandi. Jeg lít svo á, að skifting sýsluvega og þjóðvega sje nokkuð af handahófi. Sumar sýslur hafa enga þjóðvegi, sem kallaðir eru, heldur að eins sýsluvegi. Þar verður því nokkurt misrjetti á, þannig að þær sýslur, sem mikla þjóðvegi hafa, fá meira fjárframlag en hinar. Nokkur bót væri á þessu ráðin, ef tiltölulega meira yrði lagt fram til sýsluvega en nú er ákveðið. Sjerstak-

lega ætti ríkissjóður að leggja meira af mörkum þegar um stórbrýr væri að ræða. Því jeg hygg, að flestir sýslusjóðir mundu kynoka sjer við að færast í fang stór fyrirtæki, nema því að eins, að ríkissjóður tæki á sig mestan hluta kostnaðarins Auk þess er aðgætandi, að sumar brýr á sýsluvegum eru engu síður nauðsynlegar en þjóðvegabrýr, sem að öllu eru kostaðar úr ríkissjóði.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg þarf í rauninni engu við að bæta það, sem jeg áður hefi sagt. Jeg gat þess í ræðu minni fyr, að nefndin hefði tekið báða þessa liði til athugunar, sem um hefir verið talað, og hækkað þá. Þetta er því í samræmi við vilja hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), enda þótt hann vildi ganga enn lengra. Ef hann kemur fram með brtt., tekur nefndin auðvitað afstöðu til þess. Jeg gat um það að jeg geri ráð fyrir, að nefndin íhugi nánar, hvort 15 þús. kr. sjeu ekki of lágt áætlað í B.-lið 2. gr., og má búast við, að það verði hækkað upp í 20 þús. kr. Hvað snertir afstöðu fjárveitinganefnda til frv., þá gat jeg og þess, að þær mundu vera því samþykkar. Það hefir sjerstaklega komið til álita hv. fjárveitinganefndar í þessari hv. deild. Hún fellst að öllu á það, en hefir að vísu enn ekki gefið skriflegt það álit sitt. En jeg vænti þess, að það verði komið fram fyrir 2. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., mánudaginn 11 ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 248, 306, 307, 308, 309, 315).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. ágúst, kl. 1 miðdegis, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 248, 306, 307, 308, 309, 315, 328, 329).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg þarf ekki að vera langorður um frv. að þessu sinni, eða að minsta kosti ekki fyr en þm. hafa gert nánari grein fyrir brtt. sínum.

Nefndin hefir engar breytingar gert við frv. frá 1. umr., að þeirri undanskildri, að 15000 kr. í 2. gr. B. eru hækkaðar upp í 20,000 kr. Þetta hefir nefndin gert eftir áliti vegamálastjóra. Við þennan lið er aftur fram komin brtt. frá hv. þm Borgf. (P. O.), á þgskj. 309, þar sem þessi fjárhæð er færð upp í 22,000 kr. Mismunur þessi skiftir ekki miklu máli, en nefndin álítur brtt. hans samt vera óþarfa.

Þá er brtt. frá hv. þm. Borgf. (P. O.), á þgskj. 309, um að 50,000 kr. í 2. gr. VII. hækki upp í 80,000 kr. Nefndin er á móti þessari breytingu Vegamálastjóri lagði til, að til þessa liðar væru áætlaðar 40,000 kr.; en nefndin hefir hækkað hann upp í 50,000 kr. og legst eindregið á móti frekari hækkun. Þess er vert að geta til frekari skýringar, að eftir áliti vegamálastjóra er ekki hægt að byggja meira af brúm árlega en sem svarar fyrir þessari fjarhæð, og ef tillagið sparast eitt ár, er það orðið 100,000 kr. næsta ár. Samkvæmt frv. liggja nú fyrir svo margar stórar og smáar brýr, að óhugsandi er, að unnið verði fyrir meira árlega en sem svarar þessari fjárhæð. Eftir greinargerðinni, sem fylgir frv., er gert ráð fyrir, að brýr á þjóðvegum verði lagðar á næstu 8—10 árum og sýsluvegum á 10—15 árum. Og þessi áætlun mun vera fullhörð, miðað við þann vinnukraft, sem vjer eigum kost á. Þess vegna er engin ástæða til að óttast, að 50,000 kr. nægi ekki.

Þá er önnur brtt., á þgskj. 308 frá 2.

þm. N.-M. (Þorst. J.). Hún fer í þá átt, að hækkað sje tillag ríkissjóðs til brúa á sýsluvegum. Nefndin hefir komið sier saman um, að tillag ríkissjóðs til sýsluvega megi nema ⅔ hlutum byggingarkostnaðar, og að ¾ hlutum, ef brúargerðin kostar yfir 40 þús. kr. Þessum hlutföllum vill 2. þm. N.-M. breyta á þá leið, að í stað ⅔ hlutum komi ¾, og í stað ¾ komi ⅘, ef brúargerðin kostar 30—40 þús. kr. En ef hún kosti yfir 50 þús., megi ríkissjóður bera kostnaðinn að ⅚ hlutum. Þessi breyting virðist nefndinni vera óaðgengileg og leggur því á móti henni. Eins og nú er háttað, hefir tillag hins opinbera verið miðað við ⅔ hluta. Sjerstakar undantekningar má þó gera á þessu, en þær mega ekki verða aðalregla. Með brtt. þessari er horfið frá hlutföllunum og undantekningin gerð að meginreglu. En nefndin sjer enga ástæðu til þess, að hlutföllunum sje breytt.

Þá er brtt. á þgskj. 306, frá háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) og háttv. þm. Borgf. (P. O.). Hún er þess efnis, að kostnaður við endurbyggingu þeirra brúa, sem taldar eru í VI. lið, greiðist úr ríkissjóði. Nefndin hefir ákveðið, að þessi kostnaður skuli greiðast að ⅔ hlutum úr ríkissjóði, en að ⅓ hluta af viðhaldsaðiljum. Ástæðurnar fyrir þessari brtt. eru samhljóða því, sem áður hefir komið fram, í öðru máli, sem sje þær, að sýslunum sje ofvaxið að bera viðhaldskostnaðinn. Brýrnar, sem tilheyra þessum lið, eru 9 talsins. Þar af eru 2 í Mýrasýslu, 2 í Borgarfjarðarsýslu, 1 í Snæfellsnessýslu, 3 á Fagradalsbraut og 1 í Rangárvallasýslu.

Það er nú að vísu svo, að töluverðs misrjettis kennir í þessu. Sum hjeruðin hafa orðið harðara úti en önnur um fjárframlög. Því að þótt svo sje ástatt, að hagsmunir þessara hjerað sjeu meiri, þá eru þeir fremur fólgnir í sjálfum vegunum heldur en einstökum brúm. Nefndin hefir fært þetta í tal við vegamálastjóra, og hann vill ekki leggja á móti, að svo fari um endurbyggingu þessara brúa, sem brtt. fer fram á. Nefndin lætur það laust og bundið, hvernig deildarmenn greiða atkvæði um þetta atriði. Það mundi ekki raska grundvellinum í till. nefndarinnar, þó að brtt. væri samþ.

Þá er brtt. á þgskj. 315, frá þm. S.-Þ. (P. J.), við 2. gr. A. I. 24. lið, um að bæta Reykjadalsá inn á eftir 24. lið. Um þessar slóðir liggur nú þjóðvegur. En þó að honum verði breytt, sem gert mun vera ráð fyrir, vill nefndin áskilja, að brúin verði gerð þar, sem hinn væntanlegi þjóðvegur verður lagður. Að öðru leyti lætur nefndin atriði þetta afskiftalaust.

Loks er brtt. frá 2. þm. S.-M. (B. St.) á þgskj. 328, sem fer í þá átt, að á eftir 2. gr. A. I., 24. lið, komi Eskifjarðará. Þessi brú mundi verða á þjóðvegi. En Eskifjarðará er lítið vatnsfall og umferð mjög strjál um þessar slóðir. Vegamálastjóri telur það skifta litlu máli, hvort áin er brúuð eða ekki. En hinu ber ekki að neita, að Eskifjarðarbúum, sem flytja hey eða eitthvað yfir ána, kæmi vafalaust vel, að hún yrði brúuð. Og þess ber enn fremur að gæta, að ef þarna yrði lögð akbraut, yrði að brúa ána. Vegamálastjóri telur það lítils vert, þó að þessari brú sje slept; lætur það laust og bundið eftir vilja deildarinnar. Og nefndin lætur þetta atriði afskiftalaust.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. ágúst, kl. 3[06] síðdegis, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 248, 306, 307, 308, 309, 315, 328, 329).

Pjetur Þórðarson: Með þessu frv. er ætlast til, að leidd sjeu í lög þýðingarmikil nýmæli í samgöngumálum. Það á að lögákveða það, hver skuli vera fram lagður kastnaður úr ríkissjóði til brúargerða í landinu um alllanga framtíð. Hv. frsm.

(G. Sv.) gat þess áðan, að ekk· hefði enn verið gerð nein veruleg grein fyrir brtt., sem fram eru komnar. Þetta er að vísu satt. En eins og hv. frsm. gat um síðar í ræðu sinni, hafa ástæðurnar fyrir brtt. á þgskj. 306 verið teknar fram í sambandi við annað mál; þær voru ræddar þegar þingsályktunartill. um vegamál var til umræðu hjer í deildinni. En ástæðurnar eru í stuttu máli þessar, að vegir þeir, sem brýr þær eru á, er hjer ræðir um, á þgskj. 306, eru þegar orðnar að miklu leyti þjóðbrautir, og verða það þó fyrirsjáanlega enn fremur, þegar fram líða stundir. Það mælir því öll sanngirni með, að meira verði lagt til þeirra en gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Önnur ástæða fyrir brtt. á þgskj. 306 er sú, að brýr þær, er hjer ræðir um, eru einar með þeim fyrstu, er landssjóður ljet gera, og sömuleiðis vegurinn, sem að þeim liggur, og var ver vandað til þess byrjunarverks en síðar gerðist um vega- og sjerstaklega brúagerðir.

Það er sýnilegt, að samgöngur um þær slóðir, sem vegir þessir liggja um, færast smátt og smátt í það horf, að bygging þeirra og viðhald hlýtur að færast æ meir yfir á ríkiskostnað. Hv. samgöngumálanefnd hefir og viðurkent það, að sanngirni mæli með brtt. á þgskj. 306, og er jeg henni þakklátur fyrir góðar undirtektir hennar undir brtt. og fyrir það, að hún hefir viljað taka ástæður mínar til greina. Og þar sem vegamálastjóri, sem að mestu hefir samið frv. þetta, hefir þó tjáð sig fremur hlyntan tillögu minni, þá hefi jeg bestu vonir um, að henni verði framgengt; því að jeg treysti því, að þegar hv. deild hefir athugað alla þessa málavexti, þá muni hún taka tillögunni vel og sjá sjer fært að samþykkja hana, og að hún sýni henni sömu velvild sem hv. nefnd hefir sýnt henni.

Björn R. Stefánsson: Jeg gat ekki verið ánægður með upplýsingar þær, sem hv. frsm. (G. Sv.) gaf um brú þá, er jeg með brtt. á þgskj. 328 fer fram á, að tekin sje inn í frv., nje aðstöðuna að henni. Það var auðheyrt á öllu, að hv. frsm. (G. Sv.) talaði þar af ókunnugleik miklum; umsögn hans öll bar þess bersýnilegan vott. Að vísu játaði hv. frsm. (G. Sv.), að brú þessi væri á þjóðvegi, en vildi þó í öðru orðinu jafnvel draga úr því, eða jafnvel vefengja, að svo væri; og umferð um veg þennan taldi hann harla litla. Hvort umferðina eigi að telja mikla eða litla fer nokkuð eftir því, hvað til samanburðar er tekið. Jeg skal játa það, að umferðin má teljast fremur lítil, sje hún borin saman við umferðina á veginum milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, eða umferðina á veginum úr Reykjavík austur yfir Hellisheiði. En sjeu margir aðrir þjóðvegir teknir til samanburðar við þennan veg, þá má telja umferðina um hann mikla. Hv. frsm. (G. Sv.) hefir sennilega aldrei komið á Eskifjörð, ef hann veit ekki, að ströndin hinum megin við fjörðinn er hrjóstrug og ekki heyskaparland, og að vegur þessi muni því ekki geta verið heybandsvegur Eskfirðinga. Það er að vísu satt, að Eskfirðingar þurfa að fá hey að, en þeir sækja það til Reyðarfjarðar á bátum, en draga það ekki að sjer á hestum. Annað hefi jeg ekki um málið að segja en að biðja hv. deild að henda ekki miklar reiður á því, sem hv. frsm. (G. Sv.) sagði um brtt. mína, því að hann talaði um hana af auðsjáanlegum ókunnugleik.

Pjetur Jónsson: Jeg er að bisast hjer með eina brú á þjóðvegi, sem hv. nefnd hefir gleymt að setja inn í frv. sitt; það er brúin á Reykjadalsá. Þykir mjer rjett að gera hv. þingdeild nokkra grein fyrir, hvernig hjer stendur á.

Í vegalögunum er svo ákveðið, að þjóðvegur skuli vera frá Einarsstöðum í Reykjadal að Reykjahlíð, en ekki tekið til, hvar hann eigi að liggja. Leiðirnar eru þrjár um að velja. Nyrsta leiðin er póstleiðin; hún liggur út að Grenjaðarstað, upp Laxárdal og þaðan yfir Hólasand, að Reykjahlíð. Þessi leið er lengst og einna lökust; þó er pósturinn látinn fara hana; en ekki geri jeg ráð fyrir, að þjóðvegur verði lagður þar, þegar að því kemur. Önnur leiðin er frá Einarsstöðum, þvert yfir í Laxárdalinn, yfir Laxá og sömu leið upp Hólasand. Hún hefir þann kost fyrir ríkissjóð, að hún liggur mestmegnis um óbygð, og því mun varla verða farið að kosta fje til aðgerða á henni nokkru sinni. Mjer fanst vegamálastjóra hjer um árið líka hún einna best, af því að minstu þyrfti upp á hana að kosta. Þriðja leiðin liggur fram Reykjadal og yfir stutta heiði, í Mývatnssveit, og þaðan upp að Mývatni og með fram því. Sú leið liggur að mestu eftir bygð. Hún er 2—3 kílómetrum lengri en miðleiðin, en 4—5 kílómetrum styttri en póstleiðin.

Á tveim hinum fyr nefndu vegum liggur leiðin bæði yfir Reykjadalsá og Laxá. En ef syðsta leiðin er farin, má fara sunnan við Mývatn, sýsluveginn sem nú er, og sleppa þá við Laxá; hún er allstór, og munar það landssjóð almiklu að sleppa við að láta brúa hana.

Vegamálastjóri tók ekki brú á Reykjadalsá á áætlun sína, af því að enn væri eigi ákveðið, hvar þjóðvegurinn skyldi liggja. Þriðja leiðin er upp Reykjadal og yfir heiðina þar, að Mývatnssveit norðanverðri.

Nú er það svo, að hver leiðin sem valin verður fyrir þóðveg, þá verður yfir Reykjadalsá að fara. Og svo er Laxá á báðum nyrðri leiðunum, en við hana má sleppa á syðstu leiðinni með því að leggja þjóðveginn fyrir sunnan Mývatn. Ef nyrðri leiðirnar eru valdar, þarf að brúa á þeim bæði Reykjadalsá og Laxá. En jeg tek til að eins brú á Reykjadalsá, og fer ekki fram á tvær brýr, eins og þyrfti, ef önnurhvor hin leiðin væri valin. Jeg fer og fram á þetta af því, að jeg veit, að málsaðiljar munu helst kjósa, að þjóðvegurinn sje lagður fyrir sunnan Mývatn, og að Reykjadalsá verði brúuð einmitt á þeirri leið, enda verður þar framtíðarleiðin að sjálfsögðu.

Stefán Stefánsson: Jeg á hjer enga brtt., og skal því ekki verða margorður. Að eins ætla jeg að leyfa mjer að gera örstutta fyrirspurn til hv. samgöngumálanefndar. Í fjárlögunum fyrir 1918—1919 eru ætlaðar 85,000 kr. til brúargerðar á Eyjafjarðará, sem þó ekki verða notaðar á þessu fjárhagstímabili; og í fjárlögunum, sem nú liggja fyrir, eru 170,000 kr ætlaðar til þessarar brúargerðar. Ef þetta frv. um brúargerðir verður samþykt á þinginu, geri jeg ráð fyrir, að fjárveitingarnar til brúargerða verði teknar út af fjárlögunum. En þá er mjer spurn: Hvernig hugsar hv. nefnd að haga skuli framkvæmd brúargerða þeirra, sem stjórnin hefir tekið upp í sitt fjárlagafrumvarp? Í athugasemdunum við það segir hún, „að ekki þyki rjett að draga nú lengur brúargerð á Eyjafjarðará, og að fjárveitingin til hennar sje miðuð við tillögur vegamálastjóra“. Um þetta vildi jeg fá ákveðið svar hjá hv. frsm. (G. Sv.), svo að það sjáist svart á hvítu, hvað hv. nefnd ætlast fyrir um þessar framkvæmdir.

Pjetur Ottesen: Jeg mintist á það við 1. umr. þessa máls, að jeg mundi koma fram með brtt. við 2. gr. VII., og hefi jeg nú borið hana fram, ásamt brtt. við 2. gr. B., en jeg lýsi yfir því, að síðari lið brtt. minnar tek jeg aftur, með því að hv. samgöngumálanefnd hefir fært upphæð þá, sem um ræðir, úr 15,000 upp í 20,000, og

nálgast það svo mjög brtt. mína, sem fór fram á 22,000 kr., að jeg sætti mig við það.

Aftur á móti held jeg fast við fyrri lið brtt. minnar, að upphæðin 50,000 kr. sje færð upp í 80,000 kr. Hv. frsm. (G. Sv.) tók það fram, að hv. nefnd vildi ekki fallast á þessa brtt. Hvað sem þessum ummælum líður, hefi jeg þó heyrt, að einhverjar raddir hafi heyrst í samgöngumálanefndinni um það, að hækka framlagið úr ríkissjóði svipað því, sem brtt. fer fram á.

Það er vitanlegt, að nú er lagt mikið kapp á og mikið fje í vegagerðir hjer á landi. Jeg held því, að þessi upphæð, 50 þús. kr., muni hvergi nærri hrökkva til að gera þær stórbrýr, sem vantar á þessum vegum, hvað þá heldur einnig allan þann fjölda af smábrúm, sem þarf. Jeg held því naumast, að hægt sje að gera ráð fyrir afgangi árlega, svo að fje safnist saman og bætist við fjárveitingarupphæðina.

Nú er þess að gæta, að vegamálastjóri hefir gert ráð fyrir, að ekki yrði varið úr ríkissjóði meiru en tveim þriðju hlutum til þessara vegagerða. En nú hefir hv. nefnd, sem jeg er henni þakklátur fyrir, hækkað tillagið upp í þrjá fjórðu hluta. Þegar um stærri brýr á vegum er að ræða, og í samræmi við það veitt 50 þús. í stað 40 þús. kr. En það, sem hvatti mig til að koma með brtt., var að mjer var kunnugt um, að hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) var með till. um að hækka tillag ríkissjóðs upp í 5/6 hluta af kostnaðinum. Ef hún verður samþykt, er auðvitað nauðsynlegt að hækka jafnframt þetta 50 þús. kr. tillag. Jeg álít till. þessa hafa fullan rjett á sjer, því að það er nauðsynlegt, að ríkissjóður leggi af mörkum fje svo um muni til stórbrúa á aðalvegum og sýsluvegum, þar sem er þjóðvegur og margar sýslur nota. Jeg vænti þess vegna, að hv. deild taki vel í þessa till., svo að hún nái fram að ganga.

Þá vil jeg enn fremur þakka hv. nefnd undirtektir hennar undir till., er jeg flutti með hv. þm. Mýra. (P. Þ.), um að landssjóður kosti endurbygging þeirra brúa, sem byggðar eru á flutningabrautum og þjóðvegaköflum. Jeg skildi hv. frsm. svo, að hann tæki vel í hana og væri með henni, og vona jeg, að hv. deild geri það sömuleiðis. Mjer þykir vænt um, að nefndin gerir þetta, og álít jeg, að hún bæti með því töluvert upp þá stóru yfirsjón, er hún lagðist á móti till. um að rannsaka, hvort ekki væri rjett að ljetta viðhaldi flutningabrauta af sýslunum.

Þá held jeg, að það sje af gleymsku, að ein brú, á Andakílsá, hefir fallið burtu úr upptalningunni í frv. Þar eru taldar tvær brýr í Borgarfirði, á Grímsá og Reykholtsdalsá. En það stendur eins á með Andakílsá og þessar ár, að hún er oft mikil og ill yfirferðar. Jeg held, að henni hafi verið slept af gleymsku, og mun ef til vill tala við vegamálastjóra um það, og þá flytja brtt. við 3. umr.

Þorsteinn Jónsson: Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að jeg myndi bera fram brtt. við frv. þetta. Frá mínu sjónarmiði er það alls ekki rjett að leggja jafnmiklar byrðar á herðar sýslusjóðum og gert er samkvæmt gildandi lögum.

Eins og menn vita, eru tekjur sýslusjóða ekki svo miklar, að það sje meira en nægi til nauðsynlegustu útgjalda, svo sem vegagerða. Ef sýslusjóðir eiga að kosta brýr á sýsluvegum að miklu leyti, þá mun ganga seint að byggja þær. En eins og jeg hefi áður tekið fram, eru margar ár á sýsluvegum, sem engu minni ástæða er til að brúa bráðlega en margar ár á þjóðvegum, af þeirri ástæðu, að margir sýsluvegir eru ekki ófjölfarnari en þjóðvegirnir. Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að ef brtt. mín væri samþykt, þá mætti svo heita, að ríkissjóður kostaði eins miklu til brúa á sýsluvegum og þjóðvegum. Jafnvel þótt jeg teldi það rjettmætt, þá gengur till. alls

ekki svo langt, eins og allir sjá. Ef t. d. brú á sýsluvegi kostar 50 þús. kr., á eftir till. minni að greiða 10 þús. kr. úr sýslusjóði, og mun það undir mörgum kringumstæðum reynast fullerfitt sýslusjóðum að greiða þá upphæð.

Að vísu hafði vegamálastjóri ekki lagt til, að svona langt væri gengið, eins og jeg ætlast til. En hann virtist, eftir viðtali sínu við samgöngumálanefnd, ekki mótfallinn því, að samgöngumálanefndin gengi fult svo langt og hann í sínu frv.

Ef svo færi, að ekki yrði gerð hið fyrsta breyting á vegalögunum í þá átt, að gera ýmsa sýsluvegi, sem nú kallast, að þjóðvegum, þá er því nauðsynlegra að samþykkja þessa till., því að hún er þó dálítil bót frá því herfilega misrjetti, sem nú ríkir.

Till. mín er samngjörn, og þótt hv. meðnefndarmenn mínir hafi ekki getað gengið svo langt, vona jeg, að hv. deild sjái, hve sjálfsögð hún er, og samþykki hana.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg hefi ekki mörgu að svara eða andmæla af því, sem hv. tillögumenn hafa látið um mælt. Jeg skal geta þess fyrst, að um brú þá, sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) leggur til, hefir nefndin ekki tekið ákveðna afstöðu, og hefir hver nefndarmaður þar alveg óbundnar hendur. Jeg fyrir mitt leyti sje ekkert því til fyrirstöðu, að þessi brú sje tekin með. Frá mínu sjónarmiði er fleira, sem mælir með því, að sú brú sje tekin með, en sagt verður um brúna á þgskj. 328. Sú á mun vera, hvort sem mikill heyskapur er fluttur yfir hana eða ekki, ein af þessum smáám eða bæjarsprænum, sem gott væri auðvitað að fá brú á, svo að hundur væti sig þar ekki í löppina, en þola vitanlega engan samanburð við þau manndrápsvötn, sem enn eru óbrúuð víðs vegar á landinu, og verða að vera það. Það getur auðvitað verið gott fyrir einstaka þingmenn að fá svo mikið af brúm fyrir kjördæmi sín, að menn geti þar allir gengið þurrum fótum, en það ætti ekki almennt að vera hv. þm., og því síður öllum landslýð, keppikefli, að hver smáspræna sje brúuð á einhverjum stað, meðan svo margt er óbrúað af stærri vatnsföllum á öðrum stöðum. Það mun rjett vera, að þessi á er á þjóðvegi, en honum mjög fáförnum, en það er þýðingarmikið atriði í þessu sambandi. En nefndin hefir enga ákvörðun tekið til þessa, og eru mönnum því frjáls atkvæði sín um hana sem hina. En það er í raun og veru mjög einfalt atriði, að eins fjáratriði, hvort gera á ráð fyrir fjárveitingu til þessarar brúar. Margar sprænur munu hafa eins mikinn rjett á sjer. Annars virtist mjer flm., hv. 2. þm. S.-M. (B. St.), vera óþarflega hvass í garð nefndarinnar, mín, eða vegamálastjóra, eða einhverra. Jeg hefi látið þetta mál laust og óbundið, en það verður að skýra frá hverju máli eins og rjett er.

Nefndin hefir líka óbundin atkvæði um till. á þgskj. 306, og jeg hefi farið hlýjum orðum um hana sem undantekning frá þeirri reglu, sem verður að gilda nú, að viðhald flutningabrauta hvíli fyrst um sinn á hendi sýslusjóðanna. Það er auglýst og þarfnast ekki frekari röksemda. En um einstök verk eins og þetta, að endurbyggja trjebrýr á stöku vatnsföllum, getur maður sagt, að ganga megi inn á. En hitt var algerlega órjettmætt í þessu sambandi, að hv. þm. Borgf. (P. O.), sem hjer er gerð sjerstök aðhlynning með undirtektunum undir till. hans, fari að telja þetta yfirbót fyrir, að nefndin hafði áður lagst á móti gersamlega órjettmætri og óhæfilegri till. frá honum og hv. þm. Mýra. (P. Þ.). Það er gott, að þingmenn beri umhyggju fyrir sínu hjeraði, en svo mikil hreppapólitík, sem ekkert lát er á, er jafnvel ekki hv. þm. Borgf. (P. O.) til neins sóma. Það var öllum vitanlegt, að sú flutn-

ingabraut, er fyrir honum vaki, er hann flutti þá till., var Borgarfjarðarbrautin. (*P. O.*: Nei! Margendurtekinn útúrsnúningur!) Það kom fram í skýringum hans, hvaða braut það var.

Hv. þm. Borgf. (P. O.) tók, eins og rjett var, aftur 2. brtt. á þgskj. 309, þar sem nefndin hafði gengið inn á hækkað tillag til þess liðar. En hitt er verra, að hann hefir ekki tekið aftur hina tillöguna á sama þg.skj., því að hún er hálfu ósanngjarnari og órjettmætari. Það er ekki tiltökumál, þótt hinn liðurinn væri hækkaður úr 15 þús. kr. upp í 20 þús. kr., en að stökkva úr 50000 kr. upp í 80000 kr. er á engum rökum bygt. Jeg hefi sýnt fram á það, að þessar brýr á sýsluvegum geta ekki gerst í einu kasti, svo að meira fje verði notað en hjer er til taks. Hv. þm. Borgf. (P. O.) hjelt því fram, að hjer væri um að tala að brúa slíkar ár allar, stórar og smáar. En það er ekki rjett. Allar stærri brýrnar eru undir A, en hinar minni undir B. En stærri brýr á sýsluvegum verða ekki gerðar svo ört, að 100,000 kr. á ijárhagstímabili nægi ekki. En háttv. þm. (P. O.) bætti því að vísu við, að sín till. væri bundin við það, að önnur till., frá háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), næði fram að ganga. Það eru auðvitað rök, sem rjett er að hlýða á. En það er mjög ólíklegt, að brtt. hans verði samþ. Mjer sem frsm. og nefndinni finst það mjög ólíklegt, að þingið vilji ganga inn á þá breytingu, sem hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) fer fram á.

Hann taldi, háttv. 2. þm. N. M. (Þorst. J.), í enda ræðu sinnar, að vegamálastjóri myndi því ekki mótfallinn, þótt tillagið af hálfu ríkissjóðs væri hækkað frá því, sem var í frv. hans. Jeg hefi nú skýrt frá því, að nefndin hafi hækkað tillagið úr ⅔ upp í ¾, er um stórbrýr væri að ræða. En það er að hverfa frá reglunni, og það á því sviði, þar sem viðlit er að veita undanteknigar, en það er þar, sem kostnaður er helst til mikill til að falla að ⅓ á sýslufjelögin. Er miðað við fyrirtæki, sem kosta 40 þús. kr. eða meira. Mjer finst sjálfsagt, að deildin haldi sjer við þetta. Einhversstaðar verður að setja takmörkin, og smærri brúarfyrirtæki verða ekki tekin hjer með, nema algerlega sje horfið frá reglunni. En það stappar nær því, ef till. á þgskj. 328 er samþykt, að öllum kostnaðinum sje velt af sýslusjóðunum yfir á ríkissjóð, eða með öðrum orðum, að landssjóði sje að öllu leyti ætlað að kosta allar brýr á landinu. En allar lagasetningar, sem hjer gilda í landi, fara í bág við þetta. Ef horfið er út frá grundvellinum, leiðir það til margs, sem er nú alveg óútreiknanlegt, en það er mjög óhyggilegt og óheppilegt. En jeg skal geta þess út af orðum sama háttv. þm. um tekjustofna sýslusjóðanna, að hjer hefir verið samþykt þingsályktunartill. frá samgöngumálanefnd, um það meðal annars, að stjórnin rannsaki og geri tillögur um gjaldstofna sýslusjóða vegna vegagerða, aðra eða fleiri en nú eru. Vona jeg, að árangur þeirrar rannsóknar verði lagður fyrir Alþingi. Þar sem sú till. hefir verið samþykt, er þegar búið að vinna í áttina að því að atla sýslufjelögunum meiri tekjustofna; er þá ósamræmi í því að velta um sama leyti öllum kostnaði við brúargerðir á sýsluvegum yfir á ríkissjóð. Nú má geta þess, að þær brýr, sem háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) hefir hjer augastað á, eru brýrnar í Vopnafirði. Þær mega með nokkrum rjetti kallast stórbrýr, og eiga að kostast að nokkru leyti af sýslusjóði. Jeg skal og geta þess, að í sömu till., sem jeg áður nefndi, er ætlast til, að rannsakað sje, hvort ekki skuli gera breytingar um þjóðvegina, og var tilefni til þess meðal annars málaleitun frá þessum sama háttv. þm. (Þorst. J.), um að tekin væri í þjóðvegatölu sá vegur, sem þessar ár eru á. Og ef það yrði ofan á, að þessi vegur kæmist í flokk þjóðvega, þá

kæmu þessar brýr alveg á ríkissjóðinn. Jeg tel ekki rjett að samþykkja till., sem þá yrði að gilda einnig um allar svipaðar brýr á landinu, og nefndin vill ekki víkja frá rjettum grundvelli með því.

Nú man jeg ekki eftir fleiru, sem athugasemda þarf við, nema ef vera skyldi fyrirspurn háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.), hvað nefndin hefði hugsað sjer um framkvæmdir ýmsra brúargerða, sem ákveðnar hafa verið áður, og tók t. d. brúna á Eyjafjarðará, sem er í fjárlögum. Nefndin hefir ekki hugsað sjer það neitt frekar en liggur í eðli málsins og tekið er fram í 1. gr. frv., að þær verði framkvæmdar eftir því, sem atvik og ástæður leyfa, og í þeirri röð, sem landsstjórninni í samráði við vegamálastjóra þykir rjett. Þar með hefir þingið væntanlega að mestu afsalað sjer því, að geta keyrt fram með atkvæðamagni jafnvel stórar brýr á móti till. vegamálastjóra. En jeg skal geta þess, að röðin er alls ekki miðuð við það, er stendur hjer í frv. Og jeg get frætt hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) um það, að brúin á Eyjarfjarðará og ýmsar aðrar munu gerðar einna fyrstar, þótt seinna sjeu taldar en aðrar, eftir því, sem vegamálastjóri hefir sjálfur skýrt frá, og gefur það að skilja, þar sem þær hafa þegar verið teknar upp í fjárlög.

Björn R. Stefánsson: Háttv. frsm. (G. Sv.) hefir enn gert sjer mikið far um að gera lítið úr þessu vatnsfalli, sem jeg flyt hjer brtt. um að láta brúa. Mjer skildist, að hann hafi tekið svo í málið einkum fyrir þá sök, að jeg hefði verið eitthvað hvassyrtur í garð vegamálastjóra eða nefndarinnar. En svo var ekki. En hvassyrðin í garð hv. frsm. voru ekki önnur en þau, sem makleg voru, að það lýsti miklum ókunnugleika, þar sem hann talaði um, að þessi vegur væri einkum heybandsvegur. Hann gerði mikið úr því, hve þetta væri lítið vatnsfall. Það er satt, að hún er lítil að öllum jafnaði, saman borið við stórvötnin, en þó getur hún valdið miklum farartálma. Þar sem vegurinn liggur að henni eru leirur, sem flæðir yfir þegar hásjávað er. (*G. Sv.*: En þornar alveg í þurkum). Menn þurfa oft að svamla þarna í nokkrar mínútur eða að öðrum kosti (*G. Sv.*: Það þarf því að brúa sjóinn) verður að krækja alllangt um mjög ógreiðan veg. En fyrir utan þessar leirur er mjór ós, og er þar tilvalið brúarstæði. En vatnsfall þetta er annars hinn versti farartálmi, því krókurinn er bæði langur og torsóttur þegar hásjávað er.

Þá vill hann gera lítið úr því, að nokkur veruleg umferð sje um þessar slóðir, og fæst af því sjeu þá nytsamar ferðir. Þarna kemur líka fram ókunnugleiki hans. Vegurinn er alls ekki fáfarinn, heldur þvert á móti. Svo veit jeg ekki betur, þegar talað er um vegi almennt, en þá sje sjaldnast verið að spyrja um það, hvort ferðirnar, sem farnar eru um þá, sjeu allar nytsamar eða ekki. Við skulum t. d. taka ferðirnar suður í Hafnarfjarðarhraun hjeðan eða upp að Baldurshaga. Jeg hygg, að þær, að minsta kosti margar þeirra, sjeu ekki nytsamari en ferðirnar yfir Eskifjarðará, og þó telur þingið sjer skyldugt að sjá þar fyrir góðum ferðum, á þessum leiðum, vegna þess, hve oft sje um þá farið, og þá ekkert að því spurt, hvað margar af þeim ferðum eru óþarfa ferðir.

Jeg gat ekki leitt hjá mjer að gefa deildinni frekari upplýsingar en frsm. (G. Sv.) gaf, sem greinilega talaði af stakasta ókunnugleik á málinu, og hefði þá átt færra um það að segja.

Pjetur Ottesen: Jeg skal vera stuttorður, en út af hnútunum, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sendi til mín, get jeg ekki stillt mig um að segja fáein orð. Hann hafði það sem aðalviðbáru gegn brtt. minni og hv. þm. Mýra. (P. Þ.), að við værum með henni að ljetta útgjöldunum af einum stað, þ. e.

Borgarfirði. En það er alls ekki verið að ljetta neinum kostnaði af neinum einum stað, því vegamálastjórinn á að ákveða alt um brýrnar, og það ætti að vera ástæðulaust að brigsla honum um hreppapólitík, þó hv. þm. (G. Sv.) sje að væna okkur þess, að við látum stjórnast af henni. En En mundi ekki vera ástæða til að væna hv. þm. (G. Sv.) um hreppapólitík, því svo virðist, sem hann vilji, að mikið af fjenu komi niður í Skaftafellssýslu. Annars er það alkunnugt um þennan hv. þm. (G Sv.), að hann er haldinn þeim veikleik, að þykjist ætíð hafa rjett fyrir sjer, þótt rök og heilbrigð skynsemi sýni það gagnstæða. En ef til vill telur *hann* það sinn mesta styrkleik.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv

Brtt. 315. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 328. — — 12 — —
— 306. — — 17 : 1 atkv.
— 309,1. feld með 12 : 4 atkv.
— 308. feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., H. K., J. B., M. G., P. O., P. Þ.

nei: S. St., Þór. J., B. K., B. St., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., M. P., M. Ó., P. J., S. S., Ó. B.

Tveir þm. (E. A. og E. J.) fjarstaddir.

Brtt. 309,2. tekin aftur.
— 307. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 14. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 352).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., laugardaginn 16. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um brúargerðir,

eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 371).

Á 33. fundi í Ed., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Eftir samkomulagi við formann samvinnunefndar deildanna er lagt til, að þetta frv. gangi nefndarlaust fram í hæstv. deild.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Jeg þykist vita, að hv. þm. hafi kynt sjer frv., svo að ekki þurfi langrar útlistunar við.

Frv. er samið af vegamálastjóra landsins eftir undirlagi nefndarinnar og í samráði við hana eftir rækilega athugun; þær breytingar, sem nefndin gerði, voru að eins lítilfjörlegar.

Hjer er um stórt nauðsynjamál að ræða, og er svipað fyrirkomulag í frv. sem í vegalögunum og símalögunum, að brýrnar eru settar í kerfi eftir svipuðum reglum.

Eitt nýmæli er og í frv., mjög eðlilegt, en það er heimild handa stjórninni til þess að taka lán til að koma brúnum upp sem

fyrst. Gildar ástæður eru til þess. að lán verði tekið til þess að hrinda þessu nauðsynjamáli áfram; það er sem sje ranglátt, að þeir, sem nú lifa, beri einir þungann af þessum framkvæmdum, heldur beri hann einnig eftirkomendurnir, sem njóta þeirra. Það er og athugavert í þessu sambandi, að brýr heimta ekki eins mikinn vinnukraft og vegagerðir; til brúargerðanna mun ekki þurfa nema einn nokkuð stóran flokk, svo að lítið mundi skerðast sá vinnukraftur, sem vjer annars þurfum til atvinnuveganna. Með lántökunni er það og unnið, að fá má mikið efni í einu og ódýrra. Og hvað sem segja má um aðrar samgöngubætur, þá er það þó víst, að jafnan er hægara að leggja vegarspottana eftir að brýrnar eru komnar.

Jeg þykist viss um, að frv. verði vel tekið, enda er það samþykt í e. hlj af samvinnunefnd beggja deilda í samgöngumálum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins skjóta fram þeirri spurningu hvort meiningin sje að láta taka eitt stórt lán eða fleiri lán smám saman. Mönnum má vera það kunnugt, að það er dýrt að taka lán í bili, og sjálfsagt mundi verða tap á því að geyma lánið í bönkunum, sem ekki yrði hjá komist, ef lán væri tekið í einu lagi. Hitt er rjett, að ódýrra efni fengist, ef mikið yrði keypt í einu, og myndi þetta að líkindum vera á valdi stjórnarinnar.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Það er rjett, að til þess er ætlast, að stjórnin annist um þessa lántöku á þann hátt, sem henni þykir hagkvæmast, hvort heldur hún telur hagkvæmt að taka lánið í einu lagi eða smátt og smátt eftir því, sem verðlagið er, þegar þar að kemur. Um aðflutt efni er vart að ræða annað en sement og járn; um timbur er ekki lengur talað í þessu sambandi. Ef sjáanlegt er, að þessar vöruteg-undir falli í verði, þá er stjórninni ætlað að hinkra við, og yfirleitt haga sjer sem skynsamlegast. Það er ekki meiningin, að endilega verði strax hlaupið til og tekið lán, heldur að stjórnin hafi heimildina, hvenær sem henni þykir rjett að grípa til hennar, og ráði því þá einnig, hvort lánið sje tekið í einu lagi eða smátt og smátt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj atkv.

Á 35. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr (A. 371, 416).

Eggert Pálsson: Tvær óverulegar brtt. á þgskj. 416, sem jeg hefi leyft mjer að flytja, valda því, að jeg bið mjer hljóðs.

Hin fyrri er leiðrétting á nafni ár einnar í Ölfusi, sem í frv. er nefnd Bakkakotsá, en heitir Bakkárholtsá. Það er eins og það sjeu álög á þessari á, að aldrei sje haft rjett nafn hennar, því að í sjálfri brtt., sem miðar að því að leiðrjetta nafnið, er nafn hennar rangt, Bakkarholtsá, en væntanlega má lagfæra það á skrifstofunni.

Hin brtt. fer fram á það að skeyta inn einni brú í frv., sem sje yfir Strandarsíki. Þótt síki þetta sje ekki stórt og menn verði vart varir við það á sumardegi, þá getur það samt á vetrum orðið afarilt yfirferðar. Og úr því að ætlast er til, að brúuð verði öll vatnsföll, þá taldi jeg ekki rjett, að síki þessu væri slept. En nú hefi jeg fengið upplýsingar um það, að síki þetta sje tekið upp í frv., upp í B.-lið þess, og sje ætlast til þess, að gerðar verði ekki ein, heldur tvær brýr yfir það. En á þessu hafði jeg ekki varað mig. Með þetta fyrir augum og í trausti þess, að brúm þessum verði ekki slept, þegar þar að kemur, lýsi jeg því yfir, að jeg tek brtt. aftur.

Kristinn Daníelsson: Mætti þá ekki einnig leiðrjetta á skrifstofunni, án brtt., árnafnið, sem hin brtt. hnígur að, til þess að komist verði hjá því að endursenda frv. til Nd.

Forseti: Jeg tel hjer að eins um orðrjetting að ræða, sem lagfæra megi á skrifstofunni.

ATKVGR.

Brtt. 416,1.—2. teknar aftur.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ án atkvgr.

Frv. vísað til 3 umr. með 13 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., föstudaginn 22 ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 371).

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg stend ekki upp til að mótmæla frv. Jeg vil að eins vekja athygli á því, að um leið og frv. er afgreitt munu fjárveitingar til brúa verða teknar burt af fjárlögunum. Þetta virðist eiga að verða örlög fleiri útgjaldaliða í fjárlögunum; t. d. er nú verið að semja frv. um opinberar byggingar, samstætt brúarfrv., sem hjer liggur fyrir. En til þess að þetta geti farið vel þarf næsta stjórn, hver sem hún verður, að fara mjög varlega í sakirnar. Ef ekki verður viðhöfð öll aðgætni, gæti landssjóður beðið stórhalla af þessari nýbreytni.

Magnús Kristjánsson: Jeg vil að eins beina þeirri spurningu til hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), hvort stjórnin muni fallast á þá tillögu fjárveitinganefndar, að fella úr fjárlögunum þær brýr, sem þar eru nefndar. Það væri vafalaust misráðið. Mjer nægja ekki þær brýr, sem komnar eru á pappírinn í þessu frv. Þær koma ekki að fullu gagni, og guð má vita, hve nær þær verða annað en pappírsgögn. Drátturinn getur orðið afarlangur. Jeg treysti hæstv. stjórn til, að hún láti það ekki viðgangast mótmælalaust, að þær brýr, sem í fjárlögum standa, verði feldar burt þaðan. Jeg er ekki ráðinn í því, hvort jeg greiði þessu frv. atkv. Líklega mun það gilda einu, hvort heldur verður, og mun jeg því láta það hlutlaust, að þessu sinni.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Jeg tel ekki eðlilegt, að nöfn þeirra brúa, sem í fjárlögum standa, verði feld burtu, vegna þessa frv., en sjálfsagt er að halda fjárhæðinni eftir, sem veita á til brúa. Annað mundi villa sýn um fjárhaginn. Í fjárlögum ættu allar fjárhæðir að standa, sem við koma fjárhag landsins á fjárhagstímabilinu, svo hægt sje að sjá nokkuð af eða á um mismun tekna og gjalda.

Kristinn Daníelsson: Jeg tel það sjálfsagðan hlut, að brúanöfnin í fjárlögunum verði strikuð út. En jafnsjálfsagt er, að þær brýr gangi fyrir öðrum, þegar til byggingar kemur, sem búið er að veita fje til, eða gefið hefir verið vilyrði um. Jeg geri ráð fyrir, að þingið muni geta eftir sem áður haft nokkra hönd í bagga um það, í hvaða röð brýr verði bygðar, þar sem óskir þingmanna í þeim efnum geta komið glögt fram í sambandi við umræður um það, hve háar fjárhæðir skuli veita til brúagerða.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sje, að í frv. eru einmitt teknar þær brýr, sem nú eru í fjárlögum. Þó þær nú verði teknar af fjárlögum, geri jeg ráð fyrir, að komandi stjórn muni láta þær ganga fyrir öðrum. Við þessa breyting verður 300 þús kr. minni halli á fjárlögum en ella. En halli landssjóðs er hinn sami.

Jeg vil benda á, að það verður að beita meiri varkárni en hingað til hefir verið gert. Hallinn á fjárlögunum verður meiri nú en nokkru sinni áður. Enginn getur sagt, hversu langt komandi stjórn kann að fara í útgjöldunum, ef þingið gefur annað eins fordæmi og nú virðist vera efst á teningnum.

Magnús Kristjánsson: Mjer finst ekki einu gilda, hvort fjeð er tekið að láni eða af tekjum fjárhagstímabilsins. En þetta fyrirkomulag má ekki verða til þess, að dráttur verði á byggingu brúanna En þó að ákveðið sje, að lán megi taka, er engin vissa fengin fyrir því, að það verði gert, og því síður hve nær það verði. Stjórnin verður að sjá um, að jafnmikið fje verði veitt til brúagerða og ákveðið var til nefndra brúa í fjárlögunum. Jeg verð að beina til hæstv. stjórnar, að hún sjái um, að svo framarlega sem ekki er vissa fyrir, að lánið fáist á þeim tíma, sem til er ætlast, verði upphæðin, sem um er að ræða, tekin upp í fjárlögin.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skil lögin svo, að ekki sje ætlast til, að tekið sje upp í fjárlögin fje til brúargerða, heldur sje meiningin sú, að lán verði tekið, en vextir og afborganir af því verði sett í fjárlögin. Skilji jeg þetta rjett, er hjer um mjög viðsjárverða pólitík að ræða

Kristinn Daníelsson: Þetta var ekki skilningur nefndarinnar. Stjórninni var að eins veitt heimild til að taka lán, en ekki gert að skyldu. Auðvitað hefir engum dottið í hug, að ef stjórnin eigi notaði heimildina, ættu allar brúargerðir að falla niður. Jeg verð, eins og hv. þm. Ak (M. K.), að halda fram, að verði lánið ekki tekið, verði að setja upphæðina í fjárlögin.

Magnús Torfason: Jeg sje ekki neina ástæðu til að flýta fyrir þessum lögum, eins og nú er ástatt. Alt útlent efni er ákaflega dýrt, og flutningur á því ekki síður. Hygg jeg, að heppilegast muni að hrapa eigi að þeim framkvæmdum, sem útheimta útlent efni. Auk þess skal jeg geta þess, að áætlanirnar, sem slík lög sem þessi byggjast á, hafi ekki reynst sem áreiðanlegastar hjá verkfræðingunum okkar. Get jeg í því sambandi tilnefnt vitalögin Mjer finst, að þetta mál geti hvílt sig, þar til betur er rannsakað, hvar þörfin er mest og hver kostnaðurinn verður.

Jeg sje, er jeg lít yfir frv., að t. d. í Ísafjarðarsýslu er engin brú tekin upp í það. Aftur á móti eru 2 brýr í Strandasýslu undir A.-lið I. og 1 undir A.-lið II. Jeg get vel skilið, að Vestfirðir þyki út úr og því sje minna tillit tekið til þeirra, en Strandasýsla er þá eigi síður á útkjálka landsins, og mjer er kunnugt, að í Ísafjarðarsýslu eru margar brýr, sem þurfa viðgerðar við, og þar eru mörg fljót, og sum afarill yfirferðar.

Jeg mun því greiða atkvæði móti þessu frv., enda efa jeg stórlega, hvort heppileg sje sú braut, sem háttv. Alþingi virðist komið inn á, að varpa frá sjer fjárveitingavaldinu í hendur stjórnarinnar, svo hún geti farið með það eftir geðþótta sínum.

Sigurjón Friðjónsson: Mjer hefir skilist, að aðalhugsunin, sem lægi bak við þetta frv., væri sú, að brúargerðirnar gætu gengið eftir föstum reglum, að altaf væri til fastur flokkur verkamanna, er vanir væru starfinu og ynnu bæði vetur og sumar. Sparnaðurinn við þetta fyrirkomulag væri í því fólginn, að ekki þyrfti eins marga menn til vinnu, og aldrei vantaði fje til nauðsynlegra brúagerða.

Mjer virðist hitt aukaatriði, hvort tekin eru upp í fjárlögin nöfn hinna einstöku brúa. Hið eina, sem sýnist athugavert við að sleppa því, er ef þingið þá um leið slepp-

ir úr hendi sjer rjettinum til að ákveða, hvaða brýr skuli fyrst gera. Sje jeg eigi, hvað er á móti því, að brúanöfnin standi í fjárlögunum eins eftir sem áður, en jeg tel það formatriði, sem eigi geti komið í bág við, að frv. nái fram að ganga.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg verð að halda fram, að skilningur minn á frv. sje rjettur, að ekki verði tekið upp í fjárlögin annað en vextir og afborganir af láni því, sem tekið verður til brúagerða. Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að lán verði tekið, og sagt, að vexti og afborgun af því skuli telja með öðrum gjöldum ríkissjóðs. Mjer skilst, að ef þetta frv. verður samþykt, verði alt sett á vald stjórnarinnar, hversu margar, hvar og hverjar brýr verða bygðar. Það er helst útlit fyrir, að tilhneigingin hjá háttv. þingi sje að taka ekki einungis þetta út af fjárlögunum, heldur og allar opinberar byggingar o. fl. Jeg sje, að það liggja fyrir uppástungur um það. Slíkt er að vísu ekki tiltökumál þegar stjórn sú, sem situr að völdum, fer varlega, en í höndum stjórnar, er hefir tilhneigingu til framkvæmda án tillits til kostnaðarins, getur slíkt verið athugavert.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg verð að mótmæla þeim skilningi, að brúargerðir verði alveg teknar undan umsjón þingsins, þó þetta frv. verði samþykt.

Halldór Steinsson: Mjer þykir háttv. deildarmenn vakna nokkuð seint. Nú fyrst, við 3. umr., er úr sumum áttum farið að anda svo kalt, eins og meiningin sje að drepa frv. Skil jeg ekki hvernig á því stendur, því frv. miðar áreiðanlega í rjetta átt.

Mjer hefir virst á hæstv. fjármálaráðherra, að hann ætlaðist til, að lánið yrði tekið alt í einu, um 2 miljónir króna, en vegamálastjórinn ætlaðist til, að það yrði gert á einum 10—12 árum. Nú standa í fjárlögunum brýr fyrir um 300 þúsund kr., og ef árlega yrði varið jafnmikilli upphæð, mundi það fyrirkomulag alls eigi verða ódýrara en það, sem hjer er farið fram á. Annars finst mjer sjálfsagt, að brúamálið komist í fast kerfi, eins og t. d. vega- og vitamál. Mjer finst langtum óheppilegra, að þingmenn sjeu að toga á milli sín, hvaða brýr eigi að sitja í fyrirrúmi.

Eggert Pálsson: Jeg vona, að þó að umræður hafi orðið um þetta mál nú á síðustu stundu, nái það samt fram að ganga. Mjer finst frv. vera vel hugsað og til stórra framfara. Það er auðsjeð, að meiningin með þessu frv. er að búa til fast brúakerfi, í líkingu við símakerfið. Ef það hefði ekki verið til, mundi hver þingmaður hafa krafist þess, að hans símaspotti yrði látinn ganga fyrir, og af því hefði stafað sífeldur ruglingur. Þetta frv. stuðlar því að því, að koma meira samræmi á við lagningu brúanna. Auk þess getur vegamálastjórinn, eftir þessum lögum, betur farið eftir sínum hentugleikum, t. d. lagt fleiri en eina brú í sama hjeraðinu í senn, svo flutningur og vinnukraftur yrðu ódýrari. Inn í fjárlögin verða svo teknir vextir og afborganir af lánum þeim, sem tekin verða til brúagerða, og gjöldunum þannig skift niður á fleiri ár, á sama hátt og gert hefir verið með ritsímann. Útgjöldin yrðu á þann hátt langtum jafnari en verið hefir, er eitt árið hefir verið veitt feikna mikið fje til brúagerða, en annað árið sama og ekki neitt.

Hvað það snertir, að þingið sje útilokað frá að ákveða, hvaða brýr skuli ganga fyrir, skal jeg geta þess, að það á sjer engan stað. Þinginu er að minsta kosti í lófa lagið að fara þingsályktunarleiðina og skora á stjórnina að láta byggja þessa eða hina brúna, sem brýnust þörf sýndist vera fyrir, og efa jeg ekki, að stjórnin mundi fara eftir eindregnum vilja þingsins í þeim efn-

um. En ef hún þverskallaðist, er samt sá vegurinn opinn, að breyta lögunum á einn eða annan hátt, eða jafnvel nema aftur úr gildi.

Hvað snertir brýr þær, sem nú standa í fjárlagafrv., en samkvæmt frv. þessu ganga út, tel jeg gefið, að þær, samkvæmt því, sem stendur í 1. gr. frv., 2. málsgr., verði látnar ganga fyrir. Stjórn og vegamálastjóri geta ekki verið sjálfum sjer svo ósamþykk, að þau telji ekki sjálfsagt, að þær brýr hafi forgangsrjett eftir þessu frv., sem þau hafa tekið sjálf upp í fjárlagafrv.

Hvað snertir landssjóðinn, er mismunurinn eingöngu sá, að eins og nú er, tekur hann lánið í óákveðnu augnamiði, að eins til að jafna halla, sem á fjárlögunum verða, meðal annars vegna brúarbygginga, sem kæmu þar inn, en eftir frv. í ákveðnum tilgangi, þeim ákveðna tilgangi, að verja láninu til brúagerða.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg ætla að eins að geta þess, að þó það hafi verið búið til kerfi fyrir lagningu símanna, er langt í frá, að það sje fullnægjandi. Stöðugt kapp hefir verið um, hvaða spotta skyldi leggja fyrst, og er það kunnugt, hvað þessi mál, þrátt fyrir lögin um símakerfi, hafa oft komið til þingsins kasta.

Magnús Torfason: Háttv. þm. Snæf. (H. St.) átaldi, að mál þetta hefði ekki verið rætt fyr en nú. Vil jeg benda honum á, að hjer í háttv. deild eru menn ekki vanir að vera svo málugir við 1 umr.

Með þessu frv. er verið að ganga inn á nýjar brautir; framvegis er ætlast til, að byggt verði fyrir lán. Er jeg ekki á móti því í sjálfu sjer, en mjer finst ekki ástæða til að taka lán til hluta, sem eigi eru sjerstaklega arðvænlegir, og binda þannig framkvæmdir landsins, ef að því ræki, að við þyrftum lán til einhvers arðvænlegs stórfyrirtækis. Brýr geta ekki talist beint arðvænlegar, og finst mjer ástæðulaust að taka lán til þeirra. Jeg veit heldur ekki til, að neitt verulegt lán hafi verið tekið til símalagninga eða vitagerða.

Það kom fram í umræðunum um vitana síðast, að tekjurnar og kostnaðurinn stæðist þar nokkurn veginn á. Og nú, þegar á að fjölga vitunum, hefir komið fram tillaga um að hækka vitagjaldið. Er mjer heldur eigi kunnugt um, að neitt verulegt lán hafi verið tekið til þeirra. En þegar verið er að leggja nauðungarskatta á ýmsar atvinnugreinar, sje jeg ekki ástæðu til að flana út í stórar lántökur til brúagerða. Yfirleitt finst mjer, að stórar lántökur geti beðið þangað til við höfum verulega þörf á þeim.

Jeg veit heldur ekki til þess, að vegamálastjóri hafi kynt sjer nokkuð sjerstaklega vegakerfi vestanlands, enda er tæpast við því að búast, því hann er maður ungur að árum og embættisaldri.

Mjer virðist því, að öllu athuguðu, lítill skaði skeður, þó þetta mál fengi að hvíla sig til næsta þings, að minsta kosti. Því það er hvorttveggja, að þetta er stórmál, og að hjer er um að ræða stefnubreytingu, og hana þann veg vaxna, að mjer virðist varhugavert að flana að henni undirbúnings- og athugunarlítið og ekki síður varhugavert — eins og hjer er um að ræða — að binda lánstraust ríkisins eftir geðþótta stjórnarinnar, t. d. fyrir kosningar.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Jeg verð að taka í sama streng og þeir, sem undrast hafa þau andmæli, sem vakin hafa verið gegn þessu máli.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) var að fárast um það, að óviðeigandi væri að taka lán til þessara starfa, af því að þau væru ekki gróðafyrirtæki. En þó svo væri ekki, virðist mjer það eitt ekki eiga að ráða rjettmæti nokkurrar lántöku, hvort lánsfjenu eigi að verja til svo nefndra gróðafyrirtækja eða

ekki — heldur þörfin — þörfin á og gagnið af því fyrirtæki, sem um er að ræða. Í þessu tilfelli er það einnig annað, sem rjettlætir lántökuna, og það er það, að kostnaðurinn við fyrirtækið dreifist þá á fleiri ár. En með því næst sú rjettláta skipun málsins, að sem flestir þeirra, sem starfsins njóta á ókomnum árum, beri einnig sinn bagga af byrðum stofnkostnaðar þess, í stað þess að láta hann lenda allan á herðum núlifandi manna, sem margir hverjir njóta lítils góðs af framkvæmd málsins.

Jeg vona svo að lokum, að hv. deild hugsi sig vel um áður en hún greiðir atkvæði gegn málinu. Því þrátt fyrir það, þó það kunni að vera rjett, að vegamálastjóri sje enn þá ekki kunnugur öllum leiðum vestur þar, er ávalt hægurinn hjá eftir á að bæta úr þeim brestum, sem reynslan kann að leiða í ljós. Aðalatriðið er það, að þó hjer sje um stefnubreytingu að ræða, þá er það rjett breyting og sjálfsögð.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Af því að þetta mál snertir sjerstaklega atvinnumáladeild stjórnarinnar, vil jeg ekki láta hjá líða að lýsa samúð minni með frv. Samt sem áður virðist mjer sjálfsagt, að þær brýr, sem taldar eru í fjárlögunum, gangi fyrir öðrum, og jeg tel víst, að hver svo sem það verður, sem veitir málum þessum forstöðu, þá telji hann sig beinlínis bundinn við framkvæmd þess, sem fjárlagafrv. fór fram á í þessum efnum.

Jeg vona fastlega, að málið verði samþykt nú í þessari hv. deild, því þá væri lokið ferð þess um þingið. Engin ástæða virðist heldur vera til þess að aftra framgangi málsins, þó hjer sje um að ræða nýja stefnu, meðan ekki hefir verið sýnt fram á það, að þessi nýja stefna sje verri en sú gamla. Og einhvern tíma verður auðvitað að byrja á breytingunni, eigi hún á annað borð nokkurn tíma að komast í framkvæmd. Og þessi breyting á að komast í framkvæmd, hvað svo sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) segir um arðsemi hennar eða arðleysi. En í þessu sambandi vil jeg beina þeirri spurningu til hv. þm. (M. T.), hvað hann telur eiginlega arðsamt, ef það er ekki arðsamt að ryðja úr vegi verstu hömlunum og höftunum á samgöngum og samskiftum manna á milli. (*M. T.*: Það er búið að því). Nei, því miður er ekki búið að því og ef menn væru spurðir að því, á hverju þeir teldu mesta þörf á samgöngumálum sveitanna, er jeg sannfærður um, að 99 af 100 mundu biðja um það, að brúaðar yrðu árnar, sem mestum tálmunum og hættu valda.

Jeg vil nú enn þá einu sinni láta í ljós þá ósk mína, að deildin dragi málið hvorki nje felli, því auðvelt er að bæta við fleiri ám seinna, ef þurfa þykir, eða stjaka við stjórninni, ef hún þykir treg til framkvæmda.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 : 1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 475).

---

38 Konungsmata.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn, 31. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar (A. 223).

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., fimtudaginn 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og getið er í greinargerð fyrir frv., þá er það komið fram að tilmælum stjórnarinnar. Og jeg býst ekki við, að frekara þurfi að segja um það. Þetta er í rauninni ekki annað en sjálfsögð afleiðing af sambandslögunum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., laugardaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 223, 311).

Pjetur Ottesen: Eins og kunnugt er, þá er eftir sambandslögunum lagt í vald Alþingis að kveða á um fjárframlag til konungs og konungsættarinnar og upphæð þess. En stjórninni þóknaðist nú að taka í sínar hendur þetta hlutverk þingsins, og ákveður í fjárlagafrv. sínu borðfje konungs 50,000 kr. á ári; hefir henni þó sjálfsagt þótt þetta nægileg og hæfileg upphæð. En nú hefir fjárveitinganefnd borið fram frv. þetta um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar, og vill hún færa fjárframlag þetta upp í 60,000 kr. Í ástæðunum fyrir frv. er þess getið, að það sje borið fram eftir ósk stjórnarinnar. Jeg fæ ekki sjeð eða gert mjer í hugarlund, hvaða ástæða geti verið fyrir þessum sinnaskiftum stjórnarinnar. Jeg fæ ekki betur sjeð en að sú upphæð, sem stjórnin tók til upphaflega, sje sæmileg, þar sem við, með því að leggja fram 50,000, legðum hlutfallslega meira til en Danir, sje borin saman fólksfjöldi ríkjanna, hvað þá ef farið væri eftir ríkidæmi landanna. Ef miðað er við fólkstölu, mundum við eiga að leggja til um 30,000 kr., en sje miðað við ríkistekjurnar, þá yrði það 12—15000 kr. Af þessum ástæðum hefi jeg leyft mjer að koma með brtt. á þgskj. 311, sem fer fram á, að fjárveitingin sje færð niður í þá upphæð, sem stjórnin tók upphaflega til.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg mun ekki halda langa ræðu að þessu sinni, því að jeg tel heppilegast, að sem minst sje um málið rætt hjer í þinginu. Jeg skal að eins geta þess, að stjórnin mæltist til þess við fjárveitinganefnd að bera fram frv., og nefndi til fjárupphæð þá, sem í frv. stendur. Taldi nefndin þessi tilmæli hafa við góð rök að styðjast, þegar þess er gætt, að ýms tilkostnaður konungs hefir hækkað eigi síður en annara manna nú á þessum dýrtíðartímum. Það á ekki við, að vjer Íslendingar förum hjer í neinn samanburð við Dani; alt er í sjálfsvald lagt, hve mikið vjer viljum greiða, og sómir oss eigi annað en að vort tillag sje eigi skorið við neglur, án þess þó að út í öfgar sje farið. Mundi jeg helst vilja mælast til þess við hv. flutningsmann (P. O.), að hann tæki brtt. sína aftur.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi litlu að bæta við það, sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði um málið, og tel heppilegast, að það sje ekki mikið rætt hjer á þingi. Jeg hefi áður skýrt hv. þm. frá málavöxtum á einkafundi, og vona jeg, að það geti nægt þeim, og hefi því ekki frekara að segja hjer.

Pjetur Ottesen: Jeg skal verða við þeim tilmælum að fara ekki að rökræða mál þetta hjer frekar, þó jeg hins vegar gangi ekki inn á það, að það sje svo helgur dómur, að eigi megi minnast á það, enda finn jeg því síður þörf á því, þar sem ekki hafa verið born.r fram ástæður móti því, sem jeg mælti með brtt. minni. Hins vegar lýsi jeg því yfir, að jeg tek brtt. *ekki* aftur, og bið hæstv. forseta að láta fram fara nafnakall um hana.

Með því að mótmæli voru hafin gegn því, að nafnakall skyldi viðhaft um brtt., bar forseti það undir atkvæði deildarinnar, og var nafnakallið samþykt með 13 shlj. atkv.

ATKVGR.

Brtt. 311. feld með 21 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., P. O., B. Sv.

nei: B. St., E. A., E. Árna., G Sv, J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., Ó. B.

S. St. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (E. J.) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., mánudaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 223).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um greiðslu af ríkissjóði til konungs og konungsættar,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 333).

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 14. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta er komið frá háttv. Nd., flutt þar af fjárveitinganefnd, og legg jeg til, að því verði vísað til fjárveitinganefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2 umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 2000) með 8 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., fimtudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 333, n. 414).

Frsm. (Eggert Pálsson): Nál. í máli þessu er mjög stutt; samt sem áður geri jeg ráð fyrir, að ekki sje þörf langrar framsögu. Allir munu sammála um, að málið eigi fram að ganga og meira að segja að best eigi við, að sem minstar umræður verði um það hjer í deildinni. Legg jeg til, fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþykt óbreytt og umræðulaust.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., laugardaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 3. umr (A. 333).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 486).

39 Löggilding Mýramels.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um löggilding verslunarstaðar á Mýramel (A. 283).

Á 29. fundi í Nd., laugardaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið.—Leyft með 13 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Matthías Ólafsson): Fyrst nú fyrir nokkrum dögum barst mjer ósk úr Mýrahreppi um að fá löggildingu verslunarstaðar á Mýramel, og það er samkvæmt þeirri ósk, að jeg flyt þetta frv. Jeg get sagt stuttlega, hvernig á þessu stendur og hvernig þarna hagar til. Í þessum hreppi er enginn löggiltur verslunarstaður, en það er í öllum nágrannahreppum. Nú hafa menn stofnað þarna kaupfjelag, og verða þess vegna að fá einhvern löggiltan verslunarstað. Þeir hafa valið Mýramel, og er það ekki illa valið. Dýrafjörðurinn er allur ein höfn, svo ekki er það til fyrirstöðu. Þeir ætla að byggja þarna hús og bryggju, og eru engir annmarkar á, að það sje hægt. Að vísu er ekki hægt að hafa bryggjuna stóra vegna íshættu. Það hefir komið fyrir, að bryggjan á Þingeyri hefir skemst af þeirri ástæðu, og er hún þó betur sett.

Viðvíkjandi þessum verslunarstöðum er jeg þeirrar skoðunar, að það sje að eins óþarfa tímaeyðsla að láta þingið gefa út lög um þá í hvert skifti. Það væri umbrotaminna, að slíkt leyfi væri veitt eitt skifti fyrir öll og stjórnarráðið löggilti staðina, þegar þess væri óskað. Það er hvort sem er venja að veita altaf slíkt leyfi.

Jeg vona, að þetta frv. gangi hljóðalaust gegnum þingið. Jeg sje ekkert, sem mæli á móti málinu, en það er til þæginda fyrir þá, sem að því eiga að búa. Jeg sje ekki ástæðu til, að málið gangi til nefndar, en vona, að það verði samþykt til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv.

Á 31. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 283).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 14. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. og 2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 18. ágúst, var tekið til 3. umr. (A. 283).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um löggilding verslunarstaðar á Mýramel,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 409).

Á 36. fundi í Ed., fimtudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., laugardaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 409).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., mánudaginn 25 ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 409).

Guðmundur Ólafsson: Jeg man ekki til þess, að sagt hafi verið eitt orð um þetta frv., og er það þó komið til 3. umr. Jeg fyrir mitt leyti veit ekki, hvort þessi staður liggur við sjó eða upp til fjalla, og þótt jeg vilji ekki á nokkurn hátt amast við frv., þætti mjer samt fróðlegra að fá einhverja vitneskju um staðinn

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi heyrt á skotspónum, að þessi staður sje einhversstaðar nálægt Dýrafirði.

Kristinn Daníelsson: Þessi staður liggur norðanvert við Dýrafjörð, í Mýrahreppi. Þar var áður talsverð „trafik", meðan hvalveiðamenn voru vestra, en nú hafa þær veiðistöðvar verið lagðar niður Hafa sveitarbúar hugsað sjer, að með því að hjer er um góða höfn að ræða, svipaða höfninni á Þingeyri, þá geti hjeraðinu orðið hagur og frami að því að hjer yrði rekin verslun. Mjer hefir að vísu ekki verið falið að flytja þetta mál, en með því að jeg er gagnkunnugur þessum slóðum, hefir mjer þótt rjett að gefa þessar upplýsingar. Vænti jeg, að þetta frv. sæti sömu vingjarnlegum viðtökum sem önnur samskonar frv.

Guðmundur Ólafsson: Eins og menn gátu heyrt af orðum mínum áðan, var það ekki af óvinskap við frv., að jeg tók til máls, heldur þótti mjer ekki minna mega vera en að vjer fengjum að vita, hvað um væri beðið og hvar staðurinn væri.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 506).

---

40. Bæjarstjórn á Seyðisfirði.

Á 9. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði (A. 86).

Á 10. fundi í Ed., föstudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og tekið er fram í greinargerðinni, er frv.

þetta samið af bæjarstjórn Seyðisfjarðar og borið fram eftir ósk hennar. Bæjarstjórnarlög Seyðisfjarðar eru orðin gömul, og er því ekki furða, þótt þurfi að breyta þeim. Jeg mun síðar minnast á, hverjar breytingar eru gerðar, en legg nú eingöngu til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A bls. 2004) með 8 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 240).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg get að mestu leyti látið mjer nægja að vísa til nál. Brtt. allsherjarnefndar eru engar verulegar; tvær síðustu brtt. eru að eins leiðrjettingar á prentvillum, og 6.—8. brtt. eru orðabreytingar.

Um hinar brtt. er það að segja, að 1. brtt. er gerð grein fyrir í nál. Um 2. brtt. skal þess getið, að nefndinni þótti rjettara að gera ráð fyrir því, að komið gæti svo, að bæjarstjóri yrði kosinn til þess að hafa á hendi forstöðu bæjarstjórnar í stað bæjarfógeta, og væri því rjett, að hann ætti sæti í kjörstjórn. 3. brtt. setur kosningargerð fyrir kosning, með því að það er víðtækara, tekur einnig til undirbúnings kosningar, svo að af brtt. leiðir, að einnig yfir undirbúningnum má kæra. Sama er að segja um 4. brtt.; ágreiningsatriði er víðtækara en ágreiningsákvæði; í ágreiningsatriði felst það, að ekki að eins skal bókað, að maður hafi verið ósamþykkur, heldur og af hverjum ástæðum. 5. brtt. er sett af því, að ekki er nauðsynlegt, að þar nefnd atvinnubrögð fari saman til þess að hlutaðeigandi verði gjaldskyldur. 9. brtt. er að eins til skýringar.

Vænti jeg, að hv. deild samþykki brtt. nefndarinnar og síðan frv. í heild sinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 240,1. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ með 10 shlj. atkv.

Brtt. 240,2. samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 240,3. samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 240,4. samþ. með 9 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

11.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 240,5.—6. samþ. án atkvgr.

17. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 240,7.—8. samþ. án atkvgr.

18. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 240,9. samþ. með 9 shlj. atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

20.—26. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 240,10. samþ. án atkvgr.

27. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 240,11. samþ. án atkvgr.

28. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
29.—31. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., föstudaginn 8 ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 296).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., laugardaginn 9 ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 316).

Á 31., 33., 34. og 35. fundi í Nd. dagana 12. 13. og 14. ágúst, var frv. tekið til 1. umr., en

forseti tók málið jafnan af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 316, n. 465).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 316).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 529).

---

41. Reglugerðir um eyðing refa.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 14. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl. (A. 354).

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Það er landbúnaðarnefndin, sem ber frv. þetta fram, og í greinargerðinni á þgskj. 354 er í raun og veru sagt alt, er segja þarf frv. til meðmæla. En þó skal jeg nú ekki brjóta alveg í bág við þá venjulegu reglu hjer í deildinni, að endurtaka nokkur atriði úr greinargerðinni. En greinargerðin svarar nánast til nefndarálits venjulegs

Það er þá fyrst, að lög frá 22. mars 1890, um löggiltar reglugerðir sýslunefnda, eru orðin svo úrelt, að þar er til dæmis vitnað í tilskipun, sem nú er fyrir nálega 14 árum úr gildi gengin. Er því nauðsyn á að endurnýja ákvæði þeirra. Aðalefni þessara laga er, eins og hv. þm. er kunnugt, að ákveða, hvernig fara eigi að því að löggilda reglugerðir sýslunefnda um fjallskil, eyðing refa o. fl., svo að þær verði sem gildandi lög. Og í þeim er ekki fleira tekið fram en það, að ákveða sektir, og það, hver borga eigi fyrir eyðing refa.

En með lögum nr. 36, 24. nóv. 1893, var numin úr gildi 3. gr. laganna frá 1890, um það, hvaðan kostnaður við eyðing refa skuli greiddur. En nefndinni finst rjettlátt, að þau ákvæði sjeu aftur tekin í gildi,

Aðalefni þessa frv. er því að fá lögin frá 1890 endurnýjuð. Þó hefir nefndin komið með eitt atriði, sem er bein efnisbreyting frá eldri lögum. En það er ákvæðið um, að skýrslur um eyðing refa og útlagðan kostnað skuli gerðar eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur, og að þeim skýrslum sje safnað á einn stað, í Stjórnartíðindunum, eins og öðrum skýrslum um landshagi.

Frv. þetta er yfirleitt einfalt, óbrotið og meinlaust, og ætti ekki að vekja ágreining, svo að nefndin væntir þess, að deildin taki því vel. Og það þarf ekki að eyða miklum tíma þingsins í að ræða þetta mál. Jeg veit að sönnu, að einhverjir lögfræðingar í deildinni munu vilja líta eftir því, að ekki sje neinsstaðar skakt með farið. En fyrir þessu þarf lítið að hafa, og vænti jeg þess, að það komi ekki til, að hjer sje farið með neitt, sem ekki má við svo búið standa, eins og í frv. er.

Það gefur að skilja, að ekki er ástæða til að vísa frv. þessu til nefndar, þar sem það kemur frá nefnd og hefir verið rækilega athugað. Þess vegna óska jeg, að hv. deild leyfi frv. nú að ganga til 2. umr. og síðan áfram rjetta boðleið.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að lengja umr. frekar að svo komnu.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki vera margorður um frv. þetta. Það er, eins og hv. frsm. sagði, meinlaust, en jeg fæ ekki sjeð, að í því sje mikil bót frá þeim lagaákvæðum, sem nú eru í gildi. Jeg ætla að geyma mjer til 2. umr. að spyrja nefndina, hvernig skilja beri ákvæði 3. gr. frv.

En hinu held jeg ákveðið fram, að frv. þetta sje engin bót frá gildandi ákvæðum. (*M. P.*: Það er kák, eins og annað, sem landbúnaðarnefnd leggur til þessa máls). (*S. S.*: Það eru þó skýrslurnar). Skýrslur eru einungis til að auka skriffinsku, og vjer höfum reynslu fyrir því, hve lítils virði þær eru, þessar skýrslugerðir, í mörgum greinum. Enda eru til skýrslur um þetta atriði í hverri sveit, og reikningar frá hreppsnefndaroddvitum til sýslunefnda. Þetta lendir því alt í sama fari, nema hvað það beinist nú nokkuð í aðra átt.

Og stjórnarráðinu á að fela að semja fyrirmyndir að skýrslunum. Það má vel vera, að stjórnarráðið geti það, en tæplega þó, nema það afli sjer aðstoðar sjerfræðinga.

Jeg geng þess ekki dulinn, að nefndin álítur, að þetta bæti núverandi ástand, en þrátt fyrir besta vilja er mjer ómögulegt að skilja það. Sýslunefndir hafa nú, eins og er, málið í hendi sjer, og styðjast við fyrirmæli, sem eru í fullu lagagildi.

Það skyldi þá vera talin bót, að nú á þetta alt að ganga stjórnarráðsveginn. En jeg efast um, að stjórnarráðinu þyki sjer nokkur vansæmd ger, þótt það komist hjá því að hafa bein afskifti af refaeyðingu.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Jeg ætlaði ekki að fara neitt verulega út í einstök atriði málsins, en hv. þm. Barð. (H. K.) hefir nú gefið mjer tilefni til að bæta ofurlitlu við það, sem jeg sagði áðan. Hann mintist á ákvæði frv., sem ekki heyrir til að ræða við 1. umr., og sagði, að þau væru ekki betri en núgildandi ákvæði.

Um þetta er það að segja, að í núgildandi lögum er ákveðið tiltekið svæði, þar sem sveitarsjóðir eigi að standast kostnað af refaeyðingu. En þeir, sem sömdu lögin, álitu, að refaveiðakostnaður annarsstaðar eða í afrjettarlöndum einstakra manna ætti að greiðast af eigendum slíkra landa. Þessu hefir ekki verið fylgt, enda virðist það ósanngjarnt. Verður því að álítast bót, að þetta sje úr gildi numið.

Hvað skýrslurnar snertir, er ekki um annað eða meira að ræða en að stjórnarráðið geri þar sem annarsstaðar skýrslufyrirmyndir. Er það regla, sem ekkert mælir móti. Stjórnarráðið mun og sjálfsagt hafa eins góðum mönnum á að skipa til þess eins og hv. þm. Barð (H. K.), eða öðrum mönnum úti um land, þótt vitanlega megi margan finna, sem gæti gert þetta.

Fleiru þarf ekki að svara.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21 ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A 354).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Eins og tekið hefir verið fram við 1. umr., er aðalefni þessa frv. sama og lög nr. 11, 22. mars 1890, og lög nr. 36, 24. nóv. 1893, en þessi lög hvortveggja eru orðin mjög úrelt að formi og orðalagi, og eru í þessu frv. færð í nútíðarform. Í þessu frv eru því engin nýmæli, er nokkru skifta, saman borið við þau lög, er nefnd hafa verið, nema ef vera skyldi, að í lögum nr. 36, 1893, var gert ráð fyrir, að kostnaðinn við refavinslu mætti greiða annarsstaðar en úr sveitarsjóði. Þetta mál er svo einfalt og lítið, að jeg vænti, að það fái fljóta afgreiðslu í hv. deild. Sessunautur minn (M. P.) segir, að það sje gagnslaust, en það get jeg ekki fallist á, því jeg tel það ekki gagnslaust að gera eina heild úr tvennum lögum, sem hvortveggja eru orðin úrelt. Það er lagahreinsun, þó í smáum stíl sje.

Hvað áhrærir 3. gr. frv., um að skýrslur um eyðing refa skuli sendar stjórnarráði, sem mætti töluverðri mótspyrnu við 1 umr., þá get jeg ekki sjeð, að af því mundi leiða neina skriffinsku. Það má ef til vill segja það um allar hagskýrslur, en það er engin ástæða fyrir því, að þær sjeu óþarfar. Mjer finst það ekki nema eðlilegt og sjálfsagt. Því var að vísu skotið til nefndarinnar, að rjettast væri að senda skýrslurnar beina leið til hagstofunnar, en jeg fæ ekkert sjeð móti því, að þær fari með sýslunefndarfundargerðunum fyrst til stjórnarráðsins.

Mjer finst ekki ástæða til að fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en mun bíða átekta með frekari rök, þar til einhver hefir orðið til að mæla á móti frv

Sveinn Ólafsson: Jeg hafði hugsað mjer að koma með nokkrar brtt. við frv. þetta, en úr því að svo fór, að tími vinst ekki til þess, má eigi taka því fyrirvaralaust. Jeg sje ekki, að neitt sje í þessu frv., sem eigi er í lögum áður, frá 1890 og 93, og

það er þó vissulega tilgangslítið að vera að endurprenta þau lög með breyttu orðalagi. Að vísu benti hv. frsm. (P. Þ.) á eitt atriði, er nýtt væri í frv., heimild sýslunefnda til að veita verðlaun fyrir refaeyðingu, en um það atriði hefði ekki þurft neitt lagafyrirmæli, því að sýslunefndirnar geta sjálfkrafa og án þessara fyrirmæla veitt verðlaun fyrir refavinslu, — jafnvel fyrir refaeldi, ef þeim sýnist.

Frv. er ekki svo mikilsvert, að eyðandi sje að því mörgum orðum, en mjer þótti rjett að gera grein fyrir atkvæði mínu, sem eðlilega fellur gegn frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: E. Árna., J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.
nei: B. K., B. St., E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. B., S. St., Sv. Ó., B. J.

Tveir þm. (P. J. og B. Sv.) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., E. Árna., Ó. B.
nei: E. J., G. Sv., H. K., J. B., S St., Sv. Ó., B. J., B. K., B. St., E. A

Tveir þm. (P. J. og B. Sv.) fjarstaddir.

3.—6. gr. samþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þorl J., Þorst. J., Þór. J., E. Árna., J. J., J. M., Ó. B.
nei: S. St., Sv. Ó., B. J., B. K., B. St., E. A., E. J., G. Sv., H. K. J B.

Tveir þm. (P. J. og B. Sv.) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 7 atkv.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 354, 458).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Brtt. á þgskj. 458 eru samdar eftir bendingum ýmsra mætra deildarmanna.

Fyrri till. er viðbót við ákvæði núgildandi laga og nær út yfir ýmsar undantekningar, er þörf þykir á, í hinum einstöku hjeruðum landsins.

Síðari brtt. er um það, að slept skuli ákvæðinu um, að uppljóstrarmaður eða uppljóstrarmenn skuli hljóta alt að helmingi sektarfjárins.

Þetta þykja ef til vill ekki mikilsverðar breytingar, en nefndin hyggur, að þær sjeu þó heldur til bóta.

Fleira þarf jeg ekki að segja um brtt. þessar og vænti, að hv. deild samþykki þær.

ATKVGR.

Brtt. 458,1. samþ. með 12 : 2 atkv
— 458,2. — — 12 : 1 —

Frv., svo breytt, samþ. með 11 : 3 atkv. og afgr. til **Ed.**

Á 39. fundi í Ed., mánudaginn 25. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa.

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 484).

Á 41. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Jeg legg það til, að frv. þessu verði vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2002) með 8 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 484, n 588).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Eins og sjá má af nál., leggur nefndin til, að frv. verði samþykt. Í frv. eru tekin upp gömlu lögin og því bætt við, að skýrslur um eyðing refa og kostnað, sem af því leiðir, skuli árlega birtar í landshagsskýrslunum. Nú liggur eftirlit með refaeyðingu undir hreppsnefndir og sýslunefndir; þær hafa allar skýrslur um þau efni. Nefndin lítur svo á, að heppilegt geti verið, að skýrslur þessar komi allar saman á einn stað, því þá fyrst eru líkur til, að eitthvað gott geti af þeim hlotist, og þá fyrst hægt að fá yfirlit yfir refaveiðar á öllu landnu. Sú viðbót við lögin felst einnig í frv., að sektir fyrir brot á reglugerðunum eru hækkaðar að mun. Núgildandi lög eru frá 1890, og reglugerðir sýslunefnda því orðnar gamlar og úreltar, sumstaðar jafnvel svo, að hreppsnefndum er ógerningur að fara eftir þeim. Er þá illa farið, þegar lögbrotin eru orðin nauðsynleg. Tilgangur laga þessara er því aðallega sá, að ýta undir sýslunefndir með að endurskoða reglugerðirnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., fimtudaginn 4. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 484).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 666).

---

42 Símalagabreyting.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst., var útbýtt
Frumvarpi til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (A. 364).

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr. (A. 364, n. 365, 392).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það er sama að segja um frv. þetta og till., sem nú er nýsamþykt, að samvinnunefnd samgöngumála hefir leyft sjer að taka upp í eitt frv. þau frv., sem vísað hefir verið

til nefndarinnar, 4 að tölu, ásamt brtt. og viðaukatillögum við þau. Nefndin hefir gert ýmsar breytingar, en þær koma ekki til tals nú við 1. umr.

Jeg leyfi mjer að óska þess fyrir nefndarinnar hönd, að málið fái að ganga áfram, og sje ekki ástæðu til að eyða fleiri orðum að svo stöddu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2 umr. með 16 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 364, n. 365, 392, 428).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Eins og jeg gat um við 1. umr. málsins, hefir samvinnunefnd samgöngumála dregið saman í eitt öll þau frv., sem fram hafa komið um þetta efni. En af því að nefndin hefir nú gert breytingar nokkrar á þessu frv., skal jeg geta þeirra lauslega.

Er þá fyrst á að minnast frv. á þgskj. 66, frá háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Þar sem lagt er til, að lögð verði símalína frá Sauðárkróki að Víðimýri og Silfrastöðum og þaðan til Vatnsleysu.

Nefndin hefir gert þá breytingu, að takmarka þessa línu við Silfrastaði og hafa stöð á Stóru-Ökrum. Lína þessi er löng og liggur eftir endilöngum Skagafirði.

Nefndinni finst ekki þörf að loka línunni á Vatnsleysu eða hún liggi aftur norður, austan vatna, en hún vill leggja til, að stöð verði á Stóru-Ökrum; enda ekki sýnileg bein þörf á stöð milli Stóru-Akra og Vatnsleysu.

Við þetta hefir komið fram brtt. frá sama háttv. þm. (M. G.), um það að hafa stöð í Lýtingsstaðahreppi. Það er stór hreppur, og till. er flutt eftir eindreginni ósk hreppsbúa. Nefndin sjer því ekki neitt á móti því, að sú brtt. verði samþ., þar sem hjer er um tiltölulega lítinn kostnað að ræða, þar sem línan liggur rjett við sveitina.

Þá er brtt. á þgskj. 89, frá háttv. þm. Eyf. (E. Árna og St. St.), sem stendur í sambandi við þetta og verður að miðast við þessa breytingu.

Brtt. þessa vill nefndin taka til greina að því leyti, að tekin verði upp lína með stöð í Glæsibæjarhreppi og Skriðuhreppi, en það, sem nefndin fellir úr brtt. þessari, stendur í sambandi við það, sem hún fellir úr frv. um Skagafjarðarlínuna. Línan yfir Öxnadalsheiði til Akureyrar verður ekki heldur tekin með hjer, þar sem hún verður að eins sambandslína, sem liggur undir ákvörðun landssímastjórnarinnar, og ekki er hægt að segja um, hve nær hún vill leggja hana. Ef til vill verður það ekki fyr en til mála kemur að leggja niður norðurlínuna til Akureyrar.

En línan um Glæsibæjarhrepp til Skriðuhrepps verður sjálfstæð 3. fl. lína. Hefir nefndin í samráði við landssímastjórann tekið upp þær stöðvar, án þess að taka fram, hvaðan línan verður tekin. Vill landssímastjórinn láta það óákveðið meðan hann hefir ekki rannsakað málið. Sama er að segja um línuna frá Akureyri inn Eyjafjörð.

Þá er frv. á þgskj. 201. Það hefir nefndin tekið upp óbreytt, og er það í samráði við landssímastjóra. En það er óákveðið, hvar línan skuli liggja, að eins tiltekið um stöðvarnar, og sama er að segja um sambandslínuna yfir Vatnsskarð. Verður það því á valdi landssímastjórans.

Þá er frv. á þgskj. 67, frá hv. þm. N.-M. (J. J. og Þorst. J.), að lögð verði lína að Brekku í Fljótsdal, um Vallanes og Ás. Nefndin átti tal við landssímastjórann um þessa línu. Vill hann leggja línu þessa norðan megin fljótsins, að læknissetrinu Brekku. Stafar það af því, að hann bjóst

við, að sæsíma yrði að leggja yfir Lagarfljót, og mundi þá læknissetrið Brekka komast úr sambandi ef hann bilaði, og það ef til vill alllengi, þar sem taka mundi nokkurn tíma að fá aðgerð á honum.

En nú hefir landssímastjórinn sent nefndinni brjef þessu viðvíkjandi, þar sem hann vill láta það algerlega óákveðið um stöðvarnar í Ási og Vallanesi. Brjef þetta stafar sjálfsagt af því, að hann hefir átt tal um línu þessa við kunnuga menn þar eystra. Hann segir svo í þessu brjefi:

> „Hugsanlegt er, að ýms önnur atriði geti komið til mála, áður en sími þessi verður lagður, og álít jeg því rjettast að ákveða ekki fyrirfram, hvoru megin fljótsins stauraröðin eigi að standa.
>
> Að sjálfsögðu mun málið verða skoðað frá öllum hliðum í samráði við hlutaðeigandi hjeruð, áður en fullnaðarákvörðun verður tekin. Þannig virðist mjer ekki ósennilegt, að rjettara verði að leggja símalínuna suður um land frá Djúpavogi inn Berufjörð gegnum Skriðdal til Egilsstaða, í stað þess að leggja síma með sjónum.
>
> Gæti þá verið álitamál, hvort ekki mætti nota sömu stauraröðina á nokkru svæði fyrir Brekkusímann og aðalsímalínuna.“

Í sambandi við þetta brjef hefir nefndin komið fram með brtt á þgskj. 428, að orðin „um Ás með stöð í Vallanesi“ falli burtu. Og er þá að eins ákveðin línan að læknissetrinu Brekku.

Þá er viðaukatill. á þgskj. 211, frá hv. þm. Borgf. (P. O.), að tekin verði upp lína frá Svignaskarði að Stafholtsey Hefir nefndin fallist á þá tillögu.

Enn fremur hefir nefndin fallist á frv. á þgskj. 249, frá hv. þm. V.-Ísf. (S. St.). Sú lína, sem þar er um að ræða, er áður ákveðin, en breytingin, sem frv. fer fram á, er sú, að fyrir „til Snæfjalla og þaðan að Höfða í Grunnavík til Staðar í Aðalvík, um Hesteyri, frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum“ komi „Loftskeytasamband milli Ísafjarðar og Hesteyrar, þaðan landsímalína að Látrum í Aðalvík, enn fremur land- og sæsími frá Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar, og þaðan að Ármúla og Grunnavík.

Þetta hefir landssímastjórinn lagt til, þar sem um mikinn fjársparnað er að ræða, og hefir nefndin því einnig gengið inn á það.

Þá hefir nefndin enn fremur tekið upp, eftir tilmælum háttv. þm. Barð. (H. K.), línuna frá Patrekshreppi til Saurbæjar og Breiðuvíkur, og sömuleiðis eftir ósk hv. þm. Snæf. (H. St.) línuna til Skógarness, hvorttveggja í samráði við landssímastjórann.

Þá held jeg, að jeg hafi drepið á allar breytingarnar, og vona jeg, að engin þeirra mæti hjer mótspyrnu, þar sem þær eru allar gerðar í samráði við landssímastjórann. Vænti jeg svo, að frv. fái greiðan framgang.

Bjarni Jónsson: Það var að eins stutt athugasemd út af brtt á þgskj. 428, sem háttv. frsm. (Þór. J.) gat um að nefndin hefði komið með eftir ósk landssímastjórans.

Jeg get ekki annað sjeð en að till. nefndarinnar sjeu miklu betri, og sje því sjálfsagt að samþykkja hana og ákveða stauraröðina þeim megin fljótsins, sem þar er gert.

Sje það ekki gert, verða útilokaðar tvær stórar sveitir, Vallahreppur og Skriðdalshreppur. En komi stöð í Vallanesi, þá er það í miðjum Vallahreppi, og Skriðdalshreppur er þar rjett hjá.

En sje síminn aftur á móti lagður hinum megin fljótsins verða hreppar þessir að sækja alla leið til Egilsstaða, og er það ilt.

Þótt mikið sje ráðgert um þessa Suður-

landslínu, þá er það þó alt í loftinu enn sem komið er og ekkert fastráðið. Þingið getur því ekki bygt á því. Jeg sje þess vegna enga bót í þessari brtt. og legg til, að hún verði feld, þar sem jeg tel nefndina hafa haft rjett fyrir sjer áður.

En vilji háttv. deild samþ. hana, þá vil jeg, að hún geri það með þeim huga, að hún ætlist til, að farið verði að því, sem nefdin lagði til upphaflega.

Þorsteinn Jónsson: Það var ekki ætlun landssímastjórans að svifta efra hluta Vallahrepps símasambandi, þó að það yrði úr, að línan að Brekku í Fljótsdal yrði lögð af aðallínunni norðan megin við Fljótið, því þá var það ætlun hans, að sæsími yrði samt lagður yfir Fljótið, frá Ási í Vallanes. Samt vildi hann helst, að það yrði látið vera að fastákveða nokkuð um slíkt, en láta það í sitt vald. Fjelst nefndin á þetta.

En ef nú svo fer, sem komið hefir til mála, að aðallínan lægi um Vellina, upp Skriðdal og niður í Breiðdal, þá myndi Vallanes verða símastöð. Yrði þá, er fje fengist til, lagður sæsími yfir Fljótið, í Ás, og svo sími þaðan og upp í Brekku. Er þá komið aftur að því, sem vakti fyrir okkur flm. upphaflegu till., mjer og hv. samþm. mínum (J. J). En hvort sem línan í Brekku verður lögð norðan megin eða sunnan megin Lagarfljóts frá Egilsstöðum, þarf stöð að vera sett í efri hluta Vallahrepps, sem Skógamenn, Norðurvallamenn og Skriðdælingar eiga hægt með að ná til.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg vil taka það fram, eins og jeg gat um áður, að landssímastjórinn virtist vera sammála nefndinni um alt það, sem hún lagði til um þetta mál, og þótt hann hafi skrifað brjef það, sem jeg skírskotaði til, held jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að hann hafi ekki breytt skoðun sinni, en hafi þótt rjettara að láta þetta óákveðið að svo stöddu, þar sem símaleiðir þarna eru ekki nákvæmlega rannsakaðar. Tel jeg því víst, að það verði ofan á að lokum, að stöðvar verði ákveðnar annaðhvort eins eða sem næst því, sem nefndin lagði til, enda mun það verða haganlegast fyrir not hlutaðeigenda. Hv. þm. Dala. (B. J.) mun því ekki þurfa neitt að óttast í þessu efni.

Aftur á móti er ekki hægt að segja, hve nær þessi lína yrði lögð, enda er því svo farið, að þótt tekið sje upp í lög, að þarna eða hjerna skuli leggja síma, þá getur því altaf seinkað eitthvað, eftir því hverjar ástæður eru fyrir hendi. Hjer er því ekkert ákveðið um það og getur ekki verið. En hitt er víst, að þetta verður framkvæmt, þrátt fyrir það, þótt það sje látið vera óákveðið með stöðvarnar.

ATKVGR.

Brtt. 392. samþ. með 17 shlj. atkv
— 428. — — 15 : 1 atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj atkv.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 451, 452).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Þetta er örlítil brtt., sem fer í þá átt að stytta fyrirsögn frv. Nefndinni virtist fyrirsögnin vera óþarflega löng, en þessi gæti fullan skilning á því, sem þarf að taka fram. Því að þegar þessum lögum er flett upp, sjest breytingin á lögunum frá 1913.

ATKVGR.
Brtt. 452. samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917.

Á 39. fundi í Ed., mánudaginn 25 ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 485).

Á 41. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Halldór Steinsson): Frá því að ritsímalögin voru samþykt, árið 1912, hafa talsverðar breytingar verið gerðar á þeim, sjerstaklega árið 1917, og stafa að sjálfsögðu af því, að menn hafa altaf sjeð betur og betur, hversu ómissandi síminn er hinum ýmsu hjeruðum, eftir því sem notkun hans hefir aukist.

Flestar breytingarnar hafa gengið í þá átt að fjölga símalínum, og svo er um þá breytingu, er frv. þetta hefir inni að halda. Er ætlast til, að þær símalínur, sem þar eru nefndar, verði lagðar í framtíðinni, svo fljótt sem efni ríkissjóðs leyfa.

Frv. þetta hefir verið til athugunar í samgöngumálanefndum Ed. og Nd. og verið þar samþykt í einu hljóði.

Aftur á móti hafa komið fram hjer í deildinni 2 brtt. við frv., en þær hafa ekki verið athugaðar í nefndinni, og veit jeg því ekki, hversu hún tekur í þær. Samgöngumálanefndin hefir haft þá reglu, að taka enga símalínu upp í frv., áður en hún hefir leitað upplýsinga og álits landssímastjórans. Jeg hefi átt tal við hann um brtt. þm. Ísaf. (M. T.); sagði hann, að engar byggingar væru enn við Höfn við Horn, svo vafasamt væri, hvort símalína þangað gæti borið sig, en var þó ekki mótfallinn, að hún væri tekin upp í frv.

Um brtt. 1. þm. Rang. (E. P.) hefi jeg ekki átt kost á að tala við landssímastjóra.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., föstudaginn 29 ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 485, 517, 518, 554).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 554, sem of seint var útbýtt.

Frsm. (Halldór Steinsson): Eins og jeg gat um við 1. umr., eru allar breytingarnar, sem farið er fram á í frv., í samræmi við óskir hlutaðeigandi hjeraða Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa fjallað um málið, og það var borið undir landssímastjórann, sem var því meðmæltur. Brtt., sem komið hafa fram hjer í hv. deild, hafa einnig verið bornar undir landssímastjórann, og fjelst hann á ástæðurnar fyrir þeim.

Jeg legg því til, fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþykt með þeim brtt., sem hjer liggja fyrr.

ATKVGR.
Brtt. 518. samþ. með 13 shlj. atkv.
Viðaukatill. 517. samþ. með 14 shlj. atkv.
—— 554. — — 14 — —

Frvgr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 569).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 2 sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 631).

Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 5. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Eins og hæstv. forseti tók fram, hefir ekki komið neitt framhaldsnefndarálit um mál þetta. Hefir nefndinni ekki unnist tími til þess, enda mundi það ekki hafa mikla þýðingu.

Breytingarnar, sem frv. hefir tekið í hv. Ed., eru þær, að í fyrsta lagi er bætt inn í loftskeytasambandi til Hafnar við Hornvík, í öðru lagi er bætt við tveimur nýjum símalínum, annari frá Eyrarbakka til Þorlákshafnar og út í Selvog, en hinni frá Miðey til Hallgeirseyjar í Austur-Landeyjahreppi. Allar þessar breytingar eru gerðar í samráði við landssímastjórnina, og um breytinguna á loftskeytasambandinu skal jeg geta þess, að hv. þm. Þess hjeraðs (S. St.) er henni samþykkur fyrir sitt leyti.

Jeg má því víst lýsa því yfir fyrir hönd allrar nefndarinnar, þótt hún hafi ekki borið sig saman um málið, að hún gangi inn á þessar breytingar, og legg jeg því til, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 681).

---

43. Breyting á sveitarstjórnarlögum.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 25. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 43, 10. nóv. 1905 (A. 162).

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg skal ekki hafa langan formála fyrir máli þessu.

Í greinargerð frv. er gerð grein fyrir þessari litlu breytingu, sem reyndar mætti frekar telja sem skýringu á lögunum en breytingu á þeim.

Jeg vil að eins óska þess, að frv verði, að umr. lokinni, vísað til allsherjarnefndar.

Pjetur Jónsson: Jeg vil stinga upp á, að máli þessu, sem er skattaeðlis, verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með 13 : 1 atkv.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 162, 179, n. 378).

Forseti tók málið af dagskrá

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 162, 179, n. 378).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu í máli þessu. Eins og nefndarálitið á þgskj. 378 ber með sjer, hefir nefndin orðið sammála um að mæla með þeim breytingum á sveitarstjórnarlögunum, sem hjer er farið fram á að gerð sje. Reyndar lítur nefndin svo á, að hjer sje fremur að ræða um skýringu tjeðra laga en breytingu á þeim.

Af því að nokkur ágreiningur hefir orðið um það, hvort slægjuafnot í venjulegum skilningi heyrðu undir orðin „leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi", þykir rjett, að það sje tekið fram með berum orðum, til að fyrirbyggja allan misskilning, eins og gert er í frv. þessu.

En fyrst farið er að breyta sveitarstjórnarlögunum á annað borð, þá þótti nefndinni rjett að taka til meðferðar annað atriði og koma á samræmi þar, sem nú er ósamræmi. Í 37. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 43, 10. nóv. 1905, stendur svo:

> „Nú stundar aðkomumaður bátfiski á firði eða flóa, á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eða sömu hreppa samtals 4 vikur eða lengur sömu missiri, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn."

En í lögum um breytingu á sveitarstjórnarlögunum frá 10. nóv. 1905, nr. 33, 2. nóv. 1914, 1. gr., stendur:

> „Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur, og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar."

Nefndinni fanst ekki rjett að gera þilbátaútgerð hærra undir höfði að því er útsvarsskyldu snertir en veiði á opnum bátum, nje heldur verslun, kaupskap og annari arðsamri atvinnu, og hefir því lagt til, að tímatakmarkið um útsvarsskylduna væri fært niður í 4 vikur.

Nefndin hefir ekki orðið þess vör, að sú útsvarsskylda, sem á opnum bátum hefir hvílt síðan 1905, hafi valdið nokkurri sjerlegri óánægju, eða að gerð hafi verið tilraun til að fá útsvarsskyldutímann lengdan, og styrkir það nefndina í því að bera fram brtt. þessa.

Nefndin leggur og til, að fyrirsögn frv. sje breytt, og er það í samræmi við það, að höfuðbreyting sú, sem nefndin leggur til að gerð sje, er breyting á fyrirmælum sveitarstjórnarlaganna nr. 33, 2. nóv. 1914.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir borið fram brtt. við frv., á þgskj. 179; vill hann láta fella burtu orðin: „sem einhvern arð gefa". Á þessa breytingu getur nefndin ekki fallist. Hún lítur svo á, að undirstaðan undir öllum atvinnuskatti eigi að vera sú, að atvinnan gefi arð af sjer; en brtt. brýtur bág við þá grundvallarreglu, og nefndin vill alls eigi taka upp þá stefnu, sem hún bendir á. Það kemur oft fyrir, að einhver atvinna eða eign gefi ekki arð af sjer um stundarsakir; þannig kemur það ekki ósjaldan fyrir, að lóðarblettir gefi ekki af sjer árlegan arð. Mælir lítil sanngirni með að gera það að algildri reglu að skattleggja eignir og atvinnu, þegar svo stendur á.

Jeg þykist vita, að brtt. muni stafa af því, að einstakir menn utan hrepps eigi jarðeignir inni í hreppnum og vilji hvorki leigja þær, nema með afarkostum, nje noti þær að nokkru ráði sjálfir. Það væri í sjálfu sjer rjett, að slíkum mönnum væri

eigi hlíft við álögum; en vegna þeirra má þó eigi brjóta rjettlátt princip, enda ættu að vera einhver ráð til að ná sjer niðri á þeim á annan hátt.

ATKVGR.

Brtt. 378,1. samþ. með 13 : 2 atkv.
— 378,2. — — 13 : 1 —
— 179. feld með 12 : 3 atkv.
— 378,3. samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 378,4. (ný fyrirsögn) samþ án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj atkv.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 3. umr., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914 (A. 422).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., föstudaginn 22. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 446).

Á 39. fundi í Ed., mánudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og var þar í allsherjarnefnd; er það því till. mín, að því verði vísað til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A bls. 2004) með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 446, n. 578).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Allsherjarnefnd hefir athugað þetta frv. og fallist á það, með þeim breytingum, sem nál. ber með sjer, og eru þær hvorki miklar nje verulegar.

Það, sem nýtt er í frv. þessu, er þetta:

Í fyrsta lagi, að leggja megi útsvar á þilbáta, þótt ekki stundi sjó nema í 4 vikur. Þetta mun nú hafa verið orðið svo í praxis, og sjer nefndin ekkert því til fyrirstöðu, að þetta sje tekið upp í lögin.

Í öðru lagi eru tekin inn í frv. ákvæði laga 2. nóv. 1914, um leiguliðaafnot af jörðum, og þar bætt inn í slægjuafnotnotum, sem nánast er skýring, þótt menn hafi greint á um það, hvað langt lögin næðu í þessu efni. Skýringin er rjett og sanngjörn að öllu leyti. Maður á jörð í öðrum hreppi og notar hana að miklu leyti sjálfur, en ábúandinn er lítið annað en húsmaður. Þegar svo er ástatt, er ekki hægt að leggja fult útsvar á ábúandann, en sanngjarnt að leggja á þann, sem hefir aðalafnotin. En eins og nál. getur um, þá þykir nefndinni of langt farið í því að leggja útsvar á mann í öðrum hreppi, þó að hann hafi fengið slægjur ljeðar til þess að bjarga skepnum sínum og borgað fult verð fyrir. Slægjutollur er nú orðinn svo

hár og svo mikill tekjuauki fyrir ábúandann, að þess vegna er rjettara að leggja á hann hærra útsvar, og jafnvel meira en lagt er á mann, sem með miklum kostnaði nytjar ábúðarjörð sína, og fær þannig dýra framleiðslu, en takmarkaðar afurðir.

Þetta eru aðalbreytingar frv., og hefir nefndin tekið þær til greina, hina fyrri alveg, hina síðari með þeirri skýringu, sem nú var gefin.

Þriðja breytingin, sem felst í frv., er sú, að tekin eru upp í frv lög nr. 48, 3. nóv. 1915, og lög 2. nóv. 1914, og telur nefndin það rjett, en of skamt farið, með því að ein grein er eftir skilin. Nefndin vill, að allar greinar laganna sjeu teknar í frv., og hefir gert till. um það í brtt. sínum, með því að inn í þær eru sett öll þessi sömu ákvæði.

Eins er þó ógetið enn, sem ekki er heldur nefnt í nál., með því að það var prentað, er nefndin tók það atriði til íhugunar og samþyktar. Það eru orðin „við sama fjörð eða flóa“ í síðustu setningu í brtt. 2. á þgskj. 578. Nefndin leit svo á, enda mun svo hafa verið í praxis, að ósanngjarnt væri að leggja útsvar á menn í öðrum hreppi við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er við, ef lagt er útsvar á þá í sveitarfjelagi þeirra. Hafði jeg hjer sjerstaklega í huga Ísafjörð, þar sem jeg er kunnugur. Það væri mjög ósanngjarnt og erfitt að elta menn þar úr hverri verstöð í aðra, til þess að leggja á þá útsvar.

Um 1. brtt. nefndarinnar skal jeg geta þess, að deildar voru meiningar í nefndinni um það, hvort, ef í frv. væru tekin lög, þar þar sem feldar hefðu verið úr gildi tilteknar greinar, þær endurrisu þá, ef ekki væri annars við getið. Til þess að taka af öll tvímæli um það, tók því nefndin þetta ráð, að taka upp ákvæði laga 2. nóv. 1914 og 3. nóv. 1915, þau sem ekki hafa verið úr lögum numin, og nema síðan þau lög úr gildi.

Loks skal jeg geta þess, að nefndinni þótti óviðkunnanlegt að tilgreina ekki í fyrirsögninni efni frv., og kemur því með brtt. í þá átt að laga það.

ATKVGR.

Brtt. 578,1. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 578,2. — — 12 — —

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 578,3. (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 13 shlj atkv.
— 578,4. (ný 2. gr.„ sem verður 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 578,5 (ný fyrirsögn) samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., miðvikudaginn 3 sept., var frv. tekið til 3. umr., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905 (A. 633).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7. shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 55. fundi í Nd., fimtudaginn 4 sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 654).

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 6. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 654, n. 674).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Eins og framhaldsnefndarálitið ber með sjer, hefir Ed. gert dálitla breytingu á þessu frv. Hún er fólgin í því, að öll lögin frá 1914 hafa verið dregin inn í frv. Breytingu þessa verður nefndin að telja til bóta, og ræður því hv. deild til að samþ. frumvarpið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 699).

---

44 Forkaups-jettur á jörðum.

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um forkaupsrjett á jörðum (A. 177).

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Það er öldungis óþarft að fara mörgum orðum um þetta frv. nú að þessu sinni. Það lá fyrir þinginu 1917 og var þá töluvert rætt og íhugað. Jeg vildi að eins geta þess, að nú er komið fram frv. í hv. Ed., sem er svipaðs efnis, að því er snertir forkaupsrjett á jörðum, sem seldar eru úr sjálfsábúð. Jeg hefi talað við flutningsmann þessa frv., og hefir það orðið að samkomulagi, að þetta frv. mitt gangi sinn gang, því að þar er safnað í eitt ákvæðum um forkaupsrjett, bæði leiguliða og þeirra jarða, sem eru eða verið hafa í sjálfsábúð.

Skal jeg svo ekki segja fleira um málið, en vona, að frv. verði vísað til 2. umr og til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 177, n. 369).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 177, n. 369).

Frsm. (Stefán Stefánsson): Eins og hv. þingdm. er kunnugt, hefir tveim frv. um forkaupsrjett á jörðum verið vísað til landbúnaðarnefndarinnar. Annað var borið upp hjer í hv. deild, en hitt var komið frá hv. Ed. Þegar nefndin hafði athugað frv. Ed., áleit hún, að samhengi þess og afstaða til undanfarandi greina væri þannig, að ekki gæti komið til mála að samþykkja það nema með nokkrum viðauka. Hins vegar hallaðist nefndin að því að leggja það til, að frv. hv. þm. Árn. (S. S. og E. A.) væri samþykt, þó með örlítilli breytingu, sem er meira forms- en efnisbreyting. Það frv. fer fram á, að forkaupsrjettur nái eins til þeirra jarða, sem seldar eru í sjálfsábúð, og leigujarða, og sú er líka meiningin með frv. hv. Ed. En eftir núgildandi lögum nær forkaupsrjetturinn að eins til þeirra jarða, sem í leiguliðaábúð eru þegar sala fer fram. Í þessu frv. er ákveðið, að þegar jörð í sjálfsábúð sje til sölu, þá skuli sá jafnan sitja fyrir kaupum, sem tekur jörðina til ábúðar, eða hefir fengið byggingu fyrir henni, svo framarlega sem hann býður ekki minna fyrir hana en aðrir; en afsali hann sjer forkaups-

rjettinum, þá öðlist sveitarfjelag það forkaupsrjettinn, sem jörð eða jarðargögn liggja í.

Hjer er bygt á hinu sama sem með þjóðjarðasöluna, því, að efla sjálfsábúð í landinu. Bæði þessi nýju ákvæði eiga og að stuðla að því, að einstakir menn geti ekki sölsað undir sig jarðir til að braska með þær. Það er einmitt mikilsvert fyrir sveitarfjelögin, að utanhreppsmenn hafi yfirráð yfir sem fæstum jörðum innan hreppsfjelagsins, ekki síst nú, þegar það er farið að tíðkast, að þeir hafi þær til ýmissa afnota, þótt þeir sitji í talsverðri fjarlægð og flytji mesta heyfenginn (bæði af túni og engi) af þeim, án þess að hirða um að hafa skepnur á jörðinni að vetrinum til þess að rækta hana, eða afla sjer áburðar á annan hátt.

Nefndinni þótti betur fara á og ljósara að draga 6. og 7. gr. frv. saman í eina gr. og breyta lítið eitt orðalaginu; kemur hún því fram með brtt. í þessa átt.

ATKVGR.

1.—5. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.

Brtt. 369,1. (ný 6. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

8. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 14. shlj. atkv.

Brtt. 369,2. samþ. án atkvgr.

9. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

10. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 1 atkv.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 424).

Sveinn Ólafsson: Jeg mun vera sá eini af þingdm., sem greiddi atkvæði móti þessu frv. við 2. umr. þess. Það má því gera ráð fyrir, að það þýði ekki mikið að mæla á móti því nú. En jeg tók eftir því þá, að nokkrir hv. þingdm. greiddu ekki atkvæði. Og þess vegna áleit jeg, að þeim væri ekki sjerlega ant um framgang frumvarpsins.

Mjer finst rjett að minnast þess, að þetta frv. er í rauninni endurtekning á frv. sama efnis, sem lá fyrir þinginu 1917 og þá var afgreitt með rökstuddri dagskrá. Jeg held jeg megi fullyrða, að hv. 2 þm. Árn. (E. A.) hafi þá greitt atkvæði móti frumvarpinu og talið, að það væri ófrjálslegt og legði of mikil höft á umráð manna yfir eignum sínum. Fleiri hv. þingdm. munu hafa tekið í sama strenginn og fundið því hið sama til foráttu.

Upphaflega hafði jeg ætlað mjer að koma fram með brtt., til að reyna að lagfæra eða sníða burtu helstu annmarka frumvarpsins, en síðar hvarf jeg frá því. Mjer fanst innviðum frv. svo áfátt, að eigi tæki viðgerð.

Háttv. landbúnaðarnefnd hefir tekið það fram, að með þessu frv. væri fyrirbygt alt jarðabrask. En hvað er það, sem hún nefnir því nafni? Ef til vill eru öll eigandaskifti að jörðum á hennar máli „jarðabrask“. Jeg er nú ekki viss um, að jeg skilji rjett, hvað átt er við með orðinu jarðabrask. Jeg hefi heyrt getið um, að einstaka menn hjer í nágrannasveitunum hafi leitast við að safna að sjer jörðum. En annarsstaðar úti um land þekki jeg þess ekki dæmi. — Menn kaupa jarðir til þess að búa á þeim sjálfir, eða til að tryggja börnum sínum jarðnæði, þegar þau eru orðin fullorðin. Og það finst mjer ekki nema rjettmætt. En eftir þessu frv., ef að lögum verður, tekst ekki að selja jörð, þó

maðurinn þurfi á peningum að halda, og heldur ekki að kaupa jörð nema með mestu erfiðleikum. Því altaf verður að leita til sveitarstjórna, og þær grípa hvarvetna fram í eða geta gert það.

Þetta frv. á að vera til þess að efla sjálfsábúð í landinu. En mjer finst það helst miða að því, að jarðirnar lendi hjá sveitarstjórnum. Sjálfsábúð eykst ekki við það, nema svo sje, að hv. landbúnaðarnefnd ætli sveitarstjórnum að versla með þessar jarðir og selja þær ábúendum, og líklega þá með einhverjum ávinningi, sem tryggi hreppana fyrir tapi. — Jeg tók eftir því hjá hv. landbúnaðarnefnd, að hún virtist hafa fundið, að þetta væri athugaverð og ófrjálsleg ráðstöfun um jarðasöluna, því að í áliti hennar kennir hún ráð til að fara í kringum lögin, sem sje með því að láta þann, sem á að verða eigandi jarðarinnar, taka hana fyrst til ábúðar og ná í forkaupsrjettinn — þó ekki væri nema að yfirskini. — En þetta getur orðið allerfitt, ef sá, sem í hlut á, er of ungur til að byrja búskap, eða hann býr í fjarlægum landshluta. Hann yrði þá fyrst að flytja sig á jörðina, til þess að geta fengið forkaupsrjettinn. — Þetta var aðallega það, sem jeg hafði að athuga við frv. að efni til. En auk þessa er formið á frv. líka athugavert. Þetta er eiginlega steypt saman úr tvennum lögum, þessu nýmæli um rjettleysi sjálfseignarbænda til að ráða eignum sínum, og lögunum frá 1905, um forkauprjett leiguliða. Mikið af þessu frv. er eiginlega ekki annað en upptekningar úr þeim lögum, jafnvel tvítekning sama efnis í fyrri og síðari hluta frv.

Þótt jeg hafi ekki mikla von um, að hv. deild vilji nú hafna frv. þessu, þá mátti jeg þó til með að láta þess getið, hvers vegna jeg er því mótfallinn.

Vil jeg þó að síðustu leggja það til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, svo hljóðandi:

„Í því trausti, að lög um forkaupsrjett leiguliða o. fl., frá 20 okt. 1905, ásamt væntanlegum lögum frá þessu þingi um eignarrjett og notarjett yfir fasteignum veiti þá tryggingu gegn gálausri jarðasölu, sem nauðsynleg er, og efli æskilega sjálfsábúð í landinu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Einar Arnórsson: Það er að eins stutt athugasemd.

Það er rjett hjá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að jeg var á móti frv. um þetta efni, sem borið var fram á þingi 1917. En það frv. var alt annað en það, sem nú liggur fyrir.

Jeg var þá, eins og háttv. þm. (Sv. Ó.) er nú, óánægður með form frv. Auk þess var kauprjettur landssjóðs tilskilinn í því frv., og gat jeg ekki sætt mig við það, enda er það sýnilegt, að forkaupsrjettur landssjóðs, eftir að bæði leiguliði og hreppur voru gengnir frá, gat dregið málið til mikils óhagnaðar seljanda.

Það er rjett, að með frv. þessu sjeu lögð bönd á umráðarjett manna, en ekki sje jeg, að það sje síður rjettmætt að heimila hreppi forkaupsrjett á jörðum, sem seldar eru úr sjálfsábúð, en á jörðum, sem í leiguábúð eru seldar. Hreppi getur verið alveg eins mikil nauðsyn á því að fyrirgirða það, að slíkar jarðir komist í eign utanhreppsmanna, enda eru þær oft meiri gersemar en flestar leigujarðir.

Jeg skil ekki heldur, að þeim, sem sjálfsábúðarjarðir selja, sje vandara um en hinum, þótt þeir verði að sæta forkaupsrjetti hrepps. (Sv. Ó.: Menn vilja oft láta niðja sína fá höfuðbólin).

Ef háttv. þm. er það áhugamál að gera takmarkanir í því efni, þá hefði honum verið nær að flytja brtt. um það. Jeg skal

ekki segja nema háttv. deild hefði fallist á það, og það hefði án efa verið heppilegra en að rísa nú upp með þetta við 3. umr. (*Sv. Ó.*: Jeg var veikur við 2. umr.) Hv. þm. (Sv. Ó.) segist þá hafa verið sá eini, sem greiddi atkvæði móti frv.; eftir því hefir hann þá verið hjer staddur, eða það hefir verið tvífari hans, sem greiddi atkv., og hefði þá sá helmingur hans einnig átt að geta flutt brtt. við frv. (*Sv. Ó.*: Jeg náði að eins í atkvgr.).

Það má annars vel vera, að eitthvað sje í þessum till. háttv. þm. (Sv. Ó.), en það hefði verið heppilegra, að þær hefðu komið fyr fram.

Þá er víst leyfilegt að ræða þessa rökstuddu dagskrá, sem fram er komin.

Jeg verð að játa, að jeg skil hana ekki vel, enda hefi jeg litið að eins lauslega á hana. Þar er talað um, að í trausti forkaupsrjettarlaganna frá 1905 og enn fremur laga frá þessu þingi taki deildin fyrir næsta mál á dagskrá. En með því er ekki útilokað þetta frv. (*G. Sv.*: Hann á ekki við þetta frv., heldur frv. um eignarrjett og afnota af fasteignum). Eftir dagskránni er það vafasamt, hvað við er átt, en ef hv. þm. (Sv. Ó.) á við það frv., sem nú liggur fyrir háttv. Ed., þá er þess að gæta, að ekki er hægt að treysta því, að samþ. verði frv., sem enn er ekki afgreitt frá þinginu.

Það er líka aðgætandi, að það frv. er um alt annað efni; það snertir sölu fasteigna til útlendra manna. Háttv. þm. (Sv. Ó.) hefði því eins vel getað vitnað í dagskrá sinni til hvaða frv. sem var af þeim, sem flutt eru hjer á þingi, því að það frv. getur ekki gert neitt í þessu máli.

Hitt hefði verið hyggilegast, að taka málið út af dagskrá og gefa háttv. þm. (Sv. Ó.) tækifæri til að koma með brtt. við frv.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. S.-M., Sv. Ó. (sjá A. 468) feld með 15 : 8 atkv.

Frv. samþ. með 15 : 4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., föstudaginn 22. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um forkaupsrjett á jörðum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 448).

Á 39. fundi í Ed., mánudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Þetta frv. var í landbúnaðarnefnd Nd., og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar hjer.

Guðjón Guðlaugsson: Þetta frv. er sama efnis sem frv. það, er jeg flutti hjer, og er fram komið einum eða tveim dögum seinna og flutt af þingmönnum fyrir áskorun kjósenda þeirra, og hefir það sjálfsagt orðið til þess, að þetta frv. er látið ganga fram, en mitt ekki, þótt bæði sjeu eins. Þó er ein breyting, sem er til dálítilla bóta, sem sje fyrirsögnin. Hún var áður forkaupsrjettur leiguliða, en er nú forkaupsrjettur á jörðum, og er það rýmra. Jeg get því mælt með frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2002) með 7 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., mánudaginn 1 sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 448, n. 565).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Þessi hv. deild hefir áður með öðru frv. talið sig fylgjandi efni þessa frv., og er því líklegt, að hún taki því vel. Um afdrif hins fyr-

nefnda frv. er getið í nál., og þar eru færðar aðalástæður fyrir brtt. nefndarinnar. Eru þær engar efnisbreytingar, heldur stefna að eins að því, að koma betri skipan á frv. og draga úr málalengingum. Væntir nefndin þess, að hv. deild fallist á brtt., meðal annars af því, að þær færa frv. aftur nær því formi, sem deildin hefir áður tjáð sig fylgjandi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 565,1. ný 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 565,2. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 565,3. samþ. án atkvgr.

8.—9. gr. (verða 6.—7. gr.) samþ. með 11 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 632).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 55. fundi í Nd., fimtudaginn 4 sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um forkaupsrjett á jörðum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 655).

Á 58. fundi í Nd., mánudaginn 8. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 655, n. 670).

Frsm. (Stefán Stefánsson): Eins og stendur í framhaldsnál. landbúnaðarnefndar, þá hafa lítils háttar breytingar orðið á frv. í Ed. Eru það að eins formbreytingar, en að efni til er frv. óbreytt. Fyrsta formbreytingin er sú, að inn í 2. gr. eru sett aðalákvæði 6. gr., sem ræða um það, að sje sjálfsábúðarjörð til sölu, og enginn þeirra, sem 1. gr. ræðir um, eigi forkaupsrjett, þá eigi sveitarfjelagið hann, þar sem jörðin liggur, að öðru jöfnu, og auk þess er 7. gr. feld burt, af því að hana mátti álíta sem endurtekningu á því, sem felst í 5. gr. — Nefndin ræður því háttv. deild til að samþykkja frv. með á orðnum breytingum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 : 1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 744).

---

45 Verslunarlóð Hafnarfjarðar.

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað (A. 206).

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Kristinn Daníelsson): Þetta frv. er komið fram af svo eðlilegum ástæðum, að jeg vona, að hv. deild hafi ekkert við það að athuga. Svo er mál með vexti, að verslunarlóðin í Hafnarfirði hefir enn ekki verið ákveðin, þótt undarlegt kunni að

virðast; en bæjarstjórninni í Hafnarfirði þykir rjett að draga það nú ekki lengur og hefir ákveðið það, sem henni þykir vera hæfileg takmörk.

Jeg hefði getað mælst til þess, að frv. gengi nefndarlaust gegnum hv. deild, en með því að von er á uppdrætti yfir þetta svæði, þykir mjer rjettara að leggja það til, að frv. verði vísað til nefndar, og þá eftir atvikum til sjávarútvegsnefndar.

Halldór Steinsson: Jeg legg til, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2003) með 9 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., fimtudaginn 28 ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 206, n. 509).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Mál þetta hefir tafist nokkuð vegna þess, að nefndina hefir vantað uppdrátt yfir takmörk verslunarlóðarinnar í Hafnarfirði. En þegar bæjarstjórn Hafnarfjarðar svo sendi uppdráttinn, fylgdi með ósk um lítils háttar breyting frá fyrirmælum frv., og fjelst nefndin alveg á það. Uppdrátturinn liggur frammi í lestarstofunni hverjum til afnota, sem vill glöggva sig betur á málinu. Vil jeg svo mælast til, að hv. deild samþykki frv. með þeim breytingum, sem nefndin hefir gert á því.

ATKVGR.

Brtt. 509. samþ. með 11 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., laugardaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 551).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 1. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um takmörk verslunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 592).

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Björn Kristjánsson: Þetta frv. var borið upp í hv. Ed., eftir beiðni bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði, og var samþykt þar viðstöðulaust með dálítilli orðabreytingu. Í Hafnarfirði hefir verslunarlóðin aldrei verið ákveðin með lögum. En eins og gefur að skilja, þá er það nauðsynlegt hverjum kaupstað, að svo sje, svo hægt sje að setja takmörk fyrir því, hvar byggja megi verslunarhús. — Jeg vænti þess að frv. þetta sæti ekki mótmælum hjer í hv. deild Það var í nefnd í hv. Ed., og geri jeg því ráð fyrir, að ekki þurfi að setja það í nefnd hjer, heldur geti það gengið hindrunarlaust áfram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 5. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 592).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., mánudaginn 8. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 592).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 745).

---

46. Laun háskólakennara.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara (A. 413).

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr

Frv. of seint fram komið. — Leyft með 14 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Bjarni Jónsson): Það hafa komið fram málaleitanir frá háskólanum um, að við hann yrðu stofnuð þrjú ný prófessorsembætti, eða rjettara sagt, að þrem docentsembættunum við háskólann yrði snúið upp í prófessorsembætti.

Hv. allsherjarnefnd, sem stjórnin sendi málaleitanir þessar, hefir ekki viljað gefa þeim gaum. Hins vegar er óreynt, hvernig stjórn og þing muni snúast við því, sem frv. á þgskj. 413 fer fram á, að aukakennarinn í íslenskri sagnfræði við háskólann sje gerður að aðalkennara í tjeðri grein. Kennarinn í þessari fræðigrein hefir farið fram á þetta, og háskólaráðið mælt með því. Vona jeg, að hv. þing hiki ekki við að verða við beiðni mannsins og háskólans um þetta.

Jeg get ekki mælt á annan veg betur með málinu en með því, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp umsóknarbrjef aukakennarans og umsögn heimspekisdeildarinnar og háskólaráðsins um hana.

Byrja jeg þá á brjefi aukakennarans:

„Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með að fara þess á leit við háttvirt háskólaráð, að það hlutist til um, að lagt verði fyrir næstkomandi Alþingi frv. til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, í þá átt, að kennaraembættið í sögu Íslands verði gert að prófessorsembætti. Vona jeg, að háttvirt háskólaráð kannist við, að eigi fari vel á því, að sögu Íslands sje gert það lægra undir höfði en flestum öðrum námsgreinum við heimspekisdeildina, að kennaraembættið í henni skuli að eins vera docentsembætti, en flest hinna prófessorsembætti, þar sem þó er gert ráð fyrir því í 51. gr. háskólareglugerðarinnar, að nemendur í íslenskum fræðum geti valið sjer hana sem aðalprófgrein við meistarapróf í íslenskum fræðum. Hygg jeg, að slíkt eigi sjer hvergi stað við háskóla erlendis, þó að jeg þori að vísu ekki að fullyrða það. Má og líklegt þykja, að eigi veljist framvegis verulega hæfir menn í þessa kennarastöðu, ef eigi verður breytt til í þá átt, sem hjer er farið fram á; en

öllum mun þó bera saman um, að það sje næsta áríðandi.

Geti háttvirt háskólaráð eigi fallist á þessa beiðni mína, sem jeg þó vona, þá leyfi jeg mjer í annan stað að mælast til þess, að háskólaráðið fari þess á leit við næstkomandi Alþingi, að jeg verði gerður að prófessor extra ordinem. með sömu launakjörum og aðrir prófessorar við háskólann. Jeg hefi nú þegar gegnt docentsembætti mínu í 8 ár samfleytt, með þeim bágu launakjörum, sem háttvirtu háskólaráði er kunnugt, og er nú orðinn fimtugur að aldri. Hefi jeg, sem kunnugt er, orðið að sætta mig við það, að þrír menn utan háskólans, og mjer miklu yngri, hafa komist í betri stöður við háskólann en jeg, þar sem þeir hæði hafa sest í hærri laun, og laun þeirra fara síhækkandi, en mín ekki. Og enda þótt breyting kunni á þessu að verða í sumar, þá er samt mikið djúp staðfest í launakjörum á milli mín og þeirra eftir launafrumvarpi stjórnarinnar, þar sem gert er ráð fyrir, að þeir hafi að byrjunarlaunum 4500 kr., en jeg næ að eins 4000 kr. eftir 8 ára þjónustu, og býst jeg við, að flestum mundi þykja það hart aðgöngu í mínum sporum.

Jeg vona því, að háttvirt háskólaráð taki þessa málaleitun mína til greina og fari þá leiðina, sem því kann að þykja heppilegri“

Virðingarfylst.

Reykjavík, 17. júní 1919.

Jón J. Aðils,
docent.

Heimspekisdeild háskólans hefir á fundi 2. júlí síðastl. tekið mál þetta til meðferðar og segir um það:

„Lagt var fram til umsagnar deildarinnar brjef Jóns J. Aðils til háskólaráðsins, dags. 17. f. m., þar sem hann fer fram á það, að háskólaráðið hlutist til um, að lagt sje fyrir næstkomandi Alþingi frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, í þá átt, að kennaraembættið í sögu Íslands verði gert að prófessorsembætti, en til vara, að hann verði gerður að prófessor extraordinarius, með sömu launakjörum og aðrir prófessorar við háskólann.

Deildin fellst fyllilega á röksemdir umsækjandans og leggur eindregið til, að háskólaráðið hlutist til um, að fyrri liður umsóknarinnar nái fram að ganga. Skyldi svo ólíklega fara, að þessa væri eigi kostur, mælir deildin jafneindregið með því, að síðari liðnum verði fullnægt, með því að hún telur docent Jón. J. Aðils alls góðs maklegan, bæði fyrir vel rækt kenslustarf og fyrir ritstörf sín og rannsóknir.“

Á fundi háskólaráðsins 5. júlí var málið tekið til meðferðar og þannig bókað um það:

2. Lagt fram erindi Jóns J. Aðils docents, dags. 17. f. m., um að staða hans verði gerð að prófessorsembætti, en til vara, að hann verði gerður að prófessor extraordinarius, með sömu launakjörum og aðrir prófessorar við háskólann, ásamt umsögn heimspekisdeildar frá 2. þ. m. Háskólaráðið telur beiðnina á fullum rökum bygða og mælir hið besta með henni. Rektor falið að koma málinu á framfæri.“

Nú hafa hv. þingdm. heyrt umsókn Jóns Jónssonar og umsögn heimspekisdeildar háskólans og háskólaráðsins um hana. Þarf jeg því fáu við að bæta, öðru en því, að umsækjandinn er alkunnur orðinn fyrir áhuga og dugnað við rannsókn sögu Ís-

lands, og hann hefir leyst þar stórstarf af hendi, þótt enn sje það að minstu leyti komið fyrir sjónir alþjóðar. Nú nýlega hefir hann lokið miklu ritverki eða rækilegri og samfeldri verslunarsögu Íslands; hefir hann hlotið verðlaun fyrir hana úr verðlaunasjóði Jóns Sigurðssonar. Má telja það tryggingu fyrir, að verkið sje gott, eins og reyndar mátti við búast frá hans hendi.

Umsækjandinn er orðinn fimtugur að aldri, og hefir jafnan átt við þröng kjör að búa. Síðan stríðið hófst hafa docentslaun hans, með þeim uppbótum, sem þeim hefir fylgt, verið allsendis ófullnægjandi handa honum og fjölskyldu hans; hafa þau ekki verið meira en helmingur þess, sem til hefði þurft til þess, að hann hefði getað lifað á þeim, ekki ríkmannlega, en nokkurn veginn skammlaust. Það er viðurkent, að þessi maður hafi unnið vel, og hefir fengið viðurkenningu fyrir starf sitt hjá þeim, sem um kunna að dæma. Það er því hart fyrir hann, að hann verði að lifa við verri kjör en yngri samverkamenn hans við háskólann, og hafa að skilningi prófessoranna ekki jafnvirðulega stöðu þar sem þeir. Því að þótt prófessor og docent, sem hvorttveggja er latína, þýddi upphaflega bæði kennari, þá eru docentar nú á dögum taldir lægri að metorðum en prófessorar. Jeg þykist vita, að hv. deild muni líta með sanngirni á það, sem mælir með frv. þessu, og treysti því, að það nái samþykki hennar og þingsins alls. En til þess að hv. deild fái að heyra álit fleiri manna en mitt um málið, hefi jeg ekki á móti, að því sje vísað til þeirrar nefndar, þar sem það á heima, mentamálanefndarinnar.

Forsætisráðherra (J. M.): Erindi það, sem hv. þm. Dala (B. J.) las upp, ásamt meðmælum og tilmælum heimsspekisdeildar og háskólaráðs, kom svo seint til mín, að jeg treysti mjer ekki til að leggja það fyrir þetta þing, en ljet mjer nægja að senda allsherjarnefnd það til íhugunar.

Jeg finn í rauninni ekki ástæðu til að fara frekar út í málið, en get þess þó, að jeg býst við, að hefði það komið í tæka tíð til stjórnarinnar, mundi jeg hafa tekið vel í, að hjer væri stofnað prófessorsembætti, bæði vegna stöðunnar sjálfrar, og mannsins, sem nú situr í embættnu. Jeg tel, að rjett hefði verið, að svo hefði verið gert þegar í fyrstu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj atkv. og til mentamálanefndar (sjá A. bls. 2011) með 15 : 1 atkv.

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 28. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 413, n 505).

Frsm. (Stefán Stefánsson): Þetta mál liggur svo ljóst fyrir, að ekki virðist þurfa að fara mörgum orðum um það, enda gerði flm. málsins (B. J.) ljósa grein fyrir því við 1. umr.

Eins og tekið er fram í greinargerð frv., hefir kennarinn í sögu við háskólann farið þess á leit við háskólaráðið, að aukakennaraembætti hans verði gert að aðalkennaraembætti við háskólann. Og háskólaráðið ásamt heimspekisdeild háskólans hafa lagt eindregið með því, að þetta verði gert.

Nefndin lítur svo á, að þetta sje mjög eðlileg tilmæli, og sjálfsagt sje að verða við þeim. Það sje rjett, bæði hvað fræðigreinina sjálfa snertir, því að hún megi teljast svo mikilvæg lærdómsgrein, að það sje í alla stað rjett, að henni sje gert jafnhátt undir höfði og öðrum fræðigreinum við háskólann, sem skipaðar eru prófessorsembættum. Sömuleiðis lítur nefndin svo á, að gagnvart þessum kennara sje ekki síður

ástæða til að verða við tilmælum þessum. Það er viðurkent af öllum, að þessi kennari hafi staðið mjög vel í stöðu sinni. Ritverk hans í sögulegum vísindum, sem snerta okkar þjóð og land, eru þjóðkunn, og blandast engum hugur um, að þau mæli fullkomlega með þessari breytingu á kennaraembætti hans. Skal jeg þar nefna t. d.: Odd lögmann, Skúla fógeta, Íslenskt þjóðerni, Gullöld Íslendinga, Íslandssögu hans, sem er kenslubók, og sömuleiðis Dagrenning, þar sem minst er aðalstarfsemi helstu ágætismanna þjóðar vorrar á liðnum tíma og þýðingar þeirra fyrir þjóðlíf vort, svo sem: Eggerts Ólafssonar, Skúla Magnússonar, Magnúsar Stephensen, Baldvins Einarssonar og Jón Sigurðssonar. Og þá síðast, en ekki síst, má nefna Verslunarsögu Íslands, sem er að koma út, og talin er að vera hans mesta og merkilegasta ritverk.

Það er því síður en svo, að nefndin sjái ekki og viðurkenni, að þessi maður er mikils góðs maklegur, þó að hún vilji ekki leggja til meiri breytingar en þá, sem brtt. hennar fer fram á, að aukakennaraembætti hans verði gert að aðalkennaraembætti. Nefndin gat sem sje ekki fallist á að telja hann til launahækkunar sem hann hefði verið aðalkennari öll þau ár, sem hann hefir kent við háskólann, frá því er hann var stofnaður, heldur njóti hann nú byrjunarlauna þeirra, sem prófessorum er ætluð. Enda verður ekki sjeð á brjefi hans um þetta atriði, að hann fari fram á annað. Hann gerir sig því óefað ánægðan með það, sem nefndin leggur til, og hún álítur það líka sæmilegt. Samkvæmt því launafrv., sem nú er á ferðinni, og gera má ráð fyrir, að nái fram að ganga, verða byrjunarlaun hans sem prófessors 4500 kr. nú þegar, og hækka á hverjum 4 árum um 500 kr. þar til þau verða 6000 kr. En sem docent hefði þessi kennari (Jón J. Aðils) eftir sama frv. 4000 kr., sem hækka eftir 4 ár upp í 4500 kr., en hækka svo ekki úr því. Hann fengi því nú þegar sem prófessor þau hæstu laun, sem hann gæti nokkru sinni búist við að fá sem docent eftir þessu frv.

Þetta hefir nefndin talið vel gerlegt og sjálfsagt, og ræður því til þess, að brtt. verði samþykt, en telur að öðru leyti rjett og skylt að samþykkja frv. um, að embættið verði gert að prófessorsembætti.

Bjarni Jónsson: Jeg má nú þakka hv. nefnd undirtektir sínar að sumu leyti, þar sem hún hefir fallist á aðalatriði þessa máls, að þessi maður verði aðalkennari (á latínu professor) við háskólann. Að nefndin hefir viljað orða frv. öðruvísi geri jeg ekki að deilumáli, úr því að það er ekki mitt handbragð, og jeg ber því ekki ábyrgð á því.

En það er eitt atriði, sem mig furðar á í till. nefndarinnar, en það er það, sem hv. frsm. (St. St.) greindi síðast frá. Jeg sje á nefndarálitinu, að hv. nefnd hefir komist að nákvæmlega rjettri niðurstöðu um þessa kenslugrein, að henni beri jafnhár sess og hinum, málfræðinni og bókmentasögunni. Mun enginn verða til að neita þessu. Í öðru lagi kemst nefndin að þeirri hárrjettu niðurstöðu, að maður þessi hafi gegnt starfi sínu ágætlega vel. En þar sem nú nefndin kemst að þessari niðurstöðu, að þessi námsgrein hefði frá öndverðu átt að vera í veglegra flokki, og að þessi kennari hafi ekki gegnt starfi sínu ver en aðrir, sem kallaðir eru prófessorar, þá hefði afleiðingin átt að vera sú, að nefndin hefði ekki viljað láta hann vera lengur hlutræningja. Því að fyrst bæði eru viðurkend, fræðigreinin og maðurinn, þá ætti hann nú þegar að vera jafnvel settur og þeir, sem kent hafa jafnlengi. Hann ætti því nú að hafa sömu kjör og þeir, sem byrjað hafa sem aðalkennarar. Skal jeg nú segja frá því, sem munar á kjörum þessa manns og annara kennara háskólans eftir núgildandi lögum og launafrv. því, sem kunnugt er nú um að ná muni samþykki þingsins.

Eftir núgildandi launalögum hefir þessi kennari, Jón Jónsson, eftir 8 ára þjónustu 600 kr. minna í laun árlega en þeir professores, sem jafngamlir eru honum að embættisaldri, og 200 kr. minna en þeir yngstu professores við háskólann. En þessi munur fer þó altaf vaxandi, því að laun þeirra fara hækkandi, en hans ekki.

En eftir launafrv. stjórnarinnar hefði Jón Jónsson 1000 kr. minna árlega en þeir professores, sem jafnir eru honum að embættisaldri, og 500 kr. minna en yngstu professores við háskólann.

En fyrst brtt. launanefndar gengu fram, mun Jón Jónsson hafa 1500 kr. minna í laun árlega en þeir professores, sem jafnir eru honum að embættisaldri, og 900 kr. minna en yngstu professores við háskólann.

Þetta er nú alment til að mæla með því, að þessi maður sje gerður aðalkennari, því að það er þó hóti betra. En fyrir því er hans hlutur verri en þeirra aðalkennara, jafngamalla honum að kenslualdri, er við háskólann vinna. Því að þeir eru aðalkennarar, sem unnið hafa við háskólann þau 8 ár síðan hann var stofnaður, og þegar hin nýju launalög ganga í gildi, njóta þeir síns tíma og komast þegar á hæstu laun. En hann verður nú að byrja sem nýbyrjandi og vinna í 8 ár enn, áður en hann kemst á sömu laun. En eftir 8 ára viðbót á þann mann, sem kominn er yfir fimtugt, fer nú að saxast á limina hans Björns míns, því að menn vita ekki, hve lengi fimtugum manni endist aldur til starfs. Það væri alt annað, og ekki saman berandi, ef hjer væri að ræða um ungan mann, sem á eftir að hækka í tign, eins og t. d. aukakennararnir (docentes) í guðfræðisdeild og læknadeild, þar sem eru 1 eða 2 aðalkennaraembætti fyrir, sem þeir taka við er þau losna. Það er ekki saman berandi við þann mann, sem er yfir fimtugt, 8 ár eru alt annað af æfi þess manns, sem er ekki yfir þrítugt, en hins, sem orðinn er fimtugur. Nefndin getur auðvitað svarað: „Ungur *má*", en þá svara jeg: Gamall *skal*."

En jeg býst nú við, að hv. nefnd muni ekki halda þessu til streitu við 3. umr. Mun jeg þá koma með brtt., að hann sem embættismaður njóti starfstíma síns í samræmi við það, sem launafrv. kveður á um aðstoðarpresta, og lækna, sem þjónað hafa undir annars nafni. Hvers vegna ætti þessi maður að vera settur út undan þeirri rjettu reglu, sem þingið hefir upp tekið, að reikna launin eftir þeim tíma, sem menn hafa unnið? Hann ætti ekki að gjalda viðurkends misrjettis gagnvart honum og fræðigrein hans, heldur njóta starfstíma síns með þessum hætti. Hann hefir unnið í embætti sínu á eigin ábyrgð, og unnið vel, og ætti að fá að njóta þess, svo sem jeg nú hefi sagt.

Jeg býst við, að hv. nefnd hafi ekki athugað nægilega vel þetta mál nje borið saman við hliðstæður.

Að öðru leyti þakka jeg hv. nefnd góðar undirtektir og vona, að hv. deild öll fallist á, að það, sem jeg fer fram á, sje sanngjarnt og sjálfsagt.

ATKVGR.

Brtt. 505. (ný 1. gr.) samþ. með 15 : 2 atkv.

1. og 2. gr. komu því ekki til atkvgr.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 : 1 atkv.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 550, 576).

Frsm. (Stefán Stefánsson): Við frv.

þetta hefir komið fram brtt. frá háttv. þm. Dala. (B. J.) Till. er í tveimur liðum, og er það um fyrri liðinn að segja, að það kom til umræðu í nefndinni, að jafnvel myndi heppilegt að gera þá breytingu á lögunum, að í stað þess, að kennaranum í málfræði er ætlað að kenna menningarsögu, þá yrði honum uppálagt að kenna bókmentasöguna, en þá kennaranum í sögu menningarsöguna. Að nefndin rjeð ekki beint til þessarar breytingar var því fremur af því, að hún vildi síður leggja til frekari breytinga á lögunum en sjálft frv. benti til, en það, að hún ekki liti á þetta atriði líkt og flm. tillögunnar. Mjer er því óhætt að fullyrða, að nefndin fellst á þann lið brtt.

En um síðari lið brtt. er það að segja, að svo virðist, sem hún færi frv. aftur í samt lag, eða með öðrum orðum, felli þá breytingu, sem gerð var við frv. við 2 umr., og er því fremur ólíklegt, að þeir, sem samþ. þá breytingu, verði nú meðmæltir þessari. En annars mun nefndin ekki gera þetta að neinu kappsmáli, enda var nokkur ágreiningur í nefndinni um það, hvernig launin skyldu talin, þótt hún vildi ekki gera það að klofningsatriði og yrði því að síðustu sammála um till.

Bjarni Jónsson: Jeg þarf ekki að segja margt um fyrri lið till., þar sem hv. nefnd hefir fallist á hann. En jeg verð þó að geta þess, að mjer þætti það undarlegt að ákveða með lögum, að sami maðurinn skyldi hafa á hendi kenslu í allri íslenskri málfræði og menningarsögu.

Það væri mjög mikið starf, og mun tæpast fást maður, sem sje jafnfær í þeim tveimur námsgreinum, sem ekki eru neitt sjerlega skyldar.

Hins vegar fara mjög saman sagnfræði og menningarsaga.

Vona jeg því, að allir fallist á lagfæringu þessa.

En hitt, að hinn liður brtt. færi frv. aftur til sama vegar, er ekki rjett. Greinin er orðuð upp og hefir því ekki fyr komið til atkvæða. Þetta er því nýtt atriði. Og eftir því, sem jeg hefi næst komist, er ekki nema einn af háttv. nefndarmönnum því mótfallinn.

Jeg býst líka við því, að Jón Jónsson sje öllum háttv. þm. svo kunnur, að þeir muni fljótlega geta ráðið það við sig, hvort þeir vilja setja hann skör lægra en aðra.

Það er rjett, að háskólinn varð að taka í sína þjónustu gáfaða og góða fræðimenn, þótt ekki væru víðfrægir fyrir vísindastarfsemi, að undanteknum einum, sem nú er dáinn.

En þessi maður hefir, eins og kunnugt er, náð hjer almennri viðurkenningu, og hefir hann fært sönnur á hina góðu sagnfræðihæfileika sína t. d. með verslunarsögu sinni, sem hann hefir nú hlotið verðlaun Jóns Sigurðssonar fyrir o. fl.

Jeg býst því ekki við, að háttv. þm. þurfi að vera lengi að ráða það við sig, hvort þeir geta verið með till. þessari eða ekki, þar sem hjer er ekki um annað að ræða en að lagfæra það, sem áður var rangt gert.

ATKVGR.

Brtt. 576,1. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 576,2. — — 12 : 5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14. shlj atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 2 sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 634).

Á 47. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forsætisráðherra (J. M.): Orsökin til þess, að mál þetta er fram komið hjer á þinginu, er sú, að tilmæli komu frá háskólaráðinu um það, að docentinn í Íslandssögu verði gerður að prófessor. Að vísu kom einnig fram beiðni um það, að docentinn í guðfræðisdeild yrði skipaður prófessor, og sama er að segja um docentinn í læknadeild, þó ekki sje beint mælt með því, af vissum ástæðum. Beiðni þessi kom til stjórnarinnar, en svo seint, að hún sá sjer ekki fært að bera hana fram sem stjórnarfrumvarp, þar sem leita hefði þurft símleiðis leyfis konungs til þess. Leit hún einnig svo á, að það hefði mátt bíða til næsta þings, sem sennilega verður haldið á næsta ári.

En nú hefir einn hv. þm. í Nd. borið fram frv. um það, að þessi docent verði gerður að prófessor, — og hefðu tilmælin komið fram í tæka tíð, mundi stjórnin hafa flutt það. — Jeg lít svo á, ekki einungis vegna mannsins, sem docentsembættið skipar í þessari fræðigrein, heldur og vegna fræðigreinarinnar sjálfrar, að sjálfsagt sje, að kenslustarfið í henni sje gert að prófessorsembætti.

Vildi jeg því leggja til, að hv. deild samþ. þetta frv.

Hins vegar finst mjer málaleitun lækna- og guðfræðisdeildar vel geta beðið.

Mál þetta hefir verið í mentamálanefnd hv. Nd., og býst jeg því við, að því verði vísað til sömu nefndar þessarar hv. deildar.

Forseti: Jeg legg til, að málinu sje vísað til mentamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12. shlj atkv. og til mentamálanefndar (sjá A. bls. 2003) með 11 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 8. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 634, n. 671).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Eins og háttv. þingdm. sjá, hefir nefndin orðið sammála um að leggja það til, að hv. deild samþykki frv. þetta, sem fer fram á það, að einn af docentunum við háskólann verði gerður að prófessor. Nú sem stendur eru tveir prófessorar við heimspekisdeild háskólans, kennararnir í heimspeki og í ísl. málfræði, en kennarinn í ísl. sagnfræði er eftir núgildandi lögum að eins docent. Breytingin er því fólgin í því, að þessi kennari verði gerður prófessor.

Nefndinni þykir einsætt, að sjerstök rækt sje lögð við íslensk fræði við háskóla landsins, og að stuðlað sje að því á allan hátt, að hæfustu og nýtustu menn veljist til þess að halda þeim vísindum uppi. Jeg skal minna á, að allir kennararnir í lögfræði eru prófessorar, en nefndinni virðist enn þá ríkari ástæða til þess, að kennarinn í íslenskum fræðum sje aðalkennari, prófessor, en í nokkurri annari lærdómsgrein. Við aðra háskóla má fá meiri og betri fræðslu í öðrum vísindagreinum en hjer er hægt að veita, en hjá oss ættu íslensk fræði að skipa öndvegi, og á því sviði ætti háskóli vor að taka öllum öðrum háskólum fram, svo að hjer væri hægt að fá betri og fullkomnari fræðslu í þeim en nokkursstaðar annarsstaðar.

Nefndin hefir einnig haft það í huga, að núverandi kennari í þessari grein er alls góðs maklegur, og á það fullkomlega skilið, að honum sje þessi sómi sýndur. Hann hefir ritað mikið þjóðinni til sóma og ánægju, og er þess vegna því fremur ástæða til, að háttv. deild samþykki frv.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið, en leyfi mjer að mæla með því, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 634).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 761).

---

47. Skoðun á síld.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um skoðun á síld (A. 84).

Á 10., 11. og 13. fundi í Nd., dagana 18., 19. og 22. júlí, var frv. tekið til 1. umr., en forseti tók málið jafnan af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Ólafsson): Jeg þykist ekki þurfa að halda langa ræðu til að sýna fram á, hve nauðsynlegt mat á útflutningsvörum er, til að tryggja, að þær sjeu sem best vandaðar, því að það mun nú orðið alment viðurkent.

Vjer höfum nú um nokkurn tíma haft síldarmat, en það hefir ekki komið að fullum notum, því að nokkur missmíði eru á síldarmatslögunum, og í fyrra reyndist nokkuð af útfluttu síldinni ekki sem skyldi. Það má gera ráð fyrir, að þetta hafi stafað af því, að fyrirmæli laganna hafi eigi verið fullnægjandi; í þeim er t. d. ekki tekið til, hver tegund salts skuli notuð, nje hve mikið af hverri tegund fyrir sig. Á þessu vill frv. þetta ráða bót.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að þessu sinni, en óska, að það fái fljótan framgang í þinginu, svo að lögin komist sem fyrst í gildi.

Að endingu óska jeg, að málinu verði, að lokinni umræðu, vísað til sjávarútvegsnefndar; má þá koma að breytingum, ef ástæða þykir til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2010) með 15 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 31. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 84, n. 196).

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að hv. sjávarútvegsnefnd mundi koma fram með breytingar við þetta frv., samkvæmt bendingum yfirmatsmannsins á Siglufirði. Hann er sá maður, sem er vanastur þessu starfi, og má því vænta, að hann þekki best til um það. Enda hefir nefndin tekið flestar tillögur hans til greina. Og skal jeg nú minnast á, í hverju þær liggja. Þegar þetta frv. var samið, var álitið, að ekki þyrfti að lögbjóða skoðun á nýrri síld, þar eð hún yrði metin eftir á.

Yfirmatsmaðurinn á Siglufirði benti hins vegar á, að full ástæða væri til að meta alla nýja síld, enda þótt endurmatið væri ekki nema sjálfsagt. Og eins og má sjá, hefir nefndin tekið þetta til greina. Þegar borið er saman frv. og breytingar þessar, sjá menn, að þær eru fremur smávægilegar. En hann hefir hins vegar talið þær vera til bóta. Þrátt fyrir það, þó nefndin hafi tekið flestar athugasemdir yfirmatsmannsins til greina, þá hefir hún komið fram með tillögur um fleiri breytingar.

Eftir frv., eins og það er úr garði gert, er ekki gert ráð fyrir, að hægt sje að selja síld til útlanda, fyr en búið sje að fylla á tunnurnar. En hins vegar getur oft komið sjer vel fyrir útgerðarmenn að geta selt nýja síld, án þess hún hafi verið umsöltuð. Venjan er sú, að tunnurnar eru fyltar aftur, og þá skoðað í þær. En það gæti verið ástæða til að leyfa að selja áður en þær eru fyltar í seinna sinnið. Jeg vænti þess, að nefndin taki þetta atriði til athugunar fyrir 3. umr. Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Nefndin ætlar sjer með þessu að fyrirbyggja, að ekki komi fyrir annað eins óhapp og í fyrra, og því ætlar hún matsmönnum að hafa eftirlit með síldinni frá því fyrsta til hins síðasta.

Jeg sje, að einn hv. nefndarmaður, þm. Borgf. (P. O.), hefir áskilið sjer óbundið atkvæði með tilliti til orðabreytingarinnar við 6. gr., sem þá kemur til að hljóða svo:

„Nú telur yfirmatsmaður, að síld hafi eigi verið hirt eins vel og skyldi, og skal hann þá, áður en hann skrifar undir vottorð með síldinni, opna og athuga svo margar tunnur, sem honum þykir hæfilegt, og getur jafnvel stöðvað útflutning, ef mikil brögð eru að vanhirðunni.“

Þetta hefir einn hv. nefndarmaður ekki getað fallist á, sökum síðara ákvæðis greinarinnar, um greiðslu á kostnaðinum, ef um vanhirðu er að ræða. En jafnframt því, sem nefndin vildi tryggja, að eftirlit með síldinni yrði örugt, vildi hún koma í veg fyrir, að skoðunin yrði þeim dýr, sem alt væri í röð og reglu hjá. Ef hins vegar síldin reyndist skemd, og skoðunin því ekki ástæðulaus, þá ber auðvitað síldareiganda að greiða kostnaðinn.

Í 14. gr. frv. stendur: „Lög þessi öðlast þegar gildi“. En þar sem nú er liðið svo langt á þing, að lögin kæmu ekki að haldi í ár hvort sem er, leggur nefndin til, að þau komi ekki til framkvæmda fyr en næsta ár. Jeg held, að menn hljóti að sannfærast um, að talsverð bót sje að þessu frumvarpi, frá því sem nú er, og hv. deild leyfi því málinu fram að ganga. Nefndin mun taka til athugunar þær breytingar, sem hún hefir fengið, og íhuga, hvort til mála komi að gefa undanþágu frá 1. gr. frv.

Pjetur Ottesen: Jeg gat ekki orðið hv. meðnefndarmönnum mínum samferða um ákvæði 6. gr. frumvarpsins. Það er gert ráð fyrir í 5. gr., að matsmenn skuli hafa eftirlit með meðferð allri á síldinni frá því hún fyrst er söltuð og þar til hún er flutt út. Með þessu álít jeg, að fengin sje full trygging fyrir því, að síldin verði góð og ábyggileg vara. Jeg geri ráð fyrir, að þeir einir sjeu valdir til þessa starfs, sem skilja ábyrgð þá, sem því fylgir, og að þeir þar af leiðandi gegni skyldu sinni í þessu efni eins vel og þeim frekast er unt.

Ef svo bæri við, að þessir menn yrðu ofurliði bornir af þeim, sem síldina eiga, svo að þeir gætu ekki fengið því framgengt, að vel væri um alt gengið, gætt að pækli á tunnunum o. fl., þá gera þeir að sjálfsögðu yfirmatsmanni viðvart, og getur hann þá neitað að gefa vottorð, ef fyrirskipunum undirmatsmanns hefir ekki verið fylgt.

En að láta ríkissjóð borga kostnað á skoðun á síldinni, sem getur orðið talsverður, það tel jeg varhugavert og ekki viðeigandi.

En af því að jeg held, að með ákvæðum

5. gr. sje fengin trygging fyrir því, að matsmenn hafi eftirlit með síldinni frá því hún er metin og þar til hún er flutt út, þá var jeg á móti þessari breytingu á 6. gr. Jeg get ekki sjeð, að þörf sje að ganga lengra í því efni.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Það er vitaskuld, að yfirmatsmaður skoðar minst af síldinni sjálfur. En nú getur hann bæði hafa verið óheppinn í valinu á matsmönnum, og líka getur það komið fyrir, að matsmaður veikist, og verður þá að skipa annan, ef til vill óvanan, í staðinn.

Ef til vill er þá hætt veiðum, en matsmann má þó ekki vanta fyrir það.

Matsmaðurinn hefir þá ekki hugmynd um síldina frá því hann veiktist og þangað til síldin er flutt út.

En jeg skal benda á eitt, sem nauðsynlegt er. Það er að láta tunnurnar ekki liggja lengi á sömu hlið eftir að pakkað er.

Tunnurnar geta lekið, og þó svo sje ekki, getur pækillinn síast út í trjeð og síldin þránað.

En ef þær **liggja ekki** lengi á sömu hlið, færist pækillinn **yfir síldina** jafnt og þjett. Ef heitt **er í veðri**, þarf oftar að snúa tunnunum.

Með þessu má koma í veg fyrir, að síldin skemmist.

Þetta og fleira þarf yfirmatsmaður að sjá um að gert sje.

En að hann láti gera þetta að þarflausu, til þess að fá borgun fyrir, þarf engum að koma til hugar. Þetta getur því aldrei dregið landssjóð neitt. En hitt er sanngjarnt, að ef maður er borinn sökum, en reynist saklaus, þá beri hann ekki kostnaðinn. Stafi skemdirnar aftur á móti af vanhirðu, þá er ekki nema rjett, að eigandinn borgi.

Hitt gæti verið, að orða mætti gr. nokkru öðruvísi en gert er, t. d. þannig, að ef hann hefði grun um, skyldi hann o. s. frv.

Pjetur Jónsson: Það var einmitt brtt. nefndarinnar við 6. gr., sem jeg vildi minnast á.

Nefndin vill, að upphaf þeirrar gr. orðist svo: „Nú telur yfirmatsmaður, að síld hafi eigi verið hirt eins vel og skyldi —“.

En þetta nær ekki hugsuninni í frv. Betra væri að orða **hana þannig: „Nú efast** yfirmatsmaður um“ o. s. frv.

Það er einmitt þessi efi, sem **hann** þarf að taka af, til þess að geta gefið fullkomið matsvottorð; hitt þarf ekki að vera fyrir því, að hann beinlínis *telji* hirðinguna fortakslaust í ólagi. Það þykir mjer því of stirðlega til orða tekið.

Vildi jeg að eins benda háttv. nefnd á þetta.

Pjetur Ottesen: Viðvíkjandi því, sem háttv. frsm. (M. Ó.) tók fram um það, ef matsmaður veiktist, þá geri jeg ráð fyrir, að annar sje jafnskjótt skipaður í hans stað, hvort heldur er á síldsöltunartíma eða eftir þann tíma, meðan þess er þörf. **Jeg** efast ekki um, að eftirlit það, sem ákveðið er í 5. gr. frv., verði framkvæmt.

Þessar ástæður eru því einskis virði.

Það er líka áreiðanlegt, að þetta gæti gengið fljótt, þar sem yfirmatsmaður hefir símasamband við alla síldveiðistaðina.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg vildi að eins gera þá athugasemd við orð háttv. þm. Borgf. (P. O.), **að þegar lokið er** söltun, er einnig lokið atvinnu matsmanna. Þeir hafa ekkert fast kaup úr því. Það gæti því vel komið fyrir, ef matsmaður veiktist eftir söltunartíma, að matsmannslaust yrði. En það liggur í hlutarins eðli, að ekki er hægt að skipa nýjan mann, nema greiða honum kaup.

Þess vegna held jeg, að rjett sje að halda ákvæði þessu.

ATKVGR.
Brtt. 196,1. (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 196,2. (ný 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 196,3. (ný 3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

4. og 5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 196,4.a.—c. samþ. með 15 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., G. Sv., J. J., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv., B. K., B. St., E. A., E. Árna.
nei: H. K., M. G., P. O., S. S., St. St., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

Þrír þm. (J. M., J. B. og B. J.) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 196,5. samþ. með 14 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 196,6. (ný 9. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

10 og 11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 196,7. (ný 12. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 196,8. (ný 13. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 196,9. (ný 14. gr.) samþ. með 16 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj atkv.

Á 25. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 233, 246).

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg býst ekki við að þurfa að vera langorður um brtt. hv. sjávarútvegsnefndar, en svo stóð á þeim, að eftir 2. umr. hjer í hv. deild gat litið svo út,að ekki væri hægt að hafa matið svo strangt eins og frv. fór fram á, því það gæti orðið til mikils tjóns fyrir allan síldarútveg.Nefndin fjelst á þessar ræður manna, og því eru brtt. fram komnar frá henni. Jeg hygg, að hv. þm. sjái, að mikil bót er enn þá að frv., því matið er trygt svo, sem hægt er, án þess þó að gera útgerðarmönnum mikinn baga. Þetta tvent hefir nefndin viljað sameina, og jeg álít, að henni hafi tekist það, enda hefir engin athugasemd komið fram við það af hálfu útgerðarmanna eða síldarmatsmanna. Má því búast við, að þessi lagasmíð geti orðið töluvert til frambúðar. Jeg vona, að þetta frv. verði látið ganga greiðlega gegnum þingið, þó þau geti ekki komist í framkvæmd í ár, þar eð svona er orðið áliðið, en þau ættu að vera til næsta ár, þegar síldarútvegurinn hefst.

ATKVGR.
Brtt. 246,1. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 246,2. — — 16 — —
— 246,3. samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. ágúst var útbýtt

Frumvarpi til laga um skoðun á síld,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 275).

Á 24. fundi í Ed., föstudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 1. umr

Forseti: Frv. þetta er komið frá háttv. Nd., var þar í sjávarútvegsnefnd, og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2003) með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A 275, n. 479).

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Þessi breyting síldarmatslaganna, sem hjer liggur fyrir, á að vera einn þáttur í þeirri viðleitni, sem hafin er um vöruvöndun í landinu. Það má ganga að því vísu, að fyrirkomulag það, sem ætlast er til að haft sje, verði til þess að auka álit og verðgildi vörunnar á útlendum markaði. Það þarf ekki að efast um það, að þessi deild muni gera sitt ítrasta til þess að styðja þessa viðleitni með því að samþykkja þetta frv. og gera það svo úr garði, að það geti komið að tilætluðum notum.

Sú vörutegund, sem hjer ræðir um, þarf sjerstaka umhirðu og vandvirkni á alla grein; þegar ekki þarf nema nokkrar tunnur af heilum farmi til þess að spilla verðinu á honum öllum, þá er það auðsætt, að nauðsynlegt er að vanda vöruna sem best.

Jeg get nú komist hjá því að vera langorður um þetta frv. og brtt. nefndarinnar, með því að í nál. er vikið að hvorutveggja.

Brtt. nefndarinnar, sem máli skifta, eru 1., 6. og 7. brtt. Aðrar brtt. eru ekki svo mikilvægar, að ástæða sje til að fjölyrða um þær.

Um 1. brtt. skal jeg láta þess getið, að hún gerir talsverðan mun frá því, sem var eftir frv., og má vera, að hún veki ágreining milli deildanna, en samt er jeg og nefndin í engum vafa um það, að þessi breyting er nauðsynleg, en fyrirkomulag það, er frv. gerir ráð fyrir, lítt framkvæmanlegt. Það er vafalaust óframkvæmanlegt að hafa ákveðna þyngd í hverri tunnu, vegna kostnaðar og fyrirhafnar,og telja má jafnvel, að vinnukraftur til þess yrði ófáanlegur á stundum. Þetta veldur því, að 1. brtt. nefndarinnar er nauðsynleg.

Reglan um þetta hefir verið, að það væri samningsatriði á milli kaupanda og seljanda; vanalega hefir verið gætt að þunganum í nokkrum tunnum, þetta frá 2 til 10% af öllum söluhlutanum, og svo tekinn meðalþunginn af því. Þetta hefir reynst nokkurn veginn ábyggilegt, en með þessu hefir sparast mjög mikill kostnaður.

6. brtt. nefndarinnar, við 5. gr., er ekkert álitamál að er til bóta; það sjá allir um leið og þeir líta á hana.

Í frv. var ætlast til, að síld sú, sem metin er, væri undir nákvæmu eftirliti frá því hún veiddist og þar til hún er flutt út. Þetta telur nefndin mjög erfitt, og heldur ekki nauðsynlegt, því hún telur, að með endurmatinu fáist fullkomin trygging fyrir, að síldin sje góð vara.

Þetta eru aðalbrtt. nefndarinnar, er hún mælir mest með; hitt eru orðabreytingar. Jeg vænti þess, að frv. með brtt. nefndarinnar verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 479,1. samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 479,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 479,3. samþ. með 12 shlj. atkv
— 479,4. samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj atkv.

Brtt. 479,5. samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 479,6. (5. gr. fálli burt) samþ með 11 shlj. atkv.
— 479,7. samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, (verður 5. gr.) samþ. með 11. shlj. atkv.
7.—9. gr. (verða 6.—8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 479,8. samþ. með 12 shlj. atkv

10. gr., svo breytt, (verður 9. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 479,9. samþ. með 12 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, (verður 10. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 479,10. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 479,11. — — 13 — —

12. gr., svo breytt, (verður 11. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
13.—15. gr. (verða 12.—14. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., föstudaginn 29. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 523).
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29 ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um skoðun á síld,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 568).

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. sept., var frv tekið til einnar umr. (A. 568, n. 706).

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg hefi ekki miklu við að bæta það, sem stendur í framhaldsnál. Frv. þetta hefir nú verið afgreitt frá Ed. með nokkrum breytingum, en það er síður en svo, að Nd. nefndin álíti þær til bóta, telur þær heldur til skemda.

Vil jeg þar sjerstaklega benda á þá breytingu, að fella það niður, að matsmenn skuli hafa eftirlit með því, hver tegund salts er notuð í síldina. Að vísu er það bót í máli, að síldin á að vera undir eftirliti matsmanna alt til þess, er hún er send út. En það er öllum vitanlegt, að salttegundir eru mjög misjafnar, og þarf því meira af annari en minna af hinni. Og það getur alls ekki talist hæfur matsmaður, sem ekki hefir vit á salti.

Háttv. Ed. færði þau rök fyrir þessari breytingu sinni, að útgerðarmenn ættu erfitt með að segja til þess í tíma, hvaða salt þeir myndu nota.

Það getur verið rjett, eins og nú standa sakir, en þegar ófriðarafleiðingunum ljettir af, tel jeg sjálfsagt, að þetta atriði verði tekið upp aftur.

En þrátt fyrir þessar breytingar vill nefndin ekki hætta á að flækja málinu meira milli deilda, og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá. 762).

---

48. Friðun fugla og eggja.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 14. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja (A. 361).

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Leyft með 15 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg hefi, ásamt hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), leyft mjer að bera fram frv. þetta í þeirri von, sem ekki hefir látið sjer til skammar verða, að deildin leyfði afbrigði um það, þar sem það er of seint fram komið, og enn fremur í því trausti, að það þurfi ekki að tefja óhæfilega tíma þingsins, svo einfalt og óbrotið sem það er.

Eins og hv. þingdm. muna, voru gefin út lög um fuglafriðun 1913, og með þeim ófriðaður látinn frægasti og fegursti fugl landsins, valurinn. Síðan hefir honum fækkað mjög, og leggjum við því til, að hann verði friðaður til 1930, en ófriðaður úr því.

Annar frægastur íslenskra fugla, örninn, er nú ófriðaður frá 1. jan. s. l. Friðunartíma hans var þá lokið, eftir áður nefndum lögum frá 1913. Þessi fugl er nú orðinn mjög sjaldsjeður, og er ef til vill því sem næst útdauður. Að minsta kosti hefi jeg ekki haft spurnir af því, að hann hafi neinstaðar hækistöð eða varpstað. Við höfum leyft okkur að leggja til, að hann verði alfriðaður til 1940, því að ef hann væri útdauður hjer nú, þá kynni hann þó á þessu tímabili að flytjast hingað frá Spitzbergen eða Grænlandi og ílendast hjer, ef hann fengi að vera í friði.

Það má nú auðvitað hafa á móti þessari friðun, eins og gert var 1913, að þetta sjeu ránfuglar, og því sjeu þeir ekki til uppbyggingar, heldur miklu fremur til tjóns og skaða. En mjer fyrir mitt leyti fyndist hinn mesti sjónarsviftir að því, ef þessir fuglar hyrfu alveg úr landi, og úr ráni þeirra geri jeg ekki mikið. Mjer finst það miklu fremur ætti að vera metnaðaratriði oss Íslendingum að vernda þessar fuglategundir og halda við þessari landsprýði, því að svo vil jeg nefna þá.

Fjárhagslega getur friðunin tæplega spilt fyrir nokkrum, nema ef til vill einstaka rjúpnaskyttu. Álitamál getur það verið, hvort sektirnar, sem hjer eru ákveðnar, eru nógu háar, en okkur flutningsmönnum virtist sektarákvæði þau, sem frv. tiltekur, nægilega há. Jeg sje ekki ástæðu til að vísa málinu í nefnd. Það er svo einfalt og auðskoðað og ætti að liggja öllum í augum uppi. Jeg geri því enga tillögu um yfirskoðun í nefnd. Sje jeg ekki ástæðu til frekari ummæla, nema ef mótmæli kunna að koma fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 361).

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg hefi í raun og veru litlu að bæta við það, sem jeg sagði síðast um þetta mál. Jeg hefi orðið

var við, að ýmsir álíta ekki þörf á að friða valinn eða að styðja að fjölgun hans. Jeg veit, að valnum hefir fækkað mjög í sumum hjeruðum, og er hann orðinn þar fágætur, en ef þessir menn, sem vilja láta valinn ófriðaðan, kæmu fram með brtt. í þá átt, að stytta friðunartímann, þá býst jeg við, að jeg gæti fallist á það. Jeg hefi að vísu ekki enn athugað það mál sem skyldi, en nokkur friðun er betri en engin. Það, sem fyrir mjer vakir með þessu frv., er svo víðtæk friðun, að örugt sje, að fuglar þessir, og þá einkum örninn, sjeu tryggðir fyrir útrýmingu. Það þarf ekki miklu að muna úr því sem komið er um erni, sem á stórum svæðum landsins hafa ekki sjest um mörg ár. Jeg vona, að háttv. deild taki þessu litla frv. vel, með eða án þeirra brtt., sem jeg mintist á.

Sigurður Stefánsson: Jeg er alveg samdóma háttv. flm. (Sv. Ó.) um, að full nauðsyn sje að friða örninn. Honum fækkar óðum, og er sjálfsagt að stemma stigu fyrir því. En eins og hv. flm. (Sv. Ó.) tók fram, þá álít jeg öðru máli að gegna um valinn. Jeg vil í sambandi við þetta taka það fram, að hann er skæmur gestur í varplöndum og lundaverum. Það er ekki hægt að taka lunda í háf ef valur er þar á veiðum. Lundinn er svo hræddur við valinn, að hann flýgur allur út á sjó og kemur ekki upp aftur fyr en valurinn er farinn. Jeg þekki þetta af eigin reynslu. En þetta væri ekki næg ástæða, ef valnum væri að fækka, en það eru engin merki þess. Jeg veit, að fyrir vestan er hann eins algengur og áður var, og jeg hefi átt tal við Norðlendinga um þetta efni, og hafa þeir sömu sögu að segja. Þetta kemur af því, að lítil stund hefir verið lögð á að eyða honum, og hann deyr ekki af sömu ástæðum og örninn. Örninn jetur hræ og deyr af eitrun, en valurinn jetur að eins lifandi fuglaket. Jeg ætlaði að koma með brtt., en hún er ekki komin frá prentsmiðjunni enn. Hún gæti þá komið til 3. umr., og er brtt. um það, að valurinn skuli halda áfram að vera í tölu ófriðaðra fugla.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg vildi heldur, að málið væri tekið af dagskrá nú, heldur en að brtt. háttv. þm. N.-Ísf. (S St.) kæmi ekki fram fyr en til 3. umr. Þá gefst mjer tæplega nægilegur tími til þess að athuga hana til hlítar. Jeg er ekki á því, að rjett sje að ófriða valinn með öllu nú þegar. Því að víst er um það, að sumsstaðar á landinu hefir honum fækkað allmikið nú á seinni árum, og má teljast sjaldgæfur, og engin ástæða er það til ófriðunar á honum, þótt hann hafi einhvern tíma rotað æðarunga vestur í Vigur. Hann er að eðli og innræti ránfugl, og meðan einn valur er eftir í landinu, má þess vænta, að hann ræni sjer til lífsframfæris.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 23. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 361, 466).

Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv. um brtt. 466, er of seint var útbýtt.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg hefi ekki sjeð brtt. á þgskj. 466 fyr en nú, og get ekki áttað mig á því, hvernig hún fellur inn í frv. Jeg get hugsað mjer, að breyta verði 3. og ef til vill 4. gr. frv., ef brtt. verður samþykt. Hins vegar get jeg sagt, að mjer finst brtt. ekki skifta miklu máli. Ef svo er, sem flm. brtt. gat um í gær, að valurinn skemmi fuglavarp eða lundaveiði, þá verður sennilega líkt um það, úr því hann verður ekki skotinn, eins og háttv. þm. sagði, þótt hann verði friðaður. En jeg er hræddur um, að hann geri helst til mikið úr þessu. Því þótt valur geri endrum og eins óróa í varpi, þá er ekki gerandi orð

á því, ef hann gerir ekki veruleg spjöll. Það er ekki gild ástæða til að ófriða valinn, úr því að ófriðunin hefir leitt til þess, að hann er sumsstaðar horfinn eða fágætur orðinn, svo sem er víða á Austurlandi, og það verður þó að muna, að meðan nokkur valur lifir eftir, mun hann við rán kenndur og getur eigi án þess lifað.

Jeg verð þess vegna að mæla móti brtt., því að eftir henni liggur ekki annað fyrir en að valurinn verði gersamlega ófriðaður, en við það get jeg ekki felt mig.

Sigurður Stefánsson: Jeg þarf ekki að vera langorður, því að jeg hafði gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls í gær.

Jeg held, að brtt. mín geri engan glundroða á frv. Það get jeg að minsta kosti ekki sjeð í fljótu bragði. Ástæðurnar fyrir brtt. eru hinar sömu og jeg gat um í gær, að það er algengt, að valurinn skemmi varp.—Ekki er mjer kunnugt um, að valnum fari fækkandi á þeim slóðum, þar sem jeg þekki til, enda fær hann að æxlast í næði og er mjög sjaldan skotinn, af því að ilt er að fá færi á honum. Og sama er mjer sagt úr Strandasýslu, Skagafirði og Þingeyjarsýslu. Þegar jeg var að alast upp, sást hann sjaldan í Skagafirði, en nú er hann algengur á Vestfjörðum.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) þótti ekki ástæða til að ófriða valinn fyrir það, þótt hann gerði við og við spjöll í varpi. Jeg skal játa, að það var ekki gild ástæða, ef nokkur líkindi væru til, að hann væri að deyja út. En þegar svo er ástatt, að þess sjást engin merki, hvorki á Vestfjörðum nje á Norðurlandi, virðist mjer það þó vera gild ástæða, að hann er vondur gestur í varpi og stundum er ekki hægt að stunda lundaveiðar fyrir honum marga daga í röð. Lundinn verður svo hræddur við hann, að hann flýgur á sjó út. En hins vegar er lundatekja hlunnindi í mörgum eyjum. Úr því að valurinn gerir þennan glundroða og honum fer ekkert fækkandi, að því er best verður sjeð, býst jeg við, að deildin geti samþ. brtt. mína.

Annars er mjer þetta ekkert sjerstakt áhugamál. Jeg mundi telja það illa farið, að valurinn væri ófriðaður, ef hann væri að deyja út, eins og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hjelt fram, en á því er engin hætta.

ATKVGR.

Brtt. 466,1. samþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. J., J. M., M. G., M. P., P. J., P. Þ., S. St., Þorst. J., Þór. J., E. A., Ó. B.

nei: J. B., M. Ó., S. S., St. St., Sv. Ó., B. Sv., B. J., B. K., E. J., G. Sv.

Fjórir þm. (P. O., Þorl. J., B. St. og E. Árna.) fjarstaddir.

Brtt. 446,2. feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. Þ., S. St., Þorst. J., Þór. J., B. K., H. K., J. M., M. G., M. P., Ó. B.

nei: M. Ó., S. S., St. St., Sv. Ó., B. Sv., B. J., E. A., E. J., G. Sv., J. J., J. B.

Fjórir þm. (P. O., Þorl. J., B. St. og E. Árna.) fjarstaddir.

2.—4 gr. (verða 1., 2. og 3. gr.) samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 491, 502).

Flm. (Sveinn Ólafsson): Við 2. umr. máls þessa tókst svo slysalega til, að samþ. var brtt. á þgskj. 361, frá háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Gekk sú breyting í þá átt, að ófriða valinn eða fella niður 1. gr. frv.

Hins vegar gekk ekki fram brtt. um, að hann yrði ófriðaður eftir 2. gr. frv., og fór frv. svo frá umræðunni, að valurinn var ófriðaður eftir 1. gr. laganna frá 1913, en friðaður eftir þessu frv., en þar sem frv. er breyting á lögum um friðun fugla og eggja, frá 1913, þá getur það ekki staðist, að hann sje lýstur friðaður í einni gr., en ófriðaður í annari.

Jeg verð því að gera brtt. þá, sem hjer liggur fyrir, á þgskj. 502, til þess að koma á samræmi í frv. og lögunum.

Vona jeg, að hv. deild lofi frv. að fara leiðar sinnar í þessu formi, þótt spjallað sje það nú og spilt frá því, sem áður var.

ATKVGR.

Brtt. 502. samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., laugardaginn 30. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 572).

Á 45. fundi í Ed., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 : 1 atkv.

Á 47. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. sept., var frv tekið til 2. umr. (A. 572).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj atkv.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 5. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 572, 665).

Guðmundur Ólafsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt., sem er prentuð á þgskj. 665, og fer fram á, að frv verði aftur fært í það horf, er það var í fyrst er það kom fram. Þá voru valir friðaðir til 1930, og fram á það fer brtt., en þetta atriði fjell viljandi, eða líklega öllu heldur óviljandi, í hv. Nd.

Mjer finst það rjett gert að friða fálkann, því þótt hann sje ránfugl, þá mun hann valda litlum skaða; að minsta kosti hefi jeg ekki heyrt þess getið, svo frá því sjónarmiði er ekkert varhugavert við það. En þessari fuglategund hefir fækkað mjög hin síðari ár, og sjest jafnvel ekki í heilum sýslum, og það væri illa farið, ef hann eyðilegðist með öllu. Um það vænti jeg að allir góðir menn sjeu samdóma, og vona því, að brtt. verði samþykt.

ATKVGR.

Brtt. 665,1. samþ. með 10 shlj. atkv.

— 665,2. — — 9 — —

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj atkv. og endursent Nd.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 6. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 673).

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 : 2 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 763).

49. Húsaskattur.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 23. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt (A. 477).

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta litla frv. gengur út á það, að tvöfalda húsaskattinn. Jeg vona, að það þyki ekki ósanngjarnt, þegar litið er til breytingar þeirrar á verðgildi peninga, sem orðið hefir á síðari árum, og eins hins, hvað hús hafa hækkað í verði. Það er vert að athuga, að sú hækkun á verði húsa kemur lítið til greina við þessa skattálagningu, nema þá á þeim húsum, sem hafa verið virt upp að nýju. Þetta nýja mat á fasteignum, sem er á döfinni, átti að vera komið til framkvæmda 1920. En nú er sjeð fram á, að svo verður ekki. Það þótti því rjettmætt að hækka þennan skatt lítið eitt, sem á að gilda á meðan. Jeg vildi jafnvel þrefalda hann frá því sem var, en þetta varð nú úr samt sem áður. Tekjuaukinn er ekki mikill. Jeg gæti trúað, að það nálgaðist 25 þús. kr. á ári.

Jörundur Brynjólfsson: Það er ekki skemtilegt að þurfa að amast við þeim frv., sem miða að tekjuaukningu ríkissjóðs. En samt hefði jeg helst óskað, að ekki þyrfti að hækka þennan skatt að svo komnu. Jeg býst við, að þegar fasteignamatið er komið til framkvæmda, þá muni þetta gjald hækka allmikið. Og hefði jeg því óskað, að það biði þangað til. Auk þess er hjer ekki um neinn verulegan tekjuauka að ræða. Annars geri jeg ekki mikið úr þessu, og það kann að vera, að þessi hækkun verði ekki neitt afartilfinnanleg fyrir hvern einstakan mann.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg átti von á því, að það kæmi hljóð úr horni einhversstaðar frá. Það er ekki auðvelt að koma svo fram með tekjuaukafrumvarp, að engan taki sárt til buddunnar. Hins vegar held jeg, að þetta sje ekki nema sanngjarn skattur, ef tekið er tillit til þess, að hús hafa hækkað um meira en helming verðsfrá því sem var, og að þetta á að eins að gilda í 2 ár. Auk þess kemur hið nýja mat á fasteignum ekki í gildi fyr en eftir að þessi skattur er afnuminn.

Jeg skil, hvers vegna háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) er að amast við frv.; það er af því, að frv. kemur langþyngst niður á Reykjavík. En jeg er líka sjálfur húseigandi í Reykjavík og tel ekki eftir mjer að borga skattinn, þótt jeg hafi keypt dýrtíðarverði og borgi eftir dýrtíðarvirðingu. Og þar sem húseignir hafa hækkað í verði ár eftir ár, get jeg vel felt mig við, þótt skattur af þeim sje hækkaður lítið eitt. Ef það er

ósanngjarnt, þá veit jeg ekki hvað sanngirni er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 477).

Jörundur Brynjólfsson: Jeg mælti á móti þessu frv. við 1. umr. Jeg sje ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði þess nú, en vil að eins lýsa því yfir, að jeg mun koma fram með brtt. við það við 3. umr.

ATKVGR.
1. og 2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 477, 542, 547).

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hefi, ásamt háttv. þm. Borgf. (P. O.), leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 547, sem fer fram á það, að hækkunin nái ekki til þeirra húsa, sem virt hafa verið til brunabóta eftir 1. janúar 1916.

Eins og menn vita, hafa virðingargerðir, sem síðan hafa fram farið, orðið miklu hærri en áður var, sökum dýrtíðarinnar, og því hefir gjaldið hækkað um leið.

Þeir, sem keypt hafa hús síðan, hafa orðið að kaupa þau við mjög háu verði, og hafa þeir um leið orðið að láta virðingargerð fara fram.

Nú eru hjer í Reykjavík lög, sem takmarka að miklum mun not manna af húseignum sínum, svo að þeir munu tæpast geta fengið rentu af húsverðinu, sem þeir munu þó þurfa á að halda flestir.

Þess má líka geta, að þótt húsin hafi í orði kveðnu hækkað í verði, þá njóta margir ekki aukinna tekna af þeim fyrir það, t. d. þeir, sem hafa smáhýsi að eins yfir sjálfa sig. Hjá þeim er enginn tekjuauki að því, þótt húsin teljist meira verðmæti en áður.

Auðvitað má segja, að ef þeir ættu að leigja, þá yrðu þeir að borga meira en áður. En þess ber að gæta, að þar sem virðingargerðin hefir tvöfaldast, þá mundi gjaldið af þeim húsum ferfaldast ef þetta verður samþykt. Annars verða leigjendurnir ætíð að borga þetta gjald.

Jeg vona því, að háttv. fjárhagsnefnd geti fallist á þennan fyrri lið till.

Síðari liðurinn er til vara, ef þetta yrði ekki samþykt. Hann fer fram á að lækka gjaldið úr 3 kr. niður í 2 kr.

En jeg lít svo á, sem fyrri liður brtt. sje bæði sanngjarnari og rjettlátari þótt hinn sje til nokkurra bóta á frv., eins og það nú liggur fyrir.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal játa, að það liggur nokkur sanngirni á bak við þessa aðaltill. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og háttv. þm. Borgf. (P. O.), því það er ekki hægt að neita því, að það er hlutfallslega vegna verðhækkunarinnar talsverður munur á virðingarverði húsa, sem virt eru eftir áramótin 1916, og þeirra, sem áður hafa verið virt.

En jeg fæ ekki betur sjeð en að það valdi allmiklum glundroða að koma þessu ákvæði í framkvæmd. Svo er það og annað, sem jeg felli mig ekki við, og það er, hvers vegna þetta ákvæði á ekki líka að ná til annara húsa en íbúðarhúsa. En aðalástæðan á móti þessari brtt. er sú, hversu erfitt mun vera að framkvæma hana, því það er svo ruglingslegt að fara að reikna

skattinn á húsunum eftir tvennskonar reglum.

Þessi brtt. hefir ekki verið borin undir fjárhagsnefnd, og hefir hún því í heild ekki tekið afstöðu til hennar, og ráða því nefndarmenn algerlega atkv. sínu. Jeg fyrir mitt leyti get lýst því yfir, að jeg mun greiða atkv. á móti henni.

Um varatill. vil jeg geta þess, að jeg vil heldur, að frv. verði algerlega felt, heldur en að hún verði samþykt.

Hv. flm. (J. B.) sagði, að húsin hefðu mörg verið keypt háu verði, en það er engin ástæða á móti þessu frv., því það sýnir að eins, að húsin hafa hækkað í verði. Þá nefndi hann og húsaleigulögin og vildi færa það fram móti þessum skatti, að húsaleigunefnd ákvæði altaf um leigu manna og sæi um, að hún yrði ekki of há; væru því húsaeigendur varla ráðandi eigna sinna og biðu oft mikinn halla af slíku. Jeg veit ekki betur en að húsaleigunefndin reyni að gæta allrar sanngirni í afskiftum sínum af húsaleigu, og ákveði hana oftast nær eftir kaupverði húsanna. Þá talaði háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) um, að í sjálfu sjer hefðu þeir ekkert grætt af verðhækkun húsanna, sem byggju sjálfir í þeim og leigðu ekkert út, en hann hrakti þessa mótbáru sjálfur, um leið og hann hafði lýst henni, með því að segja, að þessir menn hefðu orðið að leigja dýrara, ef þeir hefðu ekki átt húsin.

Annars tel jeg það ilt verk að vera að berjast á móti þessum litlu tekjuaukafrv., sem liggja fyrir þessu þingi; þótt þau hossi ekki hátt, hvert út af fyrir sig, þá munar þó talsvert um þau er þau koma saman, ef þau verða öll samþykt. Veitir heldur ekki af að fá eitthvað til þess að vega á móti þessum miljóna tekjuhalla, sem í vændum er.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg sje ekki betur en að brtt. okkar hv. þm Borgf. (P. O.) sjeu einkar sanngjarnar, enda viðurkendi hv. frsm. (M. G.) það. Að við í brtt. tökum engin hús undan nema þau, sem búið er í, kemur af því, að á verslunarhúsum hvíla engar hömlur, svo sem húsaleigulög, en eins og jeg gat um áðan takmarka þau nokkuð afnotarjett manna af húsum. Jeg veit til þess, að þegar menn hafa keypt hús háu verði, hefir húsaleigunefnd ákveðið leiguna, auðvitað eftir bestu vitund, en svo hefir oft þurft að gera mikið við húsin, þar sem verið hafa á þeim ýmsir ágallar, sem kaupendurnir hafa ekkert um vitað fyr en keypt var, og sá kostnaður fæst þá ekki upp borinn með leigunni. Viðvíkjandi því, að þeir, sem ættu hús, er að eins væru fyrir fjölskylduna, hefðu tekjur af þeim, þá viðurkendi jeg, að þeir hefðu af þeim óbeinan hag. En þrátt fyrir það sje jeg ekki ástæðu til að vera að íþyngja þeim með þessu gjaldi. Ef þessir menn ætluðu sjer að selja húsin og græða á þeim, þá ættu þeir það á hættu að fá hvergi húsnæði og yrðu því að flytja út á götuna. Það verður því ekki sagt, að fyrir slíka menn sje það beinlínis gróði, þó húsin hafi hækkað. Jeg tók það fram þegar í byrjun, er jeg hóf andmæli á móti þessu frv., að mjer þætti miður að þurfa að leggjast á móti því, þar eð það væri tekjuaukafrv. En þess ber þá líka að gæta, að það er enginn stórvægilegur tekjuauki af þessu frv., en getur verið alltilfinnanlegt þeim, er lítil efni eiga.

Einar Arnórsson: Eins og kunnugt er, hefir húsaverð hækkað allmikið síðan styrjöldin hófst, en þess ber líka að gæta, að *virðingarverð* hefir hækkað að líku skapi, saman borið við það, sem var fyrir stríðið. En um leið og virðingarverð hefir hækkað, þá hafa líka hækkað skattar á húsunum að sama skapi, t. d. eins og brunabótagjaldið. Það er því dálítið undarlegur hugsunargangur í greinargerðinni fyrir þessu frv., þar sem verið er að tala um,

að verðlag peninganna hafi lækkað, og því sje rjett að leggja þennan skatt á. Það er að vísu rjett, að verð peninganna hefir lækkað, en um leið er afleiðingin sú, að skattar hafa líka hækkað, og verður því þessi ástæða harla veigalítil.

Jeg verð að taka undir með hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að mjer finst till. hans fullkomlega rjettmæt. Að því er til Reykjavíkur kemur eru ýmsar hömlur á því, hvernig menn fara með hús sín, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, að viðhaldskostnaður húsanna eykst að sama skapi sem dýrtíðin. Að minsta kosti er varatill. þeirra 1. þm. Reykv. (J. B.) og þm. Borgf. (P. O.) svo sanngjörn, að ekki er ráðlegt að fella hana. Það er ekki nema sjálfsagt, að þessi skattur nái ekki til húsa, sem virt hafa verið upp eftir 1. jan. 1916, og er það af því, að virðingin hefir hækkað svo mikið, og þar af leiðandi gjöldin. En vegna hvers hefir nú virðingin hækkað? Það er ekki af neinu öðru en því, að ef húsin brynnu, þá kostaði meira að koma þeim upp en gamla virðingin gerði ráð fyrir. Það má segja, að þetta sje nokkurskonar „malum necessarium", eða með öðrum orðum, að það verður nokkurskonar nauðsynlegt böl, sem ekki verður hjá komist, að láta virða húsin upp aftur.

Tekjuauki þessa frv. er þá heldur ekki svo stórfeldur, að landssjóð skifti hann miklu máli. Enda rýrna tekjurnar lítið, þó að breytingartill. á þgskj. 547 verði samþyktar, því að frv. nær samt óskorað til allra húsa, sem ekki hafa verið virt eftir 1. jan. 1916, og til allra húsa, sem ekki eru notuð til íbúðar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það hefði mörgum fundist það rjettlátt að leggja verðhækkunarskatt á húseignir manna og fasteignir yfirleitt, því óneitanlega hafa eignir þessar stigið mjög í verði. Þeir, sem selt hafa hús og eignir, hafa flestir grætt stórfje á sölunni, og þeir sem hafa haft svo mikið húsrúm, að þeir hafa getað leigt öðrum, hafa einnig grætt á verðhækkuninni, og enn hafa þeir, sem eiga hús og búa í þeim, án þess að leigja, grætt á því, að húsin voru bygð fyrir stríðið, því þeir búa fyrir svo litla leigu. Loks er um þá húseigendur að ræða, sem bygt hafa nú seinustu árin: á þá kemur skattaukinn verst, en þessir menn eru svo tiltölulega örfáir, enda skatturinn svo lítill, svo þeirra vegna er engin sjerstök ástæða til þess að bregða fæti fyrir þennan skattauka. Jeg held því, að þó þessi skattur væri jafnvel aukinn enn meira, þá kæmi hann ekki hart niður á húseigendum.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil taka það fram gagnvart brtt. á þgskj. 547, að þar er dálítið óákveðið að orði komist, „og notuð eru til íbúðar". Það eru sem sje mörg hús, sem bæði er búið og verslað í, og til hvaða flokks teljast þau?

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) gat þess, að skatturinn hækkaði um leið og virðingin, en jeg held, að þó svo sje, þá fái eigendurnir meira út á húsið í veðdeild og bönkum heldur en áður. (*B. K.*: Þeir fá ekki meira). Jú, þegar um ný hús er að ræða. Og eins og háttv. þm. mun kunnugt, eru veðskuldir dregnar frá áður en skattur er ákveðinn. Annars greiðist húsaskatturinn heldur illa, og kemur það af því, að menn aflýsa ekki greiddum veðskuldum af húsum, og væri því mikið spursmál, hvort ekki væri rjett að ákveða skattinn án tillits til veðskulda. Þar sem ákveðið er í till., að hús skuli laus undan skatthækkuninni, sem virt hafi verið eftir 1. jan. 1916, þá finst mjer vera farið nokkuð langt aftur í tímann, því eignir hafa mest hækkað í verði einmitt eftir þann tíma.

Einar Arnórsson: Það var eitt í ræðu hv. frsm. (M. G.), sem rjettilega var tekið

fram, og það var, að brtt. á þgskj. 547 er óheppilega orðuð, þar sem stendur „notuð eru til íbúðar“. Það geta sem sje verið hús, sem notuð eru að einhverju leyti til íbúðar og að einhverju leyti til verslunar eða annarar atvinnu. Þau hús,sem eru að einhverju leyti notuð til verslunar eða annarar atvinnu, er engin ástæða til að undanþiggja skattinum, því að leiguhæð eru þar engin önnur takmörk sett en þau, er almenn viðskiftalögmál setja. En það mætti bæta úr þessu með því, að breyta orðalaginu eitthvað á þennan veg: „sem notuð eru til annars en íbúðar“.

Það átti ekki vel við í þessu tilfelli, sem hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sagði um verðhækkunarskatt. Þeir eru sem sje margir, sem ekki eiga hús til að braska með þau, heldur til að búa sjálfir í þeim eða leigja þau öðrum til íbúðar. Og þótt hús hafi eitthvað hækkað í verði, þá skilst mjer þó, að verðhækkunarskatt skuli að eins leggja á verulega verðhækkun. Jeg álít því ekki ástæðu til að leggja skatt á hús, sem menn eiga að eins til að búa í, annan en þann, sem legst á þau með hækkaðri virðingu. Það væri lítil meining í, ef jeg ætti hús, sem fyrir stríðið var virt á 10.000, en nú er virt á 30.000, að leggja sjerstakan skatt á slíka pappírshækkun. Það væri þá fyrst, ef jeg hefði selt húsið með miklum gróða.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. (M. G.) sagði um, að hærra lán mætti nú fá út á hús í veðdeildinni, eftir að þau hafi verið virt upp og virðingarverð hækkað, þá verð jeg að efast um, að bankinn taki mikið tillit til þess, þótt hús hafi hækkað að brunabótavirðingu vegna dýrtíðarinnar.

Það er nokkuð til í því, sem hv. frsm. (M. G.) sagði viðvíkjandi veðskuldum, að menn drægju að aflýsa þeim, en spurningin er, hvort ekki er hægt á annan hátt að hafa hönd í bagga með þessu. Það er næstum því algild regla, að á hverju húsi hvílir fyrsti veðrjettur. Þessa skuld eina mætti því t. d. taka til greina við skattálöguna, en hinar ekki.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skýrði því í fyrri ræðu minni, að í raun og veru hefði verið fyllilega rjettlátt að leggja verðhækkunarskatt á húseignir, og færði nokkur rök fyrir því.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að hjer væri um pappírsverðhækkun að ræða, en það er ekki rjett. Þetta sjest best með því að bera þá saman, sem búa í gömlu húsunum, og þá, sem nú þurfa að byggja. Það er ekki lítill munur á aðstöðu þeirra. Engum blandast hugur um það, hvað mikið fjárhagslegt happ var að ná í fasteignir fyrir stríðið fyrir þá, sem enn eiga þær.

Einar Arnórsson: Það er eitt atriði enn í þessu máli, sem mjer hefir algerlega láðst að taka fram, en á sjerstaklega við um þennan skatt. Þetta atriði er það, að þennan skatt borga ekki þeir, sem njóta góðs af verðhækkuninni, heldur hinir, sem hafa orðið fyrir barðinu á henni. Það eru með öðrum orðum ekki leigusalar, sem skatturinn kemur niður á, heldur leigutakar. Ef nokkrum skatti er auðvelt að velta yfir á notanda, þá er það húsaskattur.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg bjóst ekki við þessari mótspyrnu gegn frv. þegar jeg samdi það. Jeg var að hugsa um að hafa gjaldið þrefalt, miðað við áhúðarskattinn. En til þess að vera viss um, að það væri ekki ósanngjarnt, hafði jeg það ekki hærra en tvöfalt. Nú eru goldnir 60 aurar af hverjum 150 kr. í fasteignum, en 75 aurar af hverjum 500 kr. í húseignum. Þetta er ekki sanngjarnt hlutfall. Þessi skattur af húsunum er reiknaður eftir brunabótaverði, en lóðirnar eru ekki taldar með. Lóðirnar eru verðmæti, sem ekki er talið til skatts. Jeg skal ekki segja neitt um

það, hvort skatturinn mundi verða tekinn af leigjendum. En jeg hygg þó, að húsaleigunefndin sjái ekki ástæðu til að hækka húsaleiguna fyrir þennan litla skatt, 10 til 20 kr., sem legðist á húseign hverja.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vildi segja nokkur orð í sambandi við ræðu háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), þar sem hann mintist á, hvort húsin væru notuð eingöngu til íbúðar, eða að einhverju leyti til annars

Jeg skal geta þess, að við flm. íhuguðum þetta atriði, en okkur þótti ekki taka því að gera nokkra undantekningu fyrir þá skuld, að hús væri notað að einhverju litlu leyti til annars, t. d. að haft væri skóarastofa eða smíðaverkstæði í kjallara eða því líkt. Við álitum, að ekki tæki að flokka húsin eftir því. Ef húsið er notað að miklu leyti til annars en íbúðar, er sjálfsagt að telja þau ekki í flokki íbúðarhúsa. Annars væntum við, að háttv. deild verði svo sanngjörn, að hún samþykki brtt. okkar, með því að enginn hefir enn þá sýnt fram á, að þær væru á nokkurn hátt ósanngjarnar. Háttv. frsm. (M. G.) gat um, að þær mundu verða erfiðar í framkvæmdinni, en jeg hygg, að það reynist ekki svo. Aftur á móti skildist mjer á ummælum hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), að hann tæki þessum till. mjög vel.

ATKVGR.

Brtt. 542. tekin aftur.

— 547. fyrri liður, feld með 14 : 6 atkv.

— 547. síðari liður, feld með 14 : 3 atkv.

Frv. samþ. með 17 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorst. J., B. St., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. Þ., Ó. B.

nei: Sv. Ó., B. Sv., B. J., B. K., E. A., J. B.

Þrír þm. (Þorl. J., Þór. J. og E. J.) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., laugardaginn 30. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt,

eins og það var samþ. við 3. umr. í N. (A. 577).

Á 45. fundi í Ed., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Frv. það, sem nú er til umr., er breyting á lögum frá 14. des. 1877, sem eru nú 42 ára gömul. — Er ekki nema eðlilegt, að hv. Nd. hafi fundist þau vera búin að slíta barnaskónum, og þeim því þörf á að fá nýja skó.

Það er rjett athugað, að ef fastur skattur væri á húsum, þá væri hann nú orðinn úreltur vegna þess, hve gömul lögin eru. En húsaskatturinn er kominn undir virðingarverði húsanna. Hann stendur því ekki í stað. Húsin hækka í verði til húsaskatts, alveg eins og til brunatryggingar eða kaupa og sölu. Ný virðing á nú að fara fram á öllum húseignum í landinu, og er þegar að nokkru leyti komin í framkvæmd, og fer hún mikið fram úr gamalli virðingu. Við þetta hækkar húsaskatturinn stórkostlega. Hann mun því hækka í tvær áttir, ef hundraðsgjaldið verður auk þessa hækkað um helming.

Aðaláhersluna legg jeg samt á það, að það er varhugavert að hækka skatt á húsum á sama þingi og hert er á húsaleigulögunum, svo kölluðu, lögum, sem taka umráðarjettinn yfir húsunum af eigendunum og gera þeim margvíslegan skaða. Þetta þætti mjer afarilla til fallið. Jeg vil því benda

hv. nefnd á að athuga frv. einmitt með hliðsjón af húsaleigulögunum, og einnig með tilliti til hinnar miklu hækkunar á verðgildi húseigna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls 1999) með 8 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., fimtudaginn 4. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 577, n 644).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg mun, að minsta kosti til að byrja með, láta mjer nægja að vísa til nál. á þgskj. 644. Formaður nefndarinnar hefir undirritað nál. með fyrirvara, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni til frv. Aðrir nefndarmenn hafa orðið sammála um að leggja til, að málið verði látið ná fram að ganga í þessari hv. deild.

Magnús Torfason: Jeg get fyrir mitt leyti verið á því, að nokkrar ástæður sjeu til þess, að húsaskatturinn verði hækkaður, þó segja megi, að skatthækkunin komi mjög misjafnlega niður.

Að því er snertir húseignir þær, sem bygðar voru fyrir stríðið, má hækkunina til sanns vegar færa, þó þess sje að gæta, að viðhald kostar nú miklu meira en áður.

Mjer skildist á orðum, sem jeg heyrði í háttv. Nd., að virðing húsa til húsaskatts stæði nokkurn veginn í stað, og mætti þá, ef satt væri, færa hækkunina til sanns vegar. En svo mun ekki vera, a. m. k. í kaupstöðum landsins. Í Reykjavík mun húsaskattur reiknaður eftir brunabótavirðingu, en flest hús munu hafa verið endurvirt til brunabóta árið 1916, og húsaskatturinn því hækkað.

Samt sem áður gæti jeg fallist á, að skattur á gömlum húsum hækki.

Alt annað gildir um ný hús. Þar mælir alt á móti skatthækkun.

Menn verða að athuga, að húsaskattslögin eru sett árið 1877, eða sama árið og lögin um tekjuskatt, og hefir húsaskatturinn sýnilega verið miðaður við tekjuskatt af eign.

Tekjuskattur af eign var og er 4%, en húsaskattur 3,75%; m. ö. o. tekjuskattur af 1000 kr. eignartekjum er 40 kr., en af 1000 kr. tekjum af húseign kr. 37,50 eða 2,50 kr. lægri á þúsundi. En samkvæmt nýju tekjuskattslögunum er skatturinn af 1000 kr. eignartekjum 40 kr., en af 1000 kr. í húseign, skv. frv. þessu, 75 krónur eða næstum helmingi hærri.

Þegar þetta er athugað, verður ekki betur sjeð en löggjafinn leggi hegningu við að leggja fje sitt í húseignir. Væri honum að vísu vorkunn, ef húsagerð væri arðvænlegt fyrirtæki, en það er síður en að svo sje, eins og stendur, því menn byggja ekki nema til neyddir, annaðhvort vegna þess, að þá vantar sjálfa húsnæði, eða til þess að reka í þeim arðvænleg fyrirtæki.

Má í sambandi við þetta nefna, að á Akureyri mun varla nokkurt „prívat"-hús hafa verið reist á stríðsárunum, og á Ísafirði hafa „prívat"-menn ekki reist eitt einasta hús á þeim tíma, en bæjarstjórnin orðið að byggja, þegar húsnæðisvandræðin keyrðu úr hófi.

Þetta bendir til alls annars en þess, að húsabyggingar sjeu gróðavænlegar. Það má því engin lög setja til að stugga mönnum frá að byggja. Þótt þessi skattur sje ekki hár, þá getur hann dregið úr byggingarhug manna. Menn þola illa, eins og von er til, títuprjónsstungur smáskattanna.

Um Reykjavík skal jeg sjerstaklega geta þess, að þar eru svo tilfinnanleg höft á húseignum, þar sem eru húsaleigulögin, að þau jafngilda tíu- til tuttugufeldum húsaskatti. Það væri því hin mesta firra að hækka húsaskattinn, meðan húsaleigulögin eru í gildi.

Ofan á alt þetta munar ríkissjóð lítið sem ekkert um tekjuaukann, sem að þessum skatti verður. Það væri illa farið að gera nokkuð til að draga úr því, að menn byggi, ekki síst vegna þess, hve lítið er í húfi fyrir ríkissjóð.

Fjármálaráðherra (S. E.): Fjárhagsnefnd neðri deildar flytur þetta frv. Þó fram hefði komið frv. um verðhækkunarskatt á húsum, þá hefði mjer hreint ekki þótt frágangssök að forsvara það. Margir hafa grætt stórfje á að selja og leigja hús, og þeir, sem búa í sínum eigin húsum, standa margfalt betur að vígi en þeir, sem orðið hafa að kaupa eða leigja hús nú í dýrtíðinni. Húsaskatturinn myndi koma verst niður á þeim, sem bygt hafa ný hús, eða ætla að byggja. Um það kemur öllum saman, að rjett er að hækka skattinn á gömlum húsum. En eins og hv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir haldið fram, þá er varla ekkert bygt nú á tímum, svo að þessir, sem skatturinn yrði tilfinnanlegastur fyrir, verða nauðafáir. En þó nú töluvert verði bygt í framtíðinni, þá verða nýju húsin leigð svo dýrt, að það verður stór hagur að húseignum, þrátt fyrir þessa litlu hækkun á húsaskatti.

Jeg hefi verið dálítið hissa á því, hvað hv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir verið samkvæmur sjálfum sjer í því að berjast á móti tekjuaukafrumvörpum. Eftir hinum glæsilegu fárhagshorfum landsins, sem hann hefir lýst, gæti þetta verið skiljanlegt. En jeg vildi bara biðja hann um að fara heim og læra betur. Það er margbúið að sýna, að horfurnar eru ekki sjerlega glæsilegar. Ef fjárlögin verða send frá þinginu eins og hv. fjárveitinganefnd neðri deildar hefir afgreitt þau, — en til þess eru mestar líkur —, þá verður 2 miljóna kr. tekjuhalli á næsta fjárhagstímabili. Við þær skuldir, sem landið þegar hefir hleypt sjer í, bætast 2 miljónir króna. Annars skal jeg skýra nánar frá fjárhagnum þegar fjárlögin koma hingað frá hv. neðri deild. Jeg vildi í þetta sinni að eins benda á, að ekki er byggjandi á hinum glæsilegu hugmyndum, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) virðist gera sjer um fjárhag ríkisins. Hjer er að vísu ekki um mikla fjárhæð að ræða, á að giska um 30 þús. kr., en það munar strax.

Jeg mun ekki taka oftar til máls við þessa umræðu; jeg þarf að vera viðstaddur fjárlagaumræðurnar í Nd., en jeg vona, að hv. deild samþykki frv. eins og það nú liggur fyrir.

Magnús Torfason: Hæstv. fjármálaráðherra var að tala um verðhækkunarskatt á húsum. Það er fullkomlega rjett, að verðhækkunarskattur á fasteignum hefði verið með sjálfsögðustu sköttum, ef hann hefði verið lagður á í tíma. Stjórn, sem hefði verið starfi sínu vaxin, hefði fyrir löngu verið búin að sjá svo um, að sá skattur hefði komist á. En nú er það orðið of seint. Eins og nú er komið, væri það hróplegt ranglæti. Það er ekki hægt að skilja sauðina frá höfrunum, þá, sem nýlega hafa keypt hús eða bygt, frá hinum, sem eignuðust hús sín fyrir dýrtíð. Líkt er að segja um hækkunina á húsaskattinum. Þar er látið fara saman kálfur og kýr, þeir, sem þola, og þola ekki skattinn. Það ætti þess vegna að fyrirgefast, þó að jeg sje ekki hrifinn.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði, að hækkunin á skattinum kæmi ekki illa niður á öðrum en þeim, sem nýlega eru búnir að reisa sjer hús, og hafði mín orð fyrir því, að þeir væru sárfáir, sem nýbúnir eru að

byggja. Af þessu dró hann þá ályktun, að hækkunin kæmi rjettlátlega niður á nær öllum. En þetta er útúrsnúningur, því jeg lagði aðaláhersluna á það, að skatturinn mundi fæla þá mörgu, sem þess þurfa, frá að byggja, og það því fremur, sem það er aldrei hagur að því að byggja þegar alt er að lækka í verði.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sagði, að jeg væri samkvæmur sjálfum mjer um það, að vera á móti öllum tekjuaukafrumvörpum. Jeg hafði ekki búist við því úr því sæti, að farið væri með bein ósannindi. Það eru ýmsir skattar, sem jeg hefi viljað hækka, en það kann að vera, að *hann* hafi verið á móti þeim hækkunum allflestum. Þá má nefna frv. um hækkun á vitagjaldi, sem honum var nuddað til að bera fram, fyrir talsverða brýningu frá mjer.

Jeg stend við þau orð mín, að tekjur muni á næsta fjárhagstímabili verða 50% hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Um hitt hefir mjer verið ómögulegt að gera áætlanir, hve eyðslusamt þetta sparsemdarþing mundi reynast, er til kæmi. Jeg hefi að eins talað um, að tekjurnar mundu verða glæsilegar. En eyðslusemin getur gert út af við allar tekjur, hve miklar sem eru.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) lauk máli sínu á því, að hækkunin á húsaskattinum væri betri en ekki neitt, þó lítil væri. Með þessum orðum er pólitík hans rjett lýst. Hann kemur með svona óverulega tekjuauka, sem jafnframt eru ósanngjarnir, og því verri en ekki neitt, en skilur eftir stóra álögustofna, sem gætu borið mikla og rjettmæta skatta.

Það er engin von til, að þingmenn sjeu að koma með tekjuaukafrumvörp. Í skattamálunum á að vera samræmi, en það er hætt við, að það færi út um þúfur, ef þm. væru að tína tekjufrv. hver úr sínu horni, án þess að bera sig saman. Það ætti að vera meiri trygging fyrir samræminu þegar stjórnin kemur með tekjuaukafrumvörp, þó stundum vilji út af því bregða.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hv. þm. Ísaf. (M. T.) bar húsaskattinn saman við eignaskattinn. En húsaskatturinn þolir vel þennan samanburð, þó hækkaður verði. Hundraðsgjaldið verður samt lægra, og hefir staðið í stað, þó greitt sje af virðingarverði, sem er venjulega langt fyrir neðan sannvirði. T. d. er nýbúið að selja hús hjer í bænum á 63 þús. kr., sem virt er til brunabóta á tæp 12 þús. En eignaskatturinn fer hækkandi upp í 15%. Það er því öfugmæli, að mönnum sje „hegnt" fyrir að eiga hús, eins og komist hefir verið að orði. Það getur ekki heitið hegning, að menn greiði minni skatt af eignum sínum, ef þeir leggja þær í húsabyggingar, heldur en þeir legðu þær í eitthvað annað.

Jeg skal játa, að jeg man ekki til, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) hafi verið ánægður með nokkurn tekjuauka, sem afgreiddur hefir verið á þessu þingi eða komið fram, nema þetta lítilræði, sem hann vildi leggja á landbúnaðarafurðir, og samþ. var hjer í hv. deild. Og annað til, sem ekki má gleyma, þótt sá tekjuauki renni ekki í ríkissjóð. Hann var eindreginn fylgismaður hækkunarinnar á hundaskattinum. Þar var hann öflugur stuðningsmaður brtt. hv. 4. landsk.þm.(G.G.). Hann hefir haldið því fram, að fjárhagurinn sje svo glæsilegur, að meiri skatta þurfi ekki með. En nú virðist heldur einhver bilbugur á honum í því efni. Enda er það sannast, að þingið mun ekki í þetta skifti leggja svo mikla skatta á þjóðina, að það verði ekki nóg við þá að gera, því miður. Þess vegna er varhugavert að fella frv. það, sem nú liggur fyrir, enda er sú skattshækkun í fullkomnu samræmi við hækkanir á öðrum sköttum.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þegar jeg leit á dagskrána, bjóst jeg ekki við, að teljandi umræður yrðu um annað en það mál, sem nú er verið að ræða. Hv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir haft margt við frv. að athuga, en engar brtt. komið fram með, svo líklega mun það tilætlun hans að reyna að fella það. Það er svo langt frá því, að jeg geti fylgt honum þar að málum, að mjer finst þvert á móti of skamt farið í frv. Einhverjir hafa borið húsaskattinn saman við tekjuskattinn. En mjer væri næst að bera hann saman við ábúðarskattinn. Ábúðarskatturinn hvílir á allri landareign bóndans, eða öllum leiguliðaafnotum hans, en hjer í Reykjavík eru fjölda margar verðmætar lóðir óskattaðar. Ábúðarskatturinn hefir hækkað stórkostlega á síðustu árum, vegna hækkunarinnar á verðlagsskránni. Ofan á það er nú fram komið nýtt jarðamat, þó ekki hafi enn verið lögð á það síðasta hönd. En af því mun að öllum líkindum leiða mikil hækkun á ábúðarskattinum. Saman borið við ábúðarskattinn ætti því ekki að vera mikið á móti því að hækka húsaskattinn um helming. Það virðist svo, að menn sjeu að hneigjast meir og meir að því, að auka beinu skattana á föstu tekjustofnunum, og í þá stefnu fer þetta frv. Jeg býst því við, að flestir deildarmenn muni ljá því atkvæði.

Þar sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) er ekki viðstaddur, þá vildi jeg svara fyrir hann þeim ummælum hv. þm. Ísaf. (M. T.), að öll skattafrv. hans væru óverule g og munaði ekkert um þau. Hv. þm. Ísaf. fanst þó nóg um frumvörpin um toll af síldartunnum og um útflutningsgjald af síld, ekki alls fyrir löngu. Sami hv. þm. sagði, að það væri stjórnarinnar, en ekki þingsins, að koma fram með skattafrumvörp. En jeg vil spyrja hann: Hvar verður skyldan um að koma fram með tekjuaukafrv., þegar þingið hækkar útgjöldin um miljónir frá því, sem er í fjárlagafrv. stjórnarinnar?

Guðjón Guðlaugsson: Jeg kom með nokkrar athugasemdir við frv. við 1. umr., og jeg hefi ekki sannfærst enn um, að þær hafi ekki verið á rökum bygðar. Hinu er ekki hægt að gera við, þó einhverjir sjeu svo skilningsnaumir hjer í deildinni, að þeir skilji ekki mælt mál. Hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) skildi ekki muninn á því, hvort skattar eru reiknaðir af höfuðstól eða rentum. Gerum ráð fyrir, að tveir menn, A. og B., eigi 25 þús. kr. hvor um sig. Segjum, að A. byggi fyrir sína peninga; þá verður hann að greiða hundraðsgjald af allri fjárhæðinni. En segjum, að B. geymi sína peninga í sparisjóði; þá sleppur hann með að greiða hundraðsgjald af rentunni af höfuðstól sínum. Það er því ómótmælanlegt, að mönnum er hegnt fyrir að byggja hús yfir sig eða aðra. Þetta ætti að vera auðskilið hverju fermingarbarni. Hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) þarf ekki að lá mönnum, þó þeir taki ekki sem best eftir orðum hans, þegar hann reynist ekki skilningsbetri en þetta. Það virðist næst að halda, að hann skilji ekki aðra en sjálfa sig; hann er þá líka einn um það.

Það ætti þó að vera þyngst á metunum, að húseignir eru alls ekki frjálsar hjer í Reykjavík. Meðan húsaleigulögin gilda, ætti að vera óþarfi að auka á byrðar húseigenda í Reykjavík. Auk þess linnir ekki dýrtíðinni svo, að ekki fylgi verðfall á húseignum, og má gjarnan taka tillit til þess. Þó að húsaleiguskatturinn hafi kannske verið of lágur í upphafi, virðist óþarfi að hækka hann nú, meðan húsaleigulögin eru í gildi og verðfall á húsum er yfirvofandi.

Jeg hefi að vísu ekki komið með brtt. við frv., þó það kann ske hefði verið rjettara.

Jeg held, að landssjóð geti aldrei mun-

að mikið um þessa upphæð, því að minsta kosti í Reykjavík, þar sem mestu skiftir, eru flest hús í veðböndum, og mörg í fullkominni veðsetningu, og af þeim húsum er engan skatt að hafa.

Jeg skal eigi blanda mjer í deilur hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) og hv. þm. Ísaf. (M. T.) um fjárhagslegar horfur landsins, en jeg verð þó að taka fram, að mjer finst alls eigi sjálfsagður hlutur að bæta upp allan halla landssjóðs á einu og sama árinu, með sköttum og álögum, sem allar eru í molum og án alls samræmis. Þó að halli landssjóðs sje nú orðinn um 2 miljónir — og jeg játa fúslega, að hann er mikill — er jeg samt orðinn svo bjartsýnn og trúaður á, að atvinnuvegir landsins sjeu komnir í svo gott horf, að af því stafi engin stór hætta. Úr því við Löfum getað borið dýrtíðina um margra ára skeið, býst jeg við, að við getum borið þennan tekjuhalla. Jeg álít langtum heppilegra að taka skattinn í heild sinni þar, sem gjaldþol er fyrir, en að nuria þeim saman svona smátt og smátt. Landssjóðnum er ekki gagn að 20—30 þúsund króna tekjuauka, en hann getur orðið til að vekja óánægju og óhollan krit milli stjettanna.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi eigi heyrt allar umræðurnar um þetta mál, og því miður heyrði jeg eigi röksemdafærslu hv. 4. landsk. þm. (G. G.); en mjer skildist hann vera á móti frv.

Jeg hefi þegar tekið fram ástæðurnar fyrir þessu frv., og hefi því litlu við að bæta. Allir húsaeigendur hafa stórgrætt á þessum síðustu árum, húsin hafa stórhækkað í verði og leigan aukist að miklum mun. Það er öllum vitanlegt, að þeir, sem hafa eignast hús hjer í Reykjavík síðustu árin, hafa orðið fyrir stórhappi, svo þessi litli skattur virðist á engan hátt ósanngjarn.

Jeg heyri sagt, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) hafi ámælt stjórninni fyrir að koma eigi fram með verðhækkunarfrv. Að vísu mun enginn neita, að sá skattur sje fjettlátur, en það er — eins og hv. þm. (M. T.) ætti að vita — afarerfitt að finna rjetta leið, þannig að skatturinn komi eingöngu niður á þeim, sem grætt hafa á verðhækkuninni, en ekki á hinum, sem hafa orðið að kaupa húsin dýru verði. Jeg veit til, að í útlöndum hefir komið fram uppástunga um að haga skattaálagningunni eftir mismuninum á eignum manna fyrir og eftir stríðið, leggja sjerstakan skatt á gróðann á stríðsárunum; en þar er einnig við þann erfiðleika að stríða, að finna mismuninn á eignum manna þá og nú. Skattur sá, sem hjer er farið fram á, er svo lítill, að engum getur orðið verulegur bagi að honum.

Annars hygg jeg, eftir því sem jeg þekki hv. þm. Ísaf. (M. T.), bæði á þessu þingi og öðrum, að þá mundi hann alls eigi hafa greitt atkvæði með verðhækkunarskatti, heldur á móti honum.

Háttv. frsm. (G. Ó.) tók rjettilega fram, að hinn eini tekjuauki fyrir landssjóð, sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) hefði barist fyrir, hefði verið „halinn", því hundaskatturinn, sem hann að vísu barðist mjög hraustlega fyrir, rennur ekki í landssjóð. En mjer finst rangt að láta hann eigi njóta sannmælis í því, er hann hefir vel gert.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) heldur fram, að stjórnin hafi verið afardugleg að ná tekjum í landssjóð, hafi jafnvel náð altof miklu. Að gefnu tilefni skal eg geta þess, að þessi stjórn hefir, eins og sjálfsagt var, reynt á alla vegu að afla landssjóðnum tekna. Get jeg t. d. tekið stimpilgjaldið, sem mun nema 800 þús. til 1 miljón króna. Vona jeg, að stjórnin hafi gert skyldu sína í því efni. — Annars verð jeg að taka fram, að jeg hefi aldrei orðið var við, að háttv. þingmenn hafi stungið upp á neinni leið til að afla landssjóði tekna. — Jeg býst við að hv. þm. Ísaf. (M. T.) hafi reiðst, er jeg sagði honum að fara heim og læra betur.

En það var eigi annað en heilræði, sem jeg gaf honum, því það er hálfleiðinlegt að sjá þennan háttv. þm. altaf vera að beita vagni sínum móti síldarskattinum. Það getur hvort sem er aldrei orðið annað en neyðarvörn.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) var altaf að nudda á „smátekjum“; virtist hann ekki vera hræddur við að auka skuldir landssjóðs, jafnvel að miklum mun. En jeg hygg þó, að allir sjeu sammála um, að jafnframt og farið er inn á þá braut, verði þó að sjá fyrir vöxtum og einhverjum afborgunum af skuldunum. Fjárhagsástandið fer að verða ískyggilegt, ef á að greiða tekjuhallann með láni, sjerstaklega ef tekjuhallinn á fjárhagstímabilinu nú verður eins mikill og eftirstöðvarnar af gömlu skuldunum fyrir stríðið (um 2 miljónir).

Vextir og afborganir nema heldur ekki svo litlu, er skuldirnar frá síðasta fjárhagstímabili nema 3½ miljón króna, að frádregnum hagnaðinum af landsversluninni. Þar við bætist 2 miljóna halli fyrir stríðið, og á þessu ári nemur hallinn 1 miljón. Auk þess á að setja inn í fjárlögin 2 milj. lántöku til vega- og húsagerða. (*M. T.*: Eru fjárlögin til umræðu?). Það er rjett hjá hv. þm. Ísaf. (M. T.), að fjárlögin eru ekki til umræðu, en jeg gat ekki komist hjá að gefa dálítið yfirlit yfir fjárhaginn, enda hygg jeg, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) hafi gott af að heyra þessa lexíu, og það þó oftar væri.

Að endingu vil jeg taka fram, að jeg vonast til, að hv. deild felli ekki þetta frv.

Magnús Torfason: Jeg er satt að segja hissa á öllum þessum umræðum. Jeg hjelt mjer fast við efni frv. og fór ekki út í aðrar hugleiðingar. Jeg ljet mjer nægja að sýna, að til væri önnur hlið á málinu, en hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir heiðurinn af að hafa leitt vissa skepnu inn í herbúðirnar. (*S. E.*: Hún var þar áður). Jeg skal taka fram, út af ræðu hv. frsm. (G.Ó.), að það er alveg rjett, sem hv. 4 landsk.þm. (G.G.) sagði, að tekjuskattur er af vöxtunum, en húsaskatturafhöfuðstólnum. Þar með er sannað, að hv. frsm. (G. Ó.) hefir ekki haft hugmynd um, hvað hann var að tala, svo alt, sem hann hefir sagt, er þar með fallið um koll af sjálfu sjer.

Því hefir verið haldið fram, að jeg væri á móti sköttum. Jeg verð að lýsa yfir, að það eru hrein og bein ósannindi. Það er sagt, að fáir bæti meiru en helmingi við, en hæstv. ráðherrar báðir (S. E. og S. J.) og hv. frsm. (G. Ó.) eru í þeim flokkinum.

Jeg var með því að hækka tollagafrv., og sömuleiðis var jeg með bráðabirgðainnflutningsgjaldi á tunnum, en ekki á móti, eins og hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) sagði. Jeg kom ekki fram með nokkra brtt. um að minka salttollinn, vildi að eins dreifa honum á fleiri ár. Þá er eftir útflutningsgjaldið, og er rjett, að jeg lagði til, að það yrði rjettlátara. En jeg man ekki betur en að þar væri töluvert jafnt á komið. Það hafðist í gegn með 8 atkv. gegn 6.

Það er nú komið fram, að það er meiningin að leggja þetta þriggja króna gjald til grundvallar, svo það verði framtíðarskattur, og það var einmitt þess vegna, sem jeg er á móti því. Annars skil jeg vel, að um leið og á að lækka gjaldið á landbúnaðinum um ⅓, á að tvöfalda það í kaupstöðunum.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) talaði um verðhækkunartoll. Álasaði jeg honum ekki fyrir, að sá tollur er á kominn. Það hefði átt að leggja hann á þegar 1917, og þá var núverandi hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) ekki kominn í sessinn.

Jeg hefi tekið það fram áður, og jeg segi það enn, að jeg vil ekki láta leggja á tapið. Það verður að verja þá, sem altaf er lagst á. Mjer finst frekja að álasa þeim, sem

reyna að sporna á móti, að altaf sje níðst á einum atvinnuvegi. Það lítur út fyrir, að við „þorpararnir“ eigum að vera eins og lömb til slátrunar leidd, er eigi megi á neinn hátt kvarta undan meðferðinni.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) og hv. frsm. (G. Ó.) hafa allir sagt, að jeg hafi barist fyrir „hundunum“. Jeg hefi ekki talað eitt orð um hundaskattsmálið, og engin till. komið frá mjer því viðvíkjandi, nema til lækkunar. „Hundapólitíkin“ er því öll þeirra megin.

Svo jeg segi eitt orð um málið sjálft, skal jeg geta þess, að álögur á húsum, t. d. hjer í Reykjavík, eru orðnar gífurlega miklar. Jeg veit til, að af sumum húsum nema gjöldin þúsundum. Jeg áleit mjer skylt að skýra frá minni skoðun á þessu máli, með fram af því, að mjer finst ófært að halda áfram á þeirri skattbraut, sem við nú erum á.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hjelt, að hv. þm. Ísaf. (M.T.) mundi aðallega tala í þessu máli við 3. umr.; en ef þessi stutta athugasemd á að vera fyrirboði langrar ræðu, er eigi útlit fyrir, að málið taki stuttan tíma.

Það er nýtt fyrir mig að heyra, að það, sem jeg segi, sje meira en að helmingi ósatt. En jeg skrifa þau ummæli á reikning geðsmuna hv. þm. Ísaf. (M. T.), sem hann virðist ekki hafa sem best vald á í dag, og tek mjer þau alls ekki nærri.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) studdi ekki tollagafrumvarpið, og hann var beint á móti frv. um tunnutoll og útflutningsgjald af síld. Annars þarf jeg ekki að svara persónulegum árásum á mig. Dettur mjer ekki í hug að erfa við hann, þó honum hrykkju sterk orð af munni, og gengur því ljett að skoða þau sem dauð og ómerk.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) sagði, að jeg hefði ekki skilið, hvað jeg fór með, og hann ekki heldur. En þrátt fyrir það tekur hann að sjer að svara ræðu minni. Mjer virtist hann helst vilja halda því fram, að enginn skildi þetta mál nema hann. Enda er hv. 4. landsk. þm. (G. G.) vanur að halda sjer við það heygarðshornið.

Jeg tók víst meiningu mína ekki nógu greinilega fram fyrir þennan hv. þm. (G. G.).

Jeg gekk út frá, að það þyrfti ekki að segja honum, að eignaskatturinn er tekinn að eins af vöxtum höfuðstóls, en munurinn er þá líka sá, að eignaskatturinn getur orðið 15% af háum tekjum. Og mjer er sagt, að yfirleitt láti húseigendur hjer sjer ekki nægja minna en 12% í húsaleigu. Tal hv. þm. um það, að ef farið er út í þetta á annað borð, væri best að taka til meðferðar alla skattalöggjöfina, hefði átt betur við fyr, því að svo marga skatta er nú búið að hækka á þessu þingi, án þess að hann hafi hreyft þessari mótbáru.

Hv. þm. Ísaf. (M.T.) var eitthvað að tala um það, að tæpast væri við því að búast, að hann ljeti ekki til sín heyra, þegar ræða væri um skatt á sjávarútveginn. En mjer er þá spurn, hvort þm. heldur, að húseignir tilheyri sjerstaklega sjávarútveginum?

Þá var sami hv. þm. (M. T.) að tæpa á því með kurteisum orðum, eftir því sem um er að gera frá honum, að jeg og hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) mundum ekki hafa logið nema helmingnum. En það getur nú verið af því, að jeg á sæti í fjárhagsnefnd með þessum hv. þm. (M. T.), að jeg veit fult eins vel og aðrir, hvernig hann er inni við beinið í þessum skattamálum. Jeg veit t. d. ekki betur en að hann hafi verið andvígur síldartollinum, andvígur útflutningstollinum — og í einu orði sagt, andvígur flestum tollum.

Þá var hv. þm. eitthvað að tala um það, að hann hefði ekkert verið við riðinn hundapólitíkina. En ósatt er þetta, því hann hefir setið í nefnd, sem fjallað hefir

um málið og fylgt hv. 4. landsk. þm. (G. G.) í því að hækka hundaskattinn.

Svo að hv. þm. Ísaf. (M. T.) er því áreiðanlega kominn í hundana, engu síður en aðrir.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins gera örstutta athugasemd út af ummælum hv. þm. Ísaf. (M. T.). En jeg get tekið undir með embættisbróður mínum, að jeg fyrirgef honum þau miður sæmilegu orð, sem hann ljet falla í minn garð. (*M. T.*: Þau voru og eru söm). Það er líka alveg rjett og alkunnugt, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir verið blendinn í tollmálunum, og þó að hann hafi ekki ætíð verið beinlínis á móti, þá er mjer persónulega kunnugt um, að í sál hans hefir ekki sjaldan staðið hörð barátta um það, hvort hann ætti að segja já eða nei. Svo var um tóbakið, svo var um saltið og svo er um bifreiðaskattinn. Þar skrifaði hann undir með fyrirvara. En menn eru nú farnir að þekkja það, hvað fyrirvari þýðir hjá þessum hv. þm.

Annars finst mjer óþarfi af þessum hv. þm. (M. T.) að reiðast af því, þó menn vilji finna honum eitthvað til málsbóta, eins og jeg t. d. seinast. Þó að jeg finni að því, sem aflaga fer hjá honum, eins og skylda mín er, þá er sjálfsagt að hrósa því, sem vel er gert hjá þessum hv. þm. (M. T.).

Forseti: Jeg vil vekja athygli háttv. deildarmanna á því, að hjer er til umræðu húsaskattur, en ekki hv. þm. Ísaf. (M. T.).

Guðjón Guðlaugsson: Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) virtist vilja leggja áherslu á það í þessu sambandi, að það væri gróðavegur að eiga hús, því menn græddu á húsaleigunni. Jeg hefi engar sannanir heyrt færðar fyrir þessu — og er ekki heldur við því búinn að sanna hið gagnstæða með ákveðnum tölum. En jeg er þó viss um, að ekki er mikið hæft í þessu. Fyrst og fremst ákveður húsaleiganefndin leiguna og gerir það ekki mjög hátt, og svo hafa komið ýmsir skattar og stór útgjöld á síðustu árum, sem hafa ekki verið tekin með í reikninginn. Þá má nefna brunabótagjald, en ekki þarf að borga það af peningum í sparisjóði, svo ekki nær samanburður hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) þangað. Enn má nefna vatnsskattinn og annan tiltölulega nýjan skatt, öskuskattinn, og ekki er hann minstur. Jeg hefi t. d. nýlega talað við mann, sem leigir öðrum manni íbúð fyrir 90 kr. á mánuði, en verður að borga 111 kr. í öskuskatt, og er eldstóin þó engin, því alt er soðið á prímus. Síðast má nefna salernahreinsun, sem auðvitað er ekki gefin, þó hún geti verið nauðsynleg. Þegar menn tala því um það, að hús sjeu leigð með 12% gróða, og miða það við 4% af peningum, þá er það fjarstæða, sem engum er samboðið að flytja í Ed., nema 2. þm. Húnv. (G. Ó.). Í fyrsta lagi mun „ágóðinn" alls ekki vera 12%, og í öðru lagi væri þá hjer að ræða um bráttótekjur, sem mörg önnur útgjöld hvíla á, eins og jeg taldi áðan, ekki síst þegar reiknað er með sæmilegt viðhald.

Að öðru leyti er ekki vert að taka til bæna það, sem hv. frsm. (G. Ó.) sagði. Það, sem aðallega einkennir hans ræður, er þetta ljómandi og ánægjulega bros, sem skín út úr hverjum drætti í andlitinu á honum, þegar hann hlustar á sjálfan sig. En þó er hætt við, að brosið hverfi, ef hann getur lesið drættina í andliti áheyrendanna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 : 2 atkv.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. P., G. Ó., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., K. D., S. E., S. J.
nei: G. G., M. K., M. T., S. F., G. B.

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 6. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 577).

Magnús Torfason: Eins og hv. þingdeildarmenn hafa tekið eftir, er komið fram tekjuaukafrv., sem öllu meira munar um en þau tekjuaukafrv., sem nú liggja fyrir deildinni, að frv. um vitagjald undanteknu, sem nefndin leggur til að verði samþykt óbreytt. Sakir þess að mjer hefir skilist, að von sje á fleirum tekjuaukafrumvörpum innan skamms — og komi þau ekki frá stjórninni, mun jeg og aðrir þm. bera þau fram — þá virðist mjer rjettara, að frv. til laga um breyting á lögum um húsaskatt verði ekki afgreitt nú þegar, heldur geymt, þar til hægt er að fá betra yfirlit yfir tekjuauka, sem fram verða bornir á þessu þingi.

Fjármálaráðherra (S. E.): Þó það sje tilætlun stjórnarinnar að bera fram fleiri tekjuaukafrv. en fram eru komin, þá er langt frá því ástæða til að tefja nokkuð fyrir þessu máli. Ekki mun af veita tekjunum, þó sumum ofbjóði, hvað miklar þær eru.

Forseti: Þar sem tilmæli hafa komið frá hv. formanni fjárhagsnefndar um, að málinu verði frestað, og þar sem mjer er kunnugt um, að fleiri tekjuaukafrv. munu verða fram borin, þykir mjer tilhlýðilegt að verða við áskorun hans um að taka málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. sept., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 577).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það hefir verið svo rækilega talað um þetta frv. hjer í háttv. deild, að jeg sje enga þörf á að bæta neinu við það, og það þeim mun síður, þar sem engin brtt. hefir verið borin fram við frv. Jeg vænti því, að hv. deild samþykki það.

Magnús Torfason: Það urðu eftirminnilegar umræður um þetta frv. hjer síðast; þessar umræður um þetta skattaörverpi stjórnarinnar voru með öllu ástæðulausar frá minni hálfu; jeg hafði ekki bekst til við nokkurn mann, en hjelt mjer við efni málsins. Sá, sem á sökina á því, er hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), og hann hjelt þar áfram sínum upptekna hætti, að vega að þm. dauðum. En sjerstaklega voru þessar umræður eftirminnilegar frá hálfu fjármálaráðh. (S. E.), því þær voru algert brot á þeirri þingvenju, er ráðherrar vorir hafa farið eftir hingað til. Við þm. höfum haft frið fyrir ráðherrum landsins, ef við höfum ekki bekst til við þá, en hjer hóf hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) persónuleg brigsl til mín og á þá stefnu, er jeg hefi fylgt í fjármálum, og vildi stimpla mig sem einhvern fjármáladjöful, og þá, sem annari stefnu fylgja, sem fjármálaengla, og hlýtur þá hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sjálfur að vera erkiengillinn. Þá var það og nýtt að heyra borin fram hrein og bein ósannindi úr ráðherrastól. Jeg skal ekki segja um það, hvort það hefir verið viljandi eða óviljandi, því hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) er eitt af þjóðskáldum vorum.

Skal jeg nú færa orðum mínum stað.

Hann (S. E.) sagði, að jeg hefði verið á móti öllum tollum nema hundaskattinum.

Skal jeg nú rekja það mál nánar.

Tollagafrv. hækkaði fjárhagsnefndin hjer, og átti jeg góðan þátt í því.

Að því er snertir útflutningsgjaldið, þá er hjer eitt satt, að jeg vildi lækka einn lið, en jeg bætti líka 9 liðum við,og sneið af frv. ýmsar hringavitleysur, sem í því voru hjá hv. Nd.

Hins vegar reyndi jeg ekkert til að lækka salttollinn og talaði ekki orð um síldartunnutollinn.

Þetta er þá afstaða mín til aðalskattafrv. sem fram hafa komið, og geta menn af þessu sjeð, hvað jeg hefi verið óleiðitamur í hækkununum. En fyrst hæstv fjármálaráðh. (S. E.) hefir álpast út á þessa braut, er ekki úr vegi að athuga lítillega framkomu sjálfs hans í þessum málum. Fyrst má þá minna á það, að ekki var honum mikið um „halann", í öðru lagi vildi hann lækka suðusprittstollinn (*Fjármálaráðherra* skellihlær), og í þriðja lagi vildi hann draga úr tóbakstollinum. (*Fjármálaráðherra*: Jeg?). Já, með því að færa niður tollgjaldið af vindlagerðinni. Af þessu geta menn því sjeð, að sjálf hágöfgin hefir ekki verið gallhörð í öllum hækkununum.

Þá gerði hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) enn þá einu sinni mesta veður út af hundapólitíkinni. Þar átti jeg að hafa verið með hækkun, þvert ofan í sjálfan mig. Þessi skattur var 50 kr. þegar frv. kom frá Nd., en jeg kom með till., og bjó hana til sjálfur, um að hafa hann 10 kr. á sumum hundum. Þetta er því alveg öfugt við ráðherrasannleikann. Jeg hefi einmitt lækkað þennan toll og verið þar stefnu minni samkvæmur. Þá komum við að skattkálfunum fimm. Það var jeg, sem ýtti undir hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) með vitagjaldsfrv., og það var jeg, sem kom með frv. um hækkun afgreiðslugjaldsins. En tekjurnar, sem bæði þessi frv. gefa, verða um 300 þús. kr. Hins vegar var mjer ekki um það, að stjórnin bar fram frv. um bifreiðaskatt, (*Fjármálaráðherra*: Það er ekki frá stjórninni), og ekki var mjer um frv. hennar um húsaskatt. (*Fjármálaráðherra*: Heldur ekki frá mjer). Nú, kann ske fjármálaráðherra vilji þá heldur ekki gangast við lestagjaldskróganum. (*Fjármálaráðherra*: Nei). Jæja, það er ekki mitt að ábyrgjast,hvað svo háttsettur maður vill sverja fyrir. Myrkramakkið hefir verið svo mikið milli hæstv. ráðherra og fjárhagsnefndar Nd., að það er ekki gott að segja, undan hvaða rifjum hvert er runnið. En svo mikið er víst, að hæstv. ráðherra hefir tekið þessi afkvæmi að sjer sem sína eigin eign.

Að því er við kemur því í ræðum hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), sem snerti efnið sjálft, man jeg ekki eftir öðru en því, að menn ættu að geta bygt hús í Reykjavík með ágóða. Jeg hefi spurt kunnuga menn um þetta, og þeir segja þetta fjarri lagi, þar sem húsaleigulögin nái líka yfir allar nýbyggingar.

Í öðrum kaupstöðum, utan Reykjavíkur, er nú ekkert bygt, nema það, sem bæjarfjelögin sjálf láta gera. Alt þetta virðist mjer benda á, að ekki hafi hæstv. fjármálaráðh. farið alveg rjett með þetta atriði.

En að því er snertir skatt þennan yfirleitt, skal jeg minna á það, að 1877 var húsaskatturinn miðaður við eignaskattinn, en ekki við ábúðarskattinn, og verður þá alt annars eðlis. Þá mega menn einnig muna eftir því, að til er nokkuð, sem heitir fyrning. Og það er ekki siður að virða upp hús fyrir fyrningu, og sjálfur hefi jeg selt hús langt undir húsaskattsverðinu. Úti um land hafa hús víða ekki staðið í því verði, sem þau voru bygð fyrir. Ef maður hefir orðið að flytjast burtu, hefir hann oft orðið að selja hús sitt til rifs. Sömuleiðis hafa embættismenn, sem neyðst hafa til að byggja, oft stórtapað á því, og það svo, að bú þeirra hafa orðið gjaldþrota þess vegna. Húsin virðast því ekki vera sjerlega ábyggilegar eignir. Það er líka vitanlegt,að sumir, sem áttu hús fyrir stríðið, hafa ekki grætt,

síður en svo. Alt þetta gerir það að verkum, að skattur þessi getur ekki orðið rjettlátur nema á örfáum mönnum.

Það hefir verið sagt, að koma ætti á jöfnuði í samanburði við ábúðarskattinn. En menn verða þá að minnast þess um leið, að ábúðarskattinn átti að hækka til að jafna skakkann milli atvinnuveganna. En sú hækkun hefir reyndar aldrei komið fram. En það væri svo sem ekki ósvipað „stjettajöfnuði" hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), að auka svona drápsklyfjarnar á bæjalýðnum til að vega upp á móti fjöðrinni, sem lögð var á landbúnaðinn.

Þar sem hjer er að eins um að ræða einar 25 þús. kr., sje jeg, að öllu þessu athuguðu, ekki ástæðu til að samþykkja frv.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg slapp svo vel út úr eldhúsdeginum í hv. Nd., að jeg þurfti enga ræðu að halda. Hv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir viljað bæta mjer þetta upp með því að halda ofurlítinn eldhúsdag í þessari hv. deild. Jeg skal nú játa það, að hin eilífa kyrð á ekki svo vel við mig, að jeg taki mjer það nærri, þó smá-stormkippir dreifi mollunni dálítið.

Háttv. þm. (M. T.) kvartaði um það, að jeg hefði ráðist á sig dauðan. En þetta er nú eiginlega þingskapanna sök, því samkvæmt þeim er jeg ódauðlegur, en háttv. þm. Ísaf. (M. T.) dauðlegur. Með ánægju hefði jeg gefið þm. orðið aftur, ef jeg hefði ráðið. En meira hygg jeg að háttv. þm. (M. T.) græði á því að vera dauður heldur en lifandi í þessu máli.

Hv. þm. (M. T.) kvartaði um það, að hann hefði ekki frið fyrir ráðherranum. Ef hann á við þann frið, að fá sjálfur að skjóta örvum að mjer, án þess að þeim sje skotið aftur að honum, þá má hann ekki búast við friði frá mjer. Því svo er sá málstaður, er jeg ver hjer, að síst hefi jeg ástæðu til þess að sýna þingmanninum meiri þolinmæði en jeg hefi gert.

Hv. þm. (M. T.) sagði sömuleiðis, að jeg hefði farið með ósannindi um sig og persónuleg brigsl. Jeg hefi verið að reyna að grafa það upp, hvað hann átti við, en ekki fundið neitt. Væri fróðlegt að heyra hver ósannindin eru, sem jeg hefi farið með í garð þm.

Þá þykir mjer það mjög gleðilegt að heyra það frá slíkum manni sem hv þm. Ísaf. (M.T.), að jeg skuli vera orðinn þjóðskáld. Ummæli manns, sem svo gott vit hefir á skáldskap, eru mjer ærin viðurkenning, þó skáldalaun fylgi ekki með.

Hvað sem líður öllum þeim umbúðum, sem hv. þm. (M. T.) vefur ummæli mín í, var kjarni þeirra sá, að hann hefði verið yfirleitt mjög óþjáll í skattamálum á þessu þingi. Þessu þýðir ekki að neita, því auk okkar beggja eiga tólf sómamenn sæti í þessari hv. deild, og þeir vita allir, að jeg segi satt. Jeg held þess vegna, að það væri best fyrir hv. þm. Ísaf. (M. T.), sjálfs sín vegna, að taka aftur þessi ummæli sín. Hann játaði sjálfur, að hann hefði ætlað að draga suma liði út úr frv. um útflutningsgjald, hann ætlar að bana húsaskattslögunum og hann var á móti bifreiðaskattinum,móti síldartollinum og vildi að minsta kosti draga mjög úr salttollinum, og móti nálega öllu yfirleitt. Og svo má ekki segja, að hann hafi verið örðugur í skattamálunum.

Þessi háttv. þm. vildi tileinka sjer vitagjaldið. Ef hann vill hafa ánægju af þessu, og getur liðið eitthvað betur fyrir það á kvöldin, þá skal jeg ekki ræna hann ánægjunni. Það væri synd. En geta má þess þó, að jeg var farinn að ræða mál þetta við vitamálastjóra áður en þing kom saman, og væri hægt að færa full rök að því.

Þá sagði hv. þm. (M. T.), að jeg sjálfur hefði verið tregur til að fylgja ýmsum tekjuaukum,og nefndi til suðuspritttollinn.

Það var satt, að mjer þótti hann koma hart niður á fátæklingum, og fjekk hann ækkaðan. Annars veður hv. þm. Ísaf. (M. T.) reyk í þessu, eins og svo mörgu öðru, því öllum er kunnugt um, hvað mikla áherslu jeg hefi lagt á að auka tekjur landssjóðs og hvað oft jeg hefi gert grein fyrir hinni brýnu nauðsyn, sem á því er.

Það, sem vakið hefir aðallega þennan storm í sálu hv. þm. Ísaf. (M. T.), eru ummæli mín um hundaskattspólitík hans. Og merkilegt er það, því jeg skildi svo afstöðu hans þar, að mjer væri óhætt að lofa hana, og gerði jeg það mjög fúslega; það var hálmstráið, sem jeg rjetti háttv. þm., en nú ýtir hann því líka frá sjer, með því að kannast ekki við framkomu sína þar.

Eftir eldhúsdagsræðuna kom hv. þm. (M. T.) að frv., sem hjer liggur fyrir. Það er ekki nema mannlegt, að hann gerði lítið úr röksemdum mínum, en öllum öðrum en hv. þingmanni ættu þær að nægja.

Jeg tók fram, að gömlu húseigendurnir þyldu þennan skatt allra manna best, þar sem svo mikil verðhækkun hefði orðið á eignum þeirra, er þeir yrðu mjög mikið varir við, ef þeir leigðu öðrum, en einnig þó þeir byggju sjálfir í húsum sínum, þar sem húsaleiga þeirra væri miðuð við ástandið á undan stríðinu. Að því er aftur þá snerti, sem bygðu nú, þá væru þeir nú mjög fáir, en ef þeir bygðu til að leigja, þá væri húsaleigan svo há, að þeir þyldu skattinn, þó hann auðvitað kæmi ver niður á þá, en aldrei yrði náð fullkomnu rjettlæti í nokkurri skattalöggjöf; annars væri þessi skattur svo lágr, að hann kæmi ekki hart niður á neinum. Hefi jeg ekki ástæðu til að útmála þetta frekar en jeg gerði við 2. umr.

Þá mintist þingmaðurinn á ábúðarskattinn. Hann hvílir nú í friði hjá nefnd í Nd., og er það ekki mín sök.

Það liggja órækar sannanir fyrir því, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir reynst mjög örðugur í skattamálunum á þessu þingi. Hvert orð er satt, sem jeg hefi um það sagt, sem og hv. deild er kunnugt, og mig furðar ekki á því, þó hv. þm. (M. T.) iðrist eftir framkomuna, en hinu furðar mig á, að hann skuli afneita henni. Jeg hefði gaman af að heyra þau „persónulegheit", sem jeg hafi átt að viðhafa í hans garð. Hann hefir enn ekki bent á þau, og er það af þeirri einföldu ástæðu, að hann getur það ekki.

Magnús Torfason: Eins og menn muna, var það hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), sem gerði þetta 25 þús. króna frv. að fjárlagafrv. Hann hefir 70 sinnum 7 sinnum sagt, að þingið verði að fara „ósköp varlega", og talað háum tónum um þá ábyrgð, sem hvíldi á þeim, sem væru á móti þessum hans mikla tekjugetnaði, þeir væru óþjóðhollari og verri þm. en hann o. s. frv. (*Fjármálaráðh.*: Hve nær hefi jeg notað þessi orð?). Jeg hefi ekki tilfært orð hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) og þykist ekki skyldur að muna orðrjett það, sem hann segir. En meiningin var þessi. Hann tók svo til að gefa mjer föðurlegar áminningar og bendingar, og gerði lítið úr mjer. Jeg hafði ekki nefnt hann sjálfan á nafn í minni ræðu, og hefði honum verið jafngott að halda sjer við efnið. En það er nú sem fyr, að það er ekki hægt að hafa hendur í hári hæstv. fjármálaráðherra (S. E.). Hann smýgur frá öllu, sem hann hefir sagt, með sinni dæmalausu ónákvæmni. Maðurinn er ekki sjálfráður að þessu; það er vegna þess, að hann er skáld. Jeg vil þó gefa honum bendingu um að verða ekki of upp með sjer af þessum dómi mínum. Jeg hefi altaf viðurkent það og játa það enn, að jeg hefi svo dæmalaust lítið vit á skáldskap.

Hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) hefði verið betra að halda sjer fyrir utan þessa deilu. Hann, sem jeg hefi aldrei sagt öfugt orð um, fór að skjóta örvum að mjer, maður, sem þingið hefir sýnt óendanlegt um-

burðarlyndi og jafnan hlíft fyrir aldurs sakir. Honum hefði verið sæmra að vera ekki að kasta grjóti úr sínu þunna glerhúsi.

Jeg get slegið því föstu, að hæstv. fjármálaráðherra hefir ekki getið neitað því að jeg hefi verið fylgjand. stærri tekjuaukum, að síldartollinum undanteknum. (*Fjármálaráðh.*: Hvar hefi jeg játað það?) En um síldartollinn má geta þess, að það var einstakur þm. hjer í deildinni, sem bjargaði töluverðum peningum fyrir þetta ár handa ríkissjóði. Það hafði hæstv. fjármálaráðherra ekki fundið upp hjá sjálfum sjer, þó honum hefði staðið það næst.

Hæstv. fjármálaráðherra segir, að jeg hafi verið örðugur í skattamálunum. Jeg hefi þó bent honum á nýjan skattauka, sem mikið mun muna um. (*Fjármálaráðh.*: Hvað er það?). Jeg vil ekki fleipra því í deildinni, þar sem það er enn ekki komið fram. En tilkynt hefir hann hjer í deildinni nýjan skattauka, og munu allir deildarmenn vita, við hvað jeg á.

Um vitagjaldið vil jeg að eins segja það, að hafi hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) haft það gjald í huga fyrir þing, þá hefir meðgöngutími hans verið lengri en í meðallagi.

Þar sem jeg mintist á, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir verið fylgjandi lækkun á sköttum frá því, sem verið hefir í frv., sem fram hafa komið, þá var það gert til að sýna honum sjálfum fram á, að það þarf ekki að vera nein minkun að því, að geta ekki fylgt öllum skattaálögum, sem einhverjum og einhverjum kann að detta í hug. Jeg skal viðurkenna, að það var upphaflega mín tillaga að hafa 2 kr. skatt á suðuspritti, sem og var samþykt. Að því er „halanum" viðkemur, þá barði jeg hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) til að greiða honum atkvæði.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) þarf ekki að vorkenna mjer. Mín aðstaða er góð, og þar sem mjer er sjerstaklega vel við ráðherrann persónulega, vildi jeg óska, að hans afstaða væri ekki verri.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. þm. Ísaf. (M. T.) á erfitt með að staðfesta brigsl sín í minn garð. Hann gat ekki bent á eitt einasta óvirðingarorð, sem jeg hafi viðhaft í hans garð. Hann segir, að ekki sje hægt að hafa hendur í hári mínu. Það er alveg rjett, því jeg hefi ekkert sagt af því, sem hann langar nú svo innilega til að jeg hefði sagt. Hann bar mjer á brýn, að jeg hefði gert lítið úr sjer, en þeirri ásökun hefði hann átt að beina að sjálfum sjer, fyrst hann getur ekki fundið digurmælum sínum stað. Það er svo langt frá því, að jeg hafi áreitt hv. þm. Ísaf. (M. T.) að fyrra bragði. Hann hefir þvert á móti oft skotið örvum að mjer, sem stundum hafa snúist í lofti gegn honum sjálfum.

Hv. þm. (M. T.) er með dylgjur um það, að hann hafi gefið mjer bendingu um nýjan tekjustofn, en vill ekki segja, við hvað hann á. Jeg man ekki eftir neinu slíku. Það er að vísu satt, að nýtt skattafrumvarp er nú á leiðinni, en jeg hefi altaf gengið út frá, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) verði á móti því, eins og öðrum stórum tekjuaukum. Hv. þm. kallaði aðstöðu sína góða, og óskaði mjer jafngóðrar samvisku. Ekki get jeg tekið undir þá ósk, því mjer leikur grunur á, að samviska hans muni vera nokkuð mórauð eftir framkomu hans í skattamálunum á þessu þingi.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það væri ekki gott fyrir ókunnugan, sem hingað kæmi, að geta upp á því, að hjer færu fram umræður um húsaskatt.

Fyrstur tók til máls hv. þm. Ísaf. (M. T.), að því er virtist mest til að verja framkomu sína í skattamálum yfirleitt. Hann byrjaði á að þakka sjer vitagjaldsfrumvarpið og aukatekjufrv. En jeg býst

við, að það frv. gefi síst meiri tekjur en lestagjaldsfrv., sem það á að koma í staðinn fyrir.

Þótt húsaleigulögin sjeu ófrjálsleg, þekki jeg ekki til, að menn geti ekki leigt hús sín fyrir fulla leigu þeirra vegna. Sú ástæða, að frv. um ábúðarskatt hafi lagst fyrir til svefns í hv. Nd., kemur ekki hjer til greina, því sá skattur hefir hækkað, af því hann er reiknaður í álnum og þær greiddar eftir verðlagsskrám, er hafa hækkað, en svo er því ekki farið um húsaskattinn; hann er ákveðinn í krónum og hefir því ekki fylgst með verðhækkuninni.

Viðvíkjandi því, er hæstv. fjármálaráðh. sagði um hundaskattinn, skal jeg taka það fram, að það, sem hann hafði eftir mjer, var alt rjett, því jeg skýrði rjett frá, svo hann hafði enga ástæðu til að taka neitt aftur af ummælum sínum um hann.

Magnús Torfason: Þar sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir skýrt frá því, að hann ætli að leggja fleiri fjáraukafrv. fyrir þingið, þá vildi jeg óska þess, að frv. þetta væri tekið út af dagskrá og atkvæðagreiðslunni frestað, þar til þau koma fram.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sje enga ástæðu til þessarar frestunar, því ríkissjóði er þörf miklu meiri tekna en frv. þessi gera ráð fyrir.

Halldór Steinsson: Fyrir hönd meiri hluta fjárhagsnefndar óska jeg þess, að atkvæðagreiðslan fari fram nú þegar.

Forseti: Þar sem ágreiningur hefir risið um, hvort rjett sje að fresta atkvæðagreiðslunni eður eigi, tel jeg rjettast að bera það undir hv. deildarmenn.

Till. þm. Ísaf. (M. T.) um að fresta atkvgr. um málið feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., K. D., M. K., M. T., G. G., G. B.

nei: G. Ó., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. E., S. J., S. F., E. P.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 : 6 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

50. Vitagjald.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á 1. gr. laga um vitagjald, frá 11. júlí 1911 (A. 512).

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29 ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Eins og tekið er fram í greinargerðinni, er frv. þetta flutt eftir tilmælum stjórnarinnar. Annars hefir það ekki neina þýðingu að ræða málið mikið, því að það verður að teljast sanngjarnt, að vitagjaldið sje hækkað. Jeg vil láta þess getið, að á þessa hækkun má ekki líta sem skatt, heldur tillag til vitabyggingar eða vaxtagreiðslu af fje, sem varið er til vita. Nú eru sífelt á ferðinni kröfur um fjölgun vita, og er því sanngjarnt, að um leið sje vitagjaldið hækkað ofurlítið frá því, sem það er nú.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal geta þess, að árið 1912 var vitagjaldið 55 þús. kr., 1913 : 60 þús., 1914 : 62 þús., 1915 : 48 þús., 1916 : 44 þús., 1917 : 22 þús. og 1918 : 33 þús. kr.

Hins vegar má benda á það, að í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar er gert ráð fyrir, að 278 þús. verði varið til vitamála. Þar af 172 til þess að reisa nýja vita,

og um 100 þús. fara því til vitarekstrar. Það er því full þörf á að auka tekjurnar af vitunum, eigi síst vegna þess, að gert er ráð fyrir, að varið verði meira fje til vitabygginga en stjórnin hafði talið nauðsynlegt. Og þjóð, sem ætlar sjer að verða siglingaþjóð, verður að hafa vitakerfi sitt í sem bestu lagi. En á það vantar mikið hjá oss.

Jeg vona því, að hv. deild taki frv. vel, því að aðalmark þess er, eins og hv. frsm. (S. S.) tók fram, að bæta úr vitaþörfinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj atkv.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 512).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1.—3. gr. samþ. með 14 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj atkv.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 512).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., fimtudaginn 4 sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á 1. gr. laga um vitagjald, frá 11. júlí 1911, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 663).

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 5. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Frv. þetta hefir fjárhagsnefnd Nd. flutt, eftir áskorun stjórnarinnar. Tilgangurinn er að hækka vitagjöldin til að fá meira fje til vitabygginga. Á næsta fjárhagstímabili mun eigi ganga til vitamála minna en 150 þús. kr. á ári, að rekstrarkostnaði meðtöldum. Jeg hygg, að vitagjald hafi komkomist hæst upp í ca. 60 þús. kr., en þá var hækkunin frá 1917 ekki komin í gildi. Seinni árin hefir vitagjaldið verið mjög lágt vegna siglingateppunnar. Árið sem leið var það um 30 þús. kr., að því er mig minnir. Hækkunin úr 40 aur. af smálest upp í 1 kr. er að vísu nokkuð mikil, en skarar þó ekki langt fram úr vitagjaldi annarsstaðar. Annarsstaðar á Norðurlöndum er gjaldið ekki eins hátt af útlendum skipum, en af innlendum skipum er það kr. 1.50 af smálest. Annarsstaðar er gjaldið af útlendum skipum venjulega greitt tvisvar, þegar þau koma og fara, en það gildir einu, hvort höfð er sú regla, eða að alt sje greitt í einu, eins og til er ætlast í þessu frv. Jeg vona, að hv. deild taki þessu frv. vel, þar sem markmiðið er að greiða fyrir byggingum nýrra vita.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 9. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 663, n. 700)

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Halldór Steinsson): Frv. þetta fer fram á talsverða hækkun á vitagjaldinu. Eins og kunnugt er, var það hækkað 1917 úr 25 aur. upp í 40 aur., og nú er það í frv. hækkað úr 40 aur. upp í 1 kr., og ætlast til, að tiltölulega sama hækkun verði á skemtiskipum og fiskiskipum. Þetta er talsverð hækkun, einkum þegar litið er á það, að skipagöngur verða miklu tíðari nú eftir stríðið en þær hafa verið hin síðari ár. Undanfarið hafa tekjurnar á þessum tekjulið numið litlu, og í fjárlögunum nú eru þær áætlaðar 50 þús. kr., en það er enginn vafi á því, að ef frv. verður samþykt, verða þær mikið meiri en áætlað er, eða yfir 100 þús. kr.

Það hafa verið farnar ýmsar leiðir hjer á þinginu nú til að afla landssjóði tekna, og hafa flestar þeirra verið samþyktar: þó hafa þær verið allmisjafnar, en þessi leið er einna sanngjörnust þeirra, og því leggur fjárhagsnefndin til, að það verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 11. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 663).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 780).

---

51. Akfærir sýslu- og hreppavegir.

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi (A. 173).

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg hefi leyft mjer, ásamt hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), að bera fram frv. þetta. Hjer er ekki um nýmæli að ræða, því að þingið hefir áður sett heimildarlög á ýmsum sviðum, og með því viðurkent, að þau geti verið nauðsynleg og rjettmæt. Reynslan hefir og sýnt, að slík lög eru yfirleitt ekki varúðarverð, og naumast mun þurfa að óttast, að þessi heimildarlög komi ranglátlega niður, þótt hjer sje farið inn á nýtt svið.

Það má heita lífsskilyrði fyrir landið, ekki síst fyrir landbúnaðinn, að vegagerð um sveitirnar gangi sem greiðlegast. En það vantar mikið á, að svo sje.

Ríkissjóður hefir í mörg horn að líta, og hefir hingað til ekki getað lagt fram nægilegt fje til hraðfara vegabóta. Sýsluvegasjóðir eru þess ekki heldur megnugir, eins og högum er nú háttað. Þetta frv. er komið fram til þess að ljetta undir fyrir mönnum með að hrinda fram vegagerðum í sveitum, þar sem menn vilja leggja á sig aukagjöld, til að flýta fyrir þeim. Það er gert til þess, að einstakir menn, sem vilja hliðra sjer hjá að leggja fram fje til þeirra vegagerða, sem mikill meiri hluti

manna í bygðarlaginu vill leggja út í og telur nauðsynlegar og arðvænlegar, geti ekki orðið þar þrándar í götu, eða skotið sjer undan tillagi til vegagerða, sem líklegt er að þeir hafi þó eigi síður gagn af en hinir, sem vegagerðina kosta. Þessi ákvæði geta varla orðið varúðarverð, eins og um 'er búið í frv. Það er gert ráð fyrir, að samþyktir um vegalagningar þær, sem frv. ræðir um, sjeu bornar undir vegamálastjórn landsins, og með því það er hún, sem á að afmarka alt vegakerfi landsins og hafa glögt yfirlit yfir það, þá má vænta þess, að einstökum sveitum leyfist ekki að efna til vanhugsaðrar vegagerðar eftir þessum lögum, heldur muni stjórnin grípa í taumana og synja samþykt um slíka vegagerð staðfestingar.

Jeg legg til, að frv. þessu sje að loknum umræðum vísað til samgöngumálanefndar.

Að endingu skal jeg geta þess, að jeg hefi borið málið undir vegamálastjórann, og virtist honum hjer vera stigið spor í rjetta átt.

Fjetur Þórðarson: Það gleður mig, að frv. þetta er fram komið, og vildi jeg sjerstaklega mæla með því. En það var eitt atriði, sem jeg hefði gjarnan viljað skjóta til nefndar þeirrar, er væntanlega fær málið til meðferðar. Það er, hvort ekki mætti ráða einhverja bót á því, sem talað er um í frv., að óskir, er koma fram um það að fá gerðar samþyktir fyrir sýslu, eða einhverja hluta hennar, skuli teknar til greina, eftir að fengið er álit og tillögur vegamálastjóra. Jeg vildi skjóta því til væntanlegrar nefndar, hvort ekki sje hægt að gera einhverjar ráðstafanir til tryggingar því, að þetta álit og tillögur vegamálastjóra komi ekki of seint. Það hefir stundum gengið hægt að fá það. Jeg veit um það, að í Mýrasýslu hefir verið óskað slíks álits um vissa vegagerð í samfleytt 5 ár. Síðastliðið haust fjekst skoðun vegarstæða að nokkru leyti, en var þá af svo skornum skamti, að ekki varð fult gagn að. Situr það því enn óútkljáð, og mun verða að hefja nýja atlögu til að fá þetta álit og tillögur vegamálastjóra. Það er vitanlegt, að vegamálastjóri er svo önnum kafinn og hefir ónóga aðstoð í sínu umfangsmikla starfi, svo að hjer virðist til of mikils mælst. Það, sem jeg vildi því að nefndin yfirvegaði sjerstaklega, er það, hvort ekki mætti í lögunum á einn eða annan hátt tryggja vegamálastjóra næga aðstoð, til þess að hann geti látið álit sitt í ljós sem bráðast, er þess er óskað.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Það er sjálfsagt, að nefndin athugi þetta, þótt jeg geti ekki sjeð, að við þessu verði gert í lögunum. Vegamálastjóri hefir sjálfsagt misjafnlega mikið að gera við önnur störf, og mun ekki hægt að einskorða hann neitt í lögum þessum.

Í sambandi við þetta vil jeg gjarnan geta þess, að í mínu hjeraði hefir verið mikið að því gert að bæta vegi, og álit þau, sem leitað hefir verið hjá vegamálastjóra, hafa komið mjög fljótt. Þannig var hægt að byrja á dýrri og umfangsmikilli vegagerð hálfu ári eftir að fyrst var leitað til hans. Mjer kemur það því undarlega fyrir, ef svo er, að hann hafi vanrækt skyldur sínar á sumum stöðum. Það getur auðvitað hafa komið fyrir, ef hann hefir haft miklum öðrum störfum að gegna.

Jeg hygg það trauðla hægt að binda vegamálastjóra með lögum til að gefa álit sitt fyrir einskorðaðan tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 2008), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 173, n. 367).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 173, n. 367).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. þetta, því að við 1. umr. voru færð rök fyrir því. Nefndin hefir ekki gert neinar verulegar breytingar á frv.; helsteru það ofurlitlar orðabreytingar, sem enga þýðingu hefir að tala um.

Við 3. gr. gerir nefndin þá brtt., að sett skuli „hreppsvegagjöld" í staðinn fyrir „vegagjöld", eins og í frv. stendur; er það til að ákveða skýrara, við hvað átt sje, því að vegagjöld geta líka verið sýsluvegagjöld. En hjer er einungis átt við hreppsvegagjöld.

ATKVGR.

Brtt. 367,1. samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 367,2. samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 367,3.a.—b. samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 367,4. samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 423).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., föstudaginn 22. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 447).

Á 39. fundi í Ed., mánudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta er komið frá samvinnunefnd samgöngumála beggja deilda, og vil jeg beina þeirri spurningu til hv. frsm. nefndarinnar hjer (G. G.), hvort atlast sje til þess, að frv. verði vísað til nefndar eða gangi nefndarlaust fram.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Málið er fullrætt í samvinnunefnd deildanna og þarf því ekki að ganga til nefndar hjer. Skal jeg leyfa mjer að mæla hið besta með frv., sem gengur í rjetta átt, sem sje þá, að fá menn til þess að leggja sem mest á sig sjálfa og hjálpa þeim svo, sem hjálpa sjer sjálfir. Þetta er aðalmergur frv.

Í frumvarpi þessu kemur og fram heimild til þess að nota nýjan gjaldstofn, eins og er í öðru frv. hjer á þinginu, og er það vel til fallið, því að sá gjaldstofn, sem nú er, er ekki heppilegur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed. miðvikudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 447, 516).

Sigurjón Friðjónsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við frv. þetta.

Í 5. gr. frv. er svo ákveðið, að í samþykt skuli ávalt meðal annars vera ákvæði um hreppsvegagjöld „er eigi skulu vera bundin við hámark vegalaganna". Eftir orðunum má skilja þetta sem hann gegn því, að hámarkinu sje fylgt, og verð jeg að álíta það bæði óþarft og óviðeigandi, og að nóg sje að heimila að eins, að frá því sje vikið þegar nauðsyn krefur. Síðar í sömu gr. er heimilað að áskilja framlög tillaga frá „einstökum mönnum" eftir jarðadýrleika og lausafjáreign. Eigi þetta að skiljast svo, að meiri hluta heimilist að leggja ákvæðin gjöld á tiltekna menn, verð jeg að álíta, að hjer sje gengið ákaflega nærri persónufrelsi. En sje það ekki meiningin, eru orðin „einstökum mönnum" óþörf og mega falla niður.

Guðmundur Ólafsson: Jeg vil að eins gera stutta athugasemd til athugunar fyrir nefndina og háttv. deild.

Það er ætlast til, að gjaldið verði lagt á jarðar- og lausafjárhundruð. Þetta þykir mjer varla nægja. Jarðir þær, er næst veginum liggja, hafa mest not af honum, og svo mismunandi eftir afstöðu þeirra til hans. Mjer finst, að aðstaða jarðanna til notkunar vegarins ætti að vera tekin eitthvað til greina, er gjaldið er ákveðið. Þetta atriði er þess vert, að það væri athugað nánar, og væri þá rjettast að taka málið út af dagskrá, svo að nefndinni gefist kostur á því.

Forseti: Eftir atvikum tel jeg rjettast að taka málið út af dagskrá, svo að samgöngunefndin geti athugað brtt. á þgskj. 516 og bendingu hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.).

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Ed., laugardaginn 30 ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 447, 516).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Jeg vil að eins geta þess í sambandi við brtt. á þgskj. 516, að samgöngumálanefnd Ed. hefir athugað hana og fallist á hana, og leggur til, að hún sje samþykt í stað 5. gr., því hún þykir öllu betur orðuð og ljósari.

Guðmundur Ólafsson: Vegna þess, að jeg stakk upp á dálítilli breytingu um daginn, að því er snertir vegagjald, vil jeg ekki láta málið fara svo fram hjá mjer nú, að jeg þegi um það. Að vísu er það ekki til þess að halda til streitu þeirri breytingu, því það mun þýðingarlaust, þegar svo fjölmenn nefnd, sem hjer um ræðir, hefir ekki litið hana í náð sinni. En það mun vera af því einu, að till. var of rjettlát, að hennar dómi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 516. (ný 5. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

6.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 2 sept., var frv. tekið til 3. umr. (A 591)

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 53. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 645).

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 11. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Samgöngumálanefnd hefir athugað þetta frv., eins og það er nú frá hv. Ed. Breytingar þær, sem deildin hefir gert við frv., eru að eins smávægilegar orðabreytingar við 5. gr., en ekki efnisbreytingar. Þær eru að sjálfsögðu til bóta á málinu. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 781).

---

52. Fulltrúar bæjarfógeta.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum, o. fl. (A. 622).

Á 47. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Mál þetta er flutt af samvinnunefnd allsherjarnefnda, og eru ástæður til þess greinilega færðar í greinargerð þeirri, er fylgir frv.; er því engin ástæða til að endurtaka þær. Jeg vil þó geta þess, að jeg hefi átt tal um þetta við hæstv. stjórn, og var hún fremur með frv., og eins hefi jeg átt tal við lögreglustjóra Reykjavíkur um það, og var hann því samþykkur. Jeg vænti því, að frv. þetta sæti engum mótblæstri, en fái óátalið að ganga gegnum þingið.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er rjett, að hv. frsm. (Jóh. Jóh.) hefir minst á þetta mál við mig. Jeg hefi ofurlítið að athuga við frv., að því leyti, að það brevtir dálítið skiftingu þeirri, sem gerð hefir verið á bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, þar sem fulltrúa lögreglustjórans er eftir 2. gr. frv. heimilað að sekta menn, sem ella er dómarastarf. Hjer mun vera talsverður hægðarauki að þessu, og því er ekki rjett að halda stranglega fram hreinni skiftingu um þetta.

Það hefir verið litið svo á, að fulltrúar mættu ekki setja rjett eða gegna dómarastörfum í almennum málum, og því síður í sakamálum, en jeg vænti þess, að heimild sú, sem veitt er í 1. gr. frv., verði, hvorki hjer í Reykjavík nje annarsstaðar, notuð nema í hreinum forföllum og minni háttar sakamálum, og með þeim skilningi vil jeg heldur mæla með frv., því það verður þá fremur til að ljetta undir embættismönnum með störf sín, og til að spara ríkissjóði útgjöld.

Með þessu fororði get jeg mælt með frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj atkv.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 5. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 622).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 8. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 622)

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., mánudaginn 8. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum, o. fl., eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 741).

Á 60 fundi í Nd., miðvikudaginn 10. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta frv. er sjerstaklega fram komið af því, að sú hefir orðið reyndin á, sjerstaklega í Reykjavík, að það hefir getað komið fyrir, að bæjarfógeti — og hið sama getur hent sýslumenn — hefir haft svo miklum störfum að gegna, að hann hefir annaðhvort ekki eða með naumindum komist yfir þau. Þá getur verið heppilegt, að þessir embættismenn hafi löggilta fulltrúa, er geta tekið að sjer þau störf, sem nefnd eru í 1. gr. frv. Jeg fyrir mitt leyti hefi ekki neitt að athuga við þessa grein. Að eins geri jeg ráð fyrir, að ekki verði að nauðsynjalausu verið að láta fulltrúa framkvæma þessi störf. Enda er tekið fram, að það skuli að eins vera í forföllum dómarans. Enda væri það víst ekki heppilegt, að aðalembættismaður kæmi sjer hjá að fara með þau störf.

En aftur á móti gæti 2. gr. frv. stutt að því, að vikið væri frá þeirri reglu, er taka átti upp, með því að skifta bæjarfógetaembættinu í Reykjavík. Sú regla, er þar var tekin upp, var að aðskilja umboðsvald og dómsvald. Þessari reglu verður ekki haldið eins hreinni, ef samþykt er 2. gr. frv. En því verður víst ekki neitað, að í mörgum tilfellum gæti það orðið hagkvæmt, að lögreglustjóri eða löggiltur fulltrúi hans geti tekið á móti sektaframboði. Jeg legg því ekki fyrir mitt leyti svo ríka áherslu á regluna, að ekki megi gera undantekningar. Það verður oft að fara eftir því, sem hagkvæmast er í slíkum störfum.

Vænti jeg þess, að frv. þetta fái að ganga til 2. umr. Og með því að jeg hygg, að það heyri sjálfsagt til og hafi verið farið með af allsherjarnefnd hv. Ed., býst jeg við, að því verði vísað í sömu nefnd hjer.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg held jeg fari rjett með það, að hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.), sem hefir borið frv. þetta fram, hafi borið það undir allsherjarnefndir beggja deilda, og það sje borið fram í nafni samvinnunefndar allsherjarnefnda þingsins. Þarf því væntanlega ekki að vísa því til nefndar.

Bæjarfógetinn hjer í Reykjavík segir, og mun það satt vera, að erfitt sje fyrir einn mann að komast yfir rannsóknir í opinberum málum yfir höfuð að tala. Enda er raunin sú, að síðan bæjarfógetaembættinu var skift hefir orðið að skipa sjerstaka menn til að rannsaka 2 stór mál, er gerst hafa hjer í Reykjavík á síðustu mánuðum.

Get jeg nefnt bæði þessi mál. Annað þeirra mun hafa verið út af viðgerð stjórnarráðshússins, en hitt þetta „óskikkelsis"-mál, sem hjer gaus upp í vetur. Í sambandi við þessi mál þurfti mikla rannsókn, sem hinn reglulegi dómari treysti sjer ekki til að anna vegna annara starfa, er embætti hans fylgja.

Jeg get ekki sjeð, að mikil hætta geti stafað af því að samþykkja þetta frv. Það er að eins til að skipa dómaraembættið í löreglumálum. Flest þessara opinberu lögreglumála eru mjög svo vandalítil. Þarf vanalega ekki mikið til að afgreiða þau. En það getur þó tekið talsverðan tíma og stapp að rannsaka þau. Aftur er sakamálsrannsókn talsvert vandasamari. En þeir, er rannsaka, eru menn, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess að geta orðið dómari hjer á landi. En eins og kunnugt er, eru það oft nýbakaðir kandídatar frá prófborðinu, sem fá veitingu fyrir sýslum. Og það mun vafalaust verða svo, með þeim launakjörum, sem nú er verið að skapa embættismönnum, að grípa verður þann fyrsta og eina er fæst. Það mun vafalaust ekki verða svo mikil eftirspurn eftir þessum embættum af hálfu lögfræðinga.

Enn fremur er þetta takmarkað svo, að það má að eins eiga sjer stað í forföllum hins reglulega dómara. Það er ekki svo til ætlast, að hinn reglulegi dómari geti hve nær sem hann vill sent fulltrúa sinn til að starfa í þessum málum, heldur að eins þegar hann er forfallaður. Get jeg ekki sjeð mikla hættu fólgna í þessu, því að löggjafarvaldið getur ekki gengið út frá því, að menn misbeiti þessari heimild. Og þetta tekur að eins til kaupstaða landsins. Annarsstaðar virðist þess ekki þörf, eins og nú hagar til.

Um 2. gr. frv. er það að segja, að það sýnist óþarfur „formalismus", að bæjarfógeti þurfi endilega að koma til í lítilfjörlegum málum, ef sökunautur sjálfur gengst undir að borga sekt. En annars verður að leita sátta fyrir dómi.

Nú getur lögreglustjóri ekki sett dóm. Alt þetta verður því að fara til bæjarfógeta. En þetta kalla jeg óþarfa „formalismus", sem valdið getur talsverðri fyrirhöfn og kostnaði. Enda vona jeg, að það sje ekki meining hæstv. forsætisráðh. (J. M.) að amast við þessu ákvæði.

Sem sagt get jeg ekki sjeð, að minsta hætta felist í ákvæðum þessa frv. Þar sem svo stendur á, að reglulegur dómari getur ekki annað því forfalla vegna að halda sjálfur próf í málum, þá hefir það, eins og jeg drap á áðan, orðið úrræðið að fela það ungum mönnum; þeir geta verið góðir menn, þótt þeir geti ekki talist æfðir menn. Aðrir eru ekki fáanlegir. En jeg býst við, að segja megi um þá tvo, er jeg nefndi, að þeir hafi leyst starf sitt af hendi mjög samviskusamlega, með fullri greind og kunnustu.

Bjarni Jónsson: Jeg get ekki að því gert, að sjeð með ólöglærðum augum virðist frv. þetta allundarlegt. Finst mjer þó ekkert undarlegt við aðra grein, og sje jeg ekkert á móti henni. Jeg sæi heldur ekki neitt sjerstakt á móti því, að þessir ungu fulltrúar geti skipað dómarasæti í lögreglumálum.

En það finst mjer undarlegt, ef fela má þessum mönnum sakamálsrannsókn á ábyrgð annars manns. Það er sagt í nál., að þeir hafi rjett til þess að vera sýslumenn og dæma í því embætti í sakamálum. En sá, sem er sýslumaður, dæmir mál og rannsakar á eigin ábyrgð, en einskis annars manns. Hann getur ekki varpað sökinni á annan, ef miður tekst. Hins er líka að gæta, að þar sem ræða er um þau hjeruð, þar sem mest er um þesskonar afbrot, er sakamál mega af spretta, þar er harla óviðkunnanlegt að fá þetta starf í hendur alveg óæfð-

um mönnum, er eiga að rannsaka málið, ekki á eigin ábyrgð, heldur annars manns.

Þau tvö dæmi, er hv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók, sanna ekki alveg það sama og hann sagði, því að báðir þessir menn hafa verið settir sýslumenn, og á eigin ábyrgð, að minsta kosti annar þeirra, og haft ýms önnur vandamál með höndum.

Svo er enn eitt, sem mjer þykir dálítið undarlegt. Það er ekki nema 1—2 ár síðan skift var bæjarfógetaembættinu í tvent, og annar maðurinn tók við dómstörfunum, en hinn lögreglustörfunum. Áður hafði einn maður öll þessi störf með höndum. Hann gat auðvitað látið fulltrúa sinn annast lögreglustörfin að einhverju leyti. En hann hafði líka altaf nægan tíma. Og man jeg ekki, að í tíð þeirra manna, er jeg hefi þekt í því embætti, hafi nokkuð dregist þeirra dómar. Þeir komu jafnan í tæka tíð og þóttu góðir.

Mjer þykir það því dálítið undarlegt, að nú kemur þetta frv. fram, sjerstaklega vegna tímaleysis dómarans. Jeg skil ekki, hvers vegna dómarinn hjer hafði t. d. ekki tíma til að rannsaka þessi 2 mál, sem hjer hafa verið nefnd, en nú er ljett af. Síðan skifting starfsins fór fram er því minni ástæða til, að hann þurfi annan mann sjer við hlið.

Jeg segi fyrir mitt leyti, að væri jeg bæjarfógeti hjer í Reykjavík, mundi mjer ekki detta í hug að fela öðrum að fara með dómsvaldið en sjálfum mjer. Skal jeg ekki á neinn hátt telja mig jafnfæran og hina hálærðu lögfræðinga þessarar deildar að dæma um þetta atriði frá lögfræðilegu sjónarmiði, en þar sem jeg á mál mín undir dómaranum hjer í Reykjavík, get jeg lýst því yfir, að jeg vildi ekki láta dæma mig af dómara, sem dæmir á annars manns ábyrgð, en ekki sína eigin.

Jeg get því ekki veitt þessu frv. fylgi mitt.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg hefi ekki mörgu að svara háttv. þm Dala. (B. J.), sessunaut mínum. Hann virðist ekkert hafa á móti því, að leyfa bæjarfógetanum að láta fulltrúa sinn fara með lögreglumálin. Vonlegt, að hann greini stranglega milli lögreglumála og sakamála, en þegar að er gætt, er sú greining meiri að forminu til heldur en að efni. Takmörkin eru mjög óglögg, og eru mörg lögreglumálin miklu stórfeldari heldur en sum hver sakamál; t. d. brot, er í hegningarlögunum greinir, sæta öll sakamálameðferð; þar á móti eru brot á reglum t. d. á út- og innflutningi, sem geta varðað tugum þúsunda kr. sektum, talin lögreglumál og dæmd sem slík. Aftur á móti er höfðað sakamál á móti manni, sem hreytir ónotum í embættismann hins opinbera meðan hann er að starfi sínu; eru smásektir við slíku broti. Greinarmunurinn er því ekki raunverulegur, og er því eitt af tvennu, að veita enga heimild, eða slíka sem hjer er. Hv. sessunautur minn (B. J.) virtist gera mikið úr því, hvort fulltrúinn dæmdi málið á ábyrgð sjálfs sín eða bæjarfógetans. En hver er munurinn? Munurinn er enginn annar en sá, að reglulegi dómarinn er skaðabótaskyldur fyrir ólögleg verk fulltrúans, t. d. fyrir að setja saklausan mann í gæsluvarðhald og halda honum þar of lengi. Gæti slíkt varðað skaðabótum, sem kæmu niður á hlutaðeigandi bæjarfógeta, en ekki á fulltrúanum, þótt hann hefði framið verknaðinn. Ef um refsiábyrgð væri aftur á móti að ræða, hvílir hún auðvitað á fulltrúanum, því það er nú einu sinni ekki venjan hjer, eða í öðrum siðuðum löndum, að hengja smiðinn í stað bakarans. Ef fulltrúinn vanrækti stöðu sína, mundi alþýða auðvitað ámæla honum, en ekki bæjarfógetanum, og það gæti spilt frama hans, svo það er ekki lítilsvert fyrir hann að leysa starfið vel af höndum.

Viðvíkjandi þessum tveimur málum, sem

nefnd hafa verið, vil jeg láta þess getið, að þeir tveir menn, sem um þau fjölluðu, þótt þeir sjeu báðir nýtir og duglegir menn, þá hefir þó að minsta kosti annar þeirra verið stutt settur sýslumaður og því haft lítið með sakamál að gera. Hinn var að vísu settur sýslumaður nokkuð lengi, en það var í sýslu, þar sem ekki fjellu til nein sakamál. Að vísu kom þar fyrir nokkuð stórt sauðaþjófnaðarmál um það leyti; en hann var farinn úr sýslunni áður en það kom til rannsaks. Hinn maðurinn starfaði lítils háttar á ábyrgð annars manns í Vestmannaeyjum, en á eigin ábyrgð hefir hann ekki farið með opinber mál fyr en í rannsókninni viðvíkjandi stjórnarráðsbyggingunni. Annars eru þessir menn báðir svo góðir og færir menn, að þeim var vel trúandi fyrir þessum málum.

Það skal jeg ekki fara langt út í, hvort annir eru miklar á bæjarfógetaskrifstofunni eða ekki, en það er þó áreiðanlegt, að þessi tvö mál gat bæjarfógetinn ekki tekið að sjer sökum annríkis, og jeg býst ekki við, að hv. sessunautur minn (B. J.) vilji halda því fram, að bæjarfógetinn hafi fengið sig undanþeginn meðferð þessara mála að nauðsynjalausu. Jeg býst við, að hann hafi gert þetta af því, að hann hafi sjeð fyrir, að hann gat ekki meira en komist yfir þau mál, sem fyrir lágu. Eins og þeim mun kunnugt, er voru hjer í Reykjavík, þá var hjer mikið um sakamál um þetta leyti. Jeg var t. d. að starfi mínu í sama húsi og rjettarhöldin fara fram í, og varð jeg var við, að bæjarfógetinn sat tímunum saman við að rannsaka mál þar uppi.

Bjarni Jónsson: Jeg skal játa, að jeg er ekki svo fróður, að jeg geti eða mig langi til að fara að greina sundur lagamuninn á lögreglumálum og sakamálum. Jeg átti auðvitað við hin stærri málin, þau sakamál, sem undir getur verið komið líf og æra manna. Hitt tel jeg ekki skifta eins miklu máli, hvort einhver er sektaður um hærri eða lægri sekt, þótt hann jafnvel saklaus væri. En það tel jeg skifta miklu máli, hvort maður er saklaus dæmdur fyrir verknað, sem talinn er svívirðilegur, og getur varðað alla heill hans, eða hvort hann er sýknaður af slíkum áburði. Slík mál vil jeg ekki að farið sje gálauslega með, og til slíkra starfa vil jeg ekki treysta hverjum þeim, sem fram býðst. Sje jeg ekki, að sundurgreining hv. 2. þm. Árn. (E. A.) geri neinn mun á því, sem jeg tók fram, eða hnekki því nokkuð. Munurinn á að framkvæma verk á eigin ábyrgð eða á ábyrgð annars manns átti ekki við það, hvort maðurinn leysti verkið sómasamlega ef hendi eða ekki, eða þá að hann væri lærður í lögum, heldur átti það við sálarástand mannsins sjálfs. Það má þá líka heita alkunna, að menn vanda það betur, er þeir bera sjálfir ábyrgð á, heldur en ef aðrir bera hana, því þá er þeim hætt við að nota ábyrgðina að skálkaskjóli. Það er ekki heldur rjett, að hjer sje það ekki vani að hengja bakara fyrir smið, eins og hv. sessunautur minn (E. A.) vildi halda fram. Það er einmitt vaninn hjer, ef ekki lagalega, þá þó í almenningsálitinu. Það ljettir manninum ábyrgðina, ef hann á ekki sjálfur að bera hana, en þyngir hana, ef hann á sjálfur að bera hana. Það var því þetta sálarástand mannsins, sem jeg lagði áherslu á, en ekki annað. Jeg fæ því ekki sjeð, að orð hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hafi haggað nokkru af því sem jeg hefi sagt. Viðvíkjandi þessum tveimur mönnum er það rjett, að þeir eru miklu æfðari og færari að hafa stórmál til meðferðar heldur en þeir, sem valdir eru til þess að vinna undir öðrum. Það mun og rjett hjá hv. sessunaut mínum (E. A.), að bæjarfógetar geti verið vandaðir menn, en þeir geta líka verið breyskir menn, engu síður en aðrir, og gæti verið, að þeir hefðu tilhneigingu til að skjóta fram af sjer leið-

inlegum vandamálum, svo sem kvennafarsmálum, og koma þeim yfir á aðra, eða láta það fara um hendur fulltrúanna.

Frsm. (Einar Arnórsson): Hv. sessunautur minn (B. J.) var að tala um, að hann vildi ekki trúa óvönum mönnum til að fara með slík mál, sem hjer greinir. Þessu er því að svara, að óvönum mönnum er hjer á landi oft trúað fyrir þessu; það er ekki svo sjaldgæft, að nýbökuðum kandidötum er veitt sýsla, og það sýsla, sem fyrirsjáanlegt er að svona mál komi fyrir í; verða þeir svo að bera allan veg og vanda af sýslunni.

Aftur á móti þurfa fulltrúarnir ekki að bera allan veg og vanda af málunum, heldur geta þeir altaf, er vanda ber að höndum, ráðfært sig við yfirboðara sinn og leitað trausts hjá honum.

Þá sagði hv. þm. Dala. (B. J.), að hann vildi ekki trúa bæjarfógetunum fyrir að velja þessa aðstoðarmenn sína. Jeg er alveg á sama máli, enda er gengið svo frá þessu hjer í frv., að það er ekki bæjarfógetinn, sem velur manninn, heldur er það dómsmálaráðherrann. Viðvíkjandi sálarástandinu, sem hv. þm. Dala. (B. J.) talaði svo mikið um, vil jeg segja það, að oft getur það verið yngri mönnum enn meiri hvöt til að vinna verk sitt vel heldur en eldri mönnum, því að yngri mönnum er það framavænlegra. Ef þeir stæðu illa í stöðu sinni, mættu þeir búast við að framast ekki neitt. Annars vil jeg bæta því við, að það er nokkur veginn sjálfgefið, að dómarar í kaupstöðum mundu eftir fremsta megni rannsaka sjálfir og dæma þau mál, sem mestu skiftir, svo sem morð, eða aðra stórglæpi.

Nú býst jeg við, að hv. þm. Dala. (B. J.) þurfi að gera stutta athugasemd, og ann jeg honum hennar vel, og það jafnvel þótt hún verði alllöng.

Bjarni Jónsson: Annaðhvort eldist árgalinn nú, þar sem er háttv. sessunautur minn (E. A.), eða hann tekur ekki vel eftir. Mjer var það altaf ljóst, að dómsmálaráðherra ætti að löggilda manninn, en jeg vissi líka, að þessi löggilding fer fram eftr tillögu bæjarfógeta. Maðurinn verður því ekki valinn úr flokki umsækjenda, sem kynnu að sækja um stöðuna. Það er því alt öðruvísi varið um veitingu þessa embættis en um veitingu annara embætta, sem dómsmálaráðherrann veitir, því að í raun og veru veitir bæjarfógetinn embættið. Þá talaði hv. sessunautur minn (E. A.) um, að yngri menn hefðu sterkari hvöt til þess að inna verk sitt vel af höndum heldur en eldri menn. Jeg er alveg á sama máli og hann um þetta. En það, sem jeg sagði, var, að hvort heldur maðurinn væri eldri eða yngri, þá sje hvötin sterkari, ef hann vinnur á eigin ábyrgð, heldur en ef hann vinnur á annars manns ábyrgð Held jeg svo, að jeg hafi ónýtt hin nýrri rök hans.

Frsm. (Einar Arnórsson): Ef hætta stafar af því að láta dómsmálaráðherrann löggilda menn þá, er hjer um ræðir, þá er eins hætta að láta hann yfirleitt veita dómaraembætti. Ef ráðherra er ekki treystandi að skera úr því, hvort maður er fær um að verða löggiltur dómari eða ekki, þá verður að taka af honum veitingarvaldið.

Viðvíkjandi tali okkar hv. þm. Dala (B. J.) um eigin ábyrgð, og að yngri menn ynnu ef til vill betur en eldri, sje jeg ekki betur en jeg hafi rjett fyrir mjer. Við vorum að samjafna því og hættuleysinu, sem stafaði af því, að bæjarfógetinn framkvæmdi sjálfur, eða ljeti fulltrúana gera það. Hv. þm. hjelt, að jafnvel minni hætta væri, ef fulltrúarnir framkvæmdu, og erum við þá á sama máli, því við komum okkur saman um það, að sá yngri hefði hvöt til að vinna verkið betur.

En við erum ekki sammála um muninn á eigin ábyrgð og annara ábyrgð. Jeg held, að hjer komi að eins til greina skaðabótaábyrgð, því ekki er hægt að hegna bæjarfógeta fyrir það, sem fulltrúar gerðu, þó að þeir framkvæmdu það ekki á eigin ábyrgð. Þá er það almenningsálitið, og býst jeg ekki við, að hv. þm. vilji undanskilja fulltrúana því. Eftir verður þá að eins skaðabótaábyrgð, og er vafamál, hve mikilsverð hún er. Það getur og komið til mála, að bæjarfógetinn eigi endurgjaldskröfu á hendur fulltrúunum, ef hann verður að borga fyrir þá.

Bjarni Jónsson: Jeg stend hjer að eins upp til að bera af mjer æruleysi. Þar sem hv. frsm. (E. A.) vildi drótta því að mjer, að jeg væri byltingamaður og ætlaði að setja af ráðherra eða taka af þeim völd, þá verð jeg að bera slíkt af mjer. Jeg sagði að eins, að rjettara væri, að bæjarfógetinn veldi sjálfur. Sömuleiðis eru það hausavíxl, að jeg hafi fallist á það, sem hv. frsm. (E. A.) skrafaði hjer um sektir og annað þess háttar. Jeg talaði að eins um málið sálarfræðislega. Þá er það rangt, að jeg hafi gengið fram hjá almenningsálitinu, en hitt er satt, að það áfellir þann saklausa, en sýknar þann seka, það hengir bakara fyrir smið.

Jeg hefi nú fengið leyfi hjá hæstv. forseta til að bera af mjer æruleysi, og er jeg honum þakklátur fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 3 atkv.

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 12. sept., var frv. tekið til **2. umr.** (A. 741).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 3 atkv.

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 741)

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 830).

---

53. Gjald af vindlagerð og brjóstsykurs.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri (A. 92).

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn R. Stefánsson): Þegar við háttv. þm. Borgf. (P. O.) bárum fram brtt. um, að ekki yrði hækkaður tóbakstollurinn, gátum við þess, að við hefðum í hyggju að flytja aðrar till., sem jafna myndu upp þann ímyndaða tekjuhalla, sem leitt hefði af því að samþykkja þær brtt. okkar. En nú eru þær brtt. okkar fallnar og hafa því ekki orðið til þess að valda neinum tekjuhalla.

En þrátt fyrir það ætlum við að standa

við það að flytja einhverja till. um tekjuauka, og liggur hjer nú fyrir ein af þeim.

Það kann nú sumum að virðast, að hjer sje ekki um mikinn tekjuauka að ræða. En jeg hygg þó, að hann muni nema 20 þús. kr. á ári, því að það hefir fróður maður sagt mjer, að af vörum þessum sjeu hjer framleiddar um 30 smálestir á ári hverju, og eftir því mundi gjaldið nema um 20 þús. kr.

Ekki býst jeg við, að þetta verði til þess að minka tilbúning vörunnar, og það fyrir þá sök, að nú hefir verið samþykt að hækka innflutningsgjald á sömu vörunni, og mun það draga úr aðflutningnum.

Áður hefir tilbúningur vörunnar hjer að vísu verið tollfrjáls, en þess ber að gæta, að þá var aðflutningsgjaldið ekki nema 1.25 kr., en er nú hækkað um 0.75 kr., en tollur þessi er ekki nema 0.66 kr.

Það ætti því að vera ljóst, að þetta gerir engu erfiðara fyrir um tilbúninginn innanlands en áður var.

Við höfum nú ekki sett tollinn á konfekt og brjóstsykurgerð hærri en sem svarar ¼ af innflutningsgjaldinu, vegna þess, að við viljum ekki, að svo fari nú sem þá er slíkur tollur var lagður fyrst á vindlagerðina, því að eins og menn vita, lagðist hún niður skömmu síðar. Að svo fari um brjóstsykurgerðina, þó þessi skattur verði á hana lagður, ætti ekki að þurfa að óttast, því bæði er þessi skattur hlutfallslega lægri, saman borið við aðflutningsgjaldið, og svo var aðstaðan þá miklu erfiðari, þar sem innflutningsgjald það, sem nú er 4 kr. á kg., var þá ekki nema 1 kr.

Það getur nú verið, að sumum þyki tekjuaukinn, sem af þessu fæst, svo lítill, að ekki taki að hirða hann.

En því er nú svo farið hjer á þingi, að hvað menn telja lítið eða mikið fje, það fer mjög mikið eftir því, hvort menn eru með eða móti því, sem um er að ræða.

Þess eru mörg dæmi, að þótt um stórupphæðir sje að ræða, er mjög lítið úr þeim gert af þeim, sem vilja fá þær veittar til einhverra hluta. Aftur á móti geta nokkrar krónur orðið mönnum mesti þyrnir í augum, ef þeir eru málinu mótfallnir.

Þetta fer því alt eftir afstöðu manna til málanna. En jeg held nú, að þessi 20 þús. kr. tekjuauki sje alls ekki svo smár, að honum beri að neita, þegar þess er líka gætt, að með þessu er ekki þrengt að iðnaði þessum.

Vil jeg svo gera að till. minni, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 92, n. 167)

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Með lögum nr. 41, 16. nóv. 1907, er lagður tollur á innlenda vindla- og bittergerð. Frv. þetta er endurtekning á texta þeirra laga, með þeirri breytingu, að bittertilbúningurinn er fallinn úr, eins og gefur að skilja, í bannlandi. Í stað þess er nú lagður tollur á brjóstsykur- og konfektgerð. Þetta sýnist vera öldungis rjettmætt, þegar þess er gætt, að tollur á aðflutningi þessarar vöru er orðinn mjög hár og jafnframt um ónauðsynjavöru að ræða, sem í eðli sínu er góður tollstofn. Og þó hjer sje um innlendan iðnað að ræða, þá þykir ekki rjett að láta hann dafna í skjóli verndartolls. En svo yrði tollurinn á aðfluttum vindl-

um, brjóstsykri og konfekt að teljast, ef þessi kæmi ekki á móti. Hjer sýnist líka farið höflega í sakirnar, þar sem tollurinn er að eins þriðjungur á móti aðflutningstollinum. Brtt., sem nefndin hefir komið með, eru sjálfsagðar. Önnur er að eins prentvilla, 91 fyrir 41. Hin er um að fella úr innheimtulaun til lögreglustjóra. Þetta er þegar niður fallið hvað Reykjavík snertir. Og nú er gert ráð fyrir að fella niður allar aukatekjur tollheimtumanna.

Jeg tel óþarft að taka fleira fram viðvíkjandi frv., en vænti þess, að það verði samþ., eins og nefndin leggur til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 167,1. samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 167,2. samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 192).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 192, 232).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Nefndin leyfir sjer að bera fram örlitla brtt., á þgskj. 232. Stafar hún af því, að í 5. gr. frv. er talað um bæði hegningarsektir og dagsektir, en aftur í 7. gr. er að eins minst á, hvert hegningarsektir renni. Þess vegna ber fjárhagsnefndin fram þá brtt., að í stað „Hegningarsektir" í 7. gr. komi: „Sektir", sem nái þá bæði yfir hegningarsektir og dagsektir.

Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að mæla frekar með till., því að hún er sjálfsögð.

ATKVGR.

Brtt. 232. samþ. án atkvgr..

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 262).

Á 24. fundi í Ed., föstudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 11 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 262, n. 389).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg þarf í rauninni ekki annað en vísa til nál. á þgskj. 389. Þar er lagt til, að gerðar sjeu tvær smávægilegar orðabreytingar, ríkissjóður í stað landssjóður.

Um 4. gr. skal jeg láta þess getið, að nefndin skilur ákvæði hennar um það, að vörugerðarmaður megi ekki selja fyrir minna en 25 kr. í einu, svo, að það taki til þeirra, sem borgarabrjef hafa til verslunar.

Það kom til tals í nefndinni að leggja toll á sódavatn og öl, en ekki varð það ofan á, enda mun bæði mjer og öðrum þykja tollarnir orðnir helsti margir og ekki aukandi, nema brýn þörf sje til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 389. samþ. án atkvgr.

2.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., föstudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 433, 456).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 456, sem of seint var útbýtt.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 456, og veldur því sjer í lagi umhugsun mín um það, hvers vegna svona háir skattar eru lagðir á þessar vörutegundir.

Í fyrsta lagi er jeg mótfallinn því, að elta með skattaálögum hverja þá tilraun til starfa, sem verið getur þjóðinni heldur til gagns, og í öðru lagi er hjer um tvær atvinnutegundir að ræða, sem sje annars vegar um vindla- og vindlingagerð, en hins vegar tilbúning brjóstsykurs og konfekts, en efnið í báðar þessar vörutegundir er þegar búið að tolla, og verður að taka tillit til þess, ef tilbúningur þeirra á að geta staðist samkepni við samskonar útlendar vörutegundir.

Skal jeg fyrst snúa mjer að fyrri lið brtt.

Jeg veit ekki, hvort hjer á landi er nokkur vindlagerð, en hvort sem svo er eða ekki, finst mjer of langt gengið í frv. Samkv. frv., er fyrir skömmu er afgreitt hjeðan frá þinginu, var tollurinn af vindlum hækkaður upp í 8 kr. af hverju kg., og á því sá, er framleiðir vindla hjer á landi samkvæmt 2. gr. frv. þess, er nú er til umræðu, að greiða 4 kr. toll. En á tóbaki því, er hann notar í vindlana, er 4 kr. tollur á hverju kg., og greiðir hann þá samtals í toll af hverju kg. af vindlum, sem hann framleiðir, 8 krónur, eða alveg sömu upphæð og útlendir vindlar eru tollaðir með.

Þetta er of hart, og sjest það best þegar athuguð er 1. gr. frv., en samkvæmt henni á sá, er reka vill innlenda vindlagerð eða tilbúning á konfekti eða brjóstsykri, að greiða 100 kr. fyrir leyfi til að reka þessa iðn. Auk þess mun eiga að borga í stimpilgjald af leyfisbrjefinu 100 kr., og er því 200 kr. skattur lagður á þann mann, er koma vill slíku fyrirtæki í framkvæmd. Hann er með öðrum orðum lakar settur en sá, sem selur útlenda vindla.

Engum blöðum er um það að fletta, að þetta er sama og að banna að búa til vindla á Íslandi, en tilgangurinn með tollögum er sá, að afla landinu tekna, en ekki að koma fram sem bannlög í framkvæmdinni.

Verði frv. samþykt óbreytt, er sama upp á teningnum og þingið segði: Hjer er að ræða um varhugaverða, já, varla sæmilega atvinnu, sem best er að vera laus við.

Að vísu er ekki um þarfavöru að ræða,

En þegar hún er flutt inn í landið og keypt hvort sem er, er betra, að eitthvað af arðinum fari inn í landið, en að hann fari allur út úr því.

Ef það sýndi sig, að hægt væri að græða á þessum atvinnuvegi, væri og í lófa lagið að láta þann, er fyrir gróðanum yrði, greiða heldur beina skatta, t. d tekjuskatt. En þetta finst mjer of langt farið. Hjer er um meinlausa atvinnu að ræða, og því heldur til bóta, að hún gæti borið sig í landinu, og ekki rjett að taka fyrir verkarnar á henni, ef svo mætti að orði komast.

Hvað brjóstsykur- og konfekttollinum viðvíkur, er nokkuð öðru máli að gegna. Á brjóstsykri, sem flyst frá útlöndum, er nú 2 kr. tollur á hverju kg., og yrði því eftir frv. þessu 67 aura tollur á hverju kg. af innlendum brjóstsykri. Þar við bætist 15 aura tollur á sykri, svo tollurinn verður saman lagður 82 aurar. En þó svo sje, að mismunurinn á tolli á hverju kg. af innlendum og útlendum brjóstsykri nemi 118 aurum, stenst brjóstsykurgerðin, sem nú er, tæplega samkepni við erlendar brjóstsykurgerðarverksmiðjur.

Jeg álít, að styðja beri þá íslenska menn, sem atvinnu hafa af þessu, í samkeppninni við útlendinga, og því hefi jeg komið fram með brtt. þessar.

Ef brtt. mínar verða samþyktar, hækkar tollurinn á hverju kg. af innlendum vindlum og vindlingum um 133 aura, en hvert kg. af brjóstsykri og konfekti um 17 aura.

Jeg hygg, að ríkissjóði verði svo lítill tekjumissir af þessu, að ekki sje vert, að þessar breytingar verði gerðar að kappsmáli, enda rjett að sýna í því alla sanngirni. Má og taka tillit til 1. gr. frv., sem sýnist fullhörð a. m. k. fyrir mann, er rekið hefir verslun áður, að þurfa að kaupa nýtt atvinnuleyfi, þótt hann vilji reka vindla- eða brjóstsykurgerð í sambandi við hana.

Samkepni er auk þess svo mikil með tóbakssölum, að óhugsandi er, að nokkur maður treystist til að setja upp innlenda vindlagerð, ef frv. verður samþ. óbreytt.

Vænti jeg því, að hv. deildarmenn ljái brtt. mínum fylgi sitt.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg verð að segja, að mjer finst hálfkynlegt, að brtt. þessar skuli vera fram komnar nú, þar sem enginn andmælti frv. við 2 umr. Lítur helst út fyrir, að flutningsmaður þeirra hafi ekki hugsað þær upp fyr en of seint.

Eins og jeg lýsti yfir í framsöguræðu minni, og nál. bar með sjer, þótti nefndinni það hæfilegur tollur á umræddum vörutegundum, er frv. tiltekur, og áleit ekki rjett að breyta því.

Að vísu getur verið vafi um það, hvort vindlatollurinn sje ekki of hátt settur, því eftir frv. er lík aðstaða þeirra, er selja útlenda vindla, og hinna, er selja innlenda, en lakari er aðstaða hinna síðarnefndu ekki.

Öðru máli er að gegna með brjóstsykur og konfekt. Þar er tollurinn á hinum innlenda til muna lægri, þar sem hann verður alls 82 aurar (15+67) á kg., en tollur á útlendum brjóstsykri er 2 kr. á hverju kg.

Mjer er sagt, að enginn hafi vindlagerð sem stendur, og kemur því ekki að bráðri sök, þó vindlatollurinn verði hækkaður, því ilt er að útiloka menn frá tilraunum til að gera vindlagerð innlenda, þar sem varan er mikið notuð.

Leyfisbrjefin kosta með stimpilgjaldi 105 krónur, en ekki 200, eins og hv. 4. landsk. þm. (G. G.) vildi halda fram. Til þessa atvinnurekstrar þarf iðnaðarleyfi, en ekki verslunarleyfi. Jeg þori að fullyrða, að ekki kemur til nokkurra mála, að tollurinn sje of hár á konfekti og brjóstsykri. Hitt, með toll á vindlagerð, kynni fremur að vera álitamál.

Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) ljet ókunnuglega og spurði, í hvaða tilgangi væri verið að koma með þetta frv. Auðvitað til að afla landssjóði tekna. Ekki er það fram borið til að gera einstökum mönnum bölvun, það er af og frá. Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) hefir verið furðu seinn að átta sig á þessu máli, þar sem hann ber brtt. fram fyrst nú.

Guðjón Guðlaugsson: Brtt. er að vísu seint fram komin, en það sýnir að eins, að ekki hefir verið talað fyr en búið hefir verið að þrauthugsa. Og ekki veit jeg betur en að brtt. hafi eins mikinn rjett á sjer við 3. umr. eins og í hvern annan tíma. Tilætlunin var raunar, að brtt. kæmi við 2. umr., en þá var jeg í öðrum önnum, og þess vegna kom hún fyrst nú. En eins gild er hún fyrir það.

Enn er óleyst úr þeirri spurningu, til hvers sje verið að bera fram till. um toll á innlendri vindlagerð. Ef tilgangurinn er að afla ríkissjóði tekna, þá er frv. markleysa, því engar tekjur fær ríkissjóður af þeim iðnaði, sem ekki er til í landinu. Þá er að eins eftir hin skýringn, að hjer sje um eina bannlagaviðleitnina að ræða, hjer sje verið að setja lög, sem í reyndinni verði bannlög gegn innlendri vindlagerð.

Til slíkrar starfsemi sem þessarar þarf bæði iðnaðar- og verslunarleyfi, og verður því aldrei meira til samans en 200 kr., sem jeg áðan nefndi. Annars er okkur hv. frsm. (G. Ó.) þýðingarlítið að karpa um þetta atriði. Við erum hvorugur lögfræðingur, en gott væri, ef annarhvor lögfræðingur deildarinnar gengi hjer í milli.

Ein verksmiðja hjer í bænum hefir haft brjóstsykurtilbúning og grætt nokkuð, og borgað ekki óverulegan tekjuskatt. En engan toll hefir hún borgað enn þá. Það væri illa farið, ef sett væru lög, sem kæmu slíkum verksmiðjum til að hætta, og mist ist þá bæði tollurinn og tekjuskatturinn. Hitt á að leggja stund á viðvíkjandi innlendum iðnaði, að styrkja hann í samkepninni við hinn útlenda, hvort sem um brjóstsykur- eða vindlagerð eða eitthvað annað er að ræða.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg er á sömu skoðun og hv. 4. landsk. þm. (G. G.) um það, að best sje að hugsa sem best um málefnin áður en talað er um þau. Nú þarf ekki til vindlagerðar annað leyfisbrjef en til iðnaðar, sem kostar kr. 100, svo hjer hefir þá hv. 4. landsk. þm. (G. G.) talað fullsnemma. Þetta kemur glögt fram af 4. gr. Þar stendur, að ekki megi versla með minni birgðir í einu en fyrir 25 kr. Hjer er því ekki um neina smásölu að ræða. (*G. G.*: Stórsalar þurfa líka leyfisbrjef). Um brjóstsykurverksmiðju bæjarins þarf hv. 4. landsk. þm. (G. G.) ekkert að óttast, því eigandi hennar hefir tjáð sig ekkert ónægðan með þennan toll.

Eggert Pálsson: Eftir því, sem hv. flm. brtt. (G. G.) skýrði frá, virðist mjer varhugavert að ganga til atkv. um frv. nú þegar. Hann gat þess, sem reyndar öllum er kunnugt, að vindlagerðarmaður yrði að greiða 4 kr. í toll af hverju kg af tóbaki, sem hann þyrfti til iðnar sinnar. Þar að auki 4 kr. af hverju kg. af vindlum. En það verður samtals 8 kr. tollur af hverju kg. af vindlum, sem er hið sama og þarf að greiða af innfluttum vindlum. Auk þessa þarf iðnaðarrekandinn samkvæmt 1. gr. frv. að gjalda fyrir leyfisbrjef til iðnaðarrekstrarins 100 kr. og með stimpilgjaldinu 200 kr. Sje því nú svo háttað, að í hvert kg. af vindlingum þurfi eitt kg. af tóbaki, þá er það bert, að hjer er verið að leggja hindrun í veg fyrir, að innlend vindlagerð komist á fót, og væri það illa farið að loka þannig fyrir, að iðnaður aukist í landinu. En með því að mjer og að

líkindum fleiri deildarmönnum, er lítt um þetta mál kunnugt, — þá vil jeg æskja þess, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá.

Fjármálaráðherra (S. E.): Tilætlun mín var að gera sömu uppástungu og hv. 1. þm. Rang. (E. P.). Jeg er lítt kunnur þessum efnum, en þó ætla jeg, að ekki þurfi eitt pd. af hráu tóbaki í 1 pd. af vindlum. Að því er snertir leyfisbrjefin, þá þarf ekki verslunarleyfi til svona atvinnurekstrar.

Magnús Torfason: Jeg vil að eins geta þess, að þessi skattur, sem nú er verið að ræða um verkar sem bann gegn vindlagerð.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. ágúst, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 433, 456).

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi leitast við að fá mjer upplýsingar um, hve mikið af hráefni fari í 1 pd. af vindlum, og eftir því, er jeg hefi komist næst, mun það vera ⅔ úr pundi. Jeg leitaði að þessu í umræðunum um frv. 1907, en þar voru engar slíkar upplýsingar. Mjer finst það ekki skifta miklu, og tel það fremur rjettara að samþykkja brtt. hv. 4. landsk. þm. (G. G.) *um tóbakið*. Að öðru leyti verð jeg því miður að játa, að upplýsingar þær, sem jeg fjekk, eru ekki óbrigðular, en minna en ⅔ af hráefni fara ekki í pundið af tóbaki.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hefir nú upplýst, hversu mikið af hráefni fari í 1. pund af vindlum, hann hyggur, að það sjeu ⅔ úr pundi, og er þá bersýnilegt, að tollur sá, er nefndin hefir sett og frv. greinir, er síst of hár, enda hefir nefndin athugað frv. síðan og komist að sömu niðurstöðu.

Lög um gjald af vindlum og bitter eru frá 1907 og 1909, og var tollurinn þá, og hefir altaf síðan verið, eins og hálft aðflutningsgjaldið, og svo er enn í frv., og er síst ástæða til að fara breyta frá því.

Það er því fullkomlega rjettmætt, sem jeg sagði um daginn um þessa brtt., að með henni væri verið að ganga inn á nýja braut, og tillagan væri að óþörfu borin fram. Jeg vænti þess, að hv. deild fari ekki inn á þær slóðir, en samþykki frv. óbreytt.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg fæ ekki skilið, hversu upplýsingum hæstv. fjármálaráðh. (S. E) er farið, þar sem hann telur, að eigi þurfi nema ⅔ úr hrátóbakspundi til að gera vindlapund. Jeg veit ekki, hvaða efni er sett í vindlana, er fái unnið upp þungamismuninn. Jeg hefi verið samtíða stúlku, er vann að tóbaksgerð, og segir hún mjer, að við vindlagerð gengi mikið af leggjum úr tóbakinu, og fá allir skilið, að það hljóti svo að vera, einkum þegar um góða vindla er að ræða. Það er því eðlilegt, að tóbakið rýrni, en eigi hið mótsetta, sem vera ætti, ef þessar upplýsingar væru rjettar. Það mun láta sönnu nær, að rúmlega þurfi pund af hrátóbaki í vindlapundið.

Þegar rætt var um gjald á konfektgerðinni um daginn, var því haldið fram, að sá, er hefir slíka verksmiðju hjer, hr. Magnús Blöndahl, hefði sagt, að hann væri ekki á móti þessum tolli, en hann hefir tekið það fram við mig, að þetta væru helber ósannindi. Hitt mun vera, eins og gengur um fleiri sögur hjer á þingi, að þetta hafi gengið mann frá manni og verið aukið og lagfært eftir hentugleikum og geðþótta flytjendanna, og síðast hjer í deildinni af hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) Nei, þetta er þvert á móti, hann segir, að ef tollurinn verði jafnhár og frv. ráðgerir, þá búist

hann við, að hann muni hætta, en hann geti sætt sig við 50 aura toll á kílóið. Síðastliðin ár hefir hann framleitt 30—40000 kíló af brjóstsykri á ári., og ef 50 aura gjald væri lagt á hvert kíló, þá yrðu tekjur ríkissjóðs af þessu 15—20000 kr. á ári. Þetta er nokkur upphæð, og með því að setja tollinn hæfilegan hefir þingið vissu fyrir tekjum af þessu, en ef tollurinn er settur eins og frv. gerir ráð fyrir, þá yrði hann of hár, verksmiðjan mundi hætta og tekjurnar yrðu engar. Hagnaðinn af því fæ jeg ekki skilið.

Viðvíkjandi stimpilgjaldinu vil jeg ekki þrátta frekar, fyrst jafnfróður maður og hv. frsm. (G. Ó.) hefir fullvissað um rjettan skilning á því; jeg tel líklegt, að dómstólarnir mundu frekar dæma eftir ummælum jafnviðurkends heiðursmanns en eftir orðalagi frv.; til þess mun hann að minsta kosti ætlast. Eins og nú er, kostar verslunarleyfi 50 kr., en atvinnuleyfi 100 kr. Jeg hjelt þó, að atvinnuleyfið væri meinlausara og ætti að vera ódýrara.

Þegar verið er að ræða um þessa tolla, og menn vilja leggja háan toll á þessar 2 tegundir, þá vil jeg benda á, að alveg er gengið fram hjá 3. tegundinni, sem þó er skyld þessum; það eru gosdrykkir, og þó er aðalefni þeirra, vatnið, ótollað. Ef ástæðan væri sú með frv. að fá tekjur, þá hefði nefndin ekki átt að ganga fram hjá þeim, í því er ekkert samræmi, en jeg hefi ekki borið fram brtt. um þetta, af því jeg er mótfallinn þessari stefnu; jeg vil fremur láta hlynna að öllu því, er eflir atvinnu og iðnað í landinu. „Holt er heima hvað" er fornt og rjett orðtak.

Ef þessi hái skattur nefndarinnar verður samþyktur, má enn fremur benda á það, að víst mun vera, að niður falli tekjuskattur sá, er hún hefir greitt. Eru það og tekjur, sem fleygt er frá sjer fyrir ekkert nema dutlunga nefndarinnar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg get ekki sagt, að jeg hafi náð í verulegan fag mann, sem gaf þær upplýsingar, að ekki myndi þurfa meira en ⅔ úr pundi af tóbaksblöðum í pund af vindlum, er kæmi til af því, að í þá væru notuð ýms önnur efni, t. d. sósur. (*G. B.*: Ekki vindla). Jæja, jeg legg ekki svo mikið upp úr þessu, þar sem engar horfur eru á, að hjer rísi upp innlend vindlagerð. Er ekki hundrað í hættunni, þó brtt. verði samþykt um lækkun á innlendum vindlatolli, því altaf má hækka hann, ef hann þykir of lágr.

Hitt skiftir meira máli, hver endalok brtt. um brjóstsykurstollinn fær. — Hygg jeg, að svo mikið græðist á framleiðslu brjóstsykur, að óhætt sje að hafa tollinn svo sem frv. tiltekur.

Hygg jeg, að málið myndi fá best endalok með því, að a.-liður brtt. verði samþ., en b.-liður feldur.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) kom ekki fram með neinar verulegar upplýsingar, og því óþarft að svara honum mörgum orðum. Hann kvaðst hafa talað við brjóstsykurframleiðanda, og hefði hann látið illa yfir þessari tollhækkun. Því er að svara á þá leið, að í nefndinni komu fram áreiðanlegar upplýsingar um það, að einmitt sá sami framleiðandi hefði lýst því yfir, að hann væri, eftir atvikum, ekki óánægður með tollinn.

Hvað vindlatollinum viðvíkur, finst mjer óþarfi að breyta honum frá því, sem segir í frv., þar sem upplýst er, að enginn rekur vindlagerð hjer á landi, og því engar nauðsynjar reka til tollhækkunar.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) benti á, að ekki myndi þurfa meira en ⅔ af tóbaki í 1 pund af vindlum, en hv. 4. landsk. þm. (G. G.) bjóst aftur á móti við, að talsvert

af vindlum og brjóstsykri myndi fara í súginn hjá framleiðendum.

Mjer finst besta lausnin á málinu vera sú, að láta gamla tollinn standa og samþ. frv. óbreytt.

Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) sagði í gær í öðru máli, að vaxandi heimska væri að gera vart við sig í þinginu, sjerstaklega í Nd., en jeg er hræddur um, ef svo er, að Ed. sje líka nokkru þynnri en áður var, t. d. þegar lagður var tollur á þessar vöruteg-undir í upphafi.

Halldór Steinsson: Hvað snertir vindlatollinn vil jeg taka það fram, að hjer er ekki um neinn nýjan toll að ræða. Þessi tollur var lagður á 1917, og var þá jafnómögulegt, að innlend vindlagerð gæti þrifist, sem nú. Spurningin er, hvort menn vilji, að ríkissjóður hafi nokkurn verulegan ágóða af tóbakstollunum, því augljóst er, að lækki tollur á innlendum vindlum, þá skerðir það að mun tóbakstollinn í heild sinni.

Annars stóð jeg upp til þess að andmæla orðum hv. 4. landsk. þm. (G. G.) um það, að álits brjóstsykursgerðarmannsins hafi ekki verið leitað áður en tollurinn kom til umræðu í nefndinni. Brjóstsykursgerðarmaðurinn bað einn þm. úr Nd. að finna sig til að tala um þetta mál, og hefir sá þm. sagt, og það síðast nú á þessu augnabliki, að brjóstsykursgerðarmaðurinn hefði lýst því yfir, að hann gæti sætt sig við þann toll, er frv. tiltekur, þegar tillit væri tekið til hækkunar aðflutningsgjalds á innfluttum brjóstsykri.

Magnús Torfason: Þegar mál þetta var til umræðu síðast hjer í deildinni, gat jeg þess, að ekkert nýtt kæmi fram í þessum lögum, því hlutfallið milli tóbakstolls og vindlatolls er það sama og í lögunum frá 1917, en þá var togast um að breyta ekki hlutfallinu milli tóbakstolls og vindlatolls, því áður hafði verið verndartollur á vindlum, en hann var afnuminn 1917.

Mjer hefir skilist, að stefnan sje hin sama nú, sem sje að leggja meiri áherslu á að auka tolltekjur landsins en að láta vindlatollinn vera verndartoll til eflingar innlendum iðnaði. Og mig furðar ekki á slíkum hugsunarhætti, þegar verið er af alefli að leggja útrýmingargjöld á tilraunir manna til að afla sjer nauðsynja.

Jeg vildi geta þess, svo menn vissu, um hvað þeir eru að greiða atkvæði í máli þessu.

Jeg get tekið undir það með háttv. 4. landsk. þm. (G. G.), að mjer er ekki um að elta innlend iðnaðarfyrirtæki út í æsar, sjerstaklega meðan útgerð þeirra er ekki komin í sæmilegt horf. Fyndist mjer eðlilegra að styrkja þau, svo að þau geti staðið útlendum fyrirtækjum á sporði.

Fjármálaráðherra (S. E.): Þó að brtt. 4. landsk. þm. (G. G.) verði samþykt, skapast samt engin vernd fyrir innlendar vörur. Kostnaðurinn er svo mikill við framleiðsluna, að það hefir sýnt sig, að hún borgar sig ekki.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) var að tala um útrýmingartoll. Á því er ekkert mark takandi. Slík orð eru töluð til að dekra fyrir kjósendum, og verður að fyrirgefa, þegar kosningar eru svo nærri.

ATKVGR.

Brtt. 456,a. samþ. með 9 : 5 atkv
— 456,b. — — 8 : 5 —

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj atkv. og endursent Nd.

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 28 ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 526).

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 12. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 526, n. 774, 787).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 787, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Björn R. Stefánsson): Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, er þetta frv. komið frá mjer og hv. þm. Borgf. (P. O.). Í Ed. hefir það tekið dálitlum breytingum, og er aðalbreytingin fólgin í því að lækka gjaldið í ríkissjóð. Okkur flm. sýnist svo, sem við upphaflega höfum alveg stilt við hóf gjaldið, og sjáum enga ástæðu til að fallast á þá lækkun, sem hv. Ed. hefir gert. Við höfum því komið fram með brtt. um að færa gjaldið í sama horf og áður.

Að öðru leyti álítum við ekki, að hjer sje um það stórmál að ræða, að við viljum gera það að kappsmáli, hvað ofan á verður.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) hefir þegar tekið fram, í hverju breytingin á þessu frv. er fólgin. Fjárhagsnefnd þessarar hv. deildar hafði fallist á að láta frv. standa eins og það er komið frá Ed., því hún vildi ekki gera það að ágreiningsatriði milli deildanna, að Ed. lækkaði gjaldið. Hins vegar hefði hún heldur kosið, að frv. hefði fengið að standa óhaggað eins og það fór úr Nd., og nú hefir nefndin komist að því, að Ed mundi ef til vill ganga að frv. eins og það var upphaflega, komi það nú aftur fyrir þá hv. deild. Og getur því nefndin ekki haft á móti, að brtt. hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) verði samþykt.

Svo skal jeg geta þess, að Ed. hafði gert orðabreytingu á tveim stöðum, sett orðið „ríkssjóður“ í stað „landssjóður“, en svo gleymt því á einum stað. Vill nefndin leiðrjetta það sem prentvillu og finnur ekki ástæðu til að vera að koma með sjerstaka brtt. um svo smávægilegt atriði.

ATKVGR.

Brtt. 787. samþ. með 15 : 1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri,

eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 799).

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 799, 812).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 812, sem of seint var útbýtt.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við frv.; eru það hinar sömu og voru samþyktar áður hjer í hv. deild, og því ekki þörf á að ræða þær mikið; það var svo mikið talað um þær þegar þær voru samþyktar hjer. Hv. Nd. breytti frv. í hið fyrra form sitt, og hún vildi ekki einu sinni mæta oss á miðri leið, t. d. með því að samþykkja annanhvorn liðinn. Það er því ljettari eftirleikurinn.

Jeg lít svo á, að með frv. þessu sje verið að setja á fót bannlög gegn þessum atvinnugreinum, en alls ekki verið að hugsa um tekjuauka fyrir landssjóðinn. En slík bannlög eru hvorki nauðsynleg nje holl fyrir þjóðfjelagið, því afarasælast mun vera að efla fremur iðnað vorn og at-

vinnugreinar en að leggja allskonar höft fyrir hann. Og jeg tel víst, að hv. þm., er samþyktu brtt. um daginn, hafi litið svo á málið, og vænti jeg, að þeir hviki ekki frá því; annars læt jeg það ráðast, hvernig um brtt. fer; jeg hefi ekki átt tal við aðra um hana.

Fjármálaráðherra (S. E.): Þessi breyting á frv. var gerð af svo miklum meiri hluta í hv. Nd., að jeg tel þýðingarlaust að setja frv. í sama horf og það fór hjeðan. Úrslitin í sameinuðu þingi fyrirsjáanlega viss.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það urðu svo miklar umræður um þetta mál áður hjer í hv. deild, að ekki er þörf að auka þær. Jeg vil að eins lýsa yfir því, að fjárhagsnefndin hefir athugað frv. eftir að það kom frá hv. Nd. nú,— sem felt hefir breytingu þá, er ófyrirsynju var gerð á því hjer í hv. deild —, og hefir komist að sömu niðurstöðu og áður, að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt

ATKVGR.

Brtt. 812. feld með 7 : 5 atkv.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 831).

---

54 Læknishjerað í Hólshreppi.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 12. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu (A. 53).

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Það er nú svo um þetta frv., eins og mörg önnur, að það er hjer gamall gestur. Og það má ef til vill segja um það, eins og fleiri bænir um fjölgun lækna, að leiðir verði langþurfamenn.

En þó get jeg ekki búist við því að óreyndu, að hv. deild verði svo ósanngjörn, að gera frv. þessu sömu skil nú og tíðkast hefir um slík mál.

Jeg þarf ekki að bæta miklu við ástæður þær, sem fylgja frv., sem eru brjef frá hreppsnefndinni í Hólshreppi. Auk þess liggur frammi samþykt frá sýslunefndinni og enn fremur frá fjölmennum þingmálafundi, sem haldinn var í Bolungarvík. Skal jeg síðar koma að því, hvað það var, sem sjerstaklega hvatti sýslunefndina til að samþykkja þetta.

Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um, hvernig hagar til hjer, þar sem margir hv. þm. munu vera kunnugir staðháttum, og verður því minni ástæða til að rengja það, sem sagt er í umsókn hreppsnefndarinnar.

Þess er ekki að dyljast, að þessu hjeraði er þannig í sveit komið, að oft er algerlega ómögulegt að ná til læknis, því að svo er þar brimasamt, að oft er ekki hægt að koma skipi á flot dögunum saman. Sjúklingarnir verða því að deyja drotni sínum, án þess að hægt sje að leita læknishjálpar, þar sem landvegurinn er líka oft alger ófæra og lífshætta um hann að fara, vegna snjóflóða á vetrum og skriðna og grjótflugs bæði haust og vor. Enda hafa menn líka oft farist þar.

Sjóferð eftir lækni kostar, eins og tekið er fram í brjefi hreppsnefndarinnar, nú orðið ekki minna en 90—120 kr., auk borgunar til læknis og lyfjabúðar.

Nú er það oft, að fátæklingar þurfa tíðara að leita læknis en aðrir, af ýmsum ástæðum, og hefir þeim þá stundum reynst ókleift að standast kostnaðinn, en það hefir

orðið til þess, að sveitin hefir orðið að hlaupa undir bagga með þeim.

Hygg jeg því, að ekki geti talist rjett af löggjafarvaldinu að fresta lengur ráðstöfunum þessum, sem meðal annars geta orðið til þess að bjarga þegnfjelagslegu sjálfstæði manna og persónulegu frelsi.

Þetta voru örðugleikarnir, en þá er eftir að líta á hitt, hve mörg mannslíf geta hjer verið í veði.

Við síðasta manntal var íbúatalan um 1000, en er nú um 900. Stafar sú fækkun meðal annars af burtflutningi á sveitföstum þurfamönnum annarsstaðar, nú upp á síðkastið.

En þótt íbúatalan sje ekki hærri en 900, þá er oftast 2—300 fleira þar af fólki, og kemur það af því, að Bolungarvík er ein af stærstu veiðistöðum landsins, og streymir þangað fólk úr öllum áttum, auðvitað flest úr Ísafjarðarsýslu. Og þetta var það sem aðallega vakti fyrir sýslunefndinni, að vera með frv., að allir hreppar sýslunnar eiga þar meira eða minna af fólki.

Það má því ekki líta eingöngu á föstu íbúatöluna, heldur verður að gæta þess, að þarna er mestan hluta ársins mikill fjöldi aðkomufólks.

Það mun því ekkert of mikið fullyrt, þótt talið sje, að þar dvelji að jafnaði 1100—1200 manns.

Líti maður nú á fólksfjölda annara læknishjeraða og beri saman við fólksfjöldann í þessu læknishjeraði, þá sýnir sá samanburður, að í 11 læknishjeruðum eru færri menn en þar eru búsettir, og í 7 læknishjeruðum færri menn en vanalega eru í Bolungarvík á vertíðum vetur og vor. Jeg miða hjer við manntalið 1920, og má búast við, að síðan hafi þeim fjölgað, læknishjeruðunum, sem færri hafa íbúana en Bolungarvík, því víða hefir fólki heldur fækkað í sveitum nú upp á síðkastið, en fjölgað aftur víða annarsstaðar. Læknishjeruðin, sem jeg mintist á, get jeg talið hjer upp, því jeg hefi skrifað þau upp úr manntalinu. Þau eru þessi:

1.	Reykhólahjerað	með	594 íbúa.
2.	Flateyjarhjerað	—	589 —
3.	Bíldudalshjerað	—	658 —
4.	Hesteyrarhjerað	—	744 —
5.	Reykjafjarðarhjerað .	—	581 —
6.	Hólmavíkurhjerað ..	—	856 —
7.	Siglufjarðarhjerað ..	—	654 —
8.	Axarfjarðarhjerað ..	—	754 —
9.	Þistilfjarðarhjerað ..	—	838 —
10.	Vopnafjarðarhjerað ..	—	742 —
11.	Berufjarðarhjerað . ..	—	839 —

Hin 7 hjeruðin, sem jeg áður nefndi, eru þessi:

1.	Síðuhjerað	með	994 íbúa.
2.	Flateyrarhjerað	—	1049 —
3.	Nauteyrarhjerað	—	985 —
4.	Höfðahverfishjerað ..	—	965 —
5.	Reykdælahjerað	—	1082 —
6.	Fljótsdalshjerað	—	1071 —
7.	Fáskrúðsfjarðarhjerað	—	1044 —

Þessi hjeruð hafa engin meira en laust yfir 1050 íbúa, og býst jeg við, að í þeim hafi fólki fremur fækkað en fjölgað. Það má því öllum ljóst vera af þessum tölum meðal annars, að full þörf muni vera sjerstaks læknis í Bolungarvík.

Eins og hv. þm. er kunnugt, er Hólshreppur hluti úr Ísafjarðarhjeraði, sem er 3. fjölmennasta læknishjeraðið á landinu, svo að þar munu nú vera fullkomlega 4000 íbúar, þar af rúm 900 eða ca. ¼ partur í Hólshreppi. Nú er því svo varið um Ísafjarðarhjerað, að það nær yfir 2 hreppa auk Ísafjarðarkaupstaðar og Hólshrepps, nefnilega Eyrarhrepp og Súðavíkurhrepp, og hluta úr Ögurhreppi. Og er sú raun á orðin, og það árlega, að þegar Bolvíkingar eða Hólshreppsmenn hafa komið eftir lækni til Ísafjarðar, þá hefir það komið fyrir, að hvorugur læknirinn hefir verið við látinn að fara, annar ef til vill í læknisferð inni í Djúpi, hinn svo önnum kafinn í kaupstaðnum, að hann hefir ekki mátt fara,

svo Bolvíkingar hafa orðið að fara erindisleysu.

Jeg efast nú stórlega um það, bæði af því, hve læknishjeraðið er víðlent, og af öðrum greindum ástæðum, að eitt einasta hjerað á landinu hafi jafnmikla samgirniskröfu til sjerstaks læknis eins og Bolungarvík. Hv. þm. vilja nú ef til vill segja, að jeg hafi ekki fært fram aðrar ástæður með þessu frv. mínu en þær, sem menn hafa áður hjer í þingsalnum heyrt kveða við undir líkum kringumstæðum. Má vera, að svo sje. En jeg hefi þá líka enn eina astæðu fyrir rjettmæti frv., ástæðu, sem aldrei hefir heyrst hjer á þingi áður, þegar um stofnun nýs læknishjeraðs hefir verið að ræða. Undanfarin ár hefir læknisþörfin sorfið svo að þessum aumingja mönnum í Bolungarvík, að þeir hafa orðið að ráða sjerstakan lækni, að öllu launaðan á þeirra kostnað. Þetta yfirstandandi ár er læknirnum greitt 3600 kr. í laun úr sveitarsjóði, auk borgunar fyrir aukaverk, sem nemur 4 kr. á hvert mannsbarn í hreppnum. En þetta hafa hreppsbúar viljað leggja á sig heldur en að standa uppi læknislausir. Þetta einsdæmi ætti síst að verða til þess að spilla fyrir þeim við hið hv. Alþingi, heldur þvert á móti til þess að opna augu hv. þm. enn betur fyrir því, hve þörfin er afskaplega brýn fyrir sjerstakan lækni. Þessar tölur tala hjer máli þessa hjeraðs miklu betur en nokkur ræðumaður getur gert á þingi.

Jeg skal taka fram með þakklæti, að hv. Alþingi hefir undanfarið veitt 500 kr. á ári til læknishjálpar í Bolungarvík, en eins og menn sjá, nær sá styrkur skamt. Jeg skal líka geta þess með þakklæti, að stjórnin sendi sjerstakan lækni til Bolungarvíkur í inflúensunni síðastliðinn vetur. Það var vel gert, en því miður kom hjálpin af seint. Mörg dauðsföll urðu þegar læknirinn kom, en ómögulegt að ná til læknis frá Ísafirði, þar sem báðir læknarnir þar lágu. Hefði læknir verið fyrir í Bolungarvík, hefði aldrei komið til, að slíks hefði þurft.

Nú má enn fremur benda á það, að í verstöð, eins og Bolungarvík, þar sem margt fólk safnast saman við ljelegan útbúnað, er miklu kvillasamara en í sveitum. Auk þess er þar miklu hættara við slysum, og þau alltíð í Bolungarvík, án þess stundum að nokkuð sje hægt við að gera. Það er t. d. ekki mjög langt síðan maður varð undir mótorbát í Bolungarvík; hann kramdist stórkostlega og dó, án þess að náð yrði til læknis nógu fljótt.

Jeg hefi aldrei verið mikið gefinn fyrir að flytja mál hjer á þingi, sem auka ríkissjóði útgjöld, en þegar málin eru svona vaxin, þá vil jeg láta gera undantekningar. Og jeg álít, að þingið geti naumast verið þekt fyrir að láta neyðina þrengja svo að þessum mönnum, að þeir leggi á sig afarháan nefskatt til þess að gera það sjálfir, sem ríkið á að gera til þess að tryggja líf og heilsu þarna. Jeg vil svo enda mál mitt með þeirri ósk, að hv. deild taki málinu vel, og vona, að hv. deild og hæstv. stjórn láti það ekki gjalda þess, þó að þm. N.-Ísf. sje kann ske ekki vel sjeður hjá þeim.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get vel tekið undir það með hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að ekki sje heppilegt, að mál komi mörg fram um aukin útgjöld ríkissjóðs, en nokkur frv. eru þegar komin fram á þinginu um að fjölga læknishjeruðum. Jeg verð þó að segja um þetta frv., að jeg tel alveg sjálfsagt, að frv. sje látið ganga til nefndar, — sem hjer mun eiga að vera hv. allsherjarnefnd, — og skal bæta því við, að jeg býst við, að svo standi á um Bolungarvík, að hún ætti að koma einna fyrst til greina, ef farið yrði að fjölga læknishjeruðum. Þar er bæði fjölment, og má búast við að fjölgi þar meira en annarsstaðar. Álitamál væri þá, ef Bolungarvík væri gerð að sjerstöku læknishjeraði, hvort þá

þyrfti aðstoðarlækni á Ísafirði. Jeg tel sjálfsagt, að athuga málið í nefnd og sjá, hverju fram vindur um laun lækna yfirleitt. Ef kröfur lækna um launauppbót ná fram að ganga, munar talsvert um þau auknu útgjöld, sem af svona lagaðri ráðstöfun mundi leiða, en annars ekki að ráði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) í e. hlj.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A 53, n. 436, 444 og 524).

Sigurður Stefánsson: Af því að fundur er orðinn svo langur, vil jeg skjóta því til hæstv. forseta og hv. deildarmanna, hvort þeir vilji ekki láta umr. um þetta mál bíða til 3. umr. og lofa því málinu að ganga þangað umræðulaust.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 15 : 4 atkv

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 1 atkv.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 6. sept., var frv. tekið til 3. umr.

Sigurður Stefánsson: Frv. þetta hefir verið lengi á leiðinni, þótt lítið sje. Jeg get samt verið þakklátur meiri hluta allsherjarnefndar fyrir að leggja það til, að frv. verði samþykt. Hann hefir auðsjáanlega tekið þær hinar brýnu ástæður til greina, sem bornar voru fram fyrir þessari beiðni. Jeg þarf ekki heldur að vera hinum nefndarhlutunum vanþakklátur. Þeir hafa viðurkent nauðsynina á þessu, þótt þeir vilji fara aðra leið en meiri hlutinn.

Minni hlutinn er tvískiftur, vill annar hl., hv. þm. Borgf. (P. O.), hlaupa hjer undir bagga með 1500 kr. styrk, en hinn, hv. 2. þm. Árn. (E. A.), leggur til, að veittur sje 3000 kr. styrkur. En eftir till. minni hlutans jafnast hvorug upphæðin við það, sem Hólshreppur geldur nú fyrir læknishjálp. Þótt hærri upphæðin væri veitt, þyrfti Hólshreppur að gjalda 600 kr. til þess að geta haldið samninga sína við hinn núverandi lækni, en samkvæmt lægri upphæðinni 2100 kr.

Jeg skal ekki fjölyrða um þetta frekar, en vona hins vegar, að deildin líti með samúðarauga á þetta mál, því að hjer er um brýna lífsnauðsyn að ræða. Og þó að þingið verði svo ósanngjarnt, að sýna hjer enga linkind, þá munu Hólshreppingar samt halda áfram með að fá lækni, því að það, að þeir sjeu læknislausir, er í mörgum tilfellum sama sem að þeir sju líflausir.

Jeg vona því, að háttv. deild taki þessu nauðsynjamáli vel og samþ. frv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Flm. (S. St.) gat þess, að mál þetta hefði verið lengi á leiðinni. Það er rjett. En það er langt síðan að málið fór frá nefndinni, og það er ekki henni að kenna, þó að dregist hafi að taka það á dagskrá.

Annars vil jeg benda hv. flm. (S. St.) á það, að ef frv. verður samþykt, þarf að taka ákvæði um laun hjeraðslæknisins upp í launalögin, áður en þau verða afgreidd frá þinginu.

Frsm. annars minni hl. (Pjetur Ottesen): Jeg skal ekki fjölyrða um þetta mál, vil að eins benda á það, að ástæður þær, sem jeg hefi bygt á niðurstöðu þá, sem jeg hefi komist að í þessu máli, eru skýrt og greinilega teknar fram í nál. á þgskj. 444, og vísa jeg hjer með til þeirra.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 8. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu,

eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 708).

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 9. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti: Frv. þetta er komið hingað frá hv. Nd. og var þar í allsherjarnefnd. Jeg leyfi mjer því að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til allsherjarnefndar.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil benda á, að samskonar mál og þetta er hjá fjárhagsnefnd, og tel jeg því rjettast að vísa þessu frv. þangað og leyfi mjer að gera það að tillögu minni.

Forseti: Samkvæmt þingsköpunum á að vísa frv. til allsherjarnefndar, ef því verður vísað til nefndar, úr því sú nefnd hafði það til meðferðar í hinni deildinni.

Jóhannes Jóhannesson: Þá vil jeg óska þess, að leitað verði afbrigða frá þingsköpunum um þetta. Jeg tel sjálfsagt, að samskonar frv. sjeu hjá sömu nefndinni, en ekki dreift á milli þeirra.

Forseti: Jeg skal gjarnan leita afbrigða frá þingsköpunum, en jeg fyrir mitt leyti sje enga ástæðu til, að þau verði veitt. Það er í fyrsta sinn, sem farið er fram á afbrigði frá þeim um slík efni, og ef það færi að tíðkast, þá mundi leiða af því hinn mesta rugling og glundroða. Jeg vil spyrja hæstv. ráðherra, hvort hann leyfi afbrigðin.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg sje enga ástæðu til afbrigða frá þingsköpunum um þetta.

Magnús Torfason: Jeg legg til, að frv. gangi nefndarlaust áfram.

Forseti: Það er lausn á málinu, og jeg get gjarnan fallið frá nefndartillögu minni.

Halldór Steinsson: Jeg tek upp tillögu forseta um allsherjarnefndina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 708, n. 767).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv., með því að í nál. eru í 5 liðum færðar ástæður fyrir nauðsyn þess, og leyfi jeg mjer að vísa til þess. Þó er ein ástæða, sem ekki er tölusett þar, sem sje sú, að Bolvíkingar hafa þegar ráðið sjer fastan lækni með allháum launum, og sýnir það ljósast, að læknisþörfin er mikil og brýn. Vona jeg því, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15 sept., var frv. tekið til 3. umr. (A 708).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 832).

---

55 Landhelgisvörn.

Á 44. fundi í Ed., laugardaginn 30. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um landhelgisvörn (A. 582).

Á 45. fundi í Ed., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg skal leyfa mjer að endurtaka orð mín, sem jeg sagði í þingbyrjun, að íslenskt loft væri þrungið af viðfangsefnum, sem bíða lausnar og þola enga bið.

Mest auðæfi landsins eru fólgin í sjónum með fram ströndum landsins. Raunar er menn nú farið að dreyma um fossana, en það er meira í fjarsýn, og óvíst, hversu mikil heill landinu kann að standa af því að styðja þau viðfangsefni, sem sumir tengja við fossana. En hitt er vitanlegt, að mestu máli skiftir fyrir efnahag landsins, að auðæfi sjávarins komi að því gagni, sem þau eiga að gera. Af aðalatvinnuvegum landsins er sjávarútvegurinn sú grein sem mest ríður á að sem best sje borgið, með því að hann ber mest og hefir mest burðarþol til þess að standast þarfir landsins.

Það er alkunna, að hætta vofir yfir þessum atvinnuvegi, eins og drepið er á í nál. Þessi hætta er svo mikil, að sjómenn hafa árum saman lagt á sig miklar byrðar til þess að tálma henni, og er það ljós vottur þess, hve miklu máli þeim þykir skifta þetta atriði. Aldrei hefir mönnum veist betra tækifæri til þess að sannfærast um þetta en á þessum síðustu árum, stríðsárunum. Þau árin hafa verið óminnileg aflaár í flestum veiðistöðum landsins, en nú, jafnskjótt sem hin útlendu fiskiskip eru farin að sækja að landinu, þykjast menn þegar vera farnir að finna áhrif þeirra, þannig að nú á útlíðandi sumri er fiski tekið að þverra, og segja kunnugir, að það stafi beint af því, að hinum útlenda skipastól hefir fjölgað.

Alþingi hefir ekki áður dulist það, hverja þörf sje hjer um að ræða, því að það hefir stofnað sjerstakan sjóð til þess að verjast þessari hættu, landhelgissjóðinn. Hugsuðu menn sjer þá, að beðið yrði þangað til sjóði þessum yxi svo fiskur um hrygg, að hann gæti sjálfur kostað varnirnar. En nú er svo komið, að sjávarútvegsnefndir beggja deilda telja ekki hægt að bíða og ekki annað fært, þótt margt annað kalli að, en að koma nú fram með þetta frv., með því að svo geti farið, að á næsta einu, tveim eða þrem árum verði sjávarútvegurinn fyrir þeim skakkaföllum, að stórt skarð verði höggvið í það, sem þessi atvinnuvegur leggur til landsins þarfa.

Greinargerð frv. sýnir það, að sumir nefndarmanna telja máli þessu ekki hrundið í rjett horf fyr en við höfum tekið alla landhelgisvörn í hendur vorar, þótt nefndin viðurkenni, að nokkur bót væri í þeirri vörn, sem Danir hafa skuldbundið sig til að halda hjer. En það varð úr, að ekki var lengra farið í þetta sinn en svo, að leggja til, að eitt skip væri gert út til varnar, en það var talið alveg óhjákvæmilegt, þótt hins vegar væri játað, að fjárhagur vor væri erfiður til að ráðast í svo mikið.

Nefndin hefir í greinargerðinni sett áætlun um rekstrarkostnað og miðað við nútímaverð.

Sjálft skipið mundi kosta 500—600 þús. kr., en landvarnarsjóður er orðinn um 150 þús. kr.

Jeg leyfi mjer, fyrir hönd nefndarinnar og fyrir hönd allra þeirra, er stunda þessa þýðingarmiklu atvinnugrein — sjávarútveginn — að óska þess, að hv. deild samþykki frv.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi búist við því, að þegar við tökum upp landvarnirnar, að einhverju eða öllu leyti, þá höfum við það á svipaðan hátt og aðrar þjóðir, þannig, að skipin sjeu svo vel útbúin, að þau geti höndlað þá seku bæði utan og innan landhelginnar, en mjer líst svo, að þetta sje ekki hægt eftir frv. En ef vörnin á að vera örugg, þá væri kostnaðurinn meiri. Fólk það, sem gert er ráð fyrir í nál. að skipið hafi, er of fátt til þess, að það geti haft slíkar varnir; það verður að vera svo mannmargt, að það geti sett menn úr varðskipinu yfir í fiskiskip til þess að láta flytja það til lands.

Ef nefndin aftur á móti ætlast til, að hjer sje einvörðungu um lögregluvörn að ræða, þá sýnist mjer skipið vera of stórt. Mjer hefir verið sagt, að Ameríkumenn noti mótorskip eigi allstór, og það meðal annars af þeirri ástæðu, að það sjest enginn reykur frá þeim, og verður því síður vart við þau en gufuskip.

Mjer skilst, að nefndin vilji hraða málinu, en er ekki rjettara, áður en ákvörðun er tekin, að yfirvega og undirbúa rækilega alt skipulag um landvarnir vorar og gæta að, á hvern hátt þær yrðu hagfeldastar fyrir okkur?

Ef á að kaupa eins stórt skip og nefndin ráðgerir, þá efa jeg, að það fáist fyrir 500—600 þús. kr. Það er kunnugt, að það er ekki hægt að fá einfalt botnvörpuskip nú fyrir öllu minna en 600 þús. kr., og það yrðu þó að vera meiri þægindi um borð í landvarnarskipinu en þeim, svo skipið hlyti að verða dýrara.

Jeg er samdóma nefndinni um, að eitthvað þurfi að gera í þessu, en jeg hygg, að þingið, með öllum öðrum störfum sínum, geti ekki undirbúið þetta mál svo vel sje; best teldi jeg fara á því, að því væri vísað til stjórnarinnar, til þess að hún útvegaði allar skýrslur og upplýsingar um það, en á meðan á þeirri rannsókn stæði mætti fá báta eða skip til að halda vörnum uppi, t. d. líkri vörn og nú er við síldveiðarnar.

Karl Einarsson: Jeg vil að eins fara nokkrum orðum um áætlunina, af því að jeg hefi átt nokkurn þátt í henni, ásamt þeim mönnum, er þekkja til botnvörpuútgerðar.

Jeg skal strax taka það fram, að það er *meining nefndarinnar*, að skipið geti elt fiskiskip út fyrir landhelgina, og því er kaup skipstjóra sett svo hátt. Nefndin bjóst við því, að fyrir þá upphæð væri hægt að fá fyrirliða úr viðurkendum her, og hún hefir fulla ástæðu til að líta svo á, því fyrir líka borgun er slíkur maður ráðinn til fiskifjelags Vestmannaeyinga. Kaup annara er ekki miðað við það, að það sjeu fyrirliðar úr hernum. Það er rjett, að skipið er of stórt fyrir lögreglueftirlit, en nefndin var öll samdóma um, að hjer ætti að vera fullkomið eftirlit.

Hjer við land er stundaður sjór alla tíma árs, og oft verða slík eftirlitsskip að vera á ferð þegar telja má alósjófært veður, og þá eru þessir smábátar hreinir manndrápsbollar, og því ekki rjett að hafa þá til eftirlits, enda þyrfti skipið þá eflaust oft að fást við bjarganir. Auk þessa skips þarf smábáta fyrir Norður- og Vesturlandi, en þeir eru með öllu þýðingarlausir hjer syðra, þar sem sjórinn er stundaður að vetrinum.

Nefndin ætlast til þess, að skipin verði eins og miðlungsbotnvörpungar, svo að þau þurfi, eins og fröasku botnvörpuskipin, ekki að leita hafnar nema þegar þörf gerist.

Nefndin játar, að málið er ekki eins vel undirbúið og óskandi væri, en með frv. eru stjórninni gefnar svo lausar hendur, að hún getur gert það, sem hún vill, og ef stjórnin sjer, að kostnaðurinn verður til dæmis helmingi meiri en ráðgert er, þá getur hún afsakað sig með því og látið vera að framkvæma málið. En ef frv. verður samþykt, þá verður stjórnin að vinna að málinu, og því hefir athugasemd hæstv. forsætisráðh. (J. M.) styrkt mig í því, að rjett sje að samþykkja frv.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Athugasemdir þær, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) flutti, voru ekki meiri en jeg gat búist við, og í heild sinni er jeg honum þakklátur fyrir þær. Það var ljóst, að hann kann og skilur nauðsyn þessa máls.

Jeg verð að halda fast við það, sem jeg sagði, um að málið þolir enga bið; mjer er bæði af sjón og raun kunnugt um það, og er má ske nærnari fyrir málinu fyrir þá sök.

Nefndin ætlaðist til, að hjer væri um fullkomið varðskip að ræða, varðskip, er gæti elt skip út fyrir landhelgi, en jeg skal játa, að það hefir má ske ekki verið gert ráð fyrir fylstu kröfum; t. d. er það rjett, er hæstv. forsætisráðherra benti á, að það þarf fleiri menn, svo að það geti sett menn á önnur skip til að láta flytja þau til dómara, en það getur ekki munað neinu stórvægilegu.

Það er sjálfsagt rjett, að æskilegt væri, að málið fengi meiri undirbúning, en það hefir verið talað svo margt og mikið um það, að jeg skil ekki annað en það sje öllum ljóst orðið, og jeg tel ekki rjett að draga lengur framkvæmdir þess eða leiða það lengur á mjöðmina. Málið skiftir svo miklu. Jeg legg því eindregið til, að frv. verði samþykt, en ekki vísað til stjórnarinnar eða annað því um líkt.

Magnús Torfason: Jeg ætla mjer ekki að blanda mjer í deiluna milli hæstv. forsætisráðherra og nefndarinnar. Jeg vil að eins geta þess, að stjórnin verður að haga rekstri skipsins eins og rjettast og hentast þykir, en á ekki að vera bundin við áætlunina um það eða bygging skipsins.

En það er annað atriði, er jeg vildi sjerstaklega minnast á. Jeg get ekki fallist á það álit nefndarinnar, að það sje eðlilegt, að landhelgisvarnir Dana sjeu litlar eða sama sem engar, því það er sýnt, að skipið getur gert mikið gagn, og svo var á meðan Danir fengu nokkurn hluta sektanna. En eftir að sá hluti, illu heilli, var tekinn af þeim, hefir vörnunum hrakað ár frá ári, og nú orðið er nær ekkert gagn að þeim. Þeim er hagað svo, að skipið er það, sem þess er síst þörf, og ef það er á þeim slóðum, sem vera ber, hefst það mest við á höfnum inni.

Það var ákveðið í sambandslögunum, að Danir skyldu hafa varnir þessar svo sem verið hefir, en þær eru stórum verri nú en áður, nema ef miða á við stríðsárin, sem engri átt nær. Það verður því að gera kröfu til þess og gangskör að því, að landhelgisvörn þeirra verði meira en nafnið eitt, verði svo góð, sem best var hún áður.

Jeg taldi rjett að taka þetta fram við þessa umr., og sje enga ástæðu til að gefa Dönum neitt eftir í þessu efni, sje ekki betur en að þeir hafi brotið sambandslögin, því vörnunum hefir verið hagað rjett eins og þau lög hefðu lagt bann gegn landhelgisvörnum af Dana hálfu.

Jeg vænti, að hæstv. stjórn hlutist til um,

að landhelgisvarnir Dana verði sem bestar og best ræktar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi ekki sett út á kostnaðaráætlunina. Það má vera, að hún sje hæfileg; jeg skal ekkert um það segja, því jeg hefi ekki athugað hana. Jeg býst við, að ekki sje gott að segja um kolin eða kolanotkunina, og um laun skipstjórans veit jeg, að enginn skipstjóri á botnvörpuskipi hefir svo litlar tekjur; þeir hafa víst 20 þús. og þar yfir. En samt getur verið, að hægt sje að fá mann fyrir þetta kaup.

En þetta er svo stórt mál, að jeg tel sjálfsagt, að það sje vel undirbúið. Ef á að útbúa þetta skip sæmilega, þá þurfa að vera í því herbergi handa skipstjóra, stýrimönnum og vjelstjórum. Jeg tel, að það ætti að vera útbúið á líkan hátt og „Islands Falk", en þá efa jeg ekki, að byggingarkostnaðurinn verður meiri en nefndin áætlar. Annars er það ekki neitt höfuðatriði, hvort skipið kostar 200,000 kr. meira eða minna, þegar árskekstur þess er áætlaður um 300 þús. krónur.

Aðalatriðið er, að ekki sje hrapað að málinu og það sje vel undirbúið.

Það er líka mikil spurning um það, hvort hægt yrði að fá þetta skip bygt í sumar eða með haustinu.

Sem stendur er mjög örðugt að fá bygt nýtt skip, þar sem skipasmíðastöðvar hafa allar ærið að starfa til langs tíma. Að vísu mætti kaupa gamalt skip, en það væri hreinasta tilviljun, ef hentugt skip fengist.

Jeg tek því ekki aftur orð mín um það, að ekki megi hrapa að slíku stórmáli sem þetta er. Hv. Alþingi veit ekki, að hverju það gengur, en það má það til, áður en það samþykkir slíkt frv. sem þetta.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) gat þess rjettilega, að strandvarnir í ár hefðu verið minni en nokkru sinni áður, þegar styrjaldarárin eru talin frá.

Jeg tel sjálfsagt, að stjórnin — hverjir svo sem hana skipa — kvarti yfir þessu, og er viss um, að það verður lagfært.

Strandvarnarskipið kom í ár ekki fyr en vetrarvertíðin var að mestu liðin; olli því viðgerð á skipinu og veikindi skipshafnar. Auk þess var það við og við fjarverandi, svo rjett er, að vörnin var ónóg og ekki í því lagi, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) og jeg tel skyldugt vera, en jeg er viss um, að þetta verður leiðrjett.

En þó þetta verði leiðrjett, þarf, eins og nefndin rjettilega hefir tekið fram, meira en eitt skip til að gæta landhelginnar, og er jeg sammála henni um nauðsynina, sem rekur til þess, að landhelginnar sje gætt sem best.

En hitt tel jeg óforsvaranlegt, að ráðast í stórkostnað í blindni.

Jeg hefi ekkert á móti, að frv. þetta verði látið ganga til 2. umr. og jafnvel komi fram í báðum deildum.

Eitthvað mun það þó upplýsast við umræðurnar; en hitt er að minni hyggju ekki rjett, að það verði að lögum jafnóundirbúið og raun er á.

Magnús Kristjánsson: Mjer finst kenna nokkurs misskilnings hjá hæstv. forsætisráðherra (J. M.) á frv.

Í því er ekki farið fram á, að stjórnin geri neitt kraftaverk.

Jeg lít svo á, að í frv. liggi ekki annað en það, að stjórnin athugi, hvort ekki muni kostur á að fá leigt skip, sem bjargast megi við til að bæta landhelgisvarnirnar, eða ef það reynist óframkvæmanlegt, þá að taka á leigu skip, sem bjargast mætti við til bráðabirgða í því sama skyni. (*Forsætisráðherra*: Þetta stendur ekki í frv.). (*K. E.*: Kaupa og leigja er það sama.). Þó það ef til vill geti verið tvírætt í frv., kemur það skýrt fram í greinargerðinni. (*Forsætisráðherra*: Ef þessi skilningur er rjettur, hefði jeg aldrei talað móti frv.).

Jeg hefi aldrei ætlast til, að annað lægi í frv.

En til hins er einnig ætlast, að stjórnin rannsaki, hvort ókleift muni seinna að kaupa slíkt skip.

Er ekki óhugsandi, að eitthvert útgerðarfjelagið hjer gæti leigt slíkt skip á vetrarvertíðinni, þegar nauðsynin er bráðust.

Aðalvandinn mun verða að útvega góðan skipstjóra, og auk þess verður að undirbúa málið í samvinnu við utanríkisráðuneytið, svo ekkert rekist á.

Svona hefi jeg litið á málið og býst við, að samnefndarmenn mínir hafi gert það á sama hátt. Vona jeg, að þetta geti gengið sem fljótast fyrir sig, því tjónið verður því minna, sem drátturinn er minni.

Fyrir mjer er ekkert aðalatriði, að strax sje hægt að hafa fullkomið skip, er sje fært um að elta útlenda lögbrjóta út fyrir landhelgi og handsama þá í hafi.

Hitt er meira um vert, að útlend fiskiskip viti, að haft er auga með þeim, og hægt sje að sanna, ef þau seilast inn í landhelgi.

Sömuleiðis er mikið í það varið, að veiðarfæra landsmanna sje gætt, svo sjávarútvegurinn verði ekki fyrir öðru eins stórtjóni á veiðarfærum af hendi lögbrjóta og átt hefir sjer stað undanfarin ár.

Jeg skal ekki fara frekar út í þetta, enda lofaði jeg að vera stuttorður.

Vona jeg, að hv. þm. sje ljóst, að hjer er um 2 atriði að ræða, sem athuga verður sitt í hvoru lagi. (*G. G.*: Það er ekki í frv.). Þetta liggur í frv., og er auðsjeð, ef menn vilja lesa frv. með velvilja.

Áður en jeg sest niður, verð jeg að víkja að einu atriði í ræðu hv. þm. Ísaf. (M. T.), þar sem hann hálfhneykslaðist á því, að nefndin hefði talið eðlilegt, að eftirlitið með landhelgisvörninni væri slælegt. Hv. þm. (M. T.) hefir ekki lesið nógu langt í greinargerðinni, því þar stendur: „En hitt er jafnkunnugt, að sú vörn (þ. e. sem Danir eiga að halda uppi samkvæmt sambandslögunum) er allsendis ónóg og að miklu leyti sama sem engin vörn ....“

Forsætisráðherra (J. M.): Það breytir auðvitað alveg málinu, ef skilja á orðið að „kaupa“ í frv. sem „leigja“ Jeg hygg, að sú merking orðsins þekkist ekki í lagamáli og ekki heldur utan lagamáls. Mjer kom ekki til hugar, að hægt væri að skilja frv. á þessa leið, enda fer það í bága við allar venjulegar skýringarreglur.

Hv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að hægt væri að skilja frv. á þá leið, að „kaupa“ þýddi „leigja“, ef það væri lesið með velvilja, en mjer kom það ekki til hugar, enda hefði jeg ekki verið viðstaddur þessa umræðu, ef svo hefði verið, þar sem stjórnarskrármálið er til umræðu í Nd.

Nefndin hefir ef til vill leitað álits fjárveitinganefndar um frv? (*K. E.*: Það er ekki venja). Það þykir mjer einkennilegt, að álits fjárveitinganefndar skuli ekki vera leitað, þegar um miljónafyrirtæki er að ræða, en aftur á móti þegar um smáræði er að tala.

Það, sem jeg nú hefi sagt, ber að eins að skilja sem litla aths.

Með skýringu hv. þm. Ak. (M. K.) hefi jeg að svo stöddu ekkert að athuga við frv.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg þarf ekki að fjölyrða um það, að hjer er um stórt og nauðsynlegt málefni að ræða, sem sje að tryggja jafnmikilsvarðandi atvinnuveg og sjávarútvegurinn er Vil jeg styðja, að málið fari til 2. umr. og 1. gr frv. verði orðuð á þá leið, að skýrt komi fram í henni hugsun flutningsmannanna, sú er þeir hafa látið í ljósi.

Fyrir mjer vakir, að ef við eigum að taka strandvarnirnar í okkar hendur, að meira eða minna leyti, muni best, að náð

verði í fullkomið skip, er fært sje um að elta uppi sökudólgana og fá þá sektaða, svo eitthvað komi í aðra hönd.

Jeg hefi ekki mikla trú á þessum barnaskipum, en þó við neyðumst til að nota þau fyrsta kastið, á þó stefnuskráin að ganga í þá átt, að landhelgin verði sem best varin.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg get byrjað með því að þakka hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) ræðu hans í þessu máli, og er jeg sammála honum um það, að best verði að hafa alt sem fullkomnast.

Það var rjett, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) mintist á, að ekki stendur í frv., að stjórnin skuli leigja skip, heldur kaupa eða láta byggja, og var það aðalhugsun nefndarinnar. Hins vegar býst jeg við, sbr. og skilning meðnefndarmanna minna, að stjórninni myndi ekki óheimilt að leigja skip, meðan verið væri að kaupa eða láta smíða það skip, er nota ætti til frambúðar. Hefi jeg ekkert á móti, að 1. gr. frv verði breytt svo til 2. umr., að þetta komi enn skýrar fram.

Viðvíkjandi aths. þeirri, er hæstv. forsætisráðherra kom með um það, að kaup það, er nefndin hafði áætlað, myndi alt of lágt, saman borið við kaup togaraskipstjóra, er því til að svara, að nefndinni hefir aldrei komið til hugar að bera kaup skipstjóra strandvarnarskipsins saman við hið gífurlega kaup togaraskipstjóra. Nefndin setti þessar tölur í greinargerðina með tilliti til þess, hvernig skipstjórar á samskonar skipum eru launaðir með erlendum þjóðum.

Jeg get verið sammála hæstv. forsætisráðherra (J. M.) um það, að útbúnaðurinn á væntanlegu strandvarnarskipi verður að vera góður. Nefndin hefir ekki treyst sjer til að gera áætlun um, hversu mikið slíkt skip muni kosta, en jeg býst við, að verðið verði 5—600 þús. kr. Og þó verðið kunni að verða 700 þús. kr., skiftir það ekki svo miklu máli, þar sem sú upphæð er greidd svo að segja í eitt skifti fyrir öll.

En hæstv. forsætisráðherra (J. M.) var að tala um, að ekki mætti hrapa að málinu. Það er ekki vilji nefndarinnar, að hrapað sje að því. En jeg tel það ekki að hrapa að málinu, þó farið sje nú að undirbúa það, þar sem mál þetta hefir verið athugað bæði í ræðu og riti ár eftir ár, og jeg leyfi mjer að mótmæla því, að ekki verði byrjað að byggja skipið fyr en að sumri. Útlendingar geta verið búnir að gereyðileggja fiskimiðin fyrir þann tíma, og eftir framferði þeirra að dæma þennan stutta tíma síðan friður var saminn, tel jeg líklegt, að svo verði.

Jeg tel það gersamlega óforsvaranlegt, ef þingið gerir ekki eitthvað til að hrinda þessu máli sem fljótast í viðunandi horf.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er hverju máli til skýringar, að orðlengja ekki um það, sem menn eru sammála um.

Jeg tek það fram, að jeg álít, að ómögulegt sje að fá duglegan skipstjóra fyrir þau laun, sem gert er ráð fyrir í greinargerðinni. Jeg mintist áðan á, að skipstjórar á botnvörpungum hafa yfirleitt miklu hærra kaup, og sama er að segja um skipstjóra hjá Eimskipafjelaginu.

Jeg tók það fram áðan, að jeg er ekki að finna að áætlun nefndarinnar, þó jeg minnist á þetta; til þess hefi jeg ekki kynt mjer málið nægilega.

Jeg sagðist ekki búast við, að unt væri að byrja að byggja strandvarnarskip fyr en að sumri, og tek jeg þau orð ekki aftur. Ef til vill væri hægt að fá einfaldan botnvörpung bygðan fyr, því þeir eru af standard-gerð, en strandvarnarskip yrði að vera nokkuð öðruvísi.

Annars man jeg ekki eftir, að nokkuð nýtt hafi komið fram, sem ástæða sje til að svara.

Karl Einarsson: Það eru að eins örfá orð út af skýringu hv. þm. Ak. (M. K.) á 1. gr. frv.

Jeg tel víst, að það sje ljóst, þegar frv. er borið saman við greinargerðina, að álíti stjórnin óhentugt að kaupa skip sje henni heimilt að leigja það, meðan á byggingu nýja skipsins stendur. Það, sem nefndin leggur aðaláhersluna á, er að undinn sje bráður bugur að því, að strandvarnirnar komist í sæmilegt horf.

Mjer finst óþarfi að bæta orðinu „leigja" inn í 1. gr. frv., en get þó eftir atvikum, fallist á, að það sje gert, þeim til hægðarauka, sem ekki skilja, að „kaupa" getur í þessari merkingu einnig þýtt „leigja".

Forseti: Þó frv. þetta sje flutt af sjávarútvegsnefnd, legg jeg til, að því verði vísað til hennar aftur, svo hún geti leitað álits fjárveitinganefndar um fjárhagshlið þess, samkvæmt 16. gr. þingskapanna.

Karl Einarsson: Það hefir ekki verið venja að bera slík mál undir fjárveitinganefnd, jafnvel þó um miljónafyrirtæki hafi verið að ræða, sbr. t. d. hafnargerðina á Ísafirði.

Forseti: Jeg kannast ekki við, að þessi regla þingskapanna hafi verið brotin í þessari hv. deild.

Málið hefir að vísu verið í sjávarútvegsnefnd, og þarf því ekki beint að vísa því til hennar, en jeg tel þó rjett, að það sje gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2003) með 7 : 1 atkv.

Á 47. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 582, 638, 639).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Í tilefni af umræðum um mál þetta við 1. umr. frv. hefir nefndin leitað álits hv. fjárveitinganefndar um fjárhagsatriði málsins, og fylgir það á þgskj. 639. Þá hefir nefndin enn fremur borið fram brtt. á þgskj. 638, vegna þess að það þótti orka tvímælis, að stjórnin hefði samkvæmt frv. heimild til að taka skip á leigu. Með þessari brtt. er tekinn af allur vafi á því.

Nefndin leggur áherslu á, að mál þetta komist sem fyrst til framkvæmdar, því eins og jeg tók fram við 1. umr., þolir það enga bið, en það getur tekið tíma að fá smíðað nýtt skip, og því er nauðsyn, að stjórnin hafi leiguheimild þá, er felst í brtt.

Jeg hygg, að málið sje svo skýrt og einfalt, að öllum hv. þm. sje það ljóst, og vænti þess, að það nái samþykki deildarinnar og þingsins.

ATKVGR.

Brtt. 638. samþ. með 8 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 5. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 656).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 6. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um landhelgisvörn, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 672).

Á 58. fundi í Nd., mánudaginn 8. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Frv. þetta hefir komið fram í Ed. og verið samþykt af samvinnunefnd beggja deilda.

Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að eyða mörgum orðum að þörfinni á aukningu landvarna. Hjer getur ekki verið um annað að tala en fjárhagsatriðið.

Nefndin er þeirrar skoðunar að aukning landvarna hljóti að auka framleiðslu á fiski að miklum mun. Það er öllum ljóst, að ófriðarárin, þegar erlend fiskiskip voru hjer fá, var afli hjer með langmesta móti.

Það er víst, að þegar útlendingar fara aftur að koma hingað með fiskiskip sín, þá verður aðsóknin ekki að eins eins mikil og áður, heldur meiri. Og verður því enn meiri þörf á góðri landhelgisgæslu. Eftir samningunum við Dani höfum við rjett til að auka landhelgisvarnirnar eftir vild, og enda taka þær alveg í okkar hendur. Hjer er að eins farið fram á að auka vörnina, en ætlast til, að Danir haldi áfram að annast hluta hennar.

Sjávarútvegsnefndir beggja deilda hafa því lagt til, að frv. nái fram að ganga.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get sagt það sama hjer um þetta mál og jeg sagði í hv. Ed., að jeg tel nauðsyn á að gera eitthvað bráðlega í þessu efni og taka upp auknar landvarnir. En mjer sýnist, að þegar um svona stórmál er að ræða, þá sje varla hægt að gera það undirbúningslaust. Jeg veit að vísu, að sjávarútvegsnefnd hefir leitað sjer upplýsinga um málið, og sjálfsagt fengið þær eins góðar og kostur er á hjer. En það er eftir að fá ýmsar aðrar upplýsingar annarsstaðar að um ýmiskonar varnir. Jeg held, að eftir áætlun nefndarinnar muni kostnaðurinn verða hátt á þriðja hundrað þús. kr. Og er það mikið að leggja út í. En annars held jeg, að nefndin hafi ekki gert ráð fyrir eins miklu fólki og þarf. Það þurfa að vera svo margir menn á þessu skipi, að hægt sje að setja menn yfir á önnur skip. Það var gert ráð fyrir í hv. Ed., að skipið yrði ódýrara og minna en jeg trúi að þörf sje á. Það var talað um það á stærð við botnvörpung. En það þarf áreiðanlega meiri þægindi fyrir skipshöfnina heldur en er á þeim.

Jeg held, að rjettast væri, að þess væri krafist af stjórninni, að hún undirbúi þetta mál og leiti sjer allra upplýsinga, bæði hjer og erlendis, og að næsta þing taki síðan málið fyrir.

Nefndin hefir gert ráð fyrir að skipið mundi kosta 5—600 þús. kr. En jeg gæti trúað, að það kæmi til að kosta 200 þús. kr. meira, eða þar yfir.

Jeg tel varhugavert að samþykkja þetta frv. eins og það liggur fyrir, því mjer finst það lítið hugsað. Hjer er um mjög há árleg útgjöld að ræða, og tel jeg því taplega rjett af þinginu að fá stjórninni það í hendur jafnlítið athugað

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg vildi geta þess, viðvíkjandi því, hvort rjettara væri, að þetta mál gengi fram í tillöguformi eða frumvarps, að meiri hluti nefndarinnar áleit, að það gæti dregist lengur, ef það væri sem tillaga.

Það er rjett hjá hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að nefndin gerði sjer alt far um að leita sem bestra upplýsinga. Að því er snertir kostnaðinn, þá er jeg ekki í vafa um, að hann verður meiri en áætlað er. Jeg er þannig sammála hæstv. ráðherra um, að ekki er gert ráð fyrir nægu fólki

á þetta skip, og heldur ekki hvað útbúnað snertir. Það mundi því leiða af sjer aukinn kostnað. En hjer er líka mikið í húfi, og mikið skal til mikils vinna. Þetta er útvegur, sem gefur landinu einna mestar tekjur.

Um það, hvort kaupa eigi skip eða láta byggja, get jeg sagt fyrir hönd sjávarútvegsnefnda beggja deilda, að þær álíta, að eigi að smíða skipið. Jeg efast um, að það verði dýrara en botnvörpungur. Það er aðgætandi, að þetta skip þarf ekki lestarrúm. Og það mun varla verða dýrara að útbúa það með þægindum fyrir skipshöfnina heldur en gera það út til fiskiveiða. Jeg tel, að búast megi við, að það kosti 6—700 þús. kr. Jeg álít vafalaust óhætt að fullyrða, að þetta muni borga sig, bæði beint og óbeint. Það fæst talsvert mikið í sektir. En aðalhagnaðurinn verður auðvitað sá, að landsmenn fá mikið betri afla.

Þó að nefndir beggja deilda óski auðvitað, að þetta komist sem fyrst í framkvæmd, þá er vitanlega betra en ekki að skora á stjórnina að undirbúa málið og leggja það fyrir næsta þing. Að vísu má vera, að stjórninni þyki þetta nokkuð stuttur tími, en ef áhuginn og viljinn er nógur, eins og jeg held að sje hjá hæstv. forsætisráðherra (J. M.), þá getur það vafalaust tekist. Jeg legg það alveg á vald hv. deildar, hvort henni finst rjettara, að leiða málið til lykta með tillögu, eða með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, og jeg fyrir mitt leyti fellst á. Því þótt í einhverju kunni að verða áfátt undirbúningi málsins fyrsta árið, með mannafla eða annað, þá má altaf lagfæra það. Enn fremur álít jeg að þó að áætlun nefndarinnar skeiki eitthvað, þá ætti það ekki að verða til þess að hindra framgang málsins. Það mætti auk þess lagfæra það fyrir 3. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er ekki að búast við, að neinar frekari upplýsingar komi frá stjórninni. Jeg hygg, að nefndin hafi aflað sjer allra þeirra upplýsinga, sem hægt var að fá hjer heima. En jeg er ekki viss um, að landvarnirnar eigi að vera með þessu fyrirkomulagi. Jeg álít, að vel geti komið til mála að hafa minni skip, en fleiri. Það hagar svo til hjer, að það þarf að vernda einstaka flóa. T. d. mun síður vera þörf á að hafa varnarskip fyrir Suðurlandi en annarsstaðar. Þetta er svo, eftir þeim kærum, sem stjórninni hafa borist árum saman, að það eru einkum einstakir flóar og mið, sem þarf að verja. Svo að sumsstaðar gætu jafnvel nokkuð smáir bátar komið að notum. Jeg held, að sumsstaðar annarsstaðar, t. d. í Ameríku, sjeu alment notaðir smærri bátar, og hafi komið að fullum notum.

Jeg held auk þessa, að það þurfi að ákveða nákvæmlega, hvernig landhelgin skuli vera.

Verði þetta frv. ekki samþykt, sem jeg tel gálaust að gera, þá ætti stjórnin að leita skýrslna, sem allra fyrst, um málið, og leggja það síðan fyrir næsta þing. Jeg vil endilega, að ekki sje hrapað að málinu nú á þessu þingi. En hitt er ekki nema gott og sjálfsagt, að samþykkja frv í hv. Ed., til þess að sýna viljann í málinu, og láta það ganga til 2. umr. hjer í hv. deild. En hitt er eins víst, að full nauðsyn er á, að sinna málinu. Það hafa nýlega komið umkvartanir frá Suðurnesjum um yfirgang botnvörpunga þar, bæði innlendra og útlendra. Og hefir stjórnin gert ráðstafanir til þess, að annar varðbáturinn frá Siglufirði fari þangað.

Björn Kristjánsson: Mjer þykir leitt, hversu dauft hæstv. forsætisráðherra (J. M.) tekur í þetta mál. Því það liggur ekki fyrir nein skipun til stjórnarinnar um, að þetta skuli framkvæmt *nú þegar*. Þó að

standi: „skuli kaupa“, þá verður stjórnin auðvitað að hafa hæfilegan frest. Hún verður að kynna sjer, hvort hentugra muni að taka stærra eða minna skip, alveg eins og þó samþykt væri þingsályktunartill. um, að hún skyldi undirbúa málið. Hæstv. stjórn horfir í kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eins og líka fleiri. Það er vitaskuld. Hann verður auðvitað æðimikill En þó held jeg ekki, að hann verði hátt á þriðja hundrað þús. kr., því þar frá dragast sektirnar. Og þær nema ekki litlu, þó að strandvarnirnar hafi oftast verið illa reknar. Það má gera ráð fyrir, að svona skip eða bátur verði talsvert árvakrari heldur en „Islands Falk“, og má því búast við miklum tekjum í aðra hönd.

Það kann vel að vera, að þörf sje fyrir fleira fólk en gert er ráð fyrir í frv. En nú hefir komið til mála að gera íslenskum skipstjórum að skyldu að hafa siglt á svona skipi. Og gæti það farið saman við þetta, þá væri það mjög hentugt og gæti bætt upp þennan skort án aukins kostnaðar eða kostnaðarlítið. Jeg vænti svo þess, að hv. deild samþykki frv., enda þótt hæstv. stjórn sje því mótfallin. Því hún er ekkert of bundin af því.

Pjetur Ottesen: Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefir nú tekið fram mest af því, sem jeg vildi segja. Jeg bjóst við, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) mundi taka öðruvísi í þetta mál en raun er á orðin. Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hlýtur að sjá það, að hjer er svo mikið í húfi fyrir landsmenn, og að það verður að ráða bót á þeim háska, sem fiskimiðunum er búin, og það sem allra fyrst. Það er öllum vitanlegt, að strandgæsla sú, sem Danir hafa á hendi hjer við land, er ekki nema nafnið tómt. Eða svo hefir það verið nú síðustu árin. Að vísu hafa stundum verið duglegir menn á því strandvarnarskipi, og hefir þá strandvörn borið nokkurn árangur En þeirra manna hefir æfinlega notið skamma stund. Jafnvel verið sagt, að dönsku stjórninni hafi þótt þeir eyða nokkuð miklum kolum. En árangurinn af starfi þessara dugandismanna er besta sönnunin fyrir því, hvað mikið eitt skip getur gert, ef sýnt er árvekni og dugnaður í starfinu. Verði ekki hafist handa nú þegar, stefnir í sama farið og var á undan stríðinu. — Nú hefir fiskur gengið til grunnmiða þessi árin, eins og áður var, meðan botnvörpuveiði var óþekt. Enda hefir þotið upp á þessum árum mikill floti af smábátum, sem hafa hjálpað æðimikið. Verði ekki landhelgisvörnunum komið í betra horf en þær eru nú, þá er ekki annað sýnilegt en að þessi smærri bátafloti leggist alveg niður, og sömuleiðis er vjelbátaútveginum stór hætta búin.

Þess vegna hjelt jeg ekki, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) mundi vera alvara í því að taka eins í þetta mál og hann gerði.

Það verður því að leggja mikla áherslu á, að hafist verði handa í þessu máli nú þegar, auðvitað með allri gát og gætni. Það er skýlaus krafa allrar sjómannastjettarinnar í landinu. Og þeirri kröfu verður að sinna.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki annað en getið þess, að mjer finst undarlegt, að hv. þm. Borgf. (P. O.) skuli vera hissa á undirtektum mínum í þessu máli. Því í samtali, sem jeg átti við nefndina, tók jeg fram, að málið væri að vísu mikilsvert, en jeg taldi þó ekki ráðlegt að hrapa að því og skipa því á þessu þingi. Aftur taldi jeg rjett að fá báta til varnar á einstökum fjörðum. Jeg gat og þess, að þetta mál þyrfti meiri undirbúning en svo, að lagafrumvarp gæti gengið fram á þessu þingi.

Pjetur Jónsson: Jeg lít á mál þetta frá fjárhaglegu sjónarmiði. Verð jeg á móti því, enda þótt það kunni að verða

metið til fjandskapar við sjávarútveginn. Slíkt væri rangur dómur, sem jeg læt mjer standa á sama. Og hvaða dómar sem feldir verða um afstöðu mína í þessu máli, mun það ekki hafa mikil áhrif á mig. Jeg álít mál þetta svo stórt, svo fjárhagslega viðurhlutamikið, að ekki sje rjett að láta neitt gambur hafa áhrif á sig. Það er nú ljóst, hvernig okkar fjárhagur stendur í byrjun næsta fjárhagstímabils, og meðan úr því er ekki leyst, hvernig við eigum að komast út úr skuldum þeim, er landið er komið í, og þeim ráðstöfunum þessa þings, sem eigi verður hjá komist, en auka gjöldin langt fram úr tekjunum, þá er slíkt mál sem þetta illa undirbúið. Ekki svo að skilja, að núverandi skuldir sjeu meiri út af fyrir sig en búast mátti við, þar sem ómögulegt hefir verið á stríðsárunum að ráða í, hvað við tæki og gera ætti. Alt hefir verið á svo miklu reiki, að við höfum eðlilega ekki getað komið fyrir okkur fótunum fjárhagslega í öllum þeim veðrabrigðum, sem á hafa gengið.

Jeg vil benda á það, að þau hlutverk, sem næst liggja, og þingið jafnvel þegar hefir tekið að sjer, skapa ekki minna en 2 milj. kr. tekjuhalla, auk annara fyrirtækja, sem ákaflega mikil þörf er að koma á stofn, ef mögulegt er. Er ekki búið að leysa úr því enn, hvernig komist verður fram úr öllum þessum þörfum. Vjer gátum t. d. ekki látið bíða lengur að hækka laun embættismanna landsins, þegar sýnilegt var, að þeir myndu flýja land, ef þeir fengju ekki svo verulega launabót, að nærri færi því, sem gert er ráð fyrir í launafrv., eins og það fór frá deildinni. Svo eru þær framkvæmdir, er fjárveitingavaldið hefir tekið að sjer gagnvart atvinnuvegunum. Þær kosta mikið nú, og til þeirra verður varla varið minna en fjárlagafrv. sýnir. Alt þetta, að viðbættu því, hve stórt fjárhagsatriði mál þetta er, sýnir, að það þarf mikinn fjárhagslegan undirbúning. Sú stjórn, er málið fær til framkvæmda, verður að geta sýnt, að þetta sje framkvæmanlegt. Jeg efa ekki, að það kunni að verða sýnt. En það verður ekki sýnt á þessu þingi. Og þegar við vitum ekki, hvaða stjórn tekur við, þá er ekki rjett að samþykkja frv. eins og þetta, sem er hrein og bein skipun til að gera það, sem frv. greinir, þegar í stað.

En hitt er rjett, að draga ekki að athuga málið til hlítar, bæði tilhögun þess alla og fjárhagslegan undirbúning. Enn fremur er þess að gæta, að frv. þetta er ekki fram komið fyr en á síðustu vikum þingtímans, og þess vegna vil jeg vísa því til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá, þannig hljóðandi:

> *„Í því trausti, að landsstjórnin útvegi sem bestar upplýsingar um tilhögun á landhelgisvörnum hjer og um byggingarkostnað á gæsluskipi og um útgerðarkostnað þess, og leggi upplýsingar þessar fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá“.*

Pjetur Ottesen: Jeg sje reyndar, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) stendur ekki einn að því, að vilja slá þessu mikla nauðsynjamáli á frest. Getur vel verið, að þessar raddir, sem hjer hafa heyrst, sjeu fyrirfram ákveðnar, og þess vegna sje þetta ekki neitt tilviljunarsamband milli hæstv. forsætisráðh. (J. M.) og hv. þm. S.-Þ. (P. J.). Skal jeg ekkert um það segja.

En út af því, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að jeg þyrfti ekki að undrast það, að hann tæki svo í málið, skal jeg geta þess, að það er rjett, að hann hreyfði þessu í nefndinni, eða líkum ummælum, og munu þau bókuð í fundargerðinni. En jeg verð þó að segja, að yfirleitt undrast jeg undirtektir hæstv. forsætisráðh. (J. M.) í þessu máli, bæði í nefndinni og hjer í deildinni,

og þeim mun meir, sem hann hreyfir þessum mótmælum oftar.

En jeg vildi minnast á ummæli hæstv. forsætisráðh. (J. M.) í fyrri ræðu hans, er hann kvað smábáta geta komið til greina, sem millibilsúrlausn á þessu máli. (*Forsætisráðherra*: Jeg sagði smærri báta). Já, En þetta höfum við þegar reynt. Við höfum notað mótorbáta til strandvarna hjer á Faxaflóa sumnanverðum, og það er óhætt að segja, að sú strandvörn hefir að engu haldi komið. Botnvörpungarnir hafa fiskað innan um bátana og breitt yfir „númer" sín. Og þótt bátarnir hafi getað náð í „númerin", þá hefir ekki náðst í Fálkann til að hremma sökudólginn. Fje það, sem varið hefir verið til úthalds þessara gæslubáta, hefir því að engu liði komið, og hafa menn gefist upp á þessari ónýtisvörn. Það, sem að liði gæti komið í þessu efni, væri sæmilega hraðskreitt gufuskip, á við botnvörpung að stærð, eða má ske lítið eitt minna, og yrði það að vera vopnað.

En hjer er svo bráð nauðsyn á, að enginn frestur má á verða eða tómlæti af hálfu þingsins. En hinu er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að stjórnin fari gætilega og hrapi ekki til þessa máls eða rasi fyrir ráð fram. En hitt er sjálfsagt, að þingið sýni undirtektir sínar undir þetta mál með því að samþykkja frv. þetta, sem ræðir um að ráða hið fyrsta bót á þessari miklu nauðsyn.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) fóðraði dagskrá sína með því, að fjárhagurinn væri bágur. Já, það er mikið rjett, en jeg held, að þetta sje einmitt ein af bestu og sjálfsögðustu ráðstöfununum til að bæta hið bága fjárhagsástand, að gera ráðstafanir til verndar fiskimiðunum, sem með rjettu hafa verið nefnd gullkista landsins. Það er ekki lítið fjárhagslegt tap, ef bátafloti landsins legst niður af því að fiskimiðin eru eyðilögð.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) gat þess, að ekki væri mikil hætta á, að örtröð yrði mikil af útlendingum á miðum landsins fyrst um sinn. Það hefir nú sýnt sig í sumar, að stór floti útlendra botnvörpunga hefir í sumar eyðilagt fiskimið opinna báta í Garðsjónum og víðar hjer við Faxaflóa. Þeir fóru strax að koma, er stríðinu ljetti, og þeim fer stöðugt fjölgandi.

Vil jeg því mæla sterklega á móti því, að þessi rökstudda dagskrá verði samþykt, þar sem jeg álít, að með því sýndi Alþingi alt of mikið tómlæti í þessu máli.

Bjarni Jónsson: Jeg vil nú ekki, þótt sett sjeu lög um þessi efni, að framkvæmdir verði svo bráðar, að hæstv. stjórn geti ekki sjeð fótum sínum forráð. Það er engin skylda að byggja skip eða kaupa, hvernig sem á stendur, og hve dýrt sem það er. Það stendur í frv., að stjórnin megi leigja skip til þessara hluta, meðan hún lætur byggja skip. Og ekki eru henni sett nein takmörk um, hve lengi megi á þessum framkvæmdum standa. Eftir því, sem hv. þingmenn annars líta á hlutina, munu þeir þola við, þótt gætt sje hófs og aðgætni í þessum framkvæmdum.

Sje jeg því enga hættu frá þessu sjónarmiði.

Frá kostnaðarins sjónarmiði vil jeg minna á, að þótt ekki sje tekin nema 1 grein sjávarútvegsins, síldarútvegurinn, mun það sjást, að annað eins úthald og þetta, sem ætla má að kosti 300 þús. kr., er ekkert voðalegt, er gætt er þeirra hagsmuna, sem hlotnast landssjóði af þessari einu útvegsgrein. Nú tekur landssjóður 3 kr. af hverri tunnu síldar, og gefa þá 100 þús. tunnur þennan útgerðarkostnað. Hvað sem veiðist meira, þá gefur þetta eina álag afgang af þessari hjálp, sem útveginum er veitt. Segjum, að þetta skip sje haft til að verja landhelgina vegna síldveiðinnar einnar, svo að landsmenn geti veitt síld í næði á þeim vettvangi, sem þeir hafa rjett til að vera, og síldveiðin komist fyrir það

upp í 200 þús. tunnur eða meira Þá verður ærinn gróði á þessu fyrirtæki.

Það mun alveg rjett vera, að víða sje gert meira úr gildi þessara strandvarna en rjett sje, þar sem mörg fiskimið sjeu utan landhelginnar. En ekki mun of mikið úr því gert t. d. í Vestmannaeyjum, sem liggja í opnu hafi, og mörg fiskimiðin eru í landhelgi. Og eins eru þar mikil fiskimið í álnum milli lands og eyja. Þegar veiði er ekki spilt af botnvörpungum, má veiða svo mikinn fisk í þeim ál, að miklu meiru nemi tekjurnar en útgerðarkostnaður varðskipsins. Og það fyrir það eitt, að fiskimiðin eru varin.

Þótt því ekki sje tekið tillit til neins nema þeirra tekna, er fást með því að verja fiskimiðin við Vestmannaeyjar og síldarmiðin, þá er auðsær mikill gróði, þótt ekki sjeu reiknaðar neinar sektir með.

Hvað fjárhagnum viðvíkur, þá held jeg, að það sje varla vert til að bæta fjárhaginn að spilla fyrir verndun atvinnuveganna. Þá fjármálaspeki skil jeg ekki. Alt þetta tal um fjárhaginn er vitleysa ein. Þó fjárhæð sje nú hærri en áður var, er eigi verðmætið meira. Það ætti að vera innan skynsemistakmarka þingsins að sjá og skilja, að landsjóður þarf nú að gjalda fleiri krónur en áður, og jafnframt að fá fleiri krónur í tekjur en áður. Jeg segi, að það ætti að vera innan skynsemistakmarka þingsins að skilja þetta og gera ráðstafanir til að sjá við því, að þessi halli í fjárhagnum sje ekki til. Jeg hefi áður bent á, hvernig fara eigi að því. Er það með því móti, er almenn skynsemi sjer og vil jeg ekki endurtaka það hjer.

Þar sem sumir vilja láta sjer nægja að vísa málinu til stjórnarinnar, til þess að afla nægilegra upplýsinga um „kostnað og tilhögun alla“, o. s. frv., þá er það alþekt aðferð að drepa mál. Það er margföld reynsla, að stjórnin útvegar aldrei þessar „upplýsingar.“ Jeg skal minna á tillögu þá um skólamál, sem til hennar var vísað í fyrra. Nú kemur fram samskonar till. og áður, vegna þess, að stjórnin hefir ekkert gert.

Hæstv. þm. S.Þ. (P. J.) (þetta er líklega fyrirboði!) var sjerstaklega tregur til að afgreiða þetta mál frá þinginu vegna þess, að hann vissi ekki, hver yrði í stjórn. En er hann þá vissari um, að þessi óþekta stjórn verði fremur samviskusöm í rannsókn málsins en framkvæmd þess. Ef við vitum eigi, hver stjórn tekur við, þá er best að hafa búinn einhvern spora síðu henni, og frv. þetta er góður spori á hana í þessu máli. Ef hv. þm. sjálfur (P. J.) skyldi lenda í stjórn, þá er því um síður ástæða fyrir hann að treysta þeirri óþektu stjórn. En sá, sem ekki þorir að trúa óþektri stjórn fyrir framkvæmd málsins, getur eigi heldur trúað henni fyrir því að útvega upplýsingar. Jeg hefi heldur eigi heyrt neitt um það, að þessi stjórn, sem nú situr, fari frá völdum. Það er heldur ekki hægt að fella hana, því að hún hefir þegar felt sig sjálf. Hún getur því orðið eilíf stjórn. Og stjórnin veit þetta sjálf. Hún myndi eigi mæla svo móti þessu, ef hún vissi það ekki sjálf.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer þykir ekki kenna fullkominnar einlægni, er menn tala um, að frv. þetta sje að eins heimild til að leigja, kaupa eða láta smíða skip. En sannleikurinn er sá, að þetta er beinlínis skipun. Jeg veit það enn betur eftir umr. í hv. Ed., að meiningin er, að stjórnin skuli þegar í stað útvega skip, sem hefji landvarnir næsta vetur. Málinu víkur alt öðruvísi við, ef hjer væri að ræða um heimild til þess t. d. að leigja gufuskip til þessa fyrst um sinn, meðan undirbúin eru kaup á nýju skipi. En í frv. stendur: „Landsstjórnin *skal* kaupa eða láta byggja ...“ En henni er veitt heimild til að leigja skip, meðan stjórnin lætur byggja nýtt, ef hún

fær ekki skip til kaups þegar í stað. Væri alt annað, ef í upphafi stæði: „Landsstjórninni er heimilt.“ Mjer finst því ekki fullkomin hreinskilni ráða hjá meðmælendum frv.

Að öðru leyti mun mál þetta ljóst fyrir öllum. En sjerstaklega vil jeg minnast á það, sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði um tillögu um mentamál á þingi í fyrra, til sönnunar því, að ekki þýddi neitt að vísa málum til stjórnarinnar. Þar er um alt annað að ræða. Þar var því haldið fram af hálfu stjórnarinnar, að hún myndi ekki leggja til neinar grundvallarbreytingar á því skipulagi, sem þar var um að ræða. Þar var því fyrirfram vitað, að stjórnin myndi ekki gera mikið, enda var ekki fastlega farið fram á það. Jeg held því, að þessi samanburður sje ekki alveg rjettur. Annars sýnist það óþarfi, við þessa umr., að deila um málið. Jeg geri ekki ráð fyrir, að það verði felt við þessa umr.

Jeg veit ekki, hvort hv. þm. Borgf. (P. O.) hefir stefnt því sem getsök einhverri að mjer eða hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að líkt álit komi frá okkur um þetta mál. En jeg verð að segja, að jeg hefi aldrei minst á þetta mál við hv. þm. S.-Þ. (P. J.), og yfirleitt man jeg ekki, að jeg hafi minst á það við nokkurn af hv. meðdeildarmönnum. Jeg hefi ekkert um málið talað, annað en það, sem jeg sagði í hv. Ed. En þó svo hefði verið, hefði auðvitað ekki verið nokkur skapaður hlutur á móti því.

En annars hefir mjer ekki dottið í hug, að þetta mál gengi fram undirbúningslaust á þessu þingi. Jeg myndi telja það óforsvaranlegt, og vildi því álíta betra, að málið biði næsta þings.

Hákon Kristófersson: Jafnvel þótt jeg geti fallist á það, sem hæstv. forsætisráðherra sagði, að mál þetta sje ekki vel undirbúið að sumu leyti, þá er jeg eigi sammála honum um það, að fyrir því sje varhugavert, að frv. þetta nái fram að ganga. Jeg sje ekki betur en að frv. sje svo rúmt, að hæstv. stjórn sjeu þar ekki settar neinar fastar skorður. Má sjá það á orðum frv., „svo fljótt sem verða má“.

Í frv. þessu er því einu haldið fram, að þessu mikla nauðsynjamáli sje sýndur sá sómi, að hraða því sem mest að hægt er, en ekki því, að flýta málinu um skör fram.

Menn þurfa ekki að ganga þess duldir, að eigi að eins þeir, er sjávarútveg stunda, heldur og góðir menn um land alt, vænta þess, að nú sje stigið svo stórt spor í ráðstöfunum í þessa átt, að reynt sje að stemma stigu fyrir að öllu eða mestu leyti hamförum og gripdeildum þessara útlendu ræningja á fiskimiðum vorum.

Þess er ekki að dyljast, að nú undanfarinn tíma, og síðast í sumar, hafa allir firðir og flóar verið fullir af fiski. Hefir það verið svo stórkostleg hjálp nú í dýrtíðinni, að fæstir munu vera menn til þess að sýna það reikningslega.

Jeg get tekið undir það með hv. þm. Borgf. (P. O.), að það er alls ekki rjett, að útlend skip sjeu ekki þegar farin að koma til landsins. Þau eru nú þegar farin að hafa í frammi töluverða ásælni. Og á Íslandi hafa jafnvel fundist þeir óþokkar og lítilmenni, sem leigja sig til að vera fiskisnuðrarar þessara útlendinga, vísa þeim á bestu fiskimið vor.

Jeg skal alls ekki gera lítið úr ræðu hv. þm. S.-Þ. (P. J.) um þetta mál. Hann talaði mjög varlega, eins og hans er venja í hvívetna, og frá fjárhagslegu sjónarmiði. En einnig frá fjárhagslegu sjónarmiði lít jeg nokkuð öðrum augum á þetta en hann. Jeg get ekki verið honum sammála um, að það sje gróði að draga mál þetta á langinn. Jeg hefi þá skoðun, að af þeirri bið geti leitt, að framkvæmdir verði engar, og með því sje stofnað til þeirra skemda er ómögulegt sje að fá bætt úr.

Verð jeg því að leggja harðlega á móti því, að dagskrá hans nái fram að ganga, eða nokkur önnur í líkum anda Vænti jeg, að á þessu þingi verði gerðar þær nauðsynlegar ráðstafanir, sem duga, og þótt það yrði til þess, að aukaskattur yrði lagður á þjóðina, þá er jeg viss um, að sá skattur mundi verða vinsæll, jafnvel þótt hann væri lagður á hvern róðrarbát og hverja skútu. Þá mundu allir þeir, er hlut ættu að máli, ekki undan því kvarta, ef árangurinn yrði sá, að þeir í framtíðinni mættu, eins og nú undanfarin ár, vera óáreittir á hinum aflasælu fiskimiðum okkar. En verði nú beðið eftir því, að útlendir og ef til vill innlendir yfirgangsmenn fari sínu fram, þá er hætt við, að um okkur mætti segja, að við hefðum sparað aurana, en kastað krónunum.

Vænti jeg, að hv. deild sjái svo sóma sinn, að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir.

Pjetur Jónsson: Ef menn óska að vísa málinu til stjórnarinnar og telja, að áskorun til stjórnarinnar sje sterkari í þingsályktunarformi heldur en rökstudd dagskrá, þá stendur ekki á mjer að láta málið ganga til 3. umr., enda komi þá fram till. í þá átt.

Bjarni Jónsson: Að eins örstutt athugasemd. Það var engin óeinlægni hjá minni hlutanum, því hann vissi vel, að í frv. stóð: „skal kaupa“. En eins og gefur að skilja, hefir stjórnin framkvæmdir í þessu máli, og auðvitað hagar hún sjer í því eftir því, sem skynsemi hennar segir henni. Ef henni því sýnist ráðlegra að leigja en að kaupa, þá gerir hún það, og ef henni virðist rjettara að láta byggja skip heldur en að kaupa það nú, þá gerir hún það. Yfirleitt ætlar enginn að fara að skipa stjórninni að gera einhverja vitleysu, svo að mótbárurnar gegn frv. eru á sandi bygðar, en engu viti.

Forsætisráðherra (J. M.): Ef slík yfirlýsing hefði komið frá nefndinni, þá teldi jeg hana einhvers virði, en jeg verð að segja, að gildi hennar er lítið, þar sem hún kemur að eins frá einum þm. (B. J.). En 1. gr. frv. verður ekki öðruvísi skilin en svo, að stjórninni sje að eins heimilað að leigja skip meðan verið er að byggja skipið. Eða með öðrum orðum að láta nú þegar panta skipið, og á meðan verið er að byggja það, þá má leigja annað. Ef yfirlýsing kemur nú frá hv. nefnd, að skilja beri orðin öðruvísi, þá er alt öðru máli að gegna, og þá á slíkt frv. að koma fyrir hv. deild.

Jeg sje ekki, að þörf sje á að ræða málið meira, enda er ilt að þurfa að tefja fyrir fjárlögunum.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Það er út af misskilningnum milli hv. deildarmanna og hæstv. forsætisráðherra, að jeg vil segja nokkur orð. Vil jeg þá lýsa því yfir, að mjer finst skilningur hæstv forsætisráðh. vera alveg rjettur. Frv. skipar að kaupa skip, eða þá að láta byggja skip, eða þá að leigja það, meðan verið er að byggja skip, og nefndin ætlast til, að skipið verði komið 1920. Hitt er annað mál, ef í móti blæs þessu frv., hvort þá er ekki rjett að fara einhvern milliveg. Vona jeg því, að háttv. deildarmenn leyfi málinu að fara til annarar umræðu, og gæti þá kann ske komist á samkomulag milli nefndarinnar og hv. þm. S.-Þ. (P. J.) (*B. J.*: Frv er ekki í neinni hættu). Það hefir heldur enginn sagt.

Menn hafa nú falið stjórninni ýmislegt, svo sem að útvega lán til brúa og vegagerða, og finst mjer þó, að sá hlutur eigi að ganga fyrir öllu, sem gefur af sjer beinan arð. (*M. P.*: Brýr og vegir gefa af sjer). Brýr og vegir gefa ekki af sjer beinlínis, því að engar tekjur koma beint af

þeim í landssjóð, en af þessu koma beinar tekjur í landssjóð.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm S.-Þ. (P. J.) tekin aftur.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj atkv.

Á 60 fundi í Nd., miðvikudaginn 10. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 672, 755).

Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv. um brtt. 755, sem of seint var útbýtt.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg hefi ekki miklu að bæta við það, sem jeg sagði um mál þetta við 1. umr.

Nauðsyn þá, sem á því er, kemur öllum saman um.

Það er því aðallega fjárspurningin, sem um er að ræða.

En eins og jeg sagði, kostar þetta mjög mikið, en mikið skal til mikils vinna, og hjer er um það að ræða að vernda einn stærsta atvinnuveg landsins frá þeirri hættu, sem hann hefir verið í áður, og ef til vill frá enn meiri hættu.

Hjer verður því ekki hjá því komist að gera eitthvað, og ekki má í það horfa að kosta nokkru til.

Vörn sú, sem hingað til hefir verið, hefir reynst ónóg, sem von er, því að fiskiveiðasvæðin eru svo stór, að eitt skip getur ekki annað vörninni, hversu vel sem á er haldið.

Það er satt, að kostnaðaráætlunin er há, og þó ef til vill ekki nógu há, en hins ber að gæta, að búast má við, að nokkuð komi upp í þann kostnað af sektunum auk hins óbeina aðalgagns af vörnunum, sem getur orðið ómetanlega mikið.

Það hefir komið fram brtt., á þgskj. 755, við frv. þetta, frá hv. þm. Stranda (M. P.).

Fer hún fram á það, að í stað þess, sem í frv. stendur, að stjórnin *skuli* láta byggja skip o. s. frv., þá er henni hjer veitt heimild til að láta gera það.

Annars treysti jeg því, að stjórnin geri þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að koma þessu máli sem fljótast í kring, því sjávarútveginum ríður á, að það sje ekki tafið. Og best væri, ef hægt yrði að byggja skip fyrir næstu vetrarvertíð.

Magnús Pjetursson: Út af orðræðum þeim, sem fram fóru hjer í deildinni við 1. umr. um þetta frv., datt mjer í hug að koma með brtt. við 1. gr., og er hana að finna á þgskj. 755. En jeg skal taka það strax fram, að jeg efast um, að hv sjávarútvegsnefnd hafi meiri áhuga fyrir, að málið komist sem fyrst í framkvæmd, en jeg. Brtt. mín er fyrst og fremst fram komin vegna þess, að það er óvanalegt og nýstárlegt að orða till. eða frv. þannig, að stjórnin *skuli* framkvæma það, sem fyrir hana er lagt, hvort sem hún getur eða ekki, því svo ber helst að skilja frv Svo er annað, sem mælir með brtt. minni, og það er það, að málið er ekki svo rannsakað enn, að fenginn sje óyggjandi úrskurður um, hvort heppilegast sje, að skipið sje að eins eitt. Það er þvert á móti talsvert vafamál að svo sje, og þess vegna stendur í minni till., að stjórninni heimilist að láta byggja „eitt eða fleiri skip", eftir því sem hún telur hagkvæmast, eftir að hún hefir látið athuga málið nægilega.

Það ríður vitanlega á því að koma þessu máli fram sem fyrst, en kapp er best með forsjá, og það má ekki skipa stjórninni að kaupa eða láta byggja landvarnarskip án forsjár og að óathuguðu máli. Ef illa fer, getur stjórnin kent þinginu um það. En hún hefir ríkari ábyrgðartilfinningu

fyrir því, sem hún á að gera, ef orðalagið er að eins sem heimild, en ekki skylda, hvernig sem á stendur. Því í frv. liggur óbeinlínis skipun um að kaupa skipið fyrir næsta þing. Mjer heyrðist jafnvel á frsm., að hann byggist við skipinu fyrir næstu vetrarvertíð. Getur það auðvitað komið til mála þannig, að leigt sje skip, því þetta álít jeg alt of lítinn undirbúningstíma til þess, að hægt verði að ætlast til af stjórninni, að hún hafi keypt skip, eða látið byggja, í svo skjótri svipan.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að líta svo á, að með brtt. hv. þm. Stranda. (M. P.) sje einmitt það skýrt tekið fram, sem meðmælendur frv. hafa látið í ljós sem sína skoðun, þótt sú skoðun komi ekki alls kostar ljóst fram í frv., eins og það er nú. Með henni er stjórninni ekki skipað að kaupa skipið þegar í stað heldur er lagt fyrir hana að gera það, sem hægt er og forsvaranlegt í málinu. Og það telur stjórnin sjer auðvitað skylt að gera.

Mjer heyrðist hv. þm. Borgf. (P. O.) eigna mjer það, að skotið var inn í frv. í Ed., að heimilt væri að leigja skip. En það var að eins sagt af einum hv. þm. þar, að orðið „að kaupa“ gæti merkt hvorttveggja, að kaupa og kaupa á leigu. En svo kom brtt., sem að eins heimilaði að leigja, meðan verið væri að byggja. Auðvitað verður stjórnin að gera eitthvað í málinu. Og með brtt. hv. þm. Stranda. (M. P.) er skýrt tekið fram, að það er ekki meiningin að skipa stjórninni strax að láta byggja, svo að segja undirbúningslaust. Jeg teldi það því heppilegt, að þessi brtt. væri samþykt, og vil mæla með því, að svo verði.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Mjer þykir vænt um að heyra, að flm. brtt. hefir lýst því yfir, að hann hafi sama áhuga á málinu og sjávarútvegsnefnd.

Hann álítur, að leigja eigi skip nú þegar, en jeg veit ekki til, að nokkur hafi æskt þess nú þegar, heldur er mest þörfin á slíku skipi á vetrarvertíðinni. En jeg held fast við það, að þing og stjórn megi alls ekki láta dragast neitt að láta byggja skipið. Á því verður að byrja sem fyrst, en þangað til á stjórnin að hafa heimild til að leigja.

Það er alls ekki svo, að við viljum skipa stjórninni að kaupa hvaða skip sem er. Það á auðvitað ekki að kaupa nema hæft skip, og það hefir nefndin hugsað sjer frá því fyrsta.

Pjetur Ottesen: Það var rjett hjá hæstv. forsætisráðherra, sem hann sagði, að einn þm. í Ed. hefði skilið frv. þannig, að skip væri leigt til landhelgisgæslu, a. m. k. meðan verið væri að byggja skip eða kaupa. Og eftir að þessi skýring var komin fram, þá hefi jeg það fyrir satt, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hafi látið það í ljós, að hann hefði ekkert við frv. að athuga. Þess vegna þykir mjer dálítið undarleg sú mótstaða, sem fram kemur nú hjá honum, og það því fremur, þar sem þetta er nú komið fullum stöfum inn í frv.

Meining sjávarútvegsnefndanna með því, að kveða svo fast á í frv. um framkvæmdir í þessu máli, var sú, að útiloka allan ónauðsynlegan drátt á því, að hjer væri gripið til skjótra úrræða, og var það gert í þeirri fullu von og vissu, að þingið væri nefndinni sammála um þetta, hvað sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) liði.

Þar með er auðvitað ekki meint, að stjórnin eigi að rasa fyrir ráð fram í framkvæmdum þessa máls, og verður maður að bera það traust til hennar, að hún sje fær um að útvega heppilegt skip til landhelgisvarna. En ef niðurstaðan verður nú sú, að leigja skip fyrst um sinn, þá mega menn ekki halda, að það komi að nokkru haldi að vera að leigja mótorbáta til þessa starfa.

Reynslan er búin að sýna, að þeir koma því sem næst ekki að neinu haldi. Við botnvörpungana dugir ekki annað en hafa öflug og hraðskreið skip, vopnuð, en ekki smákænur. Jeg tek þetta fram af því, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) talaði svo mikið um smærri báta til þessara varna, við 1. umr. þessa máls.

Hæstv. forsætisráðherra sagði þá enn fremur, að ekki mundi verða mikil hætta á aðsókn útlendra botnvörpunga hingað fyrst um sinn. En þetta er gersamlega rangt hjá honum, eins og jeg tók þá líka fram. Hættan er þvert á móti mikil, og til dæmis um það er sá mikli trollarafjöldi, sem verið hefir hjer í vor og sumar og er altaf að aukast. T. d. voru taldir 90 trollarar undir Vestmannaeyjum í austanveðri miklu í apríl í vor, og af þeim hafa sennilega ekki nema 5—6 verið íslenskir. Fyrir stríðið voru eitt sinn taldir 140 trollarar á sömu slóðum, og er það það mesta, sem sjest hefir á einum stað. En munurinn er þá ekki svo mikill, síst þegar þess er nú gætt, að trollurum hefir stórfjölgað hjer síðan í vor. Það ætti því ekki að þurfa að draga í efa, að stór þörf er á, að undinn verði bráður bugar að framkvæmdum málsins. Og í þessu efni verður maður að treysta stjórninni til skjótra framkvæmda, en til þess, að svo verði, má þingið síst láta nokkurn bilbug á sjer finna í þessu máli. En eftir brtt. háttv. þm. Stranda. (M. P.) er stjórninni að eins heimilt að láta gera þetta, en þá líka ef til vill eins heimilt að skjóta skollevrunum við því. En það má þingið ekki eiga á hættu í slíku nauðsynjamáli sem þessu. Eins gæti vel verið, ef annað landvarnarskip kæmi nú strax, að þá gæti orðið kapp um landhelgisgæsluna milli þess og varnarskipsins danska, sem oftast hefir að litlu haldi komið, en er nú, að því er virðist, gersamlega búið að leggja árar í bát.

Jeg vil því halda frv., eins og það kom frá nefndinni, fast fram, með breytingum Ed. Og vona jeg, að hv. Nd. taki þá deild sjer til fyrirmyndar í þessu máli og kikni ekki undir andmælum hæstv. forsætisráðh. (J. M.).

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get alls ekki skilið, hvað hv. þm. Borgf. (P. O.) getur haft á móti því, að það komi ljóst fram í frv., hvernig stjórnin eigi að haga sjer í málinu. Því þó það komi að nokkru leyti fram í frv., má taka það skýrar fram með því að samþ. brtt. háttv. þm. Stranda. (M. P.), eins og jeg hefi áður bent á. Annaðhvort er að kaupa skip, eða ef það fæst ekki, þá að leigja, og ef hægt er að fá smíðað skip, þá að leigja skip meðan hitt er í smíðum. Þetta er svo einfalt mál, hvað aðferðina snertir, að jeg skil ekki, hvers vegna hv. þm. Borgf. (P. O.) er að leitast við að flækja það.

En brtt. er miklu heppilegri, enda verður hún líka að skoðast sem skipun til stjórnarinnar um framkvæmdir.

Þjetur Jónsson: Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að það þyrfti meiri undirbúning, það dygði ekki að hrapa að því á þann hátt, sem orðalag frv. bendir til. Aðallega talaði jeg um hina fjárhagslegu hlið málsins. Mjer virðist árlegur rekstrarkostnaður vera svo mikill og athugaverður, að það þurfi einhvern fjárhagslegan undirbúning til þess að standast hann, eigi síst ef skipið á að vera svo fullkomið, að gagn verði að. Þetta er svo mikið mál, að það þarf fullkominn undirbúning, og meiri en það hefir enn þá fengið.

Í öðru lagi er það óráðið og óundirbúið, hvort skipið á að vera eitt fullkomið eða fleiri smærri skip til aðstoðar danska varnarskipinu. Þetta virðist ekki hafa verið íhugað nógu rækilega, því síður rannsakað. Þetta virðist hafa vakað fyrir einstöku mönnum í nefndinni, og því hefir komið þar

til mála að afgreiða málið ekki í frv.-formi, heldur með þingsál.; málinu skyldi ekki hraðað, heldur afgreitt til stjórnarinnar til rækilegs undirbúnings, og að því átti þingsál. að miða. Hitt varð þó ofan á, að drífa málið áfram með hraða, hvað sem tautaði. Það er „idealistiski" sviminn, sem hefir sigrað í nefndinni.

Pjetur Ottesen: Jeg vil taka það fram, að þessi svimi, sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) brá nefndinni um, er algerlega tilhæfulaus. Nefndinni var þetta fullkomið alvörumál, og sjer hún og skilur nauðsynina á að ráða bót á þessu, miklu betur en hv. þm. S.-Þ. (P. J.), eftir framkomu hans nú að dæma. Og þó að komið hafi til tals í nefndinni að bera fram þingsál., þá þótti nefndarmönnum það, við nánari athugun, ekki nándar nærri nógu ákveðið til þess að tryggja það, að bót yrði ráðin á þeirri eyðileggingu, sem yfir vofir ella.

Um það, hvort skipið eigi að vera eitt eða fleiri smáskip, skal jeg taka það fram, að reynslan hefir sýnt, að ekkert gagn er í smáskipum. Mótorbátar koma hjer því naumast til greina.

Það var einmitt þetta, sem jeg vildi mótmæla, að nefndin hafi vaðið í villu og svima í þessu máli og sótt þetta mál meira af kappi en forsjá, eins og hv. þm. (P. J.) vildi gefa í skyn. Nefninni er þetta fullkomið alvörumál. Og afleiðingin mun áþreifanlega sýna sig í framtíðinni, ef nú verður látið reka á reiðanum í þessu máli áfram.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg hefði getað sparað mjer að tala, því að hv. þm. Borgf. (P. O.) hefir tekið fram meginið af því, sem jeg vildi sagt hafa.

Jeg hefði viljað segja háttv þm. S.-Þ. (P. J.) það, að þó það hefði orðið ofan á í sjávarútvegsnefnd að bera málið fram í þingsál.-formi, þá hefði það hlotið að koma í sama stað niður. Það hefði verið skorað eindregið á stjórnina að hefjast þegar handa, t. d. með því að leigja skip eða kaupa. Það er alls ekki rjett, að nefndin hafi ekki vitað, hvað hún vildi, og það virðist ekki mundu hafa haft mikla þýðingu, hvor leiðin hefði verið farin.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg gleymdi að minnast þess áður, sem hv. þm. Borgf. (P. O.) sagði um smærri skip, við 1 umr. Hann sagði, að mótorbátar nægðu ekki. Jeg átti ekki við smámótorbáta, er jeg talaði um mótorskip. Eins og hv. þm. Borgf. (P. O.) veit, hafa víða verið notuð mótorskip nú á stríðsárunum, sem þykja vera fult eins hentug og gufuskip. Er talið, að þau hafi ýmsa kosti fram yfir gufuskipin. Mig furðar á þeim ofsa, sem lýsti sjer hjá háttv. þm. (P. O.) gegn brtt. Mjer sýnist hún breyta frv. í það form, sem það átti að vera í upphaflega hjá nefndinni. Jeg held, að ákafi hv. þm. Borgf. (P. O.) hafi verið bygður á misskilningi. Jeg hygg, að fært sje að leigja skip til næsta þings, ef það fæst ekki keypt. Og þessi heimild felst í brtt. hv. þm. Stranda (M. P.) og ekkert annað.

Magnús Pjetursson: Háttv. þm. Borgf. (P. O.) sagði, að nefndin bæri það traust til stjórnarinnar, að hún keypti ekki skip, nema það væri í alla staði forsvaranlegt. En þó að nefndin beri traust til stjórnarinnar í þessu efni, þá treystir hún henni þó ekki til að framfylgja þessu, nema harðara sje til orða tekið. En jeg hygg, að þeir ættu að treysta henni eins vel að því er snertir að framfylgja málinu, þó að eins sje heimild, en ekki skipun.

En í sambandi við það atriði, að ekki væri fyllilega rannsakað, hvort betra væri, 1 stórt skip eða fleiri smá, sagði hann, að

reyndin hefði sýnt, að mótorbátar hefðu reynst ónógir. Sú reynsla er ef til vill fengin hjer með smámótorbáta, en ekki með stærri báta, eins og notaðir hafa verið annarsstaðar. Það hefir verið bent á, að einhver best vörn gegn kafbátunum hafi einmitt verið mótorbátar, og botnvörpungar eru ekki verri viðureignar en þeir. Og hver veit, nema til sjeu ýmsar smærri tegundir skipa, sem gerð hafa verið í ófriðnum og við þekkjum ekki, en hentugust kynnu að þykja. Mjer finst því eðlilegast, að gerður sje út maður til þess að rannsaka þetta, eftir reynslu annara þjóða.

ATKVGR.

Brtt. 755. (ný 1. gr.) samþ. með 15 : 5 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 12. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 766).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um landhelgisvörn. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 800).

Á 57. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Yfirleitt get jeg verið ánægður með meðferð þessa máls hjer á þingi, eftir öllum atvikum. Þó að ekki sjeu með þessu komnar fullnaðarlyktir á þetta mál, sem ekki verður fyr en landið tekur í sínar hendur alla landhelgisvörnina, þá er með þessu stigið afdráttarlaust spor í þá átt. Jeg vona, að hv. deild sýni málinu sama velvilja og hingað til.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 854).

---

56 Eignarrjettur og afnotarjettur fasteigna.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 12. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um takmarkanir á rjetti til fasteignaráða á Íslandi (A. 54).

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Það var eitt sinn sagt um Hannibal, að hann kynni að sigra, en ekki neyta sigursins. Nú vildi jeg óska, að sama rættist ekki á Íslendingum. Svo sem öllum er vitanlegt, hafa þeir nýlega unnið þann sigur, sem mestur hefir verið, þar sem er viðurkenningin á fullveldi þessa lands, sem þjóðin þó glataði 1262. En þó að svo giftusamlega hafi til tekist nú með þennan sigur, þá má enginn halda, að nokkurri ábyrgð sje ljett af mönnum, eða skoða megi fullveldið eins og einhvern egypskan eirstöpul, sem standa muni um aldur og ævi aðhlynningarlaust og án umhugsunar. Hafi Íslendingar nokkurn tíma þurft að vera á verði um rjettindi lands síns, þá þurfa þeir þess ekki síst nú,

einmitt þegar sigurinn út á við er fenginn og fara á að njóta ávaxtanna, sem hann á að bera og getur borið, ef rjett er að farið. Enda er þá og vonandi, að þeir kunni að gæta fullveldis landsins, kunni að gæta rjettinda þjóðarinnar, og þetta frv. á að miða að því að hjálpa þeim til þess Því hvað er landlaus konungur? Ekkert! En hvað er landlaus þjóð? Hún er afhrak! forsmáð og fyrirlitin bæði í sínu eigin landi og annarsstaðar. Landflótta og flakkandi skal hún vera á jörðinni, eins og vjer höfum dæmin um, þar sem Gyðingar eru. Þeir hafa orðið að flækjast land úr landi vegna þess, að þeir voru landlaus þjóð. Og hvað verður um framtíðarvonir hinnar íslensku þjóðar, ef hún lætur sjer ekki annara þjóða víti, og reynslu sjálfrar sín á umliðnum öldum, að varnaði verða, og gætir með árvökrum augum landsins, sem henni er trúað fyrir?

Þjóðin hefir verið fámenn og fátæk, því að hún hefir orðið að lifa við ofbeldi og áþján erlendrar þjóðar. Eðlileg afleiðing af kúguninni var fátæktin og eymdin, og að kynslóðirnar voru myrtar ófæddar. En af hverju kom sú kúgun? Af tómlæti og skilningsleysi landsmanna. Hefðu Íslendingar ætíð gætt rjettar síns, þá skiftu menn ekki þúsundum í þessu landi, heldur miljónum. Sama framförin hefði þá verið hjer á landi sem í öðrum Norðurlöndum. En þar hefir fólksfjöldinn tífaldast frá þeim tíma, er Ísland gekk erlendum konungi á hönd. En talið er, að þá hafi verið hjer 120.000 manns. En það var kúgunin erlenda, sem stöðvaði Íslendinga í þróuninni, en ekki það, að landið sjálft tæki stakkaskiftum. Það var æ hið sama og áður.

„Landið var fagurt og frítt og fannhvítir jöklanna tindar; himininn heiður og blár, hafið var skínandi bjart“ — og er það enn þann dag í dag. Og hafið er eigi að eins skínandi bjart, heldur og fisksælt. Og landið er eigi að eins fagurt og frítt, heldur og auðugt á marga lund. Sá sannleikur firnist ekki. En hvaða vit væri þá í því að hafa nú á boðstólum alla sína dýrustu hluti erlendum kaupmönnum, opna þeim aðgang að öllum nytjum okkar ágæta lands, nú þegar vjer getum ráðið yfir þeim sjálfir bæði í orði og á borði? Nú þegar vjer getum tekið aftur upp þráðinn, sem nær því var slitinn sundur á svartnættistímum þjóðarinnar. Nú þegar þær kynslóðir eiga að fæðast og fylla landið, sem áður var varnað fæðingarinnar? Eða hver er sá, að hann þori að fylla landið útlendingum eða selja auðsuppsprettur þess erlendu auðvaldi, svo afkomendur vorir verði landlausir, þegar þeim loks fjölgar, svo að vjer eigum ef til vill á hættu, að ókomnar kynslóðir deyji úr hungri, fyrir vömm vora? Vonandi láta menn sjer nú að varnaði verða víti forfeðra vorra, sem ljetu alt af hendi, verslun, siglingar og sjálf skipin, og styðja að því, að tryggja sem fyrst slíkar takmarkanir á rjetti útlendra manna, sem frv. þetta fer fram á; að öðrum kosti vilja menn ekki sjá borgið framtíðarvonum þessa lands og þessarar þjóðar.

Jeg get getið þess, að frv. er tekið nær því óbreytt eftir stjórnarfrv. frá 1901. Þóttist jeg geta tekið það upp með smábreytingum, og þótt jeg vilji ekki segja, að hjer sje alt, sem þarf að vera í slíku frv., þá er stefnan laukrjett, — að reisa skorður við því, að fasteignir, auðugar afllindir landsins o. fl. lendi í höndum erlendra manna. Hafa aðrar smáþjóðir, og þó stærri en vjer, sjeð þá hættu, sem þessu er samfara. Þannig var nýlega mikið kvartað um það í Noregi hve Englendingum gengi vel að ná eignarrjetti á veiðiskógum, fossum o. fl. o. fl. þar í landi. Gerðu Norðmenn þá ráðstafanir til að sporna við þessu og hafa síðan verið mjög varir um sig. Mættum vjer vel taka þá til fyrirmyndar. Þykir mjer ólíklegt, að til sje nokkur, sem álíti þörfina minni hjer en t. d. í Noregi, þar sem öllum er vitanlegt,

að á síðustu áratugum hefir hópur manna haft það fyrir augum að auðga sjálfa sig á því að selja útlendingum skika úr landinu, fossa, vötn eða annað. Þessar „Ættjarðarætur", sem jeg hefi leyft mjer að nefna svo, hafa þegar unnið landinu stórtjón með fjeglæfrum sínum og prangi með rjettindi landsins, enda selt alt, sem þeir hafa komist yfir, og meira til, svo að jafnvel er sagt, að þeir hafi selt norðurljósin og landskjálftana. Nú yrði það aldrei mikill skaði þjóðinni, þó satt væri um sölu norðurljósanna og landskjálftanna, en af öðru, sem selt er og skaði er að, má t. d. nefna rjettindi til vatnsorkunnar. Jeg er aunar ekki haldinn af þeirri þjóðtrú að vatnsorka sje oss uppspretta gulls og auðæfa, en þó er hún vafalaust verðmæt. Og ef þeir, sem selt hafa, gerðu það með rjettri heimild, og jafnvel þótt svo væri eigi, þá hafa þeir að sínu leyti svift þjóðina mikilsverðum hlut og leitt yfir hana bráða hættu.

Jeg hefi þess vegna bent á þá almennu hlið við þetta mál, að jeg vildi gera mönnum ljóst, hversu varhugavert það er þeirri þjóð, sem er í vexti og uppgangi, að leyfa ættjarðarætum að selja undan sjer landið, og verða svo landlaus þjóð, heimsk, siðlaus og hugsunarlaus undirlægjuþjóð, í stað þess að halda áfram að vera kjarni norrænna þjóða, að vera íslensk þjóð, vitur þjóð og vel mentuð og framkvæmdasöm þjóð, og geyma siðu og menningu þá, sem best er og einkennir hinn ágætasta þjóðastofn, sem er hinn indógermanski, og þá einkum hinn gotogermanski og innan hans hinn norræni þjóðabálkur.

Jeg leyfi mjer að óska þess, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) í e. hlj.

Á 29., 30., 31. og 33. fundi í Nd., dagana 9., 11. og 12. ágúst, var frv. tekið til 2. umr., en

forseti tók málið jafnan af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 54, 281, n. 282, 310).

Frsm. (Einar Arnórsson): Eins og mönnum er kunnugt, var frv. þetta borið fram af hv. þm. Dala. (B. J.) og mestmegnis sniðið eftir frv. stjórnarinnar frá 1901, enda er það að stefnunni til það sama. Allsherjarnefnd hefir fallist á, að frv. eins og þetta eigi að ganga fram og verða að lögum, en hefir gert ýmsar brtt. við það, eins og sjá má á þgskj. 281. Við eignarheimildirnar hefir nefndin hætt við arfsali, og þótti henni jafnframt rjett að liða skilyrðin fyrir að öðlast eignarheimildina sundur í fjóra liði. Er þar þó ekki um efnisbreytingar að ræða, heldur eru ákvæðin að eins tekin hjer fram miklu skýrar en í frv. stjórnarinnar frá 1901 og frv. hv. þm. Dala. (B. J.).

Aftur á móti er um efnisbreytingu frá þessum tveim frv. að ræða, þar sem nefndin vill svo vera láta, að leigulevfi eða leyfi til rjettinda yfir fasteign þurfi ekki til 3 ára, þar sem frv. frá 1901 og frv. háttv. þm. Dala. (B. J.) vill láta leita leyfisins ef leigutími er lengri en 1 ár. Það fanst nefndinni of stuttur tími. Svo kemur síðast í 1. brtt. lík skýringargrein á orðinu notkunarrjettur sem í frumvarpinu.

Nú hefir komið fram brtt., á þgskj. 310, frá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), um að bæta inn í 6. málsgrein, að um leyfi til að nota vatnsorku skuli fara eftir því, sem ákveðið kann að verða í sjerleyfislögum. Jeg geri ráð fyrir því, að nefndin sjái ekki ástæðu til að vera á móti þessari brtt., en þess ber að gæta, ef hún verður samþ., að breyta

þarf þá orðalagi á öðrum stað í sömu grein, þar sem talað er um hagnýting á vatnsorku. Væri því best, ef hv. þm. (Sv. Ó.) vildi geyma brtt. til 3. umr., svo nefndin gæti þá skeytt þessu inn í frv. milli 2. og 3. umr.

Í brtt. við 2. gr. hefir nefndin tekið upp orðið afsal, en í frv. er talað um fullnaðargerð. Mjer er ekki ljóst, að fullnaðargerð geti þarna þýtt annað en afsal. En svo kann þó að vera, að flm. (B. J.) hafi meint eitthvað meira með því. Fullnaðargerð er töluvert þokukent hugtak, og ætti því ekki að nota það. Má vel vera, að nefndin hafi ekki skilið það rjett, og mun hún athuga, hvort ekki muni þá mega finna rjetta orðið, ef svo reynist.

Fyrri brtt. við 3. gr. frv., um að bæta inn orðunum „eða innritunar fyrirfram", er ekki efnisbreyting, heldur að eins nánari skýringar. Aftur á móti er um efnisbreytingu að ræða í 2. lið brtt. við sömu gr. Vill flm. láta valdsmenn neita um þinglýsingu, ef skilyrðin, sem krafist er í 1. gr., eru ekki fyrir hendi. En nefndin vill þetta ekki, því að vel getur verið, að vafasamt sje um, hvort skilyrðin eru uppfylt, og þurfi sjerstakrar athugunar á því, en jafnrangt að neita mönnum um þinglýsingu fyrir því. Í viðskiftum manna hjer á landi er alment ekki neitað um þinglýsingu þótt á skorti heimild beiðanda, en þá er skráð athugasemd í bækur embættisins, og sama ætlast nefndin til að hjer sje gert, og að ráðherra sje svo skýrt frá málavöxtum.

Brtt. við 4. gr. er tæpast hægt að kalla efnisbreytingar, en nefndin hefir viljað kveða nánar á um, hvernig fara skuli að ef maður er orðinn eigandi að fasteign eða t. d. búinn að taka jörð á leigu, án þess að hafa uppfylt skilyrðin. Frest hlutaðeigandi til að koma málinu í löglegt horf, rifta kaupunum eða fá rjettindin öðrum, taldi nefndin rjett að lengja.

10. brtt. gengur í þá átt, að bæta þrem nýjum greinum inn í frv. Sú fyrsta er um það, hvernig fara skuli að við þá, er öðlast hafa rjettindi samkvæmt 1. gr. áður en lögin ganga í gildi. Finst nefndinni rjett, að farið sje þar að á líkan hátt Að eins virðist henni sanngjarnt, að fresturinn sje settur lengri en við hina, og stingur nefndin upp á 5 ára fresti.

Önnur viðbótargreinin er um það, hverjir sjeu undanþegnir þessum lögum. Í henni stendur ekki mikið annað en það, sem talið mundi þó gilda að lögum, en það má segja um hana, að „superflua non nocent", og spillir ekki til, að það sje tekið fram, til hverra lögin nái ekki. Er það þá fyrst, að þau eiga ekki að ná til umboðsmanna ríkisins, nje heldur til námsmanna og sjúklinga. Og um annan lið virðist ekki orka tvímælis, að það sje sjálfsögð kurteisisskylda við erlend ríki, að láta þau vera undanþegin þeim skyldum, sem lögin leggja mönnum á herðar, þegar svo stendur á, að þau þurfa að kaupa hjer embættisbústað handa umboðsmönnum sínum.

3. töluliður greinarinnar er um það, að lögin taki ekki til þegna annara ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga. Þar er gert ráð fyrir undantekningu, sem ef til vill má deila um hvort er þörf, en nefndinni þótti samt rjett að láta hana fylgja með.

Annars fær nefndin ekki sjeð, að gengið sje á gerða samninga með ákvæðum frv. þessa. Hjer er ekki heimtaður *ríkisborgararjettur* sem skilyrði fyrir því að öðlast rjettindi yfir fasteign, heldur *búseta*. Búsetuákvæðið gengur jafnt yfir alla, bæði íslenska ríkisborgara og aðra, og er því ekki raskað jafnrjettisákvæðum í þjóðasamningum, sem Ísland er bundið við, með því.

Stjórnin, sem sat að völdum 1901, hefir gert glögga grein fyrir því í greinargerð fyrir frv. sínu, hvort með því yrði brotið í bág við gerða þjóðasamninga. Danir höfðu sem sje gert samninga við ýms ríki, og eft-

ir því, sem meðferð utanríkismálanna var háttað og sambandinu milli landanna, þá voru þeir samningar líka bindandi fyrir Ísland. Danir höfðu t. d. gert samninga við Belgíu 1895 um jafnrjetti til atvinnurekstrar. Hjer er að eins um jafnrjetti að ræða, og getur það þess vegna ekki komið í bága við það, þó búseta sje heimtuð, því hún er heimtuð af öllum.

Jeg sje ekki þörf frekari orða. vænti þess að eins, að hv. deild lofi málinu að ganga til 3. umr. Nefndin tekur með þökkum öllum bendingum og athugasemdum og mun taka slíkt til íhugunar fyrir 3. umr.

Sveinn Ólafsson: Jeg á brtt. á þgskj. 310, sem hv. frsm. (E. A.) hefir minst á. Jeg vænti þess, að deildin taki till. vel, því að hún skýrir efnið og er til bóta. Það, sem vakti fyrir mjer með þessari brtt., var það, að útiloka ekki þingvilja, ef um það væri að ræða að veita leyfi til vatnorkunota, en eftir frv., eins og það er nú, má líta svo á, að stjórnin sje einvöld um undanþágu frá 4. tölulið 1. gr.

Eins og menn vita, þá er það efst á baugi, og sennilegt, að því verði svo fyrir komið, að þingið verði látið skera úr því, hvort veita skal leyfi til vatnsfallavirkjunar í stórum stíl eða ekki. Einmitt þess vegna þarf þessi undantekning frá fortakslausu valdi stjórnarinnar til að leyfa útlendingum að eiga og nota fasteignir að vera til.

Fleiri orð um þetta virðast óþörf, en jeg vil nota tækfærið til að benda hv. nefnd á 4. lið brtt. á þgskj. 281. Jeg veit eigi, hvort nefndin hefir athugað það, að löndum vorum vestan hafs tæmist við og við arfur hjer og fasteignir falla í arfahluta þeirra. Eftir frv. er enginn munur gerður á þeim og öðrum útlendingum; til þeirra ná að eins almenn ákvæði um, að stjórnin geti veitt 5 ára frest til að koma málinu í löglegt horf. Jeg vil skjóta því til hv. nefndar, hvort ekki sje ástæða til að athuga þetta nánar. Jeg skil vel, að löndum vestra þyki hart að þurfa að farga fasteignum sínum hjer, sem geta verið forn ættaróðul, og með minningunum tengja þá við gamla landið, enda sje jeg enga hættu í því fólgna, að þeir fái að eiga hjer slíkar eignir, án þröngra kosta, og meinalaust væri oss, þótt óðulir seiddu einhvern þeirra heim.

Jeg er ekki við því búinn, að bera hjer fram till. um þetta efni; jeg vildi að eins vekja eftirtekt hv. nefndar á því, hvort ekki væri ástæða til að fara þarna vægara í sakirnar en frv. gerir.

Björn Kristjánsson: Það er alveg rjett, sem hjer hefir verið bent á, að þetta frv. er sniðið eftir frv. stjórnarinnar 1901. En það getur verið þess vert, að það sje athugað, hvort frv. þetta er ekki um of sniðið eftir stjórnarfrv. Síðan það kom fram hefir margt breyst og margt komið fram. Það hafa verið sett ýms lög og ákvæði, sem yrði að breyta, ef þetta frv. verður samþykt, eins og það nú liggur fyrir með breytingartillögum. Jeg vil minna á, að síðan 1901 hafa verið sett námulög, á þingi 1907, og var mikið til þeirra vandað; þau ná til allra opinberra jarða og veita öllum, jafnt útlendum sem innlendum, rjett til að finna og vinna náma með vissum skilyrðum. Þessi lög voru sniðin eftir því, sem alment gerðist annarsstaðar, og síðan voru þau endurskoðuð 1909. Auk þess, sem öllum var veittur finnanda- og rekstrarrjettur, var það ákveðið, að landeigandi ætti námurjettinn. Það mundi þykja nýmæli nú, og jeg veit ekki, hvernig því yrði tekið, ef nú yrði ákveðið, að ekki mætti selja nje leigja öðrum námur en innlendum mönnum. Eins og nú er ástatt, þá er það sama sem að segja, að ekki megi selja eða leigja öðrum en þeim, sem ekki vilja kaupa. Það þarf svo mikið fje og verk til að leita að námum og reka

þær, að menn hafa hjer ekki fje til þess. Það gæti ef til vill komið til mála að banna að *selja* öðrum en innlendum, en það ákvæði ætti þá heima í námulögunum, en ekki í þessum lögum, því það mundi valda svo miklum glundroða í löggjöfinni. En hitt held jeg að komi ekki til mála, að banna að *leigja* útlendingum náma. Reynslan hefir sýnt, að þær tilraunir, sem gerðar hafa verið í þá átt hjer á landi, eru allar gerðar af útlendingum, sem ekki voru búsettir hjer. Jeg get t. d. leut á námu á Reykjanesi — postulínsnámu —; þar hafa útlendingar leigt námuna, en innlent fjelag á hana. Engum Íslendingi hefði dottið í hug að reka þessa námu. Þá get jeg bent á Miðdal Þar hjeldu menn að væri gullnáma, og það reyndist rjett. Íslendingar gerðu tilraun til að finna hana, en gáfust upp. Síðan var náman leigð útlendingum, og þeir vörðu yfir 30 þús. til að leita þar að gulli og rannsaka námuna, og endirinn varð sá, að hún reyndist óvinnandi, eða svaraði ekki kostnaði. Ef útlendingum er fyrirmunað að rannsaka námur, þá verður ekkert úr rannsókn á því sviði, og einkum ef þeim er varnað að fá námuna *á leigu*. Það kostar mikið að leita að málmunum og rannsaka, og um leigu í þessu tilfelli er alt annað að segja en á jörðum, veiði eða þess háttar. Það má altaf reikna út, hvað jörðin eða veiðin gefur af sjer, og miða leiguna við það. Við námuna er meira lagt í hættu. Enginn veit, hvað úr kann að verða; árangurinn gróðinn, verður eins og „premía“ fyrir að finna námuna, eins og „premía“ fyrir hverja aðra uppgötvun. Mjer finst, a · taka verði tillit til þess, að hjer stendur öðruvísi á en um aðrar eignir. Eins verða menn að taka það til íhugunar, að með því að meina útlendingum að fást við þessi efni, þá tefja þeir fyrir, að landið geti notið þeirra um ófyrirsjáanlegan tíma. Jeg vil því skjóta því að nefndinni, hvort hún vilji ekki koma með brtt. um það fyrir næstu umræðu, að undanskilja námur. Með þessu ætti engu að vera tapað, því það er altaf á þingsins valdi að hafa það eftirlit og setja þær skorður, sem því þóknast, þegar einhver náma er fundin.

Útilokun útlendinga frá námum þekkist ekki annarsstaðar. Norðmenn eru að vísu að hugsa um að koma því á hjá sjer. (*E. A.*: Eru búnir að því). Það getur verið. En alt til þessa hafa þeir ekki sjeð sjer það fært. Þeir hafa sjeð, að þeir urðu að nota útlendinga til að eyða í þetta fje fyrst, til að renna á vaðið, og eins verðum við að gera. Annars er Noregur varla saman berandi í þessu efni, því það er málmauðugt land, en það er Ísland ekki enn, svo menn viti. Málmar eru hjer ekki ofan jarðar, og kostar því stórfje að leita þeirra og rannsaka, hvort þeir eru vinnandi, er neðar dregur. Jeg veit, að hjer er gull, silfur, blý, kvikasilfur, vismut, eir og antimon, en jeg hefi hvergi rekið mig á, að þeir væru vinnandi, nema ef vera kynni gull, sem er mjög útbreitt hjer á landi. Jeg held, að best sje að lofa útlendingum að leita þeirra og elta þá uppi, því annars verður það ekki gert. Þær skorður, sem settar eru í námulögunum, ættu að nægja.

Eins og jeg tók fram áðan, þá held jeg, að það geti vel komið til mála að banna útlendingum að *eiga* námur, en hitt er auglýst, að það yrði til ills eins að banna þeim að *leigja* þær. Vitanlega þyrfti að ákveða, hvað þeir mættu leigja lengst. Ef nefndin fellst á þetta fyrir 3. umr., þá get jeg verið með frv., þó jeg sjái ekki í því þá tryggingu, sem til er ætlast.

Jeg vil ekki orðlengja þetta meira. Vilji þingið breyta námulögunum, þá má gera það á næsta þingi. Sá frestur ætti ekki að vera ægilegur, því ekki er útlit fyrir, að

mikið verði gert að námurekstri á næstunni.

Frsm. (Einar Arnórsson): Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir minst á það tilfelli, ef Vestur-Íslendingar erfðu hjer jarðir. Jeg sje ekki betur en að það falli algerlega undir 4. gr., um að það yrði að koma því í löglegt horf fyrir þann ákveðna tíma, er þar greinir. Menn mega ekki gleyma því, að þó að svo líti út, sem þetta sje hart að gengið, þá er heimild til að veita undanþágu, þegar svona stendur á Nefndinni þótti ekki rjett að láta miða þessa heimild við *ríka nauðsyn,* eins og hv. flm. vildi vera láta. Hún taldi nægilegt, að hægt væri að veita leyfið, þegar ástæða væri til. Jeg býst ekki við því, þó hugtakið sje rúmt og það megi toga það á marga vegu, að ástæða þætti oft til að synja Vestur-Íslendingum um að eiga erfðajörð sína, því það kemur á engan hátt í bága við aðaltilgang frv. En hann var sá, að varna því, sporna við því á allan hátt, að bestu eignir hjer á landi kæmust í hendur útlendra auðmanna. Jeg veit til, að í ráði hefir verið, að útlendingur keypti heilt bygðarlag — Ölfusið. Þó ekkert hafi úr þessu orðið, þá er það þó nóg til að benda mönnum á, að hjer getur verið hætta á ferðum. Það mun þykja sjálfsagt að sporna við, að svona stórt flæmi kæmist í hendur útlendinga, en það getur líka verið ástæða til að reyna að halda í það, sem minna er. Jafnvel eitt kot getur verið mikilsvert, ef aðstöðu þess og legu er þannig háttað, að það liggi vel til verslunar, síldveiða eða þess háttar.

Viðvíkjandi ræðu hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), þá skal jeg játa það, að jeg ber ekki nógu gott skyn á náma til þess að geta rætt það við hann sem skyldi, og svo bætist þar við, að jeg hefi ekki hugsað málið enn. Jeg vil þó benda á, að það eru 2 ákvæði í frv. og brtt., sem ættu að gera það að verkum, að menn þyrftu ekki að vera hræddir. Það er ákvæðið um heimild stjórnarinnar til að veita leyfi, og það leyfi mundi veitt til að leigja námuna, ef það væri nauðsynlegt til þess, að rannsókn gæti farið fram. Hitt ákvæðið og úrræðið er að stofna fjelag, og það mundi verða gert. Þetta ákvæði gerir það að vísu að verkum, að fara má í kringum lögin, og eru fjelagsstofnanir altaf hættulegar í því tilliti. En þó er lagt hjer band á, þó eftir sje að vita, hvort það reynist nægilega sterkt, og það er heimilisfangsskilyrðið.

Það er rjett, að frv. gerir enga undantekningu um námur. Það má vel vera, að það, er jeg nú nefndi, sje ekki fullnægjandi fyrir hv. 1. þm. G.-K. (B. K.). Hann mun líta svo á, að enginn fari að láta rannsaka námu, nema hann hafi líkindi fyrir því, að rekstur námunnar mundi bera sig. Það er síður en svo, að jeg sje því mótfallinn, að hv. þm. (B. K.) ræði um þetta atriði við nefndina milli 2. og 3. umr. og ljeti í ljós, hvað hann teldi ráðlegast í þessu tilliti.

Björn Kristjánsson: Jeg hafði einmitt veitt þessum tveim atriðum athygli, sem hv. frsm. (E. A.) gat um. Að vísu koma undanþágur til greina. En er jeg hafði athugað, hve ströng skilyrðin eru gagnvart útlendingum, t. d. um leigu veiði í ám, sem eigi má leigja útlendingum lengur en í 3 ár, án stjórnarleyfis, þá þóttist jeg sjá, að stjórnin mundi aldrei leyfa sjer að fara langt fram úr því, sem til er tekið. Jeg geng að því vísu, að jafnvíðtæka ívilnun og þyrfti til þess að hægt væri að reka námuna, mundi stjórnin ekki sjá sjer fært að gefa. Hv. frsm. (E. A.) benti og á 4. lið. Vel veit jeg það, að búa má til hlutafjelag með innlenda strámannastjórn, en það er hvorttveggja, að strámenskan er ekki eftirsóknarverð, og svo munu útlendingar vilja komast hjá að nota hana, og jafnvel ekki sjá sjer fært að leggja fram fje, sem þeir ekki mættu

stjórna sjálfir. Annars er jeg þakklátur hv. frsm. (E. A.) fyrir, að hann vill leyfa mjer að tala við nefndina. Og mun jeg þá koma fram með breytingar þessu viðvíkjandi. Það er mjer hið mesta áhugamál, að námur hjer á landi verði rannsakaðar, svo oss gefist kostur á að þekkja okkar eigið land.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer sýnist, að þetta frv. hafi tekið miklum bótum hjá hv. allsherjarnefnd, sjerstaklega með tilliti til þess, að nú er stjórninni veittur talsvert meiri rjettur til að gera undanþágur frá lögunum. Það tel jeg alveg nauðsynlegt. Sjerstaklega ef litið er á undantekningarnar í 11. gr. frumvarpsins. Jeg hygg, að ekki sje nema rjett og eðlilegt að setja slíkar takmarkanir, sem hjer er gert. Hitt er annað mál, hvort þær eru nægar, og hvort ekki væri ástæða til að athuga þetta mál betur en hv. þingi er fært, með sínum takmarkaða tíma. Um það skal jeg ekki segja. Jeg vil t. d. benda á, að umboðsmenn annara ríkja eru undanteknir. En því þá ekki eins stofnanir erlendra ríkja? Jeg hygg, að menn muni engu síður eftir, að t. d. sjerstaklega Frakkar eiga sjúkrahús nokkuð víða hjer á landi, og auk þess skóla og kirkju. Jeg býst nú við, að úr þessu verði engin vandræði, ef sá skilningur er rjettur, að heimild stjórnarinnar til að gera undanþágur sje talsvert rúm. Það þarf svo að vera. Slíkar undantekningar geta oft verið nauðsynlegar, sjerstaklega þegar um húseign er að ræða. Síður um jarðeignir. Yfirleitt finst mjer frv. hafa tekið bótum. Jeg er ekki viss um, hvort nauðsynlegt hafi verið að undantaka námsmenn, sjúklinga o. fl. Líka vildi jeg mega skjóta því til hv. nefndar, hvernig ætti að skilja þennan 5 ára frest, sem talað er um í 10. gr. frv., í sambandi við 4. gr. Í 10. gr. frv. stendur: „Nú hefir einhver sá öðlast rjettindi samkvæmt 1. gr yfir fasteign áður en lög þessi öðlast gildi, er eigi fullnægir skilyrðum þeirrar gr., og skal honum þá veittur 5 ára frestur frá 1. jan. 1920 til að koma málinu í löglegt horf". — En auk þess er í 4. gr. talað um, að ráðherra hafi heimild til að veita frest, alt að 3 árum. Spurningin er, hvort þetta má skilja svo, að stjórnin megi veita þennan 3 ára frest eftir að hinn (5 ár) er útrunninn, eða hvort meiningin er, að ekki sje hafður fyrir augum frestur sá, sem stjórnarráðið veitir.

Frsm. (Einar Arnórsson): Það mun rjett vera hjá hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að þær undantekningar, sem segir í 2. lið 11. gr., sjeu ekki nægilega víðtækar, og að full ástæða muni vera til að undantaka einnig slík hús og stofnanir, er hann nefndi. Hins vegar held jeg ekki, að það muni hafa „praktiska" þýðingu, því að vafalaust mun stjórnin veita slíkar undanþágur. — Út af spurningu hæstv. forsætisráðh. (J. M.) um frestinn í 10. gr., í sambandi við 4. gr., þá held jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að nefndin hefir að eins hugsað sjer 5 ára frest, en ekki 5+3, svo aðferðin sje sama og segir í 4. gr. Annars væri jeg ekki mótfallinn, að bætt yrði í greinina einhverju, sem gerði þetta skýrara.

Sveinn Ólafsson: Mjer láðist áðan að svara þeirri athugasemd hv. frsm. (E. A.), að það mundi þurfa að breyta greininni talsvert, ef brtt. mín yrði samþ. Jeg sje ekki, að nauðsyn sje á annari breytingu en þeirri, að seinni hluti þessarar gr. byrji á nýrri málsgrein. Að öðru leyti fellur brtt. alveg inn í greinina. (*E. A.*: „Að hagnýta vatnorku" þarf að breyta). Það kann að vera rjett, ef orðalagi brtt. er breytt; ella virðist það alveg óþarft

ATKVGR.

Brtt. 310 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 281,1. (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
— 281,2. (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 281,3.a. samþ. án atkvgr.
— 281,3.b. samþ. með 20 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 281,4. (ný 4. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 281,5. samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 281,6. samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 281,7. samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 281,8. (ný 8. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 281,9. samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 281,10. (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 281,10. (ný gr., verður 11 gr.) samþ. með 20 shlj. atkv
— 281,10. (ný gr. verður 12. gr.) samþ. án atkvgr.
— 281,11. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 358).

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg vil að eins lýsa því yfir, að nefndin óskar, að hæstv. forseti taki þetta mál af dagskrá.

Forseti: Samkvæmt ósk hv. frsm. (E. A). og nefndarinnar leyfi jeg mjer að taka málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 16. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 358, 376, 386).

Frsm. (Einar Arnórsson): Nefndin hefir í hyggju að koma með brtt. um orðalag á sinni eigin brtt., og vill því mælast til, að málið verði tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 358, 376, 386, 393).

Frsm. (Einar Arnórsson): Við frv. þetta hafa ekki verið gerðar neinar efnisbreytingar aðrar en þær, að námurjettindi og hagnýting vatns og vatnsorku sjeu undanþegin ákvæði laganna. Nefndin hefir fallist á till. 1. þm. G.-K. (B. K.) um þetta atriði.

Brtt. á þgskj. 393, við brtt. á þgskj. 376, er að eins orðabreyting, og væntir nefndin, að hún verði samþ.

Í brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), á þgskj. 386, felst ekkert, sem ekki er tekið fram í brtt. nefndarinnar, nema að námurjettindi

skulu undanskilin ákvæði laganna eftir till. nefndarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 393. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 376, svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
— 386. kom eigi til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 418).

Á 37. fundi í Ed., föstudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta er komið frá háttv. Nd., var þar í allsherjarnefnd, og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 8 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., laugardaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A 418, n. 520, 561).

Frsm. (Magnús Torfason): Frv. þetta inniheldur nokkurskonar landvarnarákvæði, og er það atriði frv. gama kunnugt hjer á hv. Alþingi. Hjer á landi er óhjákvæmilegt að setja slík ákvæð sem þessi; en jeg verð að taka fram, að þau eru eingöngu sett til þess að verja landið aðsúg og ágengni erlendra þjóða, en ekki til þess að sporna við, að útlendingar geti rekið hjer löglega atvinnu, sem eigi gerir landinu neinn skaða. Tilgangurinn er alls eigi að ýfast við útlendingum á nokkurn hátt.

Eins og nefndarálitið ber með sjer, hefir nefndin fallist á frv. að mestu leyti Allar brtt. eru orðabreytingar, nema að eins sú fyrsta; sömuleiðis er brtt. á þgskj. 561 eingöngu málsrjetting.

1. brtt. a. miðar til þess að lina á kröfunum til þeirra, sem leigurjettinn vilja nota. Oftast verður hann að leggja fram töluvert fje til þess að geta hagnýtt sjer rjettinn, og er þá ekki nema sanngjarnt, að hann fái lengri uppsagnarfrest. Menn eru nú líka farnir að leigja hús með lengri uppsagnarfresti en áður, vanalega ársfresti, svo menn fái tíma til að geta bygt sjer hús, áður en þeir missa íbúðina. Aftur á móti miðar 1. brtt. b. heldur til að herða á kröfunum. Við nánari íhugun vildi nefndin ekki ívilna útlendingum meir en svo, að ráðherra gæti gefið undanþágu, ef honum þætti svo henta. Má vera, að mönnum finnist, að þetta atriði hafi ekki mikla þýðingu, sjerstaklega þegar trúin á málmana er óðum að þverra. En landið er að mestu órannsakað enn, og ekki er að vita, nema menn geti fundið málma í jörðu hjer á landi, og er þá gott að geta gripið til þessa ákvæðis.

Vona jeg, að hv. deildarmenn sjeu nefndinni sammála um, að orðabreytingarnar sjeu til bóta. Brtt. á þgskj. 561 er gerð til enn frekari málsrjettingar, til þess að eigi sjeu tvær „enda"-setningar í sama málslið.

ATKVGR.

Brtt. 520,1.a. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 520,1.b. — — 12 — —

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 520,2.a. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 520,2.b. — — 11 — —

4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 520,3. samþ. með 12 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 520,4. samþ. með 11 shlj. atkv

8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 561. samþ. með 12 shlj. atkv
— 520,5. kom því eigi til atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 590).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 826).

Á 67. fundi í Nd., fimtudaginn 18. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 826, n. 862).

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg hefi í rauninni ekki annað að segja en það, sem tekið er fram í framhaldsnefndaráliti allsherjarnefndar. Háttv. Ed. hefir gert tvær efnisbreytingar á frv. Fyrst þá breytingu, að binda uppsagnarfrest við 1 ár en ekki ½ ár. Síðari breytingin er sú, að námarjettur sje ekki beinlínis undanþeginn í lögunum, heldur að ráðherra gefi leyfi.

Allsherjarnefnd þessarar deildar álítur þessar breytingar ekki svo verulegar, að fyrir þá sök sje ástæða til að breyta frv. aftur. Og leggur nefndin því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi að eins minna á það, sem jeg áður hefi sagt um þetta mál, að þó jeg telji, að frv. sje gott, þá hefði þó verið rjettara að bíða með að samþykkja það, þangað til löggjöf hefir verið sett um að binda ýmiskonar atvinnurekstur við búsetuna. Því meðan það er leyfilegt að reka ýmsa atvinnu hjer án þess að vera búsettur, þá sýnist leiða af því, að leyfilegt sje, að atvinnurekendur eigi þau hús, sem atvinnan er rekin í.

Jeg sje ekki, að nein hætta hefði stafað af því, þó þetta fengi að bíða, þangað til lög eru sett um þetta. Hins vegar má líka telja hættulaust að samþykkja þetta, ef að eins stjórnin fer skynsamlega með lögin. Þá er þetta þýðingarlítið atriði. En það

er talsvert undir hælinn lagt, hvernig hlutaðeigandi stjórn hagar sjer.

Þetta vildi jeg að yrði athugað. Mjer finst, að þetta hefði ekki átt að takast út úr atvinnulagabálkinum, heldur hefði það, sem hjer er farið fram á, átt að fara saman við þá löggjöf, eins og líka mun hafa verið til stofnað af hálfu hv. flutningsmanns (B. J.).

Annars tel jeg frv. sem sagt gott. Að eins veit jeg ekki, hvort þessar undantekningar eru heppilegar. Sjerstaklega fyrst farið var að gera undantekningar á annað borð, því mátti þá ekki láta t. d. kirkjur eða spítala o. fl. vera með, sem annars er alt komið undir náð stjórnarinnar? Það hefði sjálfsagt þurft að gera miklu fleiri undantekningar heldur en teknar eru fram í lögunum. Það var eðlilegast að láta þær allar fylgjast að; annars er þetta dálítið villandi.

Að öðru leyti finst mjer frv. hafa tekið svo miklum bótum hjá hv. allsherjarnefnd hjer í Nd., að jeg er því ekki mótfallinn og vil ekki vekja óþarfa umræður út af efni þess, þó jeg álíti, að það gjarnan hefði mátt bíða.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg get ekki verið sammála hæstv. forsætisráðh. (J. M.) um það, að sjerstakar ástæður lægju til þess að láta þetta frv. bíða eftir löggjöfinni um atvinnurekstur manna almennt. — Hættan á því, að útlendingar seilist til landa hjer og auðæfa, er sú sama, hvort sem atvinnulöggjöfin er komin í fast skipulag eða ekki. Auk þess er ekki að vita, hvað langt verður að bíða eftir þessari löggjöf. Málið er talsvert margbrotið og þarf athugunar. Svo það er ekki víst, að stjórnin verði búin að ljúka því á næsta þingi. Jeg sje því ekki, að neinn skaði sje skeður, þó frv. verði samþykt nú þegar. Mönnum er gefinn 5 ára frestur samkvæmt frumvarpinu þeim sem eiga hjer eignir, sem nefndar eru í frv., til þess að koma málum sínum í rjett horf, og atvinnurjettur þeirra ekki skertur meðan fresturinn er að líða. En hins vegar er líklegt, að atvinnulöggjöfin verði komin eftir 5 ára tíma.

Það kann að vera, að eitthvað hafi gleymst af undantekningum, sem hefði átt að taka með, t. d. embættismenn erlendra ríkja.

En jeg álít, að ekki sje mikill skaði skeður með þessu. Því stjórnin mundi að sjálfsögðu altaf veita útlendingum leyfi til að reisa spítala, kirkjur og annað þess háttar. Hún mundi varla fara að amast við því.

Þar sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að þetta ætti að bíða þangað til löggjöf væri sett um atvinnu manna í sambandi við búsetuskilyrðið, þá kemur það ekki heim við álit stjórnarinnar 1901, þegar hún bar fram frumvarp um takmörkun á yfirráðarjetti á fasteignum. Það voru ekki gerðar breytingar á atvinnulöggjöfinni þá. Jeg sje því ekki, að það sje hættulegra nú en þá að setja lagafyrirmæli sjerstaklega um fasteignayfirráðin.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 898).

57. Hafnargerð í Ólafsvík.

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um hafnargerð í Ólafsvík (A. 250).

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 33. fundi í Ed., mánudaginn 18. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr

Flm. (Halldór Steinsson): Þó að greinargerð þessa frv. sje ekki löng, tekur hún þó fram meginástæður þær, sem fyrir frv. eru. Jeg þarf því að eins að skýra nánar nokkrar þessar ástæður.

Það er alkunnugt, að einhver bestu fiskimið landsins eru út frá Snæfellsnesi, og hafa þau frá öndverðu verið talin einhver fiskisælustu miðin hjerlendis, svo að viðbrugðið er t. d. miðunum undir Jökli. Um þessar slóðir er sjór stundaður allan ársins hring. Áður sótti þangað fjöldi fólks úr fjarlægum hjeruðum, sem þótti borga sig að flytja sig langar leiðir vissa tíma árs til að ná í fiskinn, sem oftast var skamt undan landi. Enn þá á þetta sjer stað, þótt mikið minna kveði að því en áður. Nýlega er t. d. stofnað fjelag í Reykjavík til þess að taka aftur upp útgerð í Dritvík.

Yfir höfuð má segja, að allri útgerð á Snæfellsnesi hafi hrakað á síðari árum. En orsök þessarar afturfarar er efalaust einkum sú, að ókleift er að stunda þar sjó nema á opnum bátum. Útvegurinn hefir hvarvetna tekið fljótum framförum þar sem hafnir og lendingar hafa verið í sæmilegu lagi. Þar hefir þilskipum og vjelbátum óðum fjölgað. En þar sem hafnlaust hefir verið eða lendingaslæmt hefir útgerðinni þokað aftur á bak — hún hefir ekki getað fylgst með tímanum og ekki átt kost á að nota bestu veiðiaðferðir. En hafnleysið hefir líka annað ilt í för með sjer. Það verður þess valdandi, að sjórinn gleypir árlega ýmsa bestu og dugmestu sjómennina sem leggja verða í hættu líf sitt og limi í sjóðandi löðri og svarrandi brimi á opnum bátum í illum lendingum. Það er nú viðurkent, að á Snæfellsnesi sjeu einna bestir sjómenn á þessu landi, og þó munu druknanir þar almennari en annarsstaðar, og þeim mun meira að segja hafa fjölgað á síðari árum, þó jeg geti nú ekki sýnt það með tölum. Þetta kemur nokkuð af því, að menn eru nú neyddir til að vera djarfari í sjósókninni en áður og tefla tæpara sakir samkepninnar við utanhjeraðsvjelbáta og botnvörpunga, sem á síðari árum hafa vaxið mjög komur sínar á þessa staði og orðið til þess ýmist að breyta hinum gömlu miðum eða fæla fiskinn lengra frá landi.

Af öllu þessu virðist augljóst, að ekki megi dragast lengur að koma upp öruggri höfn á Nesinu, og er áreiðanlegt, að ekki verður dregið úr hinum miklu mannsköðum með öðru móti. Eftir rannsókn Kirks á hafnarstæðum, sem síðustu árin hefir framkvæmt þar víðs vegar um land, hefir sú orðið niðurstaða hans, að Ólafsvík væri hentugur staður til hafnargerðar og að af hinum smærri höfnum stæði hún einna fremst. Áætlanir um kostnaðinn við höfnina eru fyrir hendi, og getur væntanleg nefnd átt kost á að kynna sjer þær.

Jeg þarf ekki að lýsa því, hvað mikla þýðingu þessi höfn myndi hafa, ekki að eins fyrir Snæfellsnes, heldur einnig aðra hluta landsins, að því er snertir þorskveiðar á vjelbátum, bæði stórum og smáum. Ekki er þó gert ráð fyrir höfn handa mjög stórum skipum, en talið, að 400—600 tonna skip geti örugglega legið þar.

Jeg er ekkert hræddur um það, að þessi höfn myndi eigi geta borið sig vel fjárhagslega. Sem betur fer, eru nú farin að opnast augu manna fyrir því, að ef landið á að verða byggilegt, verður að vinda bráðan bug að því að koma á ýmsum framkvæmdum, sem mikil fjárútlát eru samfara. Menn þola nú orðið að heyra, að minst sje á járnbrautir, stór áveitufyrirtæki og beislun fossanna, og sortnar ekki fyrir augum við að heyra nefnd miljónafyrirtæki, en ekki er síður þörf á því að beisla hafið en fossana. Kröfur um hafnarbætur víðs vegar af landinu verða því sífelt háværari.

Að svo mæltu legg jeg til, að frv. verði vísað til sjávarútvegsnefndar, sem jeg vona að kynni sjer málið sem best.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2003) með 11 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 250, n. 608).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr

Frsm. (Karl Einarsson): Frv. þetta er borið fram af háttv. þm. Snæf. (H. St.), og er á þgskj. 240, nefndarálitið á þgskj. 608 og álit fjárveitinganefndar á þgskj. 641.

Eins og sjest á nál., er sjávarútvegsnefnd sammála um að ráða hv. deild til að samþ. frv. Fyrir nefndinni lá áætlun um kostnaðinn, og er hún prentuð upp í nál. í aðaldráttunum. Nákvæm rannsókn er að vísu eigi fengin enn, enda er ekki við því að búast, en sjerfróður maður, sem nefndin átti tal við, sagði, að þessi upphæð mundi nægja.

Hafnargerð þessi yrði til stórmikils gagns fyrir alt Snæfellsnes. Þar er mótorbátaútvegur ómögulegur, en fiskimið ágæt skamt frá. Þarna má gera ágætishöfn, er má stækka eftir vild, og kostnaðurinn er eigi eins mikill og víða annarsstaðar, þar eð dýpið er mjög hæfilegt. — Nefndin var í nokkrum vafa um, hvort ekki bæri að setja inn í frv. ákvæði um, að sýslunefnd Snæfellsnessýslu skyldi ábyrgjast lánið, en við hurfum frá því, af því við vorum ekki vissir um, að það væri neitt tryggara, enda má altaf laga það í meðferð málsins. En það út af fyrir sig ætti ekki að geta hindrað framgang þess.

Við litum svo á, að hafnargerðir væru einhver allra stærstu framfaramál, einkum þar sem fiskisælt er, því þær gera ekki eingöngu líf sjómanna þægilegra og óhultara, heldur er og beinn og óbeinn hagnaður að þeim.

Þetta mál á alt að liggja opið fyrir, enda stendur í 1. gr., að það eigi að rannsaka það til fullnustu, og getur það tekið 1—2 ár. En í það má ekki horfa, til þess að málið geti verið vel undirbúið.

Jeg skal svo ekki tala meira að sinni, en ef æskt er eftir, að gerð sje grein fyrir staðháttum, vona jeg, að hv. þm. Snæf. (H. St.) greini frá þeim.

Magnús Torfason: Jeg stend upp með fram út af ummælum hv. frsm. (K. E.) í gær um hafnarlög Ísafjarðar. Það er alls ekki rjett, sem hv. frsm. (K. E.) sagði, að ætlast væri til, að fje yrði í fjárlögunum veitt til hafnargerðar á Ísafirði. Það er vitanlegt, að þetta mál á langt í land. Mjer skildist á háttv. frsm. (K. E.), að hann ætlaðist til, að breytingartill. kæmi fram við 3. umr. (*K. E.*: Nei, hún er aftan í nál.). Fyrir mitt leyti er jeg ekki á móti frv., og það því fremur, sem Ólafsvík er landseign. En málið er lítið undirbúið, og því finst mjer rjett, að sami fyrirvarinn sje hafður og um Ísafjörð. Sýslunefnd hefir að sjálfsögðu eftirlit með slíkum málum, og fyndist mjer rjettast, að hún hefði sjerstakt eftirlit með þessu máli og jafnvel með höfninni síðar meir. Jeg tek þetta fram við þessa umr. af því, að jeg ætla að koma með brtt. við síðari umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Á undanförnum þingum hefir það verið talið eitt af mestu framfaramálum þjóðarinnar að láta sjer ant um að bæta lendingar og hafnir á landinu. Og er það að vonum, því að sumstaðar vantar alveg hafnir og annarsstaðar eru þær vondar. Það liggja fyrir

þinginu frv. um endurbætur á höfnunum á Ísafirði og Bolungarvík. En hjer stendur nokkuð sjerstaklega á. Því að það er að eins eitt sveitarfjelag, sem hjer á hlut að máli, og töluvert stórt fjárframlag, sem hjer er farið fram á, og er jeg hræddur um, að það verði dýrt að koma þessu í framkvæmd, og jafnvel svo, að það yrði sveitarfjelaginu ofvaxið. Jeg verð því eindregið að mæla með, að hv. nefnd taki þetta mál til nákvæmrar íhugunar fyrir næstu umr. Jeg get tekið fram, að mjer litist betur á frv. ef hlutaðeigandi sýslufjelag ábyrgðist.

Frsm. (Karl Einarsson): Það hefir ekki andað kalt gegn þessu frv., enda hefir engum dulist, að hjer er um þarflegt mál að ræða. Hv. þm. Ísaf. (M. T.) talaði um, að ekki hefðu verið rjett ummæli mín um hafnargerð Ísafjarðarkaupstaðar, og skal jeg játa, að jeg hafði ekki yfirvegað það mál vel, en það kemur ekki þessu máli við. Það er ekki neitt að segja við því, að verkinu sje haldið áfram, þegar einu sinni er byrjað á því, því ógerlegt er að láta dýr verkfæri liggja ónotuð árum saman.

Þó fje sje veitt í fjárlögunum, getur það aldrei orðið nema áætluð upphæð. Þess vegna finst mjer þýðingarlítið, hvort það er gert eða ekki. Stjórnin hefir í hendi sjer að veita fje til þessa. Mjer finst siðferðisleg skylda hv. þings að gera alt, sem í þess valdi stendur, til þess að bæta hafnir landsins.

Viðvíkjandi því, sem sagt var um ábyrgð sýslunefndar, skal jeg taka fram, að eins og jeg sagði áðan, er það að engu leyti tryggara, og gæti að mörgu leyti verið óheppilegra, að sýslunefnd hefði hönd í bagga með þessu máli. Það var sagt, að hjer væri að eins um eitt sveitarfjelag að ræða, en það er ekki rjett, því að flest hjeruð sýslunnar mundu hafa gagn af þessari hafnargerð. Veit jeg, að t. d. í Vestmannaeyjum er gert út af mörgum mönnum bæði úr Landeyjum og Skaftafellssýslu allan veturinn.

Mjer láðist að taka það fram áðan, að landið á alla Ólafsvík, og með þessu er því verið að vinna að því að auka verðmæti landssjóðsins.

Halldór Steinsson: Það má ekki minna vera en að jeg þakki hv. nefnd og hæstv. atvinnumálaráðherra fyrir undirtektir þessa máls.

Hv. nefnd hefir leitað upplýsinga hjá verkfróðum manni, og hefir hjá honum fengið áætlun um kostnaðinn, sem eins og sjest á nál. mun verða um 700,000 kr. Þetta er að vísu mikil upphæð, en hjer er líka að ræða um stórkostlegan hagnað fyrir þau hjeruð, sem að standa. Það lítur jafnvel svo út, að þessi hjeruð muni leggjast í eyði, ef eigi verði úr þessu bætt. Og virðist þessi upphæð þá ekki stór, því mörg 700 þús. tapast á því, að ekki er hægt vegna hafnleysis að afla fiskjarins, sem altaf er þarna skamt undan landi.

Jeg skal ekki fullyrða um, hve nær verkið komist í framkvæmd, þó að lög þessi verði samþykt, en jeg vona samt, að eitthvert skrið komist á framkvæmdirnar.

Hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) fanst ekki nægileg trygging, að eingöngu eitt fátækt sveitarfjelag ætti hjer hlut að máli, en háttv. frsm. (K. E.) tók fram, að það væri eigi eingöngu þetta sveitarfjelag, sem nyti góðs af höfninni, heldur og öll nærliggjandi hjeruð. En annars hefi jeg ekkert á móti því, að sett sje inn það ákvæði, að sýslunefnd ábyrgist.

Jeg ætla svo að lokum að mæla sem allra best með því, að frv. verði samþykt til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 608. samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—18. gr. samþ. með 12 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj atkv.

Á 48. fundi í Ed., fimtudaginn 4. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A 650, 643, 658).

Frsm. (Karl Einarsson): Út af því, sem fram kom við 2. umr., ætlaði nefndin að taka til athugunar ábyrgð sýslufjelagsins á láninu. Það hefir líka orðið ofan á, að rjettast yrði að hafa þessa sýsluábyrgð, enda er svo, eins og jeg tók fram við 1. umr., að þessi hafnargerð kemur sveitarfjelaginu öllu að gagni.

Nefndin, sem slík, hefir ekki tekið neina afstöðu gagnvart brtt. hv. þm. Ísaf. (M. T.), álítur hana enda ekki hafa neina sjerlega „praktiska" þýðingu.

Magnús Torfason: Jeg hefi ekki komið hjer með brtt. til þess að leggja stein í götu þessa máls. Hjer er efalaust um að ræða þá hafnargerð, sem nú er mest þörf á, svo tilfinnanlegur skortur sem er á höfn á Snæfellsnesi. En mjer finst málið ekki nægilega undirbúið, eins og allur gangur þess hjer í deildinni virðist líka benda á, og háttv. frsm. (K. E.) sjálfur var ekki fjarri að svo væri.

Jeg býst heldur ekki við því, að þetta fyrirtæki verði framkvæmt á næsta fjárhagstímabili. Þetta er stórt fyrirtæki, vandasamt og dýrt og þarf því góðrar stjórnar. Og þar kemur til þingsins kasta, því ríkið er þarna landsdrottinn og á þar auk þess margra annara hagsmuna að gæta. Bæði munu lóðir í sjálfu kauptúninu hækka í verði, og ekki ósennilegt, að eins verði um jarðir í nágrenninu, og ef til vill alstaðar á Nesinu. En nú er það líka vitanlegt, að ríkið á tiltölulega mest af jörðum sínum einmitt um þessar slóðir. Þess vegna er það, að mjer finst ekki ónauðsynlegt nje óviðeigandi, að ríkið hefði fastan umboðsmann á þessum stað.

Halldór Steinsson: Jeg verð að játa það, að í upphafi tók jeg till. hv. þm. Ísaf. (M. T.) þannig, að hann vildi með henni tefja fyrir framgangi þessa máls. En nú hefir hann lýst því yfir, að svo sje ekki. Jeg get þess vegna eftir atvikum sætt mig við, að breytingin verði samþykt., ef þessi skilningur er lagður í hana. Jeg held líka, að þó til kastanna kæmi nú á þessu fjárhagstímabili, mundi stjórnin ekki sjá sjer fært að synja um lánið og næsta þing teljast bundið að samþykkja fjárveitinguna, því auðvitað get jeg ekki gengið inn á neitt það, sem tefur málið.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) ljet það í ljós, að undirbúning vantaði. En þetta get jeg ekki kannast við. Hjer hefir verið gerður sami undirbúningur og venjulegt er fyrir hafnargerð, mælingar farið fram, teikning og áætlun um kostnað liggur fyrir.

Að því er umboðsmann snertir, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) talaði um, skal jeg geta þess, að fastur umboðsmaður hefir aðsetur í Snæfellsnessýslu og honum einmitt gert að skyldu að sitja í útsýslunni. Jeg sje þess vegna ekki þörf á því að fara að bæta þar við öðrum eftirlitsmanni.

Annars legg jeg ekki kapp á það, að brtt. verði feld, ef hún hefir engan drátt í för með sjer fyrir málið.

Frsm. (Karl Einarsson): Það er að eins stutt athugasemd. Jeg átti ekki við það, í því sem jeg hefi sagt og skrifað um þetta mál, að það væri illa undirbúið. Jeg vildi að eins benda á, að fullnaðaruppdrættir lægju enn ekki fyrir hreinteiknaðir, og að skýrslan sjálf væri ekki til nema í uppkasti.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að jeg hefði litið svo á, sem brtt. hefði litla þýðingu. Meining mín er sú, að svo framarlega sem stjórnin telur, að ráðast eigi í fyrirtækið, þá hjálpi hún hreppnum til þess að útvega lánið, en að ekki verði neitt borgað úr landssjóði fyr en byrjað er á lagningu hafnarinnar, á fyrsta reikningsári. Þessi regla hefir verið höfð um hinar fyrri hafnargerðir.

Frá þessu sjónarmiði er þess vegna engin ástæða til þess að fella brtt., en það er ekki heldur nein þörf á að samþykkja hana.

Magnús Torfason: Jeg skal að eins benda á það, að sem stendur situr umboðsmaðurinn ekki í Ólafsvík.

Í annan stað vil jeg benda á það, að það er miklu meira en umboðsstörf, sem maðurinn þarf að hafa á hendi. Það er nauðsynlegt, að gerðar sjeu einhverjar ráðstafanir til þess að gæta þjóðeigna vorra. Það er hreinasta hneyksli, hverri meðferð þær hafa sætt, t. d. Siglufjörður.

ATKVGR.

Brtt. 643. samþ. með 8 : 1 atkv.

— 658. — — 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 5. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um hafnargerð í Ólafsvík,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 668).

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 6. sept., var frv. tekið til 1. umr..

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Forseti: Mál þetta var til meðferðar í sjávarútvegsnefnd Ed., og legg jeg til, að það fari til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2010) með 15 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 668, n. 786).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Það er eins um þetta frv. og fyrsta málið á dagskránni, að í nál. á þgskj. 786 er gerð grein fyrir þeim breytingum á frv., sem gerðar hafa verið í hv. Ed. Sjávarútvegsnefnd Nd. hefir fallist á breytingar hv. Ed.

Fyrir nauðsyninni á þessu fyrirtæki er gerð skýr grein í nál., og hversu mikilsvert það sje fyrir sjávarútveginn kringum Snæfellsnes, að þessi hafnarbót komist í framkvæmd.

Jeg vil geta þess, að nefndin vill bæta inn í frv. því sjálfsagða tryggingarákvæði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir. Þetta telur nefndin vera nauðsynlegt, þar sem í ráði er að verja miklum fjárupphæðum í hafnarbætur. Hún vill því mæla með því, að frv. verði samþykt með þessari breytingu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 786. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15. shlj. atkv.

3.—18. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþykt án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Forseti: Jeg vildi geta þess, að nefndin í þessu máli átti samkvæmt þingsköpunum að leita álits fjárveitinganefndar, en hefir ekki gert það. Vænti jeg að hún geri það fyrir 3. umr. málsins.

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 815).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 17. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um hafnargerð í Ólafsvík,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 856).

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 18. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg skal að eins geta þess, að frv. hefir tekið örlitlum breytingum í hv. Nd., þar sem aftan við 2. gr. þess hefir verið bætt nýrri málsgrein, svo hljóðandi: „Tillagið úr landssjóði og ábyrgð landssjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir.“ Sjávarútvegsnefnd telur breytingu þessa til bóta, og leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 899).

---

8. Hafnarlög Vestmannaeyja.

Á 32. fundi í Ed., laugardaginn 16. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóv. 1913 (A. 388).

Á 33. fundi í Ed., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Levft án atkvgr. að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Karl Einarsson): Jeg skal að þessu sinni að eins fara örfáum orðum um þetta frumvarp. Þetta mál lá fyrst fyrir Alþingi 1913, og voru þá allar horfur á, að alt gengi skaplega með framkvæmdir málsins. En af ástæðum, sem hjer þarf ekki að greina — en teknar voru fram á þingi 1915 — var ekki unt að gera samning um alt verkið þá. Það sama ár — 1915 — voru svo veittar 90 þús. kr. til verksins, gegn þreföldu framlagi annarsstaðar frá, og sömuleiðis veitt heimild til þess, að landssjóður ábyrgðist 230 þús. kr. lán til fyrirtækisins annarsstaðar frá. Þegar þessi lög voru samþykt, var enn ekki unt að komast að samningum um framkvæmd starfsins. Vinnukaup og efni alt var þá sem sje að hækka í verði svo að segja daglega, og enginn fjekst til að taka verkið að sjer með þeim kjörum, sem sýslunefnd gat boðið. En hins vegar hafði hún ekki heimild til þess að veita til þess ríflegri styrk, og mundi heldur ekki hafa fengið leyfi landsstjórnar til þess. En það hefði verið að renna blint í sjóinn, að sinna nokkru tilboði, eins og þá stóð á, þar sem ekkert tilboð fjekst nema á þeim grundvelli, að það breyttist eftir því, sem kaup og efni hækkaði.

Í vetur voru nokkrar horfur á, að úr þessu öngþveiti rættist, og ljet því bæjarstjórn Vestmannaeyja rannsaka málið alt, og var það falið Kirk verkfræðingi. Enn þá eru einstök atriði áætlunar hans að eins

til í uppkasti, en þar er þó skýrt tekið fram, að ekki þurfi að fara fram úr áætlun hans, nema verðlag breytist að mun. Hækkunin, sem samt er gert ráð fyrir, stafar því ekki eingöngu af dýrtíð, heldur líka af því, að nú er gert ráð fyrir því, að garðurinn verði sterkari og stinnari en áður, verði breiðari og hærri. Reynslan hefir sem sje sýnt, að garðarnir voru of veikir, eins og áður var gert ráð fyrir þeim. Öll þessi hækkun nemur um 600 þús. kr., en þar með er þá talin brú ein mikil, sem um leið verður þriðji bylgjubrjóturinn við höfnina.

Jeg vona svo, að hv. deild leyfi þessu máli til 2. umr. og nefndar, og er þá fús til þess að gefa allar þær upplýsingar um það, sem mjer er unt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2003) með 11 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 388, n 607).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Karl Einarsson): Þetta mál hefir komið hjer tvívegis áður, og get jeg að ýmsu leyti vísað til þess, sem þá var sagt.

Í reyndinni hefir það komið í ljós, að áætlunin um hafnarbygginguna var of lág. Garðarnir reyndust of veikir, og skemdust þeir þar sem mestur var sjógangur, og er það fyrst í vetur, að ekkert hefir haggast af því, sem bygt var í fyrra. Það er líka einróma álit bæði verkfræðinga og sjómanna, að ekki megi við það una, sem áður var. Það verður að gera garðana breiðari, hærri og sterkari, og byggja einn aukagarð, til þess að fá ró í höfnina.

Gert er ráð fyrir því, að nú muni hafa verið varið um 200 þús. kr. til hafnargerðarinnar. En aukakostnaðurinn er áætlaður um hálf miljón kr. Þessi hækkun stafar auðvitað af dýrtíðinni, hækkuðum innlaunum og auknum efniskostnaði og sömuleiðis af því, að nú er gert ráð fyrir því, að bryggjurnar verði tvær og að stærra svæði verði dýpkað í höfninni. En allar þessar bætur eru bráðnauðsynlegar. Nú er sem sje þannig komið, að ekki er rúm fyrir nokkurn bát um fram þá, sem nú eru til í Eyjum, og getur útgerðin þess vegna ekki aukist, en verður að standa í stað, ef höfnin er ekki stækkuð. En það er augljóst, að slíkt væri tjón, ekki að eins fyrir Eyjarnar, heldur alt landið, því þar eru fiskisælustu miðin, sem hjer er völ á, og veður veiðin þar uppi vetur og sumar, jafnt og stöðugt.

Viðvíkjandi brtt. þeirri, sem fram er komin, skal jeg taka það fram, að hvorki jeg nje bæjarstjórnin höfum neitt við hana að athuga.

Fyrir nefndinni hefir hjer vakað það sama og um hafnargerðina í Ólafsvík, að landsstjórnin samþykti til tryggingar allar áætlanir og nyti þar aðstoðar sjerfróðra manna.

Jeg hefi einmitt í dag átt tal um þetta við aðalmann hafnargerðarinnar í Vestmannaeyjum, og sagði hann að það mundi að eins gleðja sig að fá slíka „kritik“, því altaf gætu einhver atriði verið ofa undirorpin, og fengist með þessu frekari trygging fyrir því, að verkið sje vel af hendi leyst.

Kostnaðaratriðið í þessu máli virðist mjer ekki ægilegt. Mjer virðist, að hv. þing ætti ekki að horfa í slíkt þjóðþrifafyrirtæki, þar sem samþyktir hafa verið slíkir útgjaldaaukar, sem raun er á orðin, sem sje 12 milj. kr. til brúabygginga. Það er ekki svo að skilja, að jeg ætli að amast við þessu — það er þarft og sjálfsagt. En benda vil jeg á það í þessu sambandi, að ef bera á saman kostnaðarhliðar þessara tveggja mála, þá er augljóst, að meiri fjárhagsleg-

ur gróði er að hafnargerðinni en brúargerðum. Þar að auki er þetta eina höfnin á Suðurlandi, og er það auðsjeður stór kostur, að hægt sje að skipa vörum þar upp og flytja þær síðan á smærri skipum á aðrar hafnir sunnanlands. En auk þess er þetta lífsnauðsyn fyrir sjávarútveg Eyjanna.

Vona jeg að lokum, að hv. deild beri gæfu til að leiða mál þetta til farsælla lykta.

ATKVGR.

Brtt. 607. samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9. shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., fimtudaginn 4. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 651).

Frsm. (Karl Einarsson): Við frumv. þetta liggja ekki fyrir neinar brtt., enda hefir enginn hjer haft nokkuð við það að athuga, svo frá því sjónarmiði mætti virðast ástæðulaust, að jeg taki til máls nú. Þessi hv. deild hefir sýnt þann skilning á bjargmálum landsins, að vert er að geta þess henni til lofs. En jeg hefi heyrt, að sumir hv. þm. utan þessarar deildar líti nokkuð smáum augum á hafnarlög þau, sem nú hafa legið hjer fyrir, og finnist minna til um þau en skyld mál, t. d. brúalögin. En þetta tvent, vegir og brýr annars vegar og hafnir hins vegar, er skylt og á margt sammerkt, þótt að öðru leyti kenni þar nokkurs munar við nánari samanburð, munar, sem síst verður höfnunum til miska. Þó að jeg nú leyfi mjer að fara nokkuð út í þennan samanburð, þá skal jeg taka það skýrt fram, að þessi samanburður er engan veginn gerður í því skyni að spilla fyrir brúm eða vegum. Jeg er einmitt alveg samþykkur þeirri stefnu, sem þingið hefir tekið, að koma þessum framkvæmdum á, þegar hægt er, og á þann hátt, að þær megi koma að verulegum notum. Tilgangur minn er að eins sá, að vekja athygli manna á nauðsyn þessara mála, ekki að vísu hv. þingdm., sem hafa sýnt, að þeir hafa fullan skilning á þessu, heldur almennings eða þjóðarinnar í heild sinni, og nota jeg því tækifærið til þess að koma þessum samanburði í þingtíðindi, svo að sjáist svart á hvítu.

Það má með engu móti vitnast, að menn telji, að hafnir og bættar samgöngur á sjó hafi ekki eins mikla þýðingu og samgöngubætur á landi. Sem betur fer, er land vort allvogskorið og því víða til dágóðar hafnir af náttúrunni, en nokkuð bregður þó út af þessu sumstaðar, og það þar sem síst skyldi, eins og t. d. fyrir öllu Suðurlandi og þeim stöðum, sem þetta þing hefir nú haft frá til meðferðar hafnarbætur. Á slíkum stöðum er þá nauðsynlegt að gera hafnir svo skjótt sem unt er.

Lítum nú á þá þýðingu, sem vegir og brýr hafa fyrst og fremst. Þessar samgöngubætur gefa strax óbeinan hag, bæði fjárhagslega og menningarlega. Til dæmis um það skal talið, að hjer við styttist leið milli sömu staða, tafir verða minni og tími sparast, en sýsfórum fækkar, aðgangur opnast nýjum fyrirtækjum, en samvinna manna á milli eykst, en við það dafnar og þróast menning og mentun, og verður samgöngubótin þannig óbeinlínis til þess að ýta undir framkvæmdir, þann veg, að því nær sem menn færast hver öðrum, því meira verður viðsýni manna, framþróun vex o. s. frv. Og þegar alt þetta er komið á vist stig, þá fer hagnaðurinn fjárhagslega að koma í ljós, en fyr ekki, þótt þessar samgöngubætur sjeu nauðsynlegar sem upphaf að verulegum framförum.

Um hafnirnar er að mörgu leyti sama að

segja, frá menningarhliðinni. En þar að auki hafa þær sjer það til ágætis — og segi jeg þetta af því, að jeg hefi heyrt menn halda því fram, að varlega yrði að fara í að veita fje til slíkra fyrirtækja, með því að landið hafi í mörg horn að líta — að þær borga sig strax, og það er sá stóri mismunur, en þetta er hægt að sanna með tölum. Sjóður sá, sem myndast við notkun hafnanna, borgar stofnkostnað, viðhald og allan kostnað. En sá styrkur, sem landssjóður leggur fram, kemur endurgoldinn í auknum hærri tekjum landssjóðs. Um fjárhagslegu hliðina á þessum samgöngubótum gildir það um vegi og brýr, að því meira sem lagt er af veguni og því fleiri brýr sem hlaðnar eru, því meira verður viðhaldið, og tekjurnar engar beint; en um hafnir gildir það, að þær eru ekkert fjárhættuspil, heldur gróðavegur, sem gefur beinar tekjur.

Enn er óminst á þann mun, sem góðar hafnir og lendingar gera á einu sviði. Jeg á við það, hve mörg mannslíf sparast við þessar umbætur. Jeg skal ekki fara neitt út í það að lýsa því, hve mikilsvert það er, að mannslífin sjeu ekki látin fyrir ekki neitt. Jeg skal að eins geta þess, til samanburðar, að slysfarir hjer eru mörgum sinnum meiri tiltölulega en í Noregi; stafar sá munur ekki af því, að sjósókn sje hjer erfiðari en þar, því að víða eru veiðar þar mjög erfiðar, heldur stafar munurinn af höfnunum. Um Vestmannaeyjar skal jeg geta þess sjerstaklega, að höfnin rúmar ekki fleiri báta en nú hefir verið lagt á hana, og er mikill munur á öryggi bátanna hjá því, sem áður var, þótt hafnarbæturnar sjeu ekki meiri en þegar eru. Menn gátu jafnan búist við því áður þar, að hve nær sem óveður skylli á, eyðilegðust bátar þeirra og útvegur og bjargræði þá vertíð. Eftir að mótorbátarnir komu, kom það varla fyrir, að ekki eyðilegðust 1 eða fleiri bátar á hverri vertíð.

Jeg leyfi mjer að endingu að vona það, að hv. deild verði ekki síður hlynt þessu frv. en öðrum samskonar, sem fyrir þessu þingi hafa legið, enda liggur fyrir föst áætlun um kostnað við hinar fyrirhuguðu bætur.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 5. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóv. 1913,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 667).

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 6. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg leyfi mjer að mælast til, að hv. deild taki þessu frv. vel og fái það sjávarútvegsnefnd til meðferðar. Það er sjálfsagt nauðsynlegt að gera eitthvað alvarlegt til þess að vernda hafnarvirki í Vestmannaeyjum frá eyðileggingu og bæta þau og höfnina, því að af því er auðsær framtíðarhagnaður.

Sjávarútvegsnefnd mun vera málinu svo kunnug, að hún á að geta afgreitt það á skömmum tíma. En álits fjárveitinganefndar þarf að leita um fjárspursmálið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2 umr. með öllum gr. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2010) með 16 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 667, n. 810).

Frsm. (Björn R. Stefánsson): Jeg tel ekki þörf að eyða mörgum orðum að frv. þessu. Vestmannaeyjar og útvegurinn þar er svo viðkunnugt, að ekki er þörf að fjölyrða um hann. Breytingin, sem nefndin hefir gert á lögunum frá 1913, er fólgin í hækkun á fjárframlagi ríkissjóðs. En þessi hækkun stafar aftur af því, að vinna og efni er nú miklu dýrara en þá. Enn fremur skal jeg geta þess, að það hefir komið í ljós, sem kunnugt er, að hafnarvirkið þarf að vera traustara en gert hafði verið ráð fyrir. Þetta hvorttveggja hefir aukið kostnaðinn, eins og sjá má á frv. Í nál. er þess getið, að það sje skylda ríkissjóðs að styðja sjávarútveginn eftir efnum og ástæðum, þar sem hann er einn af aðaltekjulindum landssjóðs, en af því fást eitt af því, sem gera þarf, verður gert í einu, þá sje þó rjett að láta þau fyrirtæki ganga fyrir, sem mest er von um að auki og tryggi veiðiskapinn að verulegum mun, og að Vestmannaeyjar sjeu einn þeirra staða, er nefndin sammála um.

Enn fremur hefir nefndin gert þá breytingu á lögunum frá 1913, að eftirlitið með verkinu skuli skerpt af hálfu ríkisins, til þess að það verði sem tryggilegast af hendi leyst. Stjórninni er heimilaður íhlutunar- og eftirlitsrjettur, til þess að síður þurfi að óttast, að verkið verði ekki að þeim notum, sem til er ætlast. Þar sem ríkið leggur jafnmikið fje til, sem hjer um ræðir, sem hreinan styrk, og ábyrgist þrefalt hærri upphæð, þá verður að teljast eðlilegt, að stjórnin hafi það eftirlit með verkinu, sem hún telur með þurfa.

Þá skal jeg geta þess, að sú prentvilla hefir slæðst inn í brtt., að þar stendur „reikningshald", en á að vera reikningshaldi, og vona jeg, að þetta megi leiðrjetta fyrir 3. umr. sem prentvillu, án þess um það þurfi að flytja sjerstaka brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 810. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, og 3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj atkv.

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 835).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv og endursent Ed.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 17. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóv. 1913,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 870).

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 18. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Karl Einarsson): Hv. Nd. hefir gert nákvæmlega sömu breytingu á frv. þessu og frv. til laga um hafnargerð í Ólafsvík, og leyfi jeg mjer f. h. sjávarútvegsnefndar að leggja til, að frv. verði

samþykt óbreytt, af þeim ástæðum, er jeg tók fram í því máli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 900).

---

59. Eftirlits- og fóðurbirgðafjelög.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 7. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga (A. 277).

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 11. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Levft án atkvgr., að það mætti taka til meðferðar.

Forseti: Jeg legg til, að máli þessu verði vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2002) með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 277, n. 384).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Nefndin hefir orðið ásátt um að mæla með frv. þessu, en gert við það nokkrar lítils háttar brtt. 1. brtt. a. er gerð í því skyni, að sveitarfjelögin hafi frjálsari hendur gagnvart Búnaðarfjelaginu um grundvallaratriði samþyktanna. 1. brtt. b. er til þess að skýra það, sem mun vera ætlast til í frv., að sveitarstjórnir hafi sýnishorn af samþyktum Búnaðarfjelagsins, er þær undirbúa samþyktir sínar. Síðari brtt. er að eins til þess að gera málið liðlegra.

Annars ætla jeg dálítið að minnast á, að búast má við, að svo fari um heimildarlög þessi, sem fleiri samskonar lög, að þau verði lítið notuð. En þó er eigi fyrir að synja, að það verði einhversstaðar gert, og ef þau þá koma að góðum notum þar, má búast við, að fleiri komi á eftir.

Aðalatriðið í því, sem að er stefnt, er það, að á sje komið lágmarki ásetnings, og að forgangsmönnum þess sje sjeð fyrir valdi og lögregluaðstoð til að framfylgja því. Meginreglan þarf að vera sú, að einstaklingurinn sjái sjer sjálfur farborða, en þó sje til sameiginleg fóðurtrygging, ef í harðbakka slæst.

Etla má einnig, að fjelagsskapur sem þessi verði til að bæta meðferðina á skepnum.

Jeg legg því til, fyrir hönd nefndarinnar, að hv. deild samþykki frv. þetta.

Magnús Kristjánsson: Jeg vildi að eins beina þeirri spurningu til hv frsm. (S. F.), hvort ekki sje ofaukið orðunum: „og stjórnarráðið hefir“ í 1. brtt. b. lið.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Það má líta svo á, en jeg áleit, að brtt. yrði ljósari á þennan hátt.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg varð til að flytja þetta frv., en þar eð jeg var ekki viðstaddur 1. umr., hefi jeg ekki tekið til máls fyr. Má það teljast óvanalegt, er um ekki ómerkara mál er að ræða en þetta.

Jeg þakka hv. nefnd fyrir, hvað hún hefir farið liprum höndum um frv., og meðmæli hennar með því. Við brtt. hefi jeg ekkert að athuga. Frv. þetta er komið fram fyrir áskorun Búnaðarþings Íslands, og var mjer þar falið á hendur að koma málinu inn á hv. Alþingi. Á Búnaðarþinginu voru bornar fram þær ástæður, að fóðurbirgðafjelög væru víða þegar myndnð og áhugi fyrir þeim alment vaknaður; aftur á móti væri víða mikil mótspyrna gegn fordagæslulögunum, og vildu menn eigi kannast við nytsemi þeirra. Alstaðar þar, sem jeg þekki til og lögunum hefir verið hlýtt, hafa þessi fordagæsluiög gert mikið gagn, en jeg veit til, að í mörgum sveitum, og jafnvel heilum landsfjórðungum, hefir verið mikil mótspyrna gegn þeim, og þar hafa þau vitanlega gert lítið sem ekkert gagn.

Í nefndarálitinu er haldið fram þeirri skoðun, að svona lög, sem kæmu ofan frá, gætu aldrei haft eins mikil áhrif og samskonar lög, er kæmu frá almenningi sjálfum. Fyrst og fremst hefir eigi verið sýnt fram á, að svo sje, og í öðru lagi hygg jeg, að lengi megi bíða eftir, að hvert sveitarfjelag setji sjer lög um þetta efni, og ætla mætti þá líka, að sú lagasmíði yrði tæplega eins vel úr garði gerð

Jeg hefi að vísu ekki trú á, að þessi fóðurbirgðafjelög verði sjerlega mörg. Jeg hygg, að menn muni trjenast upp á fyrirhöfninni fyrir þeim, eins og víða hefir sýnt sig með slíkar tilraunir. En jeg vil samt eigi vera að koma með neinar hrakspár, og síst af öllu leggja stein í götu þessa fjelagsskapar, heldur styrkja hann eftir því, sem föng eru á.

Í þeim fjelögum, sem stofnuð hafa verið, hafa framkvæmdirnar verið góðar og fjelagsskapurinn fastur. Það hefir verið fyrirfram ákveðið, hvað hver maður skyldi leggja til, miðað við skepnufjölda að hausti, eða þá fastákveðið árstillag. Þessum litlu tekjum hefir svo verið varið til sameiginlegra fóðurkaupa. Fjelagsmenn hafa yfirleitt sætt betri kjörum en aðrir, einkum hvað snertir innkaup, og kostnaðurinn því orðið minni, er alt var haft með samvinnusniði. Slíkur fjelagsskapur getur því gert ómetanlegt gagn, en það þarf sjerlega ósjerhlífna og ósjerdrægna menn til að standa fyrir honum.

Þótt markmið frv. sje að gera fordagæslulögin óþörf, duldist Búnaðarfjelaginu ekki, að ekki tjáði að nema þau lög úr gildi þegar í stað; en sú skoðun mun hafa komið fram í hv. Nd. að undanförnu.

Eins og menn vita, er eigi þörf á að semja lög um, að einstök sveitarfjelög megi mynda svona fjelagsskap með sjer, en það vill auðvitað verða svo hjer, sem með annan fjelagsskap, að altaf verða einhverjir, sem þverskallast, og það er til þess að geta kúgað þennan minni hluta til að gera skyldu sína, að menn biðja Alþingi liðsinnis.

Búast má við, ef þessi fjelagsskapur verður almennur, að hann eigi geti haldið þroska sínum og viðgangi, nema hann fái fje einhversstaðar að, því eigi má taka sem mælikvarða, þó hann gangi vel í bili hjá einstaka hreppum, þar sem sjerstaklega ósjerhlífnir menn stjórna honum. Í nefndaráliti Búnaðarfjelagsins er vikið að því, hvort eigi mætti nota Bjargráðasjóðina í þessum tilgangi. Virðist mjer eigi hægt að verja honum betur en einmitt til að styrkja slík fjelög. Að vísu yrði þá að breyta lögunum, því hann er eigi ætlaður til annars en þegar um veruleg harðindi er að ræða. En jeg verð að játa, að jeg með aldrinum hefi orðið langtum bjartsýnni en jeg var á yngri árum. Jeg bjóst þá við, að það gætu dunið yfir landið þau harðindi, að sjóðsins þyrfti nauðsynlega með, en nú virðist mjer, eftir öllum veður-

merkjum að dæma, að við þurfum ekki að deyja úr hungri, ef við höfum vakandi auga á hlutunum. Mjer finst árið 1918 hafa sannað, að við stöndum öðruvísi að vígi en fyrir svo sem 100 árum. Á því sama ári fengum við einhvern hinn mesta grasbrest, sem komið hefir í manna minnum, eldgos og öskufall á miklum kafla landsins, veturinn 1917—18 var með afbrigðum harður, og þar við bættist sú mesta dýrtíð, sem nokkurn tíma hefir komið fyrir í heiminum. Mjer finst þetta sanna, að við getum, og eigum framvegis að geta, bjargað okkur; við eigum að hafa fje til umráða, svo við getum afstýrt vandræðunum, en ekki að safna stórfje til að nota þegar í vandræðin er komið. Jeg hygg því, að við ættum sem fyrst að breyta lögum Bjargráðasjóðsins svo, að brunnurinn yrði byrgður áður barnið er dottið ofan í.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil styðja þetta frv., og það af ýmsum ástæðum. Reynlan hefir sýnt það, að fóðurbirgðafjelögin hafa gert töluvert gagn. Hins vegar hefir hún líka sýnt það, að jafnvel þó áhugi manna sje að vakna á þessum fjelagsskap, hefir ekki verið unt að fá alla fjáreigendur í sveitinni til að ganga í samtökin, eða þess eru að minsta kosti dæmi úr minni sveit. Reynslan hefir sömuleiðis sýnt, að hjá þeim, sem í fjelögum þessum eru, hafa fóðurbirgðirnar frekar svarað til áhafnarinnar en annarsstaðar, og má því eflaust gera ráð fyrir því, að þau geri ekki skaða, heldur beint gagn í flestum tilfellum. En því miður verða þau sjálfsagt ekki alstaðar framkvæmd. En það, sem oftast tálmar framkvæmdunum, er að flestra dómi skortur góðra forgöngumanna.

Í nál. er talað um það, að framkvæmdarvald vanti í þessum málum. Í frv. er þó gert ráð fyrir ekki ósmáu framkvæmdaaðhaldi, þar sem gert er ráð fyrir að neyða þriðjung fundar- eða sveitarmanna til þess að vera með í fjelögunum, hvort sem þeir vilja eða vilja ekki — að eins ef hinum tveimur þriðjungunum þóknast svo. Þetta er vissulega aðhald, og virðist vera brot á því frelsi, sem menn þykjast hafa, jafnvel þó fordæmi sje að slíku áður í fordagaeslulögunum. Hjer er ekki harðara að gengið en t. d. í samþykt um veiðar.

Annað aðhaldið, sem gert er ráð fyrir, felst í 5. gr. En um það þarf ekki að fjölyrða frekar, því öll nánari ákvæði, sem það atriði snerta, verða sjálfsagt tekin fram í því „formi", sem Búnaðarfjelaginu er ætlað að semja.

Að því er önnur atriði frv. snertir, vil jeg sjerstaklega minnast á ákvæðið um atkvæðisrjettinn, og vil jeg skjóta því til hv. nefndar, hvort ekki mætti breyta orðalagi þessarar greinar, sem um það ræðir. Það virðist ekki vera samgirni í því, að binda þennan atkvæðisrjett við sömu skilyrði og atkvæðisrjett til þings eða sveitarstjórna — enda munu þess mörg dæmi, að menn undir 25 ára aldri eigi allmikinn búpening — að minsta kosti eru þess dæmi í minni sveit.

Að því er snertir 8. gr., hygg jeg það mjög vafasamt, hvort rjett sje að veita undanþáguna frá ákvæðum fordagaeslulaganna frá 10. nóv. 1913, því eftirlitsmenn ættu vel að geta ferðast um eftir sem áður, og í starfi þeirra væri fjelagsstjórnunum mikill styrkur.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vil að eins segja örá orð út af athugasemd hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) um 2. málsgrein 2. gr., sem mjer skildist hann telja varhugaverða. En jeg hefi einmitt sjálfur verið að velta fyrir mjer orðalagi þessarar greinar, og helst komist að þeirri niðurstöðu, að sleppa ætti orðunum: „eiga eða". Þetta er sem sje svo undur teygjanlegt orð. Það er t. d. algengt, að menn eigi

örfáar kindur á fóðrum hjá öðrum, og mundi þetta orð því einnig verða látið ná til slíkra manna — en þeir eiga að mínu viti ekki að hafa atkvæðisrjett. Aðalatriðið í þessu máli er, að hlutaðeigandi hafi fje á fóðrum — hver svo sem eigandinn er talinn — og við þetta ætti að miða atkvæðisrjettinn, og við þetta eitt, en ekki við kosningarrjett til þings eða sveitarstjórna.

Jeg vil þess vegna leyfa mjer að skjóta því til hv. nefndar, að hún felli úr 2. gr. orðin „eiga eða".

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg býst við því, að nefndin muni athuga tillögur þær, sem fram hafa komið til breytinga á 2. gr. Hún hefir að vísu gert það nokkuð áður, án þess þó að breyta til, því henni fanst það ekki saka, að sem flestir greiddu atkvæði. Annars get jeg tekið það fram um þessa atkvæðagreiðslu yfirleitt, að jeg álít mjög varhugavert að þröngva svo stórum minni hluta, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, til að beygja sig undir samþykt, sem honum líkar ekki. Í minni sveit hefir t. d. verið reynt að hrinda af stokkunum slíkum fjelagsskap, sem hjer um ræðir, en það var þar almannaálit, að ekki væri út í það leggjandi, nema allir tækju þátt í því, eða að minni hlutinn væri að minsta kosti mjög lítill.

En um þetta lætur frv. sveitarfjelögin sjálfráð, og taldi nefndin því ekki neina knýjandi ástæðu til að breyta atkvæðahlutföllum þeim, sem það gerir ráð fyrir.

Guðjón Guðlaugsson: Í sambandi við ræðu hv. frsm. vil jeg að eins benda á, að í frv. eru hlutföllin milli meiri og minni hluta alveg þau sömu og nú eru í öllum gildandi samþyktum, og þessi hlutföll verða alveg þau sömu, hvort fleiri eða færri greiða atkvæði.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Lögum samkvæmt á hver einstaklingur að telja fram þann búpening, sem hann á. Börn, sem dvelja hjá foreldrum, eiga oft nokkurt kvikfje. Eftir frv. gæti þá svo farið, að reglulegir bændur yrðu í minni hluta á fundum, mennirnir, sem jarðaumráðin hafa.

Rjettara virðist því að binda atkvæðisrjettinn við jarðarafnot og fasta grasnyt heldur en við skepnueign.

Vænti jeg, að hv. nefnd athugi þetta til næstu umr. og komi með brtt. í þessa átt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 384,1.a. samþ. með 11 shlj. atkv.

— 384,1.b. — — 10 — —

5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

6.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 384,2. samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 412, 415).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Brtt. sú, sem fyrir liggur, er fram komin til þess að bæta úr því, sem á var vikið við 2. umr., að óheppilegt væri, að allir, sem

sauðkindur ættu, gætu tekið þátt í atkvæðagreiðslu við undirbúning samþyktanna, t. d. börn, sem fáar kindur ættu og væru hjá foreldrum sínum.

ATKVGR.
Brtt. 415. samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 434).

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta var til meðferðar í landbúnaðarnefnd Ed., og legg jeg það til, að því verði einnig vísað til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009) með 13 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 434, n. 768).

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Þó að margt mætti um frv. þetta segja, þá ætla jeg ekki að fara langt út í þá sálma. Það er komið frá Ed. og flutt þar að tilhlutun Búnaðarfjelagsins og Búnaðarþingsins, sem haldið var í júlí í sumar. Tilgangurinn með frv. er að styðja að því, að fóðurbirgðafjelög geti komist á og fengið stuðning í samþyktum þeim, sem með frv. er heimilað að gera.

Nefndin hefir leyft sjer að gera örfáar breytingar við frv., en þær eru að eins orðabreytingar, sem miða að því að laga á því málið, en raska hins vegar ekki efni þess.

Bent skal á það, að í frv. er ákvæði um það, að þar sem kann að verða stofnað til fóðurbirgðafjelagsskapar, þar, eða í þeim sveitum, þurfi ekki að framfylgja ákvæðum fordagæslulaganna.

Þetta hygg jeg að muni mæla með þessu frv. í augum þeirra, sem fordagæslulögin áður nefndu hafa verið þyrnir í augum. Jeg hygg, að þetta mál sje vel þess vert, að því verði gaumur gefinn, og vænti jeg, að frv. verði samþykt.

Björn R. Stefánsson: Jeg verð að lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. skuli komið fram. Jeg man ekki betur en að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) bæri fram á þinginu 1917 frv. um fordabúr. Við það frv. gerði jeg ýmsar verulegar brtt., sem hv. þm. (S. S.) þá lagðist á móti, en að aðalefni til gengu alveg í sömu átt og þetta frv., sem hjer liggur fyrir. Af því að jeg lagði allmikið kapp á, að þessar brtt mínar yrðu samþyktar þá, er mjer ánægja í að sjá þær nú að efni til birtast aftur í þessu frv., enda þótt þær næðu ekki fram að ganga þegar jeg flutti þær.

Jeg vil því lýsa yfir því, að jeg tel þetta frv. heppilegt og mun samþykkja það með mestu ánægju.

ATKVGR.
Brtt. 768,1. (ný 1. gr.) samþ. með 14 : 1 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 15 : 1 atkv.

Brtt. 768,2. samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 1 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.

Brtt. 768,3. samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 1 atkv.

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 816).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 17. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 858).

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 18. sept., var frv. tekið til einnar umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Breytingar þær, er gerðar hafa verið á frv. í hv. Nd., eru að eins mjög lítilfjörlegar orðabreytingar. Sjer landbúnaðarnefndin enga ástæðu til að fara að gera rellu út af þeim, en leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 901).

---

60. Þingfararkaup alþingismanna.

Á 55. fundi í Nd., fimtudaginn 4. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um þingfararkaup alþingismanna (A. 664).

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 6. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg veit eiginlega ekki, hvort það er rjett að kalla mig frsm. þessa máls. Að minsta kosti mun jeg ekki fara um það mörgum orðum nú. Jeg geri ráð fyrir, að það muni ganga til 2. umr., og þá gefst ef til vill tækifæri til að tala nokkuð um það. Þó skal jeg geta þess, að frv. er borið fram eftir tilmælum stjórnarinnar; aðrar tölur standa þó í því en stjórnin hafði lagt til, og var sú breyting gerð til þess, að allir nefndarmenn, og þá líka allir hv. þingdm., gætu nokkurn veginn fylgst að í málinu. Þó skal jeg geta þess, að eigi voru allir nefndarmenn ánægðir með frv., þótt eigi gerðu þeir fullan ágreining út af því.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er rjett, sem hv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að frv. þetta er komið fram eftir tilmælum stjórnarinnar. Þegar það virðist orðið viðurkent, að kaup starfsmanna ríkisins sje yfirleitt orðið of lágt, þá sá stjórnin ekki betur en að hið sama hlyti og að ná til alþingismanna; og það ætti að vera óhætt að gæta sann-

girni gagnvart þeim, eigi síður en gagnvart öðrum. Þess ber og að gæta, að þessir þingmenn eru ekki að vinna fyrir sjálfa sig, því að kjörtímabil þeirra er þegar á enda.

Jeg trúi því ekki, að það geti sætt mótmælum, að þingmennirnir fái dýrtíðaruppbót, eins og aðrir opinberir starfsmenn. Þá sýnast dagpeningar þingmanna, eins og nú er tímum háttað, ekki mega vera lægri en 12 kr.; jeg hefði heldur kosið, að þeir hefðu verið dálítið hærri. Það virðist óviðurkvæmilegt, að þingmenn fái ekki eins hátt dagkaup eins og ýmsir verkamenn, þeir sem fyrir verkum standa. Annaðhvort er að borga þingmönnum svo, að þeir geti að jafnaði verið skaðlausir af þingsetunni, eða þá að ákveða, að þeir sitji kauplaust á þingi.

Sigurður Sigurðsson: Jeg hefi ætlað mjer að segja einhvern tíma fáein orð um frv. þetta, og er því líklega best að ljúka því af nú. Jeg skil ekki í þessari dæmalausu umhyggju fyrir eftirkomendunum, sem kemur fram í frv. þessu. Slíkt er að vísu í alla staði loflegt, bara að sjálfselska blandist þar ekki inn í. Hjer er þó ekki hægt að segja, að þingmennirnir sjeu eingöngu að vinna fyrir eftirkomendur sína, því að vitanlegt er — og vonandi líka — að allmargir þeirra, sem nú sitja á þingi, muni eiga afturkvæmt á þing, og ekki síst flm. frv. Jeg er viss um, að þeir lifa í þeirri föstu trú, að þeir eigi enn eftir að sitja mörg ár á þingi, sjer til sæmdar og landinu til heilla. En það, sem jeg vildi segja, er að það varðar marga þingmenn miklu meira, að þing sje haldið að vetri, en hitt, að kaup þeirra sje hækkað mjög. Jeg hefi heyrt marga unga og efnilega bændur segja, að þeir treysti sjer ekki til að sitja á þingi meðan það er háð að sumrinu, og yfirgefa heimili sín um hábjargræðistímann. Hins vegar skal jeg benda á það, að hingað til hefir ekki skort frambjóðendur, þótt kaupið hafi ekki verið hærra en það er nú, og svo mun einnig reynast framvegis, einkum ef þingið verður haldið að vetrarlagi, eins og ákveðið er í stjórnarskrárfrv. að verða skuli. Jeg sje annars ekki, hvað þetta gönuhlaup á að þýða, að vera nú að koma með frv. um þingfararkaup framvegis. Jeg held það sje best að láta þá um það, sem á þing koma eftir okkur. Í frv. þetta vantar alveg ákvæði um ákveðinn ferðakostnað, eins og er í núgildandi lögum um þetta efni, og það er galli. Og svo er, að því er dýrtíðaruppbót snertir, verið að vitna í frv., sem enn er ekki orðið að lögum, og verður það má ske aldrei. Það er alt á sömu bókina lært.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vil að eins undirstrika orð hv. 1. þm. Árn. (S. S.), um að næsta óhyggilegt sje að bera fram þetta frv. Það getur hreint og beint riðið á lífi hvers einasta þm., sem greiðir því atkvæði. Nú vita allir, hvílíkir ágætismenn eiga sæti hjer í hv. deild, og má nærri geta, hvílíkt tjón það væri fyrir þjóðina, ef enginn þeirra kæmi á þing aftur, og ekki bætir það úr skák, þegar þetta er gert fyrir þá, er síðar kunna að koma. En þó hv. þm. geti sprengt sig á þessu, get jeg þó, því miður, ekki greitt atkvæði móti frv., með hv. 1. þm. Árn. (S. S.) Til þess er frv. alt of samgjarnt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 : 1 atkv.

Á 58. fundi í Nd., mánudaginn 8. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 664).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að jeg mundi gera grein fyrir einstökum greinum frv., en jeg býst við, að jeg þurfi þess ekki; þær eru deildarmönnum kunnar.

1. gr. fer fram á, að kaup utanbæjarþingmanna hækki um 2 kr., en þm. Reykjavíkur sjeu jafnir hinum. Og í 2. gr. er gert ráð fyrir, að ferðakostnaður verði greiddur eftir reikningi, eins og áður átti sjer stað, í stað þess að gjalda ákveðna fjárhæð. Nefndinni leist óþarft að láta ákvæðið um ákveðna fjárhæð standa kyrra, vegna þess, að aldrei hefir verið farið eftir því; því að þm. hafa altaf fengið meira og minna af ferðakostnaðinum goldið eftir reikningi. Og það er fult útlit fyrir, að þetta muni verða svo framvegis, nema upphæðunum væri stórkostlega breytt. Og það virðist vera eðlilegast, að þm. fái borgaðan þann kostnað, sem þeir leggja út.

Launamálanefnd vildi láta þessa hækkun koma fyrir þetta þing, samkvæmt þeirri stefnu, að launabætur eigi ekki að ganga í gildi fyr en um næstu áramót.

Frv. þetta mætti dálítilli mótspyrnu við 1. umr. En jeg get ekki verið að rekja hana nánar, með því að jeg býst ekki heldur við, að hún hafi verið meint í alvöru. (*S. S.*: Jú). Einu andmælin, sem jeg hefði getað hugsað mjer að menn bæru fram, er að þetta væri kák. En jeg get ekki hugsað mjer, að neinn þm. álíti sig svo óstarfhæfan á þingi, að hann geri ekki kröfu til sama kaups og hann fengi við önnur störf. Og jeg geri ekki ráð fyrir, að neinn þm. greiði atkvæði á þá leið, að hann telji sig ekki vera starfhæfan mann. En hitt væri annað mál, að menn vildu taka upp þá reglu, að ekkert þingfararkaup skyldi greitt; þingmenskan væri með öðrum orðum einskonar heiðursstarf. En ef á að gjalda þingfararkaup á annað borð, þá er sanngjarnt, að það sje svo ríflegt, að þm. þurfi ekki að leggja beinlínis út peninga fyrir að fá að vera þingmenn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 : 1 atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 : 1 atkv.

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 664).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ með öllum gr. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um þingfararkaup alþingismanna,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 752).

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 11. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forsætisráðherra (J. M.): Frv. þetta er, eins og hæstv. forseti tók fram, flutt af hv. launamálanefnd eftir tilmælum stjórnarinnar. — Stjórnin leit svo á, að það væri óviðeigandi að hækka eigi lítið eitt þóknun þingmanna, er sjálfsagt þykir að auka laun embættismanna að miklum mun. Jeg verð að játa, að jeg fyrir mitt leyti hafði hugsað mjer fastakaupið hærra, en niðurstaðan varð þessi, sem í frv. er, í háttv. Nd. Finst mjer lítt sæmandi, að ætla þingmönnum álíka mikið eða jafnvel minna kaup

en verkstjórar fyrir smáum framkvæmdum hafa. Annaðhvort er, að þingmenn taki að sjer þingmenskuna sem borgaralega skyldu, og hafi þá engin laun fyrir, eða þá að þeir fái svo mikil laun, að þeir bíði ekki tjón við hana. — Jeg hygg, að það hafi verið misráðið að gera mismun á dagkaupi manna eftir því, hvar þeir eru búsettir. Starfið á þinginu er nú orðið svo mikið, að jeg held að allir sjeu sammála um, að borgunina eigi eingöngu að miða við það, en eigi hvort einum er dýrara að búa hjer en öðrum. Ferðakostnaðinn er nú orðið ómögulegt að fastbinda, segja að t. d. þingmenn Húnvetninga skuli hafa svo og svo mikið o. s. frv. Einasta ráðið er, að kostnaðurinn sje goldinn eftir reikningi. Jeg vona, að þessi hv. deild taki eins vel í þetta mál og hv. Nd. — Mjer finst of mikil feimni að kynoka sjer við að samþykkja þetta frv., þó það sje um laun sjálfra þingmanna. En þar að auki er þetta þing hið síðasta á kjörtímabilinu, svo það er því síður ástæða til að óttast þetta frv. Háttv. nefnd tók það ráð að haga þessu frv. á sama hátt og launafrv., láta þingmenn nú að eins hafa uppbót á gömlu þóknuninni frá 1. júlí þ. á. Fyrir mitt leyti hefði mjer fundist rjettara að láta föstu þóknunina einnig ná til þessa þings. Jeg veit, að það er fjarri því, að þingmenn starfi sjer að skaðlausu nú sem stendur. En hv. nefnd vildi haga þessu atriði á sama hátt og gert er í launafrv., og getur hún haft mikið til síns máls í því efni. Auðvitað er stjórninni það atriði ekki kappsmál, en mjer finst hv. þing sóma síns vegna ekki geta starfað fyrir nein smánarlaun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 17. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 752, 848, 850).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 848, sem of seint var útbýtt.

Eggert Pálsson: Jeg ætla að eins að segja fá orð út af brtt. þeim á þgskj. 848, sem jeg hefi leyft mjer að flytja ásamt þremur öðrum hv. þm. Þar er þóknunin til þm. látin haldast, eins og hún er nú. En samt sem áður yrði að þessu mikil bót frá því, sem nú er, þegar dýrtíðaruppbótin bætist við. En það, sem jeg legg þó aðaláhersluna á, er það, að brtt. jafnar það misrjetti, sem samkvæmt frv. mundi verða á þóknun þeirra þm., sem nú sitja á þingi, og hinna, sem koma næst. Nú mundu innan- og utanbæjarþingmenn fá alt í alt hlutfallslega 16 og 20 kr., en þeir, sem næst koma, mundu fá 24 kr. Þetta finst mjer ójafnt skift, því sennilega verður ekki svo miklu erfiðara að lifa hjer í framtíðinni en nú.

Annars er óþarft að ræða þetta meira. Allir ættu að sjá, að hjer er ekki farið fram á nema það, sem sanngjarnt er. Legg jeg það svo á vald hv. deildar, hvað hún gerir við málið.

Kristinn Daníelsson: Í nefndinni fekst ekki samkomulag um annað í þessu máli en að borga ferðakostnað samkvæmt reikningi.

Mjer finst síður en svo, að nein bót eða sanngirni sje að brtt., sem fram eru komnar á þgskj. 848, þar sem ætlast er til að færa kaupið niður í 8 og 10 kr. úr 12 kr., sem það nú er í frv., og getur það orðið rúmar 20 kr. með dýrtíðaruppbót, sem er fjarri því að vera of hátt, ef borið er saman við það, sem lengst af hefir verið. Það var frá upphafi 6 kr. eða þrefalt við almenn daglaun þá. Nú eru daglaun ekki minni en 10 kr., og mætti því þingfararkaupið eftir sama hlutfalli vera jafnvel 30 kr. nú.

Að öðru leyti hefi jeg ávalt getað sætt

mig við það, að Reykjavíkurþm. væru dálítið lægri en hinir. Jeg get líka sætt mig við það, að breytingin komi ekki fyr en á næsta þingi, þó þm. nú eigi reyndar sömu sanngirniskröfu og þeir sem koma. En jeg get, samkvæmt því, sem jeg nú hefi tekið fram, ekki mælt með annari brtt. en brtt. á þgskj. 850.

Eggert Pálsson: Eftir því, sem mjer hefir skilist, er okkur flm. ekkert sjerlegt kappsmál um fyrri till. á þgskj. 848, ef menn skyldu ekki með neinu móti geta felt sig við hana. En okkur er aftur talsvert kappsmál um, að sama gangi yfir núverandi þm. og þá, sem munu sitja næstu þing, eða svo er það að minsta kosti fyrir mjer. Jeg vil ekki, frekar í þessu efni en öðru, sætta mig við auðsætt og ómótmælanlegt misrjetti. En úr þessu misrjetti má bæta með því að samþykkja síðari tillöguna, þótt hin fyrri sje ekki samþykt. Að ekki hefir verið farin þessi sjálfsagða leið, sem í síðari till. felst, hygg jeg að stafi af því, að samþykt var í launamálinu að greiða að fullu dýrtíðaruppbótina fyrir síðara missirið 1919 samkvæmt launalögunum, en ekki launin sjálf. En það er ekki saman að jafna þingmönnum og embættismönnum. Væru þingmennirnir altaf hinir sömu, þá væri sjálfsagt, að hið sama gengi yfir þá og embættismennina. En svo er ekki. Enginn veit, hverjir af núverandi þm. sækja næsta þing. Í ár er sami kostnaður að þingsetunni og síst minni en verða mun á næstu þingum. Þess vegna á sama regla að gilda um launakjör þm. á þessu þingi og hinna, sem á eftir koma.

Guðmundur Ólafsson: Jeg tek til máls af því, að mjer þótti hv. meðflutningsmaður minn (E. P.) að brtt. á þgskj. 848 ekki tala um þetta mál beint eftir minni skoðun. Hann sagði, að fyrri till. væri okkur flm. ekkert kappsmál, en sú till. er mjer einmitt mesta kappsmálið. Hún er mjer svo mikið kappsmál, að ef hún verður feld, þá mun jeg greiða atkv. á móti síðari till. Það er skoðun mín, að þm. sjeu vel sæmdir af því kaupi, sem ákveðið er í fyrri brtt., þegar við bætist dýrtíðaruppbótin. Okkur þótti, mörgum hverjum, fulllangt gengið um laun embættismanna, og jeg áliti það illa farið, ef við kórónuðum alt launabrask þessa þings með því að hækka laun okkar sjálfra upp úr öllu valdi.

ATKVGR.

Brtt. 848,1. feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., S. F., E. P., G. Ó., H. St., H. Sn.

nei: Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. T., S. E., S. J., G. G., G. B.

1. gr. samþ. með 8 : 5 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 8 : 1 atkv.

Brtt. 848,2. feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. E., S. J., E. P., H. St., Jóh. Jóh., K. E., G. B.

nei: S. F., G. G., G. Ó., H. Sn., K. D., M. K., M. T.

5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 850 (viðauki við 5 gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

5. gr., svo aukin, samþ. með 8 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 4 atkv.

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 18. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 876).

Of skamt var liðið frá 2. umr. -- Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 : 2 atkv. og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 19. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um þingfararkaup alþingismanna,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 894).

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 20. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 894, n. 911).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Eins og sjá má á framhaldsnál., leggur nefndin til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt

Að eins hefir hv. Ed. gert þá breytingu, að ferðakostnaður þm. á þessu þingi verði greiddur eftir reikningi.

En það er í rauninni engin breyting, því að við ætluðumst altaf til, að svo yrði, að afgangurinn yrði greiddur eftir reikningi.

Þetta er því að eins formsatriði, og vill nefndin því, að frv. verði samþ með þessari breytingu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 : 1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 920).

---

61. Yfirsetukvennalaun.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 1. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 11, 22. okt 1912 (A. 594).

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg vildi óska, að deildin leyfði þessu frv. að ganga til 2. umr., og í trausti þess ætla jeg að geyma framsöguræðu mína til þeirrar umr. Málið er búið að vera í nefnd hjer svo þess vegna ætti að vera óhætt að leyfa því að ganga til 2. umr. viðstöðulaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 5. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 594).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg gat þess við 1. umr., að jeg ljeti bíða að segja nokkuð um þetta mál til þessarar umr.

Það er öllum hv. þm. kunnugt, að laun yfirsetukvenna eru mjög bágborin, eins og nú standa sakir.

Og flestir munu hafa orðið varir við það, og þá ekki síst læknarnir, á þann hátt, hvað erfitt er orðið að fá yfirsetukonur.

Víða er nú svo ástatt, að þær vantar, og mun það sjerstaklega koma af því, að launin eru svo lág, að hægt er fyrir alt starfhæft kvenfólk að hafa meira fyrir hverja almenna atvinnu.

Það kemur því öllum saman um, að nauðsyn sje á að bæta kjör þessara kvenna.

Læknafundurinn hafði þetta mál til at-

hugunar, og samkvæmt óskum hins nýstofnaða yfirsetukvennafjelags fjelst hann á að mæla með því, að Alþingi yrði að nokkru við beiðni þeirra.

En þá er hitt, ef þingið vill á annað borð bæta kjör þeirra, þá verður það að vera að miklum mun, og eftir núverandi fyrirkomulagi mundi það verða mikill útgjaldaauki fyrir sýslusjóði, ef þeir eiga einir að borga. Það mundi meira að segja nema svo miklu sumsstaðar, að þessi viðbót gæti orðið eins há og öll önnur sýslusjóðsgjöld. Þau eru ekki hærri en það sumsstaðar.

Þetta fanst læknafundinum og launanefndinni ekki vinnandi vegur, að íþyngja svo sýslusjóðunum, þar sem ekki er svo auðvelt fyrir þá að ná inn tekjum sínum.

En menn líta á þetta á tvo vegu. Vilja sumir greiða laun þessi að öllu leyti úr ríkissjóði, og rökstyðja þá skoðun með því, að bera megi þetta saman við lækna, þar sem hjer sje um skylt mál að ræða.

En móti því mælir það, að sýslunefndir ráða því, hve mörg umdæmi eru í sýslu hverri; því er hættan á, ef sýslusjóðir losna með öllu við kostnaðinn, að þá mundi umdæmunum fjölgað úr hófi fram.

Af þeim orsökum er það, að launanefndin leggur til, að hjer sje farin miðlunarleið, þannig, að ríkissjóður greiði helming launanna, en sýslusjóðir hinn helminginn.

Þetta er 1. breytingin á frv. Og þetta ætti að vera nægur hemill á því, að sýslunefndir fjölgi um of umdæmunum, þar sem þetta mun hafa aukin gjöld í för með sjer fyrir sýslusjóði, að minsta kosti þar, sem yfirsetukonum hefir engin dýrtíðaruppbót verið veitt.

Þetta er stórvægilegasta breytingin, því að hún er stefnubreyting.

Næst er breytingin á upphæðunum.

Núverandi launakjör eru þannig, að lægst laun eru 70 kr. á ári, þar sem 300 íbúar eru í umdæmi eða færri Síðan eru launin 70 kr., að viðbættum 5 kr. fyrir hverja 50 menn fram yfir 300, þó svo, að þau fari aldrei fram úr 500 kr

Nú vill nefndin breyta þessu svo, að lágmarkslaun sjeu 250 kr., sem hækki um 10 kr. fyrir hverja 50 manns fram yfir 300 manns í umdæmi, þó svo, að ekki fari launin fram úr 1000 kr.

Þetta varð að samkomulagi, að bera skyldi fram fyrir nefndarinnar hönd, en jeg skal geta þess strax, að nefndarmenn gátu ekki orðið fyllilega sammála um hámarksákvæðið sjerstaklega.

Jeg þóttist þess þó fullviss, að enginn mundi gera þetta að kappsmáli.

Þá er enn eitt ákvæði, sem ekki er til í núgildandi lögum. Það er ákvæðið í síðustu málsgrein 1. gr., um að launin geti farið hækkandi 5. hvert ár um 50 kr., uns þau, eftir 10 ár, hafa hækkað um 100 kr.

Þetta tel jeg mjög áríðandi ákvæði, einmitt vegna þess, hve stopular yfirsetukonur eru í embættum sínum, hverfa oft frá störfum eftir 1—2 ár.

En þetta ákvæði ætti að verða til þess, að þær yndu betur hag sínum, þegar þær eiga von um hækkun.

Þá er að geta þess, að í 3. gr. frv. er gerð breyting á borgun fyrir aukaverk. Borgunin fyrir yfirsetustarfið sjálft er ákveðin 7 kr., í staðinn fyrir 5 kr.

En það, sem sjerstaklega er hækkað í þessari grein, er borgunin fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonu. Var hún áður 1 kr., en er hjer ákveðin 2.50 kr. Fyrir kaupstaðarljósmæður er vitjunargjaldið hækkað um helming, úr 50 aur. upp í eina kr.

Jeg skal geta þess, að þetta fjelag íslenskra ljósmæðra sendi Alþingi áskorun um að bæta kjörin. Var þar farið fram á, að lágmark launanna yrði 300 kr., en hámarkið 1200 kr., en hækkun fyrir aukaverk sú, að 10 kr. yrðu fyrir að sitja yfir og 3 kr. fyrir hvern dag.

En nefndin sá sjer ekki fært að verða algerlega við þessum kröfum. En hins vegar vonar hún, að þó ekki sje farið lengra en hjer er gert, þá megi það verða til þess, að ekki verði framvegis svo mikill skortur á ljósmæðrum, sem nú er, og er enda útlit fyrir, að hann fari vaxandi, ef ekki er að gert, þar sem margar þeirra, sem nú gegna störfum, gera það einmitt í von um, að kjörin verði bætt.

Er það líka eðlilegt, því að eftir kvenfólkskaupi nú tekur það ekki langan tíma að vinna fyrir ámóta fje og þær hafa að launum.

Jeg legg því mikla áherslu á, að frv. þetta nái fram að ganga, þar sem það er einn af stærri liðum heilbrigðismálanna að hafa nógu margar og góðar yfirsetukonur.

Það má ganga að því vísu, að það er eitt af ráðunum til að minka barnadauða og sjá um það, að sem best verði undirbúin heilsa barnanna.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, meðan enginn hreyfir mótmælum.

Jeg veit, að hjer eru menn, sem þykir nefndin ekki hafa gengið nógu langt, og getur það verið rjett á litið.

En nefndin bjóst ekki við, að þýða mundi að ganga lengra, og þetta verður líka að telja allmikla bót frá því, sem verið hefir.

Einar Jónsson: Það er víst síst að mínu skapi að vera því mótfallinn, að bætt verði launakjör kvenna, ef það gengur fram, sem væntanlegt er, að launakjör karlmanna verði bætt að svo miklum mun, sem nú er í ráði.

En það er annað í þessu máli, sem jeg tel varhugavert. Það er útgjaldaaukinn á sýslusjóðunum,sem munu flestir hafa meira en nóg á sinni könnu, og gott ef þeim reynist ekki um megn að greiða alla sína skylduskatta sumum hverjum, ef ekki öllum.

En það sýnir sig sjálft, að þessi auknu útgjöld lenda meira á sýslusjóðum en á ríkissjóði, að tiltölu, ef þetta frv. nær samþykki hv. deildar.

Að öðru leyti er þessu þann veg háttað, að mjer er alls ekki kunnugt um það, að til sveita ríki nein óánægja meðal yfirsetukvenna út af launum þeirra, og síðan þau nýskeð voru hækkuð álít jeg, að þær sjeu fullsæmdar af þeim.

En hins vegar mundi jeg ekki hafa neitt á móti brtt. við 7. gr. frv. Það ákvæði mætti gjarnan gilda um allar yfirsetukonur jafnt.

En að öðru leyti tel jeg ekki þörf að hækka laun þeirra nema í kaupstöðum. Þær þyrftu að fá uppbót á launum sínum. Alt öðru máli er að gegna um þær, sem eru í sveit. Þær hafa flestar bústjórn sinna heimila á hendi og geta gegnt sínum daglegu störfum, nema þá fáa daga, sem þær eru sóttar, og eru þá fluttar bæði að heiman og heim, og fæddar allan tímann, sem þær eru burtu.

Það er því ólíku saman að jafna. Í kaupstöðunum verða þær að kosta sig sjálfar að öllu leyti; að minsta kosti veit jeg ekki til, að þær sjeu fæddar fyrir ekki neitt, þótt þær dvelji lengi hjá sængurkonum.

Auk þess væri það, að gera hjer upp á milli, í samræmi við þeirra hugsun, sem vilja láta þá embættismenn, sem í sveit búa, sæta lakari launakjörum en hina, sem búsettir eru í kaupstað, hvort sem það er nú rjett eða ekki.

Svo mikið er að minsta kosti víst, að þeim, sem hlut eiga að máli, finst það ekki rjett, þótt það sje talið fult rjettlæti hjer.

Þá mintist háttv. frsm. (M P.) á það, að mikill skortur væri á yfirsetukonum í ýmsum hjeruðum, og hætta væri, að þær hyrfu fleiri frá starfinu, nema ef bætt væru kjörin.

Til þessa þekki jeg ekki, nema ef vera skyldi það, að ógiftar yfirsetukonur hverfi

frá starfinu vegna þess, að þær giftast og flytjast þá ef til vill hjeraða milli.

En jeg býst nú við, að þær gifti sig eftir sem áður, þó að launin hækki, því að naumast verður sú hækkun svo rífleg, að þær vilji við það una að sitja af sjer góðan mann vegna hennar.

Jeg hygg því, að rjettlátast væri að fara fram á launahækkun í kaupstöðum, en láta við sama sitja til sveita.

Eins og kunnugt er, eru launin nú 70 kr., og 5 kr. aukatekjur fyrir hverja barnsfæðingu, þar sem ekki eru fleiri en 300 manns í umdæmi, en þar sem fleira er fólkið eru launin líka 70 kr., að viðbættum 5 kr. fyrir hverja 50 manns, sem fram yfir eru 300, og aukatekjurnar auðvitað hinar sömu. Nú tel jeg víst, að í fáum sveitahjeruðum eyði yfirsetukonan meiru en 5—10 dögum á ári frá heimili sínu vegna þessa starfs. Segjum 10 dagar, kr. 70.00+50.00 = kr. 120.00. Það er kr. 12.00 pr. dag. — Hærra en kaup þingmanna, sem kosta sig sjálfir.

Þetta virðist mjer fullsæmilegt fyrir þær, sem geta haft sín heimilisstörf á hendi jafnframt, og þar, sem jeg þekki til, munu þær halda þessu starfi framvegis, þó að engin breyting verði gerð.

En eins og jeg hefi tekið fram, er jeg ekki á móti því, að samþ. verði brtt. við 7. gr. og látin gilda fyrir allar jafnt

Magnús Guðmundsson: Jeg vildi að eins gera þá fyrirspurn til háttv. nefndar, hvort nokkuð mundi þýða að koma með brtt.um, að launin yrðu öll greidd úr sýslusjóðum. Jeg tel það mikið álitamál hvort rjett sje að breyta þeirri stefnu um launagreiðsluna, sem hingað til hefir verið fylgt.

Útgjaldaaukinn eftir frv. mun fyrir ríkissjóðinn nema um 20—30 þús. kr. á ári, eftir því, sem jeg kemst næst í fljótu bili.

Nú heyrði jeg hv. frsm. (M. P.) ekki telja aðrar ástæður fyrir þessari stefnubreytingu en þær, að sýslusjóðirnir mundu eiga erfitt með að greiða fje þetta, þar sem það mundi gleypa allar tekjur þeirra.

En þetta er ekki rjett, þar sem sýslunefndir hafa heimild til að jafna niður þeim gjöldum öllum, sem sýslusjóðir þurfa að greiða. Þeim er því ólíkt hægara um vik að ná inn sköttum sínum en landssjóði.

Og það kemur alveg í sama stað niður, hvort menn greiða fje þetta í ríkissjóð eða sýslusjóð. Mjer sýnist þetta því vera óþarfar krókaleiðir og ekkert annað

Þá er það líka víst, að ef helmingur launanna er greiddur úr ríkissjóði, þá er miklu hættara við því, að sýslunefndir leitist við að fjölga umdæmum óþarflega mikið.

Það má enginn halda, að jeg sje á móti launabót yfirsetukvenna, því að jeg tel hana sjálfsagða, en mjer finst það athugavert að skifta þannig um stefnu frá því, sem verið hefir.

Nú eiga lög þessi að öðlast gildi 1. jan. 1920, en þá vildi jeg spyrja háttv. nefnd, hvort hún ætlast til þess, að launin verði greidd eftir þeim á næstu manntalsþingum, og þá á miðju ári. Þetta verður að vera skýrt, því að sumstaðar munu launin hafa verið greidd fyrir fardagaár hvert.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hygg, að þetta frv. sje mjög rjettmætt og hækkunin nauðsynleg. En jeg get jafnframt að nokkru leyti tekið undir með hv. þm. Skagf. (M. G.), að það sje dálítið athugavert að fara að borga yfirsetukvennalaunin úr landssjóði, bæði í sveit og í kaupstað. Jeg vil greina hjer milli sveitahjeraðanna og kaupstaðanna. Það er engin ástæða til að hlaupa undir bagga með kaupstöðunum, því að bæjarsjóði munar ekki um það, sem þeir gjalda yfirsetukonum. Aftur getur þetta munað mjög miklu í sveitunum, því laun yfirsetukvenna eru þar tilfinnanlega hærri. Jeg skal játa, að það er ýmislegt, sem gerir það örðugt að gera upp á milli

kaupstaðanna og sveitanna, og get því vel skilið, að hv. nefnd ljeti sömu reglurnar gilda um hvorttveggja. En mundi ekki vera nóg að greiða ⅓ launanna úr landssjóði? Varla verða launin öll undir 60 þúsund kr.; þar af greiddust þá 20 þús. úr landssjóði. Því nú munu vera um 200 yfirsetukonur á landinu, og laun þeirra munu um 300 kr. að meðaltali.

En þetta getur aldrei út af fyrir sig orðið neitt „princip"-spursmál. Hitt er aftur sjálfsagt, að bæta launin, og skiftir minna máli, hvaðan þau koma. Og að gera ráð fyrir einhverju úr landssjóði býst jeg við að sje „malum necessarium".

Sigurður Stefánsson: Það er síður en svo, að jeg sje á móti hækkun á launum til yfirsetukvenna, en tek undir það með hæstv. forsætisráðherra, að jeg tel fullhátt að ákveða meira en ⅓ af þeim úr landssjóði. Eins og kunnugt er, hafa margar sýslur goldið yfirsetukonum dýrtíðaruppbót, og mundu þær því ekki verða ófúsari á að hækka launin nokkuð. Jeg álít því óþarfa að ljetta svo mikið af sýslusjóðum, að helmingur launanna greiðist úr landssjóði, eins og nefndin leggur til en tel till. hæstv. forsætisráðh. (J. M.) heppilegri, um ⅓. Því jeg álít nefnilega, að sýslusjóðirnir eigi ekki að græða á þessum lögum. Miklu fremur væri eðlilegt, að útgjöld þeirra yxu nokkuð við þau.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Eins og við mátti búast, hafa komið fram mótmæli gegn þessu frv. hjer í deildinni, en þó á nokkuð ólíkan hátt, því tvær stefnur hafa gert vart við sig um það, hvernig eigi að borga yfirsetukonunum.

Hv. 2. þm. Rang. (E. J.) taldi ófært að auka útgjöld sýslusjóðanna, en hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) taldi sýslusjóðina fullfæra að borga megnið af þeim kostnaði, sem af launahækkuninni leiddi. Útgjöldin fyrir sýslurnar sjálfar munu nú aukast lítið, ef þær hafa hingað til goldið dýrtíðarbætur, t. d. 50%. Ef svo væri, eins og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) tók fram, þá hefðu sýslusjóðirnir átt að borga 105 krónur í lægstu laun, en eftir þessu ættu þeir að borga 125 kr. Af þessu getur hv. 2. þm. Rang. (E. J.) sjeð, að ekki aukast útgjöldin mikið í viðbót. Og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) getur líka sjeð af þessu, að þau lækka ekki fyrir sýslurnar. Eftir frv. verða útgjöldin þá heldur meiri fyrir sýslurnar en áður.

Annars er dálítið einkennilegt að heyra það hjá hv. 2. þm. Rang. (E. J.), að það sje fremur þörf á að bæta kjör yfirsetukvenna í kaupstöðunum en í sveitum. Það gagnstæða kom einmitt fram í nefndinni, nema frá einum manni, sem hjelt því fram, eins og þessi hv. þm. (E. J.), að yfirsetukonur í sveitum hefðu sama sem ekkert að gera, svo ástæðulaust væri að hækka laun þeirra. Og þar sem þetta var 1. þm. Rang. (E. P.), og nú ber 2. þm. sama kjördæmis það sama, þá lítur út fyrir, að þeir þurfi ekki mikið á yfirsetukonum að halda þarna austur á Rangárvöllum, og er það mjög athugavert spursmál fyrir það hjerað. En á læknafundinum í sumar bar þó öllum saman um, að hörgull væri á yfirsetukonum, og var þó einn læknir þar staddur, sem er af Rangárvöllunum.

Hv. þm. (E. J.) var að tala um, að yfirsetukonur fengju fæði og aðhlynningu, sem ekki væri siður í kaupstöðum að veita þeim. Þetta er rjett. En kaup þeirra er þó ekki mikið í samanburði við rjett og sljett verkafólk í sveit, og fær það einnig þría aðhlynningu og fæði.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) gerði fyrirspurn um, hvort meiningin hjá nefndinni með ákvæðinu um, að launin skyldu borguð á manntalsþingum, væri sú, að launaár yfirsetukvenna ætti að vera fardagaárið: þannig hefði hann framkvæmt það meðan hann var sýslumaður.

Nefndin athugaði ekki sjerstaklega þetta atriði, þar sem það er óbreytt í núgildandi lögum. En mjer er kunnugt um, að sinn er siður í hverju hjeraði, og borga aðrir eftir almanaksári, og hygg jeg það rjettara, þar sem reikningsár sýslunnar er almanaksárið.

Það var rjett, sem kom fram hjá hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að minni ástæða væri til að hlífa kaupstöðunum en sveitunum við gjöldin. En þá verður spurningin að eins sú, hvar eigi að draga rjetta markalínu milli kaupstaðanna og kauptúnanna, hvað eigi að telja kaupstaði og hvað ekki, í þessu sambandi. Annars geri jeg ráð fyrir, að ekki ætti að þurfa að deila lengi um það, hvort landssjóður eigi fremur að leggja til ⅓ eða helming af launum, en þá fremur um hitt, hvort hann eigi að leggja nokkuð til, því það er stefnumál, en ekki hve mikill hluti. Vildi jeg gjarnan vinna að því, að einhver samvinna tækist um það atriði, svo samkomulag fengist.

Einar Jónsson: Hv. frsm. (M. P.) taldi mig hræddan við ný útgjöld á sýslunum. Það var nú ekki rjett hjá honum, að jeg væri beint hræddur við þau, en það verður að fara varlega í að auka útgjöldin.

Mjer er kunnugt um, að dýrtíðaruppbótin til yfirsetukvenna hefir ekki alstaðar átt sjer stað, vegna þess, að þær hafa svo lítið að gera, þær stunda sitt bú og annast öll sín störf eins fyrir því, þótt þær skreppi út af heimilinu einstaka sinnum á ári til að taka á móti barni. (*S. St.*: Þær eru óbyrjur á Rangárvöllunum. Er það ekki?) Jeg heyri ekki hvað þm. N.-Ísf. (S. St.) er að hnýsast. En hv. frsm. (M. P.) þótti einkennilegt, hvað við Rangvellingaþm. segðum yfirsetukonurnar hafa lítið að gera. Jeg veit ekkert um hugsun samþm. míns í þessu. Þetta kemur ekki til af því, að færri barnamenn sjeu í Rangárvallasýslu eða barneignir sjeu þar minni yfirleitt en annarsstaðar. Þar eru dæmi til, að hjón hafa eignast og alið upp 10—20 börn. Geri Strandamenn og Ísfirðingar betur.

Á Rangárvöllum ganga ungir efnismenn ekki árum saman ekklar. Þeir taka sjer að konu eina þeirra, sem að honum hyllist, og eykst starf yfirsetukonu að vísu oft við það. Þetta virðast Strandamenn ekki gera, en eiga að taka Rangvellinga sem fyrst til fyrirmyndar í.

En þetta mun vera svona víðast hvar í sveitum, að yfirsetukonur hafi tiltölulega lítið að gera. Jeg hafði því sjerstaklega hugsað mjer, að þörf mundi á launahækkun í kaupstöðum, en ef svo er ekki, þá þarf ekki að breyta lögunum, því jeg tel það alls ekki rjett, að yfirsetukonur í sveit sjeu nokkuð óánægðar með kjör sín.

Gísli Sveinsson: Jeg vil að eins geta þess, að þótt menn sjeu hjer engan veginn á móti því, að kjör yfirsetukvenna sjeu bætt, þá er þessi bót meiri en til nokkurra annara starfsmanna þjóðarinnar, því að launin eru hjer nærri þreföld. Þetta kann að vera rjett undir vissum kringumstæðum, en of mikil hækkun finst mjer það yfirleitt. Því að það er tilfellið, eins og hv. 2. þm. Rang. (E. J.) tók fram, að víða er afarlítið að gera fyrir yfirsetukonur.

Ef launin verða hækkuð svona mikið, þá verða þau að greiðast úr landssjóði að miklu leyti, því að sýslunefndir gera sig ekki ánægðar með, að sýslurnar greiði þetta. Nú eru launin 70 kr. í þeim hjeruðum, þar sem íbúarnir eru 300 og þar undir, en nú eiga þau að hækka upp í 250 kr. eftir frv., eða nálega ferfaldast. Jeg álít, að launin eigi að hækka sannsýnilega, en þetta er alls ekki sannsýnilegt, sem frv. fer fram á.

Frsm. **(Magnús Pjetursson)**: Það var rjett hjá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að það stappar nærri á lágmarkslaununum, að hækkunin ferfaldi þau. En hámarkslaunin gera ekki nema tvöfaldast. Svo hafa yfirsetukvennalaunin altaf verið ófyrirgefanlega lág og ekki saman berandi við nokkur embættismannalaun önnur. Ef þau ætti að bera saman við nokkur laun önnur, þá væri það helst vinnukonulaun Svo er heldur ekki gert ráð fyrir neinni dýrtíðaruppbót ef launin hækka. En þótt dýrtíðin eigi að vera úti 1925, að sumra dómi, geri jeg ekki ráð fyrir, að kaupgjald lækki hið minsta á þeim tíma, og þótt lengra sje talið.

Gísli Sveinsson: Jeg skal ekki verða margorður, því að mjer er ekki málið svo hugðnæmt, að vera að tala um, að kaup hækkunin sje um of.

Jeg skal geta þess, að þessar 70 kr. hafa verið miðaðar við það, sem sennilegt þótti, þegar tekið er tillit meðal annars til undirbúningsins. Hann er svo stuttur — einir 6 mánuðir —, að jeg veit ekki til, að neinir starfsmenn hins opinbera þurfi jafnstuttan undirbúningstíma. Og þar að auki er námsmeyjunum veittur 45 kr. styrkur eða meira á mánuði, meðan þær eru við námið. Og þegar þess er gætt, að þetta er að eins einn vetur eða hluti úr vetri, og þessi styrkur veittur til námsins, sýnist ekki vera í mikið ráðist að leggja þetta fyrir sig. Þar að auki ber að gæta þess, að sumar yfirsetukonur hafa geysilega lítið að gera. Þær eru búkonur eftir sem áður, stunda búskap, og er að eins vitjað nokkrum sinnum á ári. Það hefir aldrei verið ætlast til með þessu fyrirkomulagi eða kaupi, að þetta yrði lífsviðurværi eða lífsstarf, atvinnugrein til að lifa á. Þessi þóknun er því ekki saman berandi við laun starfsmanna hins opinbera, til þess að lifa á. Þetta vildi jeg biðja nefndina að athuga. Og það er algerlega óþolandi, eins og til hagar, að kaupstaðir fái launin úr landssjóði, þó að sýslufjelögin fái þau að einhverju leyti, til þessa starfsfólks.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 594, 677, 678, 679).

Frsm. **(Magnús Pjetursson)**: Jeg ætla ekki að tefja hv. deild með langri ræðu um þær brtt., sem komnar eru fram við þetta frv. Nefndin hefir haldið fund með sjer í morgun, síðan brtt. komu, og athugað þær. Vill hún nú reyna að miðla málum milli sín og tillögumanna. Jeg hefi síðan talað við suma hv. flutningsmenn brtt. á þgskj. 678, og hefi jeg eftir það samtal góðar vonir um, að samkomulag náist. Jeg skal taka það fram fyrir hönd nefndarinnar, að hún getur til samkomulags gengið inn á fyrstu brtt. a. á **þgskj. 678.**

Enn fremur vill nefndin til samkomulags fallast á 2. brtt. hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) á þgskj. 677. Hún er mitt á milli þess, sem nefndin lagði til, og brtt. á þgskj. 678, um launaupphæð yfirsetukvenna. Jeg vænti þess, að hv. flm. þessarar brtt. sýni lipurð frá sinni hálfu og gangi móti nefndinni, til þess að samkomulag verði, eins og hún hefir gengið móti þeim. Mjer hefir líka skilist það á hv. flm., að þeir muni geta fallið frá á sinni brtt. staflið b., c og d., en munu aftur á móti halda fast við e.-lið. Jeg vil geta þess, hvað mig snertir, og jeg hugsa að hið sama megi segja um samnefndarmenn mína, að við viljum ekki fara

að gera neitt hark út af þessum atriðum. Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta mál að sinni. En ef tilefni gefst, er jeg reiðubúinn að færa skýr og góð rök fyrir því, að nauðsynlegt er að hafa góðar yfirsetukonur og láta þær eiga við sæmilega góð kjör að búa.

Gísli Sveinsson: Það lítur svo út, sem ekki muni þurfa langar umræður um þetta mál, því að nefndin hefir í aðalatriðunum gengið inn á rjettmæti þeirra brtt., sem jeg og fleiri hv. þm. hafa gert við frv.

Hún hefir fyrst og fremst fallist á það, sem við nokkrir flm. fórum fram á í brtt. á þgskj. 678, að laun yfirsetukvenna skuli goldin að eins að ⅔ úr sýslusjóði, en að ⅓ úr ríkissjóði, og fari greiðsla þeirra fram, eins og verið hefir, einu sinni á ári, á manntalsþingum. En auk þessa felur brtt. í sjer annað atriði. Þó að gengið sje inn á, að laun yfirsetukvenna skuli að nokkru leyti greidd úr ríkissjóði, þá nær það ekki til kaupstaða. Þar skulu þau greidd að öllu úr bæjarsjóði, og gjaldast mánaðarlega Þetta hefir nefndin fallist á. Enn fremur hefir hún gengið inn á aðra brtt. á þgskj. 677, sem er miðlunartill., um að launin skuli færð niður úr 250 kr. í 200 kr. Till. okkar fór fram á, að launin yrðu 150 kr. í mannfæstu hjeruðunum. Það þótti okkur vera sæmilegt kaup. En hins vegar viljum við ekki gera það að neinu kappsmáli, heldur rættum við okkur við þessa miðlunartill., að kaupið sje 200 kr., og sleppum tilkalli til, að okkar 150 kr. till. verði samþykt. — Þó vil jeg taka fram, að ef svo færi, að þetta breyttist eitthvað í meðferð málsins síðar, þá áskiljum við okkur óbundnar hendur með atkvæði okkar. Ef t. d. ætti að fara að hækka þetta aftur, mundum við ef til vill koma með brtt. okkar eins og hún var.

Viðvíkjandi hinum liðunum, c. og d., að fyrir 1000 kr. komi 800 kr., skal jeg geta þess líka, að við leggjum heldur ekki kapp á þau atriði. Það áhærir svo fáa, sem víst eingöngu kaupstaðina, en þau hjeruð, sem undir það koma, munu sætta sig við það. Eins og sakir standa, höfum við flm. því fallist á að taka aftur b., c. og d.-lið á þgskj. 678. — Aftur á móti er dálítið öðru máli að gegna um síðasta liðinn á þgskj. 678, um launahækkunina, að í staðinn fyrir, eins og það er hjá nefndinni, að launin hækki um 50 kr. fimta hvert ár, sem sje á 10 árum upp í 100 kr., þá viljum við, að þau hækki að eins um 25 kr. á fimm ára fresti, upp í 75 kr., og kemur það þá niður á 15 ár. Þetta fanst okkur flutningsmönnum vera fullsæmileg hækkun. Hjer er um meiri uppbót að ræða en farið hefir verið fram á í tillögum þessa þings um nokkra opinbera starfsmenn ríkisins, hvort sem þeir eru æðri eða lægri, að jeg ekki tali um suma þá starfsmenn, sem ekki hefir verið farið fram á neina uppbót til, t. d. hreppstjóra, sem hafa einar 80 kr. En hjer er lagt til, að laun yfirsetukvenna hækki úr 70 kr. upp í 250 kr., hjá nefndinni, svo er miðlunartillaga með 200 kr., og okkar till. með 150 kr. Miðlunartill., sem verða mun samþykt að líkindum, fer þannig fram á hækkun, sem nemur meiru en tvöföldum launum, og það gerir líka frumtillaga okkar. En það er meira en nokkur annar starfsmaður hins opinbera hefir fengið, eða nokkrum hefir verið gefið undir fót með að til mála kæmi.

Jeg býst við, að eins og sakir standa, þá verði ofan á, að fyrsta till. okkar verði samþykt, og sú síðasta. Og auk þess miðlunartill. á þgskj. 677, 2. tölul.

Jeg þykist svo ekki þurfa að fjölyrða um þetta frekar. Þó vil jeg að síðustu taka það fram, að eftir því, sem næst verður komist og mjer er kunnugt um, eru kröfurnar um þessa hækkun ekki runnar frá yfirsetukonum alment, heldur munu

þær bornar fram fyrir áeggjan einstakra úr þeirra hópi. Hins vegar skal jeg fúslega játa, að launin voru of lág. Enda munu þau hafa verið bætt upp með dýrtíðaruppbót í sumum hjeruðum, eða mörgum, að einhverju leyti.

Magnús Guðmundsson: Jeg gat þess við 2. umr., að jeg myndi bera fram brtt. um greiðslu á launum yfirsetukvenna. Jeg gat þess líka, að sú brtt. myndi fara í þá átt, að öll laun þeirra yrðu greidd úr sýslusjóði.

Mjer finst undarlegt að vera að breyta þeirri reglu, sem gilt hefir hingað til um greiðslu þessara launa. Ástæður geta ekki verið aðrar en sú eina, að sýslusjóðir geti ekki launað þessum starfsmönnum. En sýslusjóðir eru einmitt þannig settir, að þeir þurfa ekki annað en að jafna niður eins mikilli upphæð og þarf til að standast gjöldin. Að því leyti eru þeir betur settir en ríkissjóður. Þeir gætu borið meiri gjöld, ef svo vildi verkast.

Hvað snertir miðlunartill. á þgskj. 678, þá sýnist mjer hún ekki bæta mikið úr. Það skiftir ekki mjög miklu í þessu efni, hve stór hluti er tekinn úr ríkissjóði, hvort það er tekið einu þúsundi króna meira eða minna. Það er meginreglan, sem er aðalatriðið. Annaðhvort eru yfirsetukonurnar starfsmenn sýslufjelaganna eða ríkissjóðs. Ef þær eru starfsmenn sýslufjelaga, á að greiða þeim að fullu úr sýslusjóði, en sjeu þær starfsmenn ríkisins, á ríkissjóður að launa þeim. Það er því óheppilegt og rangt að blanda þessu saman, og ekki verður þetta betra fyrir það, að undantekning er svo aftur gerð um kaupstaðina, þannig að þeir skuli borga öll launin til sinna yfirsetukvenna. Ef það er sanngjarnt, að kaupstaðirnir borgi að öllu leyti, þá er jafnsanngjarnt, að sýslufjelögin borgi.

En aðaltilgangur minn er sá, að reyna að koma í veg fyrir, að farið sje inn á þá braut, að ýta yfir á landssjóð að borga laun þeirra, sem eru starfsmenn sýslu- og sveitarfjelaga. Það virðist alveg nóg, að ríkissjóður kosti kenslu yfirsetukvenna að öllu leyti.

Um 2. brtt. þarf jeg ekki að ræða, þar sem nefndin hefir gengið inn á hana, og 3. brtt. er sjálfsögð leiðrjetting.

Frsm. (**Magnús Pjetursson**): Jeg hefi ósköp litlu við það að bæta, sem jeg sagði áðan og við síðustu umr.

Það var ekkert í ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem jeg þarf að athuga, nema þetta, að hann lagði áherslu á, að kröfurnar um launahækkun yfirsetukvenna myndu vera orðnar til fyrir forgöngu nokkurra einstaklinga í þeirri stjett. Jeg býst nú við, að það sje svo hjá fleiri embættismannaflokkum, að ekki hafi allir átt upptökin að slíkum kröfum. En það er fullvíst, að víða vantar ljósmæður, og þó engar kröfur hefðu verið gerðar um launahækkun, er þó það eitt nóg til þess, að Alþingi ætti að telja sjer skylt að bæta kjör þessara starfsmanna.

Mjer þykir leiðinlegt, að það skuli vera vefengt, sem við segjum, er stöðu okkar vegna hljótum að vera þessu kunnugastir, um skortinn á ljósmæðrum. Jeg talaði við starfsbróður minn í morgun, og sagði hann mjer, að í sínu hjeraði væru allar yfirsetukonur farnar, nema ein, og henni hefði honum tekist að halda með miklum eftirtölum og gegn því, að henni væru greiddar 600 kr. í laun (*G. Sv.*: Hvar er það?). Á Austurlandi. Í mínu hjeraði vantar oftast tvær eða þrjár. Þetta er ljós vottur um þörf endurbóta á þessu sviði.

Þá var það hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), sem auðvitað mælti með till. sinni. Hjelt hann því fram, að hann vildi ekki breyta því skipulagi, sem nú væri á. Vildi jeg sjerstaklega athuga það, sem hann sagði, að annaðhvort væru yfirsetukonur starfs-

menn ríkisins eða hjeraðanna, og eftir því ætti að greiða þeim að fullu úr sjóði annarshvors. Jeg sje ekki nokkurn hlut á móti því að breyta þessu, þó þetta hafi verið svo áður. En það er alls ekki eins dæmi, að landssjóður og hjeraðasjóðir skifti á milli sín að borga starfsmönnum. Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) er að minsta kosti kunnugt, að svo hagar til um starfsmenn símanna, t. d., að þeim er borgað að nokkru leyti úr ríkissjóði og að nokkru leyti úr sveitarsjóði. Vjer vitum um kennarafrumvarpið, sem hjer er á ferð. Þar er gert ráð fyrir hinu sama, og þó jeg viti, að hv. sami þm. vilji breyta þessu einnig, þá býst jeg ekki við, að hann fái því framgengt.

Annars verð jeg að segja, að mjer finst, sem þessir starfsmenn ættu fult svo mikla heimtingu á því að heita starfsmenn ríkisins eins og ýmsir aðrir. Vjer getum látinn mun gert á verksviði þeirra og verksviði lækna. Væri það því fullsamræmilegt, að því leyti, þótt alt væri sett á ríkissjóð.

Hákon Kristófersson: Jeg býst við, að það nái hjer fram að ganga, sem örlátu mennirnir í deildinni vilja vera láta.

Mjer þykir mjög leitt um hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem annars er ekki vanur að láta snúa sjer frá því, er hann hefir tekið fyrir, að hann hefir nú alveg snúist frá brtt. á þgskj. 678. Hann hefir alveg kúfvent fyrir meiri hluta launamálanefndar.

Jeg lít svo á þessa brtt. hv. þm. V.-Sk. og okkar meðflutningsmanna hans, að hún sje svo sanngjörn og á rökum bygð, að hún eigi að ná fram að ganga. Það virðist svo, sem þingið ætli ekki að kynoka sjer við að skapa sýslusjóðum útgjaldabyrðar, án þess að nokkrar óskir eða áskoranir hafi fram komið í hjeruðunum.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) mintist á, að sjer væri illa við, að nokkur hluti launanna væri goldinn úr ríkissjóði. Hann benti á, hve sýslusjóðir stæðu miklu betur að vígi en ríkissjóður. Þeir þyrftu ekki annað en bara leggja á! Þessa visku hefir víst hver einasti þingmaður átt heima hjá sjer. Og vjer vitum líka, að ríkissjóður þarf heldur ekki annað en leggja á skatta fyrir útgjöldum sínum.

Eins og nú er komið, aðhyllist jeg frv. eins og það er, og brtt. á þgskj. 628 að nokkru leyti. En annars vildi jeg helst, að frv. yrði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir, því að jeg geng þess ekki dulinn, að hitt verður ofviða sýslusjóðunum. (*E. A.*: En brtt.!). Veit jeg það, að jeg var meðflutningsmaður brtt. á þgskj. 678, en þegar hún á að falla, sje jeg, að gagnvart sýslusjóðunum er frv. miklu betra en ef brtt. þær, sem fyrir liggja, verða samþyktar.

Hv. frsm. (M. P.) benti á, að nú vantaði yfirsetukonur í mörgum hjeruðum. Býst jeg við, að það sje rjett. En í sambandi við það vil jeg benda á, að þó launin hafi verið lág áður, þá eru þau nú hækkuð um helming. Hjer við bætast svo daglaun, og verður þá ekki annað sagt en að þetta sje mikil bót.

Þá má ekki ganga fram hjá ákvæðum síðustu málsgr. 1. gr. frv., sem eru mjög þýðingarmikil gagnvart yfirsetukonum, en hv. frsm. (M. P.) og aðrir hafa alveg gengið fram hjá þeim ákvæðum.

Sem sagt, þótt allir hv. flm. till. á þgskj. 678 hafi gengið frá henni, þá hefi jeg þó ekki frá henni gengið. Og get jeg alveg eins sjeð hana felda og ýmsar aðrar jafnsjálfsagðar till.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vildi að eins mæla móti brtt. á þgskj. 678, þótt jeg búist ekki við, að það hafi mikla þýðingu, þar sem að henni standa 6 flutningsmenn, og nefndin þar að auki fallist á hana. Skal jeg þó ekki leggja svo mjög

upp úr tölu flutningsmannanna, því að mjer heyrðist á ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem er einn flutningsmanna, að hann kærði sig ekki um till., og má það heita eðlilegt.

Þessi skifting á greiðslu launanna, að greiða til sveita nokkuð úr landssjóði, en láta kaupstaði greiða algerlega sjálfa, finst mjer ekki rjettmæt. Mjer finst það ósköp nánasarlegt að flokka landsmenn þannig eftir því, hvar þeir eru búsettir. Jeg held, að kaupstaðirnir eigi ekki svo miklu minna tilkall til landssjóðs en sveitirnar, að vert sje að vera að þessari skiftingu.

Jeg vænti því, að hv. deildarmenn greiði ekki slíkri till. atkv. Það yrði landssjóði lítt til búningsbóta, og er síst flutningsmönnum till. til vegs.

Gísli Sveinsson: Nokkur orð í framhaldi af því, sem hv. þm. hafa sagt um þessa skiftingu á greiðslunni. Er þá fyrst hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), sem taldi, að ekki myndi ástæða til að tvískifta þessu. Enda hefir hann lagt til, að öll laun sjeu greidd úr sýslu- eða bæjarsjóði, svo að allir sjeu jafnt settir. En jeg verð nú að láta þess getið, að það getur oft verið full ástæða til að skifta þannig. Í kaupstaðaumdæmum er miklu meira að gera, miklu meiri mannfjöldi og miklu meira ónæði. Má að vísu segja, að þá komi dagkaupið og önnur þóknun, sem ætlað er að greiða yfirsetukonum, frá einstaklingunum, sem vitja þeirra. En svo er og hitt, að það er siður að gera eitthvað fyrir miklu argi og umbrotum. En víða í sveitaumdæmum er aftur tiltölulega lítið að gera. Sumsstaðar jafnvel svo, að ekki þarf að vera nema ein vitjun á ári, eins og hjer var tekið fram fyrir skemstu. Mönnum kann að virðast þetta ótrúlegt, en það er satt, að til eru þau umdæmi, þar sem jafnvel gæti hugsast, að engin ljósmóðurvitjun væri í heilt ár. Þegar þessa er gætt, og borið saman við það, sem á sjer stað um aðra, þá sjá menn, að launakjör þeirra eru yfrið há, saman borið við það, sem sagt, er aðrir eiga við að búa, sem uppteknir eru alt árið, hafa starfið fyrir lífsstarf. Engum einasta manni mun detta í hug að halda því fram, að yfirsetukonur alment til sveita hafi ljósmóðurstarf sitt að lífsstarfi Þær stunda bú sitt, og verður enginn þess var, að þær vanræki það vegna þess starfs. Nema þá einstöku umdæmi við sjávarsíðuna, og þá helst í kaupstöðum og kauptúnum. Þar er þá aftur komið að því, að þar, sem mest er að gera, er ekki óeðlilegt, að meira sje borgað. Það er þá heldur ekki annað en það, sem viðgengist hefir. Breytingin er að eins sú, að ríkissjóður tekur að sjer og ljettir af sýslusjóðunum nokkrum hluta kauphækkunarinnar.

Frv. gerir ráð fyrir, að launin verði í lægstu umdæmum 250 kr., þar sem áður voru 70 kr. Af því er ríkissjóði ætlað að greiða helming, eða 125 kr., eða alls ekki alla sjálfa kauphækkunina. Hjer er því að eins um það að ræða, hvort það sje ekki ofviða, eins og sakir standa, að dembа allri hækkuninni á sýslusjóðina. Annars hafa sýslufjelögin alls ekki verið um spurð. Þessu hefir verið dembt á að þeim fornspurðum. Þetta bendi jeg á til svars hv. þm. Barð. (H. K.), ef hann má vera að því að hlýða á mál mitt fyrir umhugsun um brtt., sem hann er horfinn frá, en við ekki. Við höfum að eins gengið inn á miðlun á einu atriði.

Það var komist svo að orði, að hún væri smásálarleg eða nánasarleg, þessi tvískifting. Svo sagði hv. þm. Barð. (H. K.), sem þannig er sá eini af flm., sem fellur frá kappsmáli sínu og telur það nánasarlegt, sem hann áður taldi rjettmætt og telja verður rjettmætt.

Nú skal jeg svara því, er hv. þm. Barð. (H. K.) sagði, að frv. væri þá betra en till., ef miðlun yrði gerð úr 150 upp í 200.

Sagði hann, að sýslusjóðir væru þá betur settir eftir frv. Þetta er rangt, því að hjer eru alveg áhöld um. Ef miðað er við 250 kr. eftir frv., þá áttu sýslusjóðir að bera 125 kr. Eftir till. okkar, þar sem sýslusjóðir bera ⅔, eru það nálægt 130 kr., miðað við 200 kr. laun. Er því að eins ofurlítill munur, en hann jafnast á því, sem síðasta brtt. gerir ráð fyrir um lækkun hækkunarinnar úr 100 kr. í 75 kr. Sýslusjóður græðir á þessu frá því sjónarmiði sjeð, ef hann ætti að bera alt.

Hins vil jeg geta, sem fremur en hitt er kostur við till. En það er það ákvæði, að launin skuli hækka á hverjum 5 árum um 15 kr., eða á 15 árum upp í 75 kr. Þessi munur frá frv. er að vísu svo sáralítill, að ekki er hægt að tala um hann langt mál. Með það fyrir augum, að launin lækki, höfum við gengið inn á, að ⅔ sjeu greiddir úr sýslusjóði. Annars væru sýslufjelögin ekki jafnvel sett og eftir frv. Það kemur víst öllum saman um, að ef launin hækka, geti ekki komið til mála, að sýslufjelögin taki að sjer að greiða þau að öllu leyti. Mjer er óhætt að lýsa því yfir, að fari svo ólíklega, að till. hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) verði samþykt, teljum við flutningsmenn okkur ekki lengur skylduga til að halda okkur við miðlunartill. En jeg geri ekki ráð fyrir, að það komi til.

Hv. 1. þm. Skagf. virðist skoða sig sem sjálfkjörinn vörð ríkisfjárhirslunnar. Er það sjálfsagt vegna stöðu hans utan þings. En þó ósanngjarnt sje að demba of miklu á ríkissjóð, þá er þó enn ósanngjarnara, með þeim tekjustofnum, sem sýslusjóðir hafa, að demba öllum hækkunum, jafnvel til þessara starfsmanna, á þá. En svo er enn fremur á það að líta, að þessir starfsmenn, yfirsetukonurnar, eru alls ekki eingöngu starfsmenn hjeraðanna í þeim skilningi, sem lagður er í þesskonar störf. Þess vegna er það rjett, sem hv. frsm. tók fram, að þessi störf eru mjög skyld læknisstarfinu, sem þjóðfjelaginu er talið skylt að greiða fyrir og halda uppi á sinn kostnað að mestu. Við höfum nú viljað láta haldast kaup þeirra frá einstaklingunum, svo sem frv. ákveður, svo að ekki væri á þær lagst á því sviði.

Hv. frsm. (M. P.) sagði, að engu síður í öðrum embættismannaflokkum myndu einstaklingar innan flokkanna hafa staðið fyrir kröfum þeirra. Þetta er að formi til rjett, en þó að miklu rangt. Það er víst, að þeir hafa allir, starfsmenn landsins, kveinað, hver í sínu horni, þótt þeir hafi eðlilega ekki getað allir komið fram í einu lagi. Þeir urðu auðvitað að hafa fulltrúa til framkvæmdanna. En svo er alls ekki þessu máli farið með yfirsetukonurnar. Þær hafa alls ekki kveinað á líkan hátt og aðrir „embættismenn", svo að vart hafi orðið við, eða gert gangskör að því að gera samband sín á milli, til þess að koma kröfum sínum á framfæri. Í heilum hjeruðum hafa þær engar kröfur gert, þótt auðvitað sje upplýst, að öðruvísi hafi verið á ýmsum öðrum stöðum. En alt ber að sama brunni. Einhver kauphækkun á að verða, og við flutningsmenn höldum fast við till. okkar á þgskj. 678, svo sem jeg hefi lýst, og miðlunartill. á þgskj. 677, að 200 kr. komi í stað 150 og 250 kr.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla ekki út í deilur út af þessum brtt. En hv. þm. Barð. (H. K.) vildi jeg benda á, að hann er að þyngja á sýslusjóðunum með till. á þgskj. 678, alveg eins og jeg. Það er ekki ýkjalangt á milli okkar. Þess vegna er undarlegt, að hann skuli leggja mjer það til lasts, að jeg er á sömu skoðun og hann. (*H. K.*: Svo er ekki!). Við erum báðir á því, að hv. nefnd hafi tekið fullmikið af sýslusjóðum og skelt á landssjóð.

Og þegar hv. þm. talaði um það sem jeg hefði sagt um niðurjöfnun, þá tók hann ekki nema nokkurn hluta þess, sem

jeg sagði. Jeg sagði, að sýslusjóðir væru betur settir en landssjóður til að taka gjöldin og jafna þeim niður eftir vissum reglum, sem sje að ⅔ á saman lagða tölu ábúðar- og lausafjárhundraða og að ⅓ á verkfæra menn, en þá aðferð getur ríkissjóðurinn ekki haft. Þetta er verulegur munur, og því undarlegra er að vera að demba þessu á ríkissjóð nú, þegar menn eru í vandræðum með að finna tekjustofna. En það er öðru máli að gegna um sýslusjóðina, því að í sýslunum eru tekjustofnarnir fyrir hendi. Jeg sje því enga ástæðu til breytingar, en ef hún væri nokkur, þá væri það helst sú, að yfirsetukonurnar væru engu síður starfsmenn ríkissjóðs heldur en sýslusjóðs, en hingað til hefir ekki verið litið svo á, því yfirsetukonulögin frá 1912 bera það með sjer, að þær sjeu starfsmenn sýslusjóðs, en ekki ríkissjóðs. Hvað snertir það, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) segir, að jeg skoði mig í þessu máli sem talsmann ríkissjóðs, samkvæmt stöðu minni utan þings, þá vil jeg fræða hv. þm. (G. Sv.) um, að jeg skoða mig einmitt sem þingmann vörð ríkissjóðs, og það ætti þessi hv. þm. (G. Sv.) líka að gera.

Tilraun hv. þm. Barð. (H. K.) um að slá sig til riddara á orðum mínum þarf ekki að svara, því að það mistókst fyrir honum, eins og svo oft, af því að þekkinguna vantaði alveg.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg vildi að eins gera ofurlitla athugasemd, aðallega út af ræðu hv. þm. Barð. (H. K.) Mig furðar sem sje á, hversu grimmur hann er orðinn í garð yfirsetukvenna. (*E. A.*: Er hann hættur að eiga börn?). Hann var að tala um kúfvendingar sumra hv. þm., og finst mjer það furðu skrítið af honum. Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að þegar þetta mál var fyrst til umr. í samvinnunefnd launamálanna, þá var sett í það undirnefnd, og skipuðum við hana, jeg og hv. þm. Barð. (H. K.) og hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.). Jeg samdi að vísu frv. það, sem lagt var fyrir nefndina, og vissi jeg ekki betur en bæði hv. þm. Barð. (H. K.) og hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) gengju inn á það, að öðru leyti en því, að hv. þm. Barð. (H. K.) var á móti hámarkinu, vildi hafa 800 kr. í stað 1000 kr. Í þessu frv. var ákveðin sama launaupphæð og nefndin ætlar nú að sætta sig við, sem sje 200 kr. lágmark. Það er því ekki rjett af hv. þm. Barð. (H. K.) að vera að ásaka meðþingmenn sína um vindhanaeðli. Furðar mig að jafn-„mætur maður“ og hv. þm. (H. K.) er skuli vera svona harðorður í garð þeirra.

1. þm. Reykv. (J. B.) vil jeg benda á það, að þessi till. um að skilja kaupstaðina út úr er komin frá þingmanni úr einum kaupstaðanna, og það frá samþingismanni hans, hæstv. forsætisráðh. (J. M.), en það skiftir auðvitað litlu máli. Vil jeg þó benda hv. þm. (J. B.) á, til þess að fá atkvgr. um þetta sjerstaklega, að það mætti skifta brtt. í tvent. (*J. B.*: Það er ekki hægt). Menn tala hjer um, að sýslunefndirnar hafi ekki verið spurðar að því hvort mætti hækka. Jeg veit ekki til, að það hafi verið gert heldur 1912. (*H. K.*: Það var ekki svona óskapleg hækkun). Þá var hækkað á þeim um helming, og þær ekki að spurðar, og var sú hækkun miklu gífurlegri, borin saman við verðgildi peninga.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) er altaf að klifa á því, að ekki hafi komið fram neinar kröfur um hækkun frá yfirsetukonum. Þetta er ekki annað en staðhæfing hjá hv. þm. (G. Sv.), og þessa staðhæfingu getur hann að eins bygt á andanum á þeim stöðum, sem hann þekkir til. Og jeg staðhæfi hið gagnstæða, eftir því sem jeg þekki til. Þar stöndum við því báðir jafnt að vígi. (*G. Sv.*: Hvorum fylgja fleiri?). Yfirsetukonur? (hlátur). Þessi sami hv. þm. talaði

um, að þetta væru of há laun, en þá finst mjer nú flest laun fara að vera há, þegar 150 krónur eru farnar að vera það.

Hákon Kristófersson: Hv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að jeg hefði verið með þessu frv. Þetta er, eins og við var að búast, að nokkru leyti satt og að nokkru leyti ósatt. Þá sagði sami háttv. þm., að jeg hefði ráðist á yfirsetukonur. Þetta eru staðlausar öfgar, því jeg veit ekki betur en að jeg hafi verið meðal þeirra manna, sem hafa viljað veita þessum heiðurskonum fullkomna sanngirni í launahækkuninni. En jeg vil ekki ganga of langt, hvorki í þessu nje öðru. En mig undrar ekki, þótt hv. þm. Stranda. (M. P.) vilji það, því hann vill auðvitað vinna sjer inn vinfengi yfirsetukvenna, eins og annara launamanna, er hann hefir barist fyrir á þessu þingi. Slíkt hefi jeg ekki ætlað mjer, enda finn jeg mig enga heimild hafa til þess að afla mjer vinsælda á kostnað almennings.

ATKVGR.

Brtt. 677,1. feld með 14 : 4 atkv
— 679. tekin aftur.
— 678,a. samþ. með 21 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. G., M. P., M. Ó., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. B., J. J., Ó. B.

nei: P. O., B. K., J. B.

Tveir þm. (B. J. og J. M.) fjarstaddir.

Brtt. 678,b.—d. tekin aftur af meiri hl. flutningsmanna, en tekin upp af þm. Barð. (H. K.) og feld með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., B. St., E. A., E. J., H. K., P. O., Ó. B.

nei: S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. K., E. Árna., G. Sv., J. J., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ.

Tveir þm. (B. J. og J. M.) fjarstaddir

Brtt. 677,2. samþ. með 18 : 3 atkv.
— 678,e. — . — 13 : 8 —
— 677,3. samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 754).

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 11. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 17. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 754, 852).

Frsm. (Halldór Steinsson): Frv. fer fram á að hækka laun yfirsetukvenna. Eftir núgildandi lögum eru laun þeirra 70 kr. á ári. — Sjá allir, að þetta er ósæmileg borgun, og langtum minni en nokkurri vinnukonu er boðið nú orðið; enda er afleiðingin augljós. Síðustu árin hefir verið

hreinasta ekla á yfirsetukonum. Í flestöllum læknishjeruðum landsins hefir verið kvartað undan skorti á yfirsetukonum, og kveður svo ramt að því, að mjer er sagt, að í einu læknishjeraði landsins sje að eins ein einasta yfirsetukona. Er öllum augljóst, að þetta ástand getur ekki gengið til lengdar; og eini vegurinn til að bæta úr því er að bæta kjör yfirsetukvenna.

Að vísu hefir yfirsetukvennaskólinn verið vel sóttur undanfarið, en langt frá því allar, sem hafa sótt hann,hafa tekið sjer stöðu sem yfirsetukonur, af því að þær hafa ekki viljað vinna fyrir smánarlaun, enda getað fengið langtum betri kjör við önnur störf. — Þó yfirsetukonur geti haft mörg önnur störf á hendi, er samt ómögulegt að neita, að þær sjeu mjög bundnar og staða þeirra ófrjáls, því altaf þurfa þær að vera til taks, hvort heldur er á nóttu eða degi.

Frv. fer fram á, að launin verði hækkuð upp í 200 kr., þar sem hjeraðsbúar ekki eru fleiri en 300, en svo fái þær 10 kr. fyrir hverja 50 íbúa, sem eru fram yfir 300. Einnig er ætlast til, að launin hækki fimta hvert ár um 25 kr., þó svo, að launahækkunin nemi aldrei meiru en 75 kr. — Með því móti komast launin í lægsta flokkinum aldrei yfir 275 kr., og virðist tæplega vera sæmandi að bjóða minni laun. — Einnig er sú breyting gerð á eldri lögunum, að yfirsetukonan skal hafa 7 kr. fyrir yfirsetuna, í stað 5 kr. áður, og 2 50 kr. í dagpeninga, í staðinn fyrir 1 kr.

Mál þetta var í samvinnunefnd launamála, og var tillaga nefndarinnar betri í garð yfirsetukvenna, en frv., eins og það nú liggur fyrir. Eftir tillögum nefndarinnar áttu byrjunarlaunin að vera 250 kr., en hv. Nd. þóknaðist ekki að ganga inn á þá braut. Nefndin hjer í hv. deild áleit sjer ekki fært að koma með aðra brtt. en þá, sem er á þgskj. 852, um að helmingur launanna skuli goldinn úr ríkissjóði, í stað þess að frv. fer fram á, að ⅓ sje goldinn úr ríkissjóði og ⅔ úr sýslusjóði. Ástæðan til þess, að nefndin fór þessa leið, er sú sama sem lá til grundvallar fyrir brtt. nefndarinnar um laun kennara.

Á síðustu árum hefir altaf verið hlaðið meiri og meiri gjöldum á sveitar- og sýslusjóði, án þess að tekjustofnar þeirra yrðu auknir, og fanst nefndinni því eigi ástæða til að íþyngja þeim meira en að þeir bæru helming af kostnaðinum.

Jeg skal svo eigi fara fleiri orðum um þetta, en jeg vona, að hv. deildarmenn sjái, að þetta er sanngjörn krafa, og greiði atkvæði samkvæmt því.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg er sammála hv. frsm.(H. St.)um, að nauðsyn sje á að bæta kjör yfirsetukvenna; en jeg er ekki samdóma honum um, að það eigi að breyta frá frv., eins og það er, og leggja landssjóði enn meiri byrðar á herðar. — Yfirsetukonum má standa á sama, hvaðan þær fá laun sín.

Áður fyr voru öll launin goldin úr sýslusjóði, svo mjer finst nægilegt, að landssjóður taki nú að sjer ⅓ hluta þeirra. En mjer finst ástæðulaust að taka landssjóðnum meira blóð en orðið er vegna þessa. (*M. T.*: Yfirsetukonur hafa atvinnu af að taka blóð). Það er mál, sem jeg skifti mjer ekki af, en meðan hagur landssjóðs er eins slæmur og nú, finst mjer ekki ástæða til að demba öllum útgjöldum á hann, og lái mjer hver sem vill.

ATKVGR.

Brtt. 852. samþ. með 8 : 6 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj atkv.

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 18. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 880).

Of skamt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 19. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 897).

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 20. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 897, n. 912).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Það er líkt um þetta mál að segja og hitt. Ed. hefir þó gert dálitla efnisbreytingu á þessu frv. Hún er sú, að í stað þess, sem var í frv. hjeðan, að launin skyldu greiðast að ⅓ hluta úr landssjóði, skal nú ½ þeirra goldinn úr landssjóði.

En þar sem þetta var í fyrstu till. launanefndar, þá getur háttv. deild getið því nærri, að hún er þessu ekki mótfallin nú.

Vonar hún því, að málinu verði ekki flækt milli deilda vegna þessa atriðis, sem ekki getur talist neitt verulegt atriði í málinu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 : 1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 921).

---

62 Hækkun á vörutolli.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 11. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um hækkun á vörutolli (A. 772).

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 12 sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta litla frv. er flutt hjer eftir beiðni hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), og geri jeg ráð fyrir, að hann mæli með því, ef honum þykir ástæða til. Jeg ætla þess vegna ekki að fara ítarlega út í þetta frv., en vil þó geta þess, að annað frv. um sama efni er á ferðinni í hv. Ed., og álít jeg rjett, að menn athugi það og taki þegar í upphafi afstöðu til þess, hvort þessara tveggja frv. eigi að verða að lögum. Þau reka sig hvort á annað og geta ekki bæði orðið að lögum. Bæði frv. fara fram á samskonar hækkun á sama gjaldi, en frv. í Ed. er auk þess um aðrar breytingar á vörutollslögunum. Jeg álít rjettara að fylgja þessu frv., sem hjer liggur fyrir, því hitt frv. fer meðal annars fram á að nema úr gildi lög, sem hafa verið framlengd á þessu þingi.

Um frv. sjálft er ekkert að segja. Hækkunin, sem farið er fram á, er sniðin þannig, að hvergi stendur á ½ eyri, eins og jeg hefi heyrt raddir um; þannig verður t. d. gjaldið í 1. flokki 30 aur., í öðrum flokki 75 aur., í 3. flokki 9 kr., í 5. flokki 9 aur. og í 6. flokki 3 kr., alt miðað við 50 kg. 4. flokkur fellur burt vegna hinna nýju laga um salt og kol, þó þannig, að kolin falla þá fyrst burtu, er einkasala hættir.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi litlu að bæta við ræðu hv. frsm. (M. G.). Dróg

þau, er liggja til þessa frv. eru kunn, og er óþarfi að fara nánar út í það. Jeg vil taka í sama streng og hv. frsm. (M. G.), að hættulegt væri, ef breyting sú á vörutollinum væri samþ., sem farið er fram á í Ed. Jeg held, að þá yrði sífelt tog milli vöruflokkanna, og álít jeg þessa leið rjettari. Hv. deild hefir áður tekið vel tekjuaukafrv. og hefir skilið þörfina, og jeg þykist vita, að svo muni enn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 772).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 772).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 18. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um hækkun á vörutolli,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 868).

Á 61. fundi í Ed., laugardaginn 20 sept., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil mæla með því, að frv. þetta verði samþykt óbreytt hjer í hv. deild, og helst að það fái að ganga nefndarlaust áfram. Frv. er borið fram til að auka tekjur landssjóðs, og mundi tekjuaukinn af því nema um ½ milj. kr. yfir fjárhagstímabilið.

Kristinn Daníelsson: Mjer sýnist það vera tæplega sannað, að það sje brýn þörf að auka frekar við tekjur ríkissjóðs en gert hefir verið á þessu þingi, og mjer finst því rjett, að þetta atriði væri athugað nánar í nefnd, enda er annað mál á dagskránni í raun rjettri sama málið og þetta. Og þó þar sje komið nefndarálit, er ekkert vikið að þessari hlið málsins, og ætti nefndin því að geta gefið ýmsar skýringar, svo hægara væri að glöggva sig á frv.

Halldór Steinsson: Jeg sje ekki ástæðu til að vísa þessu máli til fjárhagsnefndar, því hjer liggur fyrir annað frv. frá nefndinni, sem hefir inni að halda sömu ákvæði og þetta frv. Nefndin hefir því athugað málið.

Fjármálaráðherra (S. E.): Fyrir þessari hv. deild liggur og annað frv., sem fer fram á nákvæmlega sömu hækkun á vörutollinum, en þar sem það frv. fer fram á breytingar á flokkuninni, sem er vitanlegt að mundi sæta mótspyrnu í hv. Nd., þá legg jeg hiklaust til, að þetta frv. fái að ganga áfram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Tillaga um að vísa því til fjárhagsnefndar feld með 8 : 3 atkv.

Á 62. fundi í Ed., mánudaginn 22. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 868).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., miðvikudaginn 24. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 868).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9. shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 975).

---

63. Ráðherralaun.

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 11. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands (A. 779)

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 779).

Kristinn Daníelsson: Við 1. umr. var ekkert talað um þetta mál, og jeg kynni illa við, að það færi í gegnum tvær umr. án þess að orð væri sagt um það. — Launamálanefndinni þótti einsætt, að hækka bæri laun ráðherra, en vildi síður taka þá upp í launafrv., og varð niðurstaðan sú, að málið skyldi afgreitt í því formi, sem það nú liggur fyrir í. Jeg vil þó taka fram, að það getur tæpast borið sig, að þeir fái ekki hærri laun en tiltekin eru í frv. 10 þús. kr. án dýrtíðaruppbótar eru í raun og veru ekki meira nú en 4 þús. kr. voru fyrir stríðið. og geri jeg ráð fyrir, að engum hafi þá þótt 4 þús. kr. hæfileg ráðherralaun. Sama get jeg sagt um risnufje forsætisráðherra; það er óhæfilega lágt. Jeg læt þessa getið nú við þessa umr., svo menn hugsi sig frekar um áður en málið verður afgreitt úr deildinni.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 10 shlj. aktv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10. shlj atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 17. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 779, 866).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 866, er of seint var útbýtt.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 866, og þarf jeg ekki að minnast frekar á efni hennar en jeg gerði við 2. umr. málsins; þá gerði jeg grein fyrir því, að jeg teldi nauðsyn á að hækka laun ráðherra, í samræmi við laun annara starfsmanna landsins. Jeg sýndi þá og fram á það. að risnufjeð, sem forsætisráðherra er ætlað, sje í rauninni of lágt, en með því að lagt er

til að hækka launin, hefi jeg látið hjer við sitja. Vænti jeg, að öllum sje auðsætt, að laun ráðherranna mega alls ekki minni vera en jeg hefi lagt til, og eru þó engan veginn tiltölulega eins há og laun þeirra voru fyrir ófriðinn, ef borið er saman við verð peninga þá og nú. Hins vegar er þess og að gæta, að ráðherrunum er engin dýrtíðaruppbót ætluð, sem öðrum starfsmönnum landsins.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg þarf ekki að tala langt mál, en jeg hirði ekki að fara í neina launkofa með þá skoðun mína, að jeg er algerlega á sama máli sem hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) um það, að laun ráðherranna sjeu alt of lágt sett í samanburði við hækkun launa og dýrtíðaruppbótar annara starfsmanna landsins. Auk þess má taka tillit til þess, að í ráðherrastöðurnar ætti ekki að taka nema valda menn, og það væri að gefa þeirri skoðun, að smeygja mætti þar inn stumparamönnum, undir fótinn, ef laun þeirra væru sett óhæfilega lág. Hjer er þess að gæta, að þessir menn eru æðstu menn þjóðarinnar, að þeim er ætlað vandasamt starf, sem er yfirleitt vanþakkað. Enn fremur er það athugandi, að þessi staða er stopulli en önnur embætti; það getur verið, að ráðherra haldi sinni stöðu ekki nema 1—2 ár eða jafnvel að eins nokkra mánuði, og fá síðan engin eftirlaun. Í stöðuna geta valist menn, sem ekki geta tekið embætti eftir á, enda óvíst, að á þeim stöðum sje völ, er þeir geta unað við; t. d. geta þeir ekki lotið að undirtyllustöðum á skrifstofum eða þess háttar. En hjer getur vel verið um menn að ræða, sem fara frá með fullkomnum heiðri, jeg á við af sjálfsdáðum eða af pólitískum ástæðum. Ef þeim er því ekki launað svo, að þeir jafnvel heldur leggi fyrir en hitt, auk þess sem þeir geti lifað sómasamlega, þá getur verið, að með því að hafa launin lág sje heldur ýtt undir það, að fráfarandi ráðherrar verði teknir á eftirlaun á 18. gr. fjárl., gustukagreininni, en jeg verð að telja betur farið, að reynt sje að sigla fram hjá því, og heldur hafa launin hærri.

Hjer má enn nefna eina ástæðu. Ef launin eru ekki nógu há, þá er hætt við, að duglegir menn muni fremur leita sjer aukaatvinnu, en slíkt álít jeg óheppilegt og óhæfilegt, enda þekkja allir dæmi frá sambandsþjóð vorri, Dönum, nú á síðustu árum, hversu ráðherra einn, sem hafði sjóði nokkra undir höndum, komst í gjaldþrot og varð meira að segja sakamaður, en ekki er þess þó getið, að hann hafi vanrækt ráðherrastörf sín. Það er til marks um það, að þótt mikilmenni eigi í hlut, getur svo verið, að þeir geti ekki sint báðum störfunum í senn.

Jeg mun af greindum ástæðum hiklaust greiða atkvæði með brtt. á þgskj. 866, og skammast mín ekki fyrir, þótt öðrum mönnum en mjer ef til vill standi nær að styðja slíka till.

Frsm. (Eggert Pálsson): Meiri hluti launamálanefndarinnar hefir komið fram með frv. það, er hjer liggur fyrir. Það mun hafa vakað fyrir nefndinni, eða mjer að minsta kosti, að 10,000 kr. væru hæfileg laun handa ráðherrunum, enda í samræmi við það, að það er hámark embættislauna í launafrv., en þar eru forstjóra hæstarjettar ætluð 10 þús. kr. laun. Í nágrannalöndum vorum, að minsta kosti í Danmörku, eru og laun ráðherra og hæstarjettarforstjóra gerð jöfn, eða svo hefir verið alt til þessa. En með brtt. á þgskj. 866 er farið fram á það að veita ráðherrunum 2000 kr. hærri laun en þessi hæstlaunaði embættismaður landsins á að hafa, eða með öðrum orðum 12 þús. krónur.

Jeg býst nú ekki við, að þetta mál sje nokkurt kappsmál á hvoruga hliðina; að minsta kosti er það það ekki hvað mig snertir. Það var að eins þetta, sem fyrir

mjer vakti, að launin væru svo há, að ráðherrarnir væru sæmilega haldnir og þyrftu ekki að fást við önnur störf, enda þætti mjer ótrúlegt, að þeir myndu gera það með þeim launum, sem frv. tiltekur, með því að þeir mundu í sjálfu sjer hafa nóg að starfa sem ráðherrar, eins hjer eftir sem hingað til. Hins vegar taka menn ekki þessa stöðu launanna vegna, eða þótt launin sjeu 1 eða 2 þúsundum kr. hærri eða lægri, heldur af pólitískum ástæðum og til þess að koma einhverju gagnlegu til vegar.

Ekki geri jeg ráð fyrir því, að launahækkun muni hafa það í för með sjer, að hlynna þurfi síður að fráförnum ráðherrum en áður. Jeg býst við því, að þingið eða ríkið, eins og hingað til, telji sig til þess neytt á einhvern hátt að sjá þeim borgið, hvort sem launin verða 12 þús. eða 10 þús.

Kristinn Daníelsson: Jeg verð að halda því fram, að ef laun ráðherranna verða ekki hækkuð, þá kemur beinlínis fram ójöfnuður í samanburði við laun annara starfsmanna. Jeg vil og í þessu sambandi benda á það, að launanefndin í Nd. hefir aðhylst það að færa hámark launa og dýrtíðaruppbótar hæstarjettardómara upp í 10,500 kr. Í nágrannalöndum vorum munu ráðherralaun vera hærri en hæstarjettardómara. Í Danmörku eru ráðherralaun nú 18,000 kr., en hæstarjettarforstjóri hefir 15,000 kr. og hæstarjettardómarar 12,000 kr.

Að öðru leyti er jeg samdóma hv. 1. þm. Rang. (E. P.) um það, að hækkun launanna muni lítil áhrif hafa á eftirlaunaspurninguna. En ef hæstarjettardómarar, jafnvel að áliti sumra, njóta ekki fylsta rjettar, eftir því sem launum þeirra er nú komið, þá er þó ekki síður vandgert við ráðherrana. Staða þeirra er veglegasta staða í landinu, svo að gera verður til þeirra á þann hátt, að þeir geti haldið sig nokkurn veginn sæmilega, svo að þeir sjeu bæði innlendum og útlendum verðugur spegill þess besta í þjóðinni.

Jeg játa það með hv. 1. þm. Rang. (E. P.), að hjer er ekki um neitt kappsmál að ræða. En hv. þm. hefir nú gefist kostur á að athuga frv. nánara en gert var við 2. umr. málsins.

ATKVGR.

Brtt. 866. samþ. með 7 : 2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 872).

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 19. sept., var frv. tekið til 1. umr. (A. 872, 886).

Gísli Sveinsson: Jeg legg það til, að frv. verði vísað til launamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj atkv. og til launamálanefndar (sjá A. bls. 2017) með 13 : 2 atkv.

Á 70. fundi í Nd., mánudaginn 22 sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 872 886, 917).

Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv. um brtt. 917, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Jón Jónsson): Frv. þetta er komið frá hv. launanefnd í Ed. Jeg skal geta þess, að á þetta mál var minst í samvinnunefnd launamálsins, en það þótti ekki hlýða að taka laun þessi upp í launalögin. Varð það því að ráði að hækka ráðherralaunin með sjerstökum lögum, eins og nú hefir gert verið af hv. launamálanefnd í Ed.

Lagði hún fyrst til, að hækka launin upp í 10,000 kr. á ári, en sú breyting varð á við meðferð málsins, að hækka skyldi launin upp í 12,000 kr.

En nefndin hjer í Nd. vill ekki fallast á það og flytur því nú brtt. um, að færa launin aftur niður í 10,000, og er sú brtt. í samræmi við brtt. á þgskj. 886, frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.).

Jeg skal geta þess, að þótt segja megi, að hjer sje varlega í sakirnar farið, þá er það að athuga, að ráðherrar eru þingmenn um leið og taka laun þar. Þeir þurfa því engu að kosta til þingmensku sinnar. En þingpeningar þeirra eru nokkurskonar aukatekjur, og þar sem þeir hafa nú verið hækkaðir að nokkru, þá aukast einnig þær tekjur þeirra.

Og ef þing stendur nú, sem gera má ráð fyrir, alloftast í 2½ mánuð, þá nemur fje þetta 1500 kr. á ári.

Þessi hækkun, úr 8000 upp í 10000 kr., gerir því það að verkum, að ráðherrar hafa hærri laun en allir aðrir embættismenn landsins.

Sömuleiðis hefir nefndin talið rjett, að risnufje forsætisráðherra sje fastákveðið 4000 kr. á ári, og vona jeg, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) geti fallist á það, þótt hann hafi flutt brtt. um, að fje þetta skuli greiða eftir reikningi, alt að 4000 kr. á ári.

Nefndinni fanst það óþarfi að gera ráðherranum að skyldu að halda reikninga yfir þetta, og hins vegar óþarft, þar sem telja má, að hjer sje ekki of freklega farið í sakirnar.

Annars er þetta ekkert stóratriði, og vildi jeg skjóta því að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), hvort hann gæti ekki fallist á till. nefndarinnar um þetta atriði.

Þá er önnur breyting, sem nefndin vill gera, sú, að launaákvæði þessi gildi frá 1. júlí 1919.

Þótti það sanngjarnast, þar sem aðrir embættismenn fá launauppbót sína greidda eftir launalögunum frá þeim tíma. Og þetta hjer verður nokkurskonar dýrtíðaruppbót.

Brtt. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) við fyrirsögn frv. tel jeg vera til bóta, því að hún styttir orðalagið, og fer betur á því.

Skal jeg svo ekki fjölyrða, en vona, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

Gísli Sveinsson: Jeg skal að eins lýsa yfir því, að jeg felli mig við brtt. nefndarinnar og tek aftur 1. brtt. mína, á þgskj. 886, en vonast til, að hin síðari komi til atkv.

ATKVGR.

Brtt. 886,1. tekin aftur.

— 917,1. samþ. með 17 : 1 atkv.

— 917,2. samþ. með 14 : 1 atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 886,2. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917.

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 944).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 : 2 atkv. og endursent Ed.

Á 64. fundi í Ed., miðvikudaginn 24. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917,

eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 961).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil að eins vekja athygli á því, að þetta frv. er nú mjög breytt frá því, sem það var, þegar það fór frá þessari hv. deild. Launin eru færð niður í 10 þús. kr. En á sama tíma hefir hámark annara launa verið hækkað upp í 10500 kr., svo ekki er rjett samræmi í launastiganum. Sömuleiðis hefir fyrirsögn frv. verið breytt, að mínu áliti óheppilega, því það er undarlegt, ef fyrirsagnir frv. bera það á engan hátt með sjer, hvað í þeim felst.

Af þessu virðist mjer ástæða til að athuga, hvort ekki væri rjett að taka málið út af dagskrá og athuga það betur, en fresta umræðunni.

Forseti: Nú er svo áliðið þingtímans, að ekki er unt að taka mál út af dagskrá, nema brýn nauðsyn beri til.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., H. Sn., Jóh. Jóh., K. D., M. K., S. F., E. P., G. B.,
nei: H. St., K. E., M. T., G. G

S. E. og S. J. greiddu ekki atkv.

Frv. afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 976).

---

64. Húsagerð ríkisins.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um húsagerð ríkisins (A. 507).

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 2. sept., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. sept., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 507).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Fjárveitinganefnd flytur þetta frumvarp að undirlagi hæstv. stjórnar. Jeg skal játa,

að gera verður fleira en gott þykir. Og svo er með þetta. Jeg hefði helst kosið að þurfa ekki að mæla fram með þessu frv. En nú þykir orðið búhnykkur að taka lán. Að vísu minka útgjöldin í fjárlögunum talsvert í svip við það, að stórir útgjaldaliðir eru teknir burtu, en lánin þarf þó að borga síðar. Og þessi stefna er ekki tekin af öðru en því, hversu óvænlega nú þykir á horfast um það, að tekjur og gjöld ríkisins standist á. Allar þessar byggingar, sem talað er um í frv., eru vafalaust nauðsynlegar. Og um sumar er það að segja, að þær mega á engan hátt dragast. Er þar til að taka viðbótina við Kleppsspítalann, íbúðarhúsið á Hvanneyri og skólahúsið á Eiðum. Um landsspítalann má má ske segja, að hann geti beðið nokkurn tíma, en þó mun engum blandast hugur um, að nauðsyn er á, að hann verði reistur sem allra fyrst.

Þess er að gæta, að þó hæstv. stjórn fái þessa heimild hjá þinginu, þá gefur það hana í trausti þess, að hún gæti allrar varúðar og hagsýni, að hún undirbúi þessar byggingar sem best og geri sjer far um að láta reisa þær sem traustastar og ódýrastar að mögulegt er. Stjórninni er alveg í sjálfsvald sett með framkvæmdir á þessu, jafnframt því sem hún fær heimild til lántökunnar.

Viðvíkjandi einstökum af þessum byggingum skal jeg geta þess, að með íbúðarhúsið á Hvanneyri er þegar svo langt komið, að uppdrættir hafa verið gerðir af því. Eins er með viðbótina við Klepp, að teikningar eru fyrirliggjandi af henni. Og auk þess mun eitthvað vera búið að gera til undirbúnings væntanlegum landsspítala.

Nefndin felur nú hv. deild þetta mál. Hún telur nauðsyn á því að taka upp þessa aðferð, að gefa stjórninni heimild til að taka lán, svo að kostnaður af þessum framkvæmdum, sem skiftir miljónum króna, jafnist niður á eftirkomendurna, en lendi ekki einvörðungu á baki þeirra, sem uppi eru meðan byggingarnar eru reistar.

Sigurður Sigurðsson: Hv. frsm þessa frv. (S. St.) gat þess, að það væri flutt samkvæmt tilmælum stjórnarinnar. Mjer dettur ekki í hug að rengja hann um það. Jeg stóð upp til að lýsa því yfir, að jeg get ekki aðhylst frv. eins og það liggur fyrir, og mun jeg því greiða atkvæði móti því. Þó vildi jeg gera grein fyrir afstöðu minni til þess með nokkrum orðum.

Það hafa nú verið samþykt hjer heimildarlög um lántökur til brúargerða, og þær brýr, sem áður voru í fjárlögunum, eru nú teknar af þeim og eiga, samkvæmt þessum nýju lögum, að byggjast fyrir lánsfje.

Nú er hjer komið fram annað frv. af líku tægi, sem heimilar stjórninni að taka stórlán til húsabygginga. Það er með öðrum orðum, að stjórninni heimilast að taka lán til ýmissa þeirra framkvæmda, sem áður hafa staðið í fjárlögunum. Þetta tel jeg miður heppilega fjármálaleið. Um sjálft frv. er það að segja, að þó flestum komi saman um, að landsspítalinn sje nauðsynleg stofnun, þá blandast fáum hugur um, að fresta verður byggingu hans fyrst um sinn, af ýmsum ástæðum.

Öðru máli er að gegna um viðbótina við Kleppsspítalann. Það er mjög aðkallandi og er þegar talsvert undirbúið Jeg hefi heyrt, að hún mundi kosta alt að ½ milj. kr.

Þá er íbúðarhúsið á Hvanneyri. Það var tekið upp í fjáraukalagafrv. fyrir 1918 og 1919, og áætlaðar til þess 60 þús. kr Það er vitanlega bráðnauðsynlegt, að það hús verði reist á næsta ári. En jeg sje ekki, að hjer sje um stærri upphæð að ræða en að vel megi taka hana í fjárlögin fyrir næsta fjárhagstímabil. Jeg skal ekki segja, hvað þetta hús muni kosta, en jeg hygg, að það fari ekki fram úr 100—120 þús. kr.

Viðvíkjandi byggingum á Eiðum hefi jeg ekki heyrt fyr en nú, að það væri svo mjög aðkallandi að bæta við gamla skólahúsið þar. Það var ekkert á það minst í fyrra, þegar frv. um stofnun skólans lá hjer fyrir þinginu, að nauðsyn bæri til að auka við bygginguna.

Samkvæmt því, er jeg nú hefi sagt, verður það ljóst, að sjálfsagt er, að Hvanneyrarbyggingin verði tekin upp í fjárlög. En svo gæti það komið til mála að heimila stjórninni með lögum að taka sjerstakt lán til að auka við geðveikrahælið á Kleppi. Hina liðina í frv. má þá fella, eða fella *alt* frv., en flytja svo nýtt frv. um viðbótarbygginguna á Kleppi eina út af fyrir sig, því að hún má ekki dragast. Hins vegar getur skólahúsið á Eiðum beðið, og sama er að segja um landsspítalann, enda er stofnun hans óundirbúin að flestu leyti.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg tók það fram í framsöguræðu minni áðan, að fjárveitinganefnd þótti nauðsyn bera til, að eitthvað væri gert í þessu máli. Það má má ske deila um landsspítalann. En hann verður hvort sem er ekki bygður á næsta fjárhagstímabili, þó þetta verði samþykt. Læknafjelagið hefir lýst því yfir, að það telji lífsspursmál, að hann verði reistur hið allra fyrsta, eins og líka tekið er fram í greinargerð fyrir frv.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) tók það fram, að þetta væri gert vegna tekjuhallans í fjárlögunum. Og er jeg honum alveg samdóma um, að varla sje við hann bætandi. Hv þm. vill, að Hvanneyrarbyggingin verði tekin upp í fjárlögin. Við erum því báðir á einu máli um það, að óhjákvæmilegt sje að reisa þá byggingu úr rústum. Það er skilyrði fyrir því, að skólinn geti starfað næsta vetur.

Með geðveikrahælið á Kleppi er líku máli að gegna. Nefndinni var fullljóst, að sú bygging þolir ekki að bíða 2 næstu ár. Hælið er þegar orðið of lítið. Sjúklingar komast þar ekki að lengur. Svo að til vandræða horfir fyrir þá hreppa og þau hjeruð, sem fyrir þá sök verða að sitja með sjúklinga, sem eru jafnerfiðir viðfangs, í ljelegum og þröngum húsakynnum. Það er því skylda þingsins að ráða bót á þessu sem allra fyrst. Og það er ekki hægt með öðru móti en auka sem fyrst við hælið.

Hvað það snertir, að taka nú þegar í fjárlögin eitthvað af þessum byggingum, það sje jeg ekki að sje tiltækilegt. Það þarf að reisa þær hvort sem er. Afleiðingin af því yrði ekki önnur en sú, að stjórnin þyrfti að bæta við þau lán, sem henni er nauðugur einn kostur að taka. Hjer er aftur tekin upp sú aðferð, að kostnaður af þessum framkvæmdum á að greiðast á fleiri árum, og kemur þá líka niður á eftirkomendurna, eins og sanngjarnt er. Jeg hygg, að ekki sje ástæða til að örvænta um, að fjárhagurinn batni þegar tímar líða, og að þetta verði ekki mjög tilfinnanlegt. Jeg skal ekki deila við hv. 1. þm. Árn. (S. S.) um það, hvort þetta sje hyggileg fjármálastefna. En nú er svo komið, að ekki er hægt að taka öll þjóðþrifafyrirtæki inn í fjárlögin; því er farið inn á þessa braut. Jeg skal játa, að jeg hefði helst kosið, að ekki þyrfti til þessa að taka. Æskilegast væri, að þessar byggingar væru teknar í fjárlögin jafnóðum og þær væru bygðar. En til þess sá nefndin enga leið. Þó að þessar framkvæmdir gefi ekki beinan arð í aðra hönd, þá er hjer um þjóðþarfafyrirtæki að ræða, sem löggjafarvaldinu er skylt að annast. Jeg hefi drepið á það fyr í ræðu minni, að til vandræða horfir með rúmleysi á Kleppi. Þeir, sem ekki komast þangað, eru sínum vandamönnum til mikils baga og vandræða. Þetta fanst nefndinni svo knýjandi ástæður, að ekki mætti láta dragast að bæta úr því. Þetta nær líka til íbúðarhússins á Hvann-

eyri. Hitt er annað mál, að jeg geri ekki ráð fyrir, að byrjað verði á landsspítalanum á næsta fjárhagstímabili. Það mál þarf langan og mikinn undirbúning. Geri jeg því ráð fyrir, að ekki þurfi að taka stórlán til þessara bygginga næsta fjárhagstímabil. Fyrst verður að gera undirbúning, og til þess þarf ekki ýkjamikið fje.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi ekki heyrt nema síðustu orð hv. frsm. (S. St.). En hjer heyrðist hv. þm segja, að fleira yrði að gera en gott þætti. Jeg hjelt, að öllum þætti þetta gott, og þar á meðal hv. nefnd. Jeg held sjálfur, að það sje gott.

Jeg skal fyrst geta þess, að jeg býst við, að allir telji það óhjákvæmilega nauðsyn að bæta við geðveikrahælið á Kleppi. Hygg jeg, að sú viðbót megi ekki minni vera en hjer er farið fram á. Það hús má heldur ekki úr öðrum efnum vera en steini eða járni, vegna þess, sem það er notað til. Mig hefir stöðugt iðrað þess, að jeg lagði til, er hælið var fyrst bygt að það væri reist úr timbri. Það hefir reynst mjög óheppilegt. Síðan hefir það jafnan verið föst skoðun mín, að aldrei skuli opinberar byggingar gerðar úr öðru en steini og járni. Annað ætti ekki að koma til mála. Það er víst, að til frambúðar verður það langódýrast.

Það er gert ráð fyrir, að þessi bygging muni kosta ½ milj. kr. Er það áætlað dálítið hærra en það vonandi reynist. Eftir því, sem húsameistari sá, er um þetta hefir fjallað, segir mjer, getur það orðið 50—60 þús. kr. ódýrara. Það verður sem sje hjá því komist að „pússa" húsið utan, og má í þess stað rjóða á það olíu. Hefir sú byggingaraðferð verið dálítið notuð hjer á húsum til sveita.

Alþingi hefir nú sjálft viðurkent nauðsynina á þessu og veitt fje til byrjunar þessari byggingu. Er búið að undirbúa hana dálítið, svo að það ætti ekki að þurfa um það að ræða, að þetta hús eigi að byggja. Og jeg get fullvissað hv. deild um, að þessi fjárveiting má engan veginn minni vera. Eins og tekið er fram í greinargerðinni, þá hefir geðveikralæknirinn skýrt svo frá, að nú þurfi hjer um bil hver einasta sveit á landinu að senda menn á hælið. Er mjer nokkuð kunnugt um þetta, síðan jeg var bæjarfógeti. Þá leið stundum varla sá dagur, að ekki bærust að kvartanir og kveinstafir yfir því, að ekki væri hægt að koma geðveikum mönnum að á Kleppi, sem komnir voru til bæjarins. Var það þá oft eina úrræðið í þessum vandræðum að setja þessa vesalings aumingja inn í fangahúsið hjer.

Þá er íbúðarhúsið á Hvanneyri. Það er af öllum viðurkent ríkissjóði skylt að reisa það. En að eins er um það deilt, hve stórt það skuli vera.

Jeg tel sömuleiðis alveg óhjákvæmilegt að byggja á Eiðum í viðbót við þau hús, sem þar eru fyrir. Það hefir komið í ljós, að þessar byggingar eru svo litlar, þegar nota á þær til lýðskólans, að þær taka að eins 1 árs viðkomu, hversu mjög sem þrengt er að. En skólatíminn er 3 ár eftir lögunum. Það þýðir ekki að setja upp skóla eins og skólann á Eiðum, nema þannig sje í garðinn búið, að hann geti komið að nokkru gagni. Eg hygg, að þótt bygt yrði nokkuð stórt hús, þá yrði samt ekki hjá því komist, að það yrði heldur lítið. Það þýðir ekki að segja, að við getum notast nú við svo lítið hús. Kröfur manna eru nú aðrar en áður var, þannig, að það er ekki í nokkurn handa máta forsvaranlegt að bjóða slíkt. Húsið á Eiðum er svo, að það tekur ekki þann fjölda, er beiðist þar inntöku á einu ári. En ef kenslutíminn er 3 ár, þá er afleiðingin sú, að við verðum að segja: „Við tökum ekki nýsveina nema 3. hvert ár".

Þá er landsspítalinn. Þótt það væri rjett, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að það lægi ekki mjög á landspítalanum, þá verður hins vegar að gæta þess, að það er alveg ókleift og óhugsandi, að landsspítalanum

verði komið upp fyr en eftir nokkur ár. Eins og hv. frsm. (S. St.) sagði, geri jeg ekki ráð fyrir, að byrjað verði að byggja spítalann næsta fjárhagstímabil. En þessi bygging þarf undirbúning, og hann má gera á þessu fjárhagstímabili án mjög mikils kostnaðar.

Hvað það snertir, að okkur liggi ekki á landsspítalanum, þá hefir nú háskólinn sagt frá sinni þörf. Það sje bráðnauðsynlegt vegna læknakenslunnar hjer, að landsspítalinn komi svo fljótt, sem mögulegt er. Jeg held, að það sje farið að sýna sig, að alt of lítið rúm sje hjer fyrir sjúklinga, sem koma til bæjarins. Þó að hjer væri það farsóttasjúkrahús, sem bærinn er skyldur að eiga, þá yrðu ekki látnir þangað menn með almenna sjúkdóma. Þessi eini spítali, sem við höfum, Landakotsspítalinn, er alt of lítill fyrir alla þá sjúklinga, er að berast. Og svo eigum vjer ekki sjálfir þennan spítala. Um nauðsyn landsspítalans held jeg alls ekki að verði deilt. Og ef maður vill hugsa nokkuð um sóma landsins, þá verð jeg að telja það allilt afspurnar, að landið eigi ekkert alment sjúkrahús.

Þá er hitt atriðið, hvort rjett sje að fara þennan veg, að byggja þetta með lánum. Jeg sje ekki nokkurn annan veg til þess, að vjer getum bygt það, er vjer þurfum nú þegar að byggja. Auk þess, er jeg hefi nefnt, er ýmislegt, sem við nauðsynlega verðum að byggja og koma verður seinna.

Jeg sje ekki annað en að það sje fyllilega rjettmætt að byggja þessi hús með lánum. Jeg sje ekki, hvernig verður unt að komast hjá því. Jeg veit ekki, hvernig í ósköpunum verði mögulegt að setja 3—4 milj. kr. í fjárlög á 1—2 fjárhagstímabilum án þess að taka lán. Breytingin yrði sú ein, að lánið yrði tekið í fjárlögin, því að náttúrlega má ekki slá öllum bráðnauðsynlegum framkvæmdum á frest. Jeg held því, að þessi leið sje sú eina rjetta, að taka sjerstök lán, þegar svo mikið er fyrir í einu, og dreifa þeim á mörg ár. Þessar byggingar eiga að standa til langframa.

Jeg held, að það sje einmitt tækifæri nú. Jeg get ekki hugsað mjer annað en unt sje að fá viðunanleg lán nú til annara eins framkvæmda. Það hefir verið talað um, að fá mundi mega innanlands lán til fyrirhugaðra brúargerða. En þetta mál stendur mönnum miklu nær. Hygg jeg því, að vel mundi ganga að fá menn til að kaupa ríkisskuldabrjef í þessu fyrirtæki.

Jeg veit heldur ekki betur en að spítalamálið sje mjög hugleikið konum þessa lands. Hygg jeg, að fást muni lán innanlands til að byggja hann. Jeg hygg sjálfsagt að reyna nú þegar að fá lán innanlands til þess.

Það er víst alveg rjett hjá hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), að það er nokkuð örðugt að fá lán erlendis nú. En það er ekki af því, að vjer höfum ekki bærilegt lánstraust, heldur af hinu, að það er svo að segja ekkert land í Norðurálfunni, sem hefir fje fyrir hendi, er það hafi aflögu til að lána. Bæði Danmörk og Svíþjóð, svo að jeg nefni þau, hafa sjálf orðið að taka dýr lán í Ameríku. Er því mjög ólíklegt, að þau lönd geti lánað fje, er þau sjálf þurfa að taka lán. Og þó að Norðmenn hafi enn þá fje, mun það þó farið að minka, og efast jeg stórlega um, að hjeðan af sje þess nokkur von að geta fengið lán í Noregi. Er þá Ameríka eina landið, þar sem hægt er að fá lán. En jeg skal ekki segja, hvort það myndi gagna vel, þar sem vjer erum þeim alveg óþektir. Er því ekki vert, að við búumst við að fá lán annarsstaðar en hjá okkur sjálfum. Enda hygg jeg, að margir sjeu þess nú megnugir hjer að kaupa skuldabrjef landssjóðs. Í öðrum löndum hafa menn gert mikið að slíku. Það þarf bara að byrja hjer, og það sem allra fyrst.

Það er svo sem auðvitað, að þegar t. d. bæjarfjelög í Danmörku þurfa að fá lán í Ameríku, þá er ekki von, að við getum

fengið lán á Norðurlöndum, því að vitanlega leita kaupstaðirnir fyrst lána næst sjer. Enda eru lán í Ameríku mjög dýr.

Jeg skal geta þess, að við mig hafa talað menn, sem hafa þóst fá of litla vexti af peningum sínum. Hafa þeir þá spurt, hvort landið myndi ekki vilja taka við peningunum til ávöxtunar. Hefi jeg svarað því, að það væri ekki alveg víst: En jeg held, að ekki sje til of mikils mælst, þótt gert sje ráð fyrir, að með því að selja ríkisskuldabrjef innanlands myndi fást svo mikið, sem þarf til að byggja þetta. Það yrði heimt inn í einu, en þar til farið væri að nota það væri hægt að hafa það á vöxtum án skaða fyrir landið.

Jeg held, að ekki sje hægt á neinn handa máta að finna að því, þótt allar þessar nauðsynlegu framkvæmdir sjeu hafðar utan fjárlaga. Það væri þá því að eins hægt að finna að því, ef fjárlögin væru útbúin án þess, að upp í þau væru teknar þær vaxtagreiðslur og útborganir, er af þessu flýtur. Það yrði að taka upp í fjárlögin gjaldamegin, sem borga þarf af slíkum lánum. Þá á það ekki að geta haft nein óheillarík afdrif fyrir fjárhaginn. Það er mikill munur að þurfa að borga 100—200 þús. árlega í 30—40 ár, eða þurfa að leggja nokkrar milj. á 1—2 fjárhagstímabil.

Það, sem er að frv þessu, er að þar eru teknar upp alt of fáar byggingar. Ríkið þarf að byggja meira í mjög náinni framtíð.

Bjarni Jónsson: Jeg get nú sparað mjer ýmislegt af því, sem jeg ætlaði að segja, af því að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir drepið á ýmislegt af því.

Jeg vildi þó nefna það, að fjármálastefna sumra hv. manna hjer er varla á vetur setjandi. Er það sú stefna, að vinna alt með fjárlagaveitingum. Jeg veit ekki hvaða land í víðri veröld fer svo að við þau stórvirki, er það hefur gera. Eða hvað myndu menn segja um það, ef hv. 1. þm. Árn. (S. S.) gerði það til þóknunar yfirlýstum vilja kjósenda sinna í Árnessýslu að skora á Alþingi að veita 3 miljónir króna til járnbrautar austur að Þjórsá og ½ miljón kr. til áveitu á Flóann, en skoraði um leið á þing og stjórn að spara landsfje, svo sem gert var á þingmálafundi í Árnessýslu? En það ár hafði landssjóður tekjur, sem fóru ekki fram úr tveimur miljónum! Svo heimtar hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að þessar framkvæmdir standi á fjárlögunum! Er þá augljóst, að hjer þarf til alveg sjerstaka fjármálaspeki til þess að gera fjárlögin úr garði, að hlýtt sje því boðorði sparnaðarins, að fá tekjuafgang!

En annars hygg jeg það flestum auðskilið, alveg spauglaust, að oft eru lagðar svo miklar upphæðir í nauðsynjafyrirtæki ríkisins, stórhýsi, stórbrýr o. fl., að þær er enginn vegur að leggja á menn á 1—2 fjárhagstímabilum. Eins og hæstv. forsætisráðh. (J. M.) tók fram, yrðu það gersamlega óhæfileg gjöld á landsmönnum.

Það er algeng og viðurkend regla um allan heim að taka lán til slíkra hluta. Jeg vænti þess, að menn þekki veðdeildarlán, er einstakir menn fá til þess að hagræða fjemunum sínum, á sama hátt og ríkið vill nú. Útlátin verða með því heldur lítil, er menn borga lánið á 30—40 árum, og árlega miklu minni en þau yrðu með því að greiða alt á 3—4 árum. Það er því svo langt frá því, að þetta sje hætta, að það er einmitt sá eini færi vegur, ekki að eins Íslendingum, heldur í öllum ríkjum, hver sem eru.

Jeg skil því ekki þessi mótmæli, er fram hafa komið.

Hitt er rjett, að í lög þessi vantar ýms þau hús, er gera þarf í næstu framtíð. T. d. liggur fyrir að reisa háskólanum sæmilegt hús. Þá liggur og fyrir að reisa hús fyrir símastöðina og banka landsins, sem er húsviltur, síðan seld var tóft hans. Þarf ekki annað en lengja hana og byggja ofan á.

Fleira mætti nefna af stórhýsum, en jeg skal ekki þreyta menn á að telja það nú.

Þótt þegar hafi verið hrakin orð hv. 1. þm. Árn. (S. S.) um landsspítalann, vil jeg þó geta þess, að mörgum landsmanna mun virðast svo, sem heilvita sjúklingar hafi einnig nokkrar kröfur til landssjóðs um heilsubót, og geti komið til greina gagnvart þeim, er því óláni hafa mætt, að sloknað hefir ljós skynseminnar, þótt auðvitað sje sjálfsagt að fara vel með þá, hvort sem er á Kleppi eða annarsstaðar. En það er ekki álit allra, að þeir eigi að ganga fyrir öllum. Mæli jeg þetta til þess að sýna sem snöggvast, hver fásinna væri að reisa þetta hvorttveggja með fjárlagaveitingu. ½ milj. kr. kostar viðgerðin á Kleppi, en landsspítalinn 2 miljónir að minsta kosti. Ætti þá að veita 2½ milj. á einu fjárhagstímabili til húsagerða einna saman. Yrði þá að skattleggja atvinnuvegina, og myndi þá þykja taka í hraukana að greiða þá skatta, sem þyrfti til þess, að þar stæðist á strokkurinn og mjaltirnar, tekjurnar og gjöldin.

Annars eru slík landssjúkrahús nú á dögum orðin heilt húsaþorp Hefi jeg eigi sjeð nema eitt slíkt sjúkrahús. Er það í Noregi, í Osló, í Ullevollen. Eru það alls 10—20 hús, hvert fyrir sýna tegund sjúkdóma, og eitt fyrir sjerstaklega næma sjúkdóma. Götur eru þar milli húsa eins og í þorpum. Þetta er sjálfsögð nauðsyn að fá hjer á landi. Og eigi síður hjer en þar er það sá eini vegur til að gera slík mannvirki, að taka lán.

Svo er það eitt viðvíkjandi lántökunni, sem menn virðast ekki hafa ljósan skilning á, og það er, að ef ríki sendir menn til annars ríkis til þess að biðja um eina milj. kr. lán, þá mega þeir hugsa, sem vanir eru að veita stór lán: Hvílíkir kotkarlar eru menn þessir, er þeir láta sjer svo lítið nægja? Það er enginn vafi á því, að betur mun ganga lánaleitunin erlendis, ef lánunum, svo sem lánum til brúagerða, húsagerða o. fl., væri öllum slegið saman í eitt stórt lán, og kjörin yrðu að sjálfsögðu betri. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg hafi á móti því að taka lán innanlands. Það er sjálfsagt fyrir hverja þjóð að gera það, sem getur. Það er rjett, sem einn hv. þm. var að hvísla að mjer áðan. Hann sagði, að það væri líkast, ef ríki færi að biðja um 1 miljón kr. lán, og jeg kæmi til kunningja míns og bæði hann að lána mjer 10 kr. fyrir einni pöddu til að hressa mig á.

Mig undrar mjög mikið, að nokkur mótmæli skuli koma gegn frv. þessu Sjerstaklega undrar mig þó, hvernig þau voru.Menn vilja, að allar fjárveitingar til framfara í landinu sjeu teknar upp í fjárlögin. Jeg ætla, að svefnleysi og þreyta hafi þjakað þm., og þeir skilji nú að nokkru ástand vestings hásetanna á botnvörpungunum. Og eigi kæmi mjer á óvart, að fram kæmi tillaga frá þingmönnum þessarar deildar um 6 stunda svefn handa sjálfum sjer.

Sigurður Sigurðsson: Allir þeir, sem mælt hafa móti orðum mínum, hafa mestpart andmælt því einu, sem jeg aldrei talaði. Það gildir að minsta kosti um ræður háttv. frsm. (S. St.) og hæstv. forsætisráðh.(J. M.). Það, sem jeg sagði, var að jeg vildi, að byggingin á Hvanneyri væri tekin upp í fjárlögin. En flytja mætti svo sjerstakt frv., er heimilaði stjórninni að taka lán til viðbótarbyggingar á Kleppi. Landsspítalabyggingin verður að bíða hvort sem er, enda er það mál enn eigi nægilega undirbúið.

Frsm. (S. St.) sagði, að lántakan nefði þann kost, að byrðin dreifðist á mörg ár. En það hefir einnig annan kost, sem sje að fela útgjöldin með lánum! Það hygg jeg skammgóðan vermi. Jeg sagði aldrei, að landsspítalinn væri ónauðsynlegur eða að ekki væri þörf á honum. Hitt sagði jeg, að þar sem það mál væri enn ekki undirbúið, og spítalinn yrði ekki bygður á næsta fjárhagstímabili, þá lægi ekki á því nú, að þessu sinni,að heimila lántöku til byggingar hans.

Þó stjórnin eigi nú kost á góðum lánskjörum, þá má vænta, að þau fari ekki versnandi, heldur muni þau batna smám saman. Og ef fara ætti að taka nú lán til allra þessara bygginga, sem frv. ræðir um, og það í einu, gæti svo farið, að lánunum væri eytt þegar til ætti að taka.

Hvað viðvíkur Eiðaskólanum, þá tel jeg það mjög athugavert að ráðast í þá byggingu nú þegar. Skólinn er illa í sveit settur, þar sem hann nú er, og það er spursmál, hvort ekki væri rjettast að flytja hann þaðan á aðra jörð, selja Eiða með hæfilegu verði og reyna að útvega sjer einhverja jörð þar eystra, t. d. öðru hvoru megin við Lagarfljótsbrúna eða á Völlum. Þar sem nú Eiðaskólinn er ekki vel settur, finst mjer óhyggilegt að fara að byggja þar.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) lagðist þungt á árina, eins og hans var von og vísa. Talaði hann langt mál um landsspítalann. En jeg hafði aldrei mælt á móti honum eða byggingu hans, er til kæmi. En það mál er óundirbúið að mestu. — Þingmaðurinn hefir því viljandi eða óvart fært alt á verri veg hjá mjer, eins og hans er vani, og snúið út úr og rangfært. Hann var að tala um „fjármálaspeki", og mátti kenna mikils gorgeirs í rómnum. Honum ferst ekki að bregða öðrum um fákænsku í fjármálum. Hann hefir aldrei fjármálamaður verið. Enda hefir engum manni dottið í hug að hæla honum sem fjármálaspekingi.

Þegar landspítalinn verður reistur, verður auðvitað að taka lán til þess. — En þar sem þm. (B. J.) mintist á lán til Flóaáveitunnar, skal jeg minna á það, að ólíku er saman að jafna, lántöku til arðvænlegra fyrirtækja eða húsabygginga.

Loks leyfi jeg mjer að segja það, að alt, sem hv. andstæðingar mínir hafa borið mjer á brýn í þessu máli, er eintómur uppspuni, gerður í þeim tilgangi, að villa mönnum sýn. En jeg vona, að sjón hv. deildarmanna sje svo skörp, að þeir láti ekki glepjast.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal ekki mæla mikið gegn þeirri aðferð, sem háttv. fjárveitinganefnd hefir tekið með því að bera fram sjerstakt frv. um húsabyggingar. Jeg sje ekki beina nauðsyn á að hrapa svo að því, sem gert er, og hefði kosið, að hægt hefði verið að dreifa því á fjárlögin um nokkur ár. Mjer virðist frv. samið í flýti og sýnist, að nefndin hefði mátt láta það bíða til næsta árs, til þess að það yrði skár úr garði gert. Hjer vantar auðsjáanlega mörg hús, sem gera þarf áður langt um líður. Það er enginn vafi á því, að það eru fleiri hús en tekin eru upp í frv., sem landið þarf að láta reisa á nálægum tíma. Og jeg sje ekki betur en að rjettast sje að nefna í lögunum *öll* þau hin helstu hús, sem landið þarf að reisa á næstu árum, ef á annað borð er farið að setja lög um það efni. Meðal annars hefir oft verið rætt um, að reisa þyrfti hús handa háskólanum, og sje jeg ekki betur en ákvæði um fjárveitingu til þess fyrirtækis ætti að vera tekið upp í þetta frumvarp. Þá hefir og verið kvartað um það, að þröngt væri orðið í safnahúsinu. Hefir legið við borð, að náttúrugripasafninu væri vísað út á gaddinn, en einhversstaðar verður það að vera, og sje jeg ekki betur en þar sem svona er orðið þröngt í safnahúsinu, þá verði að reisa nýtt hús til viðauka handa söfnunum, eftir nokkur ár. Það er og alkunnugt, að ýmsar þjóðarstofnanir vantar húsaskjól og eru í vandræðum. Er mjer kunnugt um, að t. d. hagstofan, brunabótafjelag Íslands, skrifstofur vegamálastjóra og vitamálastjóra og m. fl., verða að leigja herbergi af einstökum mönnum, sitt í hverjum stað, og hafa þó ófullkomin húsakynni og sum að eins um stundarsakir. Þessu er alls enginn gaumur gefinn í frv., þótt það væri sjálfsagt og óhjákvæmilegt sje, áður en langt um líður, að landið reisi hús handa þessum stofnunum. En þessar gloppur sýna, hve frábærlega flaustурslega hefir verið kastað höndum til frv. Alþingi þarf að hafa yfirlit

yfir þau hús, sem reisa þarf á næstu árum, en nefndin virðist vera engu nær í þeim efnum, að eins hafa tekið nokkur hús af hreinu handahófi upp í frv. sitt. Líka hefir flogið fyrir, að stjórnin ætlaði sjer að *kaupa* steinhús handa ýmsum þjóðstofnunum, en engin heimild er veitt til þess í frv., og hefði slík heimild þó átt þar heima, ef stjórninni er þetta alvörumál.

Alt bendir þetta á, að frv. þetta sje næsta fljótsamið. Það er annar höfuðgalli á frv., að alls engin kostnaðaráætlun er í því fólgin. Það mætti þó ekki minna vera en svo væri. Jeg veit að vísu, að það mundi taka tíma að gera hana, og ekki víst, að hún reyndist nákvæm í framkvæmd, en þó ætti hún ekki að þurfa að vera skeikulli en margar fjárveitingar þingsins eru. — En, sem sagt, hjer er engin minsta tilraun gerð til þess að upplýsa, í hvern kostnað verið sje að ráðast.

Mjer virðist ekki hægt að samþykkja frv. fyr en stjórnin hefir rannsakað, hvað byggingarnar kosti, enda eigi hægt að framkvæma lögin fyr, því ekki er hægt að ákveða fjárhæð lánsins, sem heimilað er, nema fyrst sje rannsakað, hversu mikils fjár þarf með.

Það væri broslegt að senda lánbeiðendur ár eftir ár út í lönd til þess að fá lán út á sömu kofana.

Frumvarp þetta er með líku sniði sem frv. um búargerðir, er samþykt hefir verið hjer í þessari hv. deild. Jeg býst nú við, að Alþingi reisi sjer hurðarás um öxl, ef það ætlar að bæta þessari húsagerð ofan á vegagerð og brúasmíð á einu eða tveimur árum. Mundi það draga mannafla frá öðrum atvinnuvegum og hækka kaupgjald úr hófi fram, enda mundu verk þessi ver af hendi leyst, ef þeim væri hroðað af á skömmum tíma. Það er eigi svo glæsilegt að fást við húsasmíð sem stendur, að neinu væri niður slökt, þótt málið væri athugað betur, áður en gengið er frá því til fulls.

Mjer sýnist engu spilt, þótt frv. falli, en á hinn bóginn getur allmikið unnist við að búa það vel undir og gera það sæmilega úr garði. Það mundi meðal annars spara mjög tíma þingsins, því að ella þarf þing eftir þing að koma með nýjan „viðauka við lög“ og viðauka við þann viðauka, — ef þingið gefur sjer aldrei tíma til að ganga skaplega frá lögunum. Tel jeg því rjett, að frv. sje felt að þessu sinni.

Bjarni Jónsson: Jeg verð að byrja með þakkarávarpi til hv. 1. þm. Árn. (S. S.), fyrst og fremst af því, að hann hefir snúið við blaðinu síðan við 1. umr., og svo af því, að hann hlóð mig ekki oflofi. Jeg kann því ekki að vera lofaður um of af þeim manni; þykir betra hið gagnstæða. (*S. S.*: Aldrei skaltu deyja úr oflofi frá mjer). Undarlegt þykir mjer þegar menn eru að misskilja jafneinfalt mál og þetta er. Það hefir enginn verið að tala um, að þetta ætti alt að reisa á einu ári. Stjórnin hefir heimildirnar, en þarf ekki að nota þær fyr en hyrlegar blæs. Jeg er sammála hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að frv. ætti að ná yfir allar opinberar byggingar. En auðvitað verða þær ekki reistar allar í einu, heldur smám saman, og þá kemur að því að skera úr því, hverjir eigi að ganga fyrir. Að vísu er það rjett, að nauðsyn beri til þess, að reist sje íbúðarhús á Hvanneyri. En þegar fyrir stríðið heyrðust raddir úr öllum kjördæmum um að byggja við Klepp, og skilst mjer því, að þetta megi ekki dragast öllu lengur. Ef hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) vill á annað borð styrkja þessar byggingar með því að taka þær upp í fjárlögin, þá virðist mjer honum mætti á sama standa, þó ákvæðið um þær stæði í þessu frv., sjerstaklega þar sem kostnaðarmunurinn yrði enginn, og framkvæmdunum hagað eftir því, sem henta þykir.

Pjetur Jónsson: Jeg ætlaði að eins að gera örstutta athugasemd. Jeg vil benda á, að til eru lög um byggingarsjóð opinberra bygginga. Sjóður þessi var upphaflega stofnaður fyrir andvirði þess, sem selt hefir verið af Arnarhólstúninu og öðrum landseignum hjer í grendinni. Enn er mikil eign í því, sem eftir er óselt af Arnarhólstúni, og mun það sumt verða haft fyrir opinberar byggingar, en einnig talsvert til sölu. Jeg bendi að eins á þetta, til að sýna, að byggingarsjóður þessi á raunar talsverðar eignir, og þá er í fullu samræmi að hafa hjer þessi sjerstöku ákvæði um lánveitingar til opinberra bygginga.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg heyrði að eins síðasta hluta af ræðu hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), og get því ekki svarað honum sem skyldi. Jeg hygg, að hann hafi talað um ónógan undirbúning þessa máls, þar sem kostnaðaráætlanir væru ekki gerðar. Þetta er rjett, en þó að eins að einu leyti. Það hefir engin áætlun verið gerð um kostnað landsspítalans, enda er ekki svo auðvelt að gera það í fljótu bragði. En um hin húsin hefir verið gerð áætlun, og því get jeg ekki talið málið illa undirbúið.

Eitt af því, sem hv. þm. fann máli þessu til foráttu, var það, að byggingarnar tækju vinnukraft og yrðu til þess að hækka vinnukaupið fram yfir það, sem eðlilegt væri. Jeg get ekki sjeð, að þessi ástæða hafi við mikil rök að styðjast. Húsin á Hvanneyri og Eiðum verða ekki stærri en „prívat"-hús og heimta því hverfandi lítinn vinnukraft, svo lítinn, að þess gætir ekki. Byggingin á Kleppi er að vísu stærri, en þó ekki meira en það, að hún taki helmingi meiri vinnukraft en meðalhús í Reykjavík, t. d. það, sem nú er verið að byggja á Laugaveginum og hv. þm (B. Sv.) hefir eflaust sjeð. Jeg verð því að telja þessa ástæðu hans fánýta, og get ekki skilið, að hún hafi nokkur áhrif á framgang þessa máls. Ef hv. þm. (B. Sv.) hefði viljað tefja framkvæmdir landsins vegna þess, hve mikinn vinnukraft þær heimtuðu, þá hefði hann mátt nefna vegina og brýrnar, því að til þess þarf margt fólk, en hús eru þar lítt saman berandi. Þegar þess er gætt, að húsin, sem landið ætlar að byggja, eru fá og fremur lítil, þá verður ástæðan fánýt, eins og jeg nefndi áðan.

Mjer skildist á hv. þm., að hann teldi sumar byggingarnar óþarfar, og þarf jeg ekki að svara því; það hefir verið skýrt frá þörfinni áður.

Benedikt Sveinsson: Hæstv. forsætisráðherra (J.M.) stritaðist við að hrekja margt það, sem jeg hefi aldrei sagt, en ljet óhrakið og óskýrt ýmislegt, sem jeg bar fram í þessu máli. Þetta er síst að furða, þegar hann heyrði ekki ræðu mína, þótt hann ljeti svo, nema í byrjuninni. Hefði hann hlýtt á ræðu mína, þá hefði hann vitað, að jeg nefndi bæði vegi og brýr í sambandi við vinnukraftinn. En annars var það ekki rjett hjá hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að jeg teldi þetta nokkra aðalástæðu; jeg gat þess að eins sem atriðis, er gefa þyrfti gaum, um leið og jeg drap á málið.

Úr því á annað borð er farið að semja lög um húsagerð, þá finst mjer rjettast að telja þau fleiri og taka bráðabirgðasniðið af þessum lögum, eins og jeg hefi áður tekið fram. Það er öllum kunnugt, að hjer þarf að reisa í nánustu framtíð ein 8—10 hús á landsins kostnað, og hvers vegna er gengið fram hjá því í þessu frumvarpi? Jeg sje ekki, að það liggi svo á þessu frv., að ekki sje tími til að gera það sómasamlega úr garði.

Þá kvað hæstv. forsætisráðherra (J. M.) kostnaðaráætlanir fyrir hendi, en jeg hefi

ekki enn orðið svo frægur að sjá þær. Það getur verið, að þær liggi uppi í stjórnarráði, en jeg býst þá við, að þær sjeu orðnar gamlar og úreltar. (*Forsætisráðherra*: Þær eru frá í sumar). Þá er öðru máli að gegna, en ekki á jeg sök á því, að þessar upplýsingar eru nú fyrst gefnar, — eða hvers vegna hafa þær ekki birst, t. d. í athugasemdum við frv.? Það væri þó betra en ekkert.

Annars finst mjer eitthvað undarlegt við þetta hús á Hvanneyri. Jeg veit ekki betur en að þegar sjeu veittar til þess 60 þús. kr., og átti það að vera fullnaðarveiting. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hefir nú gefið þær upplýsingar, að húsið verði ekki stærra en venjulegt hús einstakra manna, og virðist ekki gott samræmi á milli stærðar og kostnaðar. — „Húsin á Hvanneyri og Eiðum verða ekki stærri en „privat"-hús og heimta því hverfandi lítinn vinnukraft," sagði hann. Jeg var ekki að hafa á móti húsinu á Kleppi; jeg skaut að eins fram þeirri spurningu, hvort undirbúningur væri gerður. Mjer skilst nú, að svo muni vera. En jeg sá ekki þörf á að semja lög um þetta. Það ætti að nægja að veita stjórninni lánsheimild til framkvæmdanna. Það er einnig til sjóður, sem stofnaður var í þeim tilgangi, að honum yrði varið til húsagerðar handa landsstofnunum, og er þá rjett að grípa til hans. Þessi sjóður hefir verið í skuld, en nú hefir nýlega verið seld lóð fyrir 360 þúsundir króna, og gengur andvirði hennar í sjóðinn. Sjóðurinn hlýtur því að eiga allmikið fje, því að skuldin var fyrir byggingu Safnhússins, en það kostaði ekki meira en um 100 þús., og mun sjóðurinn áður hafa greitt allmikið af því fje. Jeg sje ekki, að vandræði yrðu með bygginguna á Kleppi, þótt þessi lög yrðu ekki samþykt. En jeg vil leggja áherslu á, að ef lögin verða samþ., þá verði þau gerð sómasamlega úr garði, og öll hús tekin með, sem byggja þarf í náinni framtíð.

Það voru að eins þessar athugasemdir, sem jeg vildi gera, en jeg ætlaði mjer ekki að vekja neina illindi, og þarf því hæstv. forsætisráðherra (J. M.) ekki að verða neitt vondur út af ummælum mínum, og síst þegar skoðanir okkar virðast falla allvel saman. En eins og jeg drap á áður, þá finst mjer, að áætlunin verði að koma á undan lántökuheimild, enda er stjórninni ekki fyr þörf á lántökuheimild, því að ekki leitar hún lána fyr en hún veit nokkurn veginn, hve mikið það á að vera.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg heyrði ekki áðan spurninguna um Klepp, því annars hefði jeg svarað því og gefið þær upplýsingar, sem hv. þm. (B. Sv.) óskaði. En jeg hjelt það óþarft, enda var víst búið að taka þetta fram áður. Guðjón Samúelsson er nú farinn utan, til að kynna sjer samskonar byggingar annarsstaðar, og sníða bygginguna á Kleppi eftir því, ef fje fæst.

Nánasta orsökin til þess, að sjerstök lög eru samin, er sú, að fjárveitinganefnd treystist ekki til að taka svo mikla upphæð í fjárlögin, og er jeg nefndinni þar sammála. Ef þessi leið verður ekki farin, þá er ekki annað fyrir en að fresta þessari byggingu, því jeg get ekki annað en tekið ástæður fjárveitinganefndar til greina.

Þá fann hv. frsm. (B. Sv.) frv. það til foráttu, að ekki væru tekin upp nógu mörg hús. Það getur verið deilumál, hve mörg hús á að taka með, en ef hv. þm. (B. Sv.) er alvara með þetta, þá getur hann komið með brtt. í þá átt við 3. umr. Jeg sje því ekki annað en að hann geti þess vegna greitt atkvæði með frv. nú.

Jeg vil ekki lengja þessa umr., enda býst jeg við, að það hafi lítil áhrif á atkv. Mjer þykir leitt, að hv.. þm. N.-Þ. (B.

Sv.) hefir tekið ummæli mín illa upp; jeg talaði ekki á þann hátt. að tilefni væri til slíks. Jeg svaraði að eins þeim athugasemdum og spurningum, sem hv. þm. (B. Sv.) skaut fram.

Magnús Pjetursson: Jeg stóð upp vegna misskilnings, sem kom fram hjá hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.). Hann taldi landið reisa sjer hurðarás um öxl með þeim framkvæmdum, sem það ætlar nú að ráðast í. Jeg ætla að benda honum á, að þær till., sem nú er komið með, fara ekki fram á meiri framkvæmdir en áður hafa verið. Fjárhæðirnar eru að vísu hærri, en framkvæmdirnar ekki, og þar af leiðandi heimta þær ekki meiri vinnukraft en áður hefir verið.

Tveir hv. þm. hafa talað á móti þessu frv., en hafa sameinast í því einu, að vera á móti því. Annar hefir talið byggingarnar, sem nefndar eru í frv., of fáar, hinn of margar. Jeg sje ekki annað en báðir geti þeir orðið með frv. til 3. umr., og komið þá með brtt., annar um að bæta við byggingum, hinn um að taka byggingar út af frv.

Annars má benda á það, að lítill skaði er skeður, þó húsin sjeu ekki talin fleiri. Má í því sambandi benda á símalögin. Þar voru að eins nauðsynlegustu línurnar ákveðnar fyrst, en síðan hefir á hverju ári verið bætt við, og eins mætti gera í þessu tilfelli. Jeg held því ekki, að sú ástæða, að húsin sjeu of fá, geti orðið eða eigi að verða frv. að falli.

Viðvíkjandi hinni mótbárunni er það að segja, að öll þessi hús eru bráðnauðsynleg, og verður ekki hjá þeim komist. Þetta hefir verið sýnt svo rækilega, að jeg ætla þar ekki að bæta við. Þó má geta þess, að búið er að veita til Hvanneyrarhússins, og verður það fje að engu, ef ekki er við bætt.

Um viðbótarbygginguna á Kleppi virðist einnig öllum koma saman. Allir eru því á. að byggja verði að minsta kosti á næsta fjárhagstímabili þetta tvent. Ef þetta frv. því verður felt, verður það að skoðast sem skipun til fjárveitinganefndar um að taka upp í fjárlögin um 600 þús. kr. til þessara bygginga.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Það hafa verið hrakin andmæli þeirra hv. þm., sem á móti þessu frv. hafa talað. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) var hræddur við að taka lán, en ef það verður ekki gert, þá er ekki annað fyrir en að setja þessar upphæðir í fjárlögin og auka tekjuhallann. Vitanlega verður svo að taka lán vegna hans, svo þetta kemur í sama staðinn niður, nema að tekjuhallalánið er óheppilegra.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) talaði einnig um það, að Eiðaskólinn væri illa settur, og gæti komið til mála að flytja hann. Jeg held, að sú aðferð sje fjarri öllum sparnaði, og á því bágt með að skilja, að þessi hv. þm. skuli hafa bent á þetta. Þegar skólinn var tekinn af Múlasýslunum, þá var um leið lögð sú skylda á herðar landsins að halda honum uppi og gera hann svo úr garði, sem við mætti una. Þessi viðbótarbygging við skólann, sem frv. fer fram á, er sjálfsögð og má ekki dragast. Það væri betra að verja fje til þess heldur en til hins, að flytja skólann, því hann er vel í sveit settur. Jeg vildi minnast á þetta í sambandi við sparnaðartal hv. 1. þm. Árn. (S. S.), og er það ekki altaf mestur sparnaður að fresta nauðsynjaverkum, þó þau kosti töluvert fje. Annars þarf jeg ekki að víkja fleiri orðum að þeim, sem á móti frv. hafa mælt. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) og hv. þm. Stranda (M. P.) hafa tekið af mjer ómakið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 : 2 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 : 1 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 : 2 atkv.

Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 5. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 507).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 6. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um húsagerð ríkisins, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 680).

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 8 sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þar sem hv. þm. vilja láta frv. ganga umræðulaust til 2. umr., þá býst jeg við, að það mundi fremur spilla fyrir því að ræða það nú, og þar sem brtt. sú, sem komin er fram, liggur ekki fyrir fyr en þá, þá fresta jeg fyrir mitt leyti umræðum þangað til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj atkv.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 680, 701, 753).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 753, sem of seint var útbýtt.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil leyfa mjer að láta þess getið, að orsökin til þess, að þetta er komið fram í frumvarpsformi, er sú, að stjórnin fór þess á leit við fjárveitinganefnd Nd., að tekið væri upp í fjárlög og fjáraukalög fjárveiting til viðbótar við geðveikrahælið á Kleppi. Hv. fjárveitinganefnd svaraði stjórninni á þá leið, að hún sæi sjer ekki fært að taka upp í fjárlögin fjárveitingu, er ef til vill myndi nema ½ miljón kr. á fjárhagstímabilinu. Þar sem jeg get fallist á, að ástæða sje til þess fyrir hv. fjárveitinganefnd að hliðra sjer hjá þessu, sýndist eina úrræðið til að koma þessu í framkvæmd, að fá heimild með lögum til húsagerðarinnar og þá til lántöku um leið.

En úr því gengið var inn á þá braut, að fá heimild til þessarar húsabyggingar með sjerstökum lögum, þótti ekki nema eðlilegt, að fleiri byggingar væru teknar með, — enda hefði helsta mótbáran gegn þessu frv. verið sú, ef ekki hefðu verið teknar fleiri húsabyggingar upp í það, sem nauðsynlega þurfa að komast í framkvæmd.

Um nauðsynina á þessari viðbót við Klepp þarf jeg ekki að tala. Alþingi hefir þegar viðurkent hana með því að veita fje til undirbúnings byggingunni. Teikningar og kostnaðaráætlanir eru þegar fengnar, sem byggja má eftir, og sama er að segja um íbúðarhúsið á Hvanneyri, en aftur á móti ekki um Eiðaskóla.

Viðvíkjandi nauðsyninni á að byggja íbúðarhús og skólahús á Eiðum skal jeg láta þess getið, að umsóknir hafa komið um hann frá 60—65 nemendum, og verður líklega ekki hægt að veita nema helming þeirra inngöngu vegna húsnæðisleysis, og má búast við, að enn örðugra reynist þegar fleiri deildir eru teknar til starfa. — Sje jeg því ekki, að komist verði hjá því að byggja, ef skólinn á að koma að nokkrum verulegum notum.

Þar á móti er ekki hægt að segja, að svo langt sje komið með landsspítalann. Þar er kostnaður allur óákveðinn enn. — En nú er verið að afla teikninga og kostnaðar-

áætlana um hann, og verða þær að sjálfsögðu lagðar fyrir Alþingi áður lagt verður út í að byggja hann. Hins vegar flýtir það fyrir undirbúningnum, ef vissa er fengin fyrir því, að hann komi að notum, ef hann reynist tryggilegur.

Málið var afgreitt með svo miklum flýti við 1. umr., að mjer hugkvæmdist ekki að leggja til, að því væri vísað til nefndar, og þá að sjálfsögðu til fjárveitinganefndar. Vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki muni vera heppilegra að fresta umr. og vísa frv. til fjárveitinganefndar. Mál þetta er svo mikilsvert, að mjer finst ekki verða hjá því komist, að það verði athugað í nefnd, og sje því nú vísað til hennar, kemur í sama stað niður og það hefði verið gert við 1. umr.

Af þessari ástæðu fer jeg ekkert út í brtt. þær, er fram hafa komið við frv., að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 2000) með 7. shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 17. sept., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 680, 701, 753, n. 842).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Háttv. þingdm. munu hafa kynt sjer svo þetta frv., að jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum því til stuðnings. Stefnan, sem þar kemur fram, er hin sama sem í frv. um brúargerðir, er tekið var fegins hendi í þessari deild, og geri jeg ráð fyrir því, að sama muni eiga sjer stað um þetta frv.

Það kann nú að vera, að einhverjum vaxi í augum kostnaðurinn við það að hrinda í framkvæmd þessum fyrirtækjum, sem þjóðin þarfnast nú svo mjög eftir 5 ára kyrstöðu, sem ófriðurinn hefir valdið. En jeg hygg, að fleiri muni þeir vera, sem óánægðir verði með þær einar verklegar framkvæmdir, sem gerðar verða með því fje einu, sem veitt er í fjárlögum í hvert sinn.

Jeg hygg, að framfarirnar yrðu svo hægfara, ef þessi stefna væri ekki tekin, að þær samsvöruðu ekki kröfum tímans; þetta á við um brýrnar, símana, hafnargerðir, húsagerð, o. fl. mætti telja. Það er óhjákvæmilegt að framkvæma meira en gert hefir verið að undanförnu, og það er því skoðun nefndarinnar, að það beri að samþykkja frv. það, er hjer liggur fyrir. Það, sem helst má finna að frv., er að of skamt sje gengið í húsabyggingum, því landið er í hraki með hús fyrir ýmsar skrifstofur sínar, eins og tekið er fram í nál. Það er óholl stefna, sem einstöku þm. og blöð hafa haldið fram, að fjárhagur landsins sje á botnlausu feni, sem varla sje við bjargandi; það er svipað og um árið, þegar verið var að halda því fram, að viðlagasjóðurinn væri upp jetinn. Þetta er óholl og sjerstaklega óheillavæn kenning, sem ekki á að eiga sjer stað, einkum þegar þess er gætt, að fjárhagurinn má heita í góðu lagi, ef tekið er tillit til þess, sem á undan er gengið, og þingið á að sýna það með gerðum sínum, að það lítur svo á málið.

Þó landið taki nokkurra miljóna kr. lán til framangreindra fyrirtækja, þá verð jeg að segja það, að jeg er alls ekki hræddur við það. Jeg geri ráð fyrir, að það væri hægt að fá slíkt lán innanlands, og þyrftu þá árlegir vextir og afborgun ekki að verða mikið hærri en það, sem annars yrði veitt í fjárlögunum, en ávinningurinn yrði sá, að meira mætti framkvæma á skemri tíma.

Því hefir verið haldið fram, að með þessu væri lögð þung byrði á eftirkomendurna, en það er ekki rjett. Það er þvert á móti verið að búa í haginn fyrir þá með því að ráðast í að framkvæma ýms nauðsynja-

verk. Mundi ekki vera öðruvísi um að litast hjá oss, ef forfeður vorir hefðu skilið eftir sig meiri nytjaframkvæmdir? Sannarlega ættum við hægra um vik og kynnum þeim þökk fyrir, og eins mun fara fyrir niðjum vorum.

Þá skal jeg minnast á brtt. nefndarinnar og skýra þær með nokkrum orðum. Nefndin ber fram brtt. um Eiðaskólann, og er það gert til þess að taka af öll tvímæli um það, að þar skuli að eins reisa skólahús, því eins og þetta er nú orðað, er ekki fullljóst, hvort byggja á 1 eða 2 hús. Hús það, sem þar er nú, á að nota í vetur bæði fyrir íbúðar- og skólahús, og lítur nefndin því svo á, að það muni nægja til íbúðar framvegis.

Önnur breytingin, er nefndin ber fram, er um húsið á Hvanneyri. Nefndin sjer ekki ástæðu til að taka það upp í frv., því hún lítur svo á, að því sje til lykta ráðið, þar sem samþykt hefir verið, að ráði fjárveitinganefnda beggja hv. deilda og hæstv. stjórnar, að veita fje til þessarar byggingar í fjáraukalögunum. Það mun líka þegar vera hafinn nokkur undirbúningur til byggingarinnar. Af þessu taldi nefndin óþarft að taka þetta upp í frv.

Veigamesta brtt. nefndarinnar er sú, að hún leggur til, að bætt sje við húsmæðraskóla Norðurlands. Úr því gengið er inn á þessa braut, að byggja hús fyrir lánsfje, þá er eðlileg og í raun rjettri sjálfsögð afleiðing af því, að taka þennan skóla upp í frv. Það er áður í lög tekið, að reisa skuli húsið þegar fje sje veitt til þess í fjárlögunum. En þegar þessi stefna er upp tekin, þá er sjálfsagt, að skólinn verði, eins og aðrar opinberar byggingar, bygður fyrir lánsfje. Þessi stefna var ekki fram komin þegar lögin um skólann voru sett, og því er eðlilegt, að svo sje þar ákveðið, en þegar breytt er um stefnu, er sjálfsagt, að tjeð atriði breytist jafnframt. Þetta er svo eðlilegt, að jeg geri ráð fyrir, að það sæti engri mótspyrnu í hv. deild. Á það ber og að líta, að ef rjettindi þau, sem konum hafa verið veitt, eiga að vera meira en orðin tóm, eða ekki að eins í orði, heldur og á borði, þá er sjálfsagt að sýna það í verkinu og hlynna að mentun þeirra. Framkvæmdir þessa máls mega því ekki dragast lengi. Þessi stofnun fyrir kvenfólkið er afarnauðsynleg, til þess að heimilin verði eins og þau eiga að vera, undirstaða undir þeirri farsælu menningu, sem allir óska og vona að þetta nýstofnaða ríki eigi fyrir höndum.

Jeg geri því ráð fyrir, að frv. og brtt. verði vel tekið.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get í aðalatriðunum verið ánægður með undirtektir hv. nefndar um frv. Jeg sje ekki ástæðu til að deila við nefndina um, hvort heppilegra hefði verið að hafa hjer líka húsið á Hvanneyri eða ekki, svo framarlega sem nægileg viðbótarfjárveiting verður tekin upp í fjárlögin. Það er ætluð fjárveiting til þess í fjáraukalögunum, en það fje er ónógt, og ómögulegt að byggja húsið fyrir þá upphæð, sem þar er veitt. Verði því ekki veitt viðbót í fjárlögunum, þá verður bygging þessi að standa í frv.

Jeg hefi ekkert á móti því, að húsmæðraskóli Norðurlands verði tekinn upp í frv. Það er búið að lofa þessum skóla, og það er sjálfsagt að koma honum svo fljótt upp, sem auðið er, en jeg geri ráð fyrir, að það verði dregið þangað til byggingarefni lækkar, eins og allir vona að verði.

Það er, eins og segir í nál., þörf á fleiri húsum, en það má altaf bæta þeim við, og þegar þing verður háð á hverju ári, hefir þetta minni þýðingu.

Magnús Torfason: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við frv., og neyðist því til að fara nokkrum orðum um hana.

Hv. þm. Ak. (M. K.) talaði um það, að

við værum vel staddir fjárhagslega, og jeg vil ekki draga úr, að svo sje, sjerstaklega þegar litið er á, hvernig umhorfs er annarsstaðar í heiminum, og er jeg honum einnig samdóma um, og hefi fult þor til, að taka 10 milj. kr. lán, ef þess er þörf. En það, sem jeg hefi á móti frv., er að hjer er að ræða um að taka lán til óarðvænlegra fyrirtækja, og það er mikill og stór munur á því, að taka lán til arðvænlegra eða óarðvænlegra fyrirtækja, eins og jeg hefi áður sýnt; m. a. er miklu betra að fá lán í útlöndum til arðvænlegra fyrirtækja en óarðvænlegra.

Eins og byggingarefni eru nú dýr, skilst mjer ekki rjett að hraða byggingum, nema það sje alveg óhjákvæmilegt, og jeg lít svo á, að svo sje um viðbótina við Kleppsspítalann. Húsrúm þar er alónógt, og margir verða enn að sæta sömu hryllilegu meðferðinni og áður en spítalinn var stofnaður. Mannmörg hjeruð fá ekki að senda einn einasta sjúkling á spítalann, af því að þar er ekkert rúm autt.

Fyrir hin húsin tel jeg ekki brýna þörf, enda liggja engar kostnaðaráætlanir fyrir um þau, og þau hefðu hiklaust mátt að skaðlausu bíða næsta þings að ári, þau eru ekki þess eðlis, að þau standi fyrir vexti og framþróun þjóðarinnar. Án þess að fara frekar út í það vil jeg minnast á 1. liðinn, landsspítalann.

Við vitum, að nú eru tveir spítalar hjer í Reykjavík, auk þess sem fleiri spítalar eru hjer í nágrenninu, og nýtur Reykjavík mest allra hjeraða þessara spítala, en önnur hjeruð, er koma á fót hjá sjer sjúkrahúsi, fá að eins sárlítinn styrk til þess, mest 5000 kr., og sjá allir, hve mikið það er, eins og nú árar. Þetta stingur mjög í stúf við Reykjavík, og sjá allir, að hjer á misrjetti sjer stað.

Það er heldur engin ástæða til að fitja upp á þessu nú. Danir bygðu sjer landsspítala 1909, en áður höfðu flestir bæir komið sjer upp sjúkrahúsi. Hjer er um tildur að ræða af okkar hálfu, og auk þess er farið alveg öfugt í málið. Rjett hefði verið, að Reykjavíkurbær hefði boðið einhvern hluta til landsspítalans, ef bærinn hefði óskað, að hann yrði reistur hjer, og þá hefði öðru máli verið að gegna.

Jeg skal ekki þreyta hv. deildarmenn með langri ræðu, en jeg vænti þess, að þeir, sem eru gírugastir í að smella sköttum á þjóðina, og fylgja þar hæstv. fjármálaráðherra að máli, verði með því að spara ríkissjóði þessi útgjöld og samþykki því að minsta kosti síðari lið brtt. minnar, um að Reykjavík leggi fram fjórðung.

Loks vil jeg beina því til hæstv. forseta, hvort hann vill ekki bera upp hvern sjerstakan lið fyrir sig, þar sem hver liður er sjálfstæður og þm. geta því samþykt einn lið, þótt þeir greiði atkv. móti öðrum

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Aðallega ber hv. nefnd að eins fram 2 brtt. frá því, sem frv. kom frá hv. Nd.

Fyrri till. er að fella niður húsið á Hvanneyri, en þar sem veitt er fje til þess í fjáraukalögunum, þá hefir þingið samþykt þá byggingu. Húsið verður byggt svo, að altaf verði hægt að stækka það, enda er það nauðsyn, því aðsókn að skólanum hefir altaf farið vaxandi. Hann rúmar ekki nema 50 nemendur, en um hann hafa oft sótt yfir 100 manns. Þó fjárveiting sú, sem veitt var, sje ónóg, þá vænti jeg þess, að næsta þing samþykki það, er á vantar. En þó þessari húsbyggingu megi bjarga á þennan hátt, tel jeg, að rjettara hefði verið að láta hana fylgjast hjer með, enda geri jeg ráð fyrir, að hv. Nd. bæti Hvanneyrarhúsinu aftur inn í frv., en lofi húsmæðraskólanum að standa, og þessi hv. deild geri þá ekki frekari ágreining um frv.

Hitt atriðið er að bæta húsmæðraskóla Norðurlands inn í frv., og vona jeg, að ekki þurfi að tala mikið um það; jeg hygg,

að það sje svo ljóst, að það mæti engri mótspyrnu í þessari hv. deild. Jeg vil því láta mjer nægja að mæla hið besta með því.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Tillögum nefndarinnar hefir verið vel tekið, og hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir viðurkent, að það væri rjett að taka húsmæðraskóla Norðurlands upp í frv., en það láðist í hv. Nd. Jafnframt því, sem hann gat þess, þá tók hann það fram, að varla yrði byrjað á því fyr en efni til byggingar lækkaði í verði, en jeg vil taka það skýrt fram, að byggingin er jafnþörf og óhjákvæmileg, þótt byggingarefni lækki ekki. Það, sem jeg tel hafa mesta þýðingu um það, hve nær skólinn verði reistur, er að áskilið er í lögunum, að það hjerað, sem skólinn verður reistur í, leggi fram ⅓ af stofnkostnaðinum. Þegar það hjerað, sem álíst svo vel í sveit komið, að skólinn eigi að standa þar, og hann komi þar að fullum notum, leggur fram ⅓ stofnkostnaðar, eins og lögin tilskilja, þá tel jeg sjálfsagt, að stjórnin beiti sjer strax fyrir því að hrinda málinu í framkvæmd, þótt byggingarefni lækki ekki í verði frá því, sem nú er.

Þetta vil jeg taka fram, svo ekki þurfi um það að villast, að ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem lögin ákveða, eigi ekki frekar að fresta þessari byggingu en hinum öðrum, er frv. gerir ráð fyrir.

Þá skal jeg víkja lítillega að ræðu hv. þm. Ísf. (M. T.). Hann virtist helst mótfallinn því, að landið tæki að sjer undirbúning þann, sem nauðsynlegur er væntanlegum landsspítala. Að vísu væri það ekki óeðlilegt í sjálfu sjer, að Reykjavík legði fram nokkurt fje; þó verður varla með sanngirni krafist, að það verði til stórra muna, enda hafa bæjarbúar o. fl. þegar safnað allmiklu stofnuninni til styrktar. (*M. T.*: Það er ekki byggingarkostnaður). Nei, það er auðvitað fleira, sem þarf til slíkrar stofnunar, en byggingin.

Mjer finst það ganga hneyksli næst, að ekkert sjúkrahús skuli vera til hjer, nema „prívat" eign. Alment sjúkrahús hefði átt að vera komið hjer fyrir löngu. (*M. T.*: Reykjavík að kenna). En það eru fleiri en Reykvíkingar, sem eiga að njóta góðs af þessum spítala. Meðal annars vil jeg benda á, að hann á að verða einskonar uppeldisstofnun fyrir læknaefni.

Mjer skildist á hv. þm. (M. T.), að hann hjeldi, að í Danmörku hefði til skammstíma enginn spítali verið rekinn af ríkisfje. Kannast hann þá ekki við t. d. Friðriksspítalann? En ef þetta er misskilningur, þá verður hann leiðrjettur. (*Forseti*: Þarf ekki! Ríkisspítali! Bygður á 18. öld!).

Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um málið. Þörfin á slíkri stofnun ætti að vera öllum ljós. Auðvitað verður henni ekki komið upp svona alt í einu; fyrst og fremst mun þurfa ein 2—3 ár til undirbúnings.

Þá kem jeg að Eiðaskólanum. Ekki get jeg fallist á þá skoðun hv. þm. Ísf. (M. T.), að allar þessar byggingar sjeu óþarfar, nema viðbótin við geðveikrahælið á Kleppi. T. d. er það um Eiðaskólann að segja, að þar er nú að eins rúm fyrir 20—30 nemendur, en fyrir næsta skólaár hafa þegar 60—70 sótt um inntöku. En fyrst ríkið ætlar að reka þennan skóla, má ekki minna vera en að hægt sje að hýsa helming þeirra, sem sækja, ef skólinn á að koma að nokkrum verulegum notum og ekki vera nafnið tómt.

Þá er að eins eftir Hvanneyri. Jeg heyrði að vísu ekki alt, sem hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) sagði um hann. En jeg vil segja það, að ef hjer er að eins um það að ræða að koma upp íbúðarhúsi fyrir skólastjórann, skil jeg ekki í öðru en að unt sje að komast langt með þeirri upphæð, sem veitt hefir verið, 60 þús. kr. En auðvitað er aldrei hægt að gera svo nákvæma áætlun, að engu skeiki, enda býst jeg ekki við því, að næsta þing amaðist við því, þó dálítið færi

fram úr áætlun, ef óhjákvæmilegt reynist, enda getur það varla numið mjög miklu. Vænti jeg þess því, að till. nái fram að ganga.

Magnús Torfason: Jeg vil leiðrjetta þann misskilning, sem fram hefir komið. Jeg hefi aldrei talið þessar byggingar óþarfar, en jeg hefi sagt, að sumar þeirra væru ekki óhjákvæmilega nauðsynlegar nú þegar.

Hv. þm. Ak. (M. K.) þarf jeg annars ekki að svara; okkur kom ósköp vel saman í þessu. (*M. K.*: Eins og oftast nær). Jú, jú, það var að eins landsspítalinn, sem okkur kom ekki alveg saman um.

Það er alveg rjett, að hann á að vera uppeldisstofnun fyrir læknaefnin Að því er Reykjavík snertir vegur þar á móti, að hún nýtur spítalans mest, og bestu læknanna og sjerþekkingarinnar á þessu sviði, svo ekki dregur það úr því, að Reykjavík eigi að leggja sjerstaklega af mörkum til landsspítalans. Annars er það auðvitað, að jeg vil ekki vera að ganga á móti rjetti Reykjavíkur, fæðingarbæjar míns, en hins vegar ekki gera öðrum órjett hans vegna.

Friðriksspítalinn, sem hjer hefir verið talað um, kemur þessu máli ekki við, af því þar er nú um stofnun alveg sjerstaks eðlis að ræða, sem sje fæðingarstofnunina. (*Forseti*: Ósköp er að heyra þetta). Því mun ekki neitað, að fæðingarstofnunin er þar.

Jeg gleymdi annars að benda á það áðan, að nú er svo komið, að bráðum má kannske taka eitthvað af holdsveikraspítalanum fyrir sóttnæma sjúkdóma.

Að lokum skal jeg geta þess, að jeg hefi tekið aftur nokkuð af till. minni, svo nú kemur að eins til atkvæða seinni liður varatill. Og jeg legg áherslu á, að þetta verði samþ., því Reykvíkingar munu gleypa við því að fá spítalann, jafnvel þó þeir verði eitthvað af mörkum að leggja sjerstaklega.

ATKVGR.

Brtt. 701. fyrri varatill. tekin aftur.
701. aðaltill. feld með 8 : 1 atkv.
— 842 samþ. með 11 shlj. atkv.
701. síðari varatill. samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. J., S. F., E. P., G. G., G. Ó., H. St., H. Sn., K. E., M. T.
nei: Jóh. Jóh., K. D., M. K., S. E., G. B.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 18. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 874).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Magnús Torfason: Jeg stend að eins upp til að leggja áherslu á, að allir, sem talað hafa í þessu máli, hafa talið óhjákvæmilega nauðsyn á að bæta við geðveikrahælið á Kleppi. Þess vegna samþykki jeg frv. með það fyrir augum, að fyrst verði byrjað á því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13. shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 19. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um húsagerð ríkisins,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 895).

Á 70 fundi í Nd., mánudaginn 22. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 895, 918).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Hv. Ed. hefir gert breytingu á frv. þessu, sem er í því fólgin, að binda fjárveitinguna til landsspítalans því skilyrði, að bæjarstjórn Reykjavíkur leggi til ¼ kostnaðar.

Fjárveitinganefnd Nd. getur fallist á, að það væri rjett, að Reykjavíkurbær ætti einhvern hlut í að reisa landsspítalann, en þessa leið, sem hjer er farin, tel ur hún alls ekki rjetta. Í fyrsta lagi er alls ekki hægt að neyða bæjarstjórnina til þessa fjárframlags, og í öðru lagi mun Reykjavíkurbær hafa í hyggju að reisa sjúkrahús fyrir sig.

Það má því næstum ganga að því vísu, að bæjarstjórn mundi ekki vilja leggja fje þetta til landsspítalans.

Hins vegar er það sjálfsagt, að Reykjavíkurbær komi upp sjúkrahúsi fyrir sig, og ætti honum ekki að vera það erfiðara en fátækum hjeruðum og kaupstöðum úti um land, sem klifið hafa þrítugan hamarinn til að koma upp sjúkraskýlum fyrir sig.

Annars er það sjálfsagt, að Reykjavík hafi sama rjett til landsspítalans og önnur hjeruð, og sjálfsagt mun bærinn nota hann mikið, þótt ekki taki hann sjerstakan þátt í að reisa hann.

Nefndin leggur því til, að þessi athugasemd falli burtu.

Þá hefir hv. Ed. felt niður íbúðarhús á Hvanneyri, og er það sjálfsagt gert vegna þess, að fje var vitt til þess í fjáraukalögum. En sú fjárveiting var ekki nema 60,000 kr. auk vátryggingarfjár, sem er 20,000 kr.

En þessar 80,000 kr. nægja hvergi nærri til þess að reisa húsið, svo að afleiðingin af því, að fella það hjer niður, mundi verða sú, að skólinn gæti ekki haldið áfram að starfa vegna fjárleysis.

Þetta hefir hv. Ed. sjálfsagt ekki athugað, er hún feldi liðinn niður. Hitt er ekki nema gott, að fje þetta var veitt í fjáraukalögum, svo að því fyr yrði byrjað á verkinu og því gæti orðið lokið fyrir næsta haust.

Þá hefir í hv. Ed. verið bætt inn í húsmæðraskóla á Norðurlandi, og er það ekki nema sjálfsagt, og í fullu samræmi við lög þau, sem hjer hafa verið samþykt áður um þann skóla.

Nefndin vill því, að þetta verði samþykt, og sjerstaklega leggur hún áherslu á, að Hvanneyrarhúsið verði tekið upp aftur, þar sem brýn nauðsyn er á, að það hús verði reist fyrir haustið 1920.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get verið þakklátur hv. fjárveitinganefnd fyrir þær brtt., sem fram hafa komið frá henni, því jeg tel þær nauðsynlegar. Jeg skal ekkert mæla á móti því, að það sje ofvaxið Reykjavíkurbæ að leggja fram fjórðung kostnaðar til landsspítala. En Reykjavík verður að koma sjer upp farsóttaspítala hið bráðasta, og það kemur til að kosta ærið fje. En landsspítalinn tilvonandi verður ekki fremur fyrir Reykjavík en landið í heild sinni, þótt það sje heppilegast, að hann sje reistur hjer, og þá fyrst og fremst vegna háskólans. Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um málið.

Benedikt Sveinsson: Mjer sýnist frv. hafa tekið miklum bótum í Ed. Spítalinn kemur tvímælalaust Reykvíkingum að mestum notum, þar sem hann á að vera hjer í bænum. Og þar sem íbúar Reykjavíkur eru ⅙ af allri þjóðinni, þá tel jeg það ekki ofverk þessa bæjar að kosta bygginguna að einum fjórða. Jeg veit ekki til, að nokkur þörf sje á því að fara að

byggja sjerstakan sóttvarnarspítala, því jeg veit ekki betur en að tvö sóttvarnarhús sjeu til í bænum, annað fyrir vestan bæ, sem nú mun vera í góðu standi, hitt gamli spítalinn í Þingholtsstræti, sem nú er verið að rýma úr leigjendum, til þess að geta einangrað þar taugaveikissjúklinga. Jeg sje því enga ástæðu til þess fyrir Reykjavíkurbæ að vera að bola sjer undan því að taka sjerstakan þátt í kostnaðinum við byggingu landsspítala, eins og aðrir landshlutar hafa gert, þegar um spítalabyggingar hefir verið að ræða í þeim.

Þá sje jeg ekki heldur, að brtt. um að bæta inn í frv. byggingu íbúðarhúss á Hvanneyri sje til bóta. Því hefir verið lýst yfir skýlaust áður hjer í þinginu, af einum ráðherranna, að tilætlunin væri að veita ekki meira fje til Hvanneyrarskólabyggingarinnar en þær 60 þús. kr., sem búið er að samþykkja, og að það væri *fullnaðarfjárveiting*. Þetta kemur því nokkuð öfugt við það, sem hæstv. stjórn lýsti þá yfir mótmælalaust, og vil jeg fyrir mitt leyti ekki leggja með, að slík till. sje samþykt, nema full rök komi fram fyrir þessum miklu veðrabrigðum.

Magnús Pjetursson: Það er að eins eitt atriði, sem jeg vildi minnast á. Jeg vildi nefnilega gera örstutta fyrirspurn til hæstv. stjórnar og þá um leið til hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.). Eins og kunnugt er, hefir verið kvartað undan því, að landssíminn og bæjarsíminn sjeu í húsnæðishraki Enn fremur mun Landsbankann vanta húsnæði eftir stuttan tíma. Nú hefir heyrst, að í ráði væri að byggja gamla bankann upp og þar ætti að fá húsnæði fyrir símann og Landsbankann. Jeg veit ekki, hvort svo er. En gott væri að fá að heyra um þetta frá hæstv. stjórn, því þetta byggingarmál er nauðsynjamál, sem hrinda verður sem fyrst í framkvæmd. Jeg þykist vita, að hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) geti líka gefið upplýsingar í málinu, því hann er einn af bankastjórum Landsbankans

Svo held jeg, að hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) skilji ekki rjett nauðsynina á landsspítala. Hann virðist telja, að hann eigi fyrst og fremst að vera bæjarspítali, og mælir á móti því, að bygður verði sjerstakur sóttvarnarspítali fyrir bæinn. En það hlýtur að leiða af sjálfu sjer, að hjer verður að koma sóttvarnarspítali, þar sem hann vantar alveg. Því jeg tel það engan spítala, þó að til sjeu einhverjar kompur fyrir örfáa menn og illa úr garði gerðar.

Hann segir, að það hljóti að leiða af því, að landsspítalinn er settur hjer í Reykjavík, að þá hafi Reykjavíkurbær meiri not af honum en aðrar sveitir, og eigi því að leggja mest í kostnað við hann. En ef þetta á að miðast svo, þá hefðu þessi skilyrði átt að koma niður á Vífilsstaðahælinu, þegar það var reist. Þá hefði átt að krefjast þess, að Reykjavík og Hafnarfjörður hefðu lagt sjerstaklega til þess, fram yfir aðra landshluta. En það datt víst engum í hug. Mjer finst verða að leggja mikla áherslu á, að þessar brtt. fjárveitinganefndar verði samþyktar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að segja líkt og hv. þm. Stranda (M. P.), að ef þessi fyrri liður brtt. verður ekki samþyktur, þá er miklu betra, að alt verði felt. Jeg þykist viss um, að bærinn álíti sig ekki hafa neina sjerstaka skyldu til að leggja fram meira að tiltölu en aðrir. En ef Reykjavíkurbúar eru ⅙ hluti þjóðarinnar, þá borga þeir talsvert í ríkissjóð, og það ekki hvað minst tekið frá þeim, sem fram verður lagt. Þeir, sem ekki vilja hindra framgang þessa máls, verða að samþykkja frv. án þessarar brtt.

Það er rjett, að komist hafi til tals milli Landsbankastjórnar og landssímastjórnar, að þessar stofnanir sameinuðu sig um að byggja upp gamla Landsbankann. Væri

það mjög æskilegt. En mjer er ekki kunnugt um, hve langt samningum er komið.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg vil taka það fram út af byggingunni á Hvanneyri og 60 þús. kr. fjárveitingunni til hennar, að það fje var að eins til þess veitt að byrja á verkinu, og hafði stjórnin ekki gefið neinar yfirlýsingar um, að það mundi duga. Það lá fyrir fjárveitinganefndinni teikning yfir bygginguna, og eftir henni átti húsið að kosta um 200 þús. kr. En fjárveitinganefnd þótti sú upphæð of há. Enda vantaði þá líka skýrslu um, hvort hægt væri að byggja ofan á brunagrunninn. Húsameistari Guðjón Samúelsson skoðaði grunninn, að tilmælum stjórnarinnar, og úrskurðaði hann ónýtan. Gerði hann svo nýja teikningu og samkvæmt henni á húsið að kosta 130—140 þús. kr. Á þessari áætlun bygði fjárveitinganefnd, og sá ekki annað en það yrði að setja húsið í húsagerðarfrv. til þess að fá það fje, sem á vantar. En það er víst, að fáist ekki fjeð, verður að hætta við bygginguna, og afleiðingin af því verður sú, að skólinn getur ekki byrjað að starfa haustið 1920. En þessi 60 þús. kr. upphæð var að eins sett inn í fjárlögin til þess, að hægt væri þegar í sumar að byrja á byggingunni.

Benedikt Sveinsson: Jeg get litlu bætt við upplýsingarnar um Landsbankann. Það er víst ekki afgert enn þá, hvort bygt verður á næsta ári. Samningar hafa staðið milli Landsbankastjórnar og landssímastjórnar um húsið, en þeim er ekki lokið. Tel jeg þó líklegt, að þeir náist, og eins samningar við stjórnina um afhending bankarústanna gömlu með sæmilegum kjörum. En undir því er mikið komið, hvort bankinn ræðst í húsagerðina og hve nær hann gerir það.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) lagði mjög á móti því, að Reykjavík legði í kostnað við landsspítalann, og sama gerði þm. Stranda. (M. P.). Nú virðist þetta engin goðgá, þar sem Reykjavík hefir tvímælalaust mest not af spítalanum, og þetta vildi Ed. Jeg hjelt, að það þyrfti heldur ekki að tefja fyrir smíð sjúkrahússins, þótt það fengi peningaviðbót frá Reykjavíkurbæ! Jeg tala þetta ekki sem fulltrúi Reykjavíkur, þótt jeg hins vegar gæti það vel. Því að jeg álít miklu hyggilegra, að bærinn leggi fram beinan styrk að sínum hluta, móts við aðra landshluta til þessa spítala, heldur en að hann fari að pota upp nýjum sóttvarnarspítala í viðbót við þá tvo, sem fyrir eru, og fari þar á ofan að reisa *sjer* almennan spítala!! Það er alveg nýr uppvakningur, sem sennilegast er vakinn upp síðastliðna nótt. Það er svo að skilja, að Reykjavík eigi þá alls ekki að hafa neinn aðgang að landsspítalanum. Má mikið vera, ef Reykvíkingar verða þinginu þakklátir fyrir þá ráðstöfun.

Hvað snertir Hvanneyrarskólabygginguna, þá voru það óbrjáluð orð hæstv fjármálaráðherra (S. E.) hjer í deildinni, að 60 þús. kr. fjárveitingin væri *fullnaðar*fjárveiting. Og er það fullkomin *blekking*, að fá þingið fyrst til þess að veita þær 60 þúsundir *með slíku fororði*, og heimta síðar margfalt fje til hins sama.

Magnús Pjetursson: Jeg vil bæta því við það, sem jeg hefi áður sagt, að það er eindregin áskorun frá fjárveitinganefnd. að landsspítalabyggingunni sje hraðað sem mest að mögulegt er. Jeg býst ekki við, að hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hafi umboð frá Reykjavíkurbæ — þótt hann sje fulltrúi bæjarins —, að lýsa því yfir, að ekki standi á peningum frá bænum til spítalans, því líklega mundi einmitt standa á þeim. En vilji Reykjavík ekki byggja farsóttaspítala, hlýtur landið að gera það,

og þá fer sparnaðurinn fyrir landið að verða litlu meiri en þótt það legði til landsspítalans, en slyppi við framlög til hins.

Forsætisráðherra (J. M.): Út af áskorun fjárveitinganefndar um að hraða byggingu landsspítalans sem mest held jeg að megi segja það, að ráðuneytinu er það mikið áhugamál. Eins mundi ekki standa á stjórninni, ef samningar gætu tekist milli landssímastjórnar og Landsbankastjórnar, að láta bankarústirnar með sanngjörnu verði. Gætu að eins samningar tekist, mundi ráðuneytinu þykja það mjög gott.

ATKVGR.

Brtt. 918,1. samþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., G. Sv., J. J.

nei: M. G., S. S., St. St., Sv. Ó., B. Sv., E. Árna., E. J., H. K., Ó. B.

Tveir þm. (B. St. og E. A.) fjarstaddir.

Brtt. 918,2. samþ. með 18 : 1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 : 2 atkv. og endursent Ed.

Á 63. fundi í Ed., þriðjudaginn 23. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um húsagerð ríkisins, eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 947).

Á 65. fundi í Ed., fimtudaginn 25. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 947, 960).

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Á þessu frv. hefir orðið sú breyting, að hv. neðri deild hefir sett íbúðarhúsið á Hvanneyri aftur inn í frv. Fjárveitinganefnd vill ekki amast við þessari breytingu. En jeg vil þó með nokkrum orðum skýra frá því, hvers vegna nefndin taldi óþarft að hafa þessa byggingu í frv., þegar það var hjer síðast til umr.

Snemma á þinginu hjeldu fjárveitinganefndir beggja deildanna sameiginlegan fund með sjer. Þar voru viðstaddir allir ráðherrarnir. Á þeim fundi var rætt um byggingar ríkisins, og var þá sameiginlegt álit allra, sem á fundinum voru, að ekki væri fært að ráðast í þá stórbyggingu, sem ráðgerð var á Hvanneyri og áætlað var að mundi kosta 200 þús. kr. Eftir undanfarandi reynslu má telja líklegt, að sú bygging hefði varla kostað undir ¼ milj. kr. Þess vegna var álitið rjett að fara ekki lengra en það, að byggja íbúðarhús handa skólastjóranum, til þess að landið gæti fullnægt samningum við hann í því efni. Þetta varð því fremur að ráði, sem þá var álitið, að nota mætti gamla grunninn. Var búist við, að 60 þús. kr. mundu endast langt til þessarar byggingar; og þó kostnaðurinn yrði nokkuð meiri, yrði hann þá greiddur með aukafjárveitingu.

Á þetta mál voru allir sáttir. En síðan þetta gerðist hafði efri deildar nefndin ekkert um Hvanneyrarbygginguna heyrt. Þegar frv. til laga um húsabyggingar kom hingað í deildina, breytti nefndin því þess vegna samkvæmt þessum ákvörðunum nefndar og stjórnarráðsins. En þegar frv. kemur svo til neðri deildar, þá kemur upp úr kafinu, að önnur ákvörðun hefir verið tekin af neðri deildar nefndinni. Byggingarfróður maður hafði verið sendur á staðinn, og hann áleit að ekki yrði komist af með minna en 150 þús. kr. Þetta samþykti neðri deildar nefndin. Þetta er

að vísu allmiklu meira en áætlað var, en fjárveitinganefnd efri deildar hefði þó ekki gert ágreining út af því, hefði henni verið nokkuð um það kunnugt.

Það virðist í fljótu bragði nokkuð undarlegt af nefndinni að leggja fyrst til, að Hvanneyrarbyggingin væri tekin út úr frv., en fallast síðan á, að hún standi þar. Vegna þess hefi jeg gefið þessa skýringu, en ekki vegna hins, að nefndin sje því mótfallin, að sæmilegt hús sje reist á Hvanneyri. Mjer virðist það satt að segja lítilsvirðing á fjárveitinganefnd þessarar deildar, að tilkynna henni ekki þá breytingu, sem orðið hafði á málinu, og vanræksla er það af hálfu hæstv. stjórnar að láta þetta ganga óupplýst gegnum deildina. Það er hæstv. stjórn og fjárveitinganefnd neðri deildar, sem eru þess valdandi, að afskifti nefndarinnar af þessu máli kunna að líta dálítið einkennilega út.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það þarf ekki mikið um þetta mál að ræða. Hv. fjárveitinganefnd hefir fallist á breytingar hv. neðri deildar, og engin brtt. liggur fyrir. Það er að eins vegna orða hv. frsm. (M. K.) í garð stjórnarinnar, að jeg tek til máls. Stjórnin beindi málinu aðallega til neðri deildar, og gat jeg ekki við öðru búist en að fjárveitinganefnd neðri deildar gæfi fjárveitinganefnd efri deildar allar þær upplýsingar, er þurfti. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje nein vanræksla af stjórninni, að hún sneri sjer til neðri deildar í þessu máli.

Forsætisráðherra (J. M.): Það eru að eins örfá orð um brtt. á þgskj. 960, um að setja frv. aftur í sama form og hv. deild afgreiddi það áður í, að því er snertir landsspítalann. Það er sama og að hindra alveg framgang landsspítalamálsins að setja það skilyrði fyrir fjárframlagi til hans úr ríkissjóði, að Reykjavíkurbær leggi fram ¼ kostnaðar. Það er engin von til, að Reykjavík fáist til þess. Landsspítali er ekki gerður sjerstaklega fyrir Reykjavík. Hann er fyrst og fremst gerður vegna háskólans, enda gerir læknadeild háskólans sjerstaklega kröfu til spítalans, og konur þessa lands hafa mjög bundist fyrir málinu. Í öðru lagi er landsspítali gerður vegna þeirra sjúklinga af öllu landinu, sem leita sjer lækninga hjer í Reykjavík. Það er alveg tilviljun, að landsspítalinn skuli verða hjer í Reykjavík. En hann þarf að standa þar, sem háskólinn er.

Sú hugsun, sem liggur til grundvallar brtt., að Reykjavík sje ekki of góð til að leggja fje til sjúkrahúsbygginga, jafnt og önnur bæjar- og sveitarfjelög, er að vísu sú, að önnur hjeruð verði að kosta til sjúkrahúsa. En þess ber að gæta, að Reykjavík losnar hreint ekki við þá kvöð að koma upp spítala, þó landsspítali verði reistur hjer. Reykjavík þarf nauðsynlega að koma sjer upp farsóttaspítala. Það er óverjandi, að enginn slíkur spítali skuli vera til hjer. Það á að reyna að notast við gamla spítalann. En hann er allsendis óhæfur, bæði of lítill, og farsóttaspítali má ekki standa inni í bænum. Reykjavík verður að reisa allstóran og dýran farsóttaspítala á næstu árum, bæði sjálfs sín vegna og eins vegna landsins. Menn hafa verið að tala um að nota sóttvarnarhúsið, en það er of lítið, og þar að auki gegn tilgangi þess að nota það til farsótta. Reykjavík getur ekki gert hvorttveggja, bygt sóttvarnarspítala og lagt stórfje af mörkum til að reisa landsspítala. En farsóttaspítala á að heimta að Reykjavík komi upp.

Jeg vona, að frv. verði samþykt óbreytt, eins og það er komið frá hv. neðri deild. Það væri vanþakklæti gagnvart konum landsins, ef nú ætti að koma að þeim flegg, sem hindraði framgang landsspítalamálsins.

Guðmundur Björnson: Jeg hefi kvatt mjer hljóðs í því skyni, að biðja flm. brtt. á þgskj. 960 að gera það fyrir mín orð að taka hana aftur.

Landsspítalamálið er gamalt mál, ef til vill þingsins elsta mál. Á fyrsta ráðgefandi þingi, sem hjer var haldið, var það eitt aðalumræðuefnið, að landið þyrfti að eignast spítala. Málið er því jafngamalt og Alþingi. En það er þar fyrir nýtt, og verður altaf nýrra og nýrra, eftir því sem nauðsynin eykst Það liggja einkum tvær ástæður til þess, að þörfin fer sívaxandi. Eftir því, sem nýtum og sjerfróðum læknum fjölgar hjer í Reykjavík, eykst aðsókn sjúklinga til bæjarins. Þörfin fyrir meira spítalarúm er orðin knýjandi, og verður sífelt tilfinnanlegri. Annað er það, að læknakenslan er sífelt að færast í betra horf, en nauðsynlegt skilyrði fyrir góðri læknamentun er fullkominn spítali. Hvorttveggja þetta hefir vaxið með þjóðinni.

En menn láta jafnan klingja, að landsspítali verði einkum notaður af Reykjavíkurbúum, og því eigi Reykjavík að taka þátt í stofnkostnaðinum, og jafnvel að bera bróðurpartinn. Jeg skal síðar en svo álasa flm. brtt. á þgskj. 960. Jeg var um eitt skeið sjálfur á þeirra máli. En ástæðan til þess, að þessi leið er nú orðin ófær, er sú, að Reykjavík er nú orðin miklu stærri bær en svo, að það komi til mála. Þetta er ástæðan, að Reykjavík er orðin alt of stór. Reykjavík getur með engu móti komist hjá því að reisa sjer sinn eigin spítala.

Það er ekki hægt að ræða þetta mál svo, að vit sje í, nema gera sjer grein fyrir nokkrum undirstöðuatriðum í spítalamálum.

Það er alheimsreynsla, að í bæjum þurfi 6 spítalarúm á hverja 1000 íbúa, en í sveitum ekki nema 3. Í þessu tilliti mun hið sama ganga yfir okkar þjóð og aðrar. En við stöndum afskaplega langt að baki öðrum menningarþjóðum í að fullnægja þessari þörf. Það ætti að vera — ef jeg mætti nota nýtt orð — spítalapólitík þessarar þjóðar að koma sjer upp spítala í hverju einasta kauptúni landsins, og í öðru lagi spítala fyrir alla þjóðina. En hvað á hann að gera? Það get jeg sagt í stuttu máli.

Landsspítalinn er kórónan, og landsspítalinn er og verður síðasta athvarfið fyrir hina sjúku og þjáðu. Ef hinir sjúku og þjáðu fá ekki bót meina sinna í sjúkrahúsi heraðs síns, þá er landsspítalinn síðasta athvarfið og vonarhellan.

Hjer í bæ er útlendur spítali, Landakotsspítali. Hann hefir að gegna þessari tvöföldu þörf, og það þarf ekki annað, háttv. þingbræður, en að ganga upp í Landakotsspítala til þess að sjá það, að þörfin er brýn. Aðstreymi bæði hjer úr Reykjavík og utan af landi er svo mikið, að sjúklingar verða oft að bíða í langan tíma áður en þeir geta komist þangað.

Og hvaðan eru þá þessir sjúklingar? Ef farið er að gæta að því, þá sjest, að þeir eru fleiri utan Reykjavíkur en innan, og þá er ljóst, að landsspítali er ekki Reykjavíkurþörf, heldur er hann þjóðarþörf.

Jeg vil biðja háttv. þm. að muna vel eftir því, að landsspítalinn er ekki Reykjavíkurþörf, heldur þjóðarþörf.

Smáhjeruð um landið hafa komið sjer upp sjúkrahúsum. Þessi sjúkrahús eru mjög góð og reisuleg og kosta frá 30—50000 kr. Þetta er sannarlega virðingarvert, en þetta er ljós og órækur vottur þess, hversu þetta er rík þjóðarþörf, og því er ekki óþarfi að tala um spítalapólitík.

Hjer í Reykjavík er, eins og annarsstaðar, brýn þörf fyrir spítala. Jeg vil slá í borðið og jeg vil slá því föstu, að það sje skylda Reykjavíkur að koma sjer

sjálfri upp góðum bæjarspítala. Hvað þyrfti bæjarspítali hjer að vera stór?

Enginn efi er á því, að ekki líður langur tími þar til að hjer verða 20 þús. manns, og reynslan sýnir, að það þarf 6 rúm handa hverjum 1000 kaupstaðarbúa. Spítalinn þyrfti því að hafa 120 rúm.

Reykjavík hefir ráðist í mörg stór fyrirtæki. Fyrst var byrjað á vatninu; það var þarft fyrirtæki. Þá var tekið gasið og höfnin. Þetta eru miljónafyrirtæki. Og ekki er þetta stærra, og það er eins þarft.

Hvort er þarfara, gasið eða spítali? Það þarf ekki að deila um það, að spítalinn er þarfari. (*M. T.*: Heyr!). Já, brýnasta þörfin, sem er fram undan og þarf að bæta úr, er bæjarspítali, en þetta kemur ekki landsspítalanum við.

Landsspítalamálið er þjóðarmál, og þá að sjálfsögðu landsspítalinn. En það er líka Reykjavíkurmál, því Reykjavík er partur af þjóðinni.

Jeg hefi heyrt menn óttast, að Reykjavík mundi hafa meiri not af landsspítalanum en önnur hjeruð, hlutfallslega eftir fólksfjölda. En menn verða að gæta þess, að Reykjavík er stór hluti af þjóðinni, milli $^1/_5$ og $^1/_6$ hluta. En það er engin ástæða til að óttast þetta. Það er ekkert hægara en að tryggja það, að öll hjeruð landsins geti hlutfallslega haft afnot sín af spítalanum, með því að segja, að hvert þeirra hafi rjett til vissrar tölu legudaga á ári.

Jeg er svo kunnugur spítalamálum, að jeg á hægt með að segja þetta með fullri vissu.

Þá hefir verið sagt í sambandi við þetta, að spítalinn yrði mest notaður úr Reykjavík og nálægari sveitum. Það þarf ekki annað en að gæta að aðsókninni á Landakotsspítala til að sjá þetta. Menn sækja hann eins úr fjarlægum sem nálægum sveitum.

Aðsóknin fer ekki eftir fjarlægðinni, heldur eftir þjáningu sjúklingsins. Þeir, sem mest eru þjáðir og eigi geta fengið bót heima hjá sjer, leita hingað, hvort sem vegurinn er langur eða skammur.

Landsspítalinn á að vera fyrir þjóðina, og við eigum fyrir hennar hönd að koma honum á fót og hafa hann myndarlegan og með öllum þægindum nútímans.

En við Reykvíkingar verðum sem fyrst að bæta úr þörfum okkar og koma upp bæjarspítala, og jeg er ekki í neinum vafa um, að við leysum þessa borgaraskyldu bráðlega af hendi og að við gerum það myndarlega.

Okkur, hv. þm., ber að hugsa um þjóðina, en ekki eingöngu um Reykjavík, og af þessu fer jeg fram á það við ykkur, góðir tillögumenn, að þið takið till. ykkar aftur, en jeg er fús aftur á móti að lofa því að stuðla á allar lundir að því, að Reykjavík eigi ekki meira ítak í landsspítalanum en önnur hjeruð landsins.

Magnús Torfason: Mikils þykir nú við þurfa, og mikinn heiður hefir þessari litlu brtt. minni verið sýndur, þar sem hún hefir megnað að toga hæstv. forsætisráðherra (J. M.) inn í deildina og draga hv. 6. landsk. þm. (G. B.) úr forsetasæti. Vænti jeg, að deildin meti það við mig, að jeg hefi orðið til að veita henni þá ánægju, að hlusta á hina snjöllu ræðu hæstv. forseta vors.

Það verður vitanlega lítið um varnir hjá mjer, ófróðum leikmanni, eftir þetta stóra Kötlugos, sem hlaupið hefir yfir veslings brtt.

Í upphafi skal jeg taka það fram, að jeg ætlaði mjer ekki að tala frekar í málinu. Jeg leit svo á, að þar sem ríflegur meiri hl hefði verið hjer með brtt., þá ætti deildin rjett á að segja, hvort hún vildi beygja sig fyrir atkv. hv. Nd. nú þegar, eða hvort hún vildi

halda fast við hana og láta skeika að sköpuðu um hana í sameinuðu þingi.

Því síður ætlaði jeg að taka til máls, þar sem mjer var kunnugt um það, að það var komin kvefpest í brtt., en hún er bæði smitandi og bráðdrepandi, eins og dæmin sanna.

Hv. 6. landsk. þm. (G. B.) hóf mál sitt á því, að það væri borgaraskylda Reykvíkinga að koma upp spítala, en þeir hefðu vanrækt það. Þessu er jeg sammála, því ekki virðist rjett að verðlauna þá vanrækslu með því að láta þá komast undan skyldunni.

Það, sem vakti fyrir mjer með því, að þessa tillags væri krafist frá Reykjavík, var ósk um það, að landsspítalinn yrði gerður sem allra best úr garði. Alt, sem bygt hefir verið fyrir landið, hefir verið bygt þannig, að eftir fá ár hefir það verið orðið alt of lítið og alls ónógt. Þess vegna leit jeg svo á, að rjett væri að hafa landsspítalann þeim mun stærri, sem tillag Reykjavíkur næmi, þannig, að hann verði bygður við vöxt, og fengi Reykjavík þá að sjálfsögðu tiltölulegan hluta af sjúkrarúmum við aðra landshluta.

Með þessu tel jeg Reykjavík góðu bætta, og gæti hún þá skotið því á frest að byggja sinn eigin spítala.

Enn fremur er ekki ætlast til þess, að Reykjavík leggi til neinn hluta rekstrarkostnaðar, heldur að eins hluta byggingarkostnaðarins, því landið á að hafa full umráð yfir spítalanum, að öðru leyti en rúmatölunni.

Jeg skal taka það fram, að jeg veit ekki til, að neinn áhugi hafi verið hjer fyrir því að reisa sjerstakan spítala fyrir Reykjavík, fyr en brtt. kom fram. Lítur út fyrir, að hann hafi vakist upp nóttina eftir að brtt. fæddist. Verið getur, að eitthvað hafi verið talað um það manna á milli, en ekkert var talað um að hefjast handa fyr en nú.

Hvað því viðvíkur, að Reykjavík sje skuldbundin til að byggja farsóttaspítala, er þess að gæta, að það mál tekur líka til þjóðarinnar. Okkur, sem búum úti um land, stendur ekki á sama, á hvern hátt sóttvarnir eru ræktar. Við súpum seyðið af því, ef farsóttir ná útbreiðslu í landinu, og við höfum sopið seyðið af því. En að minsta kosti hefði Reykjavík átt fyrirfram að vera fullkomlega skuldbundin til að byggja sóttvarnarspítala, svo ekki komi á okkar bak að byggja hann líka.

Jeg skal fullkomlega viðurkenna það, að þeir menn standa að mörgu leyti vel að vígi, sem heimta, að Reykjavík skuli ekki leggja neitt tillag til byggingar landsspítalans. En það er margt, sem hlynnir að Reykjavík, því hún dregur máttinn úr öllum öðrum bygðarlögum landsins. Hún dregur auðinn til sín. Þegar menn úr öðrum sveitarfjelögum eru orðnir svo efnum búnir, að þeir geta lifað á eignum sínum, flytja þeir venjulega til Reykjavíkur. Sama er að segja um flesta efnuðustu kaupsýslumennina, og þess vegna eiga smábæirnir svo erfitt uppdráttar.

En það get jeg sagt hv. 6. landsk þm. (G. B.), að ekki eru allir læknar á sama máli og hann. Einn af mikilsvirtustu læknum þessa bæjar sagði, að í sjálfu sjer væri rjettast að fara þá leið, sem brtt mín stefnir. — Sagði hann enn fremur, að það væri fortakslaust hneyksli fyrir Reykjavíkurbæ að eiga ekki eitt einasta flet fyrir einn einasta sjúkling.

Hvað þjóðarþörfinni viðvíkur, sje jeg ekki betur en að landið kunni fullkomlega að meta hana, með því að leggja til ¾ byggingarkostnaðar landspítalans og allan rekstrarkostnað hans að auki.

Út í ræðu hæstv. forsætisráðh. (J. M.) skal jeg ekki fara. Hann skaut sjer undir kvenfólkið, röksemdum sínum til styrktar.

Honum fór líkt og brennumanninum

eftir Flugumýrarbrennu, sem ljet konurnar sitja á sjer meðan Gissur jarl leitaði hans í Eyjafirði.

En minna má hann (J. M.) á það, að fje það, sem safnað hefir verið til landsspítalans, á ekki að ganga til byggingarkostnaðar, og harma jeg það ekki, því fleira þarf að gera en reisa húsið.

ATKVGR.

Brtt. 960. feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., H. Sn., K. E., M. T., S. F., E. P.
nei: G. G., H. St., Jóh. Jóh., K D., M. K., S. E., S. J., G. B.

Frv. samþ. með 8 : 2 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 984).

65. Aðflutningsgjald af kolum.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 11. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um aðflutningsgjald af kolum (A. 773).

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 12. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. er flutt fyrir tilmæli stjórnarinnar og gengur út á það, að veita stjórninni heimild til að halda áfram einkasölu á kolum um ákveðinn tíma, og leggja toll á þau þegar einkasölunni sleppir. Stjórnin á að geta hætt þegar henni þóknast, en þó má hún ekki hafa einkasöluna lengur en til 1. júlí. Stjórnin óskaði ekki, að ákveðinn tími væri tiltekinn, en nefndinni þótti rjettara að hafa einhvern ákveðinn tíma, en vitanlega getur það verið samningsatriði, hve langur hann skuli vera, og er hægt að færa hann fram og aftur.

Frv. er sniðið eftir frv. um toll á salti og bygt á sömu rökum, og verður tollurinn feldur burtu þegar hallinn á kolaverslununni er unninn upp. Stjórnin óskaði þess ekki, en nefndin taldi líklegra. að hv. deild vildi verða sjer samkvæm og haga sjer eins um kolin og saltið.

Skaði landsverslunarinnar á kolum mun hafa verið sem næst 1 miljón um síðustu mánaðamót, og verður þá tollur lengi en annars er ómögulegt að segja hvað lengi, því enginn veit, hversu mikið inn verður flutt. Það hefir verið mjög mismunandi hin síðari ár, og hefir verið frá 19 til 113 þús. smál., en 1918 voru fluttar inn um 20 þús. smálestir. En á þessu verður varla nokkuð bygt um innflutning í framtíðinni, en jeg býst við, að stjórnin geri nánari grein fyrir frv., þar sem það er flutt að beiðni hennar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttv. frsm. (M. G.) hefir talað með frv., og get jeg látið ummæli hans nægja. Tilgangurinn er sá sami og með saltið, að vinna upp halla, sem orðið hefir, en landssjóður á ekki að bera að rjettu lagi.

Sigurður Stefánsson: Jeg vildi spyrjast fyrir um það hjá hæstv. stjórn, hvort ekki sje tilætlunin að vinna upp eitthvað af hallanum með einkasölunni, því eftir því fer aldur tollsins, hvað mikið vinst upp með henni. Eins vildi jeg fá upplýsingar um það, hve lengi tollurinn muni haldast, og eins hvernig þessi 1 milj. kr. halli er til kominn.

Fjármálaráðherra (S. E.): Um upplýsingar í þessu máli get jeg vísað frá mjer til hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.). Að eins vil jeg taka það fram, að hallinn er fram kominn við það, að kolabirgðir þær, er voru keyptar um nýár við háu stríðsverði voru færðar niður. Og 1 miljónar hallinn, sem nú er gert ráð fyrir, er áætlaður svo eftir að búið er að draga frá áætlaðar tekjur af einkasölu á nýju kolabirgðunum, sem keyptar voru eftir að verðið lækkaði, en gróði á þeim er gerður 20 kr. á tonn. Það er mjög erfitt að fullyrða nokkuð um það, hvað hallinn muni vinnast fljótt upp með þessum tolli; fer það eftir því, hvað mikið er flutt inn af kolum. Yrði það, sem varla má gera ráð fyrir, 50,000 tonn á ári, þá næðist hallinn mjög fljótt inn. Það fer eftir því, hvað mikið fæst við einkasöluna og næðist hallinn mjög fljótt inn. En um þetta er erfitt að segja. Jeg get leitað frekari upplýsinga fyrir 3. umr., ef þess verður óskað, en jeg hygg, að þetta láti nærri.

Sigurður Stefánsson: Þegar 20 kr. eiga að græðast á hverju tonni, þá er það tiltölulega hærra en salttollurinn, og tel jeg hann þó fullháan. Það gæti komið til mála að hafa gjaldið lægra og vinna hallann upp á fleiri árum. Það yrði ekki eins tilfinnanlegt fyrir kaupendur kolanna. Jeg skýt þessu fram til athugunar, og sjái stjórnin sjer ekki fært að lækka gjaldið, mun jeg koma fram með brtt. við næstu umr., og vænti þá frekari upplýsinga frá stjórninni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er vitanlega ekki gott að segja, hve lengi tollurinn þarf að vera, en jeg býst við, að upplýsingar hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sjeu í samræmi við álit forstöðumanna landsverslunarinnar, og þær áætlanir því nærri sanni.

Það, sem vinst við að hafa tollinn háan, er það, að þá verður fyr frjáls verslun með þessa vöru, og getur það verið landsmönnum eins mikill gróði og hitt. En annars er hægt að taka þetta til athugunar og leita nánari upplýsinga hjá þeim, sem helst geta spáð einhverju um þessi efni, en það eru forstöðumenn landsverslunarinnar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það var gagnvart samanburði háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) á tolli á salti og kolum. Verðmunur er mikill, og kolaverð hærra en búast mátti við, og er því ekki hægt að leggja kol og salt að jöfnu. Í Englandi eru kol nú komin um eða yfir 100 kr. tonnið, og geta þá allir sjeð, í hvaða verði þau hljóta að vera hjer, eftir því hvað allur flutningur er dýr. Það má ekki búast við, að hægt verði að selja þau fyrir minna verð en gert er. Viðvíkjandi því, að láta tollinn jafnast yfir lengri tíma, er það að segja, að það er athugavert fyrir ríkissjóð. Enginn getur sagt um, hvað hátt verð stendur lengi bæði á kolum og öðru, og ef verðfall verður, þá er örðugra að hafa háan toll. Jeg vona, að hv. þm N.-Ísf. (S. St.) komi ekki með brtt. til lækkunar, enda er hægt að breyta þessu síðar, hve nær sem verkast vill.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 773, 806, 820).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 820, er of seint var útbýtt.

Stefán Stefánsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj 806, sem

fer fram á það að hafa ekki fastbundið ákvæði um það, hve nær ríkið hætti einkasölu á kolum.

Ástæðurnar til þessarar brtt eru þær, að svo getur farið, að þegar að þessum tíma kemur, verði allmikið eftir fyrirliggjandi af kolum, og verði landsstjórnin þá að hætta sölunni hvernig sem á stendur, og getur þá svo farið, að ríkissjóður verði fyrir stórtapi.

Eins og nú standa sakir, eru miklar kolabirgðir fyrirliggjandi úti um land, og á því er mikil tvísýna, að þær verði til burðar gengnar, þegar að þessum tíma kemur, sjerstaklega þegar þess er gætt, að togarar taka naumast meira en einn tíunda af kolum þeim, sem þeir nota, hjer á landi.

Þetta tímatakmark getur því orðið mjög varhugavert. Hitt væri rjettara að mínu áliti, að hæstv. stjórn hefði óbundnar hendur um það, hve nær hætt væri einkasölunni. Þegar hún sæi það fært eða hyggilegt, auglýsti hún það með þeim fyrirvara, sem hún sæi hagkvæmast bæði fyrir ríkið og þá, er kolin aðallega kaupa og nota Þá er líka annað hugsanlegt, sem mjer þykir þó ósennilegra, að kolabirgðirnar þrytu fyrir 1. júlí á næsta ári. En þá ræki líka í vandræði. Útvegur sá, sem kolanna þyrfti með, yrði þá að stöðvast, og auk þess mistu aðrir landsmenn af notkun kolanna. Þetta gæti orðið mjög svo bagalegt.

Hins vegar geri jeg ekki ráð fyrir, að svona muni fara, þótt það sje hugsanlegur möguleiki.

Annars get jeg ekki sjeð, hvers vegna verið er að ákveða þennan tíma, þar sem það getur ekki orðið til neins hagnaðar, nema ef vera skyldi 4—5 kolakaupmönnum. Þeir mundu þá geta náð sjer í 20 kr. beinan gróða á tonni, með öðrum orðum, þeir mundu selja kolin þessum mun dýrara en ríkissjóður.

En það er ekki að eins þetta út af fyrir sig, sem mjer gerir, heldur hitt, að jeg álít, að í þessu geti falist meira en lítið tap fyrir landssjóð, og verulegt óhagræði fyrir fjölda landsbúa.

Jeg vildi að eins leiða athygli hv. þingd.-manna að þessu, og gefa þeim kost á að greiða atkv. um þetta atriði; þess vegna hefi jeg komið fram með brtt.

Nú má búast við, að þing komi saman tímanlega á næsta ári, og ætti þá að vera hægara að áætla, hve nær kolabirgðirnar þrjóta, enda mundi þá nógur tími til að setja þetta tímatakmark, sýndist þinginu það nauðsynlegt.

Sigurður Stefánsson: Jeg á hjer brtt. á þgskj. 820, um það, að þessi tollur verði lækkaður um 5 kr. Sú brtt. er þó ekki flutt af því, að jeg sje alls kostar ánægður með 15 kr. tollinn. Mjer er sem sagt farið að ofbjóða, ekki reyndar svo mjög fjöldi þessara tollaukafrv., heldur hitt, að mestur hluti þessara tollabyrða er lagður á sjávarútveginn.

Jeg skal játa það, að hann hefir breiðara bak til að bera þær en landbúnaðurinn, en hjer eru hlutföllin orðin alveg röng, og það hlýtur að teljast í alla staði ósanngjarnt.

Um þetta mál hefði jeg helst kosið, að engin lög hefðu verið sett, heldur hefði stjórninni verið heimilað að halda áfram einkasölunni, eins og hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) heldur fram í brtt. sinni.

Það væri heldur engin hætta á, að stjórnin mundi misbeita því valdi sínu, þar sem Alþingi gæti árlega tekið í taumana, ef á þyrfti að halda.

Jeg skal ekki dæma um það, hvort heppilegra muni í framtíðinni að hafa einkasölu á sjerstökum vörutegundum eða ekki, en jeg skal játa það, að jeg ann meira frjálsri sölu en einkasölu á nauðsynjavörum, þó aldrei nema hún sje í höndum ríkisins.

Kolabirgðir þær, sem ríkissjóður á nú fyrirliggjandi, eru mjög miklar; eftir upp-

lýsingum, sem jeg fæ nú, eru þær ekki minna en 14 þús. tonn.

Jeg verð því að halda, að með einkasölu á þeim birgðum ætti stjórnin að geta nokkuð unnið upp hallann. Það er því ekki brýn nauðsyn á að leggja þennan nýja toll á kolin. Þetta kann nú að vera misskilningur hjá mjer, en mjer sýnist nú svo í fljótu bili.

Og þar sem þessi nýi tollur legst nú ofan á alt annað, sem þingið hefir lagt á sjávarútveginn, þá er það víst, að þetta verður æði tilfinnanlegt, þar sem þessi 20 kr. kolatollur mundi kosta hverja meðaltogaraútgerð um 20—30 þús kr. á ári.

Þess má líka geta, að öðruvísi hagar til um hann en salt- og síldartollinn.

Sá tollur verður því minni, sem minna fiskast, en kolatollurinn er samur og jafn hvernig sem gengur. Hann verður að greiða alveg eins fyrir því, þó útgerðin bregðist með öllu, að eins ef skipunum er haldið úti.

Jeg tel því alveg í rjetta átt farið með þessari brtt. minni, en hún hefði helst átt að ganga lengra og fara fram á meiri lækkun.

En eins og jeg tók fram áðan, hefði jeg helst viljað, að þessum tolli væri slept með öllu, en stjórninni leyft að vinna upp hallann með einkasölu á kolunum.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það var aðallega um brtt. á þgskj. 806, sem jeg vildi segja nokkur orð.

Jeg tók það fram við 1. umr., að þetta ákvæði, að miða tímann við 1 júlí 1920, er komið frá nefndinni, en ekki frá hæstv. stjórn. Jeg tók það líka fram þá, að jeg byggist við því, að það gæti orðið samningsatriði, hvort sá tími eða annar yrði tiltekinn.

En nú er komin fram till. um að hafa þetta ákvæði fyrst um sinn, og sje jeg ekkert á móti því, að svo verði, þar sem altaf er hægt að taka í taumana ef þörf gerist.

Jeg hygg líka, að till. þessi sje fram komin að tilhlutun landsverslunarforstjóranna, því að jeg hefi átt tal við einn þeirra um þetta mál, og var hann sömu skoðunar og háttv. flm. brtt. (St. St.).

En jeg get ekki verið samþykkur því, sem hv. þm. (St. St.) sagði í sambandi við það, ef eftir yrði af birgðunum 1. júlí 1920. Það getur auðvitað altaf orðið eitthvað eftir þegar hætt er einkasölunni. Eins var um hitt, að svo gæti farið, að skortur yrði áður en hætt er einkasölunni. Það er fjarstæða, þar sem stjórninni er að eins heimilað að halda áfram einkasölunni til 1. júlí. Hún er ekki skyldug til þess, og getur því hætt þegar hún vill.

Jeg skildi ekki heldur þau ummæli, að einstakir menn gætu grætt 20 kr. á tonni, og allra síst að afleiðingin geti orðið sú, að landsverslunin tapi á sínum kolum, eins og hv. þm. (St. St.) virtist halda fram.

En með þessu er jeg alls ekki að fjandskapast gegn till. Hún hefir að vísu ekki verið borin undir nefndina, en jeg fyrir mitt leyti mun greiða henni atkv.

Þá er brtt. á þgskj. 820, um niðurfærslu á tollinum.

Það getur vel verið, að hann hafi verið settur of hár í frv., en það vil jeg biðja hv. flm. (S. St.) að athuga, að í því atriði er frv. sniðið eftir því, sem stjórnin vildi vera láta. Jeg hefi þar því ekki fyrir neinu máli að standa.

En jeg skal geta þess, að í hlutfalli við salttollinn ætti tollur þessi ekki að vera nema nálægt 14 kr. á tonn. Það er því rjett, að hann er ætlaður talsvert hærri hlutfallslega en salttollurinn.

En hjer er um það eitt að ræða, að vinna upp aftur halla þann, sem orðið hefir á kolasölunni, og er nú talinn 1 milj. króna.

En jeg get nú ekki sjeð, að þeir, sem hafa

orðið þess valdandi, að slíkur halli varð á, geti nú skorast undan að greiða toll þennan til að jafna hann upp aftur.

Hjer stendur eins á og með saltið, að því leyti, og ef salttollsfrv., sem nú er orðið að lögum, var sanngjarnt, þá er þetta frv. líka sanngjarnt.

Viðvíkjandi því, að hægt sje að vinna upp tapið með einkasölu áfram, þá er það rjett, en það mundi taka langan tíma, svo framarlega sem selja á kolin með mjög litlum hagnaði. Annars er að sjálfsögðu um tvent að velja, einkasölu ríkisins eða frjálsa verslun með allháum tolli. Hvor leiðin er valin geri jeg ekki að kappsmáli, en hitt dylst mjer eigi, að ríkið verður að fá hallann bættan með öðrum hvorum þessum hætti. En kolin ættu að geta orðið ódýrari með einkasölu, ef gengið er út frá jafnmiklum rekstrarkostnaði hjá ríkinu og einstaklingnum, og jafngóðum innkaupum, því að auk tollsins þurfa kaupmenn að hafa eitthvað í aðra hönd, en ríkissjóður getur látið sjer nægja upphæð, sem svarar tollinum og kostnaði.

Það er eins með þessa till. og hina, að hún hefir ekki legið fyrir nefndinni, en jeg segi fyrir mig, að ef till. hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) verður samþ., þá sje jeg enga ástæðu til að verða á móti þessari.

Einar Arnórsson: Háttv. frsm. (M. G.) hefir nú upplýst um það atriði, sem jeg vildi spyrja um, það, hve hallinn væri mikill. En um hitt hefir ekkert heyrst enn, hvernig á honum standi. (*M. G.*: Kolin voru seld undir verði). Það veit jeg, að nokkuð hefir verið selt undir verði, t. d. dýrtíðarkolin til almennings haustið 1917. En það tap á náttúrlega ekki að vinna upp með þessum tolli. (*M. P.*: Landsverslunin græddi á þeirri sölu). Það hefir líka lengstum kveðið við þann tón, að kol landsverslunarinnar væru dýr og mundu ekki vera seld undir verði. Svo mun líka hafa verið alt árið 1917 og fram á haust 1918, meðan verðið var 325 kr. hver smálest. En þá var kolaverðið lækkað niður í 300 kr., og þar næst í 250 kr., og loks niður í 200 kr.

Hallinn stafar ef til vill af því, að landsverslunin hefir átt fyrirliggjandi birgðir, þegar hún lækkaði verðið, af kolum, sem hún hafði keypt hærra verði.

Það vildi líka svo óheppilega til, að landsverslunin keypti inn talsvert mikið af breskri kolaösku haustið 1918. (*M. P.*: Voru kolin brend?). Nei, það voru þau ekki, en maður nefnir allan *salla* með orðinu aska. Þetta hefir verið mjög óheppilegt, en ef til vill ekki hægt við því að gera, þó að landsverslunin fengi þessa skemdu vöru. Hún hafði víst erindreka fyrir sig í Bretlandi, son eins forstjórans, sem gerði þessi innkaup fyrir hana.

En látum það nú vera með tapið. En þar af leiðir ekki, að frv. sje að öllu leyti rjettmætt. Vitanlega er það ekki nema annar aðalatvinnuvegur landsins, sjávarútvegurinn, sem hjer kemur til greina. Sjávarútvegurinn fær að greiða gjaldið, og þá sjerstaklega botnvörpungaútgerðin. En það er nú mjög hæpið, að sjávarútvegurinn sje fær um þetta. Væri skatturinn ekki svona afskaplega hár, væri kann ske öðru máli að gegna. Og jeg vil heldur ekki segja, að það verði ekki að vinna upp hallann, en það má vera á lengri tíma. Gerum ráð fyrir, að tollurinn væri 5—8 krónur af smálest. Það gæti komið til mála. Þess vegna vildi jeg stinga upp á því, hvort ekki mætti hafa tímann lengri og tollinn lægri.

Jeg hefi heyrt það á forstjóra eins stærsta botnvörpungafjelagsins hjer, að það muni ekki sjá sjer fært að halda úti öllum botnvörpungum sínum næsta vetur, því að menn og alt, sem til útvegsins þarf, sje orðið svo dýrt, að til vandræða horfi. Það horfir því ekki vel fyrir þessari grein útvegsins, sem mestar tekjur hefir af sjer

gefið til hins opinbera undanfarið. Með því að leggja nú 20 kr. toll á hverja smálest af kolum gæti það orðið til þess, að útvegurinn legðist að einhverju leyti niður.

Í sambandi við þetta væri gott að athuga, hvort lengi mundi ástæða til að halda áfram einkasölu á kolunum. Öll ráðsmenska landsins á fyrirtækjum er venjulega dýrari en einstaklinganna. Einstaklingurinn verður altaf að hugsa um sinn hag, og reynir að hafa allan tilkostnað sem minstan. En fyrirtæki landsins fara aftur á móti flest í molum. T. d. hefir margt verið fundið að landsversluninni til skammstíma, og rekstur bæjarfjelags Reykjavíkur á ýmsum fyrirtækjum þekkja allir, t. d. kartöfluræktina í Brautarholti. Það stoðar ekki að neita því, að rekstrarkostnaður og ráðsmenska hins opinbera er altaf dýrari en einstakra manna.

Fjármálaráðherra (S. E.): Stjórnarskrármálið hefir verið til umr. í Ed., og jeg orðið að vera þar; þess vegna hefi jeg ekki getað hlustað á umræður hjer nema að litlu leyti.

Um brtt. á þgskj. 806 er það að segja, að stjórnin ætti að geta orðið með henni, því hún æskti aldrei eftir því, að beint tímatakmark yrði sett fyrir því, hve nær einkasalan á kolum skyldi hætta. En hins vegar hefir það altaf verið ætlun hennar að láta hætta svo fljótt, sem framast er unt.

Það er alls ekki meiningin að vinna upp með þessu gjaldi neinn halla af fyrstu kolakaupunum. En kol landsverslunarinnar voru um áramót ca. 14000 tonn, og mest af þeim keypt dýru verði. En svo þótti sjálfsagt að setja verðið niður, en á því varð tapið, sem hjer hefir verið rætt um. Og þar sem þessi niðurfærsla á kolunum var eingöngu gerð fyrir þá, sem notuðu kolin, þá virðist ekki ósanngjarnt, að þeir sömu borgi þennan halla.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði um, að þetta gjald kæmi hart niður á botnvörpungunum. En það kemur ekki harðara niður en þótt einkasölunni væri haldið áfram, því nú er með henni gert ráð fyrir, að lagður sje á 20 kr. skattur. Jeg skyldi ekki leggja á móti því, þótt tollurinn yrði færður niður í 15 kr., ef það gæti orðið til þess, að alment samkomulag kæmist á. Skal jeg því fyrir mitt leyti ekki setja mig á móti því, þó að brtt. hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) nái fram að ganga.

Einar Arnórsson: Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir nú upplýst, að nú með þeirri einkasölu, sem er á kolunum, hafi þau þegar verið hækkuð um 20 krónur, eða sem svarar skattinum, svo hann gerði enga breytingu á verðhækkuninni. Þetta getur vel verið, og það er alls ekki það, sem jeg átti við, heldur hitt, að 20 kr. verðhækkun á hverju kolatonni er alt of mikil verðhækkun. Mjer er alveg sama, hvernig gjaldið er lagt á, en mjer er ekki sama, hvað það er hátt, því það eru takmörk fyrir því, hvað atvinnuvegirnir geta borið. Það þótti t. d. afskaplegt í Bretlandi, þegar kolatonnið hækkaði um 6 sh. En við virðumst ekki bera neinn kvíðboga fyrir, að atvinnuvegir okkar geti borið 20 króna toll af kolunum, sem er þó rúmlega þrefalt hærri en sá tollur, sem breska heimsveldið stynur undir. Jeg held, að ríkissjóður megi illa við því, að verulegur afturkippur komi í aðalatvinnuvegi landsins, eins og fullkomlega má búast við, ef þessi tollur verður að lögum. Og hvers vegna má líka ekki lækka tollinn niður í 5—10 kr. og dreifa honum á lengri tíma? Þessi uppvinsla á kolatapinu er alveg eins og þegar maður er að borga skuld. Það er ólíku ljettara fyrir þann, sem borga á, að mega gera það á mörgum árum með litlum afborgunum árlega, en að lúka skuldinni á stuttum tíma. Alveg eins er hjer ástatt. Og þetta er öllum auðskilið mál. Mjer finst till. hv. þm. N.-Ísf. (S.

St.) ganga alt of skamt, og jeg kem með brtt. við 3. umr. um að lækka tollinn meira.

Pjetur Jónsson: Jeg hefi nýlega talað við forstjóra landsverslunarinnar um, hver ársumsetningin verði á kolunum, miðað við hið háa verð, sem nú er á þeim. Og hann gerði ráð fyrir, að varla væri hægt að búast við meiru en 20—30 þús tonnum af kolum á ári. Botnvörpungar fá mikið af sínum kolum utan landsverslunarinnar, og það munar afarmikið um það, sem þannig dregst frá. Þetta vildi jeg taka fram til bendingar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi leiðrjetta dálítinn misskilning, sem kom fram hjá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), og að nokkru leyti líka hjá hv. 2. þm. Árn. (E. A.), viðvíkjandi gróðanum á landsverslunarkolunum.

Það var alveg rangt hjá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að það græðist á þeim kolum, sem nú eru seld í landinu. Hitt getur átt sjer stað, að eitthvað græðist á því, sem flyst inn hjer eftir. En kolin eru nú komin upp í 70—80 shillings í Englandi, og við það bætist ýms kostnaður, og svo fragtin, og allir vita, hvernig hún er. Svo ekki verður hægt að selja kolin hjer með ábata, þó tonnið kosti 200 krónur.

Eins var það missögn hjá hv. 2. þm. Árn. (E. A.), að sonur eins af landsverslunarforstjórunum hafi keypt mikið af kolum fyrir landið í Englandi. Það er alls ekki svo, og vona jeg að geta fært áþreifanlegar sannanir fyrir því við 3. umr., ef það þykir nokkru varða.

En þessi skattur á kolunum, sem hjer er verið að ræða um, er ógn eðlilegur. Því eins og allir vita, var mikið af kolum í landinu um áramót, sem kostuðu hjer 300 kr. tonnið. Það mun hafa verið 12—14 þús. tonn alls. En svo voru kolin sett niður í 200 kr. tonnið, og varð tapið þannig, þegar til kom, um 1,200,000 krónur. En svo græddist aftur um 200,000 krónur á öðrum kolum, svo tapið er nú ca. 1 miljón, eins og menn vita. Þetta upplýstist strax við 1. umræðu málsins, og jeg sje ekki aðra leið heppilegri en reyna að vinna þetta tap upp sem fyrst. Því jeg er hræddur við að draga það á langinn, vegna þess að miklar líkur eru til verðfalls, bæði á þessari vöru og ýmsum öðrum, eftir nokkur ár. Og þá verður slíkur skattur sem þessi er miklu hættulegri en nú. Það er best að ná upp sem mestu, meðan kolin eru sjálf í háu verði.

Það kann að verða heppilegt að hætta sölu fyrir 1. júlí, en þó gæti verið ástæða til að hætta sölunni ekki þá. Ef þau kol, sem landsverslunin á nú, gengju upp, og útlitið væri líkt og nú um kolaverð í Englandi, þá gæti svo farið, að stjórnin fengi kolafarm frá Ameríku. Og ef kaupmenn vildu ekki ráðast í að kaupa kol, gæti það orðið til þess, að ekki yrði búið að selja kolabirgðirnar fyrir 1. júlí. Annars er það tilætlunin, að stjórnin hætti kolasölunni svo fljótt sem hægt er.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði um kolaöskuna. Það er satt, að það var mjög erfitt að velja kol, meðan á stríðinu stóð. Það kom fyrir, að kolin voru tekin aftur úr skipunum, eftir að búið var að ferma þau.

Jeg held, að jeg geti ekki litið öðruvísi á en að landsstjórnin eigi enga sök á því, þó að skaði hafi orðið á kolasölunni. Það mátti altaf gera ráð fyrir þessu. Og það var heimtað, að landið væri byrgt upp að kolum. Það var ekki gert ráð fyrir, að skip væri eitt ár á leiðinni frá Englandi. Jeg tel betra að sleppa tollinum alveg heldur en að færa hann niður í 5 kr.

ATKVGR.

Brtt. 806. samþ. með 15 : 3 atkv.

— 820. samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 : 1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 833, 834).

Einar Arnórsson: Jeg vildi að eins vekja athygli hv. deildar á þessari brtt. Hún fer fram á að hækka gjald þetta úr 15 kr. niður í 10 kr. Rökin fyrir því, að jeg hefi flutt þessa till., færði jeg við 2. umr., og hirði jeg ekki um að endurtaka nú það, sem jeg sagði þá.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sje ekki heldur ástæðu til að tala mikið um þetta mál. Að eins vil jeg mæla með því að frv. verði samþ. óbreytt. Það hefir verið bent á það áður, að þetta gjald mun ekki koma eins þungt niður á botnvörpungum og ýmsir hafa haldið fram, þar sem þeir flytja svo mikið að af kolum þeim, sem þeir nota. Jeg býst ekki við, að þeir myndu nota meira af þessum kolum en 500 tons, og gjaldið því ekki nema 7500 af þeim.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það hefir ekki unnist tími til að bera þessa brtt. undir nefndina, og get jeg því ekkert um hana sagt fyrir hennar hönd.

En jeg skal geta þess, að ef brtt. verður samþ., þá mun það hafa þau áhrif, að stjórnin haldi einkasölunni lengur áfram en ella, þar sem það var samþykt við 2. umr. að heimila stjórninni að halda henni áfram svo lengi, sem henni þætti henta.

Einkasölunni verður því haldið því lengur, því lægri sem tollurinn er

ATKVGR.

Brtt. 834. samþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., M. P., M. Ó., P. O., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., G. Sv.

nei: M. G., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þór. J., E. Árna., E. J., H. K., J. J., Ó. B.

Tveir þm. (J. M. og P. J.) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 18. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um aðflutningsgjald af kolum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 869).

Á 61. fundi í Ed., laugardaginn 20. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., þriðjudaginn 23. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 869, 952).

Halldór Steinsson: Jeg hygg, að gleymst hafi að vísa máli þessu til nefndar við 1. umr., en þetta er svo stórt mál, að mjer finst óviðkunnanlegt, að það verði látið ganga nefndarlaust gegnum deildina. — Vil jeg því leyfa mjer að leggja til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 8 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 64. fundi í Ed., miðvikudaginn 24. sept., var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 869, 952).

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg þarf ekki að hafa langan formála fyrir þessu frv., enda hefir líkt mál verið hjer áður til meðferðar. Frv. er komið fram til að vinna upp þann halla, sem orðið hefir á kolaversluninni, en jeg hefi ekki skýrslur hjá mjer nú um tapið, en einn af forstjórum landsverslunarinnar er hjer viðstaddur í deildinni og mun veita allar nauðsynlegar upplýsingar í þessu efni. Svo hefir talist til, að hallinn nemi um 1 milj. kr., þegar frá hefir verið dreginn væntanlegur ágóði af þeim kolum, sem nú hafa verið keypt með ódýrara verðinu.

Fyrst þegar frv. kom fram, var ætlast til, að tollurinn yrði 20 kr., en eins og frv. er komið hingað frá háttv. Nd., er hann 10 kr., og jeg sje, að einn háttv. þm. ber fram brtt. um, að tollurinn verði 5 kr., en jeg fyrir mitt leyti tel rjettast, að hann verði látinn halda sjer eins og hann er frá Nd., og mæli því móti brtt.

Halldór Steinsson: Fjárhagsnefnd hefir haft mál þetta til meðferðar og fallist á frv. með breytingu hv. þm. Vestm. (K. E.). Nefndinni virðast nokkuð há gjöldin, sem lögð hafa verið á sjávarútveginn á þessu þingi, og telur því ekki ráðlegt að íþyngja honum með meira en 5 kr. tolli.

Guðmundur Ólafsson: Það fór svolítið milli mála hjá háttv. þm. Snæf. (H. St.) um afstöðu nefndarinnar. Jeg tók það fram, að jeg vildi ekki binda atkv. mitt í málinu, og hefi því alveg óbundnar hendur.

Magnús Kristjánsson: Mjer er það ekkert kappsmál, hvort tollurinn er 10 kr. eða 5 kr., því jeg tel heppilegast að halda núverandi fyrirkomulagi, þangað til hallinn, sem óhjákvæmilega hefir orðið á kolasölunni, er unninn upp. En með því eru kolin samt ekki seld hærra verði til almennings en annars, og arðurinn síst meiri en venjulegur verslunararður. En verði fyrirkomulaginu breytt, mundu kolin hækka í verði að sama skapi sem tollurinn hækkaði, en hins vegar leiðir það af sjálfu sjer, að því lægri sem tollurinn er, því fleiri ár þarf til þess að vinna upp hallann. Nú má svo heita, að kol sjeu ófáanleg í Englandi, eða þá verðið afskaplegt þegar þau fást. Innkaupsverðið er nú 90—110 kr. tonnið eftir gæðum, og flutningsgjaldið 75 kr. Þar við bætist svo allur kostnaður við vinnu í landi. Menn ættu því að sjá, að með öllum þessum geipikostnaði er útsöluverðið nú fremur lágt, enda tel jeg víst, að stjórnin muni í lengstu lög reyna að halda verðinu niðri. En ef núverandi fyrirkomulagi væri slept, má búast við því, að verðið hækkaði.

Annars ætla jeg ekki að reyna að hafa áhrif á þetta mál.

Magnús Torfason: Þar sem svo hefir farið, að einn háttv. nefndarmaður hefir ekki getað orðið nefndinni í heild samferða — en það vissum við ekki áður, — verð jeg að gera grein fyrir mínu atkv. Jeg get sem sagt ekki verið með frv., ef tollurinn verður 10 kr., því þær álögur koma þyngst niður á mestu smælingjunum. Jeg kýs því heldur, að málið verði látið afskiftalaust á þessu þingi, allra helst þar sem þing kemur saman fyr eða

síðar á næsta ári, og þá er nógur tími til að ákveða, hvort halda eigi eða hafna landsversluninni.

Karl Einarsson: Jeg á brtt. á þgskj. 952, sem fer fram á, að tollurinn verði að eins 5 kr. Jeg lít svo á, að ef verslunin yrði gefin frjáls og tollurinn settur 10 kr., mundu kolin hækka í verði um tollinn, að viðbættum 50% að minsta kosti, eða um 15 kr. Því það er vitanleg venja allra kaupmanna, að gera fyrst ráð fyrir öllum kostnaði og leggja síðan á vöruna vist hundraðsgjald. Af þessu leiðir það, að hækkaður tollur verður sama sem aukinn gróði kaupmanna.

Jeg verð annars, eins og háttv. þm. Ísaf. (M. T.), að vera með því, að núverandi fyrirkomulag haldist, meðan verið er að vinna upp hallann, í trausti þess, að einkasalan verði rekin þannig, að ekki verði óþarflega óhægt að ná í kolin, af því að þeim verði hrúgað upp í Reykjavík. Það er líka öllum hagur að losast við kostnaðinn af umskipuninn.

Hallinn af kolaversluninni mun hafa verið áætlaður 1200 þús. kr., en gróðinn af sölunni eftir að stríðið hætti um 200 þús. kr.

Jeg álít það skaðlaust, þó að frv. sáladist, en hærri en 5 kr. má tollurinn ekki vera.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins leggja áherslu á það, að frv. má ekki falla. Því þá er tæpt á því, að halda megi einkasölunni.

Magnús Kristjánsson: Að eins örfá orð. Jeg get ekki sjeð, að gengið sje sjerlega hart að sjávarútveginum, jafnvel þó að tollurinn yrði 10 kr. Reynslan hefir sem sje sýnt það, að innlendir botnvörpungar kaupa lítið af kolunum. Það gera miklu fremur útlendingarnir.

Út af orðum hv. þm. Vestm. (K. E.) skal jeg geta þess, að alt kapp hefir nú verið lagt á það, að koma kolunum á sem flestar hafnir, og eru nú að eins eftir nokkrar hafnir á Vesturlandi, af því að skiprúm hefir vantað, en það mun lagast innan skamms.

Aðalspurningin er hjer annars um það eitt, hvort dreifa eigi hallanum á fleiri ár eða færri. Um það verður atkvgr. einkum að snúast.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil mælast til þess, að forseti fresti umr. um þetta mál.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Ed., fimtudaginn 25. sept., var enn f r a m h a l d i ð 2. u m r. um frv. (A. 869, 952).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 952. feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. St., Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. T., G. B.

nei: E. P., G. G., G. Ó., H. Sn., M. K., S. E., S. J., S. F.

1. gr. samþ. með 9 : 2 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 2 atkv.

Á 66. fundi í Ed., föstudaginn 26. sept., var frv. tekið til 3. u m r. (A. 869).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 989).

---

66 Aukatekjur landssjóðs.

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 6. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs (A. 676).

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 8. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Leyft án atkvgr., að það mætti taka til meðferðar.

Halldór Steinsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 11. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 676, n. 758).

Frsm. (Magnús Torfason): Frv. þetta hefir verið borið fram samkvæmt því, sem áður hefir verið rætt um hjer í hv. deild, að rjettara væri að hækka þá skatta, sem þegar væru á lagðir, en að búa til nýja skatta.

Það er töluvert erfitt verk að breyta aukatekjulögunum, svo vel sje, en mjer fanst vel mega taka þennan lið sjerstaklega. Þessi lög eru að mestu leyti samskonar og vitagjaldslögin, sem þegar hafa verið hækkuð.

Það, sem ber á milli, er ákvæðið um skip undir 30 smálestum, og stafar það af jafnrjettinu í sambandslögunum

Tekjuaukinn við þessi lög verður sennilega hjer um bil sá sami og við vitagjaldslögin. Gjald þetta var upprunalega eins og vitagjald, 25 aurar af smálest.

Vitagjaldið hefir síðan árið 1917 verið hækkað úr 40 aurum upp í 1 krónu, eða um 150%, en um 300% frá því, sem það var upprunalega. Hjer er því að eins farið fram á sömu hækkun.

Undir þessi lög falla ekki útlend fiskiskip, svo jeg býst ekki við, að mikill munur verði á tekjuaukanum af þessum lögum og vitagjaldslögunum.

Að lokum ætla jeg að leggja til, að hv. deild greiði atkvæði með brtt. á þgskj. 758.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 758,2. (ný 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 758,1. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 788).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 829).

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 19. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 829, 887).

Magnús Guðmundsson: Háttv. Ed. hefir ætlast til, að þetta frv. kæmi í stað frv. um lestagjald af skipum. Þegar það frv. var hjer til 1. umr., þótti ekki taka því að vísa því til nefndar, en þess hefði þó verið full þörf, því undarlegt er, hve mikill munur er gerður á skipum, eftir því, hvaðan þau eru. Frönsk skip borga t. d. 10 aura fyrir hverja smálest, þegar þau koma til landsins, og síðan 5 aura á smálest í hvert skifti og þau leita hafnar. Þetta ákvæði, sem sett var 1894, hefir haldist óbreytt. Það náði þá einnig til danskra skipa, en var breytt 1911, og svo aftur nú, og er það orðið 1 kr. á smálest. Þetta er ósanngjarnt. Að vísu borga hin oftar, en þó eigi svo oft, að jöfnuður verði.

Brtt. á þgskj. 887 er því komin fram til samræmis, og nær þá seinasta ákvæðið til allra útlendra skipa, danskra jafnt og annara. En auk þess er ætlast til, að 10 aura gjaldið, þegar skip koma, og 5 aura, í hvert skifti og þau leita hafnar, haldist. Fullkomið samræmi fæst ekki, því skip leita eðlilega misoft hafnar.

Þetta gjald nær aðallega til síldveiðiskipa og enskra botnvörpunga, en hitt ákvæðið, um dönsku skipin, hefir aðallega bitnað á Færeyingum. Við ættum síst að reynast þeim örðugir, og eiga þeir það ekki skilið.

Till. er sjálfsögð, og jeg er hissa á háttv. Ed., að snúast eins í málinu og hún hefir gert. Hún hefir óttast að þurfa að breyta lögunum frá 1894, en þess þarf ekki, eins og augsýnilegt er, þegar þessi leið er farin.

Fyrri brtt. mín er um að miða við 12 smálesta skip, í stað 30. Um þetta er það að segja, að áður var miðað við brúttósmálestatölu, en nú nettó, og er þá rjett að færa þetta niður, því það eru aðrar reglur, sem gilda fyrir skip undir og yfir 12 smálestir.

Jeg benti á það í sambandi við lestagjaldsfrv., hve lítill lausafjárskattur væri á þessum skipum, og jeg vona, að deildin verði ekki á móti því, þegar gjaldið er helmingi lægra en gert er ráð fyrir í því frv.

ATKVGR.

Brtt. 887,1. samþ. með 14 shlj. atkv.

— 887,2. samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, og 2. gr. samþ með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., mánudaginn 22. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 914).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv og endursent Ed.

Á 63. fundi í Ed., þriðjudaginn 23. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 946).

Á 64. fundi í Ed., miðvikudaginn 24. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 946, 959).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Halldór Steinsson: Jeg vil taka það fram, að nefndin leggur til, að dálítil brtt. sje gerð á frv., og er það í samræmi við það, sem deildin hefir áður fallist á, og líka við það, sem hv. Nd. hefir áður samþykt, svo jeg fæ ekki skilið, hvernig þetta hefir komist inn í frv. Jeg vænti því, að brtt. verði samþykt.

ATKVGR.

Brtt. 959. samþ. með 8 shlj. atkv

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 73. fundi í Nd., fimtudaginn 25. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs,

eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 974).

Á 74. fundi í Nd., föstudaginn 26. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj atkv og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 988).

---

67. Bæjarstjórn á Siglufirði.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði (A. 104).

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21 júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. enn tekið til 1 umr

Flm. (Stefán Stefánsson): Eins og hv. þingdm. mun reka minni til, þá var á fyrra þinginu síðastliðið sumar gerð mjög stórfeld breyting á því frv., sem við þm. Eyfirðinga fluttum um bæjarstjórn fyrir Siglufjörð. Og þó að við þá neyddumst til að samþykkja hana, þá var okkur það ljóst, að þetta hlytu að eins að verða bráðabirgðalög, en ekki til verulegrar frambúðar, enda var okkur þá kunnugt um, að Siglfirðingar voru alls ekki ánægðir yfir breytingunni, sem heldur enginn getur láð þeim. Það er ekkert undarlegt, þó að þeir

geti ekki unað því, að oddviti bæjarstjórnar hafi ekki öll hin sömu rjettindi og störf og bæjarfógetar hinna annara kaupstaða landsins.

Ósk Siglfirðinga er því að eins sú, að þeir að þessu leyti njóti sömu rjettinda og önnur samskonar bæjarfjelög.

Um þetta hljóðar frv. um breytingu á bæjarstjórnarlögum Siglufjarðar, sem hjer liggur fyrir.

Jeg geri ráð fyrir, að öllum háttv. þm. finnist þessi ósk þeirra mjög eðlileg, álíti sjálfsagt, að maðurinn, sem hefir á hendi stjórn og framkvæmdir bæjarmála, hafi ekki einasta dómsvald í almennum lögreglumálum, heldur líka önnur dómarastörf, sem nú heyra undir sýslumanninn í Eyjafjarðarsýslu. Og margoft er ómögulegt að ná til hans svo fljótt, sem brýn þörf er á.

Það er ekki heldur eðlilegt, að sá, sem stjórnar bæjarmálum, hafi ekki að sjálfsögðu á eigin ábyrgð innheimtu á tolli og skipagjöldum, heldur geri það á ábyrgð og fyrir hönd annars manns. Enn fremur er það illa viðeigandi, að hann haldi að eins minni uppboð á sína ábyrgð, en hin stærri á ábyrgð sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu. Sem sagt virðist alt þetta starf hans fyrir hönd sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu afaróhagkvæmt og óviðeigandi.

Ástæðurnar fyrir því, að hinu upphaflega frv., sem við fluttum 1917 og 1918 um bæjarstjórnarrjettindin, var þannig breytt, ætla jeg ekki að fara út í, en vil í því sambandi vísa til þingmálafundargerðar frá Siglufirði, sem liggur frammi á lestrarsalnum.

Annars finst mjer þeir tímar nú standa yfir, að Alþingi ætti vel að athuga það, hvort enn muni vel við eiga að neita Siglfirðingum um þá nauðsynlegu og eðlilegu sjálfstjórn, sem þeir þing eftir þing eru að óska eftir.

Af því að mál þetta er svo kunnugt hv. þm., ætla jeg ekki að fara lengra út í það við þessa umr., en vænti þess fastlega, að því verði vel tekið, og það því fremur, þar sem nú liggur fyrir frv. til launalaga, svo að það spursmál, um ákvæði og tilhögun launanna, verður nú tekið til athugunar.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að leggja til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, og treysti henni til alls hins besta í því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 104, n. 801)

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg vænti þess, að háttv. deildarmenn hafi lesið nál. á þgskj. 801 og þar sjeð, hvernig allsherjarnefnd lítur á þetta mál. Það er þó ekki þannig að skilja, að allsherjarnefnd álíti, að frv. sem þetta eigi ekki að ganga fram á sínum tíma. En hún lítur svo á, að sem stendur sje málið eigi nægilega undirbúið.

Á meðan sýslumannsembættið í Eyjafjarðarsýslu er ekki laust, og ekki er víst, hvort núverandi sýslumaður tekur laun sín eftir nýju launalögunum, telur nefndin ekki rjett, að hjer sje breytt til. En jafnskjótt sem sýslumannsembættið losnar, eða sýslumaður lýsir yfir því, að hann muni taka laun sín eftir nýju lögunum, myndu nefndarmenn, sem um mál þetta hafa fjallað, leggja til, að sú breyting kæmist á, er frv. fer fram á. Enn fremur, þótt sýslumaðurinn vildi ekki taka laun sín eftir nýju launalögunum, gæti vel verið, að landsstjórninni tækist að komast að

samningum við þennan embættismann um uppbót á embættistekjum þeim, er hann missir við breytinguna, samningum, sem væru aðgengilegir. Tel jeg vel hægt að vera búið að því þá er næsta þing kemur saman, sem væntanlega verður ekki fyr en einhvern tíma á árinu 1920.

Virðist mjer sem háttv. flutningsmenn muni vel geta felt sig við niðurstöðu nefndarinnar, er hún er rökstudd á þann hátt, sem jeg hefi nú greint. Það þarf ekki að líða langur tími, þar til þessum skilyrðum er fullnægt. En á meðan sjer nefndin sjer ekki fært að leggja til, að frv. verði samþykt.

Stefán Stefánsson: Það verður ekki annað sjeð af nál. háttv. allsherjarnefndar en að nú standi það eitt í vegi fyrir framgangi þessa máls, að uppfylt sje skilyrðið, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu setti fyrir því, að Siglufjörður yrði skilinn frá sýslunni, sem sje það, að sýslumaður Eyjafjarðarsýslu misti einskis í af tekjum sínum. Og nú stendur í nál.: „Sá allsherjarnefnd sjer þá (1918) ekki fært að mæla með því frv., eins og það lá fyrir af hendi flutningsmanna, með því að skilyrðum þeim, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu setti um það, að núverandi sýslumaður misti einskis í af tekjum sínum sakir skiftingar sýslunnar.“ (*E. A.*: En „sýsla“ merkir þar „lögsagnarumdæmi“). Já, vel að merkja, sýslumaður Eyfirðinga er þar enn dómari í saka- og einkamálum, og eiginlega innheimtumaður, þótt lögreglustjórinn á Siglufirði annist þau störf á hans ábyrgð.

Þessa sömu ástæðu setur nefndin enn fyrir sig. Af því verður að ályktа, að allsherjarnefnd álíti, að sýslunefnd hafi haft fult vald til að setja þetta skilyrði fyrir skiftingunni. En það verður að teljast í það minsta mikið efamál, hvort löggjafarvaldinu sje skylt að fara eftir þessum skilyrðum sýslunefndar. Jeg verð að líta svo á, að það hafi aldrei verið skyldugt til þess og geti aldrei orðið það. Þar af leiðandi virðist mjer, að hvorki sýslumaðurinn sem slíkur eða sýslunefnd hafi nokkra heimild til að setja slíkt skilyrði sem gildandi kröfu til hins opinbera. En á þessu hefir hv. allsherjarnefnd bygt, og get jeg ekki betur sjeð en að sá grundvöllur sje næsta óábyggilegur og því eiginlega tylliástæða ein.

En hitt er annað mál, hvort ekki er sanngjarnt, að sýslumanninum sje bætt upp að nokkru rýrnun á aukatekjunum, sem kann að leiða af breytingunni eða samþykt frv. En nú hagar svo sjerstaklega til, hvað þetta snertir, að sýslumaður getur valið um, hvort hann vill halda sínum föstu, núverandi launum, ásamt öllum þeim aukatekjum, sem sýslan gefur af sjer, að Siglufirði fráskildum, eða ganga inn í þau verulega hækkuðu laun, sem ákveðin eru í launalögum þeim, sem tvímælalaust verða nú samþ. af þinginu, eða með öðrum orðum — eins og nú lítur út fyrir, og sennilega má ganga út frá — fá 9500 kr. laun árlega, auk skrifstofukostnaðar Sýnist mjer löggjafarvaldið sýna honum fullan sóma, þótt það bjóði honum eitt af þessu tvennu, sýslutekjurnar, ásamt þeim launakjörum, er hann hefir nú, eða þau hækkuðu laun, er nú bjóðast.

Og þau launalög, sem við ætlum embættismönnunum eftirleiðis að búa við, verð jeg að segja að sjeu fullsæmileg og boðleg. Þannig horfir málið við fyrir mjer. Þá vil jeg og segja, að ætli löggjafarvaldið sjer að útfæra það í „praxis“, sem hv. allsherjarnefnd leggur til, að embættismönnum skuli veitt uppbót, ef umdæmum þeirra væri breytt, eða af þeim sniðinn sá hluti, sem óeðlilegt og óviðeigandi mætti

telja að fylgdi, þá er það ný braut, sem ekki hefir verið farin hingað til. Eða hvað mætti ekki færa mörg dæmi þess, að umdæmum, t. d. læknishjeruðum, hafi verið skift án þess að viðkomandi embættismaður hafi verið að spurður, eða hafi gert eða getað gert nokkra kröfu til uppbótar fyrir rýrnun aukatekna, enda mundi slíkt afaróheppilegt og jafnvel ógerlegt. Þessi deild var t. d. fyrir skömmu að skifta Hróarstungulæknishjeraði, og var þá ekki minst á, að læknirinn fengi sjerstaka uppbót, þótt stór hluti hjeraðs hans væri af honum tekinn. Hefði þó mátt vænta þess, að allsherjarnefndin, sem einnig hafði það mál til meðferðar, hefði lagt til, að lækninum væri bættur tekjumissirinn, ef hún hefði viljað vera sjálfri sjer samkvæm. En það gerði hún ekki. Fyrir nokkrum árum var og skift öðru læknishjeraði á Austurlandi; það var þegar Norðfjörður var gerður að sjerstöku hjeraði. Var þá þessari stefnu fylgt? Nei, það hefir sennilega engum þá dottið í hug. Það kom heldur engin krafa, enda mundi henni ekki hafa verið sint. Þannig lítur þá þessi grundvöllur út, sem nefndin byggir á. Jeg get heldur ekki sjeð, að frv., eins og nú hagar, sje að neinu leyti órjettmætt eða ósanngjarnt gagnvart sýslumanni Eyfirðinga, þar sem hann getur valið um stórum aukin laun samkvæmt nýju launalögunum, eða halda sínum núverandi launum ásamt öllum þeim aukatekjum, sem Eyjafjarðarsýsla veitir, að undanskildum Siglufirði. Enda ekki óhugsandi, að honum yrði greiddur mestur hluti þess fjár, er telja mætti að hann annars mundi hafa fengið sjer að kostnaðarlausu af tollheimtu þar. Og viðvíkjandi hinu opinbera gæti þetta fyrirkomulag verið hreinn tekjuauki. Eftir þeim tolli, sem nú hvílir á síldinni, og eftir því, sem aflast hefir á góðum aflaárum, þá yrði gróði að þessu, þótt dálítið væru bætt upp laun lögreglustjórans og hann gerður að bæjarfógeta.

Þá er því lýst yfir í nefndarálitinu, að Siglfirðingar hafi látið sjer þetta lynda fyrst um sinn. En hvað er nú eiginlega sagt með þessu, að þeir „ljetu sjer þetta lynda fyrst um sinn". Það gefur svo sem ekki til kynna neina ánægju, það er öðru nær, því að í þessu felst gremja yfir því, að þeir verði að láta sjer þessi úrslit lynda. En hvað kemur nú til, að þessu var lýst yfir? Jeg hygg, að til þess hafi legið sú ástæða, að þá var aldarafmæli Siglufjarðarkaupstúns, og þess vegna þótti þó betra en ekkert að fá viðurkenningu bæjarrjettindanna að afmælisgjöf. Og það er þá líka eins og þeim hafi fundist það benda fremur í þá átt, að annað meira fengist á næstu árum. Þannig er nú þessari yfirlýsingu varið. — Annars mætti líta svo á, að ætti nú að eyða þessu máli fyrir Siglufirði, þá hafi þingið fyrirfram ákveðið að fella öll mál, er miða til hagsbóta eða framfara fyrir Siglufjörð, og hafa hann þannig að hálfgerðu olnbogabarni. Nýlega er búið að vísa frá máli, sem Siglfirðingum hlaut að vera mikið áhugamál, og annað er á leiðinni frá sjávarútvegsnefnd, sem jeg býst við — eftir skoðun nefndarmanna í samtali við mig að dæma, að hún leggi til að verði moldað á eitthvað sviplíkan máta, og svo er þá þetta mál, og er sjáanlegt, ef nefndin má ráða, að þess bíða lík forlög. Hverjum er nú gerður þessi órjettur? Það er bæjarfjelag, sem borgar líklega mest í landssjóð af öllum bæjarfjelögum, að undantekinni Reykjavík einni. Nei, mjer finst ekki óeðlilegt, þótt Siglfirðingar þykist illa leiknir, ef svo á að fara með hvert málið af öðru, sem nú er til stofnað.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg skal reyna að vera ekki langorður, enda ætla jeg mjer ekki að fara að kíta mikið við hv. fyrverandi frsm. og flm. þessa máls (St. St.). Eins og vant er, leggur hann mikið kapp á þau mál, er snerta kjördæmi hans,

og skal jeg ekki lasta hann fyrir það, en jeg skil ekki í því mikla kappi, sem hann leggur á þetta mál, sjerstaklega þar sem Siglufjörður hefir fengið skilnað við sýslufjelagið fyrir einu ári og sjerstakan lögreglustjóra. Hvað þeir eiga við með „fyrst um sinn", skal jeg ekki um segja, en mjer fyndist það ekki langt, þótt þeir yrðu að bíða 2 ár eftir bæjarfógetanum. — Þó að nú hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) telji það vel sæmandi að taka 2500 kr. af sýslumanni Eyfirðinga, og að hann taki laun sín eftir nýju launalögunum, þá er ekki víst, að sýslumaðurinn sjálfur telji það vel sæmilegt, og enginn getur knúð hann til þess að taka launin eftir nýju launalögunum. Hitt skal jeg ekki segja, hvort hann gerir það eða ekki, en ef hann gerir það ekki, álítur nefndin, að stjórnin verði að semja við hann um, hversu mikla uppbót hann skuli fá. — Samanburður sá, sem hv. þm. (St. St.) gerði á þessu og skiftingu læknahjeraðanna, er ekki góður. Mjer er ekki kunnugt um, að læknar hafi krafist uppbótar, þótt hjeraði þeirra hafi verið skift; miklu fremur er mjer kunnugt um, að þeir hafi tekið skiftingunni fegins hendi. En í fyrra kom fyrir allsherjarnefnd álit bæði frá sýslunefnd og sýslumanni, og þar gerði sýslumaður sig líklegan til að gera þær kröfur, er jeg nefndi. Og það er enginn efi, að það er mjög hart gagnvart þessum embættismanni, sem og öðrum, að skifta embætti þeirra gegn vilja þeirra, ef skiftingin heiir verulega tekjurýrnun í för með sjer, án þess að þeir fái uppbót Við getum tekið t. d. annað embætti, svo sem Strandasýslu. Þar eru nú að rísa upp síldarver á sumum fjörðunum, og geta þau orðið aðaltekjulindir sýslumannsins, er fram líða stundir og ef hann sæti eftir gömlu launalögunum. Svo vilja þessi síldarver fara að verða sjálfstæð og vilja verða sjerstök lögsagnarumdæmi. Þá missir auðvitað sýslumaðurinn mikils í tekjum, og það jafnvel feitasta bitann. Býst jeg við, að honum þætti þetta ranglátt, ef engar bætur kæmu fyrir, og svo mundi fleirum þykja. — Þá virðist hv. þm. (St. St.) ekki vita það, og má það heita merkilegt, að það er alls ekki lögreglustjórinn, sem innheimtir tollana fyrir sýslumanninn, á Siglufirði, heldur er það sjerstakur maður. Sömuleiðis er það rangt hjá hv. þm. (St. St.), að þessi innheimtulaun sjeu tekin á „þurru landi", eins og hann komst að orði. Innheimtulaunin eru bæði borgun fyrir innheimtuna og ábyrgðina, sem sýslumaðurinn ber á því, að tollarnir gjaldist. — Jeg held, að það sje ekki fleira, sem jeg þarf að svara hv. þm. (St. St.). Geri jeg ekki heldur ráð fyrir, að langar ræður skifti mjög skoðunum manna, að svo komnu máli.

Stefán Stefánsson: Háttv. frsm. (E. A.) gat þess, að sýslumaður Eyfirðinga liti annan veg á þetta en jeg. Kann að vera, en jeg held, að hv. frsm. (E. A.) verði að játa það með mjer, að hann hafi ekki rjettarkröfu til þess að halda Siglufirði óskiftum frá sýslunni. Hv. frsm. (E. A.) mun vera það fullkunnugt, engu síður en mjer, að í 2. gr. laga um laun íslenskra embættismanna, frá 1875, stendur: „Embættismenn þeir eður sýslunarmenn, sem skipaðir eru með launum, sem ákveðin eru í launalögum, skulu skyldir að láta sjer lynda breytingar þær á yfirgripi og ásigkomulagi embættisstarfa þeirra, sem seinna kynni að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt ákveðið um það í veitingarbrjefi þeirra". Þetta þekkir sýslumaður Akureyrar eins vel og jeg, og því þykist jeg vita, að hann muni ekki svo mjög furða sig á því, þótt hann fái jafnvel enga uppbót, sjerstaklega þar sem hann líka getur gengið undir nýju launalögin. Jeg hygg nú líka, að allir sjái, hvað það er fráleitt, að sýslumaðurinn í

Eyjafjarðarsýslu hafi á hendi innheimtu á tekjum landssjóðs og einstök dómarastörf á Siglufirði, þegar þar er löglærður og lögskipaður embættismaður á staðnum. — Þá mintist hv. frsm. (E. A.) á, að það væri hart að taka besta blettinn af embættismönnunum skaðabótalaust. En hvað er þingið að gera núna? Það er hvorki meira nje minna en að taka alla blettina af embættismönnunum, svo að enginn verður eftir af þeim grænu blettum, engar aukatekjur fyrir þá, er ganga undir hin nýu launalög. Annars verður þetta mál að skeika að sköpuðu, en mjer dylst ekki, að fylsta sanngirni mælir með því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. St., E. Árna., G. Sv., J. J., J. B., P. J., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Ó. B.
nei: B. K., E. A., H. K., M. G., M. Ó., P. O.

Fjórir þm. (Þorl. J., E. J., J. M. og M. P.) fjarstaddir.

2.—35. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 104, 845).

Stefán Stefánsson: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um brtt. á þgskj. 845. Hún er að eins til þess að nema burt úr frv. ákvæðið um launahæðina. Hún er ákveðin í launalögunum, og því ekki þörf að gera það hjer, enda ekki gott að vita, hver hún verður, meðan launalögin hafa ekki náð fullu samþykki. Í samskonar lögum, sem nýbúið er að samþ., um bæjarstjórn á Seyðisfirði, er ekki heldur neitt ákveðið um þetta. Það sýnist því nóg að hafa í þessu frv. að eins það ákvæði, að launin skuli greiða úr ríkissjóði eftir launalögunum.

ATKVGR.

Brtt. 845. samþ. með 18 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., M. Ó., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., Ó. B.
nei: P. J., P. O., S. S., Þorl. J., B. K.

E. A. og H. K. greiddu ekki atkv.
Einn þm. (B. J.) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 · 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 18. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 871).

Á 61. fundi í Ed., laugardaginn 20. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta er komið frá háttv. Nd., var þar í allsherjarnefnd, og legg jeg til, að það fari til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 9 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., föstudaginn 26. sept., kl. 1. miðdegis, var frv. tekð til 2. umr. (A. 871, 980).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er alveg nýlega komið til þessarar hv. deildar. Allsherjarnefnd hennar, sem frv. var vísað til, hefir því eigi unnist tími til þess að semja og láta prenta nál. í málinu, heldur hefir hún orðið að láta sjer nægja að bera fram við frv. brtt. á þgskj. 980, er hún telur nauðsyn að gangi fram, ef frv. á að verða að lögum.

Allsherjarnefnd Ed. er sem sje alveg samdóma hv. allsherjarnefnd Nd. um þetta nál. og getur því að mestu leyti skírskotað til álits hennar, sem prentað er á þgskj. 801 og jeg vænti að hv. deildarmenn hafi kynt sjer.

Það væri mesta ónærgætni, að jeg ekki segi lögleysa, gagnvart sýslumanni Eyjafjarðarsýslu og sýslunefndinni þar, ef þetta frv. væri látið ganga fram eins og það liggur nú fyrir, áður en sýnt er, hvort sá sýslumaður vill ganga undir nýju launalögin, eða ef til vil skifta um embætti, og þess vegna ber allsherjarnefndin fram brtt. á þgskj. 980. Ef tjeður sýslumaður hins vegar gengur undir nýju launalögin óneyddur af Alþingi, eins og aðrir sýslumenn, eða fær annað embætti, t. a m. í hæstarjetti, er allsherjarnefnd Ed. sammála allsherjarnefnd Nd. um það, að ekkert sje til fyrirstöðu, að frv. komi til framkvæmdar, og telur enda rjettara að samþ. það til fullnustu nú á þessu þingi, í því formi, sem hún leggur til, því þá er það til taks, ef breytingin verður, sem jeg tel næsta líklegt, og sparast þá bæði tími þingsins og fje, er þurfa myndi til meðferðar málsins að nýju.

Með þessum orðum leyfi jeg mjer fyrir hönd allsherjarnefndar að mæla með því, að hv. deild samþ. brtt. á þgskj. 980, og ef svo fer, leyfi jeg mjer að vænta þess, að hæstv. forseti taki málið aftur á dagskrá hjer í dag, svo tími vinnist til, að það geti orðið borið upp við eina umr. í hv Nd. á morgun og samþ. þar til fullnustu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—34. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 980. feld með 8 : 4 atkv.

35. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj atkv.

Á 67. fundi í Ed., föstudaginn 26. sept., kl. 4 síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 871).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 993).

Þingsályktunartillögur.

A. Afgreiddar til ríkisstjórnarinnar.

1. Símaleiðir í Rangárvallasýslu.

Á 15. fundi í Ed., föstudaginn 25. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn símaleiða í Rangárvallasýslu (A. 150).

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 28. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 17. fundi í Ed., þriðjudaginn 29. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Eggert Pálsson): Jeg býst ekki við, að mikið þurfi að ræða um jafnóbrotið mál og þetta. Jeg hefi komið fram með þessa tillögu fyrir ríkar óskir hjeraðsbúa minna um, að eitthvað verði lagt af símum þeim í Rangárvallasýslu, sem fyrirhugaðir eru í lögunum um símaleiðir frá árinu 1913. Og óskir þessar byggjast svo aftur á brýnni þörf á að fá þessa síma lagða, og það sem allra fyrst.

Till. er í tveim liðum, og er fyrri liðurinn um, hvar línurnar eigi að liggja, en hinn síðari um, hve nær byrjað verði á verkinu. Skal jeg fyrst minnast á fyrri liðinn. Það er hjer um þrjár álmur að ræða, að Hlíðarenda, upp á Land og niður í Þykkvabæ. Skal jeg fyrst minnast á álmuna inn að Hlíðarenda. Hygg jeg, að rannsókn á þeirri leið muni ekki verða margbrotin, því þar er ekki um annað að ræða en hvort leiðin eigi að liggja frá Eystri-Garðsauka eða Stórólfshvoli. Aftur á móti er álitamál um hinar álmurnar, hvaðan og hvar skuli með þær fara. Línuna upp á Land mætti taka frá Ægissíðu, Þjórsárbrú eða utan úr Árnessýslu, Hreppum, eða jafnvel mætti leiða saman línurnar upp á Land og niður í Þykkvabæ, svo að þær lægju um miðbik Ása- og Holtahrepps. Veit jeg, að í þeim hreppum báðum er rík ósk um að fá álmunum hagað þannig. Hafa hreppsbúar leitað til sýslunefndar um það mál, og munu þeir hafa stuðning hennar til þess, að svo verði þessum símalínum fyrir komið.

Það, sem hjer liggur þá fyrst fyrir, er að símastjórnin láti rannsaka, hverjar af þessum leiðum muni vera heppilegastar.

Hvað síðari liðnum viðvíkur, að fá álmurnar lagðar sem fyrst, þá veit jeg, að það er, eins og gefur að skilja, innileg ósk

manna þar eystra, að því verði sem fyrst komið í framkvæmd. Jeg hefi ekki viljað tiltaka neinn ákveðinn tíma í tillögu minni, því jeg veit, að það er komið undir efnahag og öðrum ástæðum, hve fljótt verkið getur komist í framkvæmd. En jeg vil leggja sterka áherslu á, að ósk þessi er mjög eðlileg og rjettmæt, því hlutaðeigendur eiga hjer við mjög mikla erfiðleika að stríða. Hvort heldur er úr Fljótshlíð, Landi eða Þykkvabæ, er margra stunda ferð á næstu símstöð, og að því er Þykkvabæinn snertir yfir sundvatn að sækja.

Aðalástæðan á móti þessu máli er sú, að örðugt sje að nota aðallínuna eins og er, og muni verða enn verra, ef nýjar álmur bætist við. Er það rjett; sem stendur er mjög erfitt að ná sambandi á austurlínunni, og verða menn oft að bíða lengi eftir því, eins og líka er eðlilegt, þar eð eitt af stærstu kauptúnum landsins, Vestmannaeyjar, nota sömu línu og hinar mörgu landstöðvar. En mjer finst óhugsanlegt, að Vestmannaeyjar verði til langframa látnar nota sömu línuna. En þrátt fyrir þessa örðugleika, sem nú eru, álít jeg, að einnig verði að taka tillit til þeirra, sem við enn þá meiri örðugleika eiga að búa. Það kemur t. d. oft og einatt fyrir, að menn úr þessum hjeruðum, Fljótshlíð, Landi og Þykkvabæ sem farið hafa langar leiðir til að ná í síma, geta ekki náð sambandi samdægurs og verða svo að gista um nóttina á símstöðinni eða þar í grend, til þess að geta náð sambandi næsta dag. — Það liggur í augum uppi, hvílíkur sparnaður á tíma og fyrirhöfn það yrði fyrir þessa menn, ef nefnd hjeruð fengju álmur til sín. — Jeg tók fram þegar í upphafi, að jeg áliti ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, og skal því heldur ekki gera það. — Hæstv. forseti stakk upp á tveim umræðum um tillöguna, og býst jeg við, að fyrir honum hafi vakað, að málinu fylgja fjárútlát. — Jeg sje ekki ástæðu til að vísa málinu í nefnd, en ef menn æskja þess, tel jeg rjettast, að því sje vísað í samgöngumálanefnd. Annars finst mjer málið svo einfalt, að það sje óþarfi.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Fyrir hv. deildum liggja ýmsar málaleitanir um rannsókn símaleiða og lagningu síma; veit jeg ekki, hversu margar þær eru, en jeg tel víst, að bæði stjórnin og háttv. þing bregðist vel við þeim. Álít jeg nauðsynlegt, að símastjórnin láti rannsaka, hverjar leiðir sjeu heppilegastar, í samráði við kunnuga menn. Þegar nú öll helstu kauptún og verslunarstaðir hafa fengið síma, er ekki nema rjettmætt, að eðlilegum kröfum frá sveitunum sje sint. Mjer virðast kröfur hv. flm. (E. P.) hóflegar, og álít jeg sjálfsagt, að rannsókn málsins sje flýtt svo sem unt er. — Aðalhængurinn á þessu máli er, eins og hv. flm. (E. P.) tók fram, að landssímann hefir eigi undan að afgreiða símatölin, en jeg tel óhjákvæmilegt, að úr því verði bætt hið bráðasta. Stjórnin er búin að tryggja sjer fje til að koma þessu í framkvæmd, en beðið hefir verið eftir betri aðstöðu, sjerstaklega ódýrari flutningi og efni. Get jeg getið þess, að einkum er nauðsyn á að leggja beina línu hjeðan til Borðeyrar og Vestmannaeyja.

Stjórnin vill styðja þetta mál, og vona jeg, að háttv. deild sje henni samdóma í því.

Annars virðist mjer málið svo einfalt og óbrotið, að óþarfi sje að vísa því í nefnd.

ATKVGR.

1. tölul. tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. — — — — 12 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 12 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. júlí, var till. tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun efri deildar Alþingis.
(Sjá A. 220).

2. Mat á fóðurbæti.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 1. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um mat á fóðurbæti (A. 243).

Á 25. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Frsm. (Einar Árnason): Það hafa komið fram raddir, á þingmálafundum og víðar, um að nauðsynlegt væri að koma á föstu mati á fóðurbæti, er gengi kaupum og sölum í landinu, til að tryggja, að eigi sje seld skemd vara eða ónýt sem góð og gild vara. Þetta mál kom og til umræðu á síðasta búnaðarþingi, og komst það og að þeirri niðurstöðu, að mat þetta væri nauðsynlegt.

Það má ef til vill segja, að það hefði ekki verið ofætlun fyrir landbúnaðarnefndina að bera fram frv. um þetta efni nú á þinginu í ár. En þegar farið er að grannskoða málið, reynist það ekki nærri því eins einfalt og óbrotið og það virðist í fljótu bragði þeim, sem því eru ókunnugir.

Landbúnaðarnefndn hefir haft málið til meðferðar og leitað aðstoðar og upplýsinga hjá þeim, er hún hugði fróðasta um það. Sjerstaklega hefi jeg átt tal við núverandi formann Búnaðarfjelags Íslands; tók hann vel í málið og hjet aðstoð sinni með að koma því sem best áleiðis. Þá hefi jeg og átt tal um málið við einstaka þm., sjerstaklega við hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Allir virðast þeir málinu hlyntir, en játa það, að örðugt muni vera að gera það svo vel úr garði sem skyldi á þessu þingi. Niðurstaðan hefir því orðið sú hjá landbúnaðarnefndinni, að hún áleit rjettast að fara ekki lengra út í málið í þetta sinn en að bera fram þingsályktunartill. á þgskj. 243, þar sem skorað er á stjórnina að búa málið undir næsta þing, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, og leggja þá frv. um það fyrir þingið.

Jeg hefi vissu fyrir því, að formaður Búnaðarfjelagsins muni gera alt, sem í hans valdi stendur, til að útvega öll þau gögn, er stuðlað geti að því, að málið verði sem best undirbúið og komist í sem best horf. Að öðru leyti ætla jeg ekki að fara að rekja út í æsar ástæðurnar fyrir því, að mjög er torvelt að afgreiða málið að fullu á þessu þingi svo að vel fari, en vænti þess fastlega, að stjórnin sinni málinu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 298).

3. Atvinnulöggjöf.

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um atvinnulöggjöf o. fl. (A. 190).

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 31. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Einar Arnórsson): Þingsályktun þessi er fram komin af því, að allsherjarnefnd var á sama máli og flm. frv., á þgskj. 75, um að nauðsynlegt sje að setja löggjöf um það, hve nær utanríkismenn megi reka atvinnu hjer á landi, hvernig þeir megi reka hana og með hvaða hætti megi vísa þeim úr landi Sama er og að segja um utanríkisfjelög.

Þar að auki er ýmislegt fleira í sambandi við þessi atriði, sem nauðsynlegt er að setja lög um og ekki er unt að gera grein fyrir í fljótu bragði.

Nefndin hefir ekki ætlað sjer þá dul, að gera tilraun til að undirbúa lög um jafnvandasamt og víðtækt málefni, að þessu sinni. Hún hefir ekki sjeð sjer annað fært en skora á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um málið. Hjer hefir verið borið fram eitt frv., sem snertir mjög þetta mál. Það er frv. um takmarkanir á rjetti til fasteignaráða á Íslandi. Nefndin hefir ekki athugað þetta frv. til hlítar enn þá, en hún telur æskilegt, að það gangi fram á þessu þingi. Hún býst við, að það verði svo vel undirbúið, að þetta verði kleift. Frv. er sniðið eftir samskonar frv. frá 1901. Frv. tekur að vísu að eins yfir lítinn hluta af þessu máli. En það sakar í sjálfu sjer ekki, þó að þetta einstaka atriði sje tekið út úr.

Nefndin ætlast til, að áskorun hennar lendi ekki við orðin tóm hjá stjórninni. Hún treystir því, að frv verði undirbúið í frumvarpsformi fyrir næsta þing, hvort sem það verður aukaþing eða reglulegt þing.

Forsætisráðherra (J.M.): Jeg er ánægður með niðurstöðu hv. nefndar. Hún fer í sömu átt og jeg taldi heppilega við fyrri umr. málsins.

Bjarni Jónsson: Mjer var það vel ljóst, er jeg bar fram frv. mitt á dögunum, að jeg hafði hvorki haft nægilegan tíma nje kunnáttu til þess að gera það svo vel úr garði, að jeg kysi, að það gengi þá fram. Jeg lýsti þá yfir því, að jeg hefði sett það fram sem stefnuskrá. Hins vegar setti jeg það í sjálfsvald grautarpotts deildarinnar, allsherjarnefndar, hvort kleift væri að gera mat úr því á þessu þingi. Og jeg ætla, að jeg gæti þess, að jeg væri ánægður, ef fram kæmi yfirlýsing um, að þesskonar löggjöf ætti að setja, með líkum skilyrðum sem fólust í frv. mínu.

Jeg get þess vegna látið mjer vel líka niðurstöðu nefndarinnar, sjerstaklega þar sem forsætisráðherra hefir lýst yfir, að hann kunni henni vel. Jeg get vel skilið, að nefndin hafi verið varbúin að semja það eða þau frv., sem gætu ráðið málinu til lykta. Þó hygg jeg, að hún hefði getað tekið út úr frv. ákvæði um búsetu fastakaupmanna, sem oft hefir verið hjer á ferðinni.

Hins vegar var óþarft af nefndinni að tala um það, hversu frv. mitt hefði verið ljelega úr garði gert, án þess að vitna í

heimild sína fyrir þeirri skoðun, sem var eigin ræða mín, er jeg flutti fyrir frv. á dögunum. Annars hygg jeg að segja megi um greinargerð nefndarinnar, að hún sje bæði undirbúningslaus og hugsunarlítil.

Frsm. (Einar Arnórsson): Háttv. þm. Dala. (B. J.) spurði að því, hvers vegna nefndin hefði ekki tekið út úr frv. ákvæði um búsetu fastakaupmanna. Það má spyrja hann að hinu sama. Hvers vegna gerði hann það ekki? Hann átti jafnan aðgang að gögnum, sem þar að lúta, sem nefndin.

Þá sagði þm., að nefndin hefði átt að vitna í heimild sína fyrir því, að frv hans hefði verið ljelega úr garði gert, og sú heimild hefði verið ræðan, sem hann flutti fyrir frv. á dögunum. En nefndin þurfti ekki að seilast til ræðunnar Hún hafði frv. fyrir sjer, og það var besta heimildin.

Bjarni Jónsson: Það er auðfundið, að of margt hefir verið soðið í þessum potti, því að þar hefir brunnið við. Nefndin hefði átt að geta þeirra heimilda, sem fram komu opinberlega, því að annars gat hún ekki dæmt um það, hvort málið hefði verið vel eða illa hugsað af minni hálfu. Jeg hafði aldrei sagt, að jeg hefði borið málið fram óhugsað, enda leiðrjetti frsm. sig á því. Jeg hafði hugsað málið. En jeg sagði, að frv. mitt væri ekki fullkomið. En nefndin hefir unnið sjer verkið ljettara en jeg, því að hún hefir alls ekki hugsað málið.

Nefndin hefði átt að geta tekið út úr eitt mál. En mjer var það ókleift, því að jeg ætlaðist til, að hjer kæmi fram stefna í öllum þeim málum, er hjer koma til greina.

Jeg er ánægður með niðurstöðu nefndarinnar, og hvort sem hún er fremur runnin frá mínu hugsunarleysi eða nefndarinnar, þá ætti hún að geta komið að jafngóðu haldi.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg get látið það liggja millum hluta, hvort það er þm. Dala. (B. J.) eða allsherjarnefnd, sem lítið hefir hugsað málið. Við skulum segja, að þm. og nefndin sjeu að því leyti jöfn. En sá er munurinn á honum og nefndinni, að hann lætur alt flakka, eins og leirskáldin, en nefndin hefir vit á að þegja.

Bjarni Jónsson: Háttv. frsm. (E. A.) vildi líkja mjer við leirskáldin. Nefndin er þó það verri en leirskáldin, að hún getur ekki botnað. Það gat þó Hannes stutti altaf.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með öllum gr. atkv.

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var till. tekin til síðari umr. (A. 190).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. í e. hlj. og afgr. til E.d.

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um atvinnulöggjöf o. fl.,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 263).

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 7. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.
Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 24. fundi í Ed., föstudaginn 8. ágúst, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti: Jeg leyfi mjer að leggja til, að till. sje vísað til allsherjarnefndar

ATKVGR.
1. liður samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. liður samþ. með 11 shlj. atkv

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed. miðvikudaginn 13. ágúst, var till. tekin til síðari umr. (A. 263, n. 340).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Hjer liggur fyrir mjög greinilegt nál. Það er að vísu ekki nema 2 línur og er fljótlegt að sjá, að allsherjarnefnd hefir orðið ásátt um að ráða hv. deild til að samþykkja till. óbreytta. Engar athugasemdir hafa komið við till. hjer í hv. deild og heldur ekki í nefndinni, og mun því óþarft að mæla fyrir henni.

ATKVGR.
Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 355).

---

4. Vegamál.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um vegamál (A. 278).

Á 27. fundi í Nd., fimtudaginn 7 ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.
Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Nd., föstudaginn 8. ágúst, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., laugardaginn 9. ágúst, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 278, 300).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Samvinnunefnd samgöngumálanefnda beggja deilda hefir leyft sjer að koma fram með þessa tillögu, sem hjer liggur fyrir á þgskj. 278. Hinir 4 liðir till. ná yfir allmikið svið. En allir hafa þeir það sameiginlegt, að þeir fjalla um vegamál, sumpart í sjerstökum atriðum, og sumpart aftur alment. Að nefndin hefir komið fram með þessa till. stafar af því, að frá ýmsum mönnum **hafa komið** fram óskir um, að nefndin ljeti í ljós álit sitt á mörgu því, sem heyrir undir þessa liði. Jeg skal geta þess, að nokkuð af þessu var svo óundirbúið, að nefndin sá sjer ekki fært að sinna því.
1. liður till. fer fram á, að gerð sje rannsókn á því, hvort eigi sje rjettmætt að fjölga þjóðvegum og flutningabrautum, og hvar slík fjölgun eigi helst að vera. Það gefur að skilja, að þessa rannsókn yrði landsstjórnin að fela vegamálastjóra. Tillögur hans mundu svo ráða niðurstöðunni, þegar til framkvæmdanna kæmi, að því er ætla má. Það er og ætlun okkar, að stjórnin leggi ekki annað fyrir þingið

í þessu efni en það, sem hann hefir mælt með. Hitt er annað mál, hvort einstakir þingmenn kunni að bera eitthvað annað fram. Þess er getið í greinargerð fyrir till., að beint tilefni til 1. liðs var það, að 2 hv. þingmenn, sem báðir eiga sæti í nefndinni, 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) og þm. N.-Þ. (B. Sv.), fóru fram á, að tekin yrði í tölu þjóðvega aukapóstleiðin frá Húsavík í Þingeyjarsýslu, um Jökulsárbrú til Vopnafjarðar, þaðan Hellisheiði til Fossvalla í Fljótsdalshjeraði. Og auk þess fer háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) fram á hið sama, að því er snertir vegarkaflann milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur í Gullbringusýslu. Það er nú svo um báðar þessar málaleitanir, að nefndin sá sjer ekki fært að taka þær til greina, eftir að hún hafði fengið álit vegamálastjóra. Um fyrri till. er það að segja, að vegamálastjóri kvaðst ekki vera nægilega kunnugur þessari leið norðanlands. Hann vill ekki gera neinar ákveðnar tillögur um þetta fyr en hann þekkir nægilega til, og getur, eftir rannsókn, áætlað, hvað dýrt yrði að gera og halda veginum við. Hvað snertir vegarkaflann milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur, þá taldi hann sjálfsagt, að sýslan annaðist viðhald á þeim vegi áfram, eins og hingað til. Ífins vegar leggur nefndin það til, að báðar þessar leiðir, sem tilefni gáfu til till., verði sem fyrst athugaðar, ásamt þeim öðrum leiðum, sem til greina koma.

Um aðra liði till. þarf jeg ekki að fjölyrða. Nokkur hluti nefndarinnar taldi það vera rjetta stefnu, að framlög ríkisjóðs til sýsluvega yrðu nokkru meiri en hefir verið hingað til. Nefndin hefir að vísu ekki tekið fulla afstöðu til þessa atriðis, því að það komu fram raddir móti því innan nefndarinnar. En þó áleit hún sjálfsagt að íhuga, hvort þessi stefna skuli upp tekin. Í þriðja lagi þótti nefndinni skylt, að athugað væri, hvort ekki væri rjett að taka lán til að flýta fyrir vegagerðum í landinu, líkt og lagt er til um brýr í öðru frumvarpi. Það er ekki svo að skilja, að nefndin sje hlynt þessu, þvert á móti sá hún ýms vandkvæði á því. En þar sem tilefni er gefið með öðru frv., sem fram hefir komið hjer, áleit hún, að þetta ætti að athugast, hvort það álitist heppilegt.

Þá er 4. liðurinn, að gera tillögur um gjaldstofna sýslusjóða vegna vegagerða, aðra eða fleiri en þá, sem nú eru. Það var einróma álit allrar nefndarinnar, og auk þess margra annara, utan þings og innan, að bráð nauðsyn ræki til þess að gera eitthvað í þessu atriði, að finna og ákveða fleiri gjaldstofna handa sýslusjóðum, og betri en þá, sem nú eru. Því að svo framarlega sem vegir og viðhald þeirra á að hvíla á sýslusjóðum áfram, rekur að því, að það, sem jafnað er eða hæft þykir að jafna niður, hrekkur hvergi nærri til, og kemur því ekki að nægu gagni. Hins vegar sá nefndin sjer ekki fært á þessum tíma, sem hún hafði yfir að ráða, að gera ákveðnar tillögur um slíka gjaldstofna. Það ætlar hún landsstjórninni að gera. Auðvitað getur hún til þess aflað sjer þeirrar aðstoðar, sem henni þykir við þurfa.

Jeg geri ráð fyrir, að þessi tillaga öll nái fram að ganga gegnum þingið, enda þótt þær stefnur, sem þar er bent á, sjeu ekki fullákvarðaðar, og þótt ýmsir háttv. þm. muni ef til vill verða andvígir sumu af því, sem kann að verða lagt til á sínum tíma. En það þótti nefndinni nauðsynlegt, að þetta mikilsverða mál yrði rannsakað sem best, svo að komist yrði að niðurstöðu, sem vera mætti að hægt yrði að sætta sig við.

Þá er brtt. á þgskj. 300, frá hv. þm. Borgf. (P. O.) og hv. þm. Mýra. (P. Þ.), sem fer fram á, að bætt sje við 5. lið, svo hljóðandi: að íhuga, hvort eigi sje rjettast, að viðhaldi flutningabrauta verði ljett af sýslusjóðunum og kostað af lands-

sjóði. Þetta mál hafði komið til umræðu í hv. samgöngumálanefnd; því hefði nefndin vel getað tekið þetta upp í till. með hinu, ef hún hefði viljað sinna því. En nefndin var þvert á móti þessu og samþykti að leggja móti till. Og það af þeirri ástæðu, að meiri hluti hennar vill alls ekki fara inn á þá braut að svo stöddu, er gæfi tilefni til, að viðhald flutningabrauta flyttist yfir á landssjóð nú í nánustu framtíð. Hún er þeirrar skoðunar, að það eigi og verði áfram að hvíla á sýslusjóðum, eins og hingað til, en ekki á ríkissjóði. Flutningabrautir eru í flestum tilfellum til langmestra þæginda og aðalafnota fyrir þann hrepp og sýslu, sem þær liggja um. Að vísu eru sumar brautir, er sökum legu sinnar eru svo fjölfarnar, að þær geta kallast þjóðbrautir. Sú flutningabraut, sem tilefnið gefur til þessarar till., er vafalaust sú, sem er í hjeraði háttv. þm. sjálfra, sem flytja hana. Nefndin sá sjer ekki fært að leggja til, að viðhald hennar yrði fært yfir á ríkissjóð, því að þótt hún kunni að koma að nokkrum notum fyrir menn úr öðrum hjeruðum en þeim, sem kosta viðhald hennar, þá er hitt víst, að þau hafa sáralítinn hagnað af henni í samanburði við þá, sem næstir búa. Þó að viðhald slíkra brauta nemi talsverðum kostnaði, þá er hagnaður þeirra hjeraða, sem brautin liggur um, margfaldur, og þau standa að sjálfsögðu miklu betur að vígi í öllum viðskiftum. Enda mun ekki vafi á því, að mörg hjeruð, sem fara á mis við slíkar akfærar brautir, sem ríkissjóður kostar lagningu á, mundu gjarnan vilja hafa þær, þó að viðhaldskostnaður ætti að hvíla á þeim að öllu leyti. Auðvitað getur svo orðið með tímanum um einhverjar flutningabrautir, að þær verði svo alment notaðar af landsmönnum, ef mikil bygð sækir eftir þeim, að sjálfsagt þyki og rjett, að þær sjeu kostaðar að öllu af alþjóðarfje. Svo er nú ekki enn þá um þessa braut. Og með tilliti til þess, sem er, vill nefndin, eins og jeg hefi tekið fram, ekki fara inn á þá braut, að gefa tilefni til þess, að öllum viðhaldskostnaði sje varpað á ríkissjóð og af sýslusjóðum. Henni þykir nóg, að svo stöddu, hið mikla fjártillag, sem lagt er fram til lagningar brauta.

Jeg finn svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið að sinni.

Magnús Pjetursson: Jeg bað mjer ekki hljóðs til þess að gera athugasemdir við till. nefndarinnar, heldur ætlaði jeg að skjóta fram einu atriði til athugunar fyrir hæstv. stjórn. Þannig er mál með vexti, að jeg hafði meðferðis áskorun frá þingmálafundi um, að tekinn yrði í þjóðvegatölu einn vegarkafli á Vesturlandi. En er jeg heyrði, að fleiri háttv. þm. hefðu hið sama í hyggju hvað aðrar leiðir snertir, þá hætti jeg við það, þegar jeg frjetti, að hv. samgöngumálanefnd ætlaði að leggja til, að farin yrði sú leið, sem hv. deild nú sjer að hún leggur til. Enda mundi nefndin sjálfsagt hafa tekið því líkt og öðrum málaleitunum í þessu efni. Jeg sá því, að ekki mundi til neins að bera þetta fram hjer í hv. deild, en vildi að eins nú óska þess, að það verði rannsakað, hvort ekki teldist sjálfsagt að taka í tölu þjóðvega leiðina frá Bitru um Steingrímsfjarðarheiði til Langadalsbotns í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Jeg vænti þess, að hv. nefnd leggist ekki á móti, að þetta verði athugað ásamt öðru samskonar. Jeg held, að þessi vegarkafli komi engu síður til greina en sumir aðrir, þar sem hann er sameiginlegur fyrir tvo landshluta, sem hann liggur á milli. Auk þess má hvort sem er gera ráð fyrir, að fleira verði rannsakað en það, sem nefndin nú hefir minst á. Jeg vildi æskja þess, að hv. frsm. (G. Sv.) lýsi því yfir, að hann sje þessu ekki mót-

fallinn. Að vísu býst jeg við, að vegamálastjóri sje allkunnugur þessum vegi, sem hjer um ræðir. Vil jeg því leggja ríka áherslu á, að gaumgæfilega sje rannsakað þetta nauðsynjamál Vesturlands, enda hefir sýslunefnd Strandasýslu krafist þess. Þykist jeg örugt mega treysta því, að þessi rannsókn leiði í ljós, að vegur þessi verði á næsta þingi tekinn í tölu þjóðvega. — Vil jeg ekki tefja hv. deild á að lýsa nauðsyninni, með því málinu hvort sem er ekki verður ráðið til úrslita á annan hátt á þessu þingi.

Bjarni Jónsson: Mjer er líkt farið og hv. þm. Stranda. (M. P.). Jeg hafði líka áskorun frá þingmálafundi um að koma á framfæri nýrri flutningabraut milli Búðardals við Hvammsfjörð og Borðeyrar. Um tillögu þá, sem hjer liggur fyrir, er það að segja, að mjer líkar hún mætavel. Jeg held, að þess sje full þörf, að rannsakað verði, hvar brýnust sje þörfin, og hvar rjettast sje að byrja. Að eins þykir mjer það galli á till., að það vantar í hana ákvæði um, að rannsaka skuli, hvernig vegir skuli gerðir, þannig að komi að sem bestu haldi. Því jeg er sannfærður um, að af þeim syndum, sem við drýgjum móti sparnaði, sje fjáreyðsla til vegagerða, eins og henni er hagað, einna stærst. Ekki af því, að það sje ekki sjálfsagt, að gerðir sjeu vegir og lagt fram fje til þess. En þær vegagerðir þurfa þá að vera þannig, að þær komi að nokkru haldi að staðaldri, en sjeu ekki bráðónýtar. Mjer dettur ekki í hug að neita nauðsyn vega, sem miða til samgöngubóta. En jeg er á móti sífeldum fjáraustri af alþjóðarfje í það, sem kallað er vegir, en er í rauninni ekki annað en foræði. Og svo er um flesta þá vegi, sem of fjár hefir verið lagt í, en allir eru ónýtir. Þó eru undanteknir þeir vegir, þar sem náttúran hefir búið svo í haginn, að hraun er undir, eins og t. d. með Flóaveginn fyrir austan á kafla. Og auk þess eru einstakir vegir aðrir, sem gerðir hafa verið með sjerstakri vandvirkni. Jeg vildi, þó jeg komi ekki fram með breytingartillögu um það, mega skjóta því til stjórnarinnar, að hún ljeti vegamálastjóra rannsaka, hvort ekki mundi sparast við það talsvert fje, að gera vegina nægilega breiða og hafa í þeim trausta undirstöðu úr grjóti, og að vanda til þeirra yfirleitt, en ekki einungis að kasta mold ofan í mýrina og kalla það svo veg. Það hefir þráfaldlega hent mig á ferð um þessa vegi, og jeg býst við, að svo sje um fleiri, að alt hefir legið í for og bleytu. Vegir eiga að vera það vel gerðir, að þeir þoli öll akfæri og aðra umferð án þess að verða eins og fen. Jeg held, að ekki sje vafasamt, að þörf sje á að rannsaka þetta. Ef þegar í stað hefðu verið gerðir að eins góðir og sterkir vegir, mundi ekki þurfa að leggja fram stórar fjárhæðir árlega til vegaviðhalds, ekki til þess, að þeir verði góðir, um það er ekki að tala, heldur til þess, að þeir verði færir til umferðar.

Jeg ætlast ekki til, að fram sje borin brtt. í þessu skyni, því að jeg tel víst, að orð mín og annara nægi til þess, að þetta verði tekið til athugunar.

En jeg lít svo á, að um leið og hæstv. stjórn felur vegfræðingi landsins að athuga þetta, þá gefi hún óbeinlínis loforð um, að fje skuli veita til að framfylgja þeim ráðstöfunum, sem honum þykir þurfa, samkvæmt þeirri niðurstöðu, sem hann kemst að við rannsóknir þessar. Og þá niðurstöðu er jeg ekki í neinum vafa um.

Jeg vil í þessu sambandi minnast á Laxárdalsveginn, sem Dalamenn hafa svo þráfaldlega beðið um. Hafa þeir farið fram á, að þar yrði lögð flutningabraut svo vönduð, að fær verði vjelavögnum, sem draga 1—2 aðra vagna eftir sjer. Til þess þarf auðvitað að vera vel til vegarins vandað.

Að vegi þessum mundu mikil not verða. Skal jeg fyrst telja þau not, sem almennt

hefðu þeir ferðamenn, sem til Norðurlands fara.

Ef fastar bátaferðir væru hjeðan upp í Hvammsfjarðarbotn bæði vor og sumar, þegar flest er um ferðalanga, kaupafólk og fleira, þá væri það mikið hagræði.

Eftir bátsferðina til Búðardals tæki þá við vagnferð til Borðeyrar. Þaðan er svo hægur vandi að komast sjóveg til næstu hjeraða í Húnavatnssýslu og Skagafjarðar, eftir því, hvert förinni er heitið.

Þegar þess er gætt, að ferðakostnaður er hjer allmikill með strandferðaskipum, og hins vegar er fæst kaupafólk, sem á hesta, þá mun það gott að fá slíkan flutning. Fólk þetta hefir líka venjulega farangur nokkurn meðferðis, en hann er einmitt ágætt að flytja á bátum og vögnum.

Slíkar ferðir sem þessar eru mjög tíðkaðar í Noregi. Bátar ganga á vissum tímum yfir firðina, og taka þá við vagnar, sem aka mönnum og flutningi yfir um eiðin eða hálsana fjarða á milli. Er öllu stilt í hóf, þannig, að bátarnir eru tilbúnir að taka við af vögnunum, hver á sínum stað o. s. frv.

Svo mætti einnig verða hjer. Þetta gæti því orðið til stórsparnaðar og þæginda þeim mönnum, sem þarna þurfa að leggja leið sína. Þá má í öðru lagi benda á það, hve nytsamur þessi vegur yrði bæði fyrir Strandasýslu og Húnavatnssýslu. Reyndar var þáverandi þm. Húnvetninga þessu mótfallinn fyrir nokkrum árum. En ótrúlegt þykir mjer, að hann sjái ekki, hvílíkt hagræði þetta væri bæði haust og vor fyrir alla þá, sem kaupafólk fá hjeðan að sunnan. Þar að auki getur það komið fyrir í ísárum, að skipaleiðir teppist til hjeraða þessara.

En altaf má komast hjeðan og inn á Hvammsfjörð. Það hefir að vísu verið talið til, að Hvammsfjörð leggur stundum í frostum, þar sem hann er straumalaus að mestu og eins og stöðuvatn. Því verður ekki neitað. En ísinn á honum er oft traustur, og má þá flytja á honum, eins og tíðkast hefir stundum áður. Síðasta vetur voru t. d. settar vörurnar upp á ísinn hjá Staðarfelli og síðan fluttar þaðan inn í dalina. Svo mætti Norðlendingar flytja vörur sínar í ísárum.

Alt þetta sýnir, hversu mikið hagræði mundi verða að flutningabraut þessari, og ætti það að nægja til þess, að hið háa Alþingi sæi sjer fært að leggja í þann kostnað að leggja hana.

Jeg skal nú ekki segja fleira um málið, en vil að eins biðja hátv. frsm. (G. Sv.) að nefna það í næstu ræðu sinni, að þetta verði athugað.

Sömuleiðis vona jeg, að það verði íhugað af hæstv. stjórn, sem að vísu er hjer ekki viðstödd, en hún kann að hafa einhver leyniskilningarvit, svo að hún heyri mál mitt fyrir því; annars kynni hún ef til vill að lesa þessa ræðu mína, ef jeg sendi henni hana sjerprentaða.

Jeg vona svo, að þetta nægi til að koma málinu á rekspöl, og að jeg hafi ekki gert kjósendum mínum neitt ógagn með því að flytja ekki sjerstakt frv. um þetta.

Þorsteinn Jónsson: Til viðbótar því, sem hv. frsm. (G. Sv.) tók fram, vildi jeg segja nokkur orð til árjettingar um þá till., að rannsakað verði, hvort ekki sje rjett að fjölga þjóðvegum og flutningabrautum.

Jeg lít svo á, að sú rannsókn gæti meðal annars orðið til þess, að jafnað yrði að nokkru misrjetti það, sem nú á sjer stað um skiftingu vega í sýsluvegi og þjóðvegi. Um leið mundi og minka misrjettið, sem kemur fram í fjárframlögum hins opinbera til vega í hinum ýmsu hjeruðum.

Skifting vega, sú sem nú er ákveðin í vegalögunum, virðist að miklu leyti af handahófi ger, því að þar eru sumir vegir taldir til sýsluvega, þótt með fullum rjetti mættu þjóðvegir teljast.

Vil jeg í því sambandi sjerstaklega benda á aukapóstleiðina frá Fljótsdalshjeraði um Vopnafjörð, Bakkafjörð og Norður-Þingeyjarsýslu til Húsavíkur við Skjálfanda.

Þar er um stóran landshluta að ræða, hvorki meira nje minna en nærri þrjár sýslur.

Nú liggur þjóðvegurinn milli Norðurlands og Austurlands um fjöll og firnindi, þar sem dagleiðir eru víða bæja á milli. Norðausturkjálki landsins notar þennan veg ekki. Hann er að eins farinn frá nokkrum hluta Múlasýslna til Akureyrar. Aftur á móti er hann ekki farinn þegar farið er milli norðurhluta Norður-Múlasýslu og Norðurlands, og Norður-Þingeyjarsýsla notar hann aldrei.

Það má telja víst, að aldrei muni ríkissjóður miklu kosta til þessa svo nefnda þjóðvegar, sem liggur frá Mývatni til Jökuldals.

Mikill hluti hans er líka greiðfær fyrir hesta, og torfærur fáar, nema Jökulsé á Fjöllum. Auk þess er umferð um hann lítil, naumast aðrir en langferðamenn og aðalpóstur.

Til þess nú að gera mönnum ljóst, hvernig þessi nýi þjóðvegur á að liggja, skal jeg taka það fram, að til þess er ætlast, að hann liggi frá Fossvöllum út Jökulsárhlíð yfir Hellisheiði til Vopnafjarðar, þaðan um Sandvíkurheiði til Bakkafjarðar, um Brekknaheiði til Þistilfjarðar, þaðan til Axarfjarðar og þaðan til Húsavíkur.

Auðvitað verður það talsverður útgjaldaauki fyrir ríkissjóð að gera veg þennan góðan. En það er þó bót í máli, að stærsta torfæran, Jökulsá í Axarfirði, hefir þegar verið brúuð. Lagði landssjóður fram fjeð til þeirrar brúargerðar, án framlags frá sýslunni, og er þar með í rauninni viðurkent, að þetta sje vegur, er beri að gjalda fje til úr ríkissjóði, sem væri hann þjóðvegur.

Við hv. þm. N.-Þ. (P. J.) höfðum í hyggju að flytja brtt við vegalögin um þetta atriði, en hættum við það, er við urðum þess vísari, að háttv. samgöngumálanefnd, í samráði við vegamálastjóra, vildi fremur fara þá leið að flytja till. um rannsóknir þessar. En þessi krafa er svo sjálfsögð, að jeg vona, að hún gangi greiðlega fram.

Pjetur Þórðarson: Jeg vildi gera ofurlitla grein fyrir viðaukatill. á þgskj. 300. Á síðasta sýslufundi í Mýrasýslu var meðal annars samþ. till., sem jeg með leyfi hæstv. forseta skal lesa hjer upp. Hún er svo hljóðandi:

> „Þá samþykkir sýslunefndin að skora á Alþingi að taka vegalögin á næsta þingi til gagngerðar endurskoðunar, og lýsir því jafnframt yfir, að hún telur rjett, að landssjóður taki að sjer viðhald allra flutningabrauta, en að sýslufjelögin taki aftur á móti meiri þátt í stofnkostnaðinum en nú er".

Var mjer svo sem þm. kjördæmisins falið að skýra Alþingi frá ástæðunum fyrir þessari áskorun.

Það mætti segja, að helstu ástæðurnar felist í því, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) tók fram áðan, að þessar brautir, bæði brautin hjer austur um sýslur og brautin uppi í Borgarfirði, hafa verið þannig gerðar í fyrstu, að þær hafa fljótt látið á sjá. Hafa bæði brýr og rennur reynst mjög illa. Auk þess er landslagi svo háttað, að þar er flatlent og því mjög vatnsagasamt, og hefir það spilt vegunum að miklum mun, vegna þess, að ekki hefir verið tekið nægilegt tillit þessara staðhátta við upphaflega gerð veganna. En þar sem brautir þessar hafa ekki verið nógu vel úr garði gerðar í upphafi, og miklu ver en nú gerist, hefir viðhald þeirra orðið mjög dýrt.

Reyndin hefir líka orðið sú í þessum hjeruðum, að þrátt fyrir hina miklu þörf

á umbótum annara vega, hefir næstum verið þvertekið fyrir framkvæmdir í þá átt; alt hefir gengið til viðhalds þessara aðalflutningabrauta.

Þetta er þá ein aðalástæðan fyrir því, að sýslunefndin skorar á þingið að taka vegalögin til endurskoðunar. Telur hún það miklu heppilegra, að ljett verði þessari byrði af sýslufjelögunum í framtíðinni; aftur á móti vill hún, að hjeruðin taki þátt í stofnkostnaði nýrra flutningabrauta, sem telja má víst að lagðar verði, og vakir það fyrir henni, að með því móti verði betur til þeirra vandað.

Sýslunefndin fer því ekki fram á, að tekið verði af sýslufjelögunum viðhald veganna, þannig að ekkert komi í staðinn.

Brtt. á þgskj. 300 ræðir eingöngu um það, að rannsakað verði, hvort ekki sje rjettast að ljetta viðhaldi veganna af sýslufjelögunum, en þar með er ekki sagt, að nauðsynlegt sje að gera það alstaðar. Að minsta kosti þarf till. ekki að fela í sjer þá meiningu, heldur að eins, að nauðsynlegt sje að íhuga þetta atriði

Hv. frsm. (G. Sv.) segir, að áður hafi komið fram lík till. og þetta, og var hún íhuguð tölurvert af nefndinni, sem komst þó að þeirri niðurstöðu, að óráðlegt væri að rannsaka þetta nokkuð frekar.

En það þykir mjer nokkuð langt gengið, því að þótt nefndin hafi fengið margar góðar upplýsingar um þetta mál, þá er þó margt órannsakað enn.

Mig furðar því á, að jafnframsýnn maður og hv. frsm. (G. Sv.) er skuli ekki kannast við, að enn þurfi að íhuga þetta frekar.

Þótt komið hafi áður fram till. líkar þessari og verið samþyktar hjer á Alþingi, þá hefir mönnum ekki gefist kostur á að sjá árangurinn af rannsókn á þeim Að minsta kosti er mjer ekki kunnugt um, að neitt hafi verið gert til þess að íhuga þetta mál, nema þá mjög lauslega, og allra síst hvað leitt hefir til þeirrar niðurstöðu, sem nefndin hefir komist að.

Það er nú ef til vill að bera í bakkafullan lækinn að fara nú að tína fram einstök atriði, sem gætu orðið til stuðnings þeirri skoðun, að þetta beri enn að athuga. En þó get jeg ekki stilt mig um að fara út í eitt atriði, sem hv. frsm. (G. Sv.) drap á og þóttist sýna, að hjer gæti ekki komið til greina, en við háttv. þm. Borgf. (P. O.) teljum miklu máli skifta í þessu sambandi.

Það er, að alt mælir með því, að telja flutningabrautina í Borgarfirði, eða að minsta kosti nokkurn hluta hennar, til alþjóðarvegar.

Jeg skil ekki, að því verði neitað, að sjóleiðin frá Reykjavík til Borgarness og leiðin þaðan vestur um og norður um land sje alþjóðarvegur.

Og þótt svo sje, að hjeraðið sjálft hafi brautarinnar mest not, þá kemur það ekki í bága við þá skoðun, að hún sje alþjóðarvegur.

Sama er að segja um flutningabrautina hjeðan frá Reykjavík og austur um sýslur. Ef hún á ekki að teljast alþjóðarvegur, þá veit jeg ekki, hvað nefna má því nafni.

Nú eru margir á þeirri skoðun, að skifting veganna, eða viðhaldskostnaðar þeirra, niður á hjeruðin komi ekki rjett niður.

Það mál þarf því að athuga betur.

En þar sem nú á að fela hæstv. stjórn að íhuga þetta mál alt frá ýmsum hliðum, þá finst mjer það hálfgerð meinbægni, ef jeg mætti svo segja, að vilja ekki lofa þessari viðaukatill. að fljóta með.

Jeg býst svo ekki við, að það komi að notum, þótt færð sjeu fleiri rök fyrir till. þessari, enda tel jeg hana svo meinlausa, að jeg treysti því, að hv. deild samþykki hana.

Einar Jónsson: Það er víst ekki stór þörf

fyrir mig að taka til máls nú, þar sem hv. þm. Mýra. (P. Þ.) hefir eins og hans er vandi, haldið svo glögga og góða ræðu fyrir sínu máli. Og þó að Morgunblaðið sje farið að hamra á honum, þá kemur það ekki mjer við; jeg nýt þess, sem hann segir, jafnt fyrir því.

Ef hann hefir skilið framsöguræðu mína í gær, þá sjer hann, að fult samræmi er í henni og því, sem hann nú heldur fram, sem er það, að sýslufjelögunum sje alt of þungur baggi bundinn með viðhaldi veganna, og svo mun altaf reynast, meðan ríkissjóður tekur það ekki að sjer á þann hátt, sem hjer er farið fram á.*)

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg get lýst yfir því, að frá nefndarinnar hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að þeir vegarkaflar, sem þeir hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. þm. Stranda. (M. P.) drápu á, yrðu teknir með í fyrirhugaðri rannsókn. Er það líka ætlunin, að hvarvetna á landinu verði rannsakað, hverjir vegir verðskuldi að komast í tölu þjóðvega.

Í greinargerð fyrir þessari þingsályktunartill. er getið um vissa vegarkafla, sem þurfi að vinda bráðan bug að rannsókn á, og verða þeir því látnir sitja í fyrirrúmi. Hvort hæstv. stjórn mundi telja sjer skylt að verða við öðrum tilmælum hv. þm. Dala. (B. J.), frekar en till. gefur tilefni til nú, það verður hún að ráðgast um við sjálfa sig. Hvernig og hvar vegir skuli sjerstaklega lagðir, um það segir till. ekkert, en nefndin hefir hins vegar ekkert á móti því, að stjórnin taki málið einnig til athugunar á því sviði.

Hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) lagði sjerstaklega áherslu á, ásamt öðrum manni í nefndinni, að rannsakaður yrði aukapóstvegurinn frá Fossvöllum á Hjeraði að Húsavík við Skjálfanda. Færði hann fram þær ástæður, að sá vegur lægi að mestu leyti í bygð, en aðalpóstleiðin, sem nú er þjóðvegur, lægi um fjöll og óbygðir; væri því ákjósanlegra, að þjóðvegurinn lægi um bygðirnar. Jeg hefi áður drepið á, að aðalpóstleiðin er miklum mun styttri, og skemsta leiðin milli þessara hjeraða, og yrði því eftir sem áður farin.

Þessi breyting mundi og hafa talsverðan kostnað í för með sjer, því að sumstaðar yrði að gera akfæra braut, og mundi viðhald hennar verða harla dýrt. Af því að hv. þm. (Þorst. J.) er ekki við, vil jeg ekki ræða meira um þennan veg að sinni, en þetta er auðvitað alt rannsóknarefni.

Hv. þm. Mýra. (P. Þ.) var, eins og vænta mátti, gramur yfir því, að nefndin skyldi ekki taka tveim höndum við viðaukatill. hans og hv. þm. Borgf. (P. O.). Fanst nefndinni ekki nægar ástæður fyrir hendi til þess að fara inn á þessa braut, en hins vegar ræður hv. deild, hvort hún vill taka viðaukatill. til greina. Það er svo sem auðvitað mál, að sýslunefndir vilja helst losna við kostnaðinn, sem leiðir af viðhaldi flutningabrauta o. fl., og vilja koma honum á landssjóð. En það er rangt af okkur hjer að taka allar slíkar beiðnir til greina, því að þær lúta að eins að annari hliðinni. Það er því ekki að undra, þótt sýslufundur Mýrasýslu hafi samþykt áskorun til þingsins um að taka veginn þar upp á arma landssjóðs. En ef þetta yrði ofan á hjer í hv. deild, mundu fleiri sýslufjelög á eftir fara og krefjast þess, að þeirra vegum væri líka haldið við af ríkissjóði. Mundi sú byrði verða allþung ríkissjóði. Eins og viðaukatill er orðuð, á hún líka við allar flutningabrautir, en jeg tel líklegt, að hv. flm. hennar (P. Þ. og P. O.) eigi aðallega við eina flutningabraut. Nefndarinnar vilji er, að þetta

*) Nokkur hluti ræðu þessarar hefir glatast úr ræðuköflum skrifaranna. Læt jeg þar við sitja. Kann því illa, að skrifa ræður eftir á. *E. J.*

verði í hvert skifti nákvæmlega athugað, ekki að eins í hjeraðinu sjálfu, heldur og af vegamálastjóra og landsstjórn, og verði svo kafli og kafli, þar sem þörfin er brýnust, færður yfir á ríkissjóð, en ekki alt kerfið í einu. Það er satt að vísu, að af flutningabrautum eða viðhaldi þeirra leiðir þungar álögur fyrir sýslufjelagið, en þessar álögur eru þá líka bein afleiðing af þeim hagnaði, sem góðar samgöngur veita. Væri það líka hrapallegt ranglæti gagnvart þeim sýslum, sem engar flutningabrautir hafa, ef ríkissjóður færi að taka allar slíkar brautir nú, er einstök hjeruð hefðu mest not og gagn af, á sínar herðar. Að svo komnu máli vill nefndin því ekki fara inn á þá braut. Auk þessa skal jeg geta þess, að þótt hv. þm. (P. Þ. og P. O.) þyki álögurnar þungar á sýslufjelögunum, þá eru þær þó ekki mikið, saman borið við það, sem ríkissjóður hefir lagt til vegabóta í þessum hjeruðum. Ef við tækjum t. d. Mýrasýslu, þá hefir landssjóður lagt einna mest til vegabóta þar. (*P. O.*: En Borgarfjarðarsýsla). Hún er tæplega í meðallagi. Mýrasýsla er þriðja hæsta sýslan á landinu, en hæst er Árnessýsla. Til hennar hefir ríkissjóður lagt í vegabætur á fjárstjórnartímabilinu frá 1876—1916 633,866 kr., eða yfir hálfa miljón. Næst er Suður-Múlasýsla með 325,625 kr. Þá Mýrasýsla með 308,219 kr. Þá eru eigi allfá hjeruð með 20,000—30,000 kr. tillagi, og svo upp eftir, en eigi margar með yfir 100,000 kr. tillag. Það verður því ekki annað sagt en að Mýrasýsla hafi notið feikilegra hlunninda, enda hefir þar á síðustu árum engu verið varið úr sýslusjóði til sýsluvega. Er það ofur skiljanlegt, því að þessar flutningabrautir koma algerlega í stað sýsluvega, þar sem þær liggja um sýsluna endilanga, eða með öðrum orðum — þær eru hjeraðsbrautir.

Af þessum gildu ástæðum hefir því nefndin ekki viljað taka till hv. þm. Mýra. (P. Þ.) og hv. þm. Borgf. (P. O.) til greina.

Sigurður Sigurðsson: Það vill oft verða svo, þegar minst er á vegamál, að þá þurfa margir að leggja orð í belg. Upphaflega ætlaði jeg mjer alls ekki að tala í þessu máli, en nú hafa umr. snúist þannig, að jeg verð að segja nokkur orð.

Hv. frsm. (G. Sv.) virtist hafa margt á móti brtt. á þgskj. 300. En þar er farið fram á að athuga, hvort ekki sje rjett, að viðhaldi flutningabrauta verði ljett af sýslusjóðunum og kostað af landssjóði. Skildi hann þessa tillögu svo, að hún ætti við allar flutningabrautir. Hins vegar mátti einnig skilja ræðu hv. frsm. (G. Sv.) svo, að hann teldi, að rjett væri að ljetta þeim flutningabrautum af sýslusjóðum, sem fremur mættu heita alþjóðarvegir en hjeraðsbrautir. Þykist jeg vita, að hann hafi þar haft í huga brautina austur um sveitir — Flóa og Holt — því hún má miklu fremur heita þjóðbraut heldur en flutningabraut einstakra hjeraða. Jeg get t. d. bent á, að í Árnessýslu eru 16 hreppsfjelög, en af þeim nota nokkuð verulega að eins 3 hreppar brautina yfir Flóann. Hins vegar er vegurinn mest notaður af Rangæingum, Vestur-Skaftfellingum og Reykjavíkurbúum. Það er því ekki nema rjett að athuga, þar sem svona stendur á, hvort ekki sje sanngjarnt og rjettlátt að ljetta viðhaldi slíkrar brautar af sýslufjelaginu og færa það yfir á landssjóð.

Nú þykist jeg enn fremur skilja, að hv. flm. till. á þgskj. 300 (P. O. og P. Þ.) hafi sjerstaklega haft í huga Borgarfjarðarbrautina og brautina austanfjalls, milli brúnna, þótt þeir hafi orðað till. almennt. Og það er kunnugt, að þær brautir geta miklu fremur skoðast alþjóðarvegir en hjeraðsbrautir. Um Borgarfjarðar-

brautina fara allir þeir, sem eiga leið norður yfir Holtavörðuheiði, eða koma að norðan, og eins þeir, er fara vestur í Dali eða koma þaðan. Er því líkt á komið með brautina í Borgarfirði og brautina austanfjalls. Þær eru í raun og veru þjóðleiðir. Brautin austur um sveitir er sambandsbraut eða tengiliður milli hjeraðanna eystra (Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslna) og Reykjavíkur Jeg sje því enga ástæðu til annars en að samþ. brtt., þar sem jeg þykist vita, að átt sje við þessar brautir sjerstaklega.

Hv. frsm. (G. Sv.) mintist á nokkrar fjárhæðir, sem varið hefði verið til vegabóta í ýmsum sýslum. Jeg veit, að hann hefir ekki verið að nefna þessar tölur í þeim tilgangi, að telja það fje eftir. En viðvíkjandi því, sem hann sagði um Árnessýslu, þá er það athugandi, að það er fjölmennasta hjerað landsins, þegar stærstu kaupstaðirnir eru undanskildir. Auk þess er þessi sýsla mjög víðáttumikil. Og bókstaflega sagt, þá voru þar engir vegir af náttúrunnar hendi. Mátti heita, að sumsstaðar væri illkleift að ferðast á milli bæja og sveita áður en vegirnir komu. Og eftir þeim kröfum, sem nú eru gerðar hjer á landi, mundi þetta hjerað naumast teljast byggilegt, ef vegir þeir, sem gerðir hafa verið, hyrfu einn „góðan veðurdag“.

Loks vil jeg geta þess, að áskoranir til stjórnarinnar, svipaðs efnis og þessi, eru ekki nýjar. Þær hafa oft verið gerðar hjer áður, en aldrei borið neinn árangur til þessa. Árið 1915 var samþykt þingsályktunartill. þess efnis, að skora á stjórnina að láta endurskoða vegalögin og breyta flokkun veganna. En þessu var engu sint. Á síðasta þingi var samþykt áskorun til stjórnarinnar í 5 liðum, og sumir þeirra miðuðu í sömu átt og till. á þgskj. 300. En mjer vitanlega hefir ekkert komið frá stjórninni þess efnis. Málsháttúrinn gamli segir, að ekki sje fullreynt fyr en í þriðja sinn. Nú er þessi áskorun komin fram í þriðja sinn, og vonandi hefir hún nú einhver áhrif.

Jeg vænti, að till. á þgskj. 300 verði samþykt, sjerstaklega þegar tekið er tillit til, að þótt orðlagið sje almennt þá er þó sjerstaklega átt við þessar tvær áðurnefndu brautir.

Björn R. Stefánsson: Jeg get ekki stillt mig um að segja nokkur orð út af ræðu hv. frsm. (G. Sv.), og sjerstaklega því atriði, er hann var að telja upp, hversu mikið fje hefði farið í vegabætur til Suður-Múlasýslu í samanburði við aðrar sýslur. Mest af því fje, sem hann nefndi, hefir farið til byggingar Fagradalsbrautarinnar og ætti því að teljast til beggja Múlasýslna — skiftast milli þeirra. Fagradalsbrautin liggur að vísu öll í Suður-Múlasýslu, en er aðallega notuð af 6 hreppum, en af þeim eru 4 í Norður-Múlasýslu, en að eins 2 í Suður-Múlasýslu. Jeg vil sömuleiðis vekja athygli annara hv. þm. á, að þessi skýrsla, er hann fór eftir, nær frá 1876—1916, en síðan hefir sama og ekkert verið veitt til vegagerða í Suður-Múlasýslu, en mikið fje til annara hjeraða. Skal jeg enn fremur nefna, að fjárlögum 1913 fylgdi skýrsla frá hr. Jóni Þorlákssyni, sem þá var vegamálastjóri, þar sem ólagðir vegir eru flokkaðir niður eftir því, í hvaða röð skuli leggja þá. Í þessari skýrslu er að eins 10—15 kilóm. langur vegspotti í Suður-Múlasýslu í fyrsta flokki, en þessi vegspotti er ekki kominn enn, enda er það einasti vegspottinn, sem var í fyrsta flokki þessarar skýrslu, sem ekki er enn þá farið að vinna að eða búið að veita fje til.

Þá verð jeg líka að benda háttv. þm. á það, að fjárframlög Sunnmýlinga eru mun meiri en ráða mætti, að því sem sjeð verður á tillagi þeirra til sýsluvega. Þess ber að gæta, að í Suður-Múlasýslu eru líklega meiri hreppavegir en í nokkurri annari sýslu. Inn í sýsluna skerast margir langir

firðir; er mjög ógreiður vegur fram með þeim, og við fjallsendana víða skriður frá fjalli til fjöru. Fram með þessum fjörðum er allmikil umferð, svo ekki verður hjá því komist að halda vegum þessum færum. Gengur árlega til þess mikil vinna, því þó vegir þessir sjeu gerðir færir á hverju vori, þarf að bæta um það — helst eftir hverja stórrigningu, því þá hleypur á ný í þessum skriðum, en stórrigningar eru alltíðar á Austurlandi, eins og kunnugt er. Það er svo fjarri því, að skyldu-hreppsvinnan nægi til þessara vegalagfæringa. Hrepparnir verða því — auk hennar — árlega að leggja mikil útgjöld á sig til þess að halda þeim við, en það er aftur ástæðan til þess, að þeir hafa kynokað sjer við að hækka hjá sjer sýslusjóðsgjaldið að nokkrum verulegum mun. Álögur þeirra á sjálfa sig til vegagerða eru samt ekki minni en annara, þó ekki sjáist það af framlögum þeirra til sýsluveganna.

Þessar upplýsingar taldi jeg nauðsynlegt — út af skýrslu þeirri, sem hv. frsm. (G. Sv.) var með — að gefa hv. deildarm., því þess var ekki að vænta, að þeir, án þess, veittu því eftirtekt, heldur kynna að byggja á skýrslunni. Tölurnar eru altaf taldar ólýgnar, en þegar vantar í þær eru þær villandi, þó þær sjeu rjettar það sem þær ná.

Jeg tel varhugavert að ljetta viðhaldi vega að öllu leyti af hlutaðeigandi sýslum. Jeg veit, að mig og fleiri brestur kunnugleika til að dæma um, hvar sú þörf væri brýnust, þó sú leið yrði farin. En þetta gæti orðið til þess, að menn ljetu ýmsa þá vegi ganga fyrir, sem ættu að rjettu lagi að sitja á hakanum, því að hætt er við, að menn yrðu um skör fram áfjáðir í fje úr landssjóði til viðhalds og aukningar vegum, er þeir bera ekki sjálfir neinn kostnað af vegunum. Gæti þá oftið meira á óbilgirni hlutaðeigandi þm. til hrossakaupa en á þörf og sanngirni.

Pjetur Ottesen: Áður en jeg sný mjer að tillögunni, get jeg ekki leitt hjá mjer að geta þess, að mjer þykir töluvert ógeðfelt, að enginn úr stjórninni skuli vera viðstaddur þessar umræður, þar sem verið er að skora á stjórnina að gera till. um mikilsvert mál, sem snertir mjög alla þjóðina.

Á undanförnum þingum hafa komið fram áskoranir, sem gengið hafa í þessa átt. Þess vegna má ætla, að þingsál. á þgskj. 278 eigi við nægilega sterk rök að styðjast. Það hefir víst verið skorað tvisvar eða þrisvar á stjórnina að taka þetta mál til íhugunar, og þá sjerstaklega að því er snertir viðhald flutningabrauta, en ekkert orðið af framkvæmd. Síðan vegalögin voru samþykt 1907 hefir mikil breyting orðið á samgönguþörfum víðs vegar um land. Í Borgarnesi t. d. hefir risið upp allmikill kaupstaður og samgöngur mjög vaxið milli Norður- Vestur- og Suðurlands um brautirnar, sem að kaupstaðnum liggja. Og nú er allur póstur, sem á að fara vestur og norður um land, fluttur sjóleiðis úr Reykjavík til Borgarness. Borgarnes er því orðið nokkurskonar miðstöð samgangna milli Norður- og Vesturlands og Reykjavíkur. Enn fremur má minna á það, að því er til verslunarinnar kemur, að nálega öll Hnappadalssýsla rekur nú orðið verslun í Borgarnesi. Þessi mikla umferð um viðkomandi vegi leiðir til þess, að viðhald á þeim verður miklu dýrara en áður. Og viðhaldið á vegunum verður því tilfinnanlegra, þar sem vegirnir eru yfirleitt illa gerðir í byrjun; sjerstaklega er alt viðhald á rennum og trjebrúm, sem eyðileggjast á tiltölulega skömmum tíma, mjög dýrt, og eru nú orðin svo mikil brögð að þessu, að viðkomandi sýslur rísa trauðla undir viðhaldinu, auk þess sem það heftir nauðsynlegar framkvæmdir á öðrum sviðum.

Viðhald flutningabrautarinnar frá Rvík austur yfir Hellisheiði til Ingólfsfjalls er kostuð af ríkissjóði. Um Borgar-

fjarðarbrautina stendur líkt á og þennan veg. Það er víst mjóst á mununum um umferð á þessum brautum, og þar sem svo stendur á, að utanhjeraðsmenn nota vegina hátt upp í það eins mikið og menn þeirra hjeraða, sem viðhaldið hvílir á, þá verður því ekki neitað, að öll sanngirni mælir með því, að ríkissjóður kosti viðhaldið á slíkum stöðum. Mjer virðist þess vegna, að öll sanngirni mæli með því, að þetta sje að minsta kosti rannsakað með öðrum liðum till.

Jeg fæ ekki sjeð, hverjar ástæður nefndin hefir getað haft til að vera því mótfallin, að þetta væri athugað, þar sem hún hefir yfirleitt tekið vel í málið. Og þótt fyrir okkur hafi vakað, að þetta væri athugað, þá er ekki þar með sagt, að við ætlumst til, að viðhaldi flutningabrauta yrði í einum rykk alstaðar ljett af sýslunum. Við gerðum ráð fyrir, að vegamálastjóri athugaði málið og kæmi með till. um, að flutningabrautum yrði þar ljett af sýslunum, sem mest nauðsyn krefði, og þá smám saman.

Enn fremur skal jeg minnast á það í þessu sambandi, að vel gæti komið til mála, að sú breyting yrði gerð á vegalögum, að hjeruðin legðu eitthvað af mörkum fram til lagningar flutningabrauta í upphafi, en landssjóður kostaði síðan viðhald þeirra. Með því fyrirkomulagi ætti að fást meiri trygging fyrir,að vegirnir væru betur gerðir, og þörfin á þeim kæmi fram í því,hversu menn vildu leggja mikið af mörkum fram.

Jón Jónsson: Jeg hjó svo eftir, að 1. þm. Árn. (S. S.) vildi leggja sjerstakan skilning í þessa till. Þetta þótti mjer kynlegt, þar sem jeg sje ekkert rjettlæti í því, að viðhaldsskyldan sje miðuð við vissar flutningabrautir eftir tillögunni.

Jeg vildi benda hv. þingdeild á það, að vert væri að athuga vel Fagradalsflutningabrautina í þessu sambandi. Hún er ein af þeim flutningabrautum, sem við er haldið af sýslufjelögum. Þessi flutningabraut liggur að miklu leyti í óbygðum. Þar af leiðir, að viðhaldið á henni er miklu dýrara en ella mundi. Í óbygðunum er snjókoma og vatnsmagn meira en niðri í bygðum, en það spillir mjög vegunum. Ef landssjóður ætti að taka að sjer viðhald á nokkrum brautum af sýslufjelögum, þá er það vissulega mestur hluti Fagradalsbrautar, sem í óbygðum liggur.

Þetta vildi jeg benda á, til þess að vekja athygli manna á því, að sá skilningur getur ekki verið rjettur, að till. sje bundin við Borgarfjörð eða Suðurlandsundirlendið. Ef sá skilningur felst í till., vildi jeg mótmæla honum eindregið.

Annars geri jeg þetta ekki að kappsmáli. Jeg vildi að eins benda á, að sá skilningur er rangur, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) virðist hafa lagt í till., til leiðbeiningar fyrir stjórnina. Allar ástæður verður að athuga með sanngirni, áður en breyting er gerð.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg stend upp í síðasta sinni, í þeirri von, að aðrir ræðumenn hafi lokið sjer af.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) fór „inn á þá braut", að viðhaldi á þessari allsherjarbraut austur yrði ljett með öllu af sýslunni. Háttv. þm. Borgf. (P. O.) tók í líkan streng, og var þó auðheyrt,að hann átti þar að eins við flutningabrautina, sem liggur um hans hjerað. (*P. O.*: Það er ekki rjett). Þm. mun að vísu hafa komist svo langt að vilja lofa flutningabrautinni austur um fjall að hanga með.

En viðaukatill. háttv. flm. er miðuð jafnt við allar flutningabrautir. En þó að till. væri athugnð, kæmi þetta vafalaust ekki í framkvæmdinni niður á öllum stöðum.

Annað er athugavert við till. háttv. þm. Borgf. og Mýra. Það er sú hugsun, sem liggur á bak við till., sem er algerlga andstæð þeirri hugsun, er lá til grundvallar

hjá samvinnunefnd samgöngumála. Í till. þm. Borgf. og Mýra. er það talið sjálfsagt, að viðhaldi flutningabrauta sje ljett af sýslusjóðum, sbr. „hvort eigi sje rjettast, að viðhaldi flutningabrauta . ....“ Ef tillögumennirnir hefðu verið hlutlausir, mundu þeir hafa orðað till. sína á þá leið, „hvort rjett sje .....“ Frá þeirra sjónarmiði er það þess vegna rjettast, að viðhaldinu sje ljett af sýslunum. Þeir ætlast þess vegna ekki til, að rannsókn sje gerð í þessum efnum, er leiði til annarar niðurstöðu.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) gaf það í skyn, að vafasamt mundi, að meiri hluti nefndarinnar mundi vera viðaukatill. mótfallinn. En þetta er ekki rjett. Jeg veit, að samþ. var með miklum meiri hluta atkvæða að mæla gegn henni, og þar sem enginn nefndarmanna hefir komið fram með nein ágreiningsatriði, er öll nefndin bundin við samþyktina, nema einhverjir skerist úr leik. Og skal jeg geta þess, þm. til huggunar, að einungis einn nefndarmanna, hinn landskjörni þm. úr Borgarfirði (H. Sn.), var ekki viðstaddur, þegar till. var samþykt.

Að lyktum vil jeg geta þess, að það er ekki rjett hjá háttv. þm. Borgf. (P. O.), að sama máli sje að gegna um veginn úr Borgarnesi sem um veginn úr Reykjavík austur yfir fjall. Jeg álít, að það sje alt öðru máli að gegna um veginn austur yfir fjall. Þessi vegur liggur ekki eingöngu um Árnessýslu. Hann liggur einnig um fjalllendi og óbygðir, og er algerlega óleyfilegt að leggja viðhaldskostnað þessa hluta vegarins á sýslurnar, sem sje austur yfir Hellisheiði. Umferðin um þessa braut er ekki heldur samanberandi við umferðina um Mýra- og Borgarfjarðarbrautina. (*P. O.*: Hv þm. þekkir ekki umferðina um þessar brautir). Jú, jeg þekki hana svo vel, að jeg veit, að hún stenst engan samanburð við umferðina um Hellisheiðarbrautina. Þm. (P. O.) talaði í þessu sambandi um fordæmi. En hann hefir ekki athugað, að um veginn austur yfir fjall er alt öðru máli að gegna en flutningabrautir, sem liggja niðri í bygðum. (*P. O.*: Jeg hefi fært þetta í tal við vegamálastjóra). Þm. (P. O.) hefir þá ekki skilið vegamálastjóra rjett.

Það er mikill munur á því, hvort ríkissjóður annast viðhald vega gegn því, að sýslurnar leggi dálítið meira til vegagerðanna, eða hinu, að ríkissjóður annist að mestu leyti vegagerðina í öndverðu, og sýslurnar sjái síðan um viðhaldið. Þetta fyrirkomulag mundi þykja hentugt fyrir þau hjeruð, sem vegirnir lægju að. En viðhaldið er dýrt, ef það á að verða í nokkru lagi. Hins vegar er þess að gæta, að hagsmunir af brautunum eru afarmiklir fyrir þau hjeruð, sem þær liggja að. Og hætt er við, að þetta fyrirkomulag gæti skapað ranglæti gagnvart ýmsum hjeruðum. Þar að auki er það í ósamræmi við reglur þær, sem gilda um önnur fyrirtæki ríkissjóðs.

Aðalatriðið fyrir þjóðfjelagið er að koma fyrirtækinu á. Síðan verður að miða viðhaldið við reglur þær, sem gilda þar um, svo sem nú um viðhald vega. Það virðist vera sanngjarnt, að þeir haldi vegunum við, sem njóta þeirra. Og það mundi leiða af viðhaldsskyldunni, að íbúar hjeraðanna ljetu sjer annara um það, hvernig vegirnir væru farnir.

Jeg fæ ekki sjeð, að hjer sje þörf á þessari viðaukatill. Þetta er í sjálfu sjer einfalt fjárhagsatriði. Hjer þarf ekki um að ræða rannsókn á því, hvort taka skuli þessa eða hina flutningabraut. Vegamálastjóri á að sjálfsögðu að fjalla um málið. Og þeir, sem hefðu sjerstakan áhuga á því, gætu beint til hans athugasemdum sínum um það og beðið hann að taka þær til íhugunar. Annars er þetta eins og hvert annað einfalt vegamál. Að sjálfsögðu yrði látið sitja við úrskurð vegamálastjóra, nema landsstjórn eða Alþingi vildi taka annan upp. Reyndar gæti komið til mála, að einstakar málaleitanir kæmu fram á Alþingi og þá með eða án meðmæla vegamálastjóra; en með

þær yrði þá að fara sem fjárveitingaratriði.

Þessum augum lítur nefndin á málið. Hana skiftir auðvitað ekki miklu, hvort deildin vill fylgja henni eða ekki.

Pjetur Ottesen: Aðalröksemdirnar, sem hv. frsm. (G. Sv.) hefir fært fram móti viðaukatillögu minni og þm. Mýra. (P. Þ.), eru þær, að till.væri komin fram af hreppapólitík hjá okkur, en þessu vil jeg mótmæla harðlega. Þetta sýnir að eins röksemdaþrot hv. frsm. (G. Sv.). Jeg tók það greinilega fram, að það yrði að sjálfsögðu á valdi vegamálastjóra að gera tillögur um það, ef til kæmi, hvar þörfin væri mest að ljetta viðhaldinu af. Og jeg skil ekki, að það þurfi að væna þann heiðursmann um neina hreppapólitík í þessum málum. Jeg get alveg eins vel núið hv. frsm. því um nasir, að mótmæli hans gegn till. sjeu sprottin af hreppapólitík, því till. mundi, ef samþ. væri, ef til vill ekki gefa honum fyrirheit beinlínis um fje í hans kjördæmi.

Þá vildi hann fetta fingur út í orðalagið á till. Jeg gerði ekki ráð fyrir, að þessi liður yrði fremur skilinn bókstaflega en hinir liðir till. En hann er samstæður þeim um orðalag.

Þetta er því bara orðhengilsháttur hjá hv. frsm. (G. Sv.).

ATKVGR.

Brtt. 300. feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorst. J., B. J., B. K., E. A., H. K., J. J., J. B.

nei: M. P., M. Ó., P. J., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. St., E. Árna., G. Sv., M. G., Ó. B.

Tveir þm. (E. J. og J. M.) fjarstaddir.

1. liður till. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. — — — — 20 — —
3. liður till. samþ. með 17 shlj. atkv
4. — — — — 17 : 1 —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 11. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um vegamál,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 326).

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Ed,, miðvikudaginn 13. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Frsm. (Kristinn Daníelsson: Eins og hv. þingdeildarmönnum er kunnugt, er till. þessi frá samgöngumálanefnd beggja deilda, og enda þótt efni hennar sje þannig vaxið, að jeg búist við, að hv. þm. greiði henni atkv. sín, þá hefi jeg tekið að mjer að fylgja henni úr hlaði með fáeinum orðum.

Það er þjóðkunna, að vegamálin eru mikið vandamál. Alþingi hefir gert sjer alt far um að vinna að þeim og lagt árlega fram fje í því skyni, en þó er það ljóst, að árangurinn er ekki sem bestur, og þau eru ekki í svo góðu horfi, sem skyldi, eða á því framfaraskeiði, sem æskilegt er.

Það er í augum uppi, að það þarf að gera þar miklar endurbætur, en þótt samgöngunefndinni væri það ljóst, þá hafði hún ekki viðbúnað til að gera miklar eða stórfeldar breytingar, og ljet sjer því nægja að benda á þau atriði, er till. greinir ger frá.

Fyrsti liður till. er í sambandi við þá handahófsskiftingu, sem nú er á vegunum. Það fer nú eftir því, hvað vegurinn heitir, hversu miklu ríkissjóður kostar til hans, en það á vitanlega ekki að fara eftir því, heldur hinu, hversu mikið vegirnir eru notaðir. En til þess er nú ekkert eða alónógt tillit tekið. Nefndin vill því láta athuga, hvort ekki væri rjett að bæta við fleiri vegum í þann kafla vegalaganna, sem ríkið kostar, einkum þeim, sem fjölfarnastir eru.

Annar liðurinn er um það, hvort eigi væri rjett að ákveða, hversu mikið tillag landssjóður eigi að leggja til annara vega. Hingað til hefir það verið af handahófi, en þó oft ½ til sýsluvega. Er rjett að athuga, hvort ekki væri rjett að setja fastar reglur um það.

3. liður till. bendir á, að ef til vill sje rjett að taka lán til þess að koma vegamálunum frekar áleiðis. Til grundvallar liggur sú hugsun, að þessi kynslóð er með vegalagningum að búa í haginn fyrir þá næstu, og sje því rjettmætt að taka lán, til þess að dreifa kostnaðinum á fleiri en þá, sem hafa not af vegunum meðan verið er að leggja þá.

4. liður lýtur að aðalvandamáli hjeraðanna, að afla nægilegs fjár til þess að viðhalda vegunum og leggja aðra nýja.

Eins og kunnugt er, hafa hjeruðin engan annan gjaldstofn til þessa en sýsluvegagjaldið. En það er svo lítið, að það hrekkur ekki neitt, ef eitthvað á að gera, og nægir taplega til þess að greiða afborganir og vexti af lánum, er sýslurnar hafa tekið til vegagerða. Alstaðar hefir þurft að bæta við fje úr sýslusjóðunum sjálfum.

Jeg býst við, að vandasamt geti orðið að finna hentugan gjaldstofn, en mikils væri það vert, ef það tækist, og er því sjálfsagt að athuga þetta atriði rækilega.

Hv. þingdeildarm. mun þetta mál fullljóst, og skal jeg því ekki fjölyrða frekar, en að eins mælast til þess, fyrir hönd samgöngumálanefndanna, að till. verði samþykt.

Magnús Kristjánsson: Það er ekki ætlun mín að andmæla till., en jeg vildi að eins vekja athygli á því, hvort 4. liðurinn sje svo bráðnauðsynlegur. Mig minnir, að einhversstaðar sje á ferðinni frv., er gangi í þá átt, að þessum tilgangi verði náð að meira eða minna leyti.

Þá vildi jeg benda á, að orðalagið á 1. lið er ekki sem heppilegast. Þar segir: „..... hvort ekki sje rjettmætt ....“, en mjer finst orðið „rjettmætt“ óviðkunnanlegt í þessu sambandi, og mætti sjálfsagt finna heppilegra orð. Þessu vildi jeg að eins skjóta til hv. frsm. (K. D.) til athugunar.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Hv. þm. Ak. (M. K.) gat þess, að nú væri frv. á leiðinni, sem miðaði að því, að auka hjeruðunum tekjur til vegagerða. Hann mun þar eiga við frv. um heimild til að hækka sýsluvegagjaldið. Jeg hygg, að jeg megi segja, fyrir hönd samgöngumálanefndanna, að þær ætli þetta ekki heppilega leið til að afla fjár til vegagerða, enda myndi þessi hækkun hrökkva skamt. Jeg geri og ráð fyrir, að margir muni því mótfallnir að hækka sýsluvegagjaldið Því að það er að minsta kosti enn órannsakað, hvort gjald þetta sje lagt á með sanngirni og eftir sönnu gjaldþoli hreppanna. Því er þannig skift niður á hreppana, að það er reiknað eftir saman lagðri tölu ábúðar- og lausafjárhundraða að ⅔, en eftir vinnufærum karlmönnum að ⅓ hluta. Mun það óvíða koma niður sem jafn nefskattur á öllum. Jeg fyrir mitt leyti álít það miklu betra, eins og nú stendur á, að afnema sýsluvegagjaldið alveg, en greiða allan kostnað við vegina beint úr sýslusjóði, og afla þess fjár á sama hátt sem annara

tekna sýslusjóðanna. Þetta er auðvitað álitamál, en því meiri er ástæðan til þess að athuga það vandlega og reyna að komast að sanngjarnri niðurstöðu. En sanngjarnt er það, sem best finnur gjaldþol hjeraðanna.

Jeg get verið sammála hv. þm. Ak. (M. K.), að liðurinn sje ekki sem best orðaður, og væri fyllilega nóg að segja „rjett", í stað „rjettmætt".

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 356).

5. Rannsókn símaleiða.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um rannsókn símaleiða (A. 366).

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 16. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.
Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 18. ágúst, var till. tekin til einnar umr
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var till. aftur tekin til einnar umr.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Samgöngumálanefnd hefir leyft sjer að taka upp á þgskj. 366 og draga saman till. þær, sem til hennar hefir verið vísað, um rannsókn símaleiða. Þesar till. voru alls 3, en auk þeirra hefir nefndin tekið upp í till. 2 atriði í viðbót, sem henni bárust og hún gekk inn á.

Fyrsta atriðið er fullnaðarrannsókn á aðalsímaleiðinni sunnanlands, milli Víkur og Hornafjarðar. Landssímastjóri lagði mikla áherslu á, að þetta væri tekið með.

Annað atriðið er frá háttv. þm. Árn. (S. S. og E. A.). En jeg vil taka fram, að nú er kominn inn í aukafjárlög í hv. Ed. kostnaður við lagningu símalínu frá Kiðjabergi að Minni-Borg. (*S. S.*: Það er nú minst af leiðinni). Það mun vera, en það kemur þó undarlega fyrir, að biðja fyrst um rannsókn, en koma því svo inn í aukafjárlög á sama þingi til framkvæmda. En annars hygg jeg ekki, að neitt sje um þetta að segja. Landssímastjóri mun hafa ákveðið leiðina.

En þá er eitt atriði, um leiðina að Arnarstapa á Snæfellsnesi. Nefndin vill ekki ákveða nánar, hvernig línan skuli liggja, en það mun vera annaðhvort frá Búðardal eða Ólafsvík. Landsímastjórinn hefir kosið, að þetta sje óákveðið.

Nefndin er yfirleitt sammála um, að þessi rannsókn sje sjálfsögð, og landssímastjóri sömuleiðis. Þess vegna er ekki um annað að ræða en að samþykkja till. eins og hún liggur fyrir. Þar sem landssímastjóri gengur inn á, að sími skuli koma, verður fyrst að rannsaka leiðina. Þar á eftir er fyrst hægt að hefja framkvæmdir. En það er annað mál, hve fljótt búið verður að rannsaka og hægt er að byrja framkvæmdir.

Sem sagt mælir nefndin með því, að þessar leiðir sjeu rannsakaðar.

ATKVGR.
Till. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 426).

6 Landsbankaútibú í Stykkishólmi.

Á 15. fundi í Ed., föstudaginn 25. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um, að sett verði á stofn í Stykkishólmi útibú frá Landsbanka Íslands (A. 155).

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 28. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. fundi í Ed., þriðjudaginn 29. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Það er orðin ríkjandi skoðun bæði utan þings og innan, að koma þurfi bankakerfi landsins í betra horf en verið hefir; sjerstaklega að það þurfi að fjölga útibúunum. Það eru auðvitað altaf skiftar skoðanir um, hvar þörfin sje ríkust, en þó eru sum kauptún svo sett, að engum getur blandast hugur um, að þar sje brýn nauðsyn fyrir útibú.

Alla leiðina frá Reykjavík til Ísafarðar er ekki eitt einasta útibú, og liggur í augum uppi, að á miklum kafla af þessu svæði er mjög örðugt að ná til banka, annaðhvort á Ísafirði eða í Reykjavík. Hjeruðin, sem hjer er um að ræða, eru öll Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, öll Dalasýsla, mikill hluti Barðastrandarsýslu og nokkur hluti Strandasýslu. Í þessum hjeruðum búa um eða yfir 8 þús. manns, eða hjer um bil einn tíundi hluti allra íbúa landsins. Ef útibú væri í Stykkishólmi mundu íbúar þessara hjeraða að mestu leyti hafa sín bankaviðskifti þar, og þegar tekið er tillit til, um hve mikinn mannfjölda hjer er að ræða, get jeg ekki skilið annað en að krafa þessi verði talin rjettmæt. Ímynda jeg mjer að þetta útibú mundi þola samanburð við hvert útibú á landinu utan stærstu kaupstaðanna.

Þótt mál þetta sje svo augljóst að ekki þurfi skýringar við, vil jeg samt leggja til, að því verði vísað til fjárhagsnefndar, þar eð venja er til, að slík mál sem þetta sjeu sett í nefnd.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg býst við því, að hv. þgdm. sje kunn frá fyrri þingum skoðun mín á því, hve brýn nauðsyn ber til að setja á stofn bankaútibú víðs vegar um landið. Þá taldi jeg upp þá staði, er að sjálfsögðu ættu að ganga fyrir, og nefndi jeg fyrst einhvern stað við Breiðafjörð.

Jeg geri ráð fyrir því, að stjórnin muni þessu máli fylgjandi, en eins og hv. flm. (H. St.) tók fram, kemur málið mest til kasta stjórnar Landsbankans.

Þá koma framkvæmdir þessa máls og mikið undir afdrifum bankamálsins hjer á þingi, um aukinn seðlaútgáfurjett Landsbankans. Nái það frv. fram að ganga, getur bankinn aukið veltufje sitt, og á hann þá hægra um vik að setja á stofn útibú. Kemur stofnun þessa útibús þá vonandi til greina í fyrstu röð.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 12 shlj atkv. og

umr. frestað.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 4. ágúst, var fram haldið einni umr. um till. (A. 155, n. 226).

Frsm. (Halldór Steinsson): Eins og sjest á nefndarálitinu, þá hefir fjárhagsnefndin lagt til, að till. þessi verði samþykt, og jeg sje ekki ástæðu til að færa frekari

gögn fyrir rjettmæti hennar en jeg gerði við fyrri umr. um daginn. Þó skal jeg taka það fram, að stjórnir Landsbankans og Íslandsbanka eru samdóma um að telja þennan stað, eða einhvern annan stað við Breiðafjörð, einhvern besta stað fyrir útbú nú, og þann stað, er bæri að taka fram yfir aðra staði, þegar næst verður komið á fót útibúi, en það verður gert er hagur þeirra batnar. Jeg vænti því, að till. fái góðan byr hjá hæstv. deild.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um, að sett verði á stofn í Stykkishólmi útibú frá Landsbanka Íslands,
eins og hún var samþ. við eina umr í Ed. (A. 256).

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. fundi í Nd., fimtudaginn 7. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst ekki við, að mikið þurfi um þetta mál að tala. Jeg geng að því vísu, að því verði vísað til 2. umr. og nefndar, og þá líklega fjárhagsnefndar. Þess mun ekki gerast þörf að fara að rekja ástæður til málsins. Það er mjög margt, sem mælir með því, að sett verði á stofn í Stykkishólmi bankaútibú. Mjer er kunnugt um, að margir, sem til þekkja og hafa hugsað málið, telja, að meiri ástæða sje til að setja þarna útibú en sumstaðar annarsstaðar, sem þó hefir gengið á undan.

ATKVGR.
Till. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) með 14 shlj. atkv. og

umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21. ágúst, var framhaldið einni umr. um till. (A. 256, n. 391).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Till. þessi er komin frá hv. Ed. og var samþykt þar. Síðan hefir hún verið athuguð af fjárhagsnefnd, og leggur hún eindregið til, að till. verði samþykt af hv. deild. Nefndin leitaði til stjórnar Landsbankans, til þess að fá álit hennar á þessu máli, og hefir hún skrifað nefndinni á þessa leið, sem jeg, með leyfi hæstv. forseta, skal lesa upp:

„Vjer höfum meðtekið heiðrað brjef hinnar háttvirtu fjárhagsnefndar neðri deildar, dagsett 8. þ. m., ásamt meðfylgjandi tillögu til þingsályktunar um stofnun útbús frá Landsbankanum í Stykkishólmi. Í fyrgreindu brjefi sínu beiðist fjárhagsnefnd umsagnar bankastjórnar um tillögu þessa. Bankastjórnin hefir nú athugað mál þetta, og er einhuga um það, að Stykkishólmur liggi vel við til þess að hafa útbú, að svo mikill fjöldi manna myndi sækja þangað, og viðskiftamagnið myndi verða svo mikið, að útbú ætti að geta þrifist þar mætavel. Bankastjórnin hefir því fyrir sitt leyti ekkert við það að athuga, þó að till. þessi nái fram að ganga, en getur ekki enn þá sagt, hve nær bankinn getur komið þessari útbússtofnun í framkvæmd, en hún mun að sjálfsögðu

gera alt það, sem í hennar valdi stendur, til þess að koma útbúinu á stofn undir eins og ástæður bankans leyfa".

Jeg býst við, að hjer sjeu færðar fram nægar ástæður fyrir því, að hv. deild samþykki þessa till., og hygg jeg því, að ekki þurfi frekari meðmæli með henni.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi að eins þakka nefndinni, fyrir hönd Breiðfirðinga, fyrir hinar góðu undirtektir, sem að vísu voru sjálfsagðar, því það má undarlegt heita, að ekki skuli fyrir lifandi löngu vera komið útibú í Stykkishólmi. Umhverfis Breiðafjörðinn liggja stór hjeruð og víð, þar sem eru þrjár stórar sýslur. Samgöngur eru erfiðar til Reykjavíkur, og þó þangað sje komið, þekkja fjármálamennirnir lítið til hagna þar vestra, og gengur því oft stirðlega um lánin. En þeir, sem þekkja, vita að þetta eru alt allgóðar landbúnaðarsveitir, og efni manna góð, en eins og gefur að skilja, er ilt fyrir bændur að þurfa lengi að bíða eftir að fá smá lán, en svo er nú.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 453).

---

7. Lánsstofnun fyrir landbúnaðinn.

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 24. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um lánsstofnun fyrir landbúnaðinn (A. 148).

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 26. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28. júlí, var till. tekin til einnar umr..

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. júlí, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Þetta mál, sem till. fjallar um, hefir áður verið á dagskrá hjer á þingi. Á þingi 1916—1917 var borin fram samskonar till. Á þingi 1917 var borin fram fyrirspurn til stjórnarinnar um, hver afskifti hún hefði haft til framkvæmda þingsál. frá 1916—1917. Það var ekki við því að búast, að stjórnin gæti komið af stað neinum verulegum framkvæmdum í þessa átt á jafnskömmum tíma. En hins vegar hefði mátt búast við, að þetta þing fengi eitthvað frekara að vita um aðgerðir stjórnarinnar, hvort hún hefði ekki sjeð sjer fært að hrinda málinu eitthvað til vegar og þá borið till. sínar fram í frumvarpsformi. En þetta hefir ekki verið gert, og því mætti ætla, að stjórnin hafi látið undir höfuð leggjast að verða við áskorun þingsins 1916—1917. Ef svo er, tel jeg ekki vanþörf á að endurnýja þessa áskorun. Jeg vona að heyra skýrslu frá stjórninni um, hvort hún hefir nokkuð gert í málinu.

En þó að stjórnin hefði ekki sjeð sjer fært að greiða neitt fyrir máli þessu, þá er það þó alþjóðarálit, að brýn nauðsyn beri til, að löggjafarvaldið geri það, sem í þess valdi stendur, til þess að ljetta undir baráttuna með landbúnaðinum, og það því fremur, sem þessi barátta er farin að verða ærið hörð.

Bankarnir hafa hingað til sint meira

sjávarútveginum en landbúnaðinum, og er það síst að lasta. Sú hjálp hefir orðið mikil lyftistöng fyrir þjóðfjelagið.

En hins er ekki að dyljast, að landbúnaðurinn þarf meiri aðstoð en hann hefir fengið hingað til. Það er mjög eðlilegt, að bankarnir vilji fremur hlaupa undir bagga með sjávarútveginum heldur en landbúnaðinum. Sjávarútvegurinn gefur fljótar arð í aðra hönd og getur fljótar goldið þau lán, sem veitt eru til hans. Landbúnaðurinn þarf aftur á móti lán til langs tíma og með hentugum kjörum. Og þrátt fyrir þessa banka, sem hjer eru, er landbúnaðurinn litlu betur settur en áður.

Af þessum ástæðum er þingsál. sú fram borin, er hjer liggur fyrir. Og hún er samkvæm óskum margra þingmálafunda og síðast áskorun landbúnaðarþingsins, sem skoraði á stjórnina að taka þetta mál að sjer.

Annars er mál þetta mjög gamalt á þingi. Á Alþingi 1883 flutti stjórnin frv. til laga um lánsstofnun fyrir landbúnaðinn. Margir merkir þm. voru málinu fylgjandi, og Hilmar Finsen var stuðningsmaður þess. Þetta sýnir, að þörfin á slíkri lánsstofnun er ærið gömul.

Mjer eða öðrum þm. var ókleift að bera fram frv. um þetta mál, því að til þess þarf sjerfræðinga í bankamálum. En slíkir menn eru hjer í bænum, sem stjórnin á sjálfsagt kost á að fá sjer til aðstoðar. Og hún ætti að telja það vera skyldu sína að verða sem fyrst við þessum margítrekuðu óskum þingsins.

Mig brestur þekkingu til að gera nánar grein fyrir fyrirkomulagi slíkrar lánsstofnunar. En stjórnin má ekki láta þann þröskuld standa í veginum fyrir nauðsynlegum undirbúningi málsins.

Jeg býst að lokum við að heyra skýrslu og álit atvinnumálaráðherrans á málinu og hvað stjórnin telur sjer fært að vinna að því framvegis.

Að endingu vil jeg óska, að málinu sje vísað til landbúnaðarnefndar og þessari umr. frestað.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það fór að vonum, að flm. byggist við, að málið yrði vakið af stjórninni á þessu þingi. Jeg hafði hugsað mjer að hreyfa málinu nú á þinginu og skýra frá afstöðu stjórnarinnar, en var að bíða eftir tækifæri. Tækifærið er nú komið.

Jeg veit, að bændum er mjög ríkt í huga að fá lánsstofnun, til þess að geta rekið landbúnaðinn á heppilegri hátt en kostur hefir verið á hingað til. Því að ekki er hægt að gera ráð fyrir neinum stórfeldum umbótum á landbúnaðinum, t. d. breytingu á áhöldum o. þ. u. l. — sem mikil nauðsyn er þó á — án hagkvæmari lánskjara en hann hefir átt kost á til þessa.

Þetta hefir stjórnin líka sjeð, ekki síst jeg, sem er gamall bóndi, og henni hefir verið ríkast í huga, hvernig kleift væri að bæta úr þessu. Bótin er ekki enn þá komin, og þá er að íhuga ástæðurnar, sem að því liggja.

Hjer á landi er lítið um bankafróða menn. En stjórnin ræddi málið við Búnaðarfjelagið, til þess að reyna að fá drög til frv. um slíka lánsstofnun. En Búnaðarfjelagið gat ekki gefið neinar bendingar í þessa átt.

Þá sneri stjórnin sjer til Landsbankans, sem er best kunnugt um þörf landbúnaðarins. Þegar bankastjórarnir fóru utan síðastliðinn vetur, lagði stjórnin ríkt á við þá að kynna sjer slíkar lánsstofnanir í Danmörku. Þær hafa lengi átt góðu gengi að fagna þar í landi, en verið með ýmiskonar sniði, og var ráð fyrir gert, að þeir veldu það formið, sem hjer hentaði best. En þegar þeir fóru að athuga málið, komust þeir að raun um, að það krafði miklu lengri tíma en þeir höfðu ráð á.

Það landið, sem mestan fróðleik getur

látið oss í tje í þessum efnum, hefir verið og er lokað. Hjer á jeg við Þýskaland. Stjórnin vildi ekki hrófla upp neinni frumvarpsmynd, af meiri eða minni þekkingarskorti á málinu. Því hefir hún ekki sjeð sjer fært að leggja málið fyrir þetta þing. Að mínu áliti þarf þingið að fá mann með sjerþekkingu, senda hann utan, til þess að kynna sjer málið, og ætti hann síðan að undirbúa það í samráði við stjórnina. Þessu ætti að geta verið lokið fyrir næsta þing. En stjórnin hefir ekkert fje til þess. Það ætti að vísu að vera vel liðið, þó að stjórnin verði einhverju fje til þess, en hún hefir samt ekki treyststst til að leggja frv. í þá átt fyrir þetta þing.

Jeg býst við, að hv. þingdeild sje nú ljóst, að það er ekki að kenna vanhirðu hjá stjórninni, að máli þessu er ekki komið lengra en raun er á. Hv. flm. stakk upp á, að málinu væri vísað til landbúnaðarnefndar. Jeg vil bæta við þessa till., að landsstjórninni verði heimilað að verja fje til framkvæmda málsins.

Bjarni Jónsson: Það væri að bera í bakkafullan lækinn að telja rök til þess, að landbúnaðurinn þyrfti betri lánskjör en hann hefir hingað til átt kost á. Allir viðurkenna, að honum sje ókleift að ráðast í nokkrar verulegar jarðabætur með slíkum lánskjörum. Afborgunarskilmálarnir eru svo óhagkvæmir og vextirnir svo háir, að þeir geta sett bóndann á höfuðið. Þetta þarf ekki að reikna. Það vita allir, að lán til túnasljettu borgar sig ekki þegar þarf að endurgreiða það á 10—20 árum. Og veðdeildarlán fást ekki, nema með okurkjörum.

Það er dálítið kynlegt, að allan þennan tíma, síðan 1883, hafa menn haft vakandi auga og verið ljós þörfin á hagkvæmari lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, en hverjar eru svo framkvæmdirnar?

Jeg man, að þegar jeg kom fyrst á þing, árið 1909, urðu umræður um málið. Og þegar jeg var erlendis í þjónustu landsins, átti jeg tal um þetta mál við sænskan bankamann, Knut Vallenberg, sem síðar varð ráðherra. Hann lofaði mjer, að jeg mætti bera þau boð til stjórnarinnar, að hann væri fús til að lesa yfir alla íslenska bankalöggjöf og reyna að finna ráð til þess, hvernig best mætti haga slíkri lánsstofnun. Jeg skrifaði stjórninni um þetta. Síðan eru nú liðin 10 ár, og engum hefir enn komið til hugar að hagnýta sjer tilboð þessa manns, sem er talinn langbesti bankamaður á öllum Norðurlöndum og hefir útvegað Svíum öll þeirra lán um 30 ára skeið. (*G. Sv.*: Það er ekki víst, að ráð hans hefðu komið að gagni hjer á landi.) Jeg veit ekki, af hverju stjórnin hefir ekki sint tilboði hans.

Menn hafa tilfært það sem ástæðu með framkvæmdarleysi sínu í þessu máli, að hjer vantaði sjerfræðinga, sem hægt væri að snúa sjer til. Jeg býst við, að seint verði að seilast til lokunnar yfir þá vanþekkingarhurð. Þess má geta, að hjer er þó ekki örsneitt um slíka menn. Einn þeirra Ólafur Björnsson, er nú að vísu dáinn. En þá má nefna Þorstein Þorsteinsson, hagstofustjóra, Georg Ólafsson og Hjeðin Valdemarsson, sem allir eru sjerfræðingar á þessu sviði. Fjórði maðurinn er Jón Dúason, sem nýlega hefir lokið prófi í hagfræði, duglegur maður og gáfaður. Hjer er því um 4 menn að velja, sem numið hafa bankafræði, og 3 þeirra haft hana fyrir aðalnámsgrein. En þetta eru alt ungir menn og geta ekki spunnið úr sjer neinar tillögur um þetta efni rannsóknarlaust. En ef þeir fengju tækifæri til þess að fara til annara landa og kynnast slíkum stofnunum, sem hjer um ræðir, mundu þeir efalaust koma með góðar tillögur.

Jeg skal ekki áfellast neinn fyrir þann drátt, sem orðið hefir á málinu. Jeg veit ekki, hvort hann er nokkrum að kenna

sjerstaklega. Hann er sprottinn af þessum svefni, sem hvílir yfir þeim, sem fara með mál þjóðarinnar. Við erum allir syfjaðir. Og ef einhver vill eitthvað áfram, þá er sagt, að hann vilji auðga sjálfan sig með því að komast á landssjóðinn. Ef á að koma með till., sem landbúnaðurinn gæti grætt á miljónir, þarf eitthvað að leggja í sölurnar fyrir slíka till. Hún fæst ekki fyrir ekkert. Jeg og aðrir, sem viljum leggja eitthvað í kostnað atvinnuvegum landsins til þrifnaðar, erum í raun og veru sparsömustu mennirnir.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla að eins að benda á, að hjer eru til ýmsir sjóðir, eign landsins, sem ekki eru ætlaðir til eyðslu. Þar til má nefna viðlagasjóðinn, sem nú er orðinn rúm 1½ miljón króna; þá er ræktunarsjóðurinn, um 770 þúsund krónur, og kirkjujarðasjóðurinn, um 815 þúsund krónur. Ef það er fastur ásetningur þings og þjóðar að hafa þessa sjóði eigi fyrir eyðslufje, þá er ekki útilokað að hagnýta þá til þess að koma fótunum undir þessa lánsstofnun fyrir landbúnaðinn. Jeg veit ekki, hvort allir hv. þingdeildarmenn hafa tekið eftir því, að í fjárlagafrv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir, að eftirleiðis verði haft sjerstakt reikningshald fyrir viðlagasjóð og hann fullkomlega greindur frá ríkissjóði. Hann er að miklu leyti úti í lánum, og má búast við, að af honum og ræktunarsjóðnum, sem líkt stendur á með, muni koma inn á ári um ½ miljón króna í vexti og afborganir. Væru þessir sjóðir teknir sem undirstaða undir lánsstofnuninni, væri það mikill styrkur til að byggja ofan á.

Ræktunarsjóðurinn er einmitt stofnaður í líku augnamiði og lánsstofnun þessi, en gallinn er þar sá, að lánin úr honum eru veitt til of skamms tíma, og hinar einstöku lánsupphæðir svo lágar, að þær koma engan veginn að fullu haldi.

Aðalatriðið er þetta, að vjer eigum til töluverða sjóði, sem jeg sje ekki að verði betur varið til annars en að koma fótum undir hina fyrirhuguðu lánsstofnun. Jeg veit, að þeir eru að vísu helst til litlir, en geta orðið vísir til annars meira. Á þessu vildi jeg vekja athygli nefndar þeirrar, sem gera má ráð fyrir að kosin verði í málinu, og vona jeg, að hún taki það til íhugunar.

Það má og ef til vill nota fleiri sjóði í þessu augnamiði, t. d. varasjóð veðdeildanna og bjargráðasjóðinn, þótt að vísu sje tvísýnt, hve heppilegt sje að festa hann þannig.

Hins vegar má gera ráð fyrir, að ræktunarsjóðurinn og kirkjujarðasjóðurinn muni vaxa mjög næstu árin, því að líklega muni ekki langt um líða, þangað til flestallar þjóðjarðir og kirkjujarðir verða seldar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla að bæta nokkrum orðum við ræðu atvinnumálaráðherra (S. J.). Þegar tilrætt varð í stjórnarráðinu um að koma á fót lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, þá kom það þar til orða að nota einmitt ræktunarsjóðinn sem grundvöll undir lánsstofnun þessa. Maður, sem mikið hafði verið riðinn við ræktunarsjóðinn, var svo fenginn til að semja tillögur um lánsstofnunina. Hafði jeg þær með mjer til Kaupmannahafnar í fyrra og bar þær þar undir Jón Krabbe skrifstofustjóra, sem gott skyn ber á slíkar lánsstofnanir. Honum leist ekki alls kostar á tillögurnar. Taldi hann það mundi betra, að Landsbankinn hefði þessa lánsstofnun; hann hefði nú veðdeildarbrjef til sölu, og mundi best, vegna sölu á peningamarkaði, að ein væri tegund veðdeildarbrjefa eða þesskonar verðbrjefa. Þrátt fyrir þetta hallast jeg fremur að tillögu hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) um, að sjóðir þeir, sem hann nefndi, sjeu notaðir til að koma lánsstofnuninni á fót.

Jeg er hræddur um, að nú sem stendur muni vera örðugt að selja íslensk verðbrjef á heimsmarkaðinum, nema þá með miklum afföllum; og eigi býst jeg við, að jafnhægt sje að fá ódýr lán erlendis sem hv. þm. Dala. (B. J.) gerði ráð fyrir; aftur á móti mun ekki jafntorvelt að fá þau til langs tíma.

Jeg vil skjóta því til nefndar þeirrar, sem jeg geri ráð fyrir að skipuð verði í málinu, að hún athugi vandlega tillögu hv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Sjerstaklega liggur beint við að hagnýta ræktunarsjóðinn til að styðja stofnun þessa.

Að öðru leyti get jeg ekki vænst þess, að þingnefnd geti ráðið máli þessu til lykta; eigi að síður getur það verið stuðningur fyrir stjórnina að heyra tillögur hennar og fá bendingar hjá henni.

ATKVGR.

Frv. vísað til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009) í e. hlj. og

umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21. ágúst, var framhaldið einni umr. um till. (A. 148, n. 402).

Frsm. (Stefán Stefánsson): Það má raunar segja um þessa till., að aldrei er góð vísa of oft kveðin, því þetta er nú í annað skiftið, sem slík tillaga hefir verið fram borin. Það var víst á þinginu 1916—'17, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) bar fram samskonar till., og var hún samþykt þá með breytingartillögu frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og vísað til stjórnarinnar. Þá var það á þinginu 1917, að við þm. Eyf. bárum fram fyrirspurn til landsstjórnarinnar, hvað aðgerðum hennar liði í málinu, og svaraði hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) þá, að stjórnin hefði ekki sjeð sjer fært að leggja fram sjerstakt frv. um þetta mál, og færði þrjár ástæður fyrir því. Fyrst og fremst væri það vegna styrjaldarinnar, er gerði mönnum mjög erfitt að fá öll stærri lán. Í öðru lagi, að verðbrjef slíkrar stofnunar mundu fyrst um sinn seljast lágu verði, og væri því þar af leiðandi erfitt að útvega slíkri stofnun lánsfje. Og í þriðja lagi, að samgönguteppan við útlönd hefði það í för með sjer, að ekki væri hægt að afla sjer þeirrar þekkingar og reynslu í þessu máli, er ábyggilega mætti telja.

Þetta voru aðalástæður stjórnarinnar, en jafnframt var það látið í ljós, að stjórnin mundi gera sitt ítrasta til að greiða fyrir málinu er um hægðist.

Þrátt fyrir þetta loforð lít jeg svo á, að ekkert sje á móti því, að brýna fyrir stjórninni að hraða þessu máli. Ber þess líka að gæta, að raddirnar um nauðsyn slíkrar stofnunar eru altaf að verða háværari með ári hverju. Sjest það meðal annars af því, að nú flytja átta þm. þessa tillögu, um að lánsstofnun verði komið á fót fyrir landbúnaðinn svo fljótt, sem kostur er á.

Við landbúnaðarnefndarmenn þykjumst hafa sýnt ljóslega fram á það í okkar áliti, hversu þörfin er rík fyrir slíka stofnun. Hefir nefndin athugað málið allrækilega, og lítur hún svo á, að væntanlegum lánveitingum yrði skift aðallega í 3 flokka.

1. Jarðakaupalán, sem veitt yrðu til langs tíma með vægum vöxtum og lágum árlegum afborgunum. Til þessara lána, eða þeim náskyld, má telja lán til meiri háttar húsagerða, svo sem íbúðarhúsa, sem nú fara að verða mjög aðkallandi.

2. Þá er næsti flokkur lána, jarðabótalán. Af því, að þessi lán eru miðuð við arðinn af jarðabótunum og þær allflestar ganga úr sjer með tímanum, gerir nefndin ráð fyrir, að þau verði veitt til skemri tíma en jarðakaupalán eða meiri háttar byggingalán. Þessi lán virðist nefndinni ættu að endurgreiðast á t. d. 10—15 árum, því þá á

hver skynsamlega gerð jarðabót að vera búin að borga allan upphaflegan tilkostnað.

3. Þá er 3. flokkur lána, rekstrarlán. Nefndin lítur svo á, að þessi lán sjeu einnig mjög nauðsynleg. En hins vegar virðist henni rjett að veita þau ekki til langs tíma og fremur á ábyrgð lántaka, og þá annara ábyrgðarmanna, en sem veðlán. Til þeirra lánveitinga, sem jeg þá hefi nefnt, hefir nefndin leyft sjer að benda á nokkra sjóði, sem hún hyggur vel til fallið, að lagðir væru til umræddrar lánsstofnunar. Er sú hugsun ekki ný; henni hefir verið hreyft við umræður um málið.

Sjóðir þeir, sem nefndin hefir bent á, eru: Ræktunarsjóðurinn, er hefir að mestu leyti sama tilgang; enn fremur kirkjujarðasjóður og viðlagasjóður. Um hinn síðast nefnda skal jeg geta þess, að til tals gæti komið, að hve miklu leyti honum væri varið til þessarar stofnunar, þar sem hann er ekki síður eign sjávarútvegsins en landbúnaðarins. En þó virðist nefndinni, að hann eigi að geta stutt eða fallið til þessarar stofnunar að einhverju leyti. Loks hefir nefndin leyft sjer að benda á varasjóð veðdeildanna eða samanlagðan ársarð „serianna". Sjálfsagt vantar mikið á, að þetta fje nægi, og þá virðist nauðsynlegt, að veðdeild starfi áfram með nýjum „serium" eða útvegi jafnvel bæði innlent og útlent fje á ábyrgð ríkisins. En nefndin áleit það ekki vera sitt hlutverk að benda á tilhögun rekstrar eða annars fyrirkomulags þessarar stofnunar; til þess skortir hana nægilega þekkingu á bankamálum yfirleitt. En hún vildi benda á þessi atriði og mælir eindregið með því, að tillagan verði samþykt, í trausti til þess, að stjórnin reyni að koma málinu í framkvæmd svo fljótt, sem henni er unt. Eftir því, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) fórust orð við fyrri umr. þessa máls, hefir stjórnin um málið hugsað og borið það undir bankafróða menn í útlöndum, svo að af líkum má vænta þess, að hún vinni nú eindregið að framgangi málsins. Og í því fulla trausti ræður nefndin háttv. deild eindregið til þess að samþ., að þetta mál sje afgreitt til stjórnarinnar, eins og farið er fram á í tillögunni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Væntanlega verður ekki þörf langra umræðna um þetta mál, þar sem það hefir oft verið rætt áður hjer á þingi, og stjórnin vill vinna að því eftir mætti. Síðastliðið ár gerði hún tilraun í þessa átt, fjekk menn til þess að afla upplýsinga um slíkar lánsstofnanir erlendis. En afleiðingin af þeirri tilraun varð sú, að stjórnin þóttist ekki geta komið fram með frv. í því formi, sem henni líkaði. Af þessu leiðir aftur það, að till., sem nú er fram borin, er ekki nógu fullkomin, því eftir öllu að dæma þarf stjórnin að verja töluverðu fje til undirbúnings málinu. Hún þarf að láta bankafróðan mann ferðast til útlanda til þess að kynna sjer fyrirkomulag slíkra lánsstofnana.

Stjórnin hefir því ekki slegið slöku við málið, þótt henni hafi enn ekki hepnast að koma því fram í því formi, sem hún áleit æskilegt. Hins vegar er henni ekki hægt að lofa neinu ákveðnu um framkvæmdir málsins. En hún gerir ráð fyrir, að hver sú stjórn, sem með völdin fer, geri alt það, sem henni er kleift. En til þess er nauðsynlegt, að við till. sje tengd lánsheimild fyrir stjórnina til undirbúnings málinu. Jeg vildi þess vegna skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vildi ekki taka málið að þessu sinni út af dagskrá og bæta því við till., að stjórninni sje heimilað fje til þess að undirbúa málið.

Björn Kristjánsson: Jeg tel það mjög eðlilegt, að fram komi óskir um það, að lánsstofnun fyrir þennan annan aðalatvinnuveg landsins verði sem haganlegast

fyrir komið. En að því er ekki hlaupið á þessum tímum.

Nefndin hefir að vísu gert till. um það, með hvaða fje bankinn skyldi stofnaður. Stjórnin hefir gert ráð fyrir, að hann yrði fasteignabanki, en nefndin ætlast hins vegar til, að hann verði almennur banki.

Jeg ætla mjer ekki að tala á móti till. nefndarinnar. En jeg vildi víkja nokkrum orðum að sjálfu nál., og þá sjerstaklega þeim atriðum þess, sem fjalla um það, hvernig eigi að koma þessari lánsstofnun á fót.

Nefndin leggur það til, að ræktunarsjóði, kirkjujarðasjóði, viðlagasjóði og varasjóði veðdeildanna verði varið til þess að koma lánsstofnuninni á fót. Jeg hefi hins vegar litið svo á, að þessir sjóðir hefðu ekki handbært fje til slíkra útlána, og skal jeg gera grein fyrir þeirri skoðun minni dálítið nánar.

Síðastliðið ár hafði ræktunarsjóðurinn lánað 672 þús. kr., en 65 þús. kr. í peningum voru eftir í sjóðnum. Hann verður þess vegna ekki lagður sem stofnfje til þessarar stofnunar, því að hann er þegar lánaður. Og það er enginn gróði í að flytja eina lánsstofnun yfir í aðra, þegar ekki fæst neitt nýtt veltufje.

Eins er farið með kirkjujarðasjóðinn. 31. desember 1918 hafði hann lánað 576 þús. krónur.

Þá er viðlagasjóðurinn. Nafnið sjálft bendir á, til hvers sjóðurinn er stofnaður. Hann er stofnaður í því skyni að bera halla af gjöldum landsins og til bjargráða, ef með þarf. Og þó að hann hafi mestmegnis verið notaður til útlána, þá er það rangt, því að hann þyrfti altaf að vera handbær, ef til hans þyrfti að taka. Þessi sjóður er stofnaður af almenningi, af samanspöruðum tekjuafgangi, og hefir verið varið til lána til manna af öllum stjettum, t. d. þurrabúðarmanna, gistihúsa o. s. frv. Honum hefir ekki verið markaður neinn sjerstakur bás. Um þennan sjóð getur þess vegna ekki verið að ræða sem lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, þar sem hann stendur nú líka mestallur í lánum.

Loks er varasjóður veðdeildanna. Við þessum sjóði verður ekki hreyft fyr en búið er að innleysa öll veðbrjef veðdeildanna, sem nema nú yfir 7 milj. kr. Og þetta yrði á sama veg, þótt veðdeildin yrði flutt inn í fasteignabankann.

Þessi atriði vildi jeg benda á, til þess að sýna, að till. nefndarinnar getur ekki náð nokkurri átt. Jeg sje ekki aðra leið en að gefa út lög um það, að banki skuli stofnaður og honum heimilt að gefa út skuldabrjef, sem seld væru á opinberum markaði. En jeg skal ekki segja neitt um það, hvort þetta kæmi að haldi, eins og nú stendur.

Ef brjefin væru seld *innanlands*, mundi markaðurinn verða lítill, nema vextir yrðu háir, minst 5%, og svo mætti gera ráð fyrir verðfalli á brjefunum, *minst* 5%

Ef lána ætti til lengri tíma en veðdeildirnar nú veita, þá mundi markaður fyrir brjefin á útlendum markaði verða örðugur. Eigi mætti búast við að selja brjef stofnunarinnar erlendis fyrir lægri vexti en 5%, og verðfall á brjefunum eigi minna en 10%.

Kjörin hjá þessum banka yrðu því öllu verri en hjá núverandi veðdeild.

Og ef slíkur banki yrði stofnaður, mætti ekki selja brjefin smám saman, eins og gert hefir verið að undanförnu, heldur yrði að selja einhverja ákveðna upphæð í einu lagi. En þar sem engin fasteignartrygging væri þá fyrir þessum brjefum, yrði landssjóður að ábyrgjast þau, en hann gæti aftur fengið tryggingu í fasteignum þeim, sem bankinn hefði að veði, eða skuldabrjefum stofnunarinnar frá einstökum mönnum.

Af því að svona stóð nú á og jeg vissi,

hvað það var þýðingarmikið fyrir landbúnaðinn, að hann gæti fengið hentug lán, þá var það mín regla, meðan jeg var bankastóri, að halda veðdeildarbrjefunum sem hæst að hægt var, enda komust þau aldrei niður fyrir 94%. Og jeg hygg, að landbúnaðinum hafi verið bestur greiði gerður með þessu. Við höguðum fjármagni bankans þannig, að hægt væri að veita þau lán, sem bankinn þurfti að veita. En það gátum við með því að hafa svo mikið fje handbært, að við gætum leyst út brjefin með þessu verði. Þetta breyttist þegar eftir að jeg fór frá bankanum, því að síðan hafa brjefin verið keypt á 90%, til þess að hægt væri að selja þau á útlendum markaði jafnharðan. Hver bóndi gat því fengið lán, sem hann þurfti, út á veð í jörð eða húsi, með þessum betri kjörum. Betri kjara en þeirra, sem jeg hefi getið hjer um, getur landbúnaðurinn ekki vænst. Ef bankinn hefði haldið gömlu reglunni, og það gat hann vel gert, þá gat veðdeildin haldið áfram að vera besta lánslindin fyrir landbúnaðinn, sem hann gat átt kost á. Veðdeildin hefir lánað út á jarðeignir helming sanngjarns virðingarverðs, venjulega til 40 ára, og vextirnir eru að eins 4½%.

Jeg ætla samt að vera með till. nefndarinnar, en álít hana hins vegar þýðingarlausa. Það er mín ætlun, að veðdeildin sje langhagkvæmasta lánsstofnunin, sem landbúnaðurinn geti átt kost á, ef rjett væri á haldið.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Jeg skal taka það fram í sambandi við ræðu hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), að jeg sje enga ástæðu til að taka málið út af dagskrá fyrir það, þótt ekki sje í till. heimild fyrir stjórnina að verja fje til undirbúnings málinu. Þetta atriði kom til tals í nefndinni, og leit hún svo á, að ekki mundi þurfa að verja svo miklu fje til þessa undirbúnings, að nokkur vafi mundi verða á að fá samþykki þingsins. Jeg sje þess vegna enga ástæðu til, að málið sje tekið út af dagskrá.

Þá ætla jeg ekki að deila við hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), því að jeg játa, að mig brestur þekkingu á þessu máli til jafns við hann. En mjer skildist á ræðu hans, að úrræðin mundu verða fá, og kemur manni það ekki verulega á óvart. Hann sá helst enga leið; taldi leiðir þær, sem nefndin hafði stungið upp á, vera ófærar, og vildi því að eins halda veðdeildarlánunum áfram. En jeg hygg, að fólki úti um land virðist, að þingið hafi lítið gert fyrir landbúnaðinn, hvað snertir hið árlega rekstrarfje, ef það sjer engin úrræði honum til viðreisnar, önnur en veðdeildarfyrirkomulagið eitt.

Það má vel vera, að eitthvað megi að nál. finna, og þá sjerstaklega till. nefndarinnar um sjóðina. En þetta er þó ekki að eins álit nefndarinnar, heldur hefir því verið hreyft áður af ýmsum þingmönnum, og þá síðast af hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), að þessir sjóðir, sjerstaklega ræktunarsjóðurinn, sjeu stofnaðir í þessu skyni. Og nefndin vildi benda á, að ekki mundi óhyggilegt að nota nokkuð af þessum sjóðum. En hins vegar hefir hún tekið það fram, að líka þyrfti að útvega fje á ábyrgð ríkisins, og væri þá óefað heppilegt, að það fengist sem mest innanlands. Þótt ræktunarsjóðurinn sje að mestu leyti fastur nú, hlýtur talsvert fje að koma inn árlega, og því mætti óefað verja til þessarar stofnunar. Það yrði að vísu lítil fjárhæð. En nefndinni kemur það ekki á óvart; þess vegna hefir hún lagt til, að nauðsynlegt mundi að útvega meira fje, og þá er sú leiðin sjálfsögð, að vinna að því að fá lánsfje á ábyrgð ríkisins handa stofnuninni til að starfa með.

Skal jeg svo ekki ræða meira um málið, en vænti þess, eins og hv. 1. þm. G.-K. (B. K.)

mintist á, að hv. deild greiði atkvæði með tillögunni, og viðurkenni með því, að þetta sje nauðsynjamál, sem stjórninni beri að vinna fyrir í nánustu framtíð.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er betra en ekki fyrir stjórnina, sem hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) tók fram fyrir nefndarinnar hönd, að ekki mundi að því fundið, þótt nokkru fje væri varið til að hrinda þessu í framkvæmd. Jeg fyrir mitt leyti býst ekki við, að hægt verði að komast af með lítið fje til þess. En þótt hv. frsm. (St. St.) kæmist svo að orði, að ekki mundi verða fundið að því, þótt varið yrði nokkru eða dálitlu fje til framkvæmdanna, og vildi ekki taka dýpra í árinni, þá treysti jeg svo frjálslyndi þingsins, að það muni ekki finna að því, þótt stjórnin verji því fje til að hrinda málinu fram, sem nauðsyn krefur. Jeg hefði álitið, að betur hefði átt við, að fjárveitingin hefði verið nefnd berum orðum í tillögunni sjálfri, en fyrst þess er ekki kostur, verður svo að vera, og treysti jeg því fyrir hönd stjórnarinnar, að henni sje óhætt að byggja á því, sem hv. þm (St. St.) mælti um fjárveitinguna fyrir hönd nefndarinnar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis
(Sjá A. 455).

8. Eyðing refa.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um eyðing refa (A. 280).

Á 27. fundi í Nd., fimtudaginn 7. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 28., 29., 30. og 34. fundi í Nd., dagana 8., 9., 11. og 13. ágúst, var till. tekin til einnar umr., en

forseti tók málið jafnan af dagskrá

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. ágúst, var till. enn tekin til einnar umr. (A. 280, 302).

Frsm. (Jón Jónsson): Jeg skal ekki vera margorður. Það er ýmislegt ófullkomið og úrelt í reglugerðum sýslnanna víða á landinu, er nú gilda, um eyðing refa. Sjerstaklega er ætluð óhæfilega lág borgun fyrir legu á grenjum, og lág verðlaun fyrir fullorðin dýr og yrðlinga, og engin ákvæði um verðlaun fyrir að vinna refi á öðrum tímum en grenjavinslutímanum, er vakið gæti kapp og áhuga manna á vinslu refa og útrýmingu. Þessu þarf að koma í betra horf, og ætti tillagan að verða til hvatningar og umbóta, enda veitir ekki af því.

Það hefir komið brtt. frá nokkrum þm., og þarf ekki að fjölyrða um hana. Mjer finst ekki líklegt, að hún verði samþykt, eftir þeirri atkvgr., sem hjer fór fram áðan, um frv., er bannar refaeldi, og vona jeg, að till. verði tekin aftur, eða feld að öðrum kosti.

ATKVGR.
Brtt. 302. feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: M. Ó., P. J., S. St., B. Sv., B. J., B.

K., E. A., G. Sv., H. K., J. M., M. P., Ó. B.
nei: P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J. B St., E. Árna., E. J., J. J., J. B., M. G.

Tillgr. samþ. með 19 : 3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., fimtudaginn 21. ágúst, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um eyðing refa,
eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 437).

Á 37. fundi í Ed., föstudaginn 22. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.
Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 38. fundi í Ed., laugardaginn 23. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hefi ekki margt um þessa þingsál. að segja. Jeg vil ekki segja, að jeg geti ekki greitt henni atkvæði, en hitt finst mjer, að andinn í henni sje óþarflega „sterkur". Um fyrsta lið hennar, sem sje þann, að ætla mönnum sæmilega borgun fyrir grenjavinslu, er það eitt að segja, að það er ekki nema gott og blessað í sjálfu sjer. En þó munu allir þeir, sem kunnugir eru hugsunarhættinum innan sveita- og sýslustjórna, fara nærri um það, hvernig þeim „sæmilegheitum" verði farið, því þar sem mest er um það hugsað að spara og aftur spara, eru ekki ýkjamiklar líkur til þess, að borgunin verði ákveðin svo rífleg, að nokkurri skyttu þætti slægur í því að sækjast eftir henni. Og sama er að segja um annan lið nál., en um þriðja liðinn, sem sje að verðlauna þá, sem skara fram úr og vinna vissa tölu — um það er skemst að segja, að það er nú einmitt það, sem þingið er nú að gera. Það er að verðlauna þá, sem lagt hafa atorku sína og efni fram til þess að halda uppi arðsamri atvinnugrein í landinu — verðlauna þá með því, að svifta þá þessari sömu atvinnu. Og þegar sjálft Alþingi telur þetta sæmileg verðlaun, þá má fara nærri um það, hvað sveitarstjórnir muni telja sæmilegt.

Annars sýnist mjer, sem skoða eigi þessa þingsál. í sambandi við annað refafár þessa þings, og þá virðist mjer liggja í augum uppi, að ef Nd.-lögin um eyðing refa ná fram að ganga, þá er þessi þingsál. óþörf, en ef þau fá ekki framgang, þá er hún ónóg, og þess vegna get jeg ekki gefið henni nein meðmæli — og geri ekki.

Guðmundur Ólafsson: Mjer heyrðist það á andanum í orðum hv. 4. landsk. þm. (G. G.), að hann væri í aðra röndina að mæla á móti þingsál., af því að hún væri óþörf. Þetta er mjer óskiljanlegt. Þingsál. er til bóta, og auðvitað komin fram af því einu, að borgun sú, er refaskyttum er ákveðin í reglugerðum sýslnanna, er orðin langt á eftir tímanum, og því full þörf á því að samræma þóknunina fyrir þetta starf við annað kaupgjald. Hið sama á sjer stað um verðlaun til manna, er vinna refi annarsstaðar en við greni. Þetta er hægt að gera, hvað svo sem verður um refaeyðingu Nd. og hvaða skoðanir sem menn kunna að hafa á því máli.

Guðjón Guðlaugsson: Mjer virtist eðlilegast, og vil gera það að tillögu minni, að þetta mál verði geymt uns frv. um

bann refaeldis kemur hingað. Þetta eru skyld mál og eiga saman.

Menn athuga það ekki, að um fleiri menn en skyttur er hjer að ræða. Einstakir menn, þeir sem útvega tófur til eldis, hafa engu síður tekjur af þessu en þeir, sem ala þær. Jeg hefi nýlega talað við mann, sem sagðist vera umboðsmaður bóndans í Elliðaey og útvega honum tófur austan úr Árnes- og Rangárvallasýslum, og vart þarf við því að búast, að tófur, sem til Elliðaeyjar eru komnar, bíti fje austur í sýslum. Þetta ættu að vera næg verðlaun handa þeim, sem stunda þetta.

Tillaga mín er sú, að þingsályktunartillagan verði tekin út af dagskrá og geymd þangað til frv. um bann gegn refaeldi verður til umræðu.

Guðmundur Ólafsson: Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) virðist vera þeirrar skoðunar, að hjer sje að eins stofnað til verðlauna handa þeim, sem drepa tófur, sem eru í eldi, en meiningin er sú, að verðlaunin sjeu veitt þeim, sem drepa tófur, hvar sem þær hittast, þótt ekki hafi þær verið teknar til fósturs af neinum. Enda tófurækt ekki svo langt komið hjer enn, að margt af þeim elst upp ræktunar- og ræktarlaust.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hafði vonast eftir því, að till. þessi gengi orðalaust fram í deildinni, en svo virðist ekki ætla að verða. Jeg fæ nú ekki betur sjeð en að till. geti vel náð samþykki deildarinnar, hvort sem lög verða annars sett um bitvarginn eða ekki. Jeg býst raunar við því, að till. sje heldur gagnslítil, en meinlaus er hún að minsta kosti og getur þó, ef til vill, orðið til þess, að sýslunefndir taki að hugsa betur um málið. Jeg mun því verða með till.

ATKVGR.

Till. um að taka málið af dagskrá feld með 8 : 5 atkv.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 487).

9. Bætur vegna tjóns af Kötlugosinu.

Á 28. fundi í Nd., föstudaginn 8. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um bætur vegna skemda og tjóns af Kötlugosinu (A. 303).

Á 29. fundi í Nd., laugardaginn 9. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 30., 31. og 34. fundi í Nd., dagana 11., 12. og 13. ágúst, var till. tekin til fyrri umr., en

forseti tók málið jafnan af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 14 ágúst, var till. enn tekin til fyrri umr

Flm. (Gísli Sveinsson): Jeg álít eigi þörf að fara mörgum orðum um tillögu þessa. Hún er, eins og hv. þingdm. mun kunnugt, fram komin vegna stórskemda þeirra, er urðu af hinu mikla Kötlugosi síðastliðið haust. Skemdir þessar voru margvíslegar; það varð bæði tjón á skepnum og munum manna, og tjón og skemdir

á jörðum. Það er ekki tilgangur tillögu þessarar að sækja um eða gera ráð fyrir neinum styrk úr ríkissjóði til að bæta mönnum skepnutjón og muna. En við það er átt, að hið opinbera taki nokkurn þátt í tjóni, sem á jörðum hefir orðið, og mun ekki of freklega að kveðið, þótt ríkissjóði sje talið bera að gera það, að minsta kosti um jarðir þær, sem hann er eigandi að. Til tjónsins á jörðum má telja það, að á mörgum þeirra hefir verið algert jarðbann frá því í haust, að gosið gekk yfir, og þangað til í vor, þó ekki af snjó, en af öskufalli og jökulleðju, og sumsstaðar er svo enn, þótt annarsstaðar sjeu nú komnir nokkrir hagar og slægjur í bygð. Jeg ætla ekki að gera tilraun til að reikna tjónið, sem samfara er jarðarspellunum, enda er það lítt reiknanlegt, svo að við hæfi sje. Aftur á móti er tjón á skepnum þeim, er fórust í flóðinu eða fóru sjer að voða af felmtri, útreiknanlegt, því að menn vita nokkurn veginn nákvæmlega tölu þeirra. Um 500—600 sauðfjár mun hafa horfið í gosinu, og það aðallega úr tveim fremur litlum hreppum, og líkast að full 300 af því hafi farist í flóðinu. Af stórgripum fórust 37 hross. Þetta er beina skepnutjónið, en óbeina tjónið er sem sagt óútreiknanlegt. Það er óútreiknanlegt, hve hrakningar og skemdir á jörðu háðu fjenaðinum og drógu úr nytjum hans og hnektu búskap manna. En af því að hv. þm. hafa fengið allnákvæma skýrslu um það, sem jeg hefi samið og stjórnarráðið gefið út, þá skal jeg ekki fara lengra út í að skýra frá því.

Eins og sjá má af skýrslunni, þá hafa jarðir á þessu svæði verið harla lítils virði síðan gosið skall á, og not af þeim til beitar fram á síðasta vor nálega engin, og rýr mjög enn í dag. Því hljóðar fyrri hluti tillögunnar um það, að hið opinbera gefi eftir eftirgjald jarða þess á gossvæðinu fyrir síðastliðið fardagaár. Þetta nær að vísu skamt, og alls eigi til þeirra, sem eigi búa á þjóðjörðum eða kirkjueignum. En jeg vil ekki fara fram á annað en það, sem fullkomnasta sanngirni mælir með.

Annar liður till. fer fram á, að veitt sje úr ríkissjóði nokkurt fje til að ljetta undir með almenningi, sem fyrir jarðspellum hefir orðið, með að afla sjer fóðurbætis. Jeg vil heldur fara þessa leið en að biðja um peninga handa mönnum þessum, því sumir þeirra hafa meira gagn af slíkri hjálp til að halda við búpeningi sínum en þótt þeir fengju nokkrar krónur. Ósk mín er sú, að landsstjórnin hlutist til um kaup á fóðurbæti handa hjeraði þessu, sjái um, að hann komist á hagkvæman stað fyrir hjeraðsbúa, og selji hann ekki fullu verði. Í þessu ætlast jeg til að styrkurinn sje fólginn.

Sumir hv. þm. hafa látið í ljós, að rjett væri, að landsstjórnin hlutaðist til um útvegun á meiri fóðurbæti en þurfa mundi til að verða við tillögu minni, eða handa fleiri hjeruðum, og hafa komið með þingsályktunartillögu um það efni. Jeg mun verða henni fylgjandi, því að jeg tel hana á góðum rökum bygða, þar sem svo lítur nú út, að menn verði hart úti víða á Suðurlandsundirlendinu sökum óþurka, þótt grasbrestur sje ekki. Þó er hjer nokkur munur á. Mín tillaga fer fram á, að landsstjórnin útvegi fóðurbæti og selji hann undir sannvirði þeim, sem tjón hafa beðið af eldgosinu; en hin tillagan beinir því til stjórnarinnar að útvega fóðurbæti og selja hann hjer sunnanlands, sjálfsagt að vísu svo lágu verði sem unt er, en þó eigi undir sannvirði.

Þessar tvær tillögur gætu því, ef mönnum sýndist, orðið samferða gegnum þingið, þó að ekki sje nauðsynlegt, að þær verði látnar fylgjast að. En þess er að gæta, að tjón getur orðið að því, ef framkvæmd málsins dregst að nokkrum mun, og þyrfti því að hraða þeim sem mest. Það, sem jeg

á aðallega við um fóðurbætiskaupin, er að landsstjórnin kaupi fóðursíld, því að það er sá fóðurbætir, sem flestir eystra óska helst að fá.

Það mun þykja hlýða, að nefnd fjalli um mál þetta, og óska jeg, að því sje vísað til landbúnaðarnefndar, sem að sjálfsögðu mun bera sig saman við fjárveitinganefnd. Tillagan um fóðurbætiskaupin, er jeg nefndi, býst jeg við að muni verða fengin landbúnaðarnefndinni í hendur; geri jeg ráð fyrir sem sjálfsögðu, að báðar tillögurnar verði samþyktar, því að þær eru sumpart sanngjarnar og sumpart nauðsynlegar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með öllum gr. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með öllum gr. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009) með 15 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 22 ágúst, var till. tekin til síðari umr. (A. 303, n. 419).

Frsm. (Jón Jónsson): Till. þessi, sem hjer liggur fyrir, er að eins heimild fyrir stjórnina til þess að gera það, sem í till. felst.

Eins og sjest á nál., er þar gerð nokkur grein fyrir þessari þingsályktunartill., og að nefndin sje ásátt um að mæla eindregið með henni. Enn fremur hefir fjárveitinganefnd ekkert við hana að athuga fyrir sitt leyti. Geri jeg því ráð fyrir, að ekki þurfi að fjölyrða um málið. Öllum mun vera svo ljóst, hver sanngirni mælir með því, sem hjer er um að ræða, að jeg geri ekki ráð fyrir, að mótmæli komi fram.

Um fyrra lið till. er það að segja, að hann fer fram á eftirgjöf jarðarafgjalds á opinberum jörðum í Vestur-Skaftafellssýslu. Þetta virtist nefndinni í alla staði sanngjarnt, þar sem fyrir liggur í skýrslum um þetta mál, að skemdir hafi orðið á jörðum yfirleitt, bæði túnum, engjum og hithaga. Er því engum blöðum um það að fletta, að þessir menn muni eiga við þröngan kost að búa, jafnvel þótt vonandi sje, að úr því rætist bráðlega. Þessi eftirgjöf nemur og eigi stórri upphæð. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, munu það vera um 4 þús. kr. á ári. Er það ekki stórum tilfinnanlegt, þótt ríkissjóður gefi þetta eftir í eitt skifti fyrir öll.

Um síðara liðinn fer nefndin nokkrum orðum í áliti sínu og drepur á, hve langt hún álítur að stjórnin megi fara um að ívilna bændum á öskusvæðinu almennt um kaup á fóðurbæti næsta vetur. Þetta kemur ekki skýrt fram í till. sjálfri, og þótti nefndinni því rjett að benda stjórninni á eitthvað ákveðnara en gert er í till. Bar hún sig í öllu saman við flm. till. Varð ekki annað sjeð en að hann vildi fara sem vægilegast í málið. Er uppástunga nefndarinnar um ívilnanir gerð eftir samkomulagi við flutningsmann tillögunnar.

Jeg hygg það öllum ljóst, að þeir menn, er búa á þessum slóðum, eigi við alt önnur kjör að búa sem stendur en aðrir landsmenn, vegna þeirra skelfinga, er þar gengu á. Sjerstaklega tók nefndin eftir því í skýrslunni um Kötlugosið, að beitilönd hafa sjerstaklega orðið fyrir stórkostlegum skemdum, svo að ekkert er á þau að byggja næsta vetur. En það hefir mikla þýðingu, því að þó að bændur hafi hey, þá þurfa þeir miklu meira fóður næsta vetur en þeir ella hefðu þurft. Þess vegna er það nú brýn nauðsyn bændum í Skaftafellssýslu að tryggja skepnum sínum fóðurbæti, auk heyjanna, er þeir afla í

sumar, til þess að sjá þeim sæmilega farborða. En þetta verða útgjöld, er á þá bæfast fram yfir það venjulega, auk þess sem skepnunum fækkar. Liggur þá í hlutarins eðli, að búskapur þessara manna getur varla borið sig. Framleiðslukostnaðurinn verður svo mikill, að búið getur ekki borið hann. Menn vita, hve bændur alment eiga erfitt á þessum tímum, og gefur þá að skilja, að þeir bændur, sem orðið hafa fyrir þessu, muni eiga því örðugra að bjarga sjer.

Þess vegna hefir landbúnaðarnefnd þótt öll sanngirni mæla með því, að ríkið bæði útvegaði þessum hjeruðum fóðurbæti, og ívilnaði þeim um kostnaðinn. Hefir nefndin því gert till. sína í málinu, og væntir þess, að stjórnin fari ekki skemra í ívilnunaráttina, og það því fremur, sem hv. fjárveitinganefnd hefir samþykt fjárhagsatriðið. Því að jeg lít svo á, að þar sem fjárveitinganefnd hefir athugað nál. og hefir ekkert við það eða till. að athuga, þá sje hún samþykk því, sem í nál. stendur, en ekki till. einni.

Hefi jeg ekki fleira að segja, en vænti þess, að málið hafi góðan framgang

Gísli Sveinsson: Jeg hefi engu við að bæta það, er hv. frsm. (J. J.) hefir tekið fram. Mjer er kunnugt um, að upplýsingar þær, er nál. greinir, eru rjettar.

Jeg vil að eins leyfa mjer að þakka þeim tveim hv. nefndum, sem um nál. hafa fjallað og tekið því vel og lagt til, að það næði fram að ganga. Óska jeg, að það verði gert, og vona, að málið gangi greiðlega. Það er áríðandi, að það gangi greitt, ekki einasta hjer í hv. deild, heldur og í hv. Ed., ef útvega á í tæka tíð fóðurbæti þann, sem till. greinir og nefndin ætlast til. Það verður að gerast sem allra fyrst.

ATKVGR.

Till. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., laugardaginn 23. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um bætur vegna skemda og tjóns af Kötlugosinu, eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 471).

Á 39. fundi í Ed., mánudaginn 25. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 40. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. ágúst, var till. tekin til fyrri umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg ímynda mjer, að ekki þurfi langt mál til þess að mæla með þessari till.; öllum mönnum er svo kunnugt, hve hjeruð þessi hafa verið leikin grátt, bæði af opinberum skýrslum um málið, eins og ritlingi sýslumannsins í Skaftafellssýslu, sem nýlega hefir verið gefinn út á landssjóðs kostnað, og öðrum gögnum. Sum hjeruðin eru nú illa stödd, og sumir bændur, sem áður voru efnamenn, eru nú eignalausir; má þar nefna Jóhannes Guðmundsson á Söndum, sem bjó á hólma í miðju Kúðafljóti, alkunnan dugnaðarmann, sem mörgum hefir hjálpað yfir fljótið.

Þessi hjálp er sú minsta, sem landssjóður getur veitt; vænti jeg þess vegna, að till. verði samþykt í einu hljóði.

Eggert Pálsson: Jeg tel engan vafa á því, að deildin muni fallast á till. þessa.

En jeg vil vekja athygli á einu atriði í sambandi við 2. lið till., og það er spurningin um það, hvað langt sá liður gangi, með öðrum orðum hvað vítt menn hafa hugsað sjer að þetta öskusvæði nái. Mjer er ekki kunnugt um það, hvað háttv. Nd. hefir hugsað sjer í þessu efni, en jeg vil láta þess getið, að öskusvæðið tekur yfir fleiri hjeruð en Skaftafellssýslu; bæði í Landmannahreppi, Upp-Rangárvöllum og Innhlíðinni (e: innra hluta Fljótshlíðar) hefir orðið feiknamikill skaði af öskufalli. Í Landmannahreppi hefir skaðinn orðið svo mikill, að þar eru margar jarðir með öllu óbyggilegar fyrst um sinn, þótt búendur af þeirri sjerstöku trygð, sem einkennir Landmenn og óvíða mun koma eins vel fram, sitji áfram á jörðunum. Í þessum sveitum, Landmannahreppi og efra hluta Rangárvallanna, hagar svo til, að jarðir eru sendnar mjög, svo að þegar aska fellur ofan á, hlýtur allur gróður að kyrkjast. Öðru máli gegnir um mýrlendi, því að þar vinnur askan ekki til muna á. Svipuðu máli gegnir um Innhlíðina að nokkru leyti. Þar er jörð að vísu ekki sendin, en harðlend mjög.

Á þessu vildi jeg hafa vakið eftirtekt, áður en till. gengur fram, að þörfin fyrir hjálp er hjer mjög brýn í þessum sveitum, er jeg hefi nú nefnt, svo framarlega sem halda á jörðunum við.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það má vel vera rjett, sem háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) segir um ástandið í Rangárvallasýslu, enda hefi jeg heyrt lýsingu þaðan í sömu átt.

Mjer skildist á sumum hjer, að þeir hneyksluðust á því í orðum mínum áðan, er jeg sagði, að bóndinn á Söndum ætti heima í miðju Kúðafljóti. En þetta er alveg rjett, jörðin liggur sem sje í miðju fljótinu.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er auðvitað ekki gott að segja afdráttarlaust um það, hvernig skilja beri 2. lið. Mjer finst þó, að hann hljóti að eiga að skiljast svo, að þar, sem sannast að verulegur skaði hafi orðið, þá verði að veita hjálp, og þá einnig þeim hjeruðum, sem háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) nefndi, því að jeg efast ekki um, að skýrslur muni staðfesta ummæli hans.

Eggert Pálsson: Þessa yfirlýsing hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) læt jeg mjer eftir atvikum nægja.

ATKVGR.

1. tölul. tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. — — — — 10 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 12 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., fimtudaginn 28. ágúst, var till. tekin til síðari umr. (A. 471).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 553).

---

10 Landsreikningatillögur

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. ágúst, var útbýtt

Tillögum út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1916 og 1917 (A. 345).

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 14. ágúst, voru till. teknar til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, voru till. teknar til fyrri umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það eru að eins 3 till., sem nefndin leggur til að verði gerðar út af þessum reikningi og athugasemdunum við hann árin 1916—17.

1. till. er sú, að aðskildir verði reikningar ríkissjóðs og viðlagasjóðs. Hingað til hefir þeim verið bandað mjög saman. Það hefir verið látið ráðast, hvort ríkissjóður greiddi fje í viðlagasjóð eða öfugt. Ef viðlagasjóður hafði tekjuafgang á árinu, þá hefir hann runnið í landssjóð, en aftur á móti hefir tekjuafgangur landssjóðs runnið í viðlagasjóð. Þetta hafa yfirskoðunarmenn bent á hvað eftir annað, að ekki væri heppilegt. Ef það er meiningin að halda viðlagasjóðnum sjerstökum, þá verður að hafa við hann sjerstakt reikningshald, svo að hann fái sjerstaka vöxtu af sínu fje, og að eins sje lánað úr honum þegar fje er fyrir hendi í sjóðnum. Sje því slegið föstu, að viðlagasjóður skuli ekki vera eyðslufje, en vextirnir skuli leggjast við hann, verður það með tímanum myndarlegur sjóður. Hann er nú um 1 milj. og 700 þús. kr. Þetta fyrirkomulag hefir nú verið tekið upp í fjárlagafrv., og með till. er meiningin að fá að vita, hvort þingið vill fallast á það eða ekki.

Þá er 2. tillagan, að „brýna fyrir forstöðumönnum skóla og annara stofnana, sem fá greitt fje úr ríkissjóði, að nota það í þeim tilgangi, sem fjárlög ákveða, eftir því sem við verður komið". Yfirskoðunarmenn hafa fundið mjög að því, að fje, sem veitt er til slíkra stofnana, sje mjög oft flutt milli liða. Í fjárlögum er t. d. veitt ákveðin upphæð til eldiviðar, tímakenslu, o. s. frv. En svo hefir farið svo, að forstöðumenn stofnananna hafa notað suma liðina eingöngu, en suma ekki neitt, og svo hefir eyðslan á þeim liðum farið fram úr fjárveitingu. En jeg býst nú við, að ástæðan til þess, að yfirskoðunarmönnum hafi þótt kveða svo mikið að þessu, hafi verið styrjöldin. Það er því að nokkru leyti misskilningur hjá þeim, sem stafar af því, að þeir hafa ekki tekið nægilegt tillit til ástandsins. Þegar t. d. kol tífaldast í verði, er ekki hægt annað en að sá liður fari fram úr áætlun. Jeg get t. d. ekki áfelst skólastjórana á Hvanneyri og Hólum, þótt þeir hafi varið fjárveitingu, sem ætluð var til kensluáhalda, til þess að kaupa kol. Annað er það ekki, sem hjer á sjer stað. En þó verður að heimta, að ákvæðum fjárlaganna sje fylgt, þar sem þess er nokkur kostur. En mjer finst það ekki annað en óþarfa fyrirhöfn að vera að tína alt þetta saman í aukafjárlögum. Fyrir mjer er það bara praktiskt atriði, hvernig best sje að haga þessum reikningum. En jeg tel það rjett að láta reikningshaldara þessara opinberu stofnana hafa nokkurt aðhald um að fara eftir fyrirmælum fjárlaganna, eftir því sem við verður komið. Það segir sig líka sjálft, að þar sem fjárlögin eru samin fyrir tvö ár, þá er ekki gott að ákveða, hvað þarf til hvers einstaks, t. d. til Hvanneyrarskólans eða kennaraskólans. Það getur hæglega breyst á tveim árum

3. till. lýtur að því, að stjórnin sjái um, að endurgreitt sje í ríkissjóð það, sem óeytt er hjá reikningshöldurum skóla og annara stofnana, ef ekki er um mjög óverulegar fjárhæðir að ræða. Hvort upphæðin er veruleg eða óveruleg, verður stjórnin að skera úr. Það hefir ekki verið venja að láta endurborga, þótt örlítið sje óeytt. t.

d. 30—40 kr. En það er venja að fá ávísað, ef stofnunin skuldar eitthvað. Það sýnist ekki geta verið neitt varhugavert, þótt þeir endurborgi ekki svo litlar fjárhæðir við áramót, því að það verður að treysta endurskoðendum og stjórninni til að sjá um, að slíkt fje glatist eigi, enda er það auðvelt verk. Til þess þarf eigi annað en bera hvers árs reikning saman við reikning næsta árs á undan, og það gerir endurskoðunin jafnan hvort sem er.

Fleiri till. sá nefndin sjer ekki fært að gera. En nú vildi jeg víkja nokkrum orðum að öðrum till. yfirskoðunarmannanna, sem þeir hafa lagt nokkra áherslu á.

Er þá fyrst 58. till. við reikninginn 1916. Þar hafa yfirskoðunarmenn furðið að því, að gjöld bæjarsíma Reykjavíkur hafa ekki verið tekin upp á landsreikninginn. Nefndin hefir nú athugað þetta mál, og finst lítið mæla með því, að taka tekjur og gjöld bæjarsímans hjer upp í fjárlög. Það er ýmislegt, sem mælir með því, að eins hyggilegt sje að láta bæjarsímann sjá um sig sjálfan. Á meðan hefir stjórn hans hitann í haldinu um að láta fyrirtækið bera sig, en síður ef reikningurinn er tekinn upp í fjárlög. Annars er þess að geta um þessa reikninga, að þeim er haldið fyllilega utan við reikning landssímans, en fylgja honum samt og eru sendir yfirskoðunarmönnum. Svo hjer er að eins um það að ræða, hvort taka eigi áætlun um tekjur og gjöld upp í fjárlögin

Þá virðist, sem yfirskoðunarmönnum sje hálfgert í nöp við styrkinn til verklegs náms við bændaskólann á Hvanneyri. (*B. Sv.* og *J. B.*: Hann er aldrei notaður). Jeg hefi fengið þær upplýsingar, að hann varð ekki notaður 1916 vegna þess, að þá gengu mislingar í Borgarfirði. Mun það vera rjett frá skýrt. Jeg man ekki upp á hár, hvernig till. yfirskoðunarmannanna hljóðar, en hún mun vera í þá átt, að rjett sje að láta fjárveitinguna falla niður. En það væri undarlegt að afnema þennan styrk til verklegs náms, sem telja má að hvað mest ríði á við bændaskóla. Úr því að það sýnir sig, að illa gengur að fá hann notaðan, væri það sjálfsagt rjettari leið að reyna að hækka hann. (*J. B.*: Það segir í aths., að nemendur virðist ekki fúsir til verklegs náms). Það er ómögulegt að kenna skólanum eða skólastjóra um. Mjer er kunnugt um, að honum er það hið mesta áhugamál, að nemendur taki þátt í þessari kenslu.

Þá er 91. aths. við reikninginn 1916. Yfirskoðunarmenn una illa við, að t. d. landsskjalavörður og landsbókavörður taka ekki laun sín og starfsmanna sinna upp í reikning sinn, og telja það villandi. Nefndin getur ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til að heimta slíkt. Þetta fje til aðstoðar gengur alls ekki í gegnum hendur landsbókavarðar, heldur er tekið beint hjá ríkisfjehirði. Hver starfsmaður fær laun sín hjá ríkisfjehirði. Er því langrjettast, að ríkisfjehirðir gerir grein fyrir því. Annars yrði það tvítalið.

Um athugasemdirnar 92—98 er búið að tala áður, eins og líka 122. lið.

Þá kemur 1917. Um tekjubálkinn er ekkert að segja, nema till. um að innheimta eftirstöðvar úr Vestmannaeyjasýslu, sem búið er að innheimta fyrir löngu. Svo er önnur till., sem jeg sje ekki ástæðu til að fara út í, því að jeg hefi fengið þær skýringar hjá einum háttv. yfirskoðunarmanni, að þeir hafi átt við annað en orðin benda til, og þar sem svo er ástatt, er auðsætt, að tilgangslaust er að ræða um þessa till.

Þá vilja yfirskoðunarmenn láta segja upp leigu á fossi einum í Þingeyjarsýslu, sem ekki hefir verið greidd leiga af um tíma. (*Þorl. J.*: Hvaða foss er það?). Goðafoss. Það hefir verið tekið við leigu fyrir 5 ár í senn. Yfirskoðunarmenn vilja láta segja upp af því, að ekki var greitt árlega. Það er ekki hægt að segja upp hjeðan af,

er leigunni hefir verið veitt móttaka skilyrðislaust. Það getur vel verið, að það hefði verið rjettara að segja upp, er leigugreiðslan drógst. En það var ekki gert. Og nú er það ekki hægt, og því ekki til neins að gera till. um það.

Hinar tvær aths., 6. og 10., er ekki ástæða til að minnast á.

Þá kemur gjaldabálkurinn. Er þá fyrst 21. aths. Yfirskoðunarmenn fara mjög geystir og rásandi yfir því, að vegamálastjóri hafi skilað reikningum sínum fyrir árið 1917 síðar en vera átti. Jeg man ekki vel, hvernig orð þeirra falla, en þau eru mjög svo stór, eitthvað á þá leið, að „reikningurinn er alveg vitlaus og gefur skakka hugmynd um ástandið“ og þar fram eftir götunum. Yfirleitt hafa þeir alt á hornum sjer út af þessu. Jeg get nú ekki áfelst vegamálastjóra mjög fyrir það, þótt hann skilaði reikningi sínum 2 dögum eftir að lokið var landsreikningnum 1917. Það var í fyrsta sinni, sem þessi vegamálastjóri átti að gera reikninginn. Og hann er mjög umfangsmikill, eins og yfirskoðunarmenn hafa líka fengið smjörþefinn af, því að þeir hafa alveg verið í vandræðum með hann. En ef þeir ætla að heimta, að allir reikningar hafi verið endurskoðaðir áður en landsreikningarnir eru samdir, þá verða landsreikningarnir annaðhvort að koma ákaflega seint, miklu seinna en leyfilegt er, eða það verður að taka fjölda manna til að endurskoða þá fyrri hluta ársins, og vísa þeim svo burt um það bil á miðju ári. En hvorug þessi leið er fær. Enda virðist það ekki gera til, þótt einhverjir reikningar sjeu óendurskoðaðir, er þeir fara til yfirskoðunarmanna. Það má eigi byrja síðar á samningi landsreikningsins en í maí eða júní ár hvert, og hann á að vera tilbúinn ekki síðar en í nóvemberlok. Er því ómögulegt að vera þá búinn að endurskoða alla reikninga áður. Yfirskoðunarmenn segja um þetta atriði, ef jeg má, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp:

„Þessa tilhögun alla verðum vjer að átelja, og gera þá kröfu, að stjórnarráðið heimti reikningana nægilega snemma, til þess að hægt sje að endurskoða þá í tíma og gera landsreikninginn rjettan samkvæmt þeim, að því leyti sem þeir reynast rjettir, svo að ekki komi fyrir, að flestallir liðirnir sjeu í ósamræmi við veruleikann, og meiri eða minni markleysa, eins og nú á sjer stað.“

Maður skyldi halda, að hjer væri meira en lítið athugavert við reikningana. En þeir eru alveg rjettir, og það viðurkenna yfirskoðunarmennirnir líka. En það, sem er tilefnið til allra þessara stóryrða, er það, að fje það, sem varið var til vegagerða 1917, komst þá ekki alt í reikninginn. Og að reikningurinn sje ekki rjettur, eða „í ósamræmi við veruleikann“, er eingungis bygt á athugaleysi yfirskoðenda og misskilningi þeirra á því, hvað landsreikningurinn á að vera og er. Hann á að eins að vera reikningur yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs ár hvert.

Jeg verð að segja það um vegamálastjóra, að hans reikningar eru mjög góðir. Og þó að það komi fyrir í fyrsta skifti, sem hann á að gera þennan reikning, að hann komi 2 dögum of seint, þá verð jeg að segja, að það er engin ástæða til að gera neina ályktun út af því. Síðan hafa þessir reikningar komið í tæka tíð, ásamt yfirliti.

Þá er 25. aths., um bæjarsímann. Er þar til sama svar og við 58. aths. 1916.

Um 28. athugasemdina hefi jeg talað áður. En um 29. aths. er það að segja, að mig minnir, að yfirskoðunarmenn eigi ekki að fá fylgiskjöl með reikningunum, nema sjerstaklega sje beðið um þau, og er þá auðvitað sjálfsagt að láta þau af hendi.

Matthías Ólafsson: Um leið og jeg þakka hv. fjárhagsnefnd fyrir till sínar út af athugasemdum okkar yfirskoðunarmanna landsreikninganna, skal jeg leyfa mjer að minnast á fáein atriði í ræðu hv. frsm. (M. G.).

Það er þá fyrst viðvíkjandi landsreikningnum 1916.

Í nál. sínu leggur fjárhagsnefnd til, að styrkurinn til verklegs náms á Hvanneyri falli ekki niður, og er það þvert ofan í það, sem yfirskoðunarmenn leggja til. Jeg skal, með leyfi forseta, lesa upp athugasemd endurskoðenda, á bls. 101 í landsreikningnum:

> „Til verklegs náms á Hvanneyri eru veittar kr. 1200. Varið til verklegs náms kr. 577.55. Er hjer enn sem fyrri varið tæpum helmingi af styrknum til verklegs náms, en hitt gengur til annars kostnaðar við skólahaldið. Vjer verðum að leggja ríka áherslu á það, að nemendur stundi verklegt nám við skólann, og þótt eigi ætti að þurfa að kaupa þá til þess sjerstaklega, virðist oss þó, að vinningurinn við aukna verklega þekkingu mæli með því, að nemendum væri goldinn öllu rífari styrkur en verið hefir, ef það yrði til þess, að fleiri þeirra fengjust til að stunda námið."

Sjest hjer enn sem fyrri, að styrknum hefir ekki nema að litlu leyti verið varið til verklegs náms, og var engin furða, að yfirskoðunarmenn vektu athygli á þessu. Og ef ekki hefir verið ástæða fyrir þá að víta þetta, þá veit jeg ekki, hvað hefði verið ástæða að víta.

Svar stjórnarinnar við þessu var þannig (sjá bls. 128):

> „Eftir skýrslu skólastjóra voru mislingar þess að nokkru leyti valdandi, hversu lítið varð úr verklegri kenslu þetta ár, en annars virðast skólasveinar ekki fúsir til verklegs náms."

Út af þessu ályktuðu yfirskoðunarmenn þannig: „Þar sem nemendur við búnaðarskóla þennan virðast eigi fúsir til verklegs náms, og ekki er varið svo miklu sem helmingnum af þessu fje, eins og fjárlögin ætlast til, virðist til lítils að veita fje í þessu skyni, ef hinu sama heldur áfram." Jeg verð að álíta, að þarna hafi yfirskoðunarmenn ályktað alveg rjett, og að það hafi verið skylda þeirra að láta þessa getið.

Annars verður þess vart á fleiri sviðum, að fje er hafið úr landssjóðnum og svo ekki varið til þess, sem á að verja því. Þetta tíðkast við ýmsar stofnanir, t. d. við Landsbókasafnið. Þar var hin tiltekna upphæð, 7000 kr., greidd úr landssjóðnum, en sáralítið keypt af bókum. Það, sem umfram var, hefði átt að greiða landssjóði aftur. Auk þess var veitt miklu meira en tiltekið var til bókbands, til að semja skrá yfir afskriftir og prentun á ritaukaskrá, svo og ljóss, hita o. fl.; átti að sjálfsögðu að greiða það, sem umfram var, úr landssjóði og leita aukafjárveitingar fyrir. En um bókakaupin er það að segja, að það virðist óþarfi að hefja fje til þeirra áður en nokkrar bækur eru keyptar, því líklegt er, að ekki þurfi að borga bækurnar fyr en reikningarnir koma fyrir þeim.

Jeg skal ekki fara langt út í aths. við landsreikninginn 1917, en að eins minnist á þrjú til fjögur atriði. Um leiguna af Goðafossi segir nefndin, að það virðist „verða að standa við svo búið". Það kann vel að vera, að svo sje, en þá er það tómri vanrækslu að kenna, að ekki var búið að segja upp leigunni, og var þá ekki minni ástæða fyrir yfirskoðunarmennina að benda á þessa vanrækslu og víta hana, enda hefir nefndin ekkert fundið að því sjerstaklega.

Þá telur nefndin ekki ástæðu til, að Alþingi geri ályktun út af 21. aths. yfir-

endurskoðenda, sem er um reikningsskil vegamálastjóra. En jeg verð að telja það alveg sjálfsagt, að stjórnarráðið heimti reikninga hans svo snemma, að á þeim verði bygt við samning landsreikningsins, svo annað eins ósamræmi geti ekki átt sjer stað framvegis eins og hjer átti sjer stað og sjá má af samanburðinum á bls. 84 í landsreikningnum. Slík reikningsskil eru alveg óhæf.

Um 29. aths. er það að segja, að jeg hefði kunnað betur við, að nefndin hefði játað, að það væri venja að senda yfirskoðunarmönnum fylgiskjöl, í stað þess að segja, að svo sje ekki. Að minsta kosti á það að vera venja, og stjórninni ber skylda til þess, því hvernig á að endurskoða reikninga fylgiskjalalaust svo í lagi sje? Nú, hitt gæti nú verið vafamál, hvort ekki hafi stundum verið tregða á að fá fylgiskjöl, þó að eftir þeim hafi verið gengið. Um það geta yfirskoðunarmenn best borið. Það hefir jafnvel orðið ágreiningur um, hvort yfirskoðunarmenn voru ekki búnir að fá fylgiskjöl, sem aldrei höfðu komið þeim í hendur. En um það skal jeg ekki orðlengja meira.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hefi eiginlega ekki margt að segja, og get tekið undir það, sem hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) ljet í ljós, að við getum vel unað við niðurstöðu stjórnarinnar og hv. fjárhagsnefndar í flestum atriðum. Hann mintist á nokkur atriði, sem dálítið greinir á um, og skal jeg ekki koma inn á þau, en að eins drepa á örfá önnur.

Jeg skal þá fyrst minnast á útgjöldin við bæjarsíma Reykjavíkur Jeg tel rjettara að hafa bæði tekjur og gjöld bæjarsímans í fjárlögum. Mjög góðar tekjur eru af símanum, en jeg veit ekki, hvort nauðsynlegt er að verja þeim eins og nú er gert. Þær ganga í ýmislegt til bæjarins, sem vel mætti spara, enda væri miklu betra að ætla vissa fjárupphæð til endurbóta og nýlagninga en að hafa þetta svona Það veldur engri aukafyrirhöfn að taka bæjarsímann upp í fjárlögin.

Um 29. athugasemdina 1917, út af fylgiskjölum viðvíkjandi skilagrein landsskjalavarðar, er það að segja, að við lögðum þar ekkert annað til en að skilagreinin hefði átt að fylgja, eins og líka hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) tók fram. Það er auðvitað sjálfsagt að benda ætíð á það, þegar fylgiskjöl vantar með reikningum. Og ef það væri innleitt, að fylgiskjöl þyrfti ekki að leggja fram fyr en einhvern tíma og einhvern tíma, þá væri ómögulegt að segja um hvort reikningurinn væri rjettur.

Þá vildi jeg drepa nokkru nánar á 21. athugasemdina við LR. 1917. Þar taldi frsm. (M. G.) okkur endurskoðendur hafa verið nokkuð harðorða. En við höfðum alls ekki fundið að því, að reikningar vegamálastjóra væru ekki rjettir, heldur fundum við að eins að því, að þeir hefðu komið of seint, svo að ekki hefði verið hægt að gera LR. eftir reikningi vegamálastjóra. En afleiðingin af því varð sú, að reikningunum (LR. og reikningum vegamálastjóra) ber hvergi nærri saman. Reikningum vegamálastjóra var skilað tveimur dögum of seint, að sagt er, og voru það sannnefndir óhappadagar, því óneitanlega hefði það verið skemtilegra að sjá LR. í fylsta samræmi við þá. En því var ekki að heilsa. Sum fyrirtækin hafa kostað minna en LR. tiltekur, sum meira, og sumu af fjenu hefir alls ekki verið varið sem til var ætlast, heldur þá til einhvers annars. Sumstaðar sýnir landsreikningurinn, að fje, sem veitt hefir verið í sjerstöku augnamiði, hefir ekki verið eytt, alls ekkert af því verið borgað út. En þegar reikningar vegamálastjórans eru athugaðir, þá sýna þeir ekki einungis, að því sama fje, sem veitt var í fjárlögum, hefir verið eytt, heldur stundum miklu meiru.

Nú segir frsm. (M. G.), að LR. sje jafnrjettur fyrir þessu, því mismunurinn komi á reikning næsta fjárhagstímabils. Það er mikið rjett, að reikningurinn er rjettur sem heild, en þegar tekið er tillit til hinna ýmsu fyrirtækja þetta ár, þá er hann rangur. Jeg hefi aldrei sagt, að LR. væri ekki rjettur, hvað snertir innkomnar tekjur og útborgaðar greiðslur, sem fram hafa farið á árinu, nema þegar borið er saman við framkvæmdirnar. Þannig kann jeg mikið betur við, að fyrirtæki, sem lagt hefir verið í og kostar t. d. 10 þús. kr., standi á LR., en að þar standi t d. 7 þús. kr. og svo eigi maður að leita í LR. næsta árs eftir afganginum. Yfirskoðunarmennirnir voru því í fyrsta rjetti sínum, þegar þeir komu með þessa aths. Og var síður en svo, að þeir væru að finna að störfum hv. frsm. (M. G.) á 3.skrifstofu, en hann er þar skrifstofustjóri, því hann mun ekki einu sinni hafa verið orðinn skrifstofustjóri þar um þetta leyti. Jeg hefi þvert á móti orðið var við, að miklu auðveldara er orðið fyrir yfirskoðunarmenn að vinna nú að sínu verki, og þakka jeg honum það einna mest. En um hitt verður ekki deilt, að það er heppilegast, að reikningarnir sjeu sem allra nákvæmastir yfir það ár, sem þeir ná yfir. Tel jeg svo ekki þörf að fara fleiri orðum um athugasemdir hv. frsm. (M. G.).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg verð ekki margorður. Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) spurði, hverng á því stæði, að fjeð væri ekki látið liggja í landssjóði þangað til Landsbókasafnið notaði peningana. Það er að eins af praktiskum ástæðum og engu öðru. Fjenu hefir verið ávísað í slumpum, en svo hafa forstöðumenn stofnananna haft sparisjóðsbók og lagt inn í hana og tekið út eftir þörfum. Og þetta er auðvitað sjálfsögð aðferð, því það er óþarfa fyrirhöfn að þurfa að ávísa í hvert skifti, sem þörf er á peningum til greiðslu smáreikninga.

Út af athugasemd nr. 21 er það að segja, að vegamálastjórinn var að eins 2 dögum of seinn að skila reikningum sínum, og þess vegna var ekki hægt að sníða L R. eftir þeim. Í raun og veru skekkist ekkert við þetta, því alt kemur til greina næsta ár, og þess vegna sje jeg litla ástæðu til að átelja þetta. Yfirskoðunarmennirnir halda því að vísu fram, að alt, sem gert sje í ár, eigi að koma fram á landsreikningnum fyrir sama ár. Þetta er alveg ný kenning. Hingað til hefir ekki þótt rjett að færa það til útgjalda, sem ekki var búið að borga út, og eins yrðu landsreikningarnir seint búnir með því lagi. Fyrst þyrfti að safna saman öllum reikningum og endurskoða þá, og þá fyrst væri hægt að byrja á landsreikningunum. Þetta kæmi ekki vel heim við aðra athugasemd yfirskoðenda, sem sje þá, að landsreikningarnir kæmu of seint og þyrfti að flýta fyrir þeim. Hingað til hafa landsreikningarnir að eins verið skýrsla yfir tekjur og gjöld, en ekki sundurliðuð skrá yfir framkvæmdir í landinu það ár.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) gerði mikið úr því, að hægt væri að vita, hvað færi til hvers fyrirtækis fyrir sig. Þetta væri vitanlega gott, en þá yrðu landsreikningar að vera með öðru sniði en nú, ef það ætti að sjást af þeim, og þá yrði hv. þm. (J. B.) að sætta sig við að fá þá mun seinna. Enda engin ástæða til þessarar breytingar, og þessa aðferð, sem yfirskoðunarmenn vilja taka upp, notar engin verslun hjer á landi og ekkert fyrirtæki.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er ekki ástæða fyrir mig að vera margorður. Fjárhagsnefnd, eða hv. frsm. (M. G.) fyrir hennar hönd, hefir staðið fyrir svörum,

og þarf þar litlu við að bæta. Við till. í sjálfu sjer hefi jeg lítið að athuga. Jeg tel það sjálfsagt að aðskilja algerlega ríkis- og viðlagasjóð. Það er í alla staði óviðfeldið, að lán er veitt úr viðlagasjóði án þess þar sje nokkurt fje fyrir hendi, en öllu svo skelt á landssjóð. Líklegt að minna verði gert að þessu þegar skilnaður er orðinn á milli sjóðanna. Annars er hjer ekki um neitt stórmál að ræða.

Um 2. athugasemdina hefi jeg ekki annað að segja en að hún er sjálfsögð; sjálfsagt að halda sjer sem fastast við ákvæði fjárlaganna, en ófriðartímarnir hafa gert það að verkum, að stundum hefir orðið að víkja frá þeim.

Athugasemdir, sem fram hafa komið í þá átt, að ýmsir liðir hafi breyst eftir að landsreikningurinn var gerður, eru mikið sprottnar af því, að endurskoðendurnir hafa ekki athugað, að landsreikningurinn er reikningur yfir tekjur og gjöld, og svo hitt, ef landsreikningin mætti ekki semja fyr en búið væri að endurskoða undirreikningana, þá er hætt við, að dráttur inn á reikningnum þætti nokkuð langur. En ef undirreikningarnir eru ekki endurskoðaðir áður en landsreikningurinn er saminn, þá getur aldrei verið nákvæmni í landsreikningnum, eftir þeirri kröfu, sem endurskoðendurnir gera.

Mjer virðist þetta alt svo ljóst, að ekki þurfi að eyða mörgum orðum að því.

Jörundur Brynjólfsson: Viðvíkjandi því, að greitt hafi verið meira en ávísað var, er það að segja, að við höfum yfir það farið og enga villu fundið, nema skekkju, sem nam 2 kr., á Alþingiskostnaðinum, og er það svo smávægilegt, að ekki er ástæða að gera mikð úr því. Enda er það nú upplýst.

Þá kem jeg að þessari margumræddu 21. athugasemd, um vegamálastjórareikningana. Úr því að takmörk eru sett á annað borð fyrir því, hve nær reikningar megi koma síðast, þá verða sýslunarmenn landsins að fullnægja því. Hjer munaði að eins um tvo daga. Það er lítið, en þó nóg til þess, að reikningum vegamálastjóra og landsreikningnum gat ekki borið saman. Það er sama, hvort það munar litlu eða miklu; afleiðingin verður sú sama, og þess vegna verður að átelja það, að reikningar komi of seint.

Það hefir verið talað um, að landsreikningarnir ættu að eins að ná yfir tekjur og gjöld. En því þá ekki að sleppa allri sundurliðun? Til hvers er hún, ef ekki til þess, að það komi fram, hvernig fjenu hefir verið varið? Þegar það kemur ekki fram og ekkert er gert til þess, að slíkt sjáist, þá er eins gott að láta alla sundurliðun niður falla. Það er sagt, að þessi nákvæma sundurliðun geti ekki átt sjer stað, því til þess verði að bíða eftir smáreikningum. En hvernig er hægt að gera landsreikningana úr garði, ef vantar það, sem landsreikningarnir einmitt byggjast á, ef undirstöðuna vantar, en það eru reikningarnir frá stofnunum og starfsmönnum landsins. Það er engin von til þess, að landsreikningnum og þeim reikningum beri saman, sem koma eftir að landsreikningnum er lokað, og þá verður landsreikningurinn ekki rjettur, og það er einmitt það, sem við áteljum.

Þá er talað um ósamræmi milli þessarar kröfu og þeirrar, að landsreikningarnir komi snemma. Þetta þykir mjer einkennilegt. Ef verkinu á að vera lokið fyrir ákveðinn tíma, er þá nokkurt ósamræmi í því, að heimtað sje, að það sje unnið fljótt og vel? Hlýtur það endilega að verða illa af hendi leyst, þó það sje ekki dregið fram úr öllu hófi?

Menn skjlji ekki orð mín svo, að jeg sje að finna að þeim, sem starfa að þessu í stjórnarráðinu, og síst hv. 3. skrifstofustjóra, því jeg veit, að þar hefir komist

mikið betra skipulag á, síðan hann tók við embættinu. Jeg er að finna að fyrirkomulagi, ekki mönnum. Jeg er að mælast til, að þetta ósamræmi, sem hjer um ræðir, komi ekki fyrir framvegis, og býst við, að þeir menn, sem nú starfa að samningi landsreikninganna, sjái um, að þeir verði gerðir vel úr garði.

Jeg þarf ekki að eyða frekari orðum að þessu. Það má segja, að þetta geri lítið til í þetta sinn, en svo má alt afsaka. Jeg kynni ver við, að þessu væri altaf þannig háttað, því þá gerir það óneitanlega til; það er fyrirkomulag, sem ekki er við unandi.

Fjármálaráðherra (S. E.): Ef ætti að fara eftir því, sem hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) leggur til, þá liggur það í hlutarins eðli, að það verður að vera búið að endurskoða undirreikningana þegar landsreikningarnir eru gerðir. Jeg býst við, að allir sæju, hvað fljótt slíkt gengi. Þó stjórnarráðið væri alt af vilja gert, þá gæti það ekki fullokið við landsreikningana fyr en seint og síðar meir, og jeg býst við, að hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) væri þá farið að leiðast biðin.

Gísli Sveinsson: Jeg stend hjer upp að eins til þess að gera lítils háttar athugasemd. Mönnum skilst víst, að í landsreikningunum stendur það og á að standa, sem greitt er á því ári, sem þeir ná yfir, inn eða út, en fjárupphæðir, sem að vísu hafa verið heimilaðar í fjárlögum, en ekki verið notaðar, komi til á næsta ári. Eins getur það líka komið fyrir, að búið sje að borga út upphæð, en ekki hafi enn unnist tími til að gera þær framkvæmdir, sem hún var ætluð til, eða þó að svo sje, þá hafi ekki unnist tími til að skýra stjórninni frá þeirri framkvæmd, og kemur þá sú upphæð vitanlega í landsreikningana, þótt framkvæmdanna sje ekki meira við getið það ár. Jeg skil ekki, hvernig hv. yfirskoðunarmenn geta farið að finna að þessu, og því síður hvernig þeir, af þessu, hafa farið að vekja hjer storm, sem sett hefir margar myllur af stað. Það getur komið fyrir, að ómögulegt sje að láta greiðslur og framkvæmdir standast á, og það getur líka komið fyrir, að landsreikningar geti ekki tekið með þær greiðslur, sem æskilegt hefði verið að væru á þessu eða hinu ári, en ekki geta komið þar, sökum þess, að þær falla á annað ár. Skýrslu yfir framkvæmdir, sem er alt annað en sjálfur reikningurinn, geta menn einnig hæglega fengið, t. d. með því að bera saman fleiri ár, svo að þessi ósanngjarna og ómögulega krafa getur ekki bygst á þeirri nauðsyn.

Þá virðist mjer yfirskoðunarmennirnir vera nokkuð harðorðir í garð vegamálastjóra fyrir „dráttinn", sem varð á reikningsskilum hans. Drátturinn var svo óverulegur, tveir dagar, að ekki er ástæða til að fárast mikið út af honum, og auk þess virðist þetta vera bygt á misskilningi.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hefi bent á það áður, að þó að dráttur vegamálastjórans hafi að eins verið 2 dagar, þá var hann þó nægur til að skapa glundroða. Það skiftir minstu, hver drátturinn er, hann er ásökunarverður í öllum tilfellum, og afleiðingar hans eru þær sömu hvað sem lengd hans viðvíkur.

Matthías Ólafsson: Jeg vil benda hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) á, að þær fjárupphæðir, sem hann talaði um, ættu að standa á reikningnum og síðan sem óborgaðar eftirstöðvar. Það, sem gert er á einu ári, á að vera á þess árs reikningi. Þannig á öll reikningsfærsla að vera, því að öðrum kosti er hún ekki rjett. Það getur verið, að það

rjettist á mörgum árum, en nákvæmur verður reikningurinn aldrei, og því síður gefur hann ljósa hugmynd um, hvernig fje landsins er varið. En til þess er sundurliðun, að það sjáist. Mjer finst þetta liggja svo í hlutarins eðli, að það sje hálfhlægilegt að vera að deila um það, en þó virðist engin vanþörf á því.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætlaði að eins að taka það fram, að það var rjett, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hjelt fram í aths. sinni.

Af því hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) tók fram, að rjettara væri að færa landsreikninginn á annan hátt en gert er, vil jeg benda honum á, að slík aðferð hefir aldrei verið notuð. (*M. Ó.*: Af því landsreikningar hafa aldrei verið færðir á rjettan hátt). Það getur verið skoðun hv. þm. (M. Ó.), en af hverju hefir hann ekki gert athugasemdir um það fyr? (*M. Ó.*: Hefi gert það). Nei, hann hefir ekki gert það, og hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) virðist heldur ekki vera vel inni í þessari nýju „theoriu", því að hann hristir höfuðið yfir þessari nýju uppgötvun kollega síns, og ætti það að vera nægur dómur yfir henni.

ATKVGR.

Tillgr., 1.—3. liður, samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 19 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 18 ágúst, voru till. teknar til síðari umr. (A. 345).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillögurnar samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. ágúst, var útbýtt

Tillögum út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1916 og 1917,

eins og þær voru samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 410).

Á 35. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. ágúst, voru till. teknar til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 44. fundi í Ed., laugardaginn 30. ágúst, voru till. teknar til fyrri umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins lýsa því yfir, að ráðuneytið telur sjálfsagt, að samþyktar verði þessar till. Að því er snertir fyrsta liðinn skal jeg taka það fram, að eftir áskorun yfirskoðunarmanna og í fullu samræmi við skoðun stjórnarinnar hefir viðlagasjóðurinn verið tekinn út úr fjárlögunum. Það má að vísu segja svo, að þetta hafi ekki mikla praktiska þýðingu. En þó má benda á það, að meðan viðlagasjóðsreikningsfærslan var ekki sjerstök, voru menn fullörir á lánveitingar úr honum, og það þótt ekkert fje laust væri í sjóðnum, en lánin voru þá veitt úr landssjóðnum beint; en full ástæða er til þess að ætla, að það verði ekki, ef sjóðurinn og reikningshald eru sjerskilin.

Guðmundur Ólafsson: Jeg vil að eins geta þess, að fjárhagsnefnd hefir haft þessar till. til athugunar og fallist alveg á þær, og leggur hún til, að þær verði samþyktar.

ATKVGR.

1. tölul. tillgr. samþ. með 12 shlj atkv.

2.—3. tölul. tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 13 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., mánudaginn 1 sept., voru till. teknar til síðari umr. (A. 410).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillögurnar samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktanir Alþingis.
(Sjá A. 625).

---

11. Þingvöllur.

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 28. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um þingvöll (A. 533).

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 30. ágúst, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Árla á þinginu barst fjárveitinganefnd erindi frá nefnd, sem kjörin var af ýmsum fjelögum hjer í bænum til að athuga umbætur og verndun á hinum fræga sögustað okkar, Þingvöllum. Sú fjárveiting, sem lögð er til í fjárlagafrv., er veitt með þær umbætur fyrir augum. En til frekari árjettingar þessu hefir nefndin leyft sjer að koma með þingsáltill. á þgskj. 533.

Málinu er ekki svo langt komið, að hægt sje að ákveða kostnaðinn, fyrirfram. Til þess þyrftu að liggja fyrir ákveðnar till. um, hve mikið af þingstaðnum forna eigi að friða. En síðar meir, þegar allar upplýsingar eru fengnar, er tilætlunin, að stjórnin semji frv. um friðun þessa staðar. Og býst jeg þá við, að fjárframlögin fari eftir þeim upplýsingum, sem stjórnin leggur þá fram um kostnaðinn. Friðaða svæðið verður að vera nokkuð stórt, og nauðsynlegt að taka allmikið svæði út fyrir sjálfan þingvöllinn til friðunar, eigi staðurinn að halda sjer vel.

Viðvíkjandi 2. lið þingsáltill. skal jeg taka það fram, að ef einhverjar af þeim jörðum, sem þar eru taldar upp, losna úr ábúð, er það tilætlun nefndarinnar, að þær sjeu ekki bygðar mönnum aftur, nema með því skilyrði, að ábúandi standi upp af jörðinni bótalaust, ef Alþingi eða landsstóru æskir þess. Nefndin leggur til (sbr. 3. lið), að mönnum sje ekki leyft að byggja á Þingvöllum, að minsta kosti ekki meðan verið er að rannsaka, hvað rjett muni að friða og afgirða. Síðan geta menn þá gert út um það, hvort byggingar skuli leyfðar utan girðingar að einhverju leyti. Gróður í Þingvallahrauni gengur mjög úr sjer, og fer svo áfram, ef ekki er þegar hafist handa. Það er að öðru leyti óþarfi að orðlengja frekar um till., því í greinargerðinni er drepið á það helsta, sem máli skiftir í sambandi við hana.

Einar Jónsson: Það mundi ef til vill rjett að leggja út í þann kostnað, sem farið er fram á í þingsál.till. þessari, ef öðruvísi stæðu sakir en er. En þegar litið er á önnur stórmál, sem fyrir þessu þingi liggja og mikinn aukinn kostnað hafa í för með sjer, ef ná fram að ganga, virðist svo, sem þetta mál mætti bíða um hríð. Og þó að sanngirni mæli með því, að gerð væri alvarleg gangskör að því að varðveita Þingvöll, er margs að gæta í því sambandi. Jeg veit ekki betur en hjer liggi fyrir þinginu það stórmál, að hækka laun embættismanna að mun. Það er í alla staði rjettlátt, að svo sje gert, en þess er þá líka að gæta, að útgjöld ríkissjóðs aukast stórum við það. Og þegar þetta nemur jafnvel miljón, er ekkert und-

arlegt, þótt maður spyrji: Hvar á að taka inn gjöldin?

Enn fremur liggur hjer fyrir þinginu frv. um stofnun hæstarjettar í landinu. Mjer var það strax ljóst í því máli, að slík stofnun hlyti að auka útgjöld landsins að mun. Því til hvers á að setja hjer hæstarjett á stofn, ef hann á að vera húsnæðislaus? (*E. A.*: Nóg hús handa honum). Já, jeg hefi heyrt hv. 2. þm. Árn (E. A.) halda því fram, að hæstirjettur geti verið í tukthúsinu, en mjer finst það ekki sem eðlilegastur staður fyrir æðsta dómstól landsins. En jeg býst við, að þm. (E. A.) eigi við tukthúsið, nema hann ætli sjálfur að leigja hæstarjetti þak yfir höfuðið?

Annars finst mjer það hart að láta strika út úr fjárlögunum nauðsynleg útgjöld til brúa og vegagerða fyrir annað eins og þetta. Jeg hygg rjettara, eins og nú er þröngt um fjárhaginn, að sleppa þá heldur að strika út þörfustu samgöngutækin, en láta Þingvöll eiga sig fyrst um sinn. Þótt jeg leggi þetta til nú, þá er það ekki af því, að jeg neiti þörfinni á endurbótum á þessum fornfræga stað, heldur af hinu, að mjer finst ríkissjóður mega vart við öðrum útgjöldum en þeim allra nauðsynlegustu, sem ekki er hægt að komast hjá.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er rjett hjá háttv. frsm. (J. B.), að erindi um þetta efni er komið til stjórnarinnar frá svokallaðri Þingvallanefnd, og stjórnin hefir síðar sent það fjárveitinganefnd. Það var farið fram á það í sumar, að eftirlitsmaður yrði skipaður, líkt því og farið er fram á í 4. lið. Jeg sá mjer ekki fært að skipa þennan eftirlitsmann, enda ekki fje fyrir hendi. Jeg leit svo á, að þetta eftirlit heyrði undir þjóðmenjavörð, og bað hann að ráðstafa þessari gæslu eftir því, sem honum þætti hentast. Það var fje til, sem veitt hafði verið til annars, en ekki notað, og tók jeg til þess. Jeg hefi ekki haft þetta erindi við höndina, en jeg má segja, að farið sje fram á, að þessi eftirlitsmaður eiga að hafa lögregluvald. Jeg er ekki viss um, að full ástæða sje til þess, enda held jeg, að það yrði óþarflega kostnaðarsamt. Það væri ekki hægt að komast af með minna en tvo menn; annar hefði eftirlit með staðnum, en hinn framkvæmdi lögregluvaldið, hefði dómsvald. Jeg held, að komast mætti af með einn duglegan mann til að annast þetta. Jeg gerði þessa athugasemd til að láta nefndina vita, að jeg lít þannig á málið og legg áherslu á það, að eftirlitið eigi að vera undir umsjón þjóðmenjavarðar. Það getur verið, að nefndin líti þannig á, en þó taldi jeg rjett að geta þess.

Einar Arnórsson: Jeg býst ekki við, að þörf sje að mæla mikið með þessari till.; hún er svo sjálfsögð, og þetta hefði átt að gera fyrir löngu. Eins og allir geta sjeð, sem til Þingvalla fara, er meðferð staðarins algerlega óviðurkvæmileg. Þarf ekki annað en benda á það, sem fyrst ber fyrir augu manna, og það er, að vegurinn skuli liggja um Almannagjá, þar sem hann nú er. Það er blátt áfram skrælingjaháttur. Þessi staður átti að liggja óhreyfður, annað var ósæmandi. En við þessu verður ekki gert, úr því sem komið er. Jeg býst ekki við, að hægt sje að taka veginn burtu, án þess að vegsummerki sjáist.

Þá má nefna til annað, sem óprýðir staðinn að miklum mun, og það eru timburkofar, sem hrúgað hefir verið upp. Sumir voru gerðir 1907, en aðrir komnir áður og sumir síðan. Nú eru einstakir menn að reisa þarna sumarbústaði, og hljóta þeir að hafa fengið leyfi til þess. En alt þetta er óvirðing og óprýði á staðnum. Það hljóta allir að sjá.

Það er orðin venja, að fólk sækir mjög til Þingvalla sjer til skemtunar, og ganga þar af miklar sögur og margvíslegar. Þar

á margt að gerast, sem ekki getur talist í fullu samræmi við fornhelgi staðarins. Það er einnig undan því kvartað, að jörðin, og þá sjerstaklega skógarkjarrið, spillist af völdum þessara glaðværu gesta.

Annars þarf þetta mál ekki mikinn rökstuðning. Jeg geri ráð fyrir, að flestum sje fullljós nauðsyn þess. Þess vegna þótti mjer leiðinlegt til þess að vita, að hv. 2. þm. Rang. (E. J.) lagðist á móti því af fjárhagsástæðum. Mjer þykir þetta því undarlegra, þar sem hann er Sunnlendingur og hefir eflaust sjeð Þingvelli með eigin augum og þá um leið ástand staðarins. Jeg býst við því, að augu hans hafi ekki verið svo haldin, að hann hafi ekki sjeð öll vegsummerki. Vitanlega hefir þetta útgjöld í för með sjer, en við höfum líka skyldum að gegna, og það skyldum, sem ekki verða metnar til fjár. Þær eru helgari en fje. Við þennan stað eru bundnar flestar söguminningar okkar að fornu og fram eftir öldum. Þar hafa gerst mestu gleði og raunatíðindi Íslands. Það er því þjóðarhneisa að láta svo til ganga, sem gengið hefir, og gera ekki ráðstafanir til að vernda staðinn gegn skemdum og níðslu. Það, sem vanrækt hefir verið, verður aldrei bætt að fullu. Staðnum hefir verið svo lítill sómi sýndur, menn hafa gefið honum svo lítinn gaum, að margt er nú fallið í djúp gleymskunnar honum viðvíkjandi. Jeg get nefnt eitt dæmi, og það er Lögberg. Það veit enginn með óyggjandi vissu, svo ekki verði um deilt, hvar það hefir verið. Jeg fyrir mitt leyti þykist viss um það, en um þetta atriði er ágreiningur, og engin fullnaðarniðurstaða fengin. Það getur verið, að svo fari um fleiri örnefni, sem merk eru, bæði þarna og á öðrum stöðum. Þjóð, sem vill halda áfram að vera sjerstök þjóð, getur ekki látið sjer nægja að framleiða smjör, kjöt og fisk. Það er vitanlega nauðsynlegt, en hitt er ekki síður nauðsynlegt, að vita deili á fortíð sinni, því á henni verður framtíðin að byggjast. Þjóðin getur því að eins gengið stig af stigi, að hún haldi við þeim kostum, sem hún á liðnum öldum hefir aflað sjer, og bæti úr göllunum. En ef svo á að verða, þá má ekki feðranna frægð falla í gleymsku og dá.

Þetta hefir vitanlega kostnað í för með sjer, en hann er ekki svo mikill, að hægt sje að horfa í hann. Þetta verður ekki gert á einu ári, og dreifist þá kostnaðurinn. En það verður að halda málinu vakandi og verja staðinn fyrir frekari skemdum en orðið er.

Það hefir verið um það rætt, hvort eftirlitsmaðurinn eigi að hafa lögregluvald eða ekki. Jeg hefi ekki athugað málið sem skyldi, en það er ýmislegt, sem mælir með því, fljótt á litið. Það er sjálfsagt, að hann hafi vald til að verja mönnum umferð og óhæfilegt háttalag á afmörkuðum svæðum. En svæðið yrði víðáttumikið, og væri erfitt að framkvæma það eftirlit. Það er altaf til nóg af heimskum og óhlýðnum lýð sem gerir sjer að leik að brjóta settar reglur. En ef maðurinn hefði ekki lögregluvald, þá væri hætta á, að margur slyppi, sem ekki ætti að sleppa, þegar ekki væri hægt að sekta þegar í stað. En þó segi jeg ekki nema hitt dygði.

Jeg vona, að þessi till. verði samþykt og menn láti ekki undir höfuð leggjast að ljá þessu máli fylgi sitt, þó að það hafi lítils háttar útgjöld í för með sjer. Menn fara ekki að gera þjóðinni þá vansæmd að láta þetta mál dragast lengur.

Pjetur Ottesen: Jeg býst við, að ummæli mín um þetta mál verði tekin sem mótmæli gegn því, og að jeg sýni þar með óþjóðrækni mína, en þó get jeg ekki stilt mig um að fara nokkrum orðum um 2 atriði. Jeg sje ekki, að þau snerti svo mjög verndun staðarins, og mæli jeg því ekki á móti tillögunni, þó jeg andmæli þeim. Það er sem sje farið fram á, að alt Þingvallaland verði afgirt og þær jarðir, sem eru

innan þess svæðis, verði lagðar í eyði. Það er drepið á það í greinargerðinni, að ábúð á jörðum þessum fari illa með landið, skógur eyðist og jörðin blási upp. Jeg er ekki neitt til hlítar kunnugur á þessum sviðum, en jeg sje ekki annað en hægt sje að setja reglur um meðferð skógarins, eins og víða er gert, og eitthvert eftirlit sje haft með, að þeim sje fylgt. Þá á ekki landinu að stafa hætta af búskap þarna. Þær jarðir, sem hjer er um að ræða, eru aðallega sauðfjárjarðir, og hefir fjárbeit ekki góð áhrif á skóginn. En þannig er ákaflega víða, og hefir þó ekki komið til tals að leggja þær jarðir í eyði. Það er vitanlegt, að mikil sauðbeit í skógunum að vetrarlagi stendur nokkuð í vegi fyrir vexti og framförum skógarins. En það er annað, sem hefir átt enn öflugri þátt í því, hvað skógargróðrinum hefir hrakað hjer á landi. Eyðing skógarkjarrsins mun vera miklu meira að kenna rangri aðferð við skógarhöggið. Nú er fengin fræðsla um það, hvernig höggva beri skóg, honum að skaðlausu, meira að segja honum til góðs, og ætti þá sú hætta að hverfa úr sögunni. Það er uppi sú stefna, að fjölga beri fremur en fækka býlum, og er þá einkennilegt að heyra menn tala um að leggja búsældarjarðir í eyði. Við verðum að gera alt til þess að framleiða sem mest, en láta ekki loftkastalamenn og ímyndaðan þjóðarrembing hlaupa í gönur með menn til þess, sem miðar að því, að minka framleiðsluna að óþörfu. Þarna mun nú að vísu vera færra fje en áður var fyrir löngu síðan, en það þarf engan veginn að stafa af því, að landinu fari nú aftur. Áður var eingöngu treyst á beitina, og fje látið falla ef hún brást. Þetta hefir stórbreyst á seinni tíð. Nú setja menn miklu gætilegar á vetur, beita ekki eins mikið og áður, fara betur með skepnur sínar, enda hafa miklu betri not af þeim en áður var. Jeg sje því ekki, að hættan sje svo mikil, þó ábúð fengi að haldast á þessum jörðum, og vil jeg andmæla því, að jarðir sjeu lagðar í eyði, sem jeg verð að telja að sje að nauðsynjalausu gert.

En það, sem aðallega skemmir landið á Þingvöllum og kemur óvirðingu á þennan fornhelga stað, eru kaupstaðarbúarnir, sem gera sjer nú mjög tíðkvæmt á Þingvöll. Það verður að hafa eftirlit með framferði þeirra þar, og vil jeg engan veginn mæla á móti því, að eitthvað sje gert til að vernda Þingvöll fyrir þessum aðkomulýð. Jeg á ekki við það, að meina neinum að koma og dvelja á þessum stað, heldur að koma í veg fyrir það, að þessi staður sje nokkurskonar afdrep fyrir menn, og að þeir, sem þar dvelja, sjeu eiginlega fyrir utan lög og rjett.

Þá eru kofarnir, sem eru stór lýti á staðnum. Stjórnin hefir ekki gengið á undan með góðu eftirdæmi þar, því hún ljet hrófla upp tveimur húsum þar á því merkilega ári 1907, og stendur annað enn skinið og skáldað, en grunnurinn af hinu, sem minnisvarði um, að þar hafi bygt verið. Svo er farið að reisa þarna sumarbústaði, og veit jeg, að einn hefir verið reistur þar nýlega í fallegri skógarbrekku. Jeg býst við, að sá maður hafi fengið eitthvert leyfi eða leyfisnefnu hjá presti, sem hlýtur að hafa leitað til stjórnarráðsins og fengið samþykki þess til þessa þrifnaðar.

Jeg mun greiða atkvæði með því, að þetta sje rannsakað, og legg sjerstaka áherslu á, að staðurinn sje verndaður fyrir skemdum og ágangi kaupstaðarbúa og óprýði og smekkleysi kofanna. En jeg sje enga ástæðu til að fara að níðast á búunum. Jeg held, að sæmra sje að láta þau í friði.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. 2. þm. Rang. (E. J.) hafði á móti till. kostnaðarins vegna. Jeg vil benda honum á, að till. fer að eins fram á rannsókn. Þá er það 2. liðurinn, að ef jörð losnar úr ábúð á þessu svæði, þá skuli hún ekki bygð aftur nema með þeim skilyrðum, að landssjóður hljóti ekki kostnað af, ef ábúandi þarf að

standa upp af jörðinni friðunarinnar vegna. Landssjóður tapar þarna að eins afgjaldinu, og nemur það ekki miklu. Landsmenn munu á engan hátt verða varir við þessi útgjöld; svo lítil eru þau. Þá talaði hv. þm. (E. J.) um, að leiðinlegt væri að taka af fje til brúargerða og verja því í þessu skyni. Jeg skil ekki, hvers vegna hv. þm. segir þetta. Það fje, sem ætlað er til brúargerða, er á engan hátt skert með þessari tillögu. Upphæðin, sem þarf til þessarar rannsóknar, er svo hverfandi lítil, að hún getur ekki haft nokkur áhrif á verklegar framkvæmdir. En skylda ber okkur til að gæta þessa fornhelga staðar. Það er sómi þjóðarinnar.

Jeg get verið hæstv. forsætisráðh. (J. M.) þakklátur fyrir undirtektirnar. Nefndin hefir ekkert látið uppi um það hvaða vald þessi eftirlitsmaður ætti að hafa, og verður það að fara eftir því, sem heppilegast er álitið, þegar til þess kemur, að framkvæmd verði á því atriði. Þó get jeg verið háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sammála um það, að sennilega væri hentast, að hann hefði lögregluvald. Mjer þykir vænt um þann áhuga, sem sá háttv. þm. (E. A.) hefir sýnt þessu máli, og er hann mjer alveg samdóma um nauðsyn þess.

Hv. þm. Borgf. (P. O.) talaði um jarðirnar, sem lagðar mundu í eyði vegna friðunarinnar. Hann virtist sjá eftir þeim jörðum og hjelt, að þær gætu haldist í ábúð, án þess að það skaðaði skóginn. En jeg held, að hann hafi gert of mikið úr þessu. Jeg þekki nokkuð þarna til og hefi það líka eftir kunnugum mönnum úr þessari sveit, að ekki verði langt þangað til jarðirnar leggjast í eyði af sjálfu sjer. Heyskapur er mjög lítill á þessum jörðum, og ef ætti að takmarka beitina, þá væri það sama sem að afnema búin. Það er að eins tímaspursmál, hve nær jarðirnar leggjast í eyði, en meðan þær eru í ábúð, hlýtur skógurinn að ganga meir og meir úr sjer.

Mjer sýnist málið horfa þannig við, að ekki sje nema tímaspursmál, hve nær landið eyðist, og verður orðið svo spilt, að ábúðin hverfur af sjálfsdáðum. Þegar svo er komið, verða niðjar okkar að taka við því böli, sem vanræksla okkar um þennan stað hefir valdið. Hv. þm. Borgf. (P. O.) drap á það, að víða væru skógar á landinu, sem líkt væru notaðir og þessi skógur á Þingvöllum, og ekki spilst við. Það tel jeg nú ekki líklegt. Hins vegar fyndist mjer ekki úr vegi, að við gerðum þessum fornhelga stað hærra undir höfði en öðrum. Það er óþarft að taka fram, hvers virði hann er þjóðinni.

Viðvíkjandi því, að ferðafólk valdi þarna skemdum og spilli landinu, þá skal jeg síst bera á móti, að svo muni vera. En til þess að hindra það í framtíðinni þarf að girða landið, eins og þörf krefur. Það er engin leið til þess önnur, því eftirlitsmaður getur einn út af fyrir sig ekki komið í veg fyrir slíkt. Að öðru leyti sýndist mjer, að okkur hv. þm. Borgf (P. O.) bæri í rauninni ekki svo mikið á milli. Hann tók þessari till. vel og vildi, að eitthvað yrði að gert. Að eins var honum sárt um, að þessar jarðir skyldu lagðar í eyði. En jeg get frætt hv. þm. á því, að sjálfir ábúendur jarðanna skilja þetta mjög vel og munu fúsir að standa upp frá jörðum sínum, þegar þess verður krafist. En auðvitað verður að þóknast þeim fyrir það.

Einar Jónsson: Jeg vona, að háttv. þm. skilji mig ekki svo, að jeg sje á móti þessu máli. Það er síður en svo. En jeg er á móti því, að það sje tekið fyrir nú þegar og látið ganga fyrir öðru, sem er þarfara. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði um það, að jeg hefði komið á Þingvöll, en ekki getað orðið honum sammála í því, að verndа beri staðinn fyrir spillingu. Hann sagði enn fremur, að enn þann dag í dag væri deilt um það, hvar hið forna lögberg hefði

staðið. Og þykir mjer það undarlegt, að þessi háttv. þm. (E. A.) skuli ekki vita betur, þar sem það er kunnugt, að hann er einn af fróðustu mönnum þessa lands. Við eigum ef til vill eftir að lifa það, að þetta verði rannsakað til hlítar af hinum fróðu mönnum, og gæti svo farið, að við þá rannsókn kæmi í ljós, að lögberg hefði staðið annaðhvort á Gjábakka eða á Kárastöðum. Væri það illa farið, því báðir þeir bæir eru fyrir utan það svæði, sem friða á.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði um það í ræðu sinni, að þetta hefði lítinn kostnað í för með sjer. Jeg hugsa, að fáir sjeu honum sammála um það atriði. Eins og hv. þm. Borgf. (P. O.) tók fram, sýnir 2. liður till. það, að legga á í eyði fjórar jarðir. Og má undarlegt heita, ef þær jarðir verða ekki virtar á eitthvað. Auk þess er meiningin, að valin skuli sjerstakur umsjónarmaður yfir staðnum. Eitthvað þarf að borga honum, ef lætur að líkindum.

Eins og jeg tók fram áðan, þá er jeg ekki mótfallinn því, að Þingvellir verði verndaðir fyrir skemdum, ef það er álitið mögulegt. Hins vegar álít jeg ekki heppilegt, að það sje kostað kapps um að gera það þegar í stað með ærnum tilkostnaði.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að þetta væri tímaspursmál. Og er það rjett. Einmitt þess vegna má láta það bíða nokkurn tíma, en þarf ekki endilega að gerast á næsta ári.

Annars lít jeg svo á í þessu sambandi, að þessi fornhelgi staður sje að vísu vel þess verður, að honum sje allur sómi sýndur, en hv. þing ætti ekki að ráðast í það, nema því að eins, að það teldi sig jafngilda því forna þingi, sem þar var háð. Það færi illa á því, að hv. þingmenn legðu kapp á þetta, ef þeir væru slíkir ættlerar hinna, að þar væri í engu saman að jafna. Þá væri jafngott, að þeir ljetu þessa frægu forfeður sína sofa í friði, en færu ekki að leggja út í kostnað þeim til lofs, með peningum, sem ekki eru til. Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg tel þessa till. ótímabæra, eins og ástæður eru nú, og get því ekki greitt henni atkvæði mitt.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd út af ræðu háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Mjer heyrðist á hv. þm., að það væri síður en svo, að hann hefði nokkuð á móti því að vera frsm. þessarar till., þar sem þetta væri sjer áhugamál.Og skal jeg ekki rengja hann um það. Hv. þm. (J.B.) gat þess og, að hann gerði ráð fyrir, að ef þessar jarðir losnuðu úr ábúð, yrðu þær ekki bygðar aftur. Enn fremur taldi hann það að eins vera afgjaldsmissi, ef þær væru lagðar í eyði. Þar get jeg ekki verið honum sammála. Þess er að gæta, og er það aðalatriðið, að þarna er um framleiðslu að ræða af öllum þessum jörðum, sem framfleytt er á allstórum búum, svo það er meira en afgjöldin ein, sem kemur til greina. Það er minstur hluti þess, sem tapast við eyðinguna. Hv. þm. (J. B.) taldi það einungis tímaspursmál, hve nær þessar jarðir legðust í eyði hvort sem væri. Þetta er bara fullyrðing hjá hv. 1. þm. Reykv.(J.B.), sem við engin rök hefir að styðjast.Búskap á þessum jörðum hefir alls ekki farið aftur hin síðustu árin, heldur þvert á móti hið gagnstæða.

En sje meðferð á skóglendi jarðanna í einhverju ábótavant að öðru leyti, ætti að vera hægt að ráða bót á því.

Eins og nú er kunnugt orðið, eykur það vöxt skógarins, að hann sje grisjaður

Mjer er ekki kunnugt um, hvort hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir leitað álits skógfræðingsins um þetta mál, og hvort það er eftir hans tillögum gert að ráða til, að þessar jarðir sjeu lagðar í eyði; jeg hefi ekkert um það heyrt. Hv. þm. (J B.) talaði enn fremur um það, að ábúendur þessara jarða mundu fúsir á að yfirgefa þær, þegar þess væri krafist, en það mundu

þeir því að eins gera, að þeim væri sjeð fyrir góðum ábýlisjörðum annarsstaðar, eða þá fyrir ákveðna borgun, eftir því sem þá semdist um, og gæti það kostað landssjóð töluvert. En í greinargerð fyrir frv. stendur ekkert um það frá þeim. Að eins hafa þeir skorað á stjórnina að bæta úr þeirri óreglu og þeim spellum, sem stafi af ferðafólki á þessum stað. Og með þeim formála, að einhverju fje sje varið til að ráða bót á þessu, vil jeg gjarnan greiða þessari till. atkvæði mitt, en ekki með það fyrir augum, að leggja jarðirnar í eyði.

Sigurður Sigurðsson: Jeg skal geta þess út af umræðum þessa máls, að búskapur á þessum býlum í Þingvallasveitinni er því að eins mögulegur, að skógurinn sje notaður mikið. Þar er ekki mótak neinstaðar, svo jarðirnar eru eldiviðarlausar ef ekki væri skógurinn. Engjar eru þar heldur ekki að ráði, svo heyskapur er mjög erfiður. Þess vegna verður fjeð að lifa að mestu leyti á skóginum. Eins og gefur að skilja af þessu, þá eru þetta engar stórjarðir. Þær eru allar heldur litlar og framfleyta að eins sauðfje. Vatnskot er hjáleiga frá Þingvöllum, var lengi í eyði, en er nú bygt fyrir nokkrum árum. Þetta kot er svo lítið og heyskapur enginn, að þar væri ekki lífvænlegt, ef bóndinn gæti ekki haft annað með. — Ábúendum á þessum jörðum er þetta mál kunnara en öðrum. Og jeg veit ekki betur en bæði hreppstjórinn í Hrauntúni og oddvitinn í Skógarkoti sjeu hlyntir þessari ráðabreytni eða breytingu, sem talað er um að gera, og telji sig fúsa á að standa upp frá jörðum sínum. Enda mun annar þeirra, bóndinn í Skógarkoti, þegar vera farinn að hugsa sjer fyrir býli annarsstaðar. Báðir þessir menn, er jeg nefndi, eru skynsamir og athugulir. Þeir sjá það, að svo framarlega sem á að vernda skóginn fyrir eyðileggingu, þá er eina leiðin til þess sú, að hætt verði *fjárbúskap* á þessum jörðum. — Hv. þm. Borgf. (P. O.) gat þess, að hann efaðist ekki um, að þessir bændur færu vel með skóginn, og er jeg honum sammála um það, að svo miklu leyti sem þeim er unt. En það er sprottið af misskilningi hv. þm. (P. O.) að halda því fram, að þarna megi reka sauðfjárbúskap án þess að nota skóginn til beitar og eldiviðar.

Jeg ætla ekki að tala um umgengni ferðafólks um þennan stað. Hjer er um fornhelgan stað að ræða. Og auk þess er, eins og kunnugt er, þarna einhver fallegasti blettur inn á þessu landi. Jeg hefi víða farið, en hvergi sjeð fjölbreyttari nje hrikalegri náttúrufegurð. Og þegar þetta hvorttveggja fer saman, fornhelgi staðarins og fegurð, þá álít jeg það siðferðislega skyldu þjóðfjelagsins að vernda hann frá eyðileggingu.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 17 : 1 atkv.

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. sept., var till. tekin til s í ð a r i u m r. (A. 533).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. sept., var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um Þingvöll, eins og hún var samþ. við síðari umr í Nd. (A. 756).

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 11. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15. sept., var till. tekin til síðari umr. (A. 756).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 840).

---

12. Stækkun á landhelgissvæðinu.

Á 58. fundi í Nd., mánudaginn 8. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um stækkun á landhelgissvæðinu (A. 733).

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 11. sept., var till. tekin til einnar umr

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Gamalt orðtæki segir: „Það hefir enginn, sem hann hættir ekki", og getur það átt við þessa till. Ef við sjálfir gerum enga tilraun til að rýmka landhelgissvæðið og vernda fiskimiðin okkar, þá er ekki við því að búast, að þeim verði borgið af öðrum. Sjávarútvegsnefndin hefir viljað gefa vakningu í þessa átt, í von um, að það mætti takast að komast að samningum við þau ríki, sem fiska hjer við land, um að færa út landhelgislínuna. Það gæti einnig komið til mála að reyna að hrinda þessu áleiðis á alþjóðaþinginu í Haag, þegar það nú væntanlega tekur aftur til starfa eftir lok styrjaldarinnar, ef eigi semdist á annan veg. Má vera, að ýmsir telji þetta vonlaust og að enginn árangur muni fást, en jeg tel ekki hundrað í hættunni, þó leitað sje hófanna.

Máli þessu hefir verið hreyft hjer á þingi fyr, þótt eigi bæri það árangur, og ósjaldan hafa óskir heyrst frá alþýðu manna um tilraunir í þessa átt. Vonir um árangur hafa jafnan verið litlar, en nú er afstaðan breytt og líkurnar frekari fyrir, að eitthvað fáist, vegna viðburða síðustu tíma og vegna yfirlýsinga stórþjóðanna um að bera ekki hlut smáþjóðanna fyrir borð, og síðast en ekki síst vegna breyttrar afstöðu okkar að fengnu fullveldi landsins.

Jeg veit ekki, hve nær þau ákvæði hafa gengið í gildi, sem nú eru viðurkend hjer og víðar, að landhelgin skuli ná ¾ úr mílu undan landi, eyjum og annnesjum; það er að vísu viðurkent meðfram Norðursjónum og víðast við strendur Vestur-Evrópu. En svo mikið er víst, að landhelgin ákvarðast ekki af föstum alþjóðalögum, því hún er breytileg frá einu landi til annars og sumsstaðar miklu rýmri en hjer. Landhelgi dönsku eyjanna er 1 míla eða 4 mínútur, og Bretar hafa fengið það viðurkent, þrátt fyrir þriggja mínútna landhelgina við strendur Norðursjóarins, að firðir og flóar, sem eru 10 mílufjórðungar eða minna, teljast allir innan landhelgi. Við Grænland er landhelgin 16 mílufjórðungar, og við Nýfundnaland er hún mun stærri en hjer. Það væri mikill vinningur, ef hægt væri að fá landhelgina færða út um 1 mílu-

fjórðung. Fiskimiðin okkar bestu liggja víða á núverandi landhelgismörkum eða rjett utan við þau. En þeir, sem ólöglega fiska í landhelgi, halda sig oftast yst í henni, svo auðveldara sje undanhald, ef lögreglan nálgast, og mundi því oftast nokkurt svæði fullfriðað utan við núverandi takmörk, ef svæðið breikkaði um 1 mínútu.

Jeg vil benda á það, að landhelgin er breytileg eða hreyfanleg að því er snertir eina hlið viðskiftanna þjóða á milli. Jeg á þar við örskotshelgina fornu, sem segja má að enn haldist. Það er litið svo á, að óheimilt sje að heyja sjóorustu nær landi en svo, að það sje utan við fallbyssufæri. En fallbyssurnar eru nú miklu langdrægari en áður, og getur því þessi landhelgi sífelt verið á kviki. Með hliðsjón af þessari landhelgi væri ekki óhugsandi, að hægt væri að fá hina færða út líka.

Þá væri það augljós ávinningur, ef friðun fengist á fjörðum og flóum, líkt og fengist hefir á Bretlandi. Það eru víða fiskigrynningar utan til í fjörðum og flóum hjer við land, en þau mið eru undirorpin áreitni og eyðileggingu útlendinga, því þau eru ófriðuð þar sem lengra er landa milli en 6 mílufjórðungar. Mjer hefir við fljótlega yfirsýn virst, að á þennan hátt fengist Eyjafjörður friðaður, Skagafjörður, Ísafjarðardjúp og Vopnafjörður. Að því er snertir Norðurland væri þetta mikill ávinningur um síldveiðitímann, því útlendingum væri bægt frá stórum svæðum, þar sem þeir nú keppa við landsbúa og spilla veiði þeirra. Auðvitað er vafasamara, hvort nokkuð ynnist fyrir Faxaflóa. Hann er of breiður til að falla undir reglurnar bresku, en þó mundi hún geta náð til fjarðarmynna í innri hluta flóans. En þó að svo sje, þá er svo mikið fengið á öðrum svæðum, að tilraunin er fyllilega þess verð, að hún sje gerð.

Minni eru líkurnar til þess að fá friðaðar grynningar, sem liggja utan landhelgi. Þó ætti það ekki að vera vonlaust; þess eru dæmi annarsstaðar. En áður en sú málaleitun er hafin verður að rannsaka, í hvaða svæðum er mestur fengur, til þess að vita fyllilega um, hvað farið er fram á. Mjer dettur í hug í þessu sambandi eitthvað af Faxaflóa og grynningarnar fram undan Reykjanesi. En þetta er að eins till., sem jeg skýt fram til athugunar.

Strandvarnir standa í nánu sambandi við þetta mál, og er nú útlit fyrir, að þær verði að einhverju öruggari eftirleiðis. Umbót á þeim í sambandi við stækkun á landhelgissvæðinu er sú búbót, sem flestu öðru fremur mundi geta gert oss efnalega óháða eða fullvalda meira en í orði.

Það verður að vísu ekki sagt, að það út af fyrir sig sje fullveldisvottur, þótt viðurkenning fengist á þessu. En jeg er þó ekki í vafa um, að það, sem ynnist við þetta, væri mjög mikilsvert fyrir hið nýja fullvalda ríki, og sjálfsagt notadrýgra því en margt annað. Gullkista landsins eru fiskimið þess, og það mun mjög fara eftir því, hvernig oss tekst að ausa úr henni, hvort vjer föllum eða stöndum í baráttunni fyrir vorri þjóðlegu tilveru. En hvernig oss tekst að hagnýta oss fiskimiðin fer aftur mest eftir því, hvernig lánast að vernda þau og verja. Jeg vona, að hv. deild taki till. þessari vel og lofi henni að ganga fram tálmunarlaust, og jeg óska þess og vona, að sá verði árangur hennar, að hægari verði aðstaða fiskimanna vorra framvegis en á síðustu vertíðum.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er sjálfsagt, að hver stjórn, sem með mál þetta hefir að gera, muni reyna að fylgja því fram svo sem hún má best, en ekki er hægt að lofa fyrirfram, hver árangurinn muni verða.

Hv. nefnd mun vera kunnugt um, að samskonar tilraunir, sem hjer er farið fram á að gerðar sjeu, hafa verið gerðar aftur

og aftur frá öðrum smáríkjum, en jafnan árangurslaust. Sjálfir Englendingar hafa og haft á dagskrá útfærslu landhelgislínunnar, en ekkert orðið úr.

Það er þrent, sem tillagan fer fram á, í fyrsta lagi, að landhelgissvæðið sje stækkað, í öðru lagi, að það nái yfir alla flóa og firði, og í þriðja lagi, að helstu bátamið, þótt fyrir utan landhelgi sjeu, verði friðuð. Það eru fleiri en Íslendingar, sem vilja færa landhelgislínuna út fyrir þriggja mílufjórðunga svæðið, og má vera, að ekki sje með öllu vonlaust um, að um það fáist samkomulag. Hvað það snertir að fá flóa og firði friðaða, þá var talsverð ráðagerð um það fyrir nokkrum árum, og var ekki vonlaust um, að svo yrði að einhverju leyti, t. d. að eitthvað fengist friðað af Faxaflóa fram yfir það, sem nú er; þó varð ekkert úr því, þegar á átti að herða. Þá er loks að minnast á bátamiðin fyrir utan landhelgi. Jeg held, að ekkert hefði átt að standa um þau í till., því að jeg tel vonlaust um, að þau fáist friðuð. Það stendur eins á hjá sumum öðrum þjóðum. Þær eiga fiskisæl mið á grynningum utan landhelgi, og mundu þær æskja, að þau svæði væru friðuð, en geta ekki vænst þess að fá því framgengt; enda mun það vera ærið nóg verkefni fyrir stjórnina í bráð að vinna að því að fá friðaða firði og flóa og landhelgislínuna færða út. Jeg hafði ekki veitt eftirtekt þriðja atriði till. fyr en hv. frsm. (Sv. Ó.) vakti athygli mína á því í ræðu sinni. Þótt jeg geri alls ekki ráð fyrir, að grynningar fyrir utan landhelgi fáist yfirleitt friðaðar, þá má vera, að einhverjar af þeim grynningum, sem hv. frsm. (Sv. Ó.) nefndi, geti helgast af eyjum og skerjum, t. d. Eldey, svo að fyrir þá sök fáist þær friðaðar, en um þær grynningar, sem eigi hagar svo til með, geri jeg ráð fyrir. að eigi sje umtalsmál.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Mjer finst sjálf tillagan ekki gefa beint tilefni til þess, að stjórnin eigi að beita sjer fyrir því, að fá friðuð fiskimið fyrir utan landhelgislínuna, önnur en firði og flóa; og þótt nefnd sjeu í henni „helstu bátamið", þá gæti það átt við mið inni í flóum, utan landhelgi þar. En hitt er satt, að jeg mintist á það sem möguleik, að takast mætti að fá friðaðar einstöku grynningar utan landhelgi, af því að mig minnir, að dæmi sjeu til slíks, t. d. um New Foundlands grynningarnar að einhverju leyti. Jeg tek það fram, að eigi er beinlínis ætlast til þess í till., að stjórnin leggi mikla áherslu á þetta, ef óvænlega horfði um það, en ekki sje jeg neitt á móti því að hreyfa slíkri ósk. Hitt er sjálfsagt, að líkurnar eru meiri um áheyrn vegna flóa og fjarða, þar sem fordæmi eru fleiri fyrir, og því meiri áhersla á það leggjandi.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um stækkun á landhelgissvæðinu,

eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 790).

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á sama fundi var till. tekin til einnar umr., með afbrigðum frá þingsköpum, er leyfð voru og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 841).

13. Leiðbeiningar til heimflytjenda.

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 15. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um leiðbeiningar við Íslendinga, sem flytjast heim úr öðrum löndum (A. 811).

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. sept., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi í stuttri greinargerð með þessari tillögu nefnt höfuðástæðurnar fyrir því, að jeg flyt hana, og hygg jeg, að það sje nægilegt til að sýna rjettmæti hennar. — Það er enginn vafi á, að þetta er rjett aðferð, sem hjer er viðhöfð, að skora á stjórnina með þingsál.till., þegar er að ræða um verkamenn í hennar þjónustu. Því getur hún ekki barið því við, að hún fái þessa hvatningu í tillöguformi.

Annars held jeg, að það sje meira vit í þessari tillögu og þarfara það, sem þar er farið fram á, heldur en margt annað, sem gert er út í bláinn, eins og t. d. það, að veita fje til þess að halda við íslensku þjóðerni í Ameríku.

Það er ekki gott að vita, hvernig aðrar þjóðir kunna að líta á það, að stórveldið Ísland fari að blanda sjer inn í mál þeirra á þann hátt. Hinu getur aftur enginn neitað, þó við reynum að búa eitthvað í haginn fyrir þá, sem vildu flytjast heim til ættjarðar sinnar aftur. Jeg ætla annars ekki að fjölyrða neitt um þetta, en læt það á vald hv. deildar, hvort hún verður svo ósamkvæm sjálfri sjer að fella þessa tillögu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal játa, að jeg sje ekkert á móti því, að slík tilmæli, er felast í þessari tillögu, komi fram í svona formi, því það má víst með sanni segja um þessa tillögu, að hún sje bæði meinlaus og gagnslaus. Annars á þessi tillaga víst að vera einskonar yfirbót af hálfu hv. þm. Dala. (B. J.) fyrir það, að hann var með til að gera óaðgengilegra fyrir Íslendinga að hverfa heim aftur til landsins, og sömuleiðis fyrir það, að hann gat ekki fallist á, að veitt yrði eftir hans mælikvarða lítil upphæð til manns, sem átti að fara til Ameríku. En þessi yfirbót háttv. þingmanns er æðivesöl, og jeg býst ekki við, að hann fái mikla þökk fyrir hana hjá Íslendingum erlendis. Jeg skal að endingu segja, eins og hv. frsm. (B. J.) sagði, að jeg læt hv. deild alveg ráða því, hvort hún samþykkir till. eða ekki, því jeg tel hana gersamlega þýðingarlausa.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg vil nú að eins geta þess, að jeg þykist hafa gert meiri verk en að bera fram þessa till., án þess að fá þakklæti fyrir. Og ætlaði jeg mjer ekki að ávinna mjer þakklæti með því, hvorki hjá hæstv. forsætisráðherra nje öðrum. Hann er nú búinn að lýsa því, hæstv. ráðherra, hvernig hann ætli að framkvæma þessa tillögu. Og getur hann vafalaust haft um hana hvaða orð sem

hann vill, kallað hana þýðingarlausa og annað. Hann situr nú í því sæti, að hann á hægt með að gera hana þýðingarlausa. Hæstv. ráðherra var að tala um, að jeg með þessu vildi gera yfirbót fyrir það að jeg var með búsetuskilyrðinu í stjórnarskránni. — Þá mun hæstv. ráðherra að sjálfsögðu telja sjer skylt að vera sjálfum sjer samkvæmur og styðja jafnt að innflutningi innlendra sem útlendra manna.

Mjer er þetta að vísu ekkert kappsmál. En þó hafði jeg ekki ástæðu til annars en trúa stjórninni fyrir svona lítilvægum framkvæmdum. Jeg hjelt, áður en jeg heyrði hana tala, að hún hefði einhvern þann mann í sinni þjónustu, sem þetta gæti gert. Því þessa er full þörf. Það er kunnugt, að margir Vestur-Íslendingar hafa orðið að hverfa burtu aftur, er þeir hafa ætlað að setjast hjer að, sökum þess, að þeir hafa ekki getað fengið hjer atvinnu, sem þeim geðjaðist að, og hafa enda hvergi átt höfði sínu að að halla.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil gera þá athugasemd út af ræðu hv. þm. Dala. (B. J.), að þetta mál heyrir ekki undir minn verkahring. Það mun standa næst hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.). Það er misskilningur hjá hv. þm., að dómsmálaráðherra hafi nokkuð með þessar framkvæmdir að gera. Það, sem jeg hefi sagt, er því eingöngu frá mínu eigin brjósti. Öðruvísi get jeg ekki um málið talað. En hv. þm. veit ósköp vel sjálfur, að þessi tillaga er alveg þýðingarlaus. Ef hún ætti að vera til nokkurs gagns, yrði að setja á stofn skrifstofu

Benedikt Sveinsson: Jeg get ekki fallist á, að þessi tillaga sje svo gersamlega þýðingarlaust, eins og hæstv. forsætisráðh. (J. M.) lætur í veðri vaka. Jeg býst við, að ef till. verður samþykt, þá telji hæstv. stjórn sjer skylt að fara eftir henni og veita þær leiðbeiningar, sem ætlast er til samkvæmt henni. Eins og hv. þm. Dala. (B. J.) tók fram, þá hefir það komið fyrir, að Íslendingar hafa komið vestan um haf og ætlast að setjast hjer að, en verið tekið heldur tómlega, og ekki haft neinn sjer til leiðbeiningar. Þeir hafa því orðið fyrir vonbrigðum, og afleiðingin orðið sú, að þeir hafa horfið vestur aftur. Öðru máli væri að gegna, ef hjer væri einhver stofnun, sem þeir gætu snúið sjer til og fengið nauðsynlegar upplýsingar. Þá hefðu þeir margir hverjir. getað sparað sjer það fje, sem ferðin fram og til baka kostaði, og leitað fyrir sjer um atvinnu og annað þess háttar áður en þeir legðu af stað. En í þess stað hafa þeir komið hingað, gripið í tómt og hvergi fundið athvarf. Það skiftir miklu meira máli en margir ætla, að greiða eitthvað fyrir þeim, sem leita hingað heim, og eins að glæða heimfararhug íslenskra manna í öðrum löndum, því að þeir, sem víða hafa farið og dvalist í menningarlöndunum, munu oft vel til þess fallnir að hagnýta sjer það hjer heima, sem þeir hafa sjeð fyrir sjer annarsstaðar og athugað, að hjer mundi mega að gagni koma Glögt er gests augað. Og munur er að mannsliði. Það er tvímælalaus hagur fyrir landið að fá aftur heim góða borgara. er setjast hjer að. Enda hefir reynslan sýnt það, að oft koma þeir heim eftir dvöl erlendis, sem mikið lið er að, og flytja oft með sjer nýjar og mikilsverðar framfarir. T. d. voru það Vestur-Íslendingar, sem fyrstir manna fluttu heim þekkingu um íshús og settu þau á stofn, og svo mundi verða um fleira. Það er illa farið, þegar slíkir menn verða að hröklast hjeðan aftur fyrir vanbúnað af vorri hálfu, sem þó kostaði lítið að lagfæra. — Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði, að þurfa mundi að stofna sjerstaka skrifstofu til þessa. Það kann að vera rjett, þegar um mikinn innflutning væri orðið að ræða. En fyrst um sinn held jeg, að

það nægi, sem till. fer fram á. Þótt inn í landið kæmu 5—10 fjölskyldur á ári, þyrfti ekki að stofna sjerstaka stöðu þess vegna. Ef það væri bersýnilegt, að innflutningurinn mundi aukast og vaxa stjórnarráðsskrifstofunni yfir höfuð, þá væri stjórninni innan handar að fá samþykki þingsins til aukinnar fjárveitingar til skrifstofu, eða þess manns, sem um þetta ætti að sjá. Jeg held, að það sje í samræmi við andann hjer á þingi og í landinu yfir höfuð, að veitt yrði nokkurt fje til þess að reyna að hæna Íslendinga til landsins aftur. Það ætti því að taka þessari till. vel.

Flm. (Bjarni Jónsson): Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að till. væri ónýt, af því að hjer þyrfti sjerstaka skrifstofu. Hygg jeg, að hann hafi ekki lesið till. Þar er skorað á stjórnina að láta eina af sínum skrifstofum hafa þetta starf með höndum. En að skrifstofan geti annað þessu, hygg jeg ekki vafasamt. Fyrir fám árum vildi þessi skrifstofa ekki láta af hendi forstöðu landsverslunarinnar. En síðan hún slepti henni hafa 3 menn haft þessa forstöðu á hendi, og gekk í brösum að fá nógu hæfa. Er því einkennilegt, ef þessi sama skrifstofa, sem ekki munaði um eina litla landsverslun, getur ekki annað þessu starfi

Hitt er gott, að þeir, sem vilja flytjast hingað til lands, viti, hvert þeir eiga að snúa sjer, og að menn sje fyrir, er vísa þeim á staði til að búa á.

En þar sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) kom með þá aths., að þetta heyrði ekki undir hans embætti, þá lítur það nógu vel út á pappírnum. En ekki hjelt jeg að hann, þótt sterkur væri, fyndi ekki til þess, sem hann ber í vasanum.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þarf ekki að svara hv. þm. Dala. (B. J), en jeg vil benda hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) á það, að hann hlýtur að vita, að það er meiningin, að fjelagið „Íslendingur" hafi skrifstofu fyrir þessi 3 þús. kr., sem því eru veittar í fjárlögunum. Er því minni ástæða til að setja aðra skrifstofu til að gera hið sama. Fjelaginu er vel trúandi til þessa, á meðan það hefir ekki mikið að gera.

Jeg sje ekki, úr því að fjelagið ætlar að gera þetta, hvers vegna þá á endilega að hlaupa til að samþykkja, að það skuli gert á annari skrifstofu.

Jeg fæ ekki skilið, að þetta sje í annari meiningu fram borið en að hv. þm. Dala. (B. J.) vilji með því gera yfirbót fyrir það, að hann vildi ekki veita fje til fjelagsins Íslendings.

Benedikt Sveinsson: Jafnvel þótt fje sje veitt þessu fjelagi, þá er kunnugt, að það hefir mörg önnur störf með höndum, t. d. að senda íslenskan mann til Vesturheims til fyrirlestrahalds. Mun það fje, sem fjelaginu er veitt, jetast upp til þessa.

Er þess vegna engu á glæ kastað, þótt einni stjórnarskrifstofu sje falið að gefa mönnum, er hingað flytjast, eða hingað vilja flytjast, upplýsingar og bendingar, sem þeir þurfa og unt er að veita.

Það er ekki nema gott, að þessir menn geti leitað til „prívat"-fjelags um leiðbeiningar, en þó er enn betra, að stjórnarráðið leiðbeini mönnum. Einkum þar sem jeg geri ráð fyrir, að sumir muni leita til stjórnarinnar um jarðnæði. Á þá stjórnin hægra um vik að gefa leiðbeiningar, er að gagni megi koma, þar sem hún ræður enn yfir allmiklum jarðeignum og getur betur orðið að liði en valdalaust fjelag.

Sje jeg því ekki, að till. þessi fari neitt í bág við þessa fjelagsstofnun, heldur sje hún einmitt spor í sömu átt og geti stutt tilgang fjelagsins.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 14 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 877).

14. Berklaveikisnefnd.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 6. sept., var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að athuga og koma fram með tillögur um varnir gegn berklaveiki (A. 683).

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. sept., var till. aftur tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 11. sept., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Magnús Pjetursson): Jeg vona, að hv. deildarmenn hafi lesið þær ástæður, sem eru prentaðar með þessari tillögu, svo jeg þurfi ekki að fara mikið frekar út í að sýna fram á rjettmæti till. en þar er gert. Þó kemst jeg ekki hjá að víkja dálítið nánar að sumum atriðum en þar er gert, áður en greidd verða atkvæði.

Eins og sjá má á ástæðunum fyrir till., þá er mjög alvarlegt ástand hjer á landi með útbreiðslu berklaveikinnar. Hún gerir hjer afarmikinn usla. Árlega deyja af hennar völdum hátt á annað hundrað manna. Og þar eru þó að eins taldir þeir, sem ábyggilegt er að hafi dáið úr þessari veiki, samkvæmt skýrslum lækna. Á þeim sjest enn fremur, að það er talsvert mismunandi, hvað veikin er mögnuð og útbreidd, eftir því hvar er á landinu. Minst verður veikinnar vart á Suðurlandsundirlendinu, frá Hornafirði og vestur að Eyrarbakka. Aftur á móti er hún einna mögnuðust í Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, og svo í báðum Múlasýslunum og Vestmannaeyjum. Samkvæmt skýrslum lækna er veikin mestur vágestur í þessum hlutum landsins.

Jeg býst nú við, að það fari svo þegar almenningur talar um þessa veiki, og má ske sumir hv. þm. líka, að þá hugsi menn sjer oftast þá tegund veikinnar, sem kölluð er lungnatæring. En því fer fjarri, að það sje nóg að hugsa að eins um þá tegund því eftir því, sem nú er komið á daginn, eru ýmsar aðrar greinar veikinnar orðnar fult eins alvarlegt umhugsunarefni.

Það er nú alstaðar á landinu aragrúi af börnum, unglingum og fullorðnum, sem þjást af útvortis-berklum, bæði í kirtlum, liðamótum, beinum og jafnvel í innýflum, og má segja, að það sje orðið alt of stórt safn, sem gefi ærið áhyggjuefni.

Fyrir nokkrum árum hófst hjer lofsamleg hreyfing í þá átt að verjast þessari veiki og vinna að lækningu hennar. Árangurinn af þessari hreyfingu var sá, að hjer var sett á stofn heilsuhælið. Þetta var stórt og mikilvægt spor, sem með þessu var stigið, og alveg samkvæmt stefnu manna í útlöndum í þessu efni þá, því að þá voru einmitt heilsuhælin talin svo að segja eina ráðið, eða að minsta kosti helsta, til að útrýma veikinni. Nú aftur á móti vita menn, eða eru miklu sannfærðari um, að þetta sje ekki einhlítt. Enda deila menn nú jafnvel um, hvað mikið gagn heilsuhælin geri til að útrýma veikinni. Þess vegna er nú vakin ný hreyfing í öðrum löndum um að stemma frekari stigu fyrir berklunum með ýmsum ráðum. Munu menn nú alment vera þeirrar skoðunar, að besta ráðið sje að reyna að verja börnin, því að þar fari

oftast sú eiginlega smitun fram Menn telja, að með því væri stærsta sporið stigið í áttina til að hindra útbreiðslu veikinnar, ef hægt væri að vernda börnin. Það er því það hlutverk, sem fyrir okkur liggur, og meðfram er tilgangur þessarar tillögu, að reyna að frelsa börnin. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að víða hjer á landi eru börn alin upp innan um berklaveikt fólk, einkum á fátækum heimilum, án þess að nokkrar sjerstakrar varúðar eða varnarráðstafana sje gætt.

Yfirleitt má segja, að ótalmargt sje órannsakað, sem að þessu máli lýtur, því þó að skýrslur læknanna gefi til kynna tölu sjúklinga, þá gefa þær alls ekki fullar upplýsingar um útbreiðslu veikinnar nje um þau einstöku hreiður, sem veikin á sjer víðs vegar um landið, og hún vafalaust breiðist út frá.

Eitt er enn órannsakað í þessu sambandi. En það eru húsdýrin okkar, hve mikinn þátt þau eigi í útbreiðslu veikinnar En þar fer jeg fljótt yfir sögu. Þykist jeg vita, að hv. þm. sjeu því samþykkir, að það sje einnig tekið til athugunar með öðru, er víkur að þessu máli, en sje ekki ástæðu til að fjölyrða um sjerfræðileg atriði hjer í deildinni, þar sem gera má ráð fyrir, að hv. deildarmenn margir hverjir gætu ekki þar fylgst með.

Þá vildi jeg aftur frekar benda á, að aðrar þjóðir hafa nú hafist handa í þessu efni og vinna nú að þessu sama marki á nokkuð öðrum grundvelli en þeim, að koma upp heilsuhælum. Víða um lönd, og þá sjerstaklega á Norðurlöndum, hefir í þessu máli orðið mikil vakning í þá átt, að bindast samtökum, mynda með sjer fjelagsskap og hafa margvíslega samvinnu til að finna ráð til varnar gegn útbreiðslu veikinnar. Hafa verið settar upp ýmiskonar stöðvar. Líkt er hjer, þar sem er vísir sá til hjálparstöðvar fyrir berklaveika, sem sett hefir verið upp af hjúkrunarfjelaginu „Líkn" og hv. neðri deild hefir nú nýlega samþykt að veita dálítinn styrk.

Hjer á landi hefir verið til eitt fjelag, sem er Heilsuhælisfjelagið. Það hefir komkomið upp heilsuhæli, sem því hefir reynst ofvaxið að halda uppi og ríkið því tekið að sjer. Þegar felagið náði markinu, fór eins og oft vill verða, að áhuginn dofnaði, og má nú heita, að fjelagið sje í andarslitrunum.

Á Norðurlöndum hafa verið stofnuð svipuð fjelög, sem einnig vinna í hina áttina, að gefa fólki leiðbeiningar um veikina og varna smitun og útbreiðslu veikinnar meðal manna. Er nú mjög mikil samvinna á Norðurlöndum í þessu efni, og fundir haldnir af fulltrúum frá ýmsum Norðurlöndum eða fjelögum í þeim löndum. Á þessu ári átti að halda, og hefir víst verið haldinn, fundur, mig minnir í Svíþjóð, um þessi efni. Einn af læknum okkar, sem staddur var í Svíþjóð, átti þar tal við ritara fjelagsins þar, í Stokkhólmi. Hafði hann gert ráð fyrir, að fulltrúar kæmu frá öllum Norðurlöndum, og hafði boðið bæði Norðmönnum, Dönum og Finnum. En er til Dana kom, töldu þeir sjálfsagt, að Íslendingum yrði boðið sjerstaklega að taka þátt í fundinum, þar sem landið væri nú orðið fullvalda ríki. Læknir þessi viðurkendi strax, að þetta hefði verið misskilningur hjá sjer, að hann bauð ekki Íslendingum; hann hefði ekki fylgst nógu vel með. En því miður getur þetta eða slíkt boð naumast komið okkur að haldi sem stendur, þar sem enginn viðbúnaður og eiginlega ekkert samskonar fjelag er til í þessu landi og þau, er áður er um getið. Þetta má því ekki svo til ganga, því að eitt af því, sem mjög ríður á, er fullkomin samvinna og samband allra Norðurlanda í þessu efni.

Jeg veit, að þegar hv. þm. hafa sjeð till.,

hefir sjálfsagt gripið þá dálítill óhugur, vegna þess að hjer er talað um milliþinganefnd. Þær eru sumar svo illa þokkaðar af mörgum, vegna reynslunnar undanfarið, að það má jafnvel ekki nefna milliþinganefnd. Menn eru orðnir svo tortrygnir um, að slíkar nefndir geti komið að gagni.

Það er vitanlega rjett, að menn hafa mikið fyrir sjer í því, að af slíkum nefndum leiðir talsverðan kostnað. En jeg held samt sem áður, að þessi nefnd myndi gera svo mikið gagn, að hún myndi áreiðanlega verða til sparnaðar, enda yrði altaf kostnaður við þetta mál. Því að einnig þeir, sem ekki vilja milliþinganefnd, vilja þó láta hefjast handa. En það myndi þýða það, að stjórnin yrði að fá sjer menn til hjálpar. Kæmi það þá í sama stað niður að kostnaði til, en yrði að öllu leyti óstöðugra og reikulla en ef nefndin væri skipuð strax.

Þótt áður hafi verið talað um, að milliþinganefndir hafi reynst dýrar, þá býst jeg ekki við, að menn láti það fjárspursmál hafa áhrif á atkvæði sín. Það er enginn vafi á, að hve lítið sem nefndin afrekar, þá getur ekki hjá því farið, að gagn verði að.

Athugum, hvað berklaveikin kostar landið árlega. Er þá í fyrsta lagi manndauðinn, hve margir deyja af völdum veikinnar. Í öðru lagi er vinnutapið, sem orsakast bæði af því, hve margir menn, sem annars eru vinnufærir, eyða löngum tíma til að ná aftur heilsunni, og svo af hinu, að sumir þessara manna verða aldrei aftur fullvinnufærir, þótt það heiti svo, að þeir lifi af veikina. Og svo er síðast en ekki síst beinn kostnaður við það, er menn þurfa að leita sjer læknishjálpar. Þessi kostnaður allur nemur ógrynni fjár á ári hverju hjer á landi. Þess vegna er jeg sannfærður um, að hve lítið sem til varna er gert, getur það aldrei orðið annað en stórsparnaður.

Og enn vil jeg benda á, að það getur aldrei álitist annað en menningarmerki, ef vjer nú líka, er vjer sjáum aðrar þjóðir hefjast handa, látum mál þetta til vor taka, en hugsum ekki sem svo, að þetta geti draslað áfram eins og verið hefir.

Þá munu menn nú spyrja, hvað sjerstaklega verði starfssvið og verkefni þessarar nefndar. Jeg býst nú ekki við, að það kæmi hv. þingdeildarmönnum að notum, þótt jeg færi að lýsa því út í æsar, því að það yrði of sjerfræðilegt.

En jeg geri ráð fyrir, að hið fyrsta, sem nefndin gerði, yrði að fara utan, til þess að athuga alt, sem að þessu máli lýtur, kynnast þeim mönnum, sem þar eru í fararbroddi, og sjá, hvaða leiðir hentugast sje að fara. Vinna síðan úr þeim upplýsingum, sem þeir fengju, til þess að komast í samræmi og samvinnu við Norðurlandaþjóðirnar í þessu efni.

Þá eru og ýms atriði í löggjöfinni, sem þarf að athuga og áreiðanlega að lagfæra, því að þau eru í ýmsu mjög á eftir tímanum. Ekki síst þarf að gera mikið til að sjá um, að fátæk heimili, þar sem börn eru og berklaveikissjúklingar, geti komið börnunum í burtu að kostnaðarlausu af hættustöðunum. Jeg á við að veita þannig styrk, að ekki verði talinn sveitarstyrkur, svo að foreldrarnir vilji láta börnin burtu. Jeg veit, að margir foreldrar vilja heldur leggja börn sín í hættu en að koma þeim fyrir annarsstaðar sem sveitarómögum.

Þá er að láta rannsaka sem nákvæmlegast útbreiðslu veikinnar og háttalag, og reyna að uppgötva þá staði, sem eru hreiður veikinnar, þar sem smitun dreifist ár eftir ár út um sveitirnar, og gera ráðstafanir til þess, að þessi hreiður sjeu hreinsuð.

Þá á takmarkið að vera, ef hægt væri,

að endurreisa heilsuhælisfjelagið gamla, en ekki í sama formi og áður, heldur sem berklavarnafjelag, til að stemma stigu fyrir útbreiðslu veikinnar. Og svo framarlega sem slíkur fjelagsskapur ætti að koma að notum, yrði hann, líkt og samskonar fjelagsskapur í útlöndum, að hafa læknisfróðan mann sem framkvæmdarstjóra fyrir alt landið, sem ætíð gæti haft alla þræðina í hendi sjer.

Það eru náttúrlega fjölmörg atriði um þetta efni, sem enn er hægt að taka fram. Það væri efni í fyrirlestur, heilan fund, ef ræða ætti það út í æsar. En jeg geri ráð fyrir, að þetta sje nóg til þess að benda hv. deildarmönnum á nauðsyn þess að hefjast handa, svo að till. þessi komist þegjandi og hljóðalaust gegnum hv Alþingi. Það væri bestur vottur um skilning Alþingis á málinu, ef till. þessi sætti engum mótmælum.

Stefán Stefánsson: Jeg geri ekki ráð fyrir, að skiftar verði skoðanir um nauðsynina á því, að nú verði sem fyrst gerðar alvarlegar ráðstafanir til varnar berklaveikinni hjer á landi. Að því leyti tel jeg víst, að Alþingi fallist á till. þessa.

Í ástæðunum fyrir till. er drepið á það, að þessi veiki sje eitt örðugasta, en um leið mikilvægasta viðfangsefni læknanna íslensku, og að árlega hafi dáið að meðaltali 155,6 menn af hennar völdum árin 1913—1916. Jafnframt er bent á, að löggjöfinni þurfi að breyta í það horf, að styrkur, veittur til veru á heilsuhæli verði ekki talinn sveitarstyrkur.

En jeg sakna þess, að í ástæðum fyrir till. er ekki drepið neitt á annað fyrirkomulag eða frekari ráðstafanir, sem gera þurfi í málinu, ekki einu orði. Jeg gat t. d. búist við, að þar yrði bent á einhverja leið til að auka heilsuhælispláss handa sjúklingum í landinu. Það er sem sje öllum kunnugt, að heilsuhælið á Vífilsstöðum getur ekki veitt viðtöku öllum þeim sjúklingum, sem þangað þyrftu að komast, og af því stafar stórhætta fyrir heimilin, sem sjúklingarnir dvelja á. Fram úr þessum mjög svo tilfinnanlegu vandkvæðum finst mjer að fyrst þyrfti að ráða.

Þetta hvorttveggja hefir orðið til þess, að þar nyrðra hafa menn hafist handa á þeim grundvelli, að fyrsta skilyrðið sje að fá aukið rúm á heilsuhæli fyrir sjúklinga. Með þetta fyrir augum hefir verið leitað samskota um Eyjafjörð, Akureyri og nærliggjandi sýslur, eða mikinn hluta Norðurlands, til byggingar heilsuhælis í Eyjafirði. Sem bending um það, að full ástæða sje til verulegra aðgerða í þessu máli fyrir Norðlendinga, skal jeg geta þess, í sambandi við það, sem áður er tekið fram af hv. flutningsmanni um vágest þennan, að hvergi mun öllu meiri nauðsyn, hvergi meiri hætta á ferðum í þessu efni, en í Eyjafirði, að það má ætla, að ekki svo fá % af þessum 155,6 dauðsföllum árlega af völdum berklaveikinnar sjeu einmitt í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarbæ. Það er því vel skiljanlegt, að hjeraðsbúum þar sje þetta sjerstaklega mikið áhyggjuefni.

Þetta óviðunandi ástand hefir leitt til þess, að í Eyjafjarðarsýslu og Akureyri og nokkrum fleiri hjeruðum á Norðurlandi hafa nú safnast 30—40 þús. kr. til byggingar heilsuhælis, og í sambandi við þessa fjársöfnun vil jeg geta þess sem dæmis upp á hinn almenna áhuga þar, að á aðalfundi kaupfjelags Eyfirðinga í vetur sem leið, þar sem voru fulltrúar úr flestum hreppum sýslunnar, gaf fjelagið 10 þús. kr. til stofnunar hælisins, með það fyrir augum, að það yrði reist á sínum tíma í Eyjafirði.

Okkur þingmönnum Eyjafjarðarsýslu var falið af sýslunefnd og þingmálafundum að „beitast fyrir því af ýtrustu kröftum", að þingið veitti fje til að koma þessari stofnun á fót. En við höfum áltið

þetta mál svo lítið undirbúið, að við sáum okkur ekki fært að flytja till. um fjárveitingu í þessu skyni. En eigi að síður var okkur það ljóst, að mál þetta er afarmikilsvert og þolir enga bið. Það verður á allra næstu árum að taka þetta mál fyrir til gagngerðra framkvæmda.

Um till. í þessu sambandi verð jeg að segja það, að róttækari framkvæmdir í þessu máli verður ekki hægt að finna en þær, að stjórnin velji 3 hæfustu menn landsins til þess að gera rannsóknir, er hægt sje að byggja varnarráðstafanir á í framtíðinni. Mun jeg því styðja till. þessa, í fullu trausti þess, að þær framkvæmdir verði byrjaðar svo fljótt sem nokkur kostur er.

Jeg hefi orð læknis á Norðurlandi fyrir því, að veikin fari þar árlega í vöxt. Nú er það svo, að sjúklingar af Norðurlandi þurfa oft að bíða svo mánuðum skiftir áður en þeir komast að á Vífilsstöðum. En þessi bið getur orðið ákaflega hættuleg, ekki einungis sjúklingunum sjálfum, heldur og heimilum þeirra. Þá munu ýmsir álíta, að loftslag á Norðurlandi sje öllu hreinna og heilnæmara en á Suðurlandi. Að því leyti mundi vera fult eins hagkvæmt að byggja heilsuhæli þar eins og að auka við Vífilsstaðahælið. Enda mun það vera viðurkent, að heppilegast sje sjúklingum og vænlegast til bata, að þeir dvelji í því loftslagi, sem þeir eru vanastir. Jeg tók ekki eftir, hvort hv. flm. (M. P.) mintist á þetta, en ef þessu væri þannig varið, þá er það ein sönnun fyrir því, að rjett sje, að reist verði hæli á Norðurlandi.

Enn fremur vil jeg geta þess, að jeg get hugsað mjer, að í þessu falli sje samkepni ekki síður nauðsynleg en í ýmsu öðru. Ef hælin væru tvö, annað sunnanlands, en hitt norðanlands, myndi það auka samkepni milli læknanna um alt, sem lýtur að hjúkrun sjúklinga og öðru því, sem til heilsubótar má telja. Enda er oft svo, þó að nægilegt pláss sje til á Vífilsstöðum, að hafís liggur svo lengi fyrir Norðurlandi, að ekki er unt að koma sjúklingum suður fyr en seint og síðar meir, og eins og jeg hefi áður tekið fram, er slíkri bið margvísleg hætta samfara. En í stað þess mundu sjúklingar á Norðurlandi strax komast á hælið, væri það þar.

Það má vel vera, að þetta verði lítið eitt dýrara en að auka við Vífilsstaðahælið. En jeg hygg, að ekki megi í það horfa, ef tryggilegt á að vera til varnar útbreiðslu veikinnar.

Enda er það svo meðal Dana, og einnig í öðrum löndum, að bygð eru smá hæli hjer og þar úti um landið, og er það gert til þess að gera mönnum sem ljettast fyrir að komast sem fyrst á hælið, að hafa ekki alt á einum stað.

Jeg vildi að eins hreyfa þessum athugasemdum vegna þess, að okkur þm. Eyfirðinga var falið að flytja málið. Taldi jeg mjer því skylt að lýsa ástandinu þar og sýna, hver áhugi væri fyrir þessu máli í Eyjafirði. Mætti það verða þeim til athugunar, sem vinna að framkvæmd málsins.

Sigurður Stefánsson: Jeg býst við, að enginn hv. deildarmanna geti mælt móti nauðsyn þessa máls, sem hjer er um að ræða, nje neiti því, að brýn þörf sje, að þegar sje hafist handa til þess að reyna að stemma stigu fyrir þessari veiki. Um það býst jeg við að allir hv. deildarmenn sjeu sammála. Að því leyti hefi jeg því ekkert við till. þessa að athuga.

Hitt getur orkað meira tvímælis, hvort sú leið, sem hjer er farið fram á, að skipa milliþinganefnd, sje sú eina leið, sem heppilegt sje að fara, og að aðrar leiðir sjeu ekki tiltækilegar.

Hv. þm. Stranda. (M. P.), flutningsmaður till., hefir nú, eins og hans var von og vísa, mælt rækilega með málinu í þessu

formi, því máli, að leita ráða til að stemma stigu fyrir berklaveikinni.

En jeg verð nú að álíta, að það liggi ekki svo í augum uppi, að ekki megi ná sama takmarki, þó ekki sje þegar skipuð milliþinganefnd. Það er alkunnugt um þessar milliþinganefndir, að þeim er ár frá ári hrúgað upp, en árangurinn vill ósjaldan verða minni en tilætlað var.

Hv. þm. Stranda. (M. P.) fór minna en skyldi út í það, hvert vera skyldi verkefni nefndarinnar. Samt fór hann nóg út í það til þess, að sannfæra menn um, að nefnd væri nauðsynleg, ef hann hefði jafnframt sannað, að þessi verkefni væri ekki unt að leysa með öðru móti.

Hann talaði aðallega um 4 atriði. Verð jeg um þau að segja, að þau mætti öll athuga eins gaumgæfilega, þótt ekki væri skipuð til þess milliþinganefnd.

Fyrst var utanför. Það er sjálfsagt alveg rjett athugað hjá hv. flm., að afla þyrfti meiri þekkingar en við höfum til brunns að bera hjer heima um ráðstafanir bestu manna erlendis gegn þessari veiki. En mjer skilst, að þessa þekkingu mætti fá án milliþinganefndar. Mjer skilst, að Alþingi gæti t. d. veitt einum hæfum lækni, líklega helst heilsuhælislækninum,utanfararstyrk í þessu skyni. Jeg skil því ekki, að heil nefnd þyrfti beinlínis að fara utan í þessu skyni.

Önnur röksemdin fyrir nefndarskipuninni var, að það þyrfti að breyta ýmsu í berklaveikislöggjöfinni. Sje jeg heldur ekki, að til þess að lagfæra og endurskoða hana þyrfti að skipa sjerstaka milliþinganefnd. Held jeg, að stjórnin með ráði og aðstoð viturra manna geti alveg eins vel leyst það verk af hendi.

Þriðja röksemdin var sú, að hjeraðslæknar þyrftu, undir umsjón nefndarinnar, að rannsaka og gefa nákvæmlega skýrslu um gang veikinnar í hjeraðinu, en þó sjerstaklega um ýms berklaveikishreiður, sem kynnu að vera þar. Jeg tel enga þörf að skipa sjerstaka milliþinganefnd í þessum tilgangi, því þetta mundi verða rannsakað jafnnákvæmlega, þótt hún væri ekki. Jeg held, að hver hjeraðslæknir teldi það skyldu sína að gera þetta, og gæti hann framkvæmt rannsóknina eftir settum reglum, annaðhvort af landlækni eða stjórnarráðinu.

Fjórða ástæðan var sú, að nefndin ætti að starfa að endurreisn heilsuhælisfjelagsins, sem starfaði að því, að koma upp varnarhæli fyrir berklaveika. Mjer finst sama að segja um þessa ástæðu sem hinar, að mjer finst hægt að framkvæma þetta án sjerstakrar nefndar, og þarf ekki annað til en góðan vilja stjórnarinnar og lækna landsins. Jeg verð því að segja um þessar ástæður í heild, að mjer finst þær ekki nægilegar til þess, að skipuð sje sjerstök milliþinganefnd. Auðvitað mundi rannsókn, sem stjórnin gerði á eigin spýtur, kosta nokkurt fje, og jeg tel víst, að þingið mundi ekki telja það eftir, en jeg álít, að það yrði ódýrara heldur en skipun milliþinganefndar. Þó vil jeg lýsa því yfir, að jeg mundi ekki horfa í kostnaðinn, ef jeg sæi, að þetta mætti gera betur með milliþinganefnd heldur en án hennar. Jeg hygg því, að þingið geti vel skilið við þetta mál með fullum sóma með því að vísa því til stjórnarinnar, og að hún hefjist nú þegar handa um að firra þjóðina því böli, sem á henni hvílir þar sem berklaveikin er.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta er sama deilan sem oft hefir heyrst áður, um milliþinganefnd, eða ekki milliþinganefnd. Mjer skilst, að allir sjeu á sama máli um, að eitthvað þurfi að gera í þessu stórmáli; að eins geta menn ekki komið sjer saman um, hverja leið skuli fara. Jeg er nú ekki eins vantrúaður á milliþinganefndir eins og margir aðrir í hv. deild, því mjer finst oft hafa komið frá milliþinganefndum ýmislegt gott, sem bygt hefir verið á fyr eða

síðar. Stjórnin gæti heldur aldrei framkvæmt það, sem hjer er farið fram á, nema með aðstoð sjerfróðra manna. Um það mætti auðvitað deila, hvort mundi reynast betur, að stjórnin tæki sjer til aðstoðar í þessu máli þrjá sjerfróða menn, eða þá skipaði milliþinganefnd. Og jeg tel heppilegast í þessu máli að ganga beint að verki og skipa milliþinganefnd, sem læknar sjeu í, þar sem þetta mál snertir þá svo mjög. Stjórnin hefir svo frjálsar hendur til að athuga gerðir þeirra eftir á. Hygg jeg, að meiningin sje að skipa þrjá lækna í nefndina, og komi þeir fram með tillögur sínar í hreinni mynd, hvort sem svo þær verða framkvæmdar eftir á, eða ekki. Verður að rannsaka það síðar, hvort tillögur þeirra verða framkvæmanlegar eða ekki, sökum kostnaðar. Þar eð jeg tel ástæðurnar fyrir þessari þingsályktunartill. allmikilvægar, get jeg fallist á, að skipuð sje milliþinganefnd í málið, en auðvitað er það nærri því sama sem að fella málið að vísa því til stjórnarinnar, nema að jafnframt yrði að minsta kosti veitt nægilegt fje til þess að starfa fyrir.

Jeg sje enga ástæðu til að segja neitt um nauðsynina á því, að hafist sje handa. Hv. þm. Stranda. (M. P.) hefir gert það, og enginn mótmælt.

Flm. (Magnús Pjetursson): Jeg get nokkuð leitt hjá mjer að svara hv þm. N.-Ísf. (S. St.), því það hefir hæstv. forsætisráðherra gert.

Viðvíkjandi hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) þarf jeg ekki að tala langt mál, því hann var ekki að mæla á móti þessari till. Það, sem honum fanst mest vanta í greinargerðina og framsöguræðu mína, var, að ekki hefði verið gert ráð fyrir að auka rúm á heilsuhælinu. Já, það er miklu fleira en það, sem þyrfti að telja upp, ef hefði átt að telja alt upp, sem gera þarf eða best væri að hægt væri að gera, og því engin furða, þó jeg ekki tæki þetta atriði, sem er að eins eitt af mörgum og ef til vill ekki það mest varðandi.

Annars ætla jeg ekki að fara að blanda inn í þessar umr. deiluefninu, sem bæði er utan lands og innan, hvort betra sje að hafa eitt allsherjar-heilsuhæli, eða þá fleiri. Þetta mál er algerlega sjerfræðilegs efnis og á ekki heima hjer, og vil jeg ekki blanda því inn í málið á þessu stigi þess. Ekki ætla jeg heldur að deila um það við hv. þm. (St. St.), frá læknisfræðilegu sjónarmiði, hvort betra sje að sjúklingarnir sjeu hafðir í sama lofstlagi, eða þá að þeir breyti um. Að eins vil jeg benda á, að oft hefir verið talið betra og jafnvel nauðsynlegt, að sjúklingarnir skifti um loftslag. (*St. St.*: Jeg hefi læknisorð fyrir mjer í þessu). Jeg ætla mjer ekki að fara að deila um svona sjerfræðileg efni hjer.

Þá skal jeg svara hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) nokkru. Hann var á sama máli og jeg um það, að hjer þyrfti eitthvað að gera, en hann vildi ekki láta skipa milliþinganefnd í það. En þar sem þessi hv. þm. (S. St.) vill láta stjórnina fá sjer aðstoðarmenn í þessu máli, þá sje jeg ekki betur en að rjettara sje, að mennirnir sjeu skipaðir í eitt skifti fyrir öll, og saman, heldur en að stjórnin færi fyrir hvert atriði að hóa mönnum saman. Það er alveg rjett, sem hv. þm. (S. St.) sagði, að jeg hefði ekki farið út í starf þessarar nefndar í öllum greinum. Jeg tók það fram, að jeg áliti ekki rjett að fara út í sjerfræðileg atriði í þessu máli. Skal jeg í þessu sambandi benda á orð læknisins á Vífilsstöðum, sem kunnugt ætti að vera um, hvað gera ætti í þessu máli, og ræður hann eindregið til, að milliþinganefnd sje sett í málið, þar eð það sje svo margbrotið Og sennilega hefir mörg milliþinganefndin verið skipuð hjer á landi, sem verið hefir óþarfari, og ekki hefir haft svona vandasamt og mikilvægt starf með hönd-

um. Þá drap hv. þm. á, að sú aðferð, sem hann bendir á, yrði ódýrari fyrir ríkissjóðinn heldur en að skipa milliþinganefnd. En jeg efast mikillega um að ef stjórnin ætti eftir sem áður að njóta aðstoðar sjerfræðinga í þessu efni, þá yrði það ódýrara. Annars ætti það ekki að heyrast hjer í þinginu, að kostnaður yrði nefndur í sambandi við þetta mál, þar sem þessi veiki leggur margan hraustan manninn að velli, mann, sem stendur í broddi lífsins og er í fullri starfsemi í þágu þjóðfjelagsins. Og þar sem þessi veiki gerir óvinnufæra eða drepur marga efnilegustu menn þjóðarinnar, þá finst mjer það ekki eiga við að vera að tala um, að spara eigi fje til starfsemi, sem bjargað getur mörgum mannslífum. Að vísa málinu til stjórnarinnar getur ekki komið til nokkurra mála. Ef það ætti að koma að sama gagni og hjer, hlyti það að verða að gerast í þingsályktunarformi, þar sem stjórninni væri heimilað nægilegt fje til að framkvæma þessa rannsókn. Væri þá óvíst, hvort ódýrara yrði. Jeg geri ráð fyrir því, að það muni rjett vera hjá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að hjeraðslæknar væru fúsir til þess að rannsaka þetta mál eftir þeim reglum, sem landlæknir legði fyrir. En jeg álít ekki nóg að fela landlækni einum þessar reglur, þótt hann sje bæði duglegur maður og lærður, og teldi jeg betur farið, að slíkar reglur væru samdar af sjerfróðum mönnum, er hefðu rannsakað málið áður og undirbúið það. Ef það er meining hv. þm. (S. St.), að stjórnin taki sjer til aðstoðar sjerfróða menn, þá skil jeg ekki, hvað okkur ber á milli, nema ef vera skyldi nafnið milliþinganefnd. Jeg býst ekki við, að hv. þm. (S. St.) vilji binda hendur stjórnarinnar svo í þessu máli, að hún megi ekki taka nema einn sjerfróðan mann í þjónustu sína. Það hlýtur að vera ætlun hans, að hún megi taka eins marga og henni sýnist.

Sigurður Stefánsson: Jeg ætla mjer ekki að fara að fara í neinar kappræður um þetta mál, þótt jeg gerði athugasemdir við ræðu hv. flm. (M. P.). En þrátt fyrir rök hans hefi jeg ekki getað sannfærst um, að mín leið væri ótiltækileg. Jeg verð að játa, og skammast mín ekkert fyrir það, að jeg horfi dálítið í kostnaðinn. Því þegar jeg álít, að hægt sje að komast að sama takmarkinu með því að spara og með því að eyða, þá vel jeg auðvitað sparnaðarleiðina. Jeg vil t. d. taka siglinguna. Álít jeg málinu engu betur borgið, þó að þrír menn sigldu, heldur en þó að einn maður sigldi, en ef þrír menn sigla, getur kostnaðurinn skift tugum þúsunda, en ekki þó að einn maður sigli. Jeg treysti t. d. læknunum á Vífilsstöðum til þess að vinna þetta verk eins vel, þó að hann sigli einn, eins og þó að hann hafi tvo aðra menn með sjer, sem eru auðvitað ekki eins fróðir um þetta mál og hann.

Það er langt frá, að hægt sje að heimfæra það undir að drepa málið, þótt því væri vísað til stjórnarinnar. Þótt stjórnarlaust sje nú, raknar vonandi úr því. Jeg tel heldur ekki rjett að telja mál drepið, þótt því sje vísað til stjórnar, enda værum við Íslendingar þá illa farnir, ef við hefðum altaf slíkar stjórnir. Málum hefir líka verið vísað til stjórnar, og hefir það haft oft góðan árangur. Og þótt þessu máli væri því vísað til stjórnarinnar, þá sje jeg því enga hættu búna; það væri að gera henni illar getsakir, en það vil jeg ekki; hún veit það líka, að hún hefir vilja þingsins að baki sjer í þessu máli, og auðvitað mundi það ekki fremur telja fje eftir henni heldur en þó milliþinganefnd fjallaði um það. Jeg tel það ekki skifta svo litlu, hvað tímann snertir, sem gengur til þessarar rannsóknar, hvort þrír menn eða einn hafa hana á hendi. Skil jeg ekki, að læknirinn á Vífilsstöðum t. d. þurfi marga mánuði til þess að gefa stjórninni

nægilegar upplýsingar í þessu máli, en hitt þykir mjer vel geta komið fyrir, að milliþinganefnd þyrfti að sitja, ef ekki nokkur ár, þá áreiðanlega marga mánuði, áður en hún ljeti nokkuð frá sjer heyra, og án þess að gera meira gagn. Auðvitað yrði álit hennar stærra um sig, því sá er nú orðinn vaninn, að álit þessara milliþinganefnda eru orðin stærri bækur en nokkrar húspostillur, og efast jeg stórum um. að þm., auk heldur aðrir, lesi nokkurn tíma slík álit til enda. Í þessu máli þarf framkvæmd, en ekki skriffinsku. (*M. P.*: Fyrst verður að vita, hvað gera á). Jeg efast ekki um, að þeir menn, sem stjórnin kýs sjer til aðstoðar, viti vel, hvað gera á.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að afhenda hæstv. forseta svo felda rökstudda dagskrá:

Í því trausti, að landsstjórnin hefjist þegar handa til ráðstafana gegn berklaveikinni og leiti sjer aðstoðar sjerfróðra manna um þetta mál. tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. N.-Ísf. (S. St.) feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Sv. Ó., B. Sv., B. K., Ó. B.
nei: B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., St St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J.
Einn þm. (E. J.) fjarstaddur.

Tillgr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 16 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., var till. tekin til síðari umr. (A 683).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. B., M. P., M. Ó., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J.
nei: B. K., E. J., H. K., M. G., P. J., P. O., S. S., Sv. Ó., B. Sv., Ó B.
Einn þm. (J. M.) fjarstaddur.

Till. afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að athuga og koma fram með tillögur um varnir gegn berklaveiki,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 813).

Á 57. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. sept., var till. tekin til fyrri umr

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 9 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr með 10 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. sept., var till. tekin til síðari umr. (A. 813).

Halldór Steinsson: Eins og kunnugt er, hefir berklaveikin farið mjög í vöxt síðustu árin hjer á landi, þrátt fyrir tilraunir heilbrigðisstjórnar og lækna til að koma í veg fyrir hana.

Mönnum telst svo til, að 7. til 8. hver maður á landinu deyi úr berklaveiki. Það eru alvarlegar tölur, og eitthvert hið mesta áhyggjuefni, ekki eingöngu læknum, heldur og öllum þeim mönnum, sem hugsa um þroska og velferð þjóðarinnar.

Menn hafa athugað, hver ráð væru heppilegust til að stemma stigu fyrir þessum vágesti, og hafa komist að þeirri niðurstöðu, að hjer, sem annarsstaðar, væru sjúkrahæli ekki nægileg. Hjer á landi höfum við heldur ekki efni á að byggja svo stór og mörg hæli, sem þörf er á, svo að allir, sem þyrftu, gætu komist að. Eins og nú er ástatt, kemst ekki helmingur að, en þó nóg húsrúm væri, mundu margir ekki sækja um inntöku vegna fjárskorts, og auk þess eru flestir, sem hafa veikina á byrjunarstiginu, svo lítið þjáðir, að þeir vilja ekki fara á hæli og þannig sleppa atvinnuvegi sínum. Samt sem áður gera hælin ómetanlegt gagn, með því að taka sjúklinga, sem annars mundu verða hættulegir sambýlismönnum sínum og yfirleitt breiða sjúkdóminn út.

Berklahælin eru nokkurskonar uppeldisstofnanir, þar sem sjúklingunum er kent að fara sem best með sjálfa sig og að forðast að sýkja aðra.

Nú má eigi lengur við svo búið standa; það verður að stemma stigu fyrir þessari veiki, eftir því sem auðið er.

Á læknafundinum, sem haldinn var í sumar, var skorað á þingið að hlutast til um, að skipuð yrði milliþinganefnd, þar sem ættu sæti þrír læknar, til þess að rannsaka, hvaða leið væri best til að hefta þennan sjúkdóm.

Vona jeg, að allir hv. deildarmenn skilji, hvílíkt stórmál hjer er um að ræða. Og hver sem árangurinn verður af þessari viðleitni, hefir hv. þing gert skyldu sína, ef það fellst á að styðja þetta mál.

Jeg vona því, að þessi tillaga mæti sem bestum undirtektum og verði samþykt í einu hljóði.

ATKVGR.

Till. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 882).

15. Laun hreppstjóra.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 19. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um laun hreppstjóra (A. 906).

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 20. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Jeg hefi leyft mjer að koma fram með þessa þingsál.till., eftir að jeg var gengin úr skugga um, að ekki ætti að taka neitt tillit til hreppstjóra í launalögunum, sem hefði þó að mínu áliti verið rjettmætt. Því þótt segja megi, að launalög þeirra sjeu tiltölulega ný, þar sem þau eru að eins frá 1917, þá er þó mikil breyting orðin á síðan, og launin engin laun, eins og þau voru ákveðin þá. Fastalaunin eru í flestum hreppum um 80 krónur, og sjá allir, hvaða kaup það er fyrir menn í fastri stöðu. Það er ekki hálft vinnukonukaup. Í lögunum frá 1917 er líka tekið fram, að aldrei megi borga þeim hærra sólarhringskaup en 6 krónur, sem er smánarborgun, þegar litið er til verk-

kaups nú. Bændur í sveitum hafa nú orðið peningalegt fjártjón af því að vera svo vel að sjer, að þeim sje trúandi fyrir opinberum störfum, þar sem þeir verða að vinna þau því nær kauplaust. Jeg færði það í tal við launamálanefndina í sumar, hvort hún ætlaði ekki að taka hreppstjórana upp í lögin, og tók hún því ekki fjarri, er. af einhverri ástæðu hefir það samt farist fyrir. Og þegar jeg sá útsjeð um þetta, fanst mjer rjett að bera fram þessa till.

Það má auðvitað benda á fleiri starfsmenn, sem vinna fyrir sama sem ekki neitt, eins og t. d. skattanefndirnar. Er það náttúrlega ranglátt, þegar þess er gætt, að störf þeirra hafa nú upp á síðkastið aukist að miklum mun. Sama má og að nokkru leyti segja um sýslunefndarmenn og oddvita og hreppsnefndarmenn. Það er líka orðið svo í seinni tíð, að enginn fæst til að vera oddviti nema hinn lögákveðna tíma. En iðuleg oddvitaskifti eru óheppileg og geta haft slæmar afleiðingar fyrir sveitirnar. En að jeg ekki tók oddvitana hjer með kom af einskonar hæversku, af því að jeg hefi sjálfur verið oddviti í hartnær 40 ár, og hefði því mátt segja, að jeg væri að vinna mjer sjálfum í hag.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er alveg rjett hjá hv. flm. (S. St.), að hreppstjórarnir hafa að nokkru leyti orðið út undan. Að vísu voru laun þeirra ákveðin eftir dýrtíðarbyrjun, en alt verðlag hefir mikið hækkað síðan. Í raun og veru væri rjettast að ákveða það nú á þinginu, að hreppstjórar fengju dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir embættismenn. Aftur er öðru máli að gegna um oddvitana: laun þeirra ættu sveitirnar sjálfar að bæta. Jeg skal samt láta þess getið, að ekki skiftir miklu, hvort hreppstjórunum verða bætt launin á þessu eða næsta þingi, ef svo fer, sem útlit er fyrir, að þing komi saman aftur í vetur. Mætti þá láta uppbótina ná eitthvað fram fyrir sig, ef hún kæmi síðar. En jeg tel alveg sjálfsagt að bæta launin.

Þórarinn Jónsson: Jeg gat þess við 2. umr. launamálsins hjer í deildinni, að vel gæti komið til mála, að hreppstjórar gerðu kröfu til launabótar, því eins og launafrv. var þá, gátu þeir gert það. En svo var því breytt þannig, að ákvæðið um launauppbót náði að eins til þeirra, sem frv. getur um. Og launamálanefnd Ed. hefir ekki bætt hreppstjórum inn í frv., en stjórnin getur auðvitað hæglega komið þeim inn í það við 3. umr. En yfirleitt virðist svo, sem þetta hafi ekki verið stjórninni sjerlegt áhugamál.

Jeg hefi verið í æðimörg ár hreppstjóri og oddviti í minni sveit, og fyrir þetta hvorttveggja hefi jeg haft á ári 90—140 krónur. Ef kaupa hefði átt mann til sama starfa, hefði enginn fengist fyrir minna en 500 krónur á ári. Það má ef til vill segja, að þetta sje þegnskyldustarf, sem aldrei verði launað eins og vert er, og er nokkuð hæft í því. Að minsta kosti verð jeg að líta svo á um skattanefndir og sveitarstjórnir, að þær geti ekki ætlast til miklu meiri launa en þær hafa. Aftur á móti held jeg, að borgun fyrir sáttasemjarastörf sje hvergi auðvirðilegri en hjer

Jeg álít rjett að taka þessa till. að einhverju leyti til greina. En jeg mun ekki greiða henni atkvæði, af því jeg veit, að stjórnin getur komið að uppbót nú í fjárlögunum, ef hún vill, og vil láta hana alveg einráða um, hvort hún álítur hreppstjórana maklega þeirrar uppbótar eða ekki.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) virðist vera dálítið gramur við stjórnina fyrir tómlæti hennar við hreppstjórana, en það var fullkomlega afsakanlegt, þótt henni sæist yfir þá, því lögin um laun hreppstjóra voru ekki nema rúmlega ársgömul þegar verið var að semja

launalagafrumvarpið. Og þótt dýrtíð hefði aukist talsvert á þeim tíma, var þó munurinn á launum hreppstjóra ekki að sínu leyti eins mikill og hjá öðrum.

Jeg tel ekkert betra að bæta nú uppbót til hreppstjóra inn í fjárlögin en að endurskoða launalög þeirra á næsta þingi og bæta þeim þá.

Hvað snertir laun sáttasemjara, þá eru þau að vísu lág. En jeg hefi verið mörg ár sáttasemjari og fann ekki til þess, þótt það starf væri ekki vel borgað. Jeg skoðaði það sem borgaralega skyldu, sem maður aldrei hefði mikið upp úr. Og jeg get vel hugsað mjer ýms borgaraleg störf án borgunar, enda var það að minsta kosti áður algengt, að ýms störf væru unnin fyrir almenning án borgunar.

Hákon Kristófersson: Mjer er alls ekki kunnugt um, að nein óánægja hafi fram komið frá hreppstjóranna hálfu út af laununum, og því undarlegra finst mjer, að svo mjög skuli bóla á henni hjer í þinginu. En jeg er alveg á sama máli og aðrir hv. þm., sem talað hafa, um það, að hafi krónan fallið í verði hjá öðrum, þá hafi hún eins gert það hjá hreppstjórunum, og eigi þeir því að fá dýrtíðaruppbót, en ekki launabætur.

Hitt vil jeg taka fram, að laun ýmsra annara voru hækkuð í fyrra, og hefir þó stjórnin lagt til, að þau yrðu aftur hækkuð nú. Svo það er í sjálfu sjer engin afsökun fyrir hana, þó launalög hreppstjóra sjeu ekki eldri en frá 1917. Þetta segi jeg ekki af því, að mjer þyki launin of lág.

Hv. flm. (S. St.) benti á það rjettilega, að ýmsir aðrir minni háttar starfsmenn væru illa launaðir og hefðu ekki verið teknir upp í launalögin. Þetta er alveg rjett. En hins vegar get jeg tekið undir með hæstv. forsætisráðherra (J. M.) um það, að menn ættu síst að vera að telja það eftir sjer, þótt þeir ynnu fyrir lítið í þeim málum, sem sveitarfjelög varða. Þó að jeg viðurkenni því, að það sje eðlilegt, að þessi till. sje fram komin, mun jeg þó greiða atkvæði á móti henni, og get sagt fyrir mitt leyti, að þótt málið sje mjer persónulega skylt, er það þó mín skoðun, að launin megi standa óhögguð.

Þórarinn Jónsson: Háttv. þm. Barð. gat þess, að hann mundi greiða atkvæði með till., en ljet þó jafnframt í ljós, að engin þörf væri að breyta hreppstjóralögunum og bæta launakjörin. (*H. K.*: Jeg sagðist greiða atkvæði móti till.). Þá hefir mjer misheyrst.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) nefndi prófastana til samanburðar. En þeir halda visitatsiulaunum sínum, og þau hækka Þá nefndi hann líka sáttasemjara. En borgunin til þeirra er svo hlægilega lítil, nokkrir aurar, ef sætt kemst á, að slíkt ætti ekki að standa í lögum.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 14 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. S., S. St., Þorst. J., B. Sv., E A., E. Árna., G. Sv., J. J.

nei: P. O., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., E. J., H. K., Ó. B.

J. M. greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (St. St., B. J., B. K., B. St.) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 14 : 4 atkv.

Á 70. fundi í Nd., mánudaginn 22 sept., var till. tekin til síðari umr. (A. 906).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 15 : 3 atkv. og afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 948).

16. Fræðslumál.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um fræðslumál (A. 652).

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 9 sept., var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg býst við, að mjer verði ljett verk að mæla með till. á þgskj. 652. Er jeg reyndar ekki undir það búinn og ekki kunnugur þessum málum sem skyldi. En jeg vænti aðstoðar hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), ef til kemur, því að hann er kunnugri því, er í I. lið greinir, en jeg. Ástæður mentamálanefndar til að bera fram þessa till. eru meðal annars þær, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) skrifaði nefndinni brjef, dags. 29. júlí þ. á., og í því brjefi óskaði hann eftir viðtali við nefndina um fræðslumál. Nefndin átti síðan tal við hæstv. forsætisráðherra, og ljet hann þá í ljós, að nauðsynlegt væri að athuga öll fræðslumál í einu lagi, og þá helst að skipuð yrði nefnd milli þinga. Nefndin var á því, að athuga þyrfti öll fræðslumálin, en hún sá ekki ástæðu til að skipa milliþinganefnd í málið, taldi nægilegt að fela stjórninni það, og í því skyni er þessi till. fram komin

Till. greinist í þrjá aðalliði. Í I. lið eru taldir lægri skólarnir, barna- og unglingaskólar, gagnfræðaskólar og alþýðu- og kennaraskólar. Um I. lið get jeg verið fáorður. Launanefndin hefir haft það mál til meðferðar og komist að þeirri niðurstöðu, að endurskoða þyrfti alla löggjöf og fyrirkomulag þessum skólum viðvíkjandi. Hún hefir fært rök fyrir sínu máli í nál. sínu á þgskj. 581, og get jeg vísað til þess. Sama nefnd hefir aðallega fjallað um launamálið, og vil jeg ekki blanda því í þessar umr. Þá er einnig minst á það í nál., að fullkomna þyrfti kennaraskólann, og þarf jeg ekki að eyða orðum að því; jeg ætla að eins að benda á, að mentamálanefndin talar um endurskoðun þessa skóla í till. í 1. undirlið (I.). Það er einkennilegt, að þessar tvær nefndir hafa starfað óháðar, en komist þó að sömu niðurstöðu. Í 2. undirlið (II.) eru taldir aðrir skólar, alþýðuskólar. Það er skorað á stjórnina að athuga, hvort heppilegt væri að stofna slíka skóla í einum eða fleirum fjórðungum, á landsjóðskostnað að einhverju leyti eða öllu. Það er til einn slíkur landsskóli, þar sem er Eiðaskólinn, og mætti þó eflaust telja fleiri í sama flokki. Jeg tel t. d. skólann á Akureyri alþýðuskóla þó hann sje kallaður gagnfræðaskóli, en nafnið skiftir minstu. Þá er líkur skóli í Hafnarfirði, en hann er að eins styrktur af opinberu fje, en ekki algerlega haldið uppi af því. Það eru ýmsir fleiri alþýðuskólar, og man jeg ekki nöfn á þeim öllum, en þó má geta skólans á Hvítárbakka, unglingaskólans á Núpi og á Hvammstanga. Þessir skólar eru styrktir af landsfje. En ekkert landseftirlit er með þessum skólum. Á sýslufundi Árnesinga hefir nýlega verið samþykt till. í þá átt, að hrinda af stað lýðskóla á Suðurlandsundirlendinu, og hefir sú hugmynd lengi verið í hugum manna. Þrátt fyrir þessa og fleiri skóla verður að reyna að koma samstæðu kerfi á skipulag alþýðuskóla. Kensla og reglu-

gerðir eru mismunandi, og sumum er algerlega haldið uppi af landsins fje, en sumir styrktir meira eða minna.

Virtist nefndinni vera nægileg ástæða til að taka þessa grein kenslumálanna upp til rækilegrar athugunar og vita, hvort eigi væri rjett, að löggjafarvald og landsstjórn sæju um alþýðuskólana yfirleitt. Nefndin getur að sjálfsögðu á þessu stigi málsins ekki sagt um, að hverju hún mundi hallast, er málið væri rannsakað til fullnustu alt í heild sinni. Jeg gleymdi að minnast á búnaðarskólana og kvennaskólana. Um kvennaskólana get jeg þess, að frá mínu sjónarmiði er það mikið efamál, hvort halda skuli uppi sjerstökum skólum fyrir konur í þeim greinum, sem karlar læra jafnt sem konur. Jeg skýt því fram, hvort eigi muni rjettara að hafa samkenslu í þessum greinum; ódýrara mun það reynast, bæði húsnæði, kensluáhöld, ljós, eldiviður o. fl., auk þess sem það mun oftast reynast haganlegra að því er kenslukraftana snertir. Aftur á móti þurfa konur að fá sjerkenslu í nokkrum einstökum greinum, svo sem hús- og bústjórn, hannyrðum o. fl., ef rækt skal leggja við þær greinar. En slíkt má vel lánast, þótt samskóli sje að öðru.

Þá kemur 3. undirliðurinn, og er hann bein afleiðing af því, sem áður er komið. Hann fer fram á að skorað verði á stjórnina að undirbúa lagasetning um þau efni, sem í I., 1. og 2. lið segir, svo fljótt, sem því verður við komið. Það er auðvitað ekki tilætlun nefndarinnar, að þar sje að neinu hrapað, enda bendir orðalag 3. liðsins á það. Jeg býst við, að rannsókn á öllu þessu máli og frumvarpagerð um það verði alllangsótt og torveld. En tilætlunin er, að stjórnin með hjálp skynsamra manna og fróðra um kenslumál ráðist í þetta og framkvæmi það svo fljótt sem unt er.

Þá kem jeg að II. lið till., og lýtur hann allur að hinum almenna mentaskóla, sem svo er nefndur.

Árið 1904 var lagður grundvöllur að gerbreyting hins gamla latínuskóla með bráðabirgðareglugerð fyrir hinn almenna mentaskóla, eða rjettara sagt gagnfræðadeild hans. Höfuðgreinar skólans voru latína og gríska. Latneskum stíl og grísku var með öllu bygt út úr skólanum, og latínu úr gagnfræðadeild hans líka. Hætt var og að sjálfsögðu að gera latínu að inntökuskilyrði í skólann. Jeg skal ekki fara út í, hvort þetta hefir verið til bóta eða ekki. En apað mun það hafa verið eftir svipuðum breytingum sem þá höfðu nýlega gerst og voru að gerast í nágrannalöndunum Nú mun vera að verða töluverð skoðanabreyting hjá mentamönnum nágrannaþjóða vorra, og margir vera að hverfa að því, að rjett sje að kippa latínuskólunum í líkt horf og áður var.

Í stað skólareglugerðarinnar frá 1877 eða 1878 kom þessi reglugerð frá 9. sept. 1904, þar sem svo segir í 2. gr., að gagnfræðadeildin skuli veita nemendum sínum *„hæfilega afmarkaða almenna mentun“*; og jeg geri ráð fyrir, að það hafi ekki brugðist í framkvæmdinni, að þessi mentun hafi verið „hæfilega afmörkuð“; því að gagnfræðadeildin er í raun rjettri ekki annað en framhald af barnaskóla; það eru flest 12 ára unglingar, sem í hana fara, margir koma beint úr efri bekkjum barnaskóla.

Það snjallræði var þá og tekið upp, að afnema daglegar einkunnir. En mjög hefir verið deilt um, hve heppileg sú ráðstöfun hafi verið. Í minni skólatíð veit jeg það, að daglegar einkunnir þóttu auka kapp nemenda. Að vísu voru þeir kallaðir „karaktersjúkir“ af sumum, sem ljetu sjer ant um að fá góða vitnisburði. Slíkt tel jeg enga sneypu, heldur þvert á móti, það sýndi áhuga á því, að komast áfram á braut sinni, og vott um, að þeir vildu ekki vera eftirbátar annara. Þá var og breytt tölugildi einkunna. Í stað þess, sem áður voru gefnar einkunnirnar 6, 5⅔, 5⅓, 5 o. s.

frv., var nú ákveðið, að einkunnirnar skyldu vera í heilum tölum, 8, 7 o. s. frv. niður í 0. Þessi eldri einkunnagjöf, sem kend er við Örsted, er komin frá Danmörku hingað. En er henni var breytt í Danmörku, þótti sjálfsagt að breyta henni hjer. Hefi jeg aldrei heyrt neinn geta gert grein fyrir því, hví þessi breyting var gerð eða hverjir væru kostir hennar. Við burtfararprófin var og hætt að gefa aðaleinkunn, sem áður hafði tíðkast, enda segir í reglugerðinni, að aðaleinkunn sje afnumin. Þessi breyting kemst á smátt og smátt, fyrst í neðsta bekk gagnfræðadeildar haustið 1904, síðan næsta ár í tveim neðstu bekkjunum, og var fullkomlega komin á á 6 árum. Bráðabirgðareglugerð fyrir lærdómsdeildina var gefin út 13. mars 1908, og prófreglugerð fyrir hana 20. maí 1910. Fyrsta stúdentsprófið eftir hinni nýju reglugerð var haldið vorið 1910. Gengur sú saga, að rektor skólans, Steingrímur skáld Thorsteinsson, hafi látið svo um mælt við skólauppsögnina, að í það sinn útskrifuðust margir góðir efnismenn, en vitanlega hefðu þeir ekki fengið jafngóða mentun sem stúdentar áður.

Eins og jeg gat um áður, var grísku með öllu bygt út úr skólanum með hinni nýju reglugerð, en latínu haldið þar að nafni til, í lærdómsdeild svonefndri. Þó var felt niður latneskur stíll og skriflegar þýðingar úr latínu á íslensku. Í munnlegri latínu var veitt dálítil kensla í hinni svokölluðu lærdómsdeild. Í henni átti að lesa vandlega 170 bls. í óbundnu máli, og 2000 vers í bundnu máli, og auk þess hraðlesa lítið eitt í latneskum ritum. Til stúdentsprófs áttu þeir að hafa einungis um 70 bls. í óbundnu máli og 1000 vers í skáldritum latneskum.

Þeir, sem gengið hafa í latínuskólann áður en breytingin varð, munu geta gert sjer í hugarlund, að þessi latínukensla getur ekki orðið annað en kák, enda verða þeir, sem við kenslu fást í háskólanum, þess varir, að flestir, sem þangað koma, eru lítt að sjer í latínu, þótt greindir sjeu og góðir námsmenn.

Um þetta væri lítt að fárast, ef eitthvað jafngott hefði komið í stað latínunnar og griskunnar. Í minni tíð voru það tvær námsgreinir, sem teljast máttu þungamiðja alls námsins í skólanum: latína og gríska annars vegar og stærðfræði hins vegar. Það eru þær greinir, sem að flestra dómi efla mest þroska manna. Stærðfræðin skerpir skilninginn, og skapar rökrjetta hugsun; geta allir óvitlausir menn lært hana (og jafnvel hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) líka, þótt hann brosi að), en játað skal það, að sumir eru hneigðari fyrir hana en aðrir, og þeim sýnna um nám hennar. Aftur eru aðrir hneigðir fyrir málanám, og fyrir þá voru gömlu málin prófsteinninn, og þau gáfu seglfestuna. Jeg sje ekki, að neitt hafi komið í staðinn fyrir þau. Í stærðfræði er kent líkt og áður, að eins bætt við ofurlitlu í þríhyrningsfræði. En svo var aftur við fyrri hluta prófið bæði skrifleg og munnleg stærðfræði, en nú er hún að eins munnleg við burtfararpróf, og prófið að því leyti gert ljettara en það var; því að áður kom stærðfræðin mörgum á kaldan klaka, þeim er eigi stunduðu hana vel.

Þýska og franska er síst meir kendar en áður, nema minna sje, og eigi sje jeg, að öllu meira sje kent í náttúrufræði nú en áður. Það er ein námsgrein, sem kensla hefir mjög verið aukin í, enskan; en þótt það sje mál af mörgum talað og auðugt að bókmentum, þá er jeg í engum vafa um, að hún getur ekki komið í staðinn fyrir latínu og grísku sem þroskameðal fyrir nemendur; til þess er hún ekki fallin. Vjer verðum að gæta þess, að hlutverk mentaskólans er ekki að ala menn upp til að verða vörubjóðar eða skrifstofuþjónar, heldur á hann að

búa þá undir frekara nám og gera þá færa um að leggja stund á vísindanám. Hitt er hlutverk verslunarskóla, að menta kaupsýslumennina.

Enn er ótalið eitt atriði, sem gerir það að verkum, að trygging í prófum er margfalt minni nú en fyr. Jeg mintist áður á einkunnagjafir í okkar tíð, sem miðaldra eru og þar yfir, en þó ekki til fulls. Þá var einkunnagjöfum háttað eins og er í háskólanum nú, að lágar einkunnir gátu beinlínis dregið frá aðaleinkunninni. Þannig dró 1 frá 23 stig, og verkaði það, að erfitt var að ná prófi, þegar svo fór; en nú er hægt að hoppa í gegnum prófin með 1 í fleiri námsgreinum en einni, því hann dregur ekki frá, heldur hækkar hann aðaleinkunn um 1. Meira að segja, þótt einhver fái 0 í einni námsgrein, getur hann náð prófi með sæmilegum vitnisburði; hann þarf að fá tvö 0 til þess að falla við próf. Enskan er nú þungamiðjugrein í skólanum, og þó getur nemandi náð prófi með 0 í henni, munnlegri eða skriflegri. Í einu blaði var reiknað út, hvað lítið þyrfti til að komast gegnum mentaskólann, og fanst mörgum það undrum sæta. Þeir, sem að skólanum standa, hafa líka fundið þetta og að þörf væri að herða á kröfunum. Vottur um þetta er brjef frá rektor mentaskólans 2. júlí 1919, sem legið hefir fyrir nefndinni. Í því talar hann um þörfina á tvískiftingu lærdómsdeildar skólans í stærðfræðisdeild og máladeild, enda munu flestir honum sammála um hana. Verkfræðingafjelagið hefir líka látið í ljós í brjefi 4. apríl þ. á., að óhjákvæmilegt muni að skifta skólanum þannig, því að stúdentar frá mentaskólanum geti ekki, eins og hann er nú, fengið inngöngu í verkfræðingaskóla, heldur þurfi þeir að eyða heilu ári í undirbúning til þess að vera teknir þangað. Þetta er bæði dýrt og erfitt, og í minni tíð hurfu ýmsir frá því ráði, sem þó höfðu ætlað sjer að stunda verkfræðinám og voru byrjaðir á undirbúningi undir það.

Tveir menn hjer í bæ, þeir dr. Ólafur Daníelsson og Þorkell Þorkelsson kennari, sendu stjórninni erindi, er miðaði að því að bæta úr þessu, þar sem þeir sóttu um styrk til að koma upp skóla, er ræki það starf, að búa menn undir verkfræðinám við æðri skóla. Erindi þetta var sent til mentaskólans til umsagnar; lagði rektor skólans það til, að í stað þess að stofna sjerstakan skóla til þessarar kenslu, skyldi lærdómsdeildinni skift í tvær deildir, þar sem önnur kendi stærðfræði og náttúrufræði, líkt og ráð var fyrir gert í áðurnefndu erindi; enda mun það og heppilegra; það mundi reynast ódýrara og auðveldara að afla góðra kenslukrafta í öllum greinum, og þar á meðal mundi verða hægt að hagnýta sjer hina ágætu hæfileika þeirra tveggja manna, sem hreyfingu komu á málið.

Fyrsti undirliður í þessum kafla tillögunnar er, að tvískifta skuli þegar í haust þremur efstu bekkjum hins almenna mentaskóla. Þetta má ekki misskilja. Tilætlunin getur ekki verið, að tvískifta skuli þegar í haust *öllum* bekkjum lærdómsdeildarinnar, heldur að eins 1. bekk hennar, og svo koll af kolli, þannig að tvískiftingin verði komin á til fulls eftir þrjú ár. Þeir, sem nú eru komnir upp úr 4. bekk, halda allir áfram náminu á sama hátt sem nú tíðkast.

Eins og flestum mun kunnugt, er bekkjum í lærdómsdeildinni, fleiri eða færri, tvískift, sökum þess, hve aðsókn að þeim er mikil, þótt hið sama sje kent í báðum bekkjadeildunum. Þetta útheimtir aukna kenslukrafta, aukið húsnæði, ljós og hita. Mundi því ekki verða mjög mikill aukakostnaður við tvískiftinguna, og líklega mundi ekki þurfa að auka kenslukraftana meira en svaraði 1½ eða 2 kennurum.

Tvískiftingin er heppileg að fleiru leyti en á hefir verið minst; hún er og heppileg að því leyti, að þá fær hver og einn betur að njóta einstaklingseðlis síns en ella. En í neðri bekkjunum mundu nemendur halda áfram að fá þessa „hæfilega afmörkuðu almennu mentun", sem reglugerðin talar um, meðan núverandi skipulag stendur.

Ef skift er, gætu þeir, sem sjerstaka köllun finna hjá sjer til stærðfræði, eðlisfræði, stjörnufræði og ýmissa greina náttúrufræðinnar, farið þá leið.

Nú er það vafalaust, að stærðfræðinámið eykur þroska manna og veitir þeim andlega seglfestu. Þessir menn fá því sitt, sem þá leiðina fara.

Þá eru hinir, sem hneigðir eru fyrir mál og sögu; þeir fara þá leiðina og fá að njóta sín þar.

Það virðist því svo, sem einstaklingseðlið muni fá betur að njóta sín með þessu skipulagi heldur en því, sem nú er, eða því, sem var í gamla daga, og það eins þótt neðri deild skólans væri færð í samt lag og áður var.

Þá er 2. undirliður í II. Það er mjög varlega orðað, þar sem stjórninni er að eins falið að rannsaka, hvort ekki muni heppilegast, að kenslugreinir í þremur neðstu bekkjum mentaskólans verði hinar sömu og þær voru áður en núverandi skipulag komst á skóla þennan o. s. frv.

Ef sú yrði niðurstaðan, að það yrði talið heppilegt, þá yrði auðvitað að breyta inntökuskilyrðunum. Það væri sjálfsögð afleiðing.

Enn fremur á að rannsaka það, hvort ástæða sje til að halda einkunnum þeim, sem nú eru. Skal jeg benda á það, að skólanefnd sú, sem nú situr á rökstólum í Danmörku, hefir, að sögn, lagt það til að taka upp aftur gömlu einkunnirnar. Þar var komin fram fyrirspurn um það, hvers vegna hætt hafi verið við þær, en enginn var svo vitur, að hann gæti svarað því, sennilega af því, að það hefir verið gert að ástæðulausu.

Þá er 3. undirliður í II. Um hann er hið sama að segja og 3. undirlið í I. Þar er að eins lagt til, að breytt verði því, sem nauðsynlegt er samkvæmt niðurstöðu rannsóknanna.

Ef rannsóknin leiðir það í ljós, að engu þurfi að breyta, þá er ekki um neina breytingu að ræða, en ef svo fer, sem jeg vænti, að breyting þyki nauðsynleg, þá er líka sjálfsagt að framkvæma hana.

Þá er loks III. aðalliður till. Um hann þarf jeg ekki að fara mörgum orðum.

Það væri mjög ósanngjarnt að krefjast þess, að kenslumálaráðherrann einn saman ætti að taka að sjer þetta starf, að leysa úr þessum spurningum, enda er það ekki á eins manns færi, því að til þess þarf mikla sjerstaka þekkingu og kunnugleika.

Kenslumálaráðherrann hefir líka ýmsu öðru að gegna, þar sem hann um leið hefir á hendi dómsmál, kirkjumál o. fl.

Hann verður því að fá sjer aðstoðarmenn, fleiri eða færri, til þessa starfs, og ekki verður við því búist, að þeir vinni fyrir ekkert. Þess vegna er það sjálfsagt að leyfa stjórninni að greiða sanngjarna borgun fyrir þau störf, sem unnin verða í þessu augnamiði.

Auk þess hlýtur tvískifting lærdómsdeildarinnar að hafa nokkurn útgjaldaauka í för með sjer, eins og fyr segir, og er ætlast til, að stjórnin greiði það fje úr landssjóði.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um till. þessa, en vona, að henni verði vel tekið af hv. deild.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get látið nægja að lýsa því yfir, að það er rjett, sem hv. frsm. (E. A.) hefir sagt, að fyrsta ástæðan til þess, að till. þessi er fram komin, er brjef frá mjer, þar sem jeg fór þess á leit við hv. tillögumenn, að mál

þetta yrði tekið til athugunar, á líkan hátt og nú hefir gert verið.

Hjelt jeg þá, að best væri að skipa í það milliþinganefnd, og held það reyndar enn.

En jeg hefi ekki neitt á móti till. þessari, því það er þá á valdi stjórnarinnar að fá menn sjer til hjálpar.

Jeg hefi því síður ástæðu til að tala mikið um þetta mál, þar sem jeg er hv. frsm. (E. A.) sammála í mörgum atriðum.

Það getur vel verið, að byrja megi á því strax í haust að tvískifta lærdómsdeildinni, en auðvitað verður það ekki nema einn bekkur í einu, sem skift verður. Neðsta bekk hennar mætti þá skifta í vetur, öðrum næsta vetur og síðan öllum þremur.

Um kostnaðinn þarf jeg engu við að bæta, og jeg tel líklegt, að mögulegt verði að framkvæma þetta.

Jeg vil því að eins taka undir með hv. frsm. (E. A.), að jeg vona, að hv deild taki þessu vel, og það ekki síst vegna laga, sem samþ. eru á þessu þingi, sem gera það að verkum, að nauðsynlegt er að koma föstu skipulagi á öll fræðslumál sem fyrst, svo að ekki verði sitt í hverri áttinni, heldur einhver festa og eining í fræðslumálum öllum, frá hinu lægsta til hins efsta.

Jeg vil því leggja það til með þessari athugasemd, að till. verði samþ., því að jeg tel það sjálfagt að taka málið upp á þessum grundvelli og vinna að því sem best og hraðast.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla ekki að ræða mikið um skólamál. Að eins vildi jeg þakka hv. mentamálanefnd fyrir till. þessa, sjerstaklega 1. lið hennar.

Hefir sú hugsun vakað fyrir mjer og fleirum, að betra skipulag þurfi að komast á alþýðuskólamálin en verið hefir, sjerstaklega um afstöðu skólanna til landssjóðs.

Þar hefir alt verið sitt á hvað; skólarnir eru ýmist landsskólar, eða skólar stofnaðir af einstökum mönnum eða fjelögum, en styrktir af landsfje. Hjeraðsskólar hafa einnig verið stofnaðir, og hefir litið svo út í fyrstu, sem hjeruðin hafi ætlað að halda þeim uppi, en þegar til kemur, hefir rekstur þeirra nærri því alveg lent á landssjóði.

Þetta fyrirkomulag er því mjög á reiki, og auðsætt er, að ekki er það rjett, að landið kosti þá skóla að mestu eða öllu, sem það hefir engin umráð yfir. Þetta tel jeg víst að vakað hafi fyrir hv. nefnd.

Hins vildi jeg spyrja hv. nefnd, hvort henni hafi ekki fundist vert að minnast á kvennaskólana og taka þá upp í till. þessa.

Í 2. lið I. aðalliðs till. eru taldir upp kennaraskólinn, gagnfræðaskólar, búnaðarskólar og alþýðuskólar. Nú geri jeg ráð fyrir, að kvennaskólar verði ekki heimfærðir undir neitt af þessu. Þeirra hefði því átt jafnframt að minnast sjerstaklega.

Kvennaskólar eru aðallega tveir hjer á landi; er annar hjer í Reykjavík og er „prívat"-skóli, en hinn á Blönduósi og er hjeraðsskóli, en báðir kostaðir að mestu af landsfje. Þá er líka einn enn, sem ekki er reyndar til nema á pappírnum. Það er húsmæðraskólinn á Norðurlandi.

Þessa skóla verður einnig að hafa í huga í því skólakerfi, sem tilvonandi nefnd á að íhuga og gera tillögur um.

Þá langaði mig til að minnast á skólahugmynd, sem menn hafa borið fyrir brjóstinu í Þingeyjarsýslu nú um undanfarin ár. Var jeg beðinn um að flytja það mál hjer á þingi, en hefi ekki fengið tækifæri til þess enn. Hjer hefir líka legið frammi erindi um styrk úr landssjóði til að koma á stofn skóla þessum, sem á að verða alþýðuskóli. Vil jeg leyfa mjer að

lesa upp kafla úr umsókn þessari og greinargerð fyrir skólahugmyndinni.

Það er á þessa leið:

„Stofnun hins fyrirhugaða alþýðuskóla í Þingeyjarsýslu er bygð á þeirri grundvallarhugsun, að alþýðumenn geti notið góðra mentastofnana í sveitum, er efli íslenska þjóðmenningu, hamli á móti fólksstraumnum til kaupstaðanna, en hlynni að hollum innlendum sveitarlífsáhrifum.“

Þetta er þá aðal-„prógram“ skólans. Enn fremur segir svo í erindi þessu:

„Alþýðuskólinn þarf aðsetur á góðri bújörð, og skólaheimilið að sníðast eftir fyrirmyndar-sveitarheimilum. Hann á að styðjast við bú, sem rekið er af búfróðum manni, annaðhvort á ábyrgð skólastjóra, eða fyrir eigin reikning, með sjerstökum skilyrðum við skólans hæfi.“

Þetta er grundvallarhugmyndin. Skólinn á hvorki að vera bænda- eða búnaðarskóli í eiginlegum skilningi, en miðaður sem mest við almennar andlegar þarfir sveitamanna, sem skólann munu sækja.

Hefir aðallega verið barist fyrir þessari hugmynd af ungmennafjelögunum, en sveitirnar og hjeraðið hafa stutt hugmyndina. Hugsunin er sú, að þetta yrði með tímanum landsskóli, á borð við Eiðaskólann. En jafnframt er búist við því, að hjeraðið yrði að leggja nokkuð til, sjerstaklega um stofnkostnaðinn.

Áætlunin er því sú, að hjeraðið leggi til ⅓ stofnkostnaðar, og eru þegar gerðar nokkrar ráðstafanir til þess, svo að ekki mun á því standa, þegar til kemur. Síðan sje skólanum haldið uppi af hjeraðinu, fyrstu árin með styrk úr landssjóði, er nemi ⅔ rekstrarkostnaðar, en svo taki landssjóður rekstur skólans að fullu.

Þessu vildi jeg að eins skýra frá, þar sem tækifæri gafst, og vona jeg því, að þessi skólahugmynd verði tekin til greina, engu síður en hugmyndin um skólann hjer á Suðurlandi, sem sjálfsagt fer í svipaða átt.

Jeg hefi svo ekki fleira um þetta mál að segja, en vil að eins vona, að hæstv. stjórn taki til greina þetta, sem jeg nú hefi sagt.

Frsm. (Einar Arnórsson): Það er að eins örstutt athugasemd.

Það á ekki við að fara út í einstakar skólastofnanir. En þessi skóli, sem hæstv. þm. S.-Þ. (P. J.) mintist á, fellur undir 2. undirlið I. aðalliðs till. og verður sjálfsagt tekinn til athugunar.

Um kvennaskólana get jeg vísað til þess, sem jeg sagði í framsöguræðu minni.

Jeg tel þá falla undir liðinn um búnaðarskóla og gagnfræða- og alþýðuskóla.

Þeir eru í rauninni ekki annað en sambland af gagnfræðaskólum og búnaðarskólum.

En þó jeg telji þá hjer undir í till., þá hefi jeg ekkert á móti því, að orðinu „kvennaskóla“ verði skotið inn í. Hins vegar finst mjer það ekki nauðsynlegt.

ATKVGR.

Tillgr. I.—III. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með öllum gr. atkv.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 11. sept., var till. tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um fræðslumál,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 782).

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti: Jeg legg það til, að till. þessari verði vísað til mentamálanefndar.

ATKVGR.

I. liður tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.
II. — — — — 7 — —
III. — — — — 8 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr

Till. vísað til síðari umr. með 8 shlj. atkv. og til mentamálanefndar (sjá A bls. 2003) með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., þriðjudaginn 23. sept., var till. tekin til síðari umr. (A. 782, n. 931).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg vil leyfa mjer að skírskota til nál. á þgskj. 931, en þar er skýrt frá því, að mentamálanefnd hafi fallist á þingsályktunartill. og leggi til, að hún verði samþykt.

Tillagan fer fram á það að skora á stjórnina að endurskoða fræðslumálin yfir höfuð, og eru þau flokkuð þar í tvo aðalflokka.

Nefndin leit svo á, að rjett væri að sýna máli þessu fullkomna athygli, í þeirri von, að hægt yrði að bæta úr brestum þeim, sem eru á fræðslumálum vorum.

En því verður ekki neitað, að annmarkar eru jafnvel á öllum stigum fræðslunnar.

Fyrsti liður till. fjallar um barna- og alþýðufræðslu.

Eins og kunnugt er, hefir oft verið á það minst, að fræðsla barna og unglinga sje ekki í svo góðu lagi sem skyldi. Þykir vera lögð fullmikil áhersla á barnafræðsluna, en ekki eins á fræðslu unglinga, og eru þó unglingsárin besta þroskaskeiðið til þess, að nám komi að fullum notum.

Þyrfti þetta að komast í betra horf en verið hefir, og er málefni þetta vel þess vert, að það sje athugað rækilega.

Næst er talað um svo nefnda miðskóla eða hærri alþýðuskóla fyrir þroskað fólk. Eru taldir upp ýmsir skólar, t. d. kennaraskóli, gagnfræðaskólar, búnaðarskólar, og gert ráð fyrir því, að fyrirkomulag þeirra verði endurskoðað. Því næst er vikið að því, hvort ekki muni heppilegt og gerlegt að stofna alþýðuskóla í einum eða fleirum landsfjórðungum, fyrir landsfje.

Auk þessara skóla er hjer og vitanlega átt við kvennaskólana, og eru þeir ekki síður hafðir í huga en aðrir skólar, þótt fallið hafi úr að nefna þá.

Skal jeg í þessu sambandi minnast á, að alloft hafa komið fram raddir um það, að æskilegt væri, að landið kostaði einn eða fleiri alþýðuskóla í hverjum landsfjórðungi. Má benda á það, að varla getur komið annað til mála en að Flensborgarskólinn verði gerður sem fyrst að landsskóla. Hann hefir um langt skeið verið einn af bestu alþýðuskólunum og á því meira en skilið, að landið taki hann algerlega upp á sína arma.

Næsti liður er um mentaskólann.

Er þar fyrst tekin sú breyting á fyrirkomulagi hans, sem mest kallar að, sem sje að þremur efstu bekkjum hans sje tvískift, þannig, að önnur deildin verði málfræðisdeild og sögu, en hin náttúrufræðisdeild og stærðfræðisdeild. Er þetta gert til þess, að nemendur hans geti sem fyrst hagað námi sínu eftir því, í hverja stefnu þeir

vilja beina því, hvort heldur til málfræðinnar og henni skyldra greina, eða til náttúrufræðinnar og fjöllistanna.

Eru ekki mjög fá dæmi til þess, að mjög duglegir piltar hafa verið álitnir að vera tregir af þeirri ástæðu, að þeir hafa aðallega snúið sjer að þeim námsgreinum, sem þeir hafa haft hug á, en vanrækt hinar.

Gallarnir á fyrirkomulagi því, er verið hefir á mentaskólanum, eru sjerstaklega tilfinnanlegir nú, þegar stúdentar eru búnir að missa Garðsstyrkinn, og útlit er fyrir, að hreint ekkert komi í staðinn, því stúdentar þeir, er ætla að stunda nám við fjöllistaskólann, verða að verja heilu ári til undirbúnings, eins og nú standa sakir, áður en þeir fá inngöngu í hann.

Nefndin hefir haft til meðferðar tvö erindi um þetta mál, annað frá rektor mentaskólans, en hitt frá tveimur vel þektum vísindamönnum, sem eru í miklu áliti, og hafa snúið huga sínum að umbótum á þessu.

Hafa þeir lagt til, að stofnaður yrði sjerstakur skóli, til að undirbúa þá námsmenn, er hafa í hyggju að ganga á fjöllistaskólann, þannig, að þeir geti komist strax inn í hann.

Rektor hallast, svo sem við mátti búast, að því, að rjettara sje, að þessi kensla verði sameinuð mentaskólanum, þannig, að efri deild hans verði tvískift.

Þyrfti helst að koma þessari tvískiftingu á í haust. Hún kallar mjög brátt að, og má í því sambandi geta þess, að á þessu sumri hafa þó nokkrir stúdentar farið utan til að stunda nám við fjöllistaskólann, og eiga þeir sjálfsagt margir örðugt uppdráttar.

Þá er skorað á stjórnina að rannsaka, hvort eigi muni heppilegast, að kenslugreinir í þremur neðstu bekkjum mentaskólans verði hinar sömu sem þær voru áður en núverandi skipulag komst á skóla þennan.

Umræðurnar í hv. Nd. snerust sjerstaklega um það, hvort hafa skyldi í neðri deildinni latínu- og grískunám, eins og áður var.

Nefndin hjer hefir ekki hugsað sjer að ýta undir slíkar breytingar, þó hún telji ekki nema rjett, að þetta sje athugað.

Þótt latína og gríska sjeu fögur mál og afbragðsvel hæf til þess að skerpa gáfur manna, verður því þó ekki neitað, að önnur mál hafa meiri þýðingu. Latínu og grísku má kalla dauð mál, þó mikið af þeim lifi á tungum þjóðanna og tæplega sje hægt að kalla mann fullmentaðan án þess að hann hafi haft veður af þessum tungum.

Þriðji liður tillögunnar heimilar stjórninni fje úr ríkissjóði til framkvæmdar því, sem í till. felst.

Í sambandi við þennan lið skal jeg geta þess, að nefndin hugsar sjer ekki, að millilinganefnd verði skipuð í þessu skyni. En þrátt fyrir það getur altaf komið fyrir, að stjórnin þurfi að greiða fje fyrir ýms störf þessu viðvíkjandi, og er því sjálfsagt, að þessi liður sje einnig látinn standa.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um till. þessa, en vil, fyrir hönd nefndarinnar, leggja til, að hún verði samþykt

ATKVGR.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv og afgr. sem

ályktun Alþingis
(Sjá A. 964).

17. Rannsókn skattamála.

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn skattamála (A. 839).

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Þorsteinn Jónsson): Jeg býst ekki við að þurfa að láta mörg orð fylgja jafnsjálfsagðri till. og þessari.

Það er öllum ljóst, í hvert efni hjer er komið, ef ekki verður bráðlega að gert.

Útgjöldin aukast hröðum skrefum, og þótt sköttum sje hlaðið á skatt ofan, þá nær það hvergi nærri til að fylla þá hít.

Við slíkt sleifarlag má því ekki lengur sitja, ef landið á ekki að lenda niður í botnlaust skuldafor að.

Skattar þeir, sem nú hafa verið lagðir á, hafa flestir eða allir lent þar á, sem hægast er að ná þeim, og er það vorkunnarmál, þar sem skattamálin öll eru formlaus og á ringulreið.

Við þetta má því ekki lengur sitja.

Hjer þarf að gera ítarlega rannsókn og koma skattamálum öllum í fast framtíðarhorf.

Hæstv. stjórn hefir nú oftlega látið það í ljós, að mál þetta verði að rannsaka. Það gæti því virst óþarft að koma fram með till. þessa. En svo er þó ekki, því að í fyrsta lagi er það ekki víst, að núverandi hæstv. stjórn endist aldur til þessara framkvæmda, og í öðru lagi verður að heimila stjórninni, hver svo sem hún er, fje það, sem nauðsynlegt er til undirbúnings málsins. Till. hefir því við full rök að styðjast.

Jeg skal nú ekki fara að ræða um það, hvernig skattamálunum skuli fyrir komið í framtíðinni. Til þess brestur mig þekkingu.

En það er vilji okkar flm., að stjórnin geri þegar á næsta ári alt, sem fært er til að bæta fyrirkomulagið.

Nú er það vitanlegt, að öll lönd í heimi þurfa að auka skatta sína, og það er því víðar en hjer, sem rannsaka þarf þetta mál.

Nú vakir það fyrir mjer, að stjórnin gæti aflað sjer þekkingar í þessum sökum af reynslu annara og rannsóknum.

Hefir mjer því dottið í hug, að hún gæti fengið einhvern vel valinn mann til að kynna sjer, hversu þessu er fyrir komið í öðrum löndum. (*B. K.*: Þarf ekki, því að hjer kemst aldrei neitt vit að). Hv. 1. þm. G.-K. (B.K.) heldur, að hjer komist ekkert vit að, en það var þó tilætlun okkar, að þessu yrði fyrir komið bæði með viti og sanngirni.

Að vísu má altaf deila um það, hvaða skattar sjeu sanngjarnir. En mín hugsun var sú, að þeir yrðu látnir borga mest, sem bökin hafa breiðust, en ekki altaf haldið áfram að auka skatta á nauðsynjavörum.

Mörgum af sköttunum er nú svo fyrir komið, að það er ekkert annað en nefskattar, eins og t. d. sykurtollurinn. Hann og aðra fleiri verða allir að borga jafnt, hvort sem ríkir eru eða fátækir, því að allir þurfa lífsnauðsynja við.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg geri ráð fyrir, að hv. deild sje kunnugt, að stjórnin hefir bæði í athugasemdum við fjárlögin og víðar lýst yfir því, að hún telji sjálfsagt, að athuguð verði skattamál landsins. Hugsun stjórnarinnar er sú, að annast það sjálf, auðvitað með hjálp þeirra manna, sem hún telur nauðsynlegt.

En jeg skal benda á það, að eftir till. þessari liggur beinast við, að skipuð verði til þess milliþinganefnd.

Það er venjulega leiðin, og hana mætti auðvitað fara.

En það hefir viljað brenna við, að niðurstaðan af starfi þeirra nefnda hefir ekki komið fljótt fram.

Aftur á móti mundi stjórnin þegar leggja fyrir þingið sína niðurstöðu. Sú leið hygg jeg því að væri rjettari.

Hins vegar veit jeg, að jeg þarf ekki að

skilja hv. flm. svo, að hann telji stjórnina ekki hafa gert alt, sem í hennar valdi stóð, til að afla tekna. Svo marga brýnuna hefir stjórnin tekið vegna skattamálanna.

Hv. flm. (Þorst. J.) sagði, að flestir skattar nú væru nefskattar. En það er ekki rjett. Tekjuskatturinn getur þó ekki talist nefskattur, og mætti nefna marga fleiri.

En hv. þm. (Þorst. J.) hjelt því fram, að rjett væri að senda mann utan til þess að útvega sjer þekkingu um, hvernig skattafyrirkomulagið sje annarsstaðar. Jeg verð að líta svo á, sem þetta sje óþarfi, þar sem við höfum póstgöngur, símasamband og lög annara þjóða, sem stjórninni er auðvelt að afla sjer. Það er hægt að fá allar upplýsingar um erlenda skattalöggjöf án þess að senda mann utan.

Mjer skildist á frsm. (Þorst. J.), að helst ætti að leggja fram endurskoðaða skattalöggjöf eftir eitt ár. En það er mjög óvíst, að því verði komið við, þar sem stjórnin hefir svo mörg stórmál önnur með höndum, og svo fara kosningar í hönd o. s. frv. Þetta væri því að gera alt of háar kröfur til fjármálastjórnarinnar. Það má búast við, að endurskoðunin taki langan tíma, því ekki þarf að eins að endurskoða lögin, heldur einnig finna nýjar leiðir.

En ef menn búast við því, að hægt verði að endurskoða skattalöggjöfina þannig, að skattarnir komi ekki til manna hart niður á gjaldendurna, þá held jeg, að þjóðin verði fyrir vonbrigðum. Því það er hverjum sem er ofvaxið. Hitt er satt, að ýmislegt má laga, og málunum þarf að koma í fastara horf en nú er.

Það er skorað á landsstjórnina að láta rannsaka. — Það þarf að koma skýrara fram, hvað er átt við með þeirri rannsókn, hvort ætlast er til að skipa milliþinganefnd í málið, eða að eins heimila stjórninni að taka sjer aðstoð.

Magnús Pjetursson: Jeg bjóst ekki við, að farið yrði að ræða um framtíðarstefnur í skattamálum í sambandi við till., eins og frsm. (Þorst. J.) gerði. Eins og hann veit sjálfur, talaði hann þar að eins í sínu nafni, en ekki nefndarinnar.

Það má engan furða, þó jeg hafi gerst meðflm. þessarar till., þar sem jeg í nærfelt öllum mínum ræðum sem frsm. fjárveitinganefndar hefi haldið því fram, að þetta þyrfti og ætti að gerast. Hefðu þær ræður sennilega átt að vera nægileg hvöt fyrir stjórnina, en það, sem mjer þó fanst rjettlæta, að till. kæmi fram, var það, að rjettara væri að heimila stjórninni fje til afnota í þessu skyni, svo hún kynokaði sjer ekki við að nota nauðsynlega aðstoð í jafnyfirgripsmiklu máli. En jeg álít enga þörf á að fara að senda mann út. Og jeg held engum hafi dottið milliþinganefnd í hug, heldur að stjórnin þyrfti aðstoð sjerfræðinga og annara hæfra manna. Svo skal jeg geta þess, að jeg er alveg sammála fjármálaráðh. (S. E.) um, að þetta er illframkvæmanlegt fyrir næsta þing, og ef þing kemur aftur saman í vetur eða vor, þá liggur að minsta kosti í augum uppi, að ekki er hægt að gera þetta fyrir þann tíma.

Pjetur Ottesen: Jeg þarf eiginlega ekki að standa upp, því hv. þm. Stranda. (M. P.) hefir eiginlega tekið af mjer ómakið. Það var aldrei ætlun mín, fremur en hans, að með till. þessari ætti að fara að benda á neinar ákveðnar stefnur í skattamálum; það, sem hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) kann að hafa sagt um það, hefir hann því sagt frá eigin brjósti, en ekkert umboð hefir hann haft til þess að lýsa neinu yfir um það frá flm. En jeg vildi að eins með till. stuðla að því, að stjórnin ljeti ekki undir höfuð leggjast að taka þetta mál fyrir sem fyrst.

Eins er jeg hv. þm. Stranda. (M. P.) og hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sammála um það, að óþarfi sje að senda menn utan, því

tollstefnurnar í nágrannalöndunum er hægt að tileinka sjer á annan og kostnaðarminni hátt, og milliþinganefnd hafði mjer aldrei dottið í hug að sett yrði í málið.

Einar Arnórsson: Jeg verð að taka undir með þeim þrem hv. þm., sem talað hafa á undan mjer, að jeg sje enga ástæðu til að senda mann til útlanda til að kynna sjer skattamál. Við höfum prentsmiðjur og póstsambönd í heiminum. Þessarar fræðslu er því hægt að afla sjer hingað með þeim tækjum.

Um hitt er jeg sammála, að auðvitað þurfi að gera gangskör að því að koma skattamálunum í viðunanlegt horf. Og af því hv. þm. Dala. (B. J.) er ekki viðstaddur, vil jeg benda á, hvort ekki beri framvegis að sníða skattalöggjöfina að einhverju leyti eftir verðlagsskrárkenningum hans.

Flm. (Þorsteinn Jónsson): Till. ber það alls ekki með sjer, að skipuð sje milliþinganefnd í málið, heldur að eins að stjórninni heimilist fje til að leita sjer aðstoðar. Þess vegna benti jeg á, að hugsanlegt væri að senda mann til útlanda. Jeg sló þessu fram án þess það væri skoðun nefndarinnar.

Það getur altaf orðið álitamál, að hverju gagni slíkar utanfarir koma. Þegar fossanefndin fór til útlanda, greindi menn mjög á um, hvort sú för hefði verið nauðsynleg. Jeg var einn þeirra, sem áleit þá för þarfa, og álít enn, að svo hafi verið.

Mjer hefir aldrei dottið í hug, að málinu yrði lokið á einu ári, en jeg vildi, að stjórnin hefjist þegar handa, og ákjósanleg ast væri, að starfið tæki sem stystan tíma. En betra er, að tíminn verði lengri, ef undirbúningurinn yrði þá betri.

Fjármálaráðherra (S. E.): Nú hafa allir, sem talað hafa, látið uppi, að tilætlunin væri ekki að setja milliþinganefnd í eiginlegum skilningi í þetta mál. Jeg sje þá ekki, að nefndin ætlist til, að stjórnin fari öðruvísi að í málinu en hún hefir þegar tilkynt. Og sje jeg ekki annað en að till. sje alveg óþörf, því óhætt hefði verið fyrir stjórnina að taka fje án heimildar til framkvæmda í málinu. — Stjórnin hefir haldið öllu þessu fram áður við umr um fjárlögin, og ekki verið haldið neinu nýju að henni í málinu.

Þórarinn Jónsson: Mjer virðist, eins og fram er komið, till óþörf, því stjórnin hefir áður lýst yfir því, að hún ætli að gera þetta. Hins vegar er meinlaust, þó till. verði samþ. En jeg greiði ekki atkv. með henni nema með því skilorði, að stjórnin fari ekki að eyða fje í sendiferðir til útlanda, sem eru óþarfar og að eins koma til að hafa kostnað í för með sjer.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 14 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 19. sept., var till. tekin til síðari umr. (A. 839).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., laugardaginn 20. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn skattamála,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 913).

Á 62. fundi í Ed., mánudaginn 22. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Magnús Kristjánsson: Jeg tel sjálfsagt, að skattmálin verði tekin til rækilegrar íhugunar, en hafði búist við því, að sjerstök milliþinganefnd yrði skipuð til að rannsaka, hverjar leiðir skuli farnar. Nú sje jeg, að sú er ekki tilætlunin, en tel sjálfsagt, að nefnd sú, er það verður vísað til, athugi það nákvæmlega.

En ef það þykir heppilegra, að stjórnin fái sjer ráðunauta til aðstoðar við mál þetta, tel jeg sjálfsagt, að stjórnin sem heild komi sjer saman um mennina, því sú skylda, að sjá skattamálum landsins borgið, hvílir ekki á neinum einstökum ráðherra, heldur á allri stjórninni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg spurðist fyrir um það í hv. Nd., hvort tilætlunin væri sú, að sjerstök milliþinganefnd yrði skipuð til að fjalla um mál þetta, þar sem orðin „láta rannsaka" gátu bent í þá átt. En það kom bert fram við allar umræður málsins, að sú væri ekki tilætlunin.

Hv. þm. Ak. (M. K.) lagði áherslu á það, að stjórnin öll skipaði ráðunautana, en ekki neinn einstakur ráðherra, og hefir það sjálfsagt verið af ótta við það, að val mannanna myndi mistakast, ef fjármálaráðherra skipaði þá. En jeg býst við að geta glatt hv. þm. Ak. (M. K.) á því, að sömu reglum muni fylgt um þessa skipun sem aðrar

Magnús Kristjánsson: Það er sprottið af misskilningi, ef hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hefir lagt þann skilning í orð mín, að í þeim felist vantraust til hans.

Mjer hefir aldrei komið til hugar, að hann færi að ráða þessu máli upp á eindæmi sitt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 12 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., fimtudaginn 25. sept., var till. tekin til síðari umr (A. 913, n. 962).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg býst við, að hv. deild geti verið fjárhagsnefnd sammála um tillögu þessa. Varla hefir verið minst svo á skattamálin á síðustu árum, að ekki hafi verið talað um, í hversu mikilli óreiðu þau sjeu, og lögð áhersla á, að sem fyrst þurfi að ráða bót á því og koma þeim í rjettlátara og betra horf. En það verður ekki gert á annan hátt betur en að rannsaka, hvernig þeim nú er varið, og koma fram með tillögur til endurbóta.

Árið 1907 var skipuð milliþinganefnd til að rannsaka og endurskoða skattamálin. Samdi nefnd þessi mörg frv., og eru sum þeirra orðin að lögum með nokkrum breytingum, en önnur liggja enn í ruslaskrínunni, eins og ýmislegt fleira hjer á landi, þrátt fyrir þótt svo mörg ár sjeu liðin frá því, að hún lauk störfum sínum.

Vil jeg taka það skýrt fram, að meining nefndarinnar er ekki sú, að sjerstök milliþinganefnd sje skipuð til að fjalla um málið, og álítur hún ekki að till. gefi tilefni til þess, heldur að landsstjórnin fái sjer menn til aðstoðar við rannsókn þess, eftir því sem henni þykir þörf.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um till., en vil fyrir hönd fjárhagsnefndar leggja til, að hún verði samþykt.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 985).

---

18. Lögnám vatnsorku í Sogi.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnsorku allrar í Sogi (A. 121).

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 25. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Mjer þykir hlýða að láta þessari till. okkar til þingsál. fylgja nokkur orð. Það hefir mikið verið um það rætt, hve mikið afl við ættum fólgið í fallvötnum okkar. Menn hafa gert sjer glæsilegar vonir um þau þægindi og það hagræði, sem þau gætu veitt landsmönnum, þegar þau væru komin í notkun. Margir hafa spáð því, að í þessum vötnum lægi framtíð Íslands. Menn hafa ekki að eins ætlað, að þau mundu breyta öllum híbýlaháttum vorum, heldur mundu þau og gerbreyta öllum atvinnuvegum og fyrirtækjum hjer á landi. Og flestir hafa álitið, að þessi breyting yrði til bóta. Sumir efast um gæfuna, sem af þessu leiddi fyrir heildina. Þeir líta svo á, að alt sje undir því komið, hverjir beisli fossana, og hvernig það afl, sem úr þeim fæst, sje notað. Það,sem aðallega hefir vakað fyrir almenningi viðvíkjandi virkjun fossanna, eru þau algengu þægindi, svo sem rafmagn til ljósa og hitunar, smáiðnaðar og þess háttar. Alþýða manna hefir síður gert sjer grein fyrir, hver áhrif það hefði, ef farið væri að reka hjer stóriðnað. Hver sem í það rjeðist, hver sem beislaði fossana í stærri stíl, þá er það víst, að það hefði mikil áhrif á allan lifnaðarhátt manna, og sumt yrði óneitanlega til bóta. Jeg fyrir mitt leyti er ekki í efa um það, að þetta getur því að eins orðið til bóta, að landið sjálft taki starfræksluna í sínar hendur.

Eins og drepið hefir verið á, þá eru allar helstu orkulindir landsins í höndum útlendinga. Það getur þess vegna ekki verið að ræða um, að landið taki að sjer að starfrækja þetta afl, nema að það taki í sínar hendur eitthvað af þeim stórám eða vatnsföllum, sem nú eru í annara höndum. Þetta verður landið að gera, hvaða skilningur sem ofan á kann að verða um það, hver eigi vatnið í raun og veru.

Þegar það kemur til álita, hvar landið eigi að leita fyrir sjer, þá er á margt að líta. Það verður að líta á vatnsaflið sjálft, hvað mikið það er, og hve auðvelt er að nota það. Það verður að líta á afstöðu þess til þeirra staða, sem helst þyrftu á þessu afli að halda, líta á umhverfið og flutningsmöguleika, ræktunarskilyrði landsins til búnaðar og annað þess háttar. Þetta hygg jeg að mönnum verði fyrst til að líta a.

Eins og menn vita,þá er þannig ástatt um það vatn (Sogið), sem hjer er um að ræða. Það er hagkvæmast frá því sjónarmiði, sem jeg lýsti áðan. Allir, sem eitthvað þekkja þar til, eru sammála um það, að varla geti ákjósanlegri stað hjer á landi. Það liggur tillölulega nærri Reykjavík, en þar yrði

þörfin fyrir rafmagnið mest. Því er þannig í sveit komið, að það liggur í einhverju best búnaðarhjeraði landsins og nærri besta markaðinum fyrir innlendar afurðir. Umhverfið er lítt ræktað, en getur borið margfalt meira en nú er. Auk þess eru nú í undirbúningi búnaðarframkvæmdir, sem margfalda framleiðslumagn þessara hjeraða, þar sem eru vatnaveitingarnar. Slík aðstaða hlýtur að gera mikið og ráða mestu um virkjun vatnsaflsins. Flutningar yrðu ekki ýkjaörðugir, því það liggur nærri Reykjavík. Þar hefir það líka aðalmarkað sinn fyrir rafmagnið, og í kauptúnunum austan fjalls, sem líka mundu mikið nota það. Af þessu er það auðsætt, að landið verður að ná tangarhaldi á þessu vatnsfalli, og það eru fleiri en jeg, sem vænta þess, að svo verði. Jeg vona, að flestir hv. þingdeildarmenn geti verið mjer sammála um þetta, geti orðið sammála um það, að landið þarf nú þegar að gera ráðstafanir til að ná Sogsfossunum á sitt vald.

Í þessu sambandi ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp örstutta greinargerð frá rafmagnsnefnd, sem bæjarstjórn Reykjavíkur skipaði til að íhuga þetta mál 1917. Greinargerðin hljóðar þannig:

„Rannsókn F. I. virðist hafa leitt það í ljós, sem og mátti vænta, að Elliðaárnar hafa ekki nóg *framtíðarafl* handa Reykjavík. Jafnvel þó renslisjöfnun, stíflun og stöðvabyggingu við Elliðaárnar sje hagað svo, að smám saman megi auka aflið alt upp í 4800 hestöfl, þá er fyrirsjáanlegt, að sá tími kemur, að sú hestaflatala nægir ekki.

Nú er ekkert vatnsfall til vestan Mosfellsheiðar og Hellisheiðar, sem hefir svo mikið afl, að slægur sje í því til viðbótar við afl Elliðaánna. Næsta vatnsfallið, sem komið getur til greina, er *Sogið*. Enda er það líka hentugasta vatnsfallið, sem völ er á til rafmagnsframleiðslu handa Reykjavík, þegar sá tími kemur, að efni og ástæður leyfa byggingu nægilega stórrar rafmagnsstöðvar til *matreiðslu* og *hitunar*. En eins og nú er ástatt, er engin trygging fyrir því, að Sogið verði laust eða fáanlegt í þessu skyni, þegar kraftar Reykjavíkur leyfa, að slík stöð verði reist. Þetta virðist oss þó nauðsynlegt að tryggja, og að því miðar tillaga II.“

Þessi tillaga II, sem jeg ætla líka að lesa upp, með leyfi forseta, hljóðar þannig:

„Að bæjarstjórnin fari þess á leit við landsstjórnina, að með lögum verði heimilað að taka vatnsaflið í Soginu eignarnámi handa Reykjavíkurkaupstað, eða til vara, að vatnsaflið í Soginu verði tekið eignarnámi handa landsstjórninni, en Reykjavíkurkaupstað trygður kauprjettur án framfærslu að svo miklu af vatnsaflinu, sem kaupstaðurinn vill nota“.

Þessi ályktun var lögð fram á fundi í bæjarstjórn Reykjavíkur 27. febr. 1917 og var þá til umræðu. En eins og kunnugt er, þá ákvað bæjarstjórnin í fyrra sumar að byggja stöð til bráðabirgða við Elliðaárnar. Það, sem rjeð mestu um, að sú samþykt var gerð, var hið hörmulega ástand í heiminum. Eldsneyti og ljósmeti var í afarverði, og miklar horfur á, að skortur yrði á því; í það minsta gat enginn sagt um það, hvort nægilegt yrði til af því. Alt útlit var fyrir, að hinn mesti atvinnuskortur yrði í bænum, og var ætlast til, að vinnan við að byggja þessa stöð bætti úr atvinnuleysinu. Þá voru og gefnar góðar vonir, af verkfræðingunum, sem rannsakað höfðu þetta mál, að vel vinnandi væri að fá trygga og aflmikla stöð við Elliðaárnar. Enginn gat þá sagt um, hve stríðið stæði lengi, og það var sem rjeð, að þessi samþykt var gerð; ella mundi það ekki hafa orðið. Hið ískyggilega ástand rjeð *beinlínis*, að samþykt var að byggja þessa stöð. Og nú þegar átti að

fara að framkvæma þetta verk, þá hefir sitthvað komið í ljós, sem bendir á, að áætlanir þær, sem gerðar hafa verið um þetta verk, standast hvergi nærri, og menn fjarlægjast það meir og meir, eftir því sem lengur líður, að byggja þessa stöð. Öllum var það ljóst, enda sjest það skýrt á þeirri greinargerð, sem jeg las upp, að þessi stöð gat ekki orðið til annars en að bæta úr brýnustu þörfinni í svip. Eins og vitanlegt er, þá var að eins þörf Reykjavíkur höfð fyrir augum, enda ekki að vita, hve nær landið rjeðist í slíka virkjun. En ef landið ræðst í að virkja nokkurt vatnsafl, þá getur enginn vafi leikið á því, og um það virðast allir sammála, að Sogið er eini staðurinn, sem komið getur til greina fyrst um sinn. Þar hlyti fyrsta stöðin að verða reist. Og ætti Reykjavíkurbær að byggja sjer framtíðarstöð, þá er enginn staður eins vel til þess fallinn og Sogið. Að þeirri niðurstöðu komst nefndin (1917), sem falið var að rannsaka málið ítarlega, og er það engin furða. Jeg hefi líka bent á áðan, hvers vegna þessi staður er best til virkjunar fallinn. Þegar þetta alt er tekið með, þá má það ekki dragast lengur, að landið nái ótvíræðum umráðarjetti og notarjetti yfir þessu vatnsfalli. Og þá auðvitað fyrir sjálft sig, en ekki í því skyni, að eftirláta þann rjett eða þau rjettindi neinum, hvorki Reykjavíkurbæ nje öðrum. En Reykjavík mundi nú samt með því gerður hinn mesti greiði, svo hún hætti við að byggja stöðina við Elliðaárnar.

Þá kem jeg að hinu atriðinu, hvort landinu muni vera þetta kleift. Jeg get því miður ekki gefið þær upplýsingar, sem æskilegar væru. Þó hefi jeg nokkuð reynt að kynna mjer málið. Jeg hefi grenslast eftir því, hvað vötn hafa verið seld með afli og rjettindum til notkunar á landi eftir þörfum til notkunar vatnsaflinu. Niðurstaðan hefir orðið sú, að vanalega er hestaflið selt fyrir svona um 30—60 aura. Það er nokkuð mismunandi. Eftir því ætti Sogið að kosta um 50 þús. kr. Það kann að vera, að það mundi ekki vera selt fyrir það verð. Það yrði má ske dýrara. En það ætti ekki að vera frágangssök, þó að það yrði eitthvað dýrara. Það borgaði sig þó áreiðanlega að taka það. Jeg hefi hvað eftir annað bent á, hvað vel því er í sveit komið og hvað það þess vegna er mikils virði. Hestaflið í Soginu er verðmætara en í nokkru öðru vatnsfalli, vegna þess að þar er hægast að nota það. Auk þess get jeg nefnt eitt enn, sem gerir Sogið verðmætara, og það er Þingvallavatn. Vegna þess er ekki hlaup eða þurð í Soginu; vatnið sjer um, að aflið og vatnsmagnið sje nokkurn veginn jafnt alt árið í kring. Það er vatnsgeymir fyrir Sogið, gerður af náttúrunnar völdum.

Þá er að athuga, hvað það mundi kosta að virkja Sogið. Þar er ómögulegt að segja neitt ábyggilegt. Alt er á hverfanda hveli í því efni. Jeg get að eins skýrt hjer frá lauslegri áætlun um kostnaðinn, og hún er um bæði tilfellin, bæði það, hvort virkja á 40 þús. eða 60 þús. hestöfl. Þessi áætlun er frá verkfræðingnum Guðm Hlíðdal og er látin í tje rafmagnsnefndinni, sem bæjarstjórn Reykjavíkur skipaði í málið.

Þessi áætlun er bygð á rannsókn fyrir fossafjelagið Ísland, og er gert ráð fyrir, að fá megi 44 þús. hestöfl fyrir 3,214 þús. kr. Þá var viðhalds- og rekstrarkostnaður 327,220 kr. Með hærri stíflu var áætlað, að fá mætti 61 þús. hestöfl, og þau kostuðu 5,547 þús. kr., en viðhald og rekstrarkostnaður yrði 527,940 kr. Í þessari áætlun var ekki talinn með kostnaður við vega- og járnbrautalagningu, en Hlíðdal bjóst við, að hann mundi verða 920 þús. kr. Þess ber enn að geta, að alt efni og vjelar eru miklu dýrari nú en þegar áætlunin var gerð.

Jeg vænti þess, að hv. deild taki málinu

vel og sjái, að hjer er um almenningsheill að ræða. Jeg er á sömu skoðun og þeir hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að ekki sje æskilegt að fá erlent auðmagn inn í landið til stóriðju. Jeg er ekki eins hrifinn af því gulli og þeim grænu skógum, sem sumir álíta að því fylgi. Jeg get ekki haldið annað en að það verði hjer sem annarsstaðar, að þeir, sem flytja fjeð inn, skoði sig ávalt sem útlendinga og hugsi að eins um að græða eins mikið fje og þeim er unt. Því fje veita þeir svo inn í sitt eigið land. Gróði okkar yrði þá lítill, og erfitt yrði að afstýra þeim illu afleiðingum, sem stóriðja og innflutningur erlends verkafólks hlyti að hafa í för með sjer.

Að endingu vil jeg vona, að deildin taki málinu vel, og jeg vænti stuðnings hennar til að hrinda því áfram. Jeg ætla að leyfa mjer að leggja til, að málinu verði vísað til fossanefndarinnar að lokinni umræðunni, og vænti þess, að hún breyti því og fari með það eftir því, sem hún álítur heppilegast. Jeg álít, að það sje óþarfi að brýna fyrir mönnum að athuga málið vel; jeg býst við, að það sje mikilvægt í augum allra deildarmanna, eins og það er mikilvægt í mínum augum.

Bjarni Jónsson: Það er ekkert nýtt, ekki nein mikilsverð uppgötvun, sem hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir gert, að sjá Sogið, eins og helst er á honum að heyra. Á þingi 1917 bar jeg fram frv. þess efnis, að landið keypti vatnsafl. Jeg áleit þá, eins og aðrir, að landið þyrfti að kaupa það. Jeg man ekki, hvort jeg tók það fram í frv. eða í umræðunum, að jeg áliti Sogið best til þess fallið. Það væri ódýrast og því best í sveit komið. Svo gleymdi hv.. þm. (J. B.) að geta þess, að meiri hluti fossanefndarinnar hefir sent stjórninni frv. þess efnis að rannsaka, hvað kostaði að virkja Sogið, og má því nærri geta, að hann hefir sjeð Sogið og athugað, hvernig það væri til slíks fallið.

Frá því að jeg hafði fyrst ástæðu til að láta í ljós skoðun mína á þessu máli, hefi jeg haldið því fram, að best væri, að landið virkjaði sjálft Sogið. Þetta hefir alt frá upphafi, frá því fyrst var farið að hreyfa þessum fossamálum, verið mín skoðun, og jeg hefi ekkert farið í launkofa með hana. Jeg hafði sem sje sjeð kosti Sogsins fyrir löngu, eins og reyndar allir hafa sjeð þá. Það er þess vegna dálítið skrítið, þegar hv. þm. (J. B.) heldur hjer langa ræðu og lýsir þessum kostum með miklum fjálgleik, eins og enginn hefði fyr orðið var við það. Það skaðar að vísu aldrei að brýna þetta fyrir mönnum, en þá er hægt að gera það með örfáum orðum. Það er ótvírætt nálægðin, umhverfið, sem skipa Sogsfossunum fremst. Það hefir minna að segja, hvort það eru beitarlönd og búskapar eða ekki. Iðjuverið þarf ekki að vera nálægt orkuverinu og mundi ekki verða. Það yrði hjer í Reykjavík aðallega og við hafnir. Búskapurinn verður þess vegna að eins kostur, þegar litið er á það, að þeir, sem vinna að því að koma orkuverinu upp, geta fengið þar ódýrt smjör og mjólk og aðrar búsafurðir. En þó að það sje gott, þá getur slíkt aldrei orðið neinn aðalkostur.

Um þetta þarf ekki að deila. Það var auk þessa eitt, sem hv. flm. (J. B.) talaði um og gaf upplýsingar viðvíkjandi, hversu mikið mundi kosta að taka eignarnámi vatnsaflið í Soginu, og útbygging þess. Jeg sje nú af þessu, að hann mun ætla sjer að fá viðurkenningu þingsins með því á eignarrjetti á vatnsorku alment. Því að svo framarlega sem landið sjálft ætti vatnsorkuna, þá þyrfti ekkert eignarnám til, og ekki heldur, ef hún væri einskis eign. Það er ekki nema því að eins, að hún sje í höndum einstaklinga. Hv. 1. þm. Reykv. sagði í ástlun sinni, að kostnaður við að taka vatns-

aflið í Soginu eignarnámi mundi svara nærri 50 þús. kr. Jeg skal ekkert um það segja, hversu rjett þetta er reiknað, og hvort það er miðað við meðalverð á hestaflinu. En hitt veit jeg, að vatnsaflið hefir hingað til oft verið selt ódýrt hjer á landi. Það hækkaði ekki í verði fyr en fjelagið „Sleipnir" tók að kaupa Hvítá. Þeir, sem að því stóðu, buðu betri borgun en menn höfðu gert áður, og áður lögðu menn sig betur í framkróka til að tæla þessar eignir út úr mönnum fyrir tiltölulega lítið verð. Þetta er nú í sjálfu sjer ekki svo mikilvægt. En jeg vildi benda á það, því til sönnunar, er jeg sagði áðan, að eignarrjettarspursmálið er í raun og veru aukaatriði, þegar um kostnaðinn er að ræða. Kostnaðurinn við að reisa orkuvirki þau, sem hjer er átt við, mundi verða alt að 10 milj. króna, og orkuveita til annara staða sennilega 5 milj. króna. Samtals yrði þá kostnaðurinn nálægt 15 milj. kr. Af þessu má sjá, að þó svo þyrfti að kaupa eignarrjettinn fyrir 50 þús. kr., þá er sú upphæð svo hverfandi lítil, saman borið við annan kostnað, að hún verður aldrei annað en aukaatriði, alveg frá sjeð því, hvort rjetturinn er einstakra eign eða ekki. Hitt er aftur á móti meira um vert, að fá ótvíræðan umráðarjettinn, með tilliti til útlendinga, er kynnu að ásælast hann.

Nú er svo komið um flest vatnsföll hjer á landi, að það skiftir litlu máli fyrir þjóðarhag okkar Íslendinga, hvort komist verður að þeirri niðurstöðu, að vatnið sje eign einstakra manna eða ekki, því menn hafa verið svo bráðlátir, að allir eru búnir að selja, sem hafa getað.

Mjer þætti vænt um, ef hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) vildi gefa mjer upplýsingar um, hvort það væri ásetningur hans og hinna flutningsmannanna að fá með þessu viðurkenningu þingsins fyrir einstaklingsrjetti yfir vatni. Það stendur í fyrirsögn tillögunnar: „lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnorku allrar í Sogi". Þetta orðalag get jeg ekki felt mig við, samkvæmt því, er jeg áður hefi sagt. Jeg hefði ekki furðað mig á, þó staðið hefði um lögnám á landsnyt, áveiturjetti eða veiðirjetti, eða öðru, sem mönnum ótvírætt er gefinn rjettur yfir. En alt öðru máli er að gegna um vatnorku. Einmitt um hana stendur deilan milli meiri og minni hluta fossanefndarinnar, hvort heimilt sje að notfæra sjer hana eftir vild, eins og til dæmis veiðirjett eða annað, er jeg nefndi áðan. Jeg vil geta þess í þessu sambandi, að það er heimilað í einum lögum að nýta vatnsorku. Það er í námulögunum frá 1907. Samkvæmt þeim hefir námueigandi heimild til að nota vatnsaflið í þarfir rekstrar á námunni. Eftir því að dæma lítur út fyrir, að þá hafi ekki vatnsaflið verið álitið einstaklingseign. Mjer þætti fróðlegt að fá að vita hjá hv. flutningsmönnum, hvort þeir hafi orðað till. sína á þessa leið af ásettu ráði, til að skera úr um þetta vafaatriði. Sje það ekki meining þeirra, finst mjer orðalagið ónákvæmt; það mætti t. d. orða það svo, að landið „taki í sínar hendur" o. s. frv.

Annars finst mjer óþarft að gefa neinar reglur um aðferðina í þessu skyni. Ef stjórnin eða landið ætlaði að hagnýta sjer vatnorkuna, mundi hún auðvitað gera það eins og lög standa til.

Benedikt Sveinsson: Vjer flm. þessarar tillögu höfðum ekki búist við því, að hún mundi valda miklum þrætum hjer í þingdeildinni. Töldum vjer henni víst örugt fylgi hvorstveggja hluta fossanefndarinnar, þar sem vjer vissum, að formælandi meiri hlutans vill engu útlendu fjelagi fá í hendur nokkurt fallvatn hjer til stóriðju, og í annan stað hefir minni hlutinn talið alveg sjálfsagt, að landið sjálft tæki vatnorku Sogsins í eigin þjónustu. Það er og

bein tillaga eins af nefndarmönnum, hr. Guðm. Eggerz.

Hv. fyrri þm. Reykv. (J. B.) tók fram helstu rök þess, hverja nauðsyn ber til, að landið tryggi sjer alla vatnorku í Soginu nú þegar, og vil jeg í fám orðum styðja og árjetta **hans mál.**

Allir viðurkenna, að landið þurfi á allmiklu rafmagni að halda til ýmissa nytja, og hvergi jafnmiklu í einum stað sem í nánd við Reykjavík. Hitt er og jafnkunnugt, að hjer í grend er ekkert það stórvatn, er fullnægi þörfum landsins, sem er nándarnærri jafnhentugt og hagfelt til nýtingar sem Sogið. Lega þess er hin ákjósanlegasta, eins og frsm. (J. B.) gat um, þar sem það liggur svo sem miðja vegu milli fjölbygðustu staða landsins, þar sem á aðra hönd er Reykjavík og Hafnarfjörður, ásamt mannmörgum og þjettbygðum bygðarlögum, en á hina bæirnir austanfjalls: Stokkseyri, Eyrarbakki og Þorlákshöfn og öll Árnessýsla, fjölmennasta og framfaravænlegasta hjerað landsins.

Auk þessarar hagkvæmu legu sinnar hefir Sogið *annan höfuðkost* til síns ágætis *umfram öll önnur stórvötn* landsins, sem er sá, að það fellur úr Þingvallavatni, langstærsta vatnsgeymi, sem til er á þessu landi. Þessi mikli vatnsgeymir, sem náttúran leggur til ókeypis, jafnar vatsmegin Sogsins svo, að það má teljast hið sama vetur og sumar, og er langtum minna háð breytingum af vorleysingum, rigningum eða langvinnum þurkum, en nokkurt annað stórvatn landsins. Aftur er vatnsmegin jökulánna, t. d. Hvítár og Þjórsár mjög háð veðráttufari og árstíðum. Stundum flóa þær með jökulhlaupum og ofsavexti yfir alla bakka, stundum liggja þær niðri í grjóti, og kostar ógrynni fjár að jafna svo vatnsmegin þeirra, að við megi hlíta.

Af þessu er augljóst, að Sogið hefir þá tvo aðalkosti, sem ákjósanlegastir eru, umfram öll stórvötn önnur: hagkvæmasta legu og öruggast og jafnast vatnsmegin. — Og hverjum skyldi Alþingi fremur vilja unna að njóta þessara kosta en þjóðinni sjálfri?

Það hefir verið ymprað á því, að óvíst væri, hvort landinu væri kleift að ráðast í það, að setja upp orkuver við Sogið. Giskað á, að það kynni að kosta um 10 miljónir, ef alt vatnsaflið, 60,000—70,000 hestöfl, væri tekið. En þótt bægðir væru á að ráðast í svo stórt fyrirtæki þegar í stað, þá mundu þó fáir örvænta svo um framtíðarhag þjóðarinnar að efast um, að henni yrði það fært síðar. Þess vegna er jafnnauðsynlegt, að landið tryggi sjer alla vatnorkuna, þótt hún yrði ekki öll notuð þegar í stað. Það er engin ástæða til að taka alt vatnsaflið í einu *til notkunar*, nema vissa sje fyrir því, að það svari vel kostnaði.

En hitt er *brýn nauðsyn*, að tryggja landinu alla vatnorku í Soginu nú þegar, og ekki eftir neinu að bíða. Ekkert fallvatn hefir verið svo eftirsótt sem það, sem vonlegt er, — allir vita, að það er í „hers höndum", — og að því leyti sem taka þarf lögnámi rjettindi landinu til handa, þá er alveg áreiðanlegt, að það verður miklu ódýrra nú en nokkru sinni áður.

Framkvæmd á því að tryggja landinu vatnorkuna í Soginu þolir enga bið, meðfram vegna raflýsingafyrirtækis Reykjavíkur, — enda er ekki eftir neinu betra að bíða. En svo sem kunnugt er, var sú vandræðaráðstöfun gerð í bæjarstjórn Reykjavíkur í fyrra, áður en sáust endalok ófriðarins, að reisa litla rafmagnsstöð við Elliðaár (eða Grafarvog), sem kosta mundi 2—3 miljónir króna, og hafa svo sem 1000 hesta afl. Í þetta var ráðist sem dýrtíðarráðstöfun, og utan bæjarstjórnar hefir það aldrei haft neitt fylgi. Nú, við „breyttar kringumstæður", má heita, að hver einasti maður sje andvígur þessu fyrirtæki, og jafnvel í bæjarstjórn eru skoðanir manna óðum farnar að fráhverfast því.

Ekkert myndi því verða Reykvíkingum meiri gleðifrjett heldur en það, að landið trygði sjer Sogsfossana og bærinn gæti sem allra fyrst vænst þess að fá þaðan nægilegt rafafl, og þar með losað sig við að fleygja miljónum sínum í þessa afardýrkeyptu bráðabirgða-vandræðastöð við Elliðaár eða Grafarvog, sem enginn veit enn, hvar tiltækilegast væri að hola niður.

Hv. þm. Dala. (B. J.) spyr oss flutningsmenn að því, hvort vjer viljum með tillögunni lýsa yfir ákveðnum skilningi vorum á deilu þeirri, sem orðið hefir í fossanefnd, um eignarrjett á vatni eða vatnorku, og hvort vjer jafnvel ætlum að láta hv. þingdeildarmenn „taka afstöðu" og binda hendur sínar gegn meiri hluta fossanefndarinnar með fylgi sínu við tillöguna.

Þessari spurningu skal jeg svara alveg afdráttarlaust, þannig, að það er svo langt frá, að vjer ætluðum að láta menn binda hendur sínar um „eignarrjettar"-deiluna, að vjer vildum einmitt orða tillöguna svo, að þetta viðkvæma deiluefni þyrfti ekki að blandast í umræðurnar. Tillagan er einungis *nauðsynleg varúðar*-ráðstöfun. Fyrir oss vakir ekkert annað en að fá það *alveg trygt og örugt og tvímælalaust,* að landið hafi full og óskoruð umráð yfir allri vatnorku í Soginu og landi meðfram því eftir þörfum sjer til handa — *hver sem niðurstaða verður um deiluefni fossanefndarinnar:* eignarrjett vatnorkunnar. Ef tillaga vor er ekki nógu vel orðuð að þessu leyti, þá er það á valdi nefndarinnar að umbæta slíkt. Vjer erum ánægðir, ef þessi yfirlýsti tilgangur vor með tillögunni nær tvímælalaust fram að ganga, en orðalag hennar að öðru leyti skiftir oss engu.

Annars þykir mjer hv. þm. Dala. (B. J.) óþarflega viðkvæmur út af orðalagi tillögunnar. Hann sagði, að enginn gæti tekið þann hlut eignarnámi, sem hann ætti sjálfur. Þetta vitum vjer, og ekkert væri oss flutningsmönnum kærara en að landið ætti nú vatnorku alla í Soginu (og annarsstaðar) og þyrfti því engu verði að kaupa. En hitt er öllum kunnugt, að útlent auðfjelag hefir starfað að því um mörg ár að klófesta Sogið, og telst nú hafa náð leigusamningum á mestallri vatnorku þess. Auk þess hefir Reykjavík keypt þar nokkur vatnsrjettindi og aðstöðurjettindi á landi fyrir 30 þús. króna. (*B. J.*: Bærinn hefir þá keypt af þeim, sem ekki átti með að selja). Dómstólarnir einir munu skera úr því til hlítar, hvort hjer er um *kaupfox* að ræða. En þar sem svona er komið yfirráðum Sogsins í verki, þá getum vjer ekki fallist á, að það sje nein goðgá að gera gangskör að því, að fullar bætur sjeu á ráðnar, með þeim hætti, sem heimilað er í lögum, hvort sem farið er eftir þeim greinum fossalaganna, sem vjer höfum skírskotað til, eða öðrum lagastöfum.

Vjer óskum þess eins, að tillagan nái fram að ganga að efni til, þegar á þessu þingi. Nauðsyn þjóðarinnar krefst þess, að það bregðist ekki. Treystum vjer og þinginu að láta það ekki bregðast.

Pjetur Jónsson: Það eru tveir háttv. þm. úr bæjarstjórn Reykjavíkur, sem eru flutningsmenn þessarar till., er hjer liggur fyrir, og mætti ef til vill ætla af því, að þeir flyttu hana að einhverju leyti fyrir bæjarstjórnarinnar hönd. Sjerstaklega er eðlilegt, að mönnum dytti þetta í hug, af áliti því, er hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) las upp áðan.

En hv. þm. (J. B.) láðist að geta þess, er síðar gerðist í málinu.

Áður en Alþingi kom saman 1917 kom til stjórnarinnar beiðni frá fossafjelaginu Íslandi um sjerleyfi til þess að byggja út Sogsfossana og reka fossiðnað með aflinu úr þeim. Var frumvarp um þetta síðan

flutt í Ed. Alþingis 1917. Þá varð það að samningum milli bæjarstjórnarinnar og fossafjelagsins, að hún tæki aftur beiðni sína um eignarnám á fossunum. Það mun hafa verið álit bæjarstjórnarinnar þá, að heppilegra væri að treysta því, að svo hagfeldir samningar tækjust milli hennar og fossafjelagsins um not bæjarins af vatnsaflinu, fremur en að hætta á, að landið eða bærinn gætu af sjálfsdáðum bygt út fossana í næstu framtíð, svo að gagni kæmi. Þetta var nú skoðun bæjarstjórnarinnar þá, og mjer er ekki kunnugt um, að henni hafi snúist hugur síðan. Auk þessa er það skoðun mín, að hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hafi ekki gert nákvæma áætlun um, hve mikið mundi kosta að taka fossana eignarnámi. Jeg geri ráð fyrir, að eitthvert tillit yrði tekið til þess, er Reykjavíkurbær gaf fyrir þennan litla hluta af vatnsafli Sogsins, er hann keypti nú fyrir ekki löngu síðan, og hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) gat um. Rjetturinn yfir þessum parti var borgaður eins og hann var metinn, á 30 þús. kr. Og þó aldrei nema sje gengið út frá því, að hann standi óskertur, eins og hann var keyptur, þá er þetta að eins lítill angi af því afli, er Sogið hefir að geyma. (*B. J.*: Hvað voru það mörg hestöfl?). Það hefir ekki, svo jeg viti til, verið reiknað út. Og ef þetta yrði haft sem mælikvarði fyrir öllu vatnsafli Sogsins, þá yrði verðið nokkuð hátt.

Nú er svo til tekið í till. þessari, að Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að landið nái fullum umráðum og notarjetti á allri vatnorku í Soginu, alt frá upptökum þess og þar til er það fellur í Hvítá.

Það er því ekki að eins neðri hluti Sogsins, heldur það alt upp í gegn.

Það dylst því engum, að hjer muni meira en lítið fje þurfa, ef taka á það alt eignarnámi.

En þá er spurningin: Er þetta gert fyrir Reykjavíkurbæ, og ætlar hann að snara út fje þessu?

Annars finst mjer till. þessi algerlega óþörf, eftir að komnar eru fram till. meiri hluta fossanefndarinnar. Eftir þeim skilst mjer skoðunin verða sú, að ekki þurfi að taka Sogsfossana eignarnámi. Að sama brunni ber og, þótt farið sje eftir áliti minni hluta fossanefndar. Eftir hans tillögum verður Sogið heldur ekki virkjað með heimild löggjafarvalds og landsstjórnar. (*B. Sv.*: Er hv. þm. á þeirri skoðun?). Það kemur ekki málinu við, en hitt liggur í augum uppi, að það atriði verður að útkljá áður en landið fer að kaupa þessi rjettindi, svo að það fari ekki að greiða fje fyrir það, sem það reynist svo að hafa átt.

Og þótt svo færi, að skoðun minni hluta yrði ofan á hjer á þingi, þá liggur samt ekkert á fyrir landssjóð að ausa út peningum þessum. Öllu mun óhætt um það, að vatnsafl þetta skreppur ekki burt, þar sem leyfi Alþingis þarf til að virkja fossana.

Það er því nægur tími til að framkvæma eignarnám þetta, þegar minni fjárnauð er en nú.

Till. er því þýðingarlaus. En nú kemur til kasta fossanefndarinnar að ráða til um framgang hennar.

Bjarni Jónsson: Það var út af orðum hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að jeg stóð upp.

Mjer þótti vænt um að heyra þá yfirlýsingu frá honum sem flm. till., að sá væri ekki tilgangur þeirra hv. flm., að fá það viðurkent hjer á þingi, að vatnið væri eign einstaklinganna.

En það, sem jeg sagði áður um orðalag till., bendir í þá átt, þar sem talað er um lögnám á vatnorku. Jeg sundurliðaði þá rjettindi einstaklinganna til umráða og afnota, svo sem til veiða, áveitu, drykkjar,

yfirflutninga og fleira. Það alt mætti taka eignarnámi, og sömuleiðis vatnsbakkann og lönd, sem að liggja; að eins ekki vatnsorkuna. Um hana má ekki hafa þau orð, að taka eignarnámi.

En svarið var mjer fullnægjandi, og þarf því ekki annað en lagfæra orðalagið, svo að þetta verði dómstólamál eftir sem áður.

Þó jeg nú telji þetta aukaatriði, þá skal það játað, að það verður því stærra, því meir sem verðið hækkar. Og ef þessi litli hluti, sem bærinn hefir keypt af Soginu, hefir kostað 30 þús. kr., þá verður Sogið dýrt alt. Þetta er að eins strengur með öðrum bakkanum, en enginn foss. Það er víst ekki meira en lítill hluti af öllu afli Sogsins.

Verð alls vatnsins fer því nokkuð að hækka, og verður því viðurhlutameira að kasta því burt, sem bæði jeg og einn helsti lögfræðingur landsins heldur fram, að ekki sje eignarhæfur hlutur, heldur heyri undir yfirráð ríkisins, eins og almannafje, „res communes“.

Þá vil jeg nefna því til styrktar, að landið taki Sogið til virkjunar, hestorkna-tölu þá, sem það er talið hafa. Með þeim ágæta vatnsmiðli, sem minst hefir verið á, Þingvallavatni, er talið, að úr því megi fá 60—70 þús. hestorkur.

Þess má geta til, að Reykjavík og nálægir bæir hjer ásamt Eyrarbakka og Stokkseyri, auk smáþorpa, sem þar kynnu að myndast eystra, og bóndabæja, sem nærri liggja, mundu bráðlega þarfnast helmingsins af því afli. Það mundi svara til einnar hestorku á mann, og er það ekki of mikið í borið, þar sem hjer mundi koma upp smáiðnaður ýmiskonar, þegar farið er að virkja vatnið og kostur gefst aflsins.

Þá eru ekki eftir nema um 30 þús. hestorkur, sem ráðstafa þyrfti landinu að skaðlausu og háskalausu.

Þá má gera ráð fyrir, að 7—10 þús. hestorkur færu til þess að vinna salt úr sjó, sem mikil líkindi eru til að hjer megi gera, þó vissara sje að bíða með það þar til sjest hefir, hve vel ganga tilraunir Norðmanna í þeirri grein.

Þá eru enn eftir um 20 þús. hestorkur, sem leyfa mætti til ýmissar iðju, sem fátt fólk þarf til. Mætti t. d. taka til þess af fólki því, sem hjer er í bænum og fæst til að flytja burt, þótt lítið sje við að vera.

Það mundi að líkindum frekar fást til að flytja til slíkra iðjuþorpa.

Með þessu móti væri sjeð um það, að alt þetta svæði hefði næga raforku til ljósa og hita og ýmissa starfa, sem nú þarf bifvjela við; t. d. prentsmiðjur í bæjunum, trjesmíðavjelar o. fl. gætu fengið þaðan afl.

Þetta væri mikill ávinningur, og ætti að geta trygt þennan hluta landsins fyrir öðrum eins hörmungum og hjer hafa dunið yfir, þegar eldsneyti og ljósmeti hafa komist í tífalt verð. Og það veit enginn, hve langt er þess að bíða, að slíkt beri aftur að höndum, eða það sem verra er, að þær vörur verði ófáanlegar.

Þetta er aðferðin, að taka minni vötnin til hagnýtingar, svo að landsmenn fái orkuna til sinna þarfa, án þess að stóriðnaður komist að. Fyrirtækið verður því að vera sniðið svo, að það beri sig án hans. Þetta verður því stærsta vatnsfallið, sem tekið verður fyrst um sinn. Til viðbótar má velja smærri vötnin annarsstaðar.

Þá mun alt vel fara, híbýli manna verða betri og bjartari og lífið ljettara, án þess að þjóðerni og tunga sje lagt í sölurnar.

Þá var að eins eitt enn, sem jeg vildi segja við hv. flm.

Það var ekki rjett, sem annar þeirra (B. Sv.) virtist halda fram, að jeg væri hjer að vekja deilu. Það var að eins fyrirspurn, sem jeg kom fram með. Raunar

minti jeg hv. aðalflm. (J. B.) á það, að fleiri hefðu talað um Sogið og skoðað það en þeir, sem hann taldi upp. En það var alls ekki til þess að mótmæla. Enda hefir það, sem hjer er farið fram á, altaf verið mitt keppikefli í málum þessum.

Kemur það fram í frv. því, sem jeg flutti 1917, þegar Íslandsfjelagið sótti um sjerleyfið til virkjunar.

Stóð jeg þá í þeirri meiningu, að vatnið væri eign einstakra manna, en vildi láta landið kaupa. Sjest það best á 3. gr. þess frv., en hún er svo:

> „Lög þessi heimila stjórninni sjerstaklega að beita eignarnámsheimildum þeim, er getur í 2. gr., til þess að taka í sínar hendur fossa og vatnaafl á Suðurlandinu, er best liggur við til notkunar".

En það er einmitt Sogið. Þar af geta hv. flm. ráðið, að jeg hefi aldrei verið á móti því, að landið taki það til umráða.

Jeg býst því við, að hv. flm. geti skilið það, að það er annað, að spyrja um eitt einstakt atriði, en hitt, að setja sig á móti málinu.

En jeg hefi að eins spurt, og þegar fengið svar við þeirri spurningu minni, svo að hjer er ekki um neitt deiluefni að ræða.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Háttv. meðflm. minn (B. Sv.) hefir þegar tekið að mestu af mjer ómakið, að því er snertir ræðu hv. þm. Dala. (B. J.).

Um orðið „lögnám" í fyrirsögn till. er það að segja, að það var alls ekki meiningin með því að blanda þessu máli inn í deiluna um eignarrjettinn. Í því skyni völdum við orðalagið, sem er á tillögunni sjálfri, um að landsstjórnin næði umráða- og notarjetti á Soginu.

Það getur vel verið, að mátt hefði finna annað betra, en þá mun óhætt að treysta hv. nefnd til þess.

Stefnan með till. er að eins sú, að landið nái fullum og óskoruðum rjetti á þessu vatnsafli.

Um þau orð hv. þm. (B. J.), að jeg hefði getað nefnt fleiri, sem sjeð hefðu Sogið, er það að segja, að jeg minnist ekki þess, að jeg hafi verið að telja þá menn upp, enda mætti það æra óstöðugan að telja þá alla upp, auk hinna, sem um það hafa ljósar hugmyndir án þess að hafa sjeð það eigin augum.

Þau orð hv. þm. (B. J.) voru því alveg óþörf.

Tilgangur till. er sá, eins og jeg drap á í framsöguræðu minni, að ýta við mönnum meðan tími er til, svo að þeir láti ekki vatnsfall þetta ganga úr greipum sjer. Þar með er ekki sagt, að byrja skuli á útbyggingunum þegar í stað.

En jeg verð að telja það hafa nokkuð til síns máls að koma fram með till. þessa nú. Á frv. hv. þm. Dala (B. J.), á þgskj. 44, þar sem talað er um rannsókn Sogsins, er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við þá rannsókn verði endurgreiddur landssjóði af þeim, sem fær það til virkjunar.

Hv. þm. (B. J.), sem mjer hefir virst altaf hafa staðið fremstur þeirra manna hjer, sem ekki hafa viljað láta ganga landinu úr greipum orkulindir þess, hann er þá ekki enn kominn lengra en það, að hann gerir ráð fyrir, að besta og hentugasta afllindin verði öðrum leyfð til afnota.

Þó ekki hefði annað en þetta verið, þá veitir það till. fullan rjett.

Sami hv. þm. mintist á það, að hann hefði altaf haldið því fram, að nauðsyn bæri til þess, að landið hefði þessi yfirráð. En fyrst hann, þrátt fyrir þá skoðun, er ekki kominn lengra en frv. hans sýnir, hvar munu þeir þá standa, sem aldrei hafa komist með tærnar í hælaför hans í þessu máli?

Varla munu þeir vera komnir langt á undan honum? Eða er varlegt að gera ráð fyrir því?

En jeg vona nú samt, að augu þeirra opnist einnig fyrir því, hve nauðsynlegt er að tryggja landinu orkulindir sínar.

En eitt er víst, að því lengur sem það verður dregið, því dýrara og erfiðara verður það. Nú er það öllum ljóst, hve dýrmætt Sogið er og hve nauðsynlegt það er, að landið nái umráðum yfir því. Frv. háttv. þm. (B. J.) er því tilgangslaust, þar sem engar rannsóknir þarf til, til þess að sannfærast um, að landið verður að ná þessum yfirráðum.

Sú rannsókn gæti blátt áfram orðið landinu til tjóns, ef hún færi fram áður en það hefir náð umráðunum.

Hjer er því farið algerlega öfugt að og kenni jeg það óglöggskygni hv. þm. (B. J.), en ekki hinu, að hann vilji ekki vel.

Mjer þótti vænt um að heyra það, að þrátt fyrir þetta frv. sitt er hann eindregið með því, að landið nái sem fyrst umráðum yfir vatninu, og vonast jeg því eftir stuðningi hans í fossanefndinni, svo að mál þetta verði afgreitt á heppilegan hátt, þegar á þessu þingi.

Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um ræðu hv. þm. S.-Þ. (P. J.); hún snerti lítið till. Hann virtist sakna þess, að jeg fór ekki nákvæmar út í ályktanir bæjarstjórnarinnar. En mjer fanst það ekki skifta nokkru í þessu máli.

Það er satt, að hún tók aftur ósk sína 1917, þegar fossafjelagið „Ísland“ leitaði leyfis til að virkja Sogsfossana. Var það af því, að hún hjelt, að þær óskir gætu þá orðið til að tefja fyrir því, að bærinn fengi rafmagn. Hún bjóst þá ekki við því, að landið tæki vatnsaflið í sínar hendur, enda kom það ekki í ljós, að hæstv. stjórn gerði neinar ráðstafanir til þess.

Bæjarstjórninni var því vorkunn, þó hún drægi sig í hlje í bili.

Nú hefir það komist í orð að byggja smástöð inni við Elliðaár, eins og jeg gat um áðan. En sjálfsagt hefði það aldrei verið samþ., ef ekki hefði verið slíkur skortur, sem var á eldiviði og ljósmeti í fyrra.

Það var eina ástæðan, sem rjeð, því að undir eins þegar frjettist til friðar og menn fengu von um, að nægilegt næðist til elds og ljósa, þó engin von væri um verðlækkun fyrst um sinn, þá mundi alls ekki hafa fengist meiri hluti atkvæða í bæjarstjórn fyrir þessu.

Þetta sýndi því að eins, hve þörfin er mikil fyrir rafmagn í Reykjavík. Þó þykir mjer líklegt, að bæjarstjórnin hætti við það að byggja þessa smástöð, þrátt fyrir það, að hún var búin að ákveða það. Það bætist líka á, að því betur sem það fyrirtæki er rannsakað, því veikari verður trúin á það. En auðvitað er þessi tillaga ekki komin fram eingöngu vegna hagsmuna Reykjavíkur, heldur, og allra helst, vegna hagsmuna landsins alls.

Um þessi 30 þús. kr., sem varið hefir verið til vatnskaupa í Soginu, er það að segja, að það getur ekki verið neinn mælikvarði á það, hvað kosta muni alt Sogið.

Það hlýtur að fara eftir því, hvað það kostar þá, sem nú hafa umráðin yfir því.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) drap á, að ekki þyrfti að taka vatnið eignarnámi, ef það kæmi upp úr kafinu, að landið ætti vatnið. Þessu er því að svara, að það mál er alveg óútkljáð, og má ekki skilja till. okkar ílm. (B. Sv.) svo, að við í því kveðum nokkuð á um það atriði. Við eigum að eins við, að landið taki það eignarnámi, eins og lög standa til, sem ómögulegt verður að komast hjá að greiða fyrir. Þá drap hv. sami þm. (P. J.) á, að till. væri óþörf og mætti bíða, því að vatnið hyrfi ekki. Það er að sönnu rjett, að ekki er hætt við, að vatnið hverfi, en fyrir því er till. ekki óþörf. Það gæti sem sje farið svo, að eftir nokkur ár yrði aðstaðan orðin svo breytt, að landssjóður gæti ekki komist yfir vatnið nema með ærnum kostnaði og örðugleikum,

sem nú eru ekki fyrir hendi. Fyrir þennan brunn viljum við birgja meðan tími er til. Till. þessi er því nokkurskonar varúðarráðstöfun, því þó landssjóði sje fremur fjefátt nú, er ekki víst, að honum verði hentara að borga ef til vill miklu meira fje síðar. Gæti með því verið sparaður eyririnn, en hent krónunni, og því miður er margt bæði í sögu þings og þjóðar, sem sannar, að það hefir oft verið gert. Ættu þau víti að verða okkur nú að varnaði

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa till., og vona jeg, að hv. deild sýni í verkinu, að hún sje samþykk okkur flm. (B. Sv.) um, að sem fyrst beri að ná tangarhaldi á þessu vatni.

Sveinn Ólafsson: Það er fátt eitt af því, sem komið hefir fram, sem jeg vil minnast á.

Fyrst og fremst skal drepið á deiluna um eignarrjettinn að vatninu. Nú virðist það vera að koma í ljós, að sú deila sje ekki óverulegt aukaatriði, eins og sumir hafa verið að klifast á hjer í deildinni, og hallmæla minni hl. fossanefndar fyrir að hafa klofið sig frá vegna hans.

Allir, sem talað hafa, eru sammála um það, að nauðsyn beri til, að ríkið fái sem fyrst umráð yfir Soginu, og er það enginn vafi, að svo er; kostnaðurinn verður meiri og aðstaðan erfiðari eftir því sem tímar líða. Um þetta er ekki deilt, en það, sem veldur orðasennunni, er að menn vilja ekki ákveða sig viðvíkjandi spurningunni um eignarrjettinn. Þess vegna kemur það nú berlega í ljós, að sú spurning er aðalatriðið í þessu máli, já, svo róttæk, að ómögulegt virðist að framkvæma tillöguna, jafnvel ekki orða hana, án þess að hnjóta um eignarrjettinn. Ósk þeirra manna, sem vilja láta ríkið ná umráðum á vatnsaflinu í Soginu, veltur á, hvernig komist verður fram hjá þessum meinlega slagbrandi, sem meiri hl. fossanefndar skaut inn í málið með því að vekja þessa fáránlegu deilu um eignarumráðin. Væri sá moðreykur horfinn, mundu leiðir auðfundnar að því að ná Soginu undir umráð ríkisins. Þessi fáu orð get jeg látið mjer nægja um þetta atriði, en það er ýmislegt annað, sem borið hefir á góma, sem jeg vil stuttlega drepa á.

Hv. þm. Dala. (B. J.) hefir tvívegis tekið það fram, að búið væri að selja því nær alla vatnsorku í landinu, sem nokkurs væri verð, og það skifti því eigi máli, hver teldist hafa umráð leifanna. Út af þessum ummælum hv. þm. (B. J.), og sjerstaklega af því, að hann hefir tvívegis slegið þeim fram, vil jeg leyfa mjer að upplýsa, að á öllu svæðinu frá Þjórsá austur um land og hálfhringinn að Jökulsá á Fjöllum er alt óselt. Þessi fullyrðing þm. (B. J.) er því fullkomin staðleysa. Enn fremur skal þess getið, að engin vatnsrjettindi hafa verið seld í Skagafjarðarsýslu, lítið í Húnavatnssýslu, ekkert í Dalasýslu, ekkert í Mýrasýslu og tiltölulega lítið í Borgarfjarðar- og Snæfellsnessýslum. Þegar vel er athugað, kemur því í ljós, að miklu meira er óselt en selt. Þess vegna er ríkinu eigi þörf að taka mörg vötn lögnámi, og því síst með bessaleyfi.

Aðstöðunnar vegna virðist þá nauðsynlegt, að ríkið fái umráð yfir Soginu, en ekki vegna þess, að það eigi ekki nægt af vatni óbundið, bæði á fasteignum sínum og í almenningum. Minna mætti á Botnsá í Hvalfirði í ríkisþarfir eða hjeraðs,þótt hún muni í eignarumráðum einstakra manna.

Eitt atriði hefir hv. þm. Dala. (B. J.) tekið fram, sem mjer hefir ekki gefist kostur á að mótmæla fyr en nú, og það er, að einstaklingar hafi farið svo óvarlega með það vatn, er þeir töldu sig eiga, að þeim sje ekki trúandi fyrir því í framtíðinni. Hjer til er því fyrst að svara, eins og áður var nefnt, að flestir eiga óselt enn í dag. Í öðru lagi má það til afsökunar telja

þeim, sem ógætilega hafa fargað vatnsrjettindum, að þar hefir ríkið verið þeim til fyrirmyndar. Það hefir leigt vatnsrjettindi sín mjög kappsamlega, og fyrir smáræði, svo sem Brúarfossa í Laxá, Goðafoss í Skjálfandafljóti, Hafursstaðafoss í Jökulsá, Sogsfossana að austan og loks Urriðafoss í Þjórsá, sem einn er leigður hærri leigu. Það á því ekki við að dreifa hjer óvarkárni einstaklinganna eingöngu, heldur er sjálft ríkisvaldið samsekt; það hefir gengið á undan með illu eftirdæmi og fargað fyrir hálfan hleif bestu fallvötnum sínum.

Þá vil jeg snöggvast koma að áætlununni um kostnað við töku Sogsins og virkjun. Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) taldi líklegt, að taka vatnsins kostaði stórfje. Á það get jeg ekki fallist. Hvorki er leigumáli „Skjálfanda" í Soginu svo hár, nje heldur hefir fjelagið kostað miklu til undirbúnings. Eftir leigusamningnum, sem mun vera frá 1907, eru Sogsfossarnir leigðir fyrir 1500 kr. árlega fyrstu 5 árin, þá 2250 kr. um 10 ár, en 3000 kr. þaðan af. Hæsta leiga kemur því ekki til fyr en 1923. Tilvitnun hv. þm. (P. J.) til kaupa Reykjavíkurbæjar á parti úr Kistufossi þýðir ekkert. Það var að eins lítill hluti allrar vatnsorku Sogsins, og auk þess er kaupsamningur sá mjög hæpinn, og ef til vill tóm markleysa, því að Sogið virðist alt leigt „Skjálfanda" eftir samningnum 1907.

Kostnaðaráætlunin um 15 miljónir til að virkja Sogið er óþörf grýla. Það liggur alt eins nærri að ætla, að þá virkjun megi gera fyrir 7—8 miljónir, úr því að „Titan" áætlar virkjun á Urriðafossi með orkutaugum til Reykjavíkur að eins 7 miljónir, og hann þó talinn tvígildur við Sogið.

Jeg álít þess vegna ekki að eins æskilegt, heldur einnig álitlegt, að taka Sogið eignarnámi til ríkisvirkjunar. Jeg nefni hiklaust *eignarnám*, því að jeg viðurkenni enga aðra leið færa án samninga, og hjer er um efunarlausa eign að ræða þeirra, sem land eiga að vatninu.

Benedikt Sveinsson: Það hefir komið fram sem almenn skoðun hjer í deildinni, að landið eigi að helga sjer full yfirráð yfir Sogsfossunum, hvað sem líði deilunni um eignarrjett vatns. Á þetta hefir verið lögð áhersla bæði af hv. þm. Dala. (B. J.), sem telja má formælanda meiri hluta fossanefndarinnar, og hv. 1. þm. S.-M. (Sv Ó.), sem talar af hálfu minni hluta fossanefndar. Einnig hefi jeg lesið allskorinorða grein í „Tímanum", þar sem mörg rök eru leidd að því, að landið þurfi að fá umráð yfir Soginu. Það er því hreinasta undantekning, er hv. þm. S.-Þ. (P. J.) virðist vilja leggja á móti þessu máli. Var hann að reyna að leiða rök að því, að þetta gæti verið bæði skaðlegt, heimskulegt og óþarft. Sami hv. þm. (P. J.) var að reyna að vjefengja skýrslu þá, sem hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) las hjer upp, um óskir bæjarstjórnar Reykjavíkur, að fá landsstjórnina til þess að taka Sogsfossana eignarnámi, og sagði, að ekki hefði það komið fram, hvað á eftir hefði farið í því máli. En það breytir engu, hvað síðar hefir farið fram í því máli, nema síður sje. Að vísu er það rjett, að bæjarstjórn Reykjavíkur hjelt ekki til streitu ósk sinni um, að landið tæki Sogsfossana, og var það af því, að þá átti hún í samningum við fossafjelagið „Ísland", og hjelt hún um tíma, að hún mundi þannig geta fengið ódýrari orku en með því að koma þar sjálf upp stöð. Bæjarstjórnin hafði keypt rjettindi við Sogið fyrir 30 þúsund krónur, til þess að tryggja sjer aðstöðu þar, og sýnir það best, hvort það er hjegóminn einber, að hún hafi ætlað að fá rafafl úr Soginu handa Reykjavík — Síðar varð hlykkur á þessu, og var þá aftur farið að braska í því að setja stöð við Elliðaárnar eða í Grafarvogi — til

bráðabirgða. En annars er óþarft að fara að rekja alla þá krákustíga, sem bæjarstjórnin hefir fetað í þessu máli. Hv. þm. (P. J.) hjelt því fram, að óþarft væri að ausa fje út fyrir það, sem landið ef til vill ætti. En það hefir aldrei verið ætlun vor flm., því að auðvitað kaupir landið það eitt, sem það kemst ekki hjá. Á hinn bóginn vildi hann gera mikið úr, að dýrt yrði fyrir landið að kaupa fossana, ef það þyrfti þess á annað borð, og benti hann á, hversu dýr sá hlutinn hefði orðið Reykjavík, er hún hefði náð tangarhaldi á. Jeg fæ ekki annað skilið en full hliðsjón yrði höfð af því, hversu dýrt þeir keyptu vatnsorkuna, er nú þykjast eiga hana. En þó að hv. þm. (P. J.) sje talinn mikill fjármálagarpur, þá held jeg, að honum skjátlist, er hann hyggur, að ódýrara muni verða að kaupa síðar, og er mjer nær að kalla það ráð hans hreinasta Lokaráð. Verðið á Soginu nú má heita gjafverð, svo mikið gjafverð, að það er hægðarleikur fyrir einstaklinga að kaupa það, en ef hikað verður nú, þá er það að eins til þess, að verðið hækkar.

Þá spurði hv. þm. (P. J.), hvort Reykjavík ætlaði sjer að verða hluttakandi í fyrirtækinu, ef landið rjeðist í það. Jeg get svarað því, að ef nú yrði hikað, mundi Reykjavíkurbær *alls ekki* verða með, því að þegar hann hefir ráðist í að byggja einhverja stundarstöð, og eyða þar til öllu lánstrausti sínu og meira til, þá mun hann láta þar við sitja þangað til í síðustu lög. En á hinn bóginn er það nokkurn veginn hárvíst, að svo fremi, sem landið ræðst í að beisla Sogið — ef til vill, að meira eða minna leyti í fjelagi við aðra — þá er auðgert að fá meiri hluta bæjarstjórnar til þess að leggja í fyrirtækið þær 2 miljónir, sem bærinn hefir nú handbærar.

Þar sem svo má heita, að það sje einróma álit hv. þm., að sjálfsagt sje að ná valdi yfir Sogsfossunum nú þegar, þá skil jeg ekki annað en að till. nái fram að ganga. En það, sem meðal annars ýtti undir oss flm. að bera þessa till. fram, er það, að jafnvel í frv. hv. þm. Dala. (B. J.) er gert ráð fyrir, að ekki sje úr vegi að leigja einhverju fjelagi fossana, en vjer viljum ekki vera að bolast í þessu máli, heldur ganga hreint til verks og fá það trygt nú þegar, að íslensku þóðinni gangi ekki úr greipum það vatnsfallið, sem auðveldast er viðfangs og best í sveit komið, — mesturr dýrgripurinn —, og ef menn bresturr dug og einurð til þessa nú, þá uggir mig, að ekki verði hægra um þau vik seinna, þegar auðfjelögin erlendu hafa enn betur búið í haginn og trygt sjer fleiri fylgifiska, utan þings og innan, heldur en enn þá er orðið.

Bjarni Jónsson: Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir borið mig þeim brigslum, að jeg hafi látið undan síga í þessu máli. En þetta er hin argasta vitleysa, því að þótt svo sje sagt í frv. mínu: „Ef landsstjórnin felur öðrum rannsóknir þessar“ o. s. frv., þá er það ekki annað en varnagli, því að ef svo færi, að einstökum mönnum yrði leyft að virkja Sogið, þá er ekki nema rjett, að þeir kosti sönnuleiðis mælinguna. En það getur hv. þm. (J. B.) aldrei borið mjer á brýn, að jeg hafi hopað nokkuð í þessu máli eða öðrum, því enn hefir hann ekki þurft að hvetja mig til framkvæmdanna, og jeg býst við, að við hverfum svo báðir af þessari jörð, að hann þurfi þess ekki.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Fyrst vil jeg víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), og get jeg þá frætt hann á því, að það vatnsafl, sem bæjarstjórnin keypti, er allmikið, og jeg þykist mega fullvissa hann um, að tryggilega sje gengið frá öllum samningum. En hversu margar hestorkur bærinn á í Soginu **get**

jeg ekki sagt með neinni vissu, því það hefir ekki enn þá verið rannsakað til fulls, svo jeg viti.

Hv. þm. Dala. (B. J.) getur skemt sjer við að hafa fylgst með í því, að rannsóknarkostnaðurinn við Sogið skyldi endurgreiðast landssjóði af þeim, sem veitt yrði heimild til að virkja það, og talið það sem vott um ötulleik sinn í þessu máli Ef hv. þm. (B. J.) hefði verið einlæglega trúaður á það, að landið bygði út fossana, og alls ekki viljað annað, þá hefði hann ekki getað verið með þessu ákvæði. En þar sem hv. þm. (B. J.) hefir áður viljað ganga svo langt, að litlar horfur hafa verið á, að margir gætu fylgt honum fyrir þær sakir, en vill nú hins vegar ekki fara lengra en frv. ber með sjer, hefði maður rjett til að giska á, að þeir, sem áður voru miklu hægfarari í þessu máli, mundu nú standa heldur aftarlega og vera smástígir (*B. J.*: Vill þm. hlífa þeim við að greiða í landssjóð, sem fær að virkja?). Jeg álít, að það komi *ekki til mála*, að aðrir virki Sogsfossana en landið sjálft. Þetta er því að eins undanhald í málinu hjá hv. þm. Dala. (B. J.). (*B. J.*: Hv. þm. gengur illa að skilja). Þm. (B. J.) tjáir ekki að hreykja sjer af því, að hann skilji þetta betur en aðrir. Um það mundu hv. þingdeildarmenn geta borið og aðrir þeir, sem heyrt hafa til. (*B. J.*: Þm. getur ekki greint rjett frá röngu). Hann getur það engu síður en hv. þm. Dala. (B. J.).

ATKVGR.

Til vísað til fossanefndar (sjá A bls. 2018) í e. hlj. og umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. sept., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 121, n. 792 og 808).

Frsm. meiri hl. (Gísli Sveinsson): Þessari till. var vísað til fossanefndar þessarar hv. deildar, og hefir meiri hluti hennar ekki viljað bera hana fram, eins og sjest á nál. á þgskj. 792. Það er minni hlutinn, tveir nefndarmenn, er sæti eiga í hv. Nd., sem nú bera hana fram, eða skila henni frá nefndinni, og leggja til, að hún verði samþykt.

Síðan till. sú, er meiri hlutinn bar fram í stað þessarar till., var feld hjer í deildinni í gær, hefir nefndin ekki ákveðið neitt um þessa, og býst jeg við, eftir fundi hennar í morgun að dæma, að hún verði skift um till., verði sumir með, og sumir móti.

Þessi till. er, frá mínu sjónarmiði, óaðgengileg að formi til, þar sem hún byggir að fullu og öllu á því, að Alþingi úrskurði um það formsatriði, sem meiri hlutinn vildi ekki úrskurða um. Í henni segir, að lögnám skuli fram fara á Sogsfossunum, samkvæmt fossalögum þeim, er nú gilda, og eftir skýringu háttv. minni hluta milliþinganefndar byggja á þeim skilningi, að afgert sje að fullu og öllu, að eignarráð og eignarrjettur vatnsafls sje hjá einstökum mönnum, en ekki ríkinu.

Því var að vísu neitað af hv. flutningsmönnum þessarar till., þegar þeir voru spurðir, hvort í þessari tilvitnun lægi, að þeir skæru þar með úr þrætuspurningunni. Því var svarað, að till., sem þeir bæru fram, væri í þeirri veru hlutlaus.

En það var þvert á móti þessum orðum um till., sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) í gær. Það kom þá fram, að hv. 1. þm. Reykv. meinar alls ekki, að hún sje hlutlaus, heldur að hún, út af fyrir sig, sje það, er nærri sker úr þrætuatriðinu. Það er sú formlega hlið till., sem jeg get ekki fallist á, og greiði jeg því atkvæði á móti henni eins og hún er orðuð.

Jeg býst nú við, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hafi nú ekkert á móti, að

þetta mál sje samþykt í tillöguformi, þótt hann hefði það í gær, því að með till. þessari mun að skoðun hans vera framfylgt þeim skilningi íslenskra laga, að ótvíræður eignarrjettur vatnsorku sje hjá einstökum mönnum, en ekki ríkinu. Því mun hann ekki á móti tillöguforminu hjer, fremur en lagaformi.

En í gær lýsti hæstv. ráðh. (J. M.) yfir því, að hann gæti ekki álitið, að nokkur stjórn gæti framfylgt skipun Alþingis, ef stjórnin hefði sjálf „skoðun“ í málinu. Þessi orð studdust við það, að hann hafði þegar myndað sjer skoðun um málið á ákveðinn veg. En það var ljóslega hrakið í gær og sýnt fram á, að slík mótbára nær ekki neinni átt. Hver stjórn er skyldug til að framfylgja skipunum Alþingis, t. d. um lögsókn til reynslu um rjettaratriði, hvað sem „privat“ skoðunum hennar líður, meðan hún er stjórn ríkisins, og hver svo sem niðurstaðan verður. Og ljeti hún slíkt undir höfuð leggjast, hlyti hún að verða ábyrg gerða sinna samkvæmt ráðherraábyrgðarlögunum, fyrir trassaskap eða vanrækslu.

Sem sagt koma orð þessarar till. vel heim við skoðun hæstv. forsætisráðh. (J. M.) á einu atriði. Býst jeg því við, að hann taki fegins hendi við og sjái ekkert því til fyrirstöðu að framkvæma hana, þótt það reyndar komi þvert í bága við skoðun þá, sem hann hafði í gær.

Jeg taldi rjett, ásamt meiri hluta fossanefndar, að till. sú, sem meiri hlutinn bar fram, til þess að fá skorið úr rjettaratriðinu, hjeldi sjer við þetta ákveðna vatnsfall, Sogið. En þegar um það er að ræða alveg út af fyrir sig og laust við þessa tilraun til þess að fá leyst úr rjettaróvissunni, hvort landið eigi nú ráð á að lögnema vatnsföll landsins, og borgi til þess ærna fje, ef þingið hefir aðhylst þá skoðun, að einstaklingarnir eigi vatnið, og geti krafist bóta samkvæmt því verðlagi, sem er á vatnsafli á hverjum tíma, þá get jeg ekki verið með því, að stjórnin fyrir ríkisins hönd ráðist í útgjöld þessi; þar sem heldur ekki verður sjeð, að það sje neitt aðkallandi.

Það getur vel verið, að nokkrum mönnum þyki það hentugt fyrir ýms bæjarfjelög, að ríkið hafi þetta á hendi, svo að bæirnir geti gengið að því sem sínu, hve nær sem þeim þóknast. En það verður ekki álitið ríkinu skylt, þótt einhverjum bæjum sje það hentugt.

Þess er líka að geta sjerstaklega í sambandi við þessa sölu Sogsfossanna, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir þegar tekið annað vatnsfall, Elliðaárnar, til notkunar í þessu skyni. Hefir verið unnið að því í sumar að taka þær til hagnýtingar í vatnsorkuþarfir bæjarins.

Það er líka alls ekki mín skoðun, að ríkið eigi, undir öllum kringumstæðum, að hafa sem flest mannvirki með höndum, eða standa fyrir sem flestum fyrirtækjum. Reynslan hefir sýnt, að hjá ekki meira þroskaðri þjóð, með óþroskaðri stjórn, fer slíkt meira og minna í handaskolum. Og í stað þess, sem búast mætti við gróða, er við búið, að niðurstaðan verði einlæg skakkaföll, einlægur halli.

Þótt landið tæki nú Sogið, þá er sýnt, að af því myndi leiða afarmikinn kostnað. Og með till. þessari er rent alveg blint í sjóinn um það, hvar slíkt mundi lenda.

Þá er enn annað, sem útilokar till. þessa á þessu stigi málsins. Öllum kemur saman um, að nú skuli setja mjög strangar reglur fyrir notkun vatnsafls í landinu. Er því till. óþörf, því að ef slíkar skorður eru reistar, þá er eins trygt að veita sjerleyfi til virkjunar, og landsstjórnin hefir þá í hendi sjer að taka það gjald af rekstrinum, sem hún vill og lögleyft er, og getur þannig tekið á þurru landi þann gróða, er henni þóknast. Kemur því ekki til mála, að ríkið ráðist í

neitt þesskonar fyr en sýnt er, hvernig sjerleyfislöggjöfin verður. Ekkert kallar að, hvað Reykjavík sjerstaklega snertir. Það er upplýst, að mikill fjöldi bæjarbúa hefir komið upp hjá sjer rafvjelum, reknum með mótorum, til raflýsingar, og enn fremur er tekið að vinna að virkjun Elliðaánna, eins og jeg gat um.

Af þessum ástæðum einnig greiði jeg atkvæði á móti till., er hjer liggur fyrir.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer sýnist það talsverður óþarfi hjá hv. frsm. meiri hl. (G. Sv.) að vera aftur að ræða það sama og hann sagði í gær, að það sje óleyfilegt, ef stjórn neitaði að framkvæma það, sem hún sjálf teldi órjett. Það er auðvitað alveg satt, að ef deilan er svo mikil milli þings og stjórnar, að þingið vill, en stjórnin ekki, þá er einn vegur til, sá, að stjórnin fari. En jeg sný ekki aftur með það, að það er ómögulegt að skipa stjórninni að framkvæma það, sem hún telur rangt, stofna til rangrar málssóknar. En hitt er rjett, að stjórnin fari, þótt það sje ómögulegt nú, þar sem stjórnin getur ekki gert meira en segja af sjer. Þykir mjer undarlegt að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) skuli tefja tímann með slíku óþarfahjali.

Og að það varði ráðherra ábyrgð, ef hann neitar þinginu að framkvæma eitthvað getur ekki heldur verið umtalsmál. Þegar svo stendur á, er sá vegur sjálfsagður, að skilji milli þingsins og stjórnarinnar. Þetta er svo ljóst og auðskilið mál, að ekki verður um deilt.

Jeg hefi sagt, að jeg teldi þessar þingsályktunartillögur lítils virði. En hitt sagði jeg í gær, að þessi till. væri miklu skýrari, og að því leyti betri en sú, sem hjer var á ferðinni í gær, að þar er gengið hreint til verks. En hún byggist á því, að bætur komi fyrir vatnið samkvæmt fossalögunum, sem þar er vitnað til, og er það alveg rjett út frá skilningi háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.).

Hitt er annað mál, hvort þess sje nokkur þörf að samþykkja þessa till. Jeg held, að þess sje ekki þörf, því að jeg tel vandalaust að semja við rjettan aðilja um að fá þessi rjettindi fyrir sanngjarnt verð.

En jeg skal ekki fara frekar út í þetta málefni, en vildi að eins láta þessa getið út af ummælum háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) við umr. í gær.

Hvað snertir það, sem hv. þm. V. Sk. (G. Sv.) var að tala um skakkaföll stjórnarinnar, þá er því til að svara, að þau eru engin til, og geta engin verið, þar sem hjer um bil alt, sem stjórnin hefir gert, er gott. Og ef hv. þm. (G. Sv.) vill taka upp eitthvað sjerstakt, þá geri hann það. Jeg skal reyna að svara. En jeg er ekki að svara óviðkomandi slagorðum innan um ræður í öðrum málum. Slíkar dylgjur þýða ekkert. Taki hv. þm. V.-Sk. eitthvert ákveðið atriði, skal jeg sanna honum, að það er alt rangt, er hann segir um það. (*G. Sv.*: Það getur hæstv. ráðherra aldrei sannað!).

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Hv. frsm. meiri hl. (G. Sv.) hefir nú tekið fram, að þingsályktunartill. á þgskj. 121 sje ekki frambærileg að formi til. Af því hefði mátt ráða, að hún væri að efni til frambærileg. En síðar virtist hann komast að þeirri niðurstöðu, að hvort væri sem annað, form og efni, og hvort tveggja óviðunandi.

Það hefir nú, sem betur fer, verið tekið fram af hæstv. forsætisráðherra, að till. sje að formi til frambærileg, og það mun flestum öðrum hv. deildarmönnum lítast, ef nokkuð má ráða af niðurstöðunni í gær.

Það er alveg sjerstakt mál út af fyrir sig, hvort ríkinu er nauðsyn á að gera

þetta eða ekki. En af því að jeg álít þessa nauðsyn talsvert ríka, hefi jeg fyrir mitt leyti hvatt til að samþykkja þessa till., frumtill., eins og hún liggur fyrir. Og það, sem jeg hefi þá einkanlega fyrir augum, er, að þetta vatnsafl Sogsins stígur fremur í verði en fellur, ef framkvæmd dregst. Jeg geri ráð fyrir, að almenn not vatnsafls, þótt ekki sje nema í smáum stíl, verði til þess, að vatnsafl það, sem álitlegast er til virkjunar, stígi í verði. Þess vegna vil jeg, að landið tryggi sjer strax eignarumráð Sogsfossanna. Það vill svo vel til, að leigusamningar þeir, sem gerðir hafa verið um Sogið, gefa nokkurn veginn ljósar bendingar um það, hvað þetta nám Sogsins mundi kosta. Ef leigunni eða árgjaldinu er skift á hestorknafjöldann, þá er hún sem svarar 6 aur. á hverja, og sje leigan miðuð við 5%, þá samsvarar það kr. 1.20 mati á hestorku hverri.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vildi láta í veðri vaka, að hlutaðeigendur gætu heimtað þær bætur, sem þeim þóknaðist. Auðvitað er þetta út í hött talað. Óvilhallir menn eiga að meta, ef eigi semur, og varðar því ekkert um kröfur þeirra, sem rjettindin hafa, nema eins og upplýsingar. (*G. Sv.*: Það er undir matinu komið). Það verður að gera ráð fyrir, að farið verði að lögum, og matsmenn verði samviskusamir menn.

Um leið og jeg minnist á þetta, skal jeg geta þess, að vatnsorka hefir sumsstaðar verið metin enn þá lægra en þetta, sumsstaðar að vísu hærra, en hvergi því verði, sem tíðkanlegt er í nágrannalöndunum, Svíþjóð og Noregi. Í Þjórsá er hún metin sem næst á 60 aura hver hestorka, í Goðafossi 25 aura, og í Brúarfossi í Laxá 9 eða 10 aura.

En þetta verð breytist, þegar farið verður að nota vatnsaflið, hækkar þar, sem aðstaðan er hentug, og þess vegna á að leggja undir ríkið sem fyrst þetta ágætasta fallvatn landsins, hvort heldur verður með frjálsum samningum eða eignarnámi. Fossalögin frá 1907 gera ráð fyrir að samninga sje leitað áður en lögnámi er beitt. Og jeg tel sennilegast, eins og hæstv. forsætisráðherra (J. M.) tók fram, að aldrei þurfi til lögnáms að koma, því að þessi vatnsrjettur mundi fást með samilegum kjörum og án lögnáms.

Háttv. frsm. (G. Sv.) vildi halda því fram, að tilgangslaust væri að gera þetta, vegna þess, að landsstjórnin hefði ekki tækifæri til að reka þarna vatnsiðjufyrirtæki, svo að það borgaði sig, þar sem óhöpp fylgdu oftast fyrirtækjum, sem rekin væru fyrir fje hins opinbera. Þetta getur verið, en þó hefir nú svo farið í seinni tíð, að landsstjórnin hefir haft með höndum störf í þarfir allrar þjóðarinnar, sem eftir atvikum hafa tekist allsæmilega. Og tíminn er altaf að þokast lengra og lengra í þessa átt, að ríkið taki í sínar hendur framkvæmdir, sem einstaklingarnir ekki geta ráðið við, eða þá mundu misbrúka. (*E. A.*: Er þm. (Sv. Ó.) alt í einu orðinn socialisti?). Það þarf engan socialista til þess að sjá hvert stefnir.

Eitt var það einkennilegt, sem hv. frsm. (G. Sv.) tók fram, að nú væri óþarft að nema Sogið handa ríkinu, þar sem von væri á ströngum sjerleyfislögum. Jeg sje ekki, hvaða samband er á milli væntanlegra sjerleyfislaga og lögnámsins á Soginu, því að jeg lít svo á, að þessi sjerleyfislög sjeu nokkurskonar vernd gegn útlendingum, sem seilast til fossaiðju hjer á landi, og „leppum“ þeirra — jafnsjálfsögð, hvort sem Sogið er lögnumið eða ekki.

Jeg skal svo ekki tefja tímann frekar, en vil lýsa því yfir, að jeg álít, að Sogið muni á sínum tíma verða að miklu og góðu liði sveitum þeim og kaupstöðum, er nærri því liggja, ef ríkið tekur það, og í þeirri trú greiði jeg atkv. með till., enda

er jeg sannfærður um, að hún er jafnt að formi og efni frambærileg og ríkinu enginn vandi bundinn með að samþykkja hana.

Benedikt Sveinsson: Háttv. frsm. meiri hl. (G. Sv.) rjeðst á móti till. á þgskj. 121, og kom það mjer á óvart. Fann hann henni það til foráttu, að í henni væri fólginn úrskurður um það, hver ætti fossana í landinu. Þetta var ljóslega rætt við 1. umr., og ljet jeg þá í ljós, að ekki væri hægt að sjá, hvernig hægt væri að tryggja landinu Sogið, nema farið væri eftir fossalögunum frá 1907, en önnur lög um eignarnám á fossafli eru ekki til mjer vitanlega. Annars eru mjer, sem leikmanni í lögfræði, töluvert torskildar þær kenningar lögfræðinganna, sem vilja láta oss greiða atkvæði eins og fossalögin frá 1907 væru ekki til, meðan þau eru eigi úr lögum numin, og mjer er ekki kunnugt um, að þau hafi verið feld úr gildi enn þá.

Tillögunni, sem feld var hjer í gær gat jeg ekki greitt atkvæði, meðal annars af því, að stjórnin kvaðst ekki sjá sjer fært að framkvæma hana, þar sem hún væri ekki lögleg samkvæmt skilningi hennar, enda var dálítið undarlega komist að orði í þeirri till., t. d. þar sem skorað var á stjórnina, að „kasta eign sinni á“ það, sem hún á áður, að skoðun flutningsmannanna. Annars eru nú sumir menn orðnir svo leiknir í hártogunum og útúrdúrum í þessum fossamálum, að þeir svo að segja geta haft fataskifti daglega.

Það leikur ekki á tveim tungum, að landið á að fá og getur fengið Sogið, og það á að ná í Sogið, af því að það er hagkvæmast að virkja af öllu vatni. Auk þess er það ekki enn fullákveðið, með hverjum hætti Reykjavík ætlar sjer að raflýsa bæinn. Það hefir að vísu verið hugsað um Elliðaárnar, en ekkert mun fullráðið um það enn, og að öllum líkindum mun ekki borga sig fyrir bæinn að leggja 2—3 miljónir í það fyrirtæki, þar sem ekki fást nema 1000 — eitt þúsund — hestöfl. En það er hætt við, að það verði þó hrapað að því fyrirtæki, sakir hagsmuna einstakra manna, ef það verður ekki víst, að bærinn muni eiga greiðan gang að Soginu. (*E. A.*: Hefir bærinn ekki selt fossa sína í Soginu?). Hann hefir keypt fossarjettindi í Soginu, en ekki er mjer kunnugt um, að hann hafi selt þau, og ekki hefir það heyrst í bæjarstjórn.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fór mörgum orðum um, og vildi gera ískyggilegt, að nú væri ráðist í að lögnema vatnsafl í Soginu, og taldi, að mikið umstang og geysikostnaður mundi verða því samfara, og enn fremur sagði hann, að það væri alls ekki skylda landsins að kaupa Sogið, þótt einhver bæjarstjórn óskaði þess. Það hefir heldur enginn sagt, en þótt þingið tæki nokkurt tillit til þarfar höfuðborgarinnar, þá væri það engin goðgá. Og þingið hefir þá líka farið eftir vilja bæjarstjórnar í því, að ábyrgjast 2. milj. króna lán, er hún tæki og verði til raflýsingar, svo að Alþingi og stjórn lætur þetta mál Reykjavíkur ekki algerlega afskiftalaust. Og þótt nú yrði farið að ráðast í að setja rafmagnsstöð við Elliðaárnar, er ekki þar með fullnægt þörf bæjarins, því að hann þarf á meira rafmagni að halda, en þetta yrði að eins gert út úr neyð. Hitt er ekki nema ókunnugleiki hjá hv. þm. (G. Sv.), þegar hann er að tala um, að þegar sje farið að vinna að notkun Elliðaánna til raflýsingar. Þetta mál er ekki nema á tilraunastiginu enn þá, og hefir ekkert verið samþykt í bæjarstjórninni um að ráðast í það fyrirtæki fyr en málið væri fullrannsakað og þetta þætti tiltækilegt. En það, sem meðal annars mælir mjög með því, að Sogið verði tekið, er það, að rjettast er að nema það meðan vatnsaflið er ekki orðið dýrara en

það er, og í öðru lagi, að Reykjavík þarf að fá að vita það sem fyrst, hvort hún fær afl í Soginu, og með hverjum kjörum. Ef þetta þing ræður ekki fram úr þessu nú, þá mun varla hægt að verjast lengur gegn ákafa þeirra, sem vilja virkja Elliðaárnar. Þar sem hjer er nú að ræða um fyrirtæki, sem landssjóður ábyrgist, ætti það að ýta undir þingið til að hefjast nú handa og taka það ráð, er flestum sýnist best, en það er að lögnema Sogið, eða ná því með samningum.

Þá rjeðst hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) á þá hugmynd, að vilja nú lögnema Sogið; taldi hann það þýðingarlaust, óhagkvæmt og jafnvel skaðlegt. Þetta þykir mjer harla undarlegt, þar sem ekki er lengra síðan en í gær, að hann var einn flutningsmanna að samskonar till., og er 2. liður hennar svona — með leyfi hæstv. forseta —:

„Falli hæstarjettardómur í væntanlegu máli út af vatnsorkunámi nú á þann veg, að einstaklingar eigi vatnsorku þá, er þeir hafa talið sjer, en eigi ríkið — að gera ráðstafanir til þess, *að ríkið þá engu að síður nái, gegn bótum, fullum umráðum og notarjetti á vatnsorku Sogsfossanna*".

Þá er það nauðsynlegt að taka Sogið! Jeg fæ ekki betur sjeð en allar röksemdir hans móti vorri till. sjeu fallnar með þessu, og sje jeg ekki betur en að hann sje nú að glíma við sjálfan sig, eða þá að honum hafi enginn hugur leikið á því í gær, að þessi till. hans yrði samþykt. En ef menn vilja gera tilraun um eignarrjettinn á vatni með því að láta dómstólana skera úr, þá má velja til þess einhverja sprænu, sem litlu skiftir þótt ekki fáist dómur um í bráð, en hitt væri óhæfa, að velja Sogið til slíkra tilrauna og tefja þar með fyrir virkjun þess, og koma jafnvel öllu málinu í óefni með slíkum drætti, eins og margsinnis hefir verið sýnt fram á.

Jeg álít óþarft að deila meira um þetta. Það virðist vera orðið kappsmál sumra manna að vilja fyrirlíta sum lög þjóðarinnar, án þess þó að vilja afnema þau, og ganga svo hreint til verks. Jeg veit, að það mundi valda miklum vonbrigðum, ekki að eins hjer í bænum, heldur og úti um sveitir, ef þessi till. yrði felld. Þjóðin er öll á því, að landið eigi að ná í Sogið, því að hún vill ekki, að það lendi í höndum erlendra auðfjelaga eða braskara. Jeg býst því við, að hv. deild greiði þessari till. atkvæði sitt, og einkum þegar landsstjórnin hefir lýst yfir því, að hún hafi ekkert á móti því, að tillagan verði samþykt.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vatnsaflið er mikið hjer í landinu og fossar eru margir. En verðmæti fossanna er misjafnt eftir því hvar þeir liggja og hversu hægt er að „regulera" þá. Jeg hygg, að allir sjeu á sama máli um það, að Sogsfossarnir sjeu best fallnir til virkjunar af öllum fossum hjer á landi. Kemur það af því, að þeir liggja í frjósömustu hjeruðum landsins — í hjarta landsins — og sömuleiðis af því, að þá er sjerlega gott að „regulera". Þar sem nú allir eru á sama máli um þetta, þá sýnist bein afleiðing af því vera sú, að landið eigi að tryggja sjer þá, hvernig sem fer um aðra fossa. Till., sem hjer um ræðir, fer fram á þetta, og nefndarálit minni hluta samvinnunefndar í fossamálinu sömuleiðis; þar er tekið fram, að ef ekki náist samningar, þá skuli taka fossana eignarnámi. Nú kann sumum að þykja hart gengið að fossafjelaginu Íslandi, þar sem það hefir sótt um leyfi til að virkja þessa fossa og hefir náð tangarhaldi á þeim. En þar sem nú allir eru á því, að landið eigi að ná í fossana, finst mjer það ekki sæmandi fyrir Alþingi að svara ekki fjelagi þessu nú þegar og segja því hreinlega, að það muni ekki fá þessa fossa til

virkjunar. Sjálfsagt þarf að verja fje úr ríkissjóði til þess að ná rjetti á fossunum, en jeg býst ekki við, að nokkur vafi leiki á um það, að þessu fje sje ekki illa varið. Trú manna á kraft fossanna er mikil, og jafnvel þótt einhver uppgötvun hafi verið gerð úti í löndum, sem muni gera það miður arðvænlegt að starfrækja fossana í vissar áttir, þá er það víst, að slíkt afl sem þetta mun æfinlega verða í afskaplega háu verði.

Hitt er líka auðvitað, að því lengur sem landið dregur að taka Sogið, því dýrara verður það. Það er sjálfsagt að samþykkja þessa till. og ná sem fyrst umráðarjettinum landinu til handa.

Kosningar standa fyrir dyrum, og er þetta mál þannig lagað, að kjósendur geta ekki látið það afskiftalaust. þeir munu heldur ekki gera það, og má búast við, að þeir veiti þeim hv. þm. frí, sem á móti eru, því þetta er stórmál og mun að miklu leyti ráða atkv. manna.

Ef það er rjett, sem sagt er, að þessi foss eða þetta vatnsfall sje lykill að framtíð landsins, þá er óverjandi, að annar geymi þann lykil en landið sjálft; það getur ekki staðið sig við að fela öðrum lykilinn.

Jeg þykist ekki þurfa að fjölyrða um þetta meira: jeg vona fastlega, að till. verði samþykt.

Bjarni Jónsson: Jeg ætlaði fyrst að beina spurningu að hæstv. forseta, um þingskapaatriði. Ef jeg kann að skilja skrifað mál og leggja rjettan skilning í það, sem jeg les, þá fæ jeg ekki betur sjeð en þessi till. sje sú sama og 2. liður till. þeirrar, sem feld var hjer í gær Jeg skil því ekki, að hún geti komið til atkv. Jeg beini þessu að eins til hæstv. forseta, og vona, að hann gefi úrskurð um þetta efni. Jeg bendi ekki á þetta af þeirri ástæðu, að mjer sje á móti skapi, að till. komi hjer til atkv., en mjer þykir rjett að hlýða þingsköpum í þessu sem öðru

Jeg vil benda hv. flm. á, að þeim var nær að sjá fótum sínum forráð og drepa ekki till. í gær, sem var sama efnis og þeirra eigin. Máli mínu til stuðnings skal jeg lesa 2. lið till., sem feld var, og bið menn síðan að bera hann saman við þá till., sem nú liggur fyrir. Liðurinn hljóðar svo (Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina):

> „Falli hæstarjettardómur í væntanlegu máli út af vatnsorkunáminu á þann veg, að einstaklingar eigi vatnsorku þá, er þeir hafa talið sjer en eigi ríkið, —
>
> *að* gera ráðstafanir til þess, að ríkið þá engu að síður nái, gegn bótum, fullum umráðum og notarjetti á vatnsorku Sogsfossanna.“

Þetta var felt með atkv flutningsmanna þeirrar till., sem nú liggur fyrir og samhljóða er. Það er hægt að vefengja, að till. sje eins, vegna orðalags, en fram hjá því verður ekki komist, að innihald þeirra er nákvæmlega eins. Jeg vænti þess, að hæstv. forseti gefi úrskurð um þetta efni, og skal því ekki ræða það meira.

Það væri að bera í bakkafullan lækinn að bæta hjer miklu við um stjórnina og framkvæmd þessa máls. Það er rjett, sem hjer hefir verið haldið fram, að stjórninni ber að framkvæma það, sem þingið fyrirskipar, nema hún gefi þá yfirlýsingu, að hún muni fara frá. Ef hún gerir það ekki, ef hún lætur nægja að mótmæla, þá á hún ekki heimtingu á, að það verði tekið til greina. Ef stjórnin vill komast hjá að framkvæma eitthvað, sem þingið vill vera láta, þá verður hún að gera það að fráfararatriði, og ræður þá afl atkvæða, hvort hún situr eða ekki. En hún getur ekki skotið sjer undan framkvæmdum með því að slá því fram, að hún telji

þær ekki rjettar, eftir á. Hún verður að segja það fyrirfram. Með því móti er hreint milli þings og stjórnar. (*P. J.* hlær). Hver er að hneggja?

Í þessari till. er vitnað til fossalaganna frá 1907, um að hver sje skyldur til að láta af hendi vatnsfall og annað því til heyrandi, gegn fullum bótum. Þegar vísað er til þessa, þá viðurkennir hv. deild, að um eign sje að ræða, eign á vatni í Soginu, og þetta ákvæði fossalaganna nái til vatnsorku. Það hefir verið vefengt með góðum rökum, að vatnsorka sje eign nokkurs sjerstaks manns, og þau rök eru óhrakin til þessa. Jeg vil ekki taka of djúpt í árinni, en jeg held, að óhætt sje að segja, að það sje vafasamt, hvort landeigandi á vatnsorkuna. En þessi till. verður óbeinn eignardómur, ef hún verður samþykt. Flm. lýsa því yfir, að þeir ætlist ekki til að þetta verði skoðað sem úrskurður, en þó ljetu þeir undir höfuð leggjast að greiða hinni till. atkv., sem fór með þetta atriði eins og vera bar. Ef þeir greiða nú þessari till. atkv., þá ganga þeir ofan í skýlausa yfirlýsingu sína. En kemur ekki mál við mig. Þeir um það.

Till. gerir sig seka um það að lýsa því yfir, að engin rjettaróvissa sje, og hæstv. forsætisráðh. (J. M.) tekur undir. Þetta má heita furðudjarft og óvenjudjarft, því enn hafa þeir enga tilraun gert til að hrekja ástæður okkar og rök. Þeir gera sig að hæstarjetti og dæma eins og sá, er valdið hefir. Í þess stað hefði þeim verið sæmra að þegja sem vendilegast og bíða úrskurðar dómstólanna. Hæstv. stjórn hefði sjerstaklega átt að láta þetta mál hlutlaust. Það er skylda hennar að verja rjett landsins og láta ekki af honum, þó hún kunni að hafa einhverja aðra skoðun. Einstakir þm. geta staðið hjer upp og lýst því yfir, að þeir vilji ekki láta þetta mál ganga til dómstólanna, en það horfir öðruvísi við, þegar hæstv. stjórn gefur þá yfirlýsingu, að hún vilji ekki leggja rækt við hag landsins. Jeg álít, að stjórnin gangi hjer í berhögg við skyldu sína.

Af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú talið, flyt jeg þá brtt., að nema í burtu tilvitnunina í fossalögin. Þá má samþykkja till., og held jeg, að þá verði enginn til að mótmæla henni. Það skiftir ekki máli, þó till. nefni enga heimild; stjórnin getur sjálf fundið lagagreinar, sem hægt er að fara eftir.

Annars er ekki gott að ákveða alt um töku slíkra hluta sem hjer um ræðir. Þó það verði ofan á, að landeigandi eigi ekki vatnið, þá á hann þó landið meðfram og landið undir, og þegar taka á vatnsorku, verður að taka land eignarnámi. En til þess eru heimildir í lögum, og gæti stjórnin heimtað þær með sjerstökum lögum, en þess þarf ekki. En það er fleira, sem athuga þarf, og kem jeg þá að því, hvernig meta eigi. Hvernig á að meta landið undir vatninu? Á að meta það eftir vatnsorkunni, sem ofan á er, og hestaflafjöldanum, sem fengist ef virkjað væri, eða á að meta það sem land með sömu gæðum og bakkana í kring? Og hvernig á að meta bakkann? Á að meta hann með hliðsjón af tilvonandi virkjun, á að skoða hallann sem verðmæti landeigandans, eða á að meta bakkann sem hvern annan óræktaðan blett? Það hefir hingað til ekki þótt neinn kostur á landi, að því hallaði, en nú er það að verða kostur, og hver á þá það verðmæti, sem þannig skapast? Hvort á heldur að líta svo á, að hver og einn eigi lagið á sínu landi, eða að ríkið eigi lagið á öllu landinu? Halli kemur af ýmsum orsökum, sem lesa má um í jarðfræði, en fáir munu bera það, að landeigendur hafi unnið þar að eða valdið hallanum. Þá verður spurningin, hverjum beri þetta nýja verðmæti. Þetta vildi jeg benda á til stuðnings stjórninni í kröfum sínum landinu til handa.

Það getur verið, að mörgum þyki það

kynlegt, að jeg skuli bera fram þessa brtt. eftir atkvgr., sem fram fór í gær, en þó ber jeg hana fram í von um, að hún verði samþykt. Jeg held, að misskilningur hafi ráðið atkv. í gær. Menn hafa lesið „Morgunblaðið“ og grein Jóns Þorlákssonar verkfræðings í því. Það var allítarleg grein, og í öllum atriðum rjett, ef litið er á málið frá sjónarmiði meiri hlutans í milliþinganefndinni. En í greininni var þó ein hættuleg villa, og hún mun hafa ráðið atkv. þm. Þar segir, að vatnsorka sje margfeldi vatnsmagnsins og fallhæðarinnar, og þess vegna sje ekki samræmi í að segja, að báðir eigi. En hjer ber þess að gæta, að þetta margfeldi er að eins reikningsmargfeldi, og er ekki um vatnsorku heldur hestorkutölu að ræða. Vatnsorkan er eðlilegt orsakaframkvæmi, en ekki reikningsframkvæmi, og hún stafar af vatni og halla. Tveir aðiljar mynda þessa orku, og eins geta tveir átt hana. Ef jeg kem með tvo hluta af Hydrogenium og annar með einn af Oxygenium, þá getum við átt saman það vatn, sem við myndum. Eins er um vatnsorkuna. Það er misskilningur að halda, að hún geti ekki verið eign tveggja. Þetta hefir vilt menn í gær, og leiðrjetti jeg það ekki þá, vegna þess, að jeg hafði ekki lesið greinina. En nú þegar menn hafa fengið þessa skýringu, þá geta þeir rólegir felt niður tilvitnunina í fossalögin.

Það var gleðibros á sumum andlitum hjer í gær, þegar till. var feld um að láta dómstólana skera úr eignarþrætunni. Það var skiljanlegt, þegar aðgætt var, á hvaða hálsum þessi andlit sátu. Það var sigurvon Títanana, sem lýsti sjer þar, gleði yfir því, að þurfa ekki að eiga á hættu að leggja málið undir dóm. Þeir eru ekki jafnsannfærðir um rjett sinn og þeir vilja láta í veðri vaka, en nú þótti þeim vænlega horfa, þegar þingið átti að úrskurða um eignarþrætuna. Eftir að sá úrskurður hefði fallið einstaklingunum í vil, en þjóðinni til skaða, þá væri hægt að taka eignarnámi samkvæmt 12 gr. Það væri hægt að hirða þessar reitur Títans, sem það hefði keypt á nokkur hundruð, og borga þær eftir mati — 12 miljónir kr., því vitanlega yrði svo hátt metið.

Jeg mun síðar víkja nánar að þeim mönnum, sem sátu brosandi móti þeim framtíðardraumum, sem jeg lýsti, og jeg mun gera það þar, sem fleiri geta heyrt til mín en hjer.

Brtt. mín fer fram á, að tilvitnun í fossalögin verði feld burtu; hún spornar við því, að þingið geti gefið yfirlýsingu um eignarrjett á vatni, því að þingið er málinu ekki nógu kunnugt til að gera það, enda er það ekki í þess verkahring Jeg býst við því, að fylgifiskar stóriðnaðarins verði á móti henni, en vona, að þeir sjeu ekki svo mannmargir hjer, að þeir ráði úrslitum. Ef þeir fengju að ráða í þessum málum, þá liði ekki á löngu áður en Sleipnir virkjaði Hvítá, Titan Þjórsá og Ísland Sogið. Þá fyrst, þegar það væri um seinan, fengju bændur að sjá, hvernig þingbændur gættu nú þeirra hagsmuna, hvernig þeir hjálpuðu bændastjettinni með þessum hætti, með því að flana forsjárlaust út í opinn þjóðardauða.

Forseti: Háttv. þm. Dala. (B. J.) skaut því til forseta, hvort tillaga þessi gæti komið til umræðu og atkvæðagreiðslu samkvæmt 32. gr. þingskapanna. Í þeirri grein er ekki beinlínis talað um þingsályktunartillögur. En þó því sje slept og gert ráð fyrir, að ákvæði greinarinnar nái einnig til þeirra, þá er fyrst á það að líta, að hinn umræddi annar töluliður tillögunnar, sem feld var í gær, var ekki borinn sjerstaklega upp til atkvæða; en vitanlega má segja, að hann hafi verið feldur með hinum liðum tillögunnar. En þá kemur til

skoðunar, hvort hann hafi verið alveg samhljóða að efni tillögu þessari. Í þeirri till. er sá fyrirvari hafður, að hæstarjettardómur sje fallinn fyrir því, að einstaklingar eigi vatnsorkuna, áður en stjórnin fari að gera ráðstafanir til, að ríkið nái gegn bótum fullum umráðum og notarjetti á vatnsorku Sogsfossanna. En í tillögunni á þgskj. 121 er bein áskorun til stjórnarinnar að gera þegar í stað, og án þess að dómur hafi fallið um eignarrjett til vatnsorkunnar, ráðstafanir til að ná umráðum og notarjetti á vatnsorkunni í Soginu. Hjer er auðsjáanlega mikill mismunur, og úrskurðast því, að tillagan komi til fullrar meðferðar og atkvæðagreiðslu í deildinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er leiðinlegt að tala við þá menn, sem sjá hvorki nje heyra, eins og hv. þm. Dala. (B. J.). Jeg þóttist hafa tekið það fullskýrt fram áðan, að jeg teldi stjórninni ekki skylt að framkvæma þingsályktunartillögur, sem hún teldi ekki rjettar vera. Þessi stjórn, sem nú fer með völdin, hefir beðið um lausn og hefir þegar fengið hana. Ætlast hv. þm. (B. J.) til, að hún fari enn á ný að beiðast lausnar? Því trúi jeg varla. Að öðru leyti er það á þingsins valdi, hvað það gerir og hve nær því þóknast að benda á nýja stjórn. Það liggur við, að það sje broslegt að heyra hv. þm. (B. J.), sem er orðinn nokkuð gamall í þingsessi, vera að tala um, að stjórnin eigi að fara frá, ef hún framkvæmi ekki tillögur þingsins. Hv. þm. (B. J.) veit þó ofurvel, að til stjórnarinnar hefir verið beint allmörgum tillögum af þinginu, sem hún hefir ekki látið sjer detta í hug að framkvæma; og þó hefir hvorki þessi hv. þm. (B. J.) nje aðrir heimtað, að stjórnin legði niður völdin fyrir þá sök.

Því segi jeg, að það er undarlegt að heyra hv. þm. (B. J.) véra að stagast á þessu nú; þar sem hann veit, hvernig stjórnin hefir farið með þingsályktunartillögur áður, og hann þá þagað við því.

Hvað þýðir það líka að vera að deila um tillögu, sem feld var í gær með allmiklum meiri hluta atkvæða, eða að vera að halda langa fyrirlestra um það, sem ekki kemur þessu máli við? Er það til að lengja þingtíðindin, eða hvað?

Hv. þm. (B. J.) fór ekki rjett með það, sem hann taldi mig sagt hafa, enda er varla við því að búast, þar sem hann leggur það mjög í vana að ganga út úr salnum, er hann hefir lokið ræðum sínum, og hlustar ekki á andmælendur sína. Hann ljet mig hafa sagt, að ekki væri rjettaróvissa um þetta deiluatriði. Það sagði jeg ekki, en jeg sagði, að sjálfur væri jeg fyrir mig ekki í neinni óvissu um þá rjettarspurningu, sem jeg var að tala um. Jeg skil ekki heldur, hvað það á að þýða fyrir hv. þm. (B. J.) að vera að taka það upp aftur, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafði sagt; jeg sje ekki, að það sje til annars en að lengja umræðurnar, öllum hv. þingdm. til sárra leiðinda.

Hitt skil jeg vel, að hv. þm. (B J.) hefir komið með brtt.; frá hans sjónarmiði er það rjett að fá út úr þingsályktunartillögunni mesta deiluatriðið, enda hallast jeg að því, að svo muni vera í raun og veru. En að öðru leyti ræður hv. deild, hvað hún gerir við till. í heild sinni.

Jeg held, að það hafi annars ekki verið neitt sjerstakt í ræðu hv. þm. (B. J.), sem jeg tel þörf að svara.

Pjetur Jónsson: Jeg býst við, að ef þessi tillaga verður samþykt hjer, þá sje í henni fólgið hið eina svar, sem þingið gefur við þeirri málaleitan, sem kom til stjórnarinnar 1917 frá fjelaginu „Íslandi", um að fá leyfi til að virkja Sogsfossana. Mjer þótti því ekki fjarri, að jeg tæki nú til máls, þar sem jeg er einn í stjórn þess fjelags, eða rjettara sagt að þegja ekki með öllu. En

það tek jeg fram, að jeg hefi ekkert umboð frá fjelaginu til að færa þinginu nokkur skilaboð frá því. Það, sem jeg segi um afstöðu fjelagsins, er því ekki annað en getgátur frá mínu eigin sjónarmiði.

Jeg tók það fram áður, að mjer sýnist þetta eignarnám óþarft, því að jeg lít svo á, að ríkið hafi óbeinan hindrunarrjett og að það geti komið í veg fyrir, að stærri fossar sjeu virkjaðir, af hverjum sem vill, hvort heldur það er fossafjelagið „Ísland" eða aðrir. Þetta er og skiljanlegt, ef litið er í frv. 1917. Þar fer fossafjelagið fram á heimild, sem það gat ekki fengið nema með sjerstökum lögum og samþykki stjórnarinnar. Það er því víst, eða viðurkent, að til er hindrunarrjettur hjá ríkinu gegn virkjun fossa. Auk þess eru nú á döfinni hjer í deildinni þrjú sjerleyfislagafrv., og er ekki ólíklegt, að eitthvert þeirra verði að lögum áður en langt um líður; og fyr en sjerleyfislög eru komin í kring geri jeg varla ráð fyrir, að veitt verði leyfi til að virkja fossa hjer. Því hygg jeg algerlega óþarft að vera nú að skipa stjórninni að taka fossa eignarnámi handa landinu. Ef það verður ofan á, að ríkið taki að sjer að virkja fossa, getur virkjunin þó eigi hafist fyr en málið er orðið undirbúið, rannsóknir og áætlanir gerðar og fje fengið; þá fyrst er tími til kominn að fara að framkvæma eignarnám, ef á þarf að halda, og þá fyrst er hægt að láta það fram fara á þann hátt, sem fyrirtækinu hentar best. Nú fer tillagan fram á það, að landsstjórnin geri *nú þegar* ráðstafanir til þess, að landið nái fullum umráðum og notarjetti á allri vatnsorku í Soginu, alt frá upptökum þess og þar til það fellur í Hvítá, ásamt nauðsynlegum rjettindum á landi til hagnýtingar vatnsorkunni. Auðvitað getur þó enginn sagt fyrirfram, hvað mikið af vatnsorku er nauðsynlegt eða heppilegt að nota, nje heldur hvað mikið af landi og landsnytjum muni þurfa að hagnýta; það mun því mega búast við, að vissara þyki að hafa vaðið fyrir neðan sig og taka ríflega til af hvorutveggja. Leiðir það af sjálfu sjer, að eignarnámið kostar ríkið meira ef það er gert af handahófi, eins og það verður að gerast, ef eftir tillögunni er farið, heldur en ef það er gert eftir ákveðinni áætlun. Jeg held, að tillaga þessi ætti að hljóða sem heimild handa stjórninni, ef á annað borð er þörf á henni, sem jeg tel naumast vera. Í öðru lagi álít jeg, að ef ríkið ætlar sjálft að virkja þessa fossa, megi það ekki dragast; það mundi vera óheppilegt að hleypa öðrum samskonar stórfyrirtækjum á undan ríkisfyrirtækinu, og geta væntanlega allir áttað sig á því. Auk þess er það, að þörfin á raforku handa Reykjavík sjerstaklega og Suðurlandsundirlendinu rekur mjög eftir því, að sem fyrst sje tekið að virkja Sogsfossana. Jeg sje því ekki betur en að um leið og ríkið tekur eignarnámi Sogsfossana og landið við þá, þá sje ríkið og neytt til þess að hefjast handa þegar í stað, því að öll töf af ríkisins hálfu mundi tefja fyrir öllum fossafyrirtækjum hjer á Suðurlandi, og annarsstaðar er ekki líklegt að ráðist verði í fossavirkjun í stærri stíl, að svo stöddu. En þá dettur mjer í hug, hvort það muni ekki verða tafsamt fyrir ríkið að koma því fyrirtæki á stað, að virkja Sogsfossana með eigin mætti. Það er hætt við, að það mundi reynast erfitt fyrir ríkið að útvega nægilegt fje með viðunandi kostum og góða krafta til að koma upp jafnstóru fyrirtæki og hjer er um að ræða, og svo að reka það. Jeg lít svo á, að ekki sje líklegt, að hægt sje að koma upp stórum fossafyrirtækjum fyrir innlent fje. Það eru atvinnuvegirnir hjer í landi, einkum sjávarútvegur og verslun, sem fjenu safna; en jeg geri ráð fyrir, að þeir hafi sjálfir alveg nóg með

það fje að gera í sína eigin þágu, jafnóðum og það kemur. Jeg hefi ekki trú á, að fje verði safnað hjer innanlands fyrst um sinn til að setja í fossafyrirtæki eða stóriðnað. Ef hugsa á til að virkja stórfossa hjer í bráð, þá býst jeg við, að menn verði að sætta sig við að nota aðallega til þess útlent fje. Verður þá um tvo vegi að velja, annaðhvort að ríkið taki lán, ef fæst, eða þá að grípa til þess ráðs, sem víða er notað, að safna hlutafje til fyrirtækisins.

Jeg veit ekki, hvernig takast mundi að fá stórlán í náinni framtíð. Líklega verður það þó örðugt og vandkvæðum bundið að fá það með viðunandi kjörum. Jeg hefi dálitla hugmynd um, hversu örðugt Reykjavíkurbæ veitti að fá tiltölulega lítið lán til að koma upp hjá sjer rafmagnsstöð. Af því má nokkuð ráða, að ekki muni hlaupið að því fyrir landið að fá stórlán, sjálfsagt 20—30 miljónir króna eða þaðan af meira, til samskonar fyrirtækja, sem þó mundi ekki nægja til að virkja nema Sogsfossana eina. Hin aðferðin er hugsanlegra að framgang geti fengið, sú, að safna hlutafje utanlands og innan, og veita þannig fje inn í landið; hún á sjer mörg fordæmi og hefir oft lánast vel. Það er sá kostur við þetta, að þeir, sem fjeð leggja til, taka veðið í fyrirtækinu sjálfu. Þetta mun vera sú aðferð, sem mest hefir verið notuð í Noregi við fossavirkjun þar í landi, og hafa þar mörg fyrirtæki verið stofnuð á þessum grundvelli.

Þá kem jeg aftur að fossafjelaginu „Íslandi"; það var einmitt þessi aðferð, sem þar var hugsað að viðhafa; það ætlaði að gera sig að millilið milli fossaflsins og fjármagnsins og tengja hvorttveggja saman. Þessi mun og hafa verið tilgangur þeirra annara fossafjelaga, sem stofnuð hafa verið hjer. Það er margur, sem ekki hefir mikið álit á þessum fossafjelögum, og svo var um mig framan af, að jeg var í miklum vafa um, hvort fyrirtækið væri svo nytsamlegt fyrir okkur, eða líklegt, að nokkuð yrði um hagkvæmar framkvæmdir af þess hálfu. En fyrir þing 1917 kom það í ljós, að fjelagið hafði náð sambandi við þá menn, sem nægileg fjárráð höfðu, og hafði yfir að ráða bestu sjerfræðikröftum í raforkufyrirtækjum, sem kostur var á á Norðurlöndum. Þá fjekk jeg trú á, að ef til vill gæti tekist samvinna milli þessara manna og löggjafarvalds vors, til þess að gera eitthvað verulegt úr fossahugmyndinni, sem svo mikið og lengi hafði verið rætt um.

Jeg geri ráð fyrir, að ef svarið til þessara manna verður það, að þingið samþykki þessa tillögu, þá muni með því verða slitið allri samvinnu milli þeirra og íslenska ríkisins. En þá álít jeg ver farið en heima setið, því að jeg er sannfærður um, að hjer hefði mátt koma á samvinnu, sem bæði hefði getað verið í alla staði tryggileg fyrir þjóðfjelagið, og annars vegar gefið mögulegleika, sem ekki eru sýnilegir nú, til að fá fje til fyrirtækisins og góða krafta til að framkvæma það. Jeg hugsa mjer, að líkt hefði mátt að fara eins og kostur var á þegar Íslandsbanki var stofnaður. Þá stóð ríkinu til boða að taka hlut í fyrirtækinu, alt að 40% af hlutafjárupphæðinni. Líkt hefði mátt haga til hjer; það hefði mátt gera það að skilyrði fyrir leyfisveitingunni, að ríkið hefði álíkan hluta fjárins í sínum höndum. Með þessu og þeim sjerleyfislögum, sem sett mundu verða, mundi svo um búið, að landinu stæði engin hætta af fyrirtækinu; en hins vegar ætti það að geta haft sama hagnað af þessu eins og hverjum öðrum stóriðnaði, sem hjer væri rekinn með fyrirhyggju og það þó því fremur, sem landið ætti að geta haft tögl og hagldir um iðnreksturinn. Þetta er sú hugsun, sem jeg vil berjast fyrir, af því að jeg hefi ekki trú á, að við sjeum þess megnugir að koma á stórfossarekstri

af sjálfsdáðum, og að á meðan við getum ekki lagt eða viljum leggja út í samvinnu við aðra, þá muni fossarnir seint verða okkur fjeþúfa. Það er nú búið að eyða svo miklum tíma og umræðum til að undirbúa fossamálið, að við ættum nú að vera orðnir færir um að gera ráðstafanir um hagnýting fossaflsins í landinu svo sem best hentar þjóðarhögum okkar og þjóðlífi.

Bjarni Jónsson: Það var að eins svar til hæstv. forsætisráðh. (J. M.). Hann hjelt því fram, að jeg mundi hvorki sjá nje heyra, og væri því mjög leiðinlegt að tala við mig. Mjer þykir það trúlegt nú, að honum þyki leiðinlegt að tala við mig, þótt hann hafi stundum verið fús til þess.

En hvað sem því nú líður, að jeg sje skilningarvitalaus, þá er það víst, að hann heyrir. Jeg sje það á því, er hann spurði, hvort jeg skildi ekki, að þar sem stjórnin hefir sagt af sjer, þá geti hún ekki gert það aftur. Jeg sje á þessu, að hann bæði heyrir og man, því að það er rjett eftir mjer haft, að sá, sem fallinn er og liggur, getur ekki dottið. En þetta er eflaust eina ráðið hjá hæstv. stjórn, að segja af sjer til þess að geta setið, því að eins og nú standa sakir, getur hún ekki fallið.

En þar sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) heldur því fram, að jeg sje leiðinlegur, þá skal jeg játa, að svo sje. En það bætir úr, hvað hann er skemtilegur.

Þá taldi hann mig ekki hafa farið rjett með það, sem hann sagði um rjettaróvissuna. En það var rjett hjá mjer, að hann sagðist vera viss um að hjer væri ekki um neina rjettaróvissu að ræða. Hins vegar benti jeg á, að það væri þó ljóst, að hjer væri um óvissu að ræða, þar sem kennarinn í rjettarsögu væri á annari skoðun.

Þar sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) talaði um þessa fjársöfnun, þá hygg jeg, að hvorki hann nje aðrir þurfi að vera í neinum vandræðum út af því, ef landið á annað borð rjeðist í fyrirtækið, því að á því er engin hætta, nema svo framarlega að fyrirtækið sje viturlegt og víst fyrirfram, að það geti borið sig. En þá mun hægt að fá fjeð, sem með þarf.

Jeg hefi ekki talið það neitt vitlaust, að aðrir ættu hluti í fyrirtækinu. En jeg hafði ekki hugsað mjer, að ríkið ætti í því að eins 40%, heldur að minsta kosti 60—70.% Hitt mættu svo aðrir hafa.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta; að eins skal jeg lofa því, að það skal verða öllum ljóst og sjást svart á hvítu, hverjir það eru, sem svo brátt vilja kveða upp, að einstaklingarnir eigi rjettinn til vatnsnytjanna.

Einar Arnórsson: Jeg stend alls ekki upp til þess að ræða við menn hjer ástæðurnar fyrir skoðun minni á eignarrjetti á vatnsorku. Jeg vildi að eins segja nokkur orð um þingsál. á þgskj. 121.

Eftir minni hyggju er það mjög tvísýnt, að 12. gr. fossalaganna frá 22. nóv. 1907 (jeg geng hjer inn á hugsanagang flm. till.), saman borin við 50. gr. stjórnarskrárinnar, heimili það, sem hjer er farið fram á í till.

Tilætlun hennar er sem sje sú, að skora á stjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að landið nái fullum umráðum og notarjetti á allri vatnsorku í Soginu, alt frá upptökum þess og þar til það fellur í Hvítá, ásamt nauðsynlegum rjettindum á landi til hagnýtingar vatnsorkunni.

Og þetta á að gera samkvæmt 12.—14. gr. fossalaganna frá 1907.

Að því leyti sem ætlast er til, að þetta fari fram með samningum, er það auðvitað heimilt eftir lögum þessum; reyndar þarf enga lagaheimild til þess, að samningar geti farið fram. Slíkt er öllum mönnum heimilt.

En þegar farið er fram á, að tekið verði

lögnámi nú þegar, ef ekki verður samningum við komið, þá get jeg ekki betur sjeð en vafasamt sje, að heimild sje til þess í 12. gr. fossalaganna. Þar segir svo: „Hver maður er skyldur til, gegn fullum skaðabótum, að láta af hendi fossa sína, ár eða læki, og jarðir þær, er að þeim liggja, eða rjettindi, sem hann hefir yfir þeim, þegar almenningsheill krefst þess til mannvirkja í þarfir landsins eða sveitarfjelaga.“ En nú er það vitaður hlutur, að sýna þarf nauðsynina á því að taka þetta og þetta áður en ákveðið er að taka það. En mjer vitanlega liggur hjer ekkert ákveðið fyrir um mannvirkjagerð við Sogið, ekki einu sinni frumdrættir til þess.

En meðan það er ekki til, þá er ekki hægt að vita, hve mikið á að taka, hvort heldur átt er við vatnsorku eða land.

En ef taka á þetta nú þegar, þá verður enginn tími til þess að „projectera“, sem kallað er, eða gera áætlun um fyrirtækið, og meðan það hefir ekki verið gert, þætti mjer gaman að sjá framan í þá stjórn, sem þykist vita, hve mikið hún á að taka.

Við framkvæmdir till. er líka ýmislegt fleira athugavert. Segjum, að stjórnin teldi 12. gr. fossalaganna örugga í þessu efni, og dómstólarnir yrðu á sömu skoðun. En dómstólamál geta hæglega risið út af þessu. Ekki þarf annað en að þeir, sem taka á af, mótmæli því, að lagaheimild sje fyrir lögnáminu, og skjóti því til dómstólanna. En gerum nú ráð fyrir, að stjórnin álíti þetta trygt, og vinni málið, ef það kemur fyrir dómstólana. Þá rekur að því að framkvæma till. Og gerum einnig ráð fyrir, að stjórnin ætti að taka það, sem hún veit ekkert hvort nauðsyn er á.

Þá kemur fyrst að því, að ná samningum við þá, sem frá á að taka, og þar verður auðvitað aðalatriðið endurgjaldið

Mundi nú stjórnin geta bundið sig við samningana? Sá, sem frá er tekið, segist vilja hafa þetta og þetta fyrir gæðin Ef til vill er það svo mikið, að stjórnin verður í vafa um, hvort hún á að ganga að tilboðinu eða ekki. Þá verður hún að leita til þingsins um það. En nú þykir tilboðið óaðgengilegt. Líka gat það verið, að ekkert tilboð hefði komið, heldur að eins krafa um, að metin væru gæðin, sem taka á. Þá verður stjórnin að beygja sig undir matið. Nú er fjárhæðin, sem metið er til, ef til vill talsvert há. En eftir lögnámslögunum frá 1914 er stjórnin skyld til þá þegar að greiða þá fjárhæð.

En hefir þá þingið gert nokkuð til þess, að stjórnin hafi það fje, sem með þarf? Mjer vitanlega hefir henni ekki verið gefin nein lánsheimild til þess. En jeg býst við, að vissara sje að veita hana, ef till. verður samþ., því mjer þykir ólíklegt, að kostnaðurinn verði svo lítill, að stjórnin hafi handbært fje til að greiða hann.

Auðvitað er ómögulegt að segja, hve mikið fje verður metið til endurgjalds þessara hluta, en ekki er jeg það barn að ætla, að það verði álíka mikið og það sem sannanlegt er að vatnsrjettindi þessi eru seld fyrir nú. Sá, sem tekið er frá, gerir sjer auðvitað far um að sanna matsmönnum það, að hann geti fengið meira fyrir þau en hann hefir látið.

Og það mun ekki reynast erfitt að leiða líkur að því.

Collega h.f. Íslands, fossafjelagið Titan hefir, eins og kunnugt er, aflað sjer allmikilla vatnsrjettinda í Þjórsá. Það er hlutafjelag, og hefir selt hluti ýmsum mönnum, og þar með metið til peninga hverja hestorku í orkuvötnum þeim, sem það hefir til umráða. Hlutafje þess er nú talið, og það með vissu, 12 miljónir kr. Jeg hygg því, að enginn vafi sje á því, að hver hestorka í Þjórsá sje komin langt upp fyrir það verð, sem talið var þegar fjelagið var að öðlast rjettindin.

En síst er hægt að gera ráð fyrir því, að hver hestorka í Soginu sje verðminni

en t. d. í Urriðafossi eða annarsstaðar í Þjórsá.

Eftir áliti sjerfróðra manna er það kostnaðarminna að virkja Sogið en Þjórsá, og er það hagur og eykur verðmæti hverrar hestorku.

Ágóðinn af hverri hestorku verður því meiri, því minna sem til hennar er kostað. Þar af leiðir, að verðmæti hestorku í því vatni, sem hægt er að virkja, er meira en í hinu, sem erfitt er að virkja.

Þá er eitt enn athugavert við till. þessa. Það er spurningin um, hvort tímabært sje að samþ. hana nú.

Eftir atkvgr. í gær virðist hv. deild hallast að þeirri skoðun, að orkunytjarjetturinn sje eign þess manns, sem land á undir og að vatninu.

Af því leiðir, að landið verður að greiða fje fyrir þennan rjett.

Nú er hjer á ferðinni frv. til sjerleyfis fyrir orkuvinslu fallvatna. Þegar þau lög koma fram, getur verið, að þau hafi mikil áhrif á það, hve dýr hver hestorka verður. Ef lögin verða þröng, leiðir þar af, að hestorkan verður verðminni. Verðmætið minkar eftir því, sem minni líkur verða til þess, að vötnin verði virkjuð.

Meira að segja, ef lögin verða svo þröng, að vötnin verði látin óvirkjuð, getur verðið komist niður í ekki neitt.

En af því leiðir, að það væri ef til vill varlegra að bíða með þetta og sjá, hvort ekki verða samþykt heppileg ákvæði um sjerleyfi; með „heppileg" á jeg hjer við ströng ákvæði, sem báðir hlutar fossanefndarinnar og bæði meiri og minni hl. vatnamálanefndanna hjer á þingi virðast hallast að.

Sú varúð mundi leiða það af sjer, að megnið af vötnunum mundi enn liggja lengi ónotað.

Þá er enn eitt, sem mjer er ekki ljóst enn þá, en vildi fá skýr svör við.

Það hefir ekki komið skýrt fram frá hæstv. stjórn, hvort hún, ef hún verður nú áfram við völd, sjer sjer fært að fylgja þessari þingsál. eftir orðum og efni hennar. En í slíku máli sem þessu þarf deildin að fá um það skýr svör. Það væri til lítils að samþ. slíka þingsál., ef stjórnin telur það frágangssök að framfylgja henni. Þetta vildi jeg gjarnan fá að vita.

Ef nú hæstv. stjórn er á sömu skoðun og jeg um 12. gr. fossalaganna, sem er forsenda fyrir till., þá skilst mjer, að hún geti ekki talið sjer unt að framfylgja till., eins og farið er fram á; hins vegar má það vel vera, að hún sjái sjer fært að framfylgja till. í öllum greinum, ef hún er þar á annari skoðun.

Jörundur Brynjólfsson: Það hafa nú þegar orðið allmiklar umræður um þetta mál, og margt verið drepið á. Jeg mun því ekki hirða að minnast á alt, er fram hefir komið, og tefja tímann með því, og mun því fara fljótt yfir sögu og minnast að eins á það, sem nú þykir mestu máli skifta, enda hefir nú svo mörgu verið hrúgað saman gegn till. þessari, að það mætti æra óstöðugan að eltast við það alt.

Jeg verð þó að gera hv. frsm. (G. Sv.) svo hátt undir höfði, að víkja lítillega að ummælum hans, þótt þau gæfu tæplega tilefni til þess, og jeg hefði síst búist við þessum ummælum, eftir því sem fram kom í gær.

Hann mælti nú mjög sterklega á móti því, sem hann lagði fyrir deildina í gær til samþykkis.

Síðari hluti till. í gær var, eins og tekið hefir verið fram, mjög líks efnis og þessi till. En ekki veit jeg, til hvers hann hefir verið borinn fram, ef ekki hefir verið til þess ætlast, að honum væri framfylgt. Reyndar vjek hv. frsm. (G. Sv.) ekki að því einu orði þá.

En af umr. í dag er sú frammistaða skiljanleg. Það virðist liggja í loftinu, að

þetta beri ekki að framkvæma fyrir hönd landsins, enda þótt möguleikar sjeu á því.

Einn hv. þm. (E. A.) hefir dregið í efa, að lagaheimild væri til þess, hjá öðrum er því borið við, að ekkert liggi á, og enn er því haldið fram, að þetta verði svo dýrt og rjett sje að draga framkvæmdirnar þess vegna.

Háttv. frsm. (G. Sv.) sagði, að við hefðum, er við fluttum till., haldið því fram, að hún ætti ekki að skera úr um eignarrjettinn, og er það rjett, að við ætlumst ekki til, að hún geri það, frekar en hún nær.

Okkur datt alls ekki í hug að koma fram með það skoffín, sem gerði það að verkum, að ekkert yrði að hafst, eins og mjer virðist nú að tilætlunin hafi verið með till. þingnefndarinnar í fossamálinu.

Hv. frsm. (G. Sv.) hjelt því fram, að ekki væri þörf á þessum framkvæmdum, meðal annars af því, að Reykjavíkurbær væri byrjaður á að reisa orkustöð við Elliðaárnar. En það er ekki rjett, því bæjarstjórnin ákvað í sumar að fresta því fyrirtæki um sinn, og þó að eitthvað hafi þar verið að hafst um tíma, þá hefir sumt af því verið á móti vilja meiri hluta bæjarstjórnar. Og ef þetta mál fengi heppilega afgreiðslu hjer, mundi hún hverfa frá því fyrirtæki, þar sem það er vitanlegt, að Elliðaárnar hafa ekki nóg afl fyrir Reykjavík nú, hvað þá síðar.

Hv. frsm. (G. Sv.) benti einnig á það, að menn væru hjer farnir að fá sjer vjelar til raflýsingar, og er það rjett. En því meira sem að því er gert, áður en byrjað er á byggingu nýrrar stöðvar, því verra. Auk þess eru vjelar þessar svo dýrar og rekstur þeirra, að ekki hafa þeirra not nema efnuðustu menn, og væri betur, að þeir verðu því fje til hlutakaupa og hjálpuðu með því til að reisa aflstöð við Sogið.

Þá mundi almenningi gefast kostur á að fá aflið til sinna nota. En þetta, sem menn hafa neyðst til að gera hjer nú, er ekkert annað en óyndisúrræði, og má það merkilegt heita að segja, að landið skuli ekkert gera til framkvæmda þessu máli fyrir þeirra hluta sakir.

En meðan það eru ekki mjög margir, sem hafa aflað sjer raforku á þennan hátt, sem hjer er gert, er þó meiri von um góða þátttöku í fyrirtækinu heldur en þegar þeim mönnum fjölgar.

Hv. frsm. (G. Sv.) hjelt, að ekki væri eftirsóknarvert að ráðast í þetta, af því að fyrirtæki hins opinbera hefðu ekki gefist vel hingað til. Jeg held þó, að þau fyrirtæki, sem rekin hafa verið með alúð, hafi tekist vel. Eða hefir ekki landssíminn, Landsbankinn og pósthúsið borið sig vel? Jeg þykist vita, að hv. frsm. (G. Sv.) muni afsaka þessi orð sín með Tjörnesnámurekstrinum, kartöfluræktinni og dýrtíðarvinnu. En jeg tel lítið á því að byggja. Jeg veit t. d. ekki, hvar á landinu kolavinsla hefir gefist vel.

Um fjárhagsatriðið veit maður ekki með fullri vissu, hvað það mundi kosta mikið fje að taka Sogið eignarnámi. En jeg býst við, að það fari ekki mikið fram úr 100 þúsund krónum í mesta lagi, eftir því verðlagi, sem nú er á vatnsafli og rjettindum til lands.

Jeg held, að jeg hafi nú vikið að því helsta, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) drap á.

Þá kem jeg að hv. þm. Dala (B. J.).

Jeg fer nú að hætta að undra mig á fossanefndarstörfunum, eftir þann óskapa köngurlóarvef, sem hv. þm. (B. J.) spann hjer áðan. Hann fór að reyna að vera mjög vísindalegur, og tókst náttúrlega eins og vant er.

Meðal annars leitaðist hann við að sanna, að fossalögin frá 1907 væru ekki í gildi. Hvaðan kemur honum sú viska? (*B. J.*: Frá lögfræðingunum). Etli það? Jeg held, að hv. þm. Dala. (B. J.) teljisigoft hafa betur vit á málunum en lögfræðingarnir, og átel jeg hann ekki fyrir það.

Heilbrigð skynsemi er oft betri en allar vífilengjur lögfræðinganna. En hvernig á að framkvæma þessa tillögu, ef ekki eftir lögunum? Eða telur hv. þm. Dala. (B. J.) þessi lög ekki í gildi enn?

Þá kem jeg að hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Hans athugasemdir þóttu mjer býsna eðlilegar, frá hans sjónarmiði skoðað. En jeg hjelt að hann vissi, að við höfum fulla þörf fyrir rafmagn. Nauðsynin á því er tvímælalaus. En hann virðist vera í vafa um, hvora leiðina eigi að fara, hvort landið eigi að láta mönnum í tje rafmagn, eða hvort einstakir menn eða fjelög, og þá auðvitað útlendingar, eigi að gera það. Þingið hefir tvímælalaust fylsta rjett til að gera út um þessi atriði, og mín skoðun er, að landið eigi að gera það nú þegar. Og þegar gert er út um þetta, hvort eignarnám á Soginu skuli fram fara, þá er um leið skorið úr um þetta atriði, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) var að minnast á. Því það getur ekki komið til nokkurra mála, að dómstólarnir dæmdu ógilt það, sem þingið væri búið að gera í þessu efni.

Jeg hygg, að hv. þm. Dala (B. J.) hafi ekki verið í efa um, að landið hefði heimild til að taka fossa eignarnámi, þegar hann kom með frv. 1917, um að landið keypti upp vatnsafl fyrir 20 milj. króna. Jeg skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp tvær greinar úr frv. — 2. gr. er svona:

„Stjórnin skal neyta þessa fjár til þess að gjalda af því verð fyrir fossa eða annað vatnsafl, er hún tekur samkvæmt 50. gr. stjórnarskrár um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, og 12. gr. laga 22. nóvember 1907, um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl.“

Og 3. gr. er svona:

„Lög þessi heimila stjórninni sjerstaklega að beita eignarnámsheimild-

um þeim, er getur í 2. gr., til þess að taka í sínar hendur fossa og vatnsafl á Suðurlandsundirlendinu, er best liggur til notkunar“.

Jeg hygg, að með þessu sje allljóst kveðið að orði um, hvað landsstjórninni sje ætlað að gera í þessu efni.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) drap á, að fossafjelögunum erlendu mundi verða auðvelt að sýna fram á, að fossaflið væri meira virði nú en þegar þau keyptu það. Það getur nú verið. En hvað mun þá síðar? Gæti þá ekki farið svo, að vatnsorkan kostaði margfalt meira en nú. Sú reynsla, sem við höfuð í þessum efnum, bendir ekki á að það muni síðar ódýrara. Þetta minnir mig á kaupin á Elliðaánum. Bærinn átti vel á að kaupa þær fyrir ca. 16,000 krónur, en það var felt. Svo keypti bærinn Elliðaárnar síðar fyrir á 2. hundrað þúsund krónur (um 140 þús. kr.). Mjer sýnist ekkert efamál, að mjög auðvelt sje að framkvæma till., og að það sje sjálfsagt að gera það sem fyrst.

Svo skal jeg loks víkja örfáum orðum að hv. þm. S.-Þ. (P. J.).

Mjer þótti mjög eðlilegt, að hann væri ekki hrifinn af till., þar sem hann er fjelagi í fossafjelaginu „Íslandi“, og auk þess í stjórn þess. Af því leiðir vitanlega, að hann gætir vitanlega hagsmuna þess, án þess, hvað landinu er fyrir bestu. Hann færði til sem ástæðu á móti till., að í fyrsta lagi mundi ekki liggja á að taka Sogið og í öðru lagi gæti ríkið, ef það vildi, varnað því, að aðrir starfræktu Sogsfossana; ríkið hefði hindrunarrjettinn. Þegar mælingar allar væru búnar, væri nógur tími fyrir ríkið að ná eignarhaldi á Soginu. En þessar ástæður eru hjegómi einber. Dettur nokkrum í hug, að Sogið verði ódýrara þegar búið er að undirbúa að öllu leyti virkjunina? Mælingar allar og rannsóknir á fossunum kosta ærið fje, auk þess sem

búast má við, að vatnsorkan hækki einmitt fyrir þetta í verði. Það er því beinlínis villandi að vera að halda þessu fram Og ef ríkið vildi hindra virkjunina, sem það auðvitað gæti, þá væri það vitanlega með það fyrir augum, að fá sjálft eignarhald á fossunum. Þessi töf eða dráttur á málinu gæti því blátt áfram orðið stoð fyrir fjelögin til þess að hækka verðið á vatnsorkunni upp úr öllu valdi.

Hv. þm. (P. J.) feldi líka þessar ástæður með því að segja, að ef ríkið ætlaði að taka vatnið í sínar hendur, þá yrði það að gera það strax. En svo sagði hann jafnframt, að ef þingið færi að ráðast í þetta, þýddi það töf á öllum fossiðnaði. Og varð hann því ekki skilinn öðruvísi en að útlend fjelög ein ættu að starfrækja fossana hjer á landi, en ekki ríkið. Yfirleitt taldi hann öll tormerki á, að till. yrði samþykt.

Hann mintist á, að fossafjelagið „Ísland" hefði ekki mikið „kapital" með höndum nú, en það mundi verða auðvelt fyrir það að afla þess, því þetta fyrirtæki þess mundi verða gróðavænlegt, ef það að eins fengi að byrja. En borgi það sig fyrir fjelagið að fá fje að láni í þessu skyni, hvers vegna ætti það þá ekki að borga sig eins fyrir landið?

Það hefir verið minst á það hjer í deildinni, að þeir menn, sem greiddu atkvæði á móti till., sem feld var hjer í deildinni í gær, væru að reka erindi erlendra fossafjelaga. Þesskonar ummæli bíta ekki á mig En jeg vil skora á þá, sem eru að dylgja með slíkt, að koma fram með, hvaða ástæður þeir hafa til slíkra ummæla. Það skyldi þá ekki sýna sig, að þeir standi nær fossafjelögunum sumir hverjir en við. Illa koma nú skoðanir hv. þm. Dala. (B. J.) — svo maður nefni eitt dæmi, — við skoðanir hans á þessum málum hjer í þinginu 1917. Ætli þessir hv. þm., sem nú vilja svo ólmir fella þessa till., hafi hreinni skjöld en við? Jeg held ekki, að við sjeum fíknari í fje en sumir hv. andstæðingar okkar Þingsagan getur best vitnað um það.

Skal jeg svo láta útrætt um þetta að sinni.

Þorleifur Jónsson: Jeg ætla að segja að eins örfá orð, til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli.

Jeg fylgdi till. í gær meðfram af því, að Sogið er talið svo dýrmætt til virkjunar, að jeg álít nauðsynlegt, að ríkið hafi umráðarjett á því. Jeg verð að telja það sennilegra, sem haldið hefir verið fram, að Reykjavík mundi hagkvæmara að geta fengið afl úr Soginu til ljósa, hitunar og smáiðju, heldur en virkja til þess Elliðaárnar. Og það mundi líka verða hagkvæmt að nota aflið þaðan fyrir þorpin hjer við Faxaflóa og meginið af Suðurlandsundirlendinu. Með tilliti til þessa gat jeg fallist á till., sem var hjer til umr. í gær. En jeg gat líka fallist á það, að þetta tækifæri væri notað til þess að skera úr eignarrjettarþrætunni, því að þótt jeg hallist fremur að þeirri skoðun, að landeigandinn hafi í raun og veru öll ráð yfir vatnsorkunni, virtist mjer óþarfi að vera svo harðsnúinn, að neita andstæðingunum um, að dómstólarnir fengju að skera úr þrætunni. Jeg áleit engan skaða skeðan með því að leyfa það. Því var haldið fram í gær, að meiri hluti nefndarinnar vildi gefa í skyn, að landið væri hinn rjetti eigandi vatnsorkunnar. En þetta kom hvergi fram hjá háttv. frsm. (G. Sv.), og ekki heldur var hægt að draga þá ályktun af því, sem fram kom hjá meiri hluta nefndarinnar, að öðru leyti en því, að menn vissu um skoðun háttv. þm. Dala. (B. J.) á þessu atriði. Við vitum, að í þessu efni er staðhæfing móti staðhæfingu, og því eðlilegt, að dómstólarnir væru látnir skera úr ágreiningsefninu; ella verður þingið sjálft að gera það. Jeg álít það ekki saknæmt, þó

að málinu væri skotið til dómstólanna, því að sá, sem er sannfærður um rjett sinn, er venjulega ósmeykur við að skjóta máli sínu undir úrskurð dómstólanna. Og þó að jeg hallist að því, að einstaklingarnir hafi allan rjett yfir vatninu, hver á sinni jörðu, hafi í raun og veru eignarrjett á því, þá er jeg samt óhræddur við að skjóta málinu til dómstólanna. En deildin vildi nú ekki fara þessa leið, og get jeg látið mjer það vel lynda.

En þar sem jeg hefi þá skoðun, að landið eigi að taka Sogsfossana til sinna umráða, og jeg hefi þá von, að landið geti eitthvað gert til þess að virkja þá, þá mun jeg fylgja þessari till., sem hjer liggur fyrir. Hún er í raun og veru sama efnis og 2. liður till., sem feld var í gær. En það lítur út fyrir, að ýmsir sjeu nú annars sinnis, því að nú hefir risið upp hver á fætur öðrum og lýst yfir fylgi sínu við þessa till. En jeg býst við, að svo verði álitið, að ef till. verður samþ., sje eignarrjettur einstaklinganna á vatnsorkunni þar með ákveðinn. Eða svo munu þeir að minsta kosti líta á málið, sem till. fylgja. Og jeg hefi ekkert út á það að setja, úr því að löggjafarvaldið sjálft vill nú þegar ákveða þetta. Nefndin vildi synda milli skers og báru í þessu efni; hún vildi ekki vekja upp deilu um þetta aftur, og þess vegna reyndi hún að sneiða hjá að flytja till., sem kæmi inn á þetta atriði. Hún áleit mest vert að reyna að koma fram lögum um sjerleyfi og hjelt, að það yrði hægra að koma slíkum lögum nú í gegnum þingið, ef ekki væri sett inn í þau ákvæði um eignarrjett á vatni.

Jeg hefi þá gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Matthías Ólafsson: Jeg kann ekki við að greiða svo atkvæði, að jeg geri ekki fyrst stutta grein fyrir atkvæði mínu. Jeg get ekki verið með þessari till. Í fyrsta lagi af því, að jeg get ekki sjeð, að stjórnin geti framkvæmt þetta lögnám. Hún getur ekki tekið þessa eign meðan engar áætlanir liggja fyrir, veit ekkert um verðið, nje hversu mikið hún á að taka. Því að eins og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir tekið fram, þá getur stjórnin ekki tekið landeign, sem hún veit ekki um stærðina á. En þó að þessi háttv. þm. væri að fetta fingur út í þessa till., þá hafði till. hans sjálfs sama galla. (*E. A.*: Jeg hefi ekki borið fram neina till. í þessa átt). Hv. þm. stoddi þó samskonar till.

Í öðru lagi er það, að margt þarf að gera áður en þetta væri framkvæmt. Það er ekki nóg, að landið slái að eins eign sinni á fossana. Jeg trúi sannarlega ekki, að fyrirtækið komist fyr í framkvæmd fyrir það, þó að landið eignist fossana. Jeg álít, að þetta kæmist fyr í framkvæmd, ef það væri falið einhverjum fjelögum. Jeg vil, að fyrirtækið komist sem allra fyrst í framkvæmd, og jeg hefi þá trú, að ef það yrði falið þeim, sem nú hafa þennan rjett, mundi það komast miklu fyr í framkvæmd. Jeg er vantrúaður á, að landið leysi það eins fljótt af hendi. Af þessum ástæðum er jeg móti till. Auk þess er jeg vantrúaður á öll ríkisfyrirtæki. Þau hafa ekki gengið svo vel hjer á landi. (*J. B.*: Hver rekur símamál, póstmál og skipaútgerð?). Þar er alt öðru máli að gegna.

Einar Arnórsson: Jeg vildi að eins gera lítils háttar athugasemd í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Reykv. (J. B.).

Hann virtist hafa misskilið orð mín, og hefir það víst stafað af þeirri „ekstasis“, sem hann var í, þegar hann talaði. Hann talaði um rafmagnsþörfina. Jeg nefndi hana ekki, en er þar hins vegar á sama máli og hann.

Annars skal jeg ekki kýta frekar um þetta efni við hv. þm. (J. B.).

Jeg get ekki sagt neitt um það, hvernig dómstólarnir mundu fara að skýra 12. gr. fossalaganna. Jeg skil hana nú svona, en jeg segi ekki, að minn skilningur sje rjettari en skilningur hv. 1. þm. Reykv. (J. B.).

Hv. sami þm. (J. B.) vildi bendla mig við frv. það, sem hv. þm. Dala. (B. J.) bar fram á þinginu 1917. Jeg man ekki betur en frv. þetta kæmi að eins til 1. umr. Síðan var því vísað til nefndar, og hún afgreiddi það með þingsál. eða rökstuddri dagskrá, að því er mig minnir. Jeg hafði því ekki tækifæri til að segja neitt um þetta frv., nema við 1. umr. Og jeg hygg, að það sje ekki algengur siður, að menn rísi upp gegn frv. við 1. umr., þó að þeir felli sig ekki við það. (*B. J.*: Málinu var vísað til stjórnarinnar). Þá var ekki ástæða fyrir mig að tala, þegar sýnilegt var, að till. um að vísa málinu til stjórnarinnar mundi verða samþykt.

Jeg er sammála hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um það, að það er engin ástæða til að vænta sjerstakra framkvæmda fyrir það, þó að þessi þingsál. verði samþykt. Til þess þarf bæði fje og vit, og jeg fæ ekki sjeð, að það fáist með því að samþykkja þessa till.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) gerði lítið úr lögfræðingunum. Það má vera, að ástæða sje til þess, en þó munu margir, og þar á meðal víst hv. þm. (J. B.), leita hjá þeim upplýsinga, þegar þeir þurfa á að halda. Annað mál er það, hvort hann fær þá fræðslu hjá þeim sem hann vill hafa.

Til þess að virkja Sogsfossana þarf lög og fjárveitingu. Mjer virtist, að 1. þm. Reykv. hjeldi, að till. ein nægði til þess að veita stjórninni heimild til sjálfrar virkjunarinnar. (*J. B.*: Nei!). Hann leiðrjetti sig víst á því aftur.

En svo er eitt atriði, sem tveir þm., háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) virðast vera mjög ósammála forseta um. Þeir segja, að 2. liður till., sem feld var hjer í gær, sje sami að efni og þessi till. Það er mjög kynlegt, að slíkir menn sem þeir eru skuli vera svona greinarlitlir, svona sljóskygnir á að sundurgreina fjarskylda hluti. Því að það er auðsætt af orðalagi till., að þær eiga við sitt hvað. Till. á þgskj. 121 skipar að framkvæma þetta nú þegar, en hin till. ætlast til, að fyrst sjeu fram komin ýms önnur atvik, áður en lögnámið fari fram. Hún gerir ráð fyrir, að dómstólarnir skeri fyrst úr því, hvort eigi að greiða endurgjald fyrir vatnsaflið eða taka það endurgjaldslaust. Eftir fyrri till. á stjórnin að taka fossaflið lögnámi fortakslaust. Hin till. vitnar í fossalögin frá 22. nóv. 1907. og gerir að eins ráð fyrir, að ríkið nái þessum gæðum gegn endurgjaldi. Till. á þgskj. 795, 2. töluliður, er miklu rýmri; hún heimilar stjórninni miklu meira svigrúm en till. á þgskj. 121. Þess vegna er miklu fremur hægt að vera með þeirri till. heldur en þessari, eins og hún er orðuð Eftir þessari till. á stjórnin að framkvæma þetta þegar í stað, en eftir hinni till. hefir hún fult svigrúm. Hún gat leitað hófanna, dregið málið og ráðfært sig við næsta þing, hve nær sem á þurfti að halda. Það mundi sæta vanrækslu, ef hún framkvæmdi ekki lögnámið þegar í stað, eftir þessari till. Jeg vænti, að stjórnin gefi skýr svör um það, hvort hún treystist til að framkvæma þetta.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get því miður ekki gefið skýr svör við þessari spurningu, því að stjórnin hefir ekki borið sig saman um þetta atriði.

Hv. þm. (E. A.) vildi fá að vita, hvernig stjórnin skildi 12. gr. fossalaganna. Jeg get ekki svarað því beinlínis, því að ákvæði 12.—14. gr. eru ekki alveg skýr.

Það getur verið, að skilningur hv. 2. þm. Árn. (E. A.) sje rjettur. Jeg þori ekkert um það að segja.

Jeg get tekið undir það með hv. 2. þm. Árn., að ef deildin álítur nauðsynlegt, að ríkið fái Sogið, þá virðist það vera líklegasta leiðin að leita fyrst hófanna um að komast að þessu með samningum, og skýra síðan þinginu frá, hvort þetta væri kleift eða ekki, og þá mætti ákveða, hvort lögnám skyldi fram fara eða ekki. Því að ef það ráð verður tekið, að taka fossaflið lögnámi, verður stjórnin að borga það eftir mati, hvort sem það verður metið hátt eða lágt. Þetta gæti orðið dálítið skýrara, ef samningaleiðin væri reynd. Jeg býst við, að hver kaupmaður mundi fara þannig að. En sem sagt verður deildin að ráða, hvort hún vill samþykkja till. eða ekki.

Bjarni Jónsson: Mjer þykir vænt um að heyra það, að ræður manna hníga að því að samþykkja brtt. mína, því að þá falla allir agnúar burtu. Stjórnin getur þá farið með málið eftir því, sem henni þykir best við eiga. Og með því að þetta er mjög einfalt mál, ætti mönnum ekki að vaxa í augum að samþykkja þessa till

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að jeg hefði sneitt að sjer í ummælum mínum um atkvæðagreiðsluna í gær. Það er rjett. En jeg skal lýsa yfir því, að jeg taldi þetta ekki ásetning, heldur fullkominn skort á skilningi á eðli málsins, sem þeim þm. (J. B.) er oft laginn.

Pjetur Jónsson: Það lítur út fyrir, að margir ætli að veitast að hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Jeg hefi líka ástæðu til að svara honum dálítið. Það er út af því, hvað honum gengur illa að átta sig á því, sem jeg sagði. Hv. þm. (J. B.) hefir ekki skilið mig rjett, eða ekki farið rjett með.

Jeg hjelt því fram, að ef ríkið á annað borð ætlar sjer að virkja Sogsfossana, þá sje nauðsynlegt, að það verði gert sem fyrst. Til þess taldi jeg ástæður frá báðum hliðum, og tók fram aðallega tvær á tæður, fyrst, að þörfin fyrir rafmagn er svo brýn hjer, og í öðru lagi, að þetta þyrfti að verða á undan öðrum stórfyrirtækjum af sama tægi. Jeg tók það líka fram til að sýna fram á, að þetta eignarnám er alveg óþarft, þar til stjórnin hefir fengið skipun um eða heimild þingsins til að undirbúa og vinna að þessu fyrirtæki. Mínar röksemdir gengu í þá átt að sýna fram á, að hættulaust væri að bíða, því afl ið liggur þarna geymt í fossunum, og að ríkið hefir sinn hindrunarrjett, ef á þyrfti að halda, svo að það verður ekki notað af öðrum. Hitt hefir og verið tekið skýrt fram af hv. 2. þm. Árn. (E. A.), hve örðugt sje að taka eignarnámi jafnóákveðinn hlut og þetta, sem till. tiltekur. Mjer skilst, að erfitt muni að sýna og sanna, að það sje gert til almenningsheilla að taka alt það eignarnámi, sem till. fer fram á. Jeg álít, að eignarnámið verði því altjend að bíða, þangað til stjórnin hefir gert sjer grein fyrir, hvernig þetta fyrirtæki á að vera og skuli framkvæmast.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 20. sept., var enn fram haldið fyrri umr. um till. (A. 121, n. 792 og 808, 879).

Benedikt Sveinsson: Vjer flm. till. á þgskj. 121 höfum nú gert nokkuð rækilega grein, í umr. þeim, er fram hafa farið um hana, fyrir því, hve mikil er nauðsyn þess, að þessu máli sje hraðað svo, að það nái fram að ganga á þessu þingi. Þarf jeg varla að rifja það upp aftur.

En jeg vil að eins stuttlega drepa á það, að nú stendur fyrir dyrum, að rafveitu

verði á komið hjer í Reykjavík. En þá er um tvent að velja fyrir bæinn. Annaðhvort er að koma upp rafveitu við Elliðaárnar, eða fá raforku frá Soginu, með atbeina ríkisins. En ef ekki er vitað með vissu, að landið taki Sogið í sínar hendur, heldur verði það áfram í vörslum þess fossafjelags, er nú telst eiga, þá verður ekki hjá því komist, að Reykjavíkurbær reisi stöð við Elliðaárnar. Undirbúningur er þegar hafinn, svo að hægt sje að hefa verkið, ef ekki sjest fyrir haustið, að landið taki Sogið til virkjunar. Verður þá Reykjavíkurbær að leggja of fjár í litla og óarðga stöð við Elliðaárnar, sem mun verða sú dýrasta, sem dæmi eru til. Hún mun kosta að minsta kosti 2½ milj. kr., en krafturinn þó ekki meiri en 1000 hestöfl, og kostar þá 2500 kr. hvert hestafl. Allir sjá, hve andstætt þetta er, þar sem verðið er annarsstaðar, þar sem líkt stendur á, t. d. í Svíþjóð, um 200 kr. hvert hestafl til jafnaðar, eða meira en tíu sinnum minna en verkfræðingur hefir áætlað í stöðinni við Elliðaárnar. En ef þingið lætur undir höfuð leggjast að tryggja landinu yfirráð við Sogið á þessu þingi, þá mun bænum þykjast neyddur til að lúta að þessu tormiðlaða og dýrkeypta afli úr Elliðaánum.

En það er og önnur ástæða til þess, að undinn sje að þessu bráður bugur En hún er sú, að ef ráðið verður að taka Sogið landinu til handa, þá verður að gera það sem fyrst, vegna verðsins. Sogið hækkar árlega í verði, ef lögnámið dregst. Því nær sem líður því, að vatnið sje tekið til hagnýtingar, því meira er gert að mælingum og öðrum undirbúningi, og því dýrara og erfiðara verður að ná því

Í þriðja lagi er hætt við meiri mótstöðu síðar meir gegn lögnámi vatnsorkunnar í Sogi til landsþarfa, þegar fossafjelögin hjer. Ísland og Títan, hafa færst meir í aukana. Eins og kunnugt er, eru það enn sárfáir menn hjer á landi, sem bundnir eru við þessi fjelög. En þeir verða að líkindum miklu fleiri síðar. Þetta er ríkt ástæða til þess, að hafist sje handa, áður en hin ríka, erlenda Gullveig hefir náð hjer meira tangarhaldi.

Það hafa komið fram ýms andmæli gegn till. á þgskj. 121. En jeg er hræddur um, að þau sjeu ljettvæg, þegar brotin eru til mergjar.

Ein höfuðmótbáran hefir verið sú, að enginn vissi, hve mikið afl ætti að taka, og myndi þetta því setja stjórnina hjer í mestu vandræði. Svo ramt hefir að þessu kveðið, að einn hv. þm. hefir fært þetta sem ástæðu til þess, að hann gæti ekki greitt atkvæði með till. En þetta er alveg á sandi bygt. Í fyrsta lagi er í till. mælt svo fyrir, að stjórnin skuli taka *alla* vatnorku í Sogi. En annars hefði þessi háttv. þm. ekki þurft annað en líta í 13. gr. fossalaganna frá 1907, eina gr., sem skírskotað er til í till. Þar er svo fyrir mælt:

> *„Stjórnarráð Íslands ákveður í hvert skifti, hversu mikið skuli af hendi látið samkvæmt 12. gr.“*

Hjer er því í lögunum sjálfum algerlega ákveðið, hversu að skuli farið í þessu efni, og að alt skuli undir því komið, hvað stjórninni þykir henta í hvert sinn. Menn sjá því, að það, sem hjer háir mönnum, er að þeir hafa ekki lesið meira en 12. gr., því að ef þeir hefðu einnig lesið 13. gr., hefðu þeir ekki borið fram jafnvegalitla mótbáru, sem bygð er á misskilningi og engu öðru.

Hjer er því ekki um nein vandkvæði að ræða. Það er algerlega á valdi stjórnarinnar að dæma um það á sínum tíma, hve mikið hún skuli taka, og eru því engir agnúar á till. í því efni.

Þá hefir það verið tekið fram af einum hv. þm., að rjett sje að reyna fyrst að fara samningaleiðina, áður en önnur leið sje upp tekin. En jeg vil benda honum og

öðrum á, að slíkt er einmitt tilætlun till. á þgskj. 121. Samkvæmt henni fer stjórnin eftir lögunum um þetta efni, sem skírskotað er til, en í þeim er beint ákveðið í 14. gr., að samningaumleitanir skuli fyrst og fremst fara fram. Samkvæmt till. og lögunum er gert ráð fyrir, að samninga sje freistað fyrst. En svo er sagt í gr., að *„ef samningum verði ekki við komið“*, þá skuli taka fossana, að undangengnu mati. Þessi önnur höfuðástæða gegn till. er því á engum rökum bygð, fremur en hin fyrri.

Þá hefir tilvitnunin í fossalögin frá 1907 verið sumum þyrnir í augum. Hefir þeim þótt, sem hjer væri verið að teyma inn í deildina ákveðinn skilning á eignarrjettarspurningunni í fossamálinu. En eins og áður hefir verið tekið fram, þá fer fjarri, að tilætlunin væri sú, enda sje jeg alls ekki, að þann skilning þurfi að leggja í till. Það er alls ekki í þeim tilgangi vitnað í fossalögin frá 1907, heldur af því, að þar eru ákvæði um, hvernig eignarnám skuli gera á fossum. Við flm. þektum ekki önnur lagaákvæði um það. Nú hefir hv. þm. Dala. (B. J.) flutt brtt. um að fella þessa tilvísun niður, og kveðst þá munu veita till. fylgi sitt. Jeg sje nú ekki nokkurn hlut á móti því frá mínu sjónarmiði, að þessi tilvísun sje feld burtu. Jeg sje ekki annað en að það komi í sama stað niður. Stjórnin framkvæmir lögnámsgerðina samkvæmt ákvæðum laganna, hvort sem tilvísunin er í till. eða ekki. Kemur það því í einn stað niður. Ef það er hv. þm. (B. J.) geðfeldara, að tilvísunin sje ekki í till., er mjer hjartanlega sama, þótt jeg sjái ekki, að með því sje nein efnisbreyting gerð á till.

Aðalatriðið er, að landið nái skilyrðislaust og deilulaust tangarhaldi á vatnsorkunni í Soginu.

Þá vil jeg enn fremur minnast á nokkur atriði, sem komið hafa fram hjá einstökum hv. þm. Verður þá fyrst fyrir mjer hv. þm. S.-Þ. (P. J.). Hann talaði nú sem fyr eindregið móti því, að landið helgaði sjer vatnið í Soginu. Var það skiljanlegra nú heldur en við 1. umr., þar sem það er bert orðið, að hann er hluthafi í fossafjelaginu „Ísland“ og einn í stjórn þess. Áleit hann algerlega óþarft að gera eignarnám, þar sem landið hefði engin tök á að nota sjer vatnið fyrir kostnaðar sakir, en einkum lagði hann áherslu á, að ekki væri kominn tími til að taka Sogið eignarnámi, því að fyrst þyrfti að tryggja fjeð. Hjer finst mjer meir kenna þess, að hv. ræðumaður er gamall „factor“ — hann hefir um langan aldur stýrt stórri verslun (kaupfjelagi) — heldur en að hann er íslenskur þingmaður. Þrautreyndur kaupsýslumaður sjer, að varan muni hækka í verði, og er því eðlilegt, að hann vilji, sem góður stjórnari, draga söluna. Hitt er aftur minni hagsýni af landinu, að nota ekki rjett sinn sem fyrst, og ekki verður fátæku landi hagfeldara að kaupa síðar dýrara verði. Enda sagði þessi sami hv. þm. (P. J.), að ef ríkið ætlaði að virkja fossana, mætti það ekki dragast, og er þetta alveg rjett hjá honum, því að þörfin knýr á þar sem Reykjavík er, og einmitt hennar vegna er nauðsynlegt, að eitthvað sje hafist handa nú þegar. Svo sneri hv. þm. (P. J.) aftur við blaðinu og sagði, að það væri óþarft fyrir íslenska ríkið að leggja fje fram til þess að beisla Sogsfossana, hefði það annað við sitt fje að gera. Jeg skal ekki neita því, að Ísland hefir nóg við sitt fje að gera, en þar sem það er alment viðurkent, að fossavirkjun borgar sig oftast ágætlega, hví má þá ríkissjóður vor ekki leggja fje í þetta á móti Reykjavík og öðrum bæjum eða fjelögum hjer innan lands, þar sem þörfin fyrir rafmagn er mikil, bæði fyrir höfuðstað landsins og aðra bæi og sveitir hjer nærlendis? Hv. þm. (P. J.) vildi geta þess til, að virkjunin

kostaði 20—30 milj. kr. Jeg held, að hann hafi lagt of mikið í, því að eins og jeg gat um áður, kostar hestorka í Svíþjóð ekki meira en 200 kr. til jafnaðar, og í Noregi hefir hún kostað helmingi minna, þar sem best hefir staðið á. Samkvæmt þessu kostaði ekki meira en 12 miljónir að taka *alla* orku í Soginu, en nú er engin nauðsyn á að nota alt aflið í einu, og sjálfsagt að sníða sjer stakk eftir vexti. Mjer er nær að halda að hestorkan yrði ekki mikið dýrari í Sogi heldur en hún hefir verið í Noregi, þar sem vel stendur á. Aðgætandi er, að það, sem oft hleypir kostnaðinum gríðarmikið fram, er það, að gera þarf afarstóra vatnsgeyma með geysimiklum stíflum, sem kosta of fjár, en slíkir geymar gerðir af mannahöndum, munu varla hafa tekið meira en þúsundasta hluta af því, sem sá geymir tekur, er Sogið fellur úr og náttúran sjálf hefir fengið Íslendingum ókeypis, en það er Þingvallavatn. En geymirinn tryggir og jafnar því betur vatnsmegnið, sem hann er stærri. Mjer er því nær að halda, að virkjun Sogsins sje sú allra ódýrasta, sem völ er á, og er hún t. d. miklu ódýrari en virkjun Þjórsár, því að þar er enginn geymir af náttúrunnar hendi, er að haldi komi, heldur er það ýmist, að áin grynnist mjög, eða hún fer beljandi yfir bakka og eyrar. Veit jeg þó ekki betur en að útlend gróðafjelög sækist fast eftir að fá að virkja þetta breytilega stórfljót. Ólíklegt er, að Titan ætli sjer að leggja fje í þetta fyrirtæki til þess að tapa því. Þá sagði sami hv. þm. (P. J.), að það yrði snubbótt svar, sem fossafjelagið Ísland fengi við beiðni sinni um að mega virkja Sogið, ef þessi till. yrði samþykt og ekki annað. Mjer liggur það nú satt að segja í ljettu rúmi, hvað þessu erlenda fossafjelagi kann að þykja snubbótt, enda veit jeg ekki betur en að hið íslenska ríki sje engum vanda bundið þessu fjelagi. Það er útlent prangarafjelag, sem náð hefir valdi á vatni austur þar, en svo kemur það nú upp úr kafinu, að það ætlar ekki að nota þetta vatn *sjálft*, heldur afhenda rjett sinn öðrum útlendingum eða vera leppur fyrir annað fjelag. Þetta fjelag þarf því ekki að vera neinn þjóðardýrlingur Íslendinga. Slíkar mótbárur sem þessar ættu ekki að heyrast hjer, og því síður ætti ríkið að taka nokkurt tillit til þessa fjelags.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) mælti gegn till. vegna þess, að ekki lægju fyrir frumdrættir af virkjuninni, enda gæti orðið dómstólamál, hvort landið mætti taka vatnið eignarnámi. Jeg held, að það sje næg ástæða fyrir hendi, þar sem er almenningsheill sem krefur þessa, og álít jeg, að þingið sje fært um að dæma, hvort hún er fyrir hendi eða ekki. Og að það þurfi að vera til frumdrættir af mannvirkjunum tel jeg fjarstæðu eina. Annars þurfa menn ekki að vera hræddir við fossafjelagið „Ísland“, þótt það fengi þetta svar, því að fjelagið hefir náð valdi á öðru vatni, þar sem Gullfoss er, en getur að vísu ekki hagnýtt sjer hann nema leyfi þings og stjórnar komi til. Þessu fjelagi þýðir því ekki að reisa sig hátt að svo stöddu, því að svo fremi, sem það vildi streitast gegn því, að landið hagnýti sjer Sogið, sem það getur að vísu ekki, þá mundi með öllu vonlaust, að því yrði nokkurn tíma leyft að taka hjer nokkurt vatnsafl sjálfu til notkunar.

Þá sagði þessi sami þm. (E. A.), að verðið yrði nú hærra en það, sem keypt var fyrir. Þetta er nú fyrst og fremst undir samningunum komið, og svo matsmönnunum, og þótt þeir metti svo hátt, að ríkinu fyndist það ekki geta við unað, þá væri hægur vandinn að skipa yfirmatsmenn. Þetta er því ekki á fullum rökum bygt, og mun ríkið altaf geta haft yfirhöndina og gætt þess, að ekki verði okrað á vatninu. Þar sem þessi sami hv. þm. (E. A.) vitnaði í hlutafje fossafjelagsins

„Titans" og sagði það 12 milj., þá vil jeg láta þess getið, að þetta er ekki fjeð, sem lagt hefir verið fram til kaupa á fossaflinu, heldur hefir því verið safnað til þess að leggja í fyrirtækið. (*B. J.*: Þeir hafa búið sjer þetta hlutafje til með því að kalla fossana svona mikils virði). Þetta er öfugt við það, sem annar maður úr fossanefndinni segir, því að hann segir, að fjelagið hafi safnað tólf miljónum til verklegra framkvæmda, en fossaflið sjálft hefir kostað mjög lítið móti því. Þetta er því gripið úr lausu lofti.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) kvaðst ekki geta greitt þessari till. atkv. sitt af því, að ekki gæti stjórnin vitað, hversu mikið ætti að taka. Stjórnin verður búin að átta sig á því, þegar að því kemur, að fremja skal eignarnámið. Yfir höfuð fanst mjer hans ástæður vera mjög veigalitlar. Fetaði hann trúlega í fótspor hv. þm. S.-Þ. (P. J.), og taldi hann engum trúandi fyrir að virkja Sogið nema þessu útlenda fjelagi.

Jeg hefi nú athugað allar helstu mótbárur hv. þm. og sýnt fram á, að þær eru ekki á miklum rökum bygðar. Það sem mestu máli skiftir er það, að ríkið nái tökum á Soginu meðan Reykjavík þarf þess við, og áður en það stígur í verði, og áður en útlendir peningar ná meira valdi á hugum manna, bæði utan þings og innan, heldur en enn þá er orðið.

Fjármálaráðherra (S. E.): Því var beint að stjórninni, hvort nægileg heimild væri fyrir hendi til þess að taka að láni fje með virkjunina fyrir augum, og enn fremur hvort heimildin væri nægileg til þess að taka Sogið. Að því er til fyrra atriðisins kemur, vil jeg benda á, að samskonar ákvæði er í lögunum um áveitu á Flóann, og hefir það verið skilið sem nægileg trygging fyrir að taka lánið. En annars hefi jeg hugsað mjer að koma með brtt. þar sem svo skýrt er að orði kveðið, að allur vafi hverfi. — Að því er snertir síðara atriðið, þá hefir hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) farið inn á það og tekið það fram, sem jeg vildi sagt hafa. Það verður að vera nægilegt, og er það, að almenningsheill krefur þessa, og hvað mannvirkin snertir er það nóg, að það hefir verið ákveðið að reisa þau.

Um það atriði, hvað stjórnin taki mikið, þá verður hún að ákveða það í hvert skifti. Sýnist mjer, að sá skilningur á lögunum sje ekki vafasamur, að landið geti tekið Sogið.

Að því er snertir brtt. hv. þm. Dala. (B. J.), þá vil jeg lýsa því yfir, að jeg er ekki á móti henni.

Þá vil jeg enn hvetja menn til að draga ekki fossafjelagið „Ísland" á svarinu viðvíkjandi beiðni þess í fyrra. Er það hreinast að segja því afdráttarlaust, að það sje allra vilji, að landið taki Sogið, svo það skuli ekki gera sjer neina von um að fá það til virkjunar. Þetta hygg jeg vera alveg óhætt, því jeg veit, að menn úti um alt endilangt Ísland vænta þess og vona, að landið nái fullum tökum á Soginu.

Jeg skal ekki þreyta hv. deild á langri ræðu. Heimildin fyrir þessu er ljós, og þörfin brýn.

Pjetur Jónsson: Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) svaraði athugasemdum mínum og hjelt því fram, að svo framarlega sem till. þessi yrði ekki samþykt, þá væri fyrir það girt, að Reykjavík gæti hagnýtt orku úr Soginu, og yrði að snúa sjer að því að virkja Elliðaárnar. Jeg lít svo á, að rangt sje að setja þessa till. í þetta samband. Ef Reykjavík vill taka Sogið í sínar hendur, þá verður það að vera ljóst, hvort nægilegt peningamagn fáist, hvort fyrirtækið geti borgað sig, og ýmislegur annar undirbúningur að vera gerður. Að vísu verður Sogið ekki tekið eignarnámi ef till. verður

feld, nema ef bæjarstjórn óskar þess, en þá getur landsstjórnin líka gert það samkvæmt fossalögum. Ef landið og bærinn ætla að vera saman um að virkja Sogið, þá verður auðvitað að koma til þingsins kasta, hvort það vill leggja fje í þetta fyrirtæki. En slíkt ætti þá að ganga á undan þessari tillögu.

Jeg sje engan skaða að biðinni. Jeg held það heilaspuna, að vatnsafl hækki þarna í verði; jeg ímynda mjer, að það lækki heldur en hitt, eftir því sem liggur í loftinu.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) talaði um eignarnámið eins og aflið væri tekið í hestöflum, og mætti þá tempra *hestaflatöluna* eftir þörfum. Jeg er hræddur um, að hann sje ekki vel heima í því, hvað átt er við með eignarnámi. Það eru ekki ákveðin hestöfl, sem taka á, heldur fossa og strengi, lönd og stöðuvötn, ef fylgja á till. gersamlega. Máli mínu til stuðnings skal jeg lesa upp till., með leyfi hæstv. forseta:

> „Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að landið nái fullum umráðum og notarjetti á allri vatnsorku í Soginu, alt frá upptökum þess og þar til er það fellur í Hvítá, ásamt nauðsynlegum rjettindum á landi til hagnýtingar vatnsorkunni".

En fullkominn umráðarjettur er ekki nema vatnsmiðlun sje tekin með.

Frsm. meiri hl. (Gísli Sveinsson): Það er ekki sem frsm. samvinnunefndar, að jeg tala hjer. Jeg vildi að eins drepa á 2 atriði, sem komið hafa fram hjá flytjendum till.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) átaldi það, að jeg skyldi ekki geta fallist á þessa till. þar sem jeg f. h. meiri hl. nefndarinnar hefði flutt aðra till., sem hafði inni að halda í einum lið sínum heimild fyrir landsstjórnina til að lögnema Sogið. En jeg verð að líta svo á, að hjer sje alt öðru máli að gegna. Jeg taldi rjett að halda sjer við þá fossa, sem till. ræddi um, en var þess ekki út af fyrir sig fýsandi, að Sogið kæmist í ríkisins hendur, ef það hefði ekki verið fljettað inn í þá till. Í till. okkar var Sogið ekki aðal- eða eina atriðið, en hjer er það svo, og þar skilur. Orðalag er líka alt annað. Hjer er alstaðar gert ráð fyrir, að Sogið verði tekið þegar í stað. Eftir till. okkar var ekkert um það sagt, hve nær taka ætti að fara fram; stjórninni voru gefnar frjálsar hendur um það. Þar var heldur ekki gert ráð fyrir eignarnámi, heldur því, að ríkið gerði ráðstafanir til að ná umráða- og notarjetti. Það var ekki nefnt, með hvaða hætti þessu skyldi náð, en til eru margar aðrar leiðir en eignarnám. Jeg geri ráð fyrir, ef vatnsfall verður tekið, að þá náist samkomulag í flestum atriðum.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði enn fremur, að Reykjavík fengi enga vatnsorku úr Soginu, ef landið tæki það ekki nú. Þetta er alls ekki rjett. Jafnvel þó það væri fullvitað, að þeir, sem hafa umráðarjettinn nú, fengju sjerleyfi, þá væri þeim víst ekkert kærara en að fá Reykjavík að viðskiftavini. Jeg þarf ekki að minna á, að fyrir tveimur árum lá fyrir tilboð frá fjelaginu, sem ýmsum þótti girnilegt þá, en um það skal ekki frekar rætt.

Hv. þm. (B. Sv.) sagði, að ef till. væri samþykt, og þótt ekkert væri um það samþykt, að undirbúning skyldi gera, þá gerði það ekki neitt; stjórnin gæti gert þann undirbúning, sem nauðsynlegur væri, og tekið það fje, sem hún áliti að þyrfti. En til þess að stjórnin geti þetta, þarf hún fyrst að vita, hvað gera þarf, þarf að vita, hvaða undirbúnings er þörf. Og sá undirbúningur allur tæki svo langan tíma, að ekkert viðlit væri, að hann væri búinn fyr en í fyrsta lagi á næsta sumri. Það er enn óvíst, hvað taka þarf af landi, túnum, engjum, vötnum o. fl., og ekki er hægt að

ráðstafa fje í þetta fyr en áætlun er gerð, sem bygt verður á. Þetta liggur í augum uppi, og er einkennilegt að heyra menn tala um þetta eins og það gæti gerst þegar í stað. Jeg skil það vel, að fulltrúar Reykjavíkur vilji tryggja bænum vatnsorku í Soginu, en það kemur ekki til greina að virkja Sogið; hver sem það gerir, hvort sem það verður það opinbera, ríkið eða bærinn, eða fjelög, innlend eða útlend, eða einstakir menn, þá er ekki hægt að gera það svo, að Reykjavíkurbær fari varhluta af því rafmagni, sem þar verður framleitt. Ef bærinn vill fá notarjett að Soginu þá er sjálfsagt, að landsstjórnin styðji hann að því og taki það þá fyrir bæjarins hönd, en þar kemur ekki til þingsins kasta, því heimild er til slíks áður í lögum.

Till. samvinnunefndar, sem feld var hjer, og það af þeim mönnum, sem nú bera fram þessa till., leyfði stjórninni að halda áfram rannsóknum í Soginu. Nú er orðið of seint fyrir þingið að láta nokkuð uppi í þessu efni, en það verður að ganga á undan. Engir peningar eru til taks, og ber þá alt að sama brunni, að þetta getur ekki gengið fyrir sig í fljótum hasti.

Alþingi á nú að koma saman á næsta vetri, eftir upplýsingum hæstv. forsætisráðh. (J. M.). Það verður þá fyrir þann tíma, sem nokkur undirbúningur getur farið fram. Jeg sje því ekki, hvað sje á móti því, að landsstjórnin taki málið til athugunar og undirbúnings, því að engu er spilt, þetta er enginn dráttur á málinu. Þá fæst vissa fyrir því, hvað gera þarf ef nokkuð á að gera, og hvað fram eigi að fara, ef nokkuð á yfirleitt fram að fara. Jeg skil varla í því, að fulltrúar Reykjavíkur vantreysti stjórn sinni, því að báðir munu þeir styðja hana, og auk þess er hæstv. forsætisráðh. (J. M.) þm. Reykv., og búast má við, að hann verði við stjórn að minsta kosti til næsta þings, og má þá gera ráð fyrir, að hann láti ekki undir höfuð leggjast að gera þann undirbúning, sem nauðsynlegur þykir. Jeg ætla þess vegna að leyfa mjer að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

„Í því trausti, að landsstjórnin

1. *athugi ásamt öðrum atriðum vatnamálanna, hvort eða hvernig ráðlegt sje eða tiltækilegt, að ríkið nái fullum umráðum eða notarjetti á allri vatnsorku í Soginu eða á nokkrum hluta hennar, og leggi niðurstöðu sína hjer að lútandi fyrir næsta Alþingi, og*
2. *láti halda áfram mælingum þeim og rannsóknum um vatnsorku o. fl. í Sogi, sem byrjað hefir verið á,*

tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá“.

Um leið og jeg athendi hæstv. forseta þessa dagskrá, skal jeg láta þess getið, að mjer þykir ekki óviðeigandi að vísa vatnamálunum yfirleitt til stjórnarinnar. Hjer er það skýrt og ótvírætt sagt, að stjórnin skuli leggja niðurstöðu sína fyrir næsta Alþingi, og er henni ekki gefið undir fótinn með drátt á málinu. Jeg hefi áður tekið það fram, að nú er komið í eindaga með þessi mál á þessu þingi, og er því stjórnarundirbúningsleiðin sú eina, sem opin er. Og það dylst víst engum, að rannsókn á Soginu er nauðsynleg, hvernig sem annars fer um þessi mál. Jeg vænti þess því fastlega, að þessi rökstudda dagskrá verði samþykt.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi leiðrjetta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), um dýrleika vatnsafls í Þjórsá. Jeg flutti það hjer fram til að sýna skaðlegar afleiðingar fossabrasksins, þar sem „Titan“ hefir nú þyrlað þessum svo nefndu rjettindum sínum til Þjórsár upp í 12 milj. kr. Þeir telja hlutafje sitt

12 miljónir, en það er á allra vitorði, að sú fúlga fæst að eins með því móti að reikna rjettindin svo hátt. Þetta eru sterkustu meðmæli með því, að landið taki Sogið nú þegar í sínar hendur. Hv. þm. (B. Sv.) fann að þessu, eins og það væri skaðlegt fyrir till. En eins og jeg hefi nú sýnt, þá eru þessar athuganir gagnlegar till. og meðmæli með henni. Það þýðir ekki að láta skeika að sköpuðu og láta erlenda og innlenda fossabraskara þyrla upp verðinu áður en landið tekur vatnsaflið í sínar hendur.

Brtt. mín um að fella burt tilvitnun til fossalaganna frá 1907 hefir mætt andblæstri, og þykir mjer það alleinkennilegt. Þegar stjórn er skipað að ná einhverju á vald sitt, þá þarf ekki að vitna í heimildir; hún er einfær um að finna þær sjálf. Og allra síst á að vitna í þær heimildir, sem orka tvímælis. Þegar þetta er tekið burt, þá verður till. góð og gild, og get jeg vel sætt mig við það, sem eftir er. Kemur þá alt vel heim með þeim hætti sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði. Þegar stjórnin siglir með lög til staðfestingar í haust, þá getur hún hitt að máli þá menn, sem umráðarjett hafa yfir Soginu. Þar á jeg sjerstaklega við cand. Magnús Jónsson, sem á Úlfljótsvatn, en þar yrði helst leitað á um virkjun á Soginu. Stjórnin gæti fengið landið hjá honum og samið við hann um að fara í mál út af eignarrjettinum yfir vatninu sjálfu; þá verður eignarþrætan útkljáð með dómi, og er stjórnin skyldug til að sjá hag ríkisins borgið, og hlýtur að gera það áður en nokkur fær leyfi til virkjunar.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) drap á till., sem feld var hjer, og sín orð þá. Mig furðar á, að stjórnin skuli veigra sjer við að fara í mál, þó að hún hafi einhverja sjerstaka lögfræðisskoðun á þessu máli. Jeg get bent á sænsku stjórnina í þessu sambandi. Hún á altaf í málum út af vötnum, og sumum tapar hún og sum vinnur hún. Hún lætur það ekkert á sig fá, en heldur áfram að fara í mál, því það er skylda hennar að láta ekkert ganga úr greipum ríkisins að óreyndu. Það sama hafði jeg hugsað mjer um þessa stjórn. Þó hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) lýsti sínu áliti, þá getur það ekki bundið stjórnina á nokkurn hátt, því hún á enga skoðun að hafa á dómsstólaatriði fyrirfram. Það er stundum tími til að tala, en það er líka tími til að þegja, og hefði hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) vel mátt hafa þessa reglu í huga áður en hann reis hjer upp og talaði.

Jeg vona, að brtt. mín verði samþykt, því þá er óhætt að samþykkja hina till. líka. Annars hefðu menn getað sparað sjer alt þetta, ef þeir hefðu haft vit til að samþykkja þá till., sem samvinnunefnd bar fram um þetta efni.

Jörundur Brynjólfsson: Það eru nokkur orð í ræðu hv. þm. S.-Þ. (P. J.), sem gáfu mjer tilefni til að standa upp. Hann sagði það rangt að setja Sogið eða þessa till. um það í samband við rafmagnsþörf Reykjavíkur. Þessu verð jeg að mótmæla eindregið. Ef sú ákvörðun yrði tekin, að landið slepti hendinni af Soginu, þá yrði Reykjavík að láta sjer nægja að setja á stofn þessa litlu og rándýru stöð við Elliðaárnar, sem um hefir verið rætt.

Þá sagði hv. þm. (P. J.), að ekki þyrfti áskorun frá þinginu um þetta efni; það nægði, ef bæjarstjórn óskaði þess við landsstjórnina, að Sogið yrði tekið. Þetta tel jeg mjög hæpið; að minsta kosti talar reynslan ekki fyrir því. Bærinn fór einmitt fram á þetta 1917, en stjórnin hefir hvorki hreyft hönd nje fót til að verða við þeim tilmælum.

Um frv. hv. þm. Dala. (B. J.) 1917 er það að segja, að því var vísað til stjórnarinnar með þeim tilmælum, að hún athugaði það í fossamálinu, sem frv. fjallaði um.

Það, sem gert hefir verið, hefir milliþinganefndin gert, en henni var ekki falið að athuga þetta atriði. Stjórnin hefði þó vitanlega átt að láta athuga þetta atriði líka, en henni láðist að gera það. Jeg hefi sjeð erindisbrjef nefndarinnar, og mig minnir, að ekki sje hægt að ráða af því, að stjórnin hafi ætlast til þessa.

Háttv. þm. (P. J.) gat um, að óvíst væri, hve mikið þyrfti að taka. Jeg held, að fara megi nokkuð nærri um það. Fossafjelagið „Ísland" hefir látið sjerfræðinga gera áætlanir og mælingar, og held jeg, að óhætt sje að fara eftir þeim. Jeg hygg, að þar megi fá allgóðar upplýsingar. Jeg er ekki á móti því, að Sogið verði rannsakað, en jeg vil ekki, að það yrði má ske til þess, að landinu verði dýrara að taka Sogið.

Jeg skal geta þess, að Reykjavíkurbær á nokkurn hluta í Soginu; og því er enn meiri ástæða til að hefjast handa sem fyrst, þegar litið er á, hvernig ástatt er fyrir bænum. Hann bíður stórtjón við hvert ár, sem dregst, að hann fái rafmagn; því hafa verið miklar ráðagerðir um að nota vatnsaflið í Elliðaánum til raforkuveislu til bæjarins, og allmilklar rannsóknir verið gerðar í því skyni. Hefir það komið fram við þessa rannsókn, að mesta nevðarúrræði er að þurfa að hverfa að því ráði. Það kostar of fjár í samanburði við hvað í aðra hönd fæst, og hlýtur því raforka úr Elliðaánum að verða afardýr fyrir hagnýtendur hennar. Það hefir verið áætlað, að það mundi kosta rúmar 3 miljónir króna að koma upp 40,000 hestorkna stöð við Sogið, en að í Elliðaánum mundi 1000—1500 hestorkna stöð kosta litluminna.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) bar upp rökstudda dagskrá, sem fer í svipaða átt sem tillaga okkar, en er ekki eins ákveðin. Hv. þm. (G. Sv.) drap á, að rannsókn vantaði til þess, að hægt væri að láta eignarnám fara fram á skynsamlegan hátt. Þetta er ekki alls kostar rjett, og áreiðanlega gert alt of mikið úr þeim agnúa. En jeg vil, að landsstjórnin láti rannsaka það, sem á kann að þykja vanta, og jeg efast ekki um, að hún muni gera það.

Hv. þm. (G. Sv.) gat þess, að nú væri ekki fje fyrir hendi til þess að hefja framkvæmdir við Sogið. En víst má telja, að svo skjótt verði ekki hægt við að snúast, að stjórninni vinnist ekki tími til þess að útvega fjeð, ef hún vill sýna dugnað; en jeg er hræddur um, að á það kunni að bresta, ef hún hefir ekki ákveðna skipun til þess.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. (G. Sv.) drap á, að í tillöguna vantaði heimild handa stjórninni til að láta rannsóknina fara fram, þá má fyrir síðari umr. bæta því við, ef þurfa þykir.

Það er ekki tilætlun okkar, að stjórnin hlaupi í að framkvæma alt það, sem farið er fram á í tillögunni, hvernig sem á stendur, en við ætlumst til, að hún vindi bráðan bug að því að athuga málið og rannsaka, og verður að treysta því, að hún að því búnu framkvæmi það, sem hún telur hyggilegast og samkvæmast vilja þingsins.

Jeg hefi ekki á móti tillögu hv. þm. Dala. (B. J.) og get greitt atkvæði með henni. Aðalatriðið fyrir mjer er, að umráðarjettur ríkisins yfir Soginu sje trygður.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hefi, eins og hv. deild er kunnugt, ekki blandað mjer mikið inn í hinar miklu umræður um fossamálið. Jeg er hvorki lögfræðingur „af prófi eða náð", og læt því lögfræðisspurningarnar liggja milli hluta. En jeg hefi verið vanastur við að fást við framkvæmdir ýmissa mála, og jeg hefi töluvert hugsað um framkvæmdir tillagna þeirra, sem komið hafa fram í fossamálinu, og þá líka þessa tillögu. Jeg sje ekki betur en að þetta „nú þegar" í tillögunni hljóti að taka alllangan tíma. En hins vegar geri jeg ráð fyrir, að flutningsmenn tillögunn-

ar fari fram á, að brátt sje byrjað á einhverjum framkvæmdum, en þeir verða sjálfsagt að sætta sig við fyrst um sinn, að framkvæmdirnar verði fólgnar í rannsóknum og undirbúningi. Það má gera ráð fyrir, að skortur verði á innlendum mönnum til að vinna að rannsóknunum og undirbúningnum; flestir þeirra, sem til þess eru hæfastir, munu hafa ærið nóg að starfa. Það getur því rekið að því, að fá verði útlendinga til að vinna að þessu, og tefur það að líkindum nokkuð fyrir framkvæmdunum, að menn eru ekki hjer fyrir hendi til að vinna að þeim. Auk þess fer nú vetur í hönd, og þegar hríðar eru komnar og snjór, verður erfitt að rannsaka til hlítar landslag og aðstöðu alla. Er því ekki annað fyrirsjáanlegt en að rannsóknin verði að meira eða minna leyti að dragast til næsta sumars. Þó er af annari hálfu gert ráð fyrir, að stjórnin leggi málið fyrir næsta þing. En eftir því, sem málið horfir við mjer, sýnist mjer hæpið, hvort svo muni geta orðið, einkum ef þingið kemur saman ekki allseint á næsta vetri. Að þessu leyti þykir mjer dagskrá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) aðgengilegri; hún er ekki eins tímabundin eins og tillagan.

Þetta, sem jeg hefi sagt, er að eins skoðun mín sem þingmanns, en eigi sem ráðherra.

Einar Jónsson: Eins og öllum er kunnugt, var það fyrirsjáanlegt, að mörg stórmál mundu koma fyrir þing þetta, og eitt af þeim er fossamálið. Margir höfðu búist við því og spáð því, að það mundi verða betur undirbúið en önnur mál, sem fyrir þingið yrðu lögð, þar sem það hafði ein tvö ár verið til meðferðar í milliþinganefnd. En þrátt fyrir þetta sýnast þó vandræðin ætla að verða mest með þetta mál. Það er hörmulegt til þess að vita, að fossanefndin, jafngóðum mönnum sem hún er skipuð, skyldi ekki komast að annari niðurstöðu en að lenda út í eignarrjettarspursmálið og sitja þar föst; mun það þó ekki hafa verið lagt fyrir hana að fást við það. Af hinum skammarlega löngu ræðum undanfarna daga, og að miklu leyti óþörfu málalengingum, hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að aldrei hefði átt að hreyfa við þessu spursmáli; það var líka allsendis óþarft, því að almenningur hefir fyrir löngu útkljáð það sín á milli.

Eftir alla þá tugi þúsunda króna, sem eytt hefir verið í þetta mál, ætlar það að engu að verða í höndunum á þinginu, og það af því einu, að nefndin vakti upp þennan óþokkadraug, sem þingið hefir einlægt verið að glíma við. Það er hörmulegt, að svona skyldi fara. Nú höfum við fengið yfirlýsing frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), af hverju allur þessi háski stafi. Hann segir, að það komi til af því að sæti hafi átt í milliþinganefndinni hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), því að þeim geti aldrei komið saman um nokkurn hlut, og þá var svo sem vitanlegt, að þeir mundu finna sjer til eitthvert ágreiningsefnið. Þetta held jeg að sje rjett athugað, og það var ljóta slysnin af stjórninni að setja þá saman í nefnd þessa. En skaðinn er nú skeður, og tjáir ekki um að tala. En til að gera nefndinni ekki eintóma skömm, þá held jeg, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafi hitt besta ráðið og hyggilegasta með tillögu sinni, til að sýna, að í raun rjettri hafi ekkert verið gert í málinu. Þó er þetta má ske ofurlítið ofmælt, því eftir því, sem mig minnir, lítur út fyrir, að almenningarnir ætli að fljóta ofan á. Það hefir komið fram í umræðunum, að um eignarrjettarspurninguna þurfi ekki að ræða, því að hún væri ákveðin og afgerð í lögum, og hefði nefndin því ekki þurft að fara neitt út í það, og með því vekja alla þessa þrætu, sem líklega leiðir það af sjer, að fossagullnám-

an verður að líkindum ekki opnuð um langan tíma enn. Það er undarlegt, að þar sem við kveinum og kvörtum yfir þungum skattaálögum, getum við þó horft á þessa gullnámu ónotaða, eða að minsta kosti sýnist hv. þm. Dala. (B. J.) ekki sjerlega ant um, að flýtt sje fyrir að ausa fje úr henni.

Mjer hefði ekki dottið í hug, að tímanum hjer yrði varið til þess að taka upp dag eftir dag sömu atriðin og vera sí og æ að stagast á því, hvaða hætta þjóðerninu væri búin af innflutningi útlendinga. Jeg er orðinn þreyttur að hlusta á alt þetta mas, og hefi ekki annað að segja en það, sem aðrir eru búnir að segja, en mjer dettur ekki í hug að eyða tímanum í þann óþarfa. Það mega þeir gera fyrir mjer, sem gaman hafa af því.

Jeg skal svo enda þessa stuttu ræðu með því að segja, að það sje best að láta þá endalykt verða á öllu þessu mikla máli, að gera ekki neitt, og því skulum við samþykkja dagskrá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.); þá getum við sagt kjósendunum, þegar heim kemur, að eftir öll afrek millipinganefndarinnar hafi þingnefnd setið með sveittan skallann yfir málinu mestallan þingtímann, og að mestu ósköp hafi verið talað um málið í þingdeildinni, en að alt hafi endað með því, að málið sitji í sama farinu, eins og þegar á því var byrjað.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Það, sem mest er haft á móti tillögu þessari, er að undirbúning vanti til þess, að hún verði framkvæmd, og í öðru lagi, að það mundi hafa svo mikinn kostnað í för með sjer að framkvæma hann, að ekki væri gerlegt að ráðast í það að sinni.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hefir að vísu svarað þessu hvorttveggja vel og rækilega. Þó vil jeg víkja lauslega að kostnaðaratriðinu og erfiðleikum fyrir ríkið við að ná Soginu í sínar hendur; því að svo mikil áhersla hefir verið lögð á þessa erfiðleika af mótstöðumönnum tillögunnar. Mjer finst andmælendurnir hafa gleymt því, að landið sjálft á töluvert land að Soginu; það á bæði Kaldárhöfða og Syðri-Brú. Í landi þeirrar jarðar er bæði Kistufoss og Írafoss, og í Kaldárhöfðalandi eru strengirnir og hávaðarnir, þar sem Sogið fellur úr Þingvallavatni. Það er því töluvert vatnsafl, sem ríkið hefir yfir að ráða í Soginu, og ekki þarf það að kaupa land að því, þar sem það á það sjálft. Auk þess er það í almæli, að maður sá, sem á mest af Soginu og landi að því, Úlfljótsvatn, hafi oftsinnis látið það í ljós, að hann kysi helst, að landið eignaðist sinn hluta af því. Það mun því vera auðvelt að komast að samningum við hann með sanngjörnum kjörum. Það liggur í hlutarins eðli, að fyrst muni lagt út á samningaleiðina, og því að eins, að viðunandi samningar náist ekki, mun eignarnám verða látið fara fram. Það er því að gera úlfalda úr mýflugu, þegar verið er að tala um þennan ýkjakostnað við framkvæmd tilllögunnar. Hjer mun ekki vera að ræða um meira en 40—50 þúsund króna kostnað, sem af eignarnáminu mundi leiða, ef miðað er við leigusamningana, og ef tilætlunin er sú, að virkja Sogið, þá mundi þessi kostnaður margborga sig og ætti ekki að geta verið þinginu þyrnir í augum. Það er nú orðið vant við að ráðstafa stærri upphæðum en þetta.

Að vísu kemur fleira til greina. Fjelag það, sem hefir haft Sogið á leigu, hefir borgað leigu af því síðan 1909, og mun sú upphæð vera orðin yfir 20,000 kr.; þessa upphæð geri jeg ráð fyrir að yrði að endurgreiða; sömuleiðis borga því fje það, sem það hefir lagt út til rannsókna, en það mun ekki mikið vera. Aðalatriðið í þessu máli er, að nauðsynlegt er að fá yfirráð yfir Soginu, og það sem allra

fyrst. Knýjandi nauðsyn kallar hjer að, einkum fyrir Reykjavík, sem að öðrum kosti mun neyðast til að taka að virkja Elliðaárnar, þótt miklu sje dýrara og óhagkvæmara en ef bærinn gæti fengið raforku úr Soginu.

Jeg skal geta þess, að ágiskun sú, sem komið hefir fram um það, hvað kosta muni að virkja Sogið, er snögt um hærri en ástæða er til, að minni ætlan. Jeg hefi virt fyrir mjer vatnsorkustöðvar nokkuð víða á Norðurlöndum, og hvergi getað komið auga á jafnákjósanlega aðstöðu sem við Sogið. Má því ólíklegt telja, að hestorkan yrði dýrari, virkjuð í Soginu, en þar sem best er aðstöðu í Noregi, eða um 100 kr., miðað við verðlag fyrir stríðið; og ef það er rjett, sem verkfræðingar ýmsir telja, að kostnaðarauki á efni og áhöldum sje nú 50—80% frá því, sem þá var, virðist virkjunarkostnaður Sogsins eigi geta orðið neitt svipaður áætlunum þeim, sem hjer hafa verið gerðar. Væru tilgátur verkfræðinganna rjettar, ætti kostnaðurinn ekki að verða nema 6 milj. króna við að koma upp 60,000 hestorkna rafstöð við Sogsfossana.

Þegar alt þetta er athugað, finst mjer óvenjumikil ástæða til að vinda bráðan bug að því að hefjast hjer handa, og óneitanlega ættu kjörin að vera ólík fyrir Reykjavík, borið saman við það, að byggja 10—15 hundruð hestafla stöð við Elliðaárnar fyrir 2—3 miljónir króna

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vill með rökstuddri dagskrá skjóta málinu til stjórnarinnar til frekari undirbúnings. Það gæti komið til mála að samþykkja slíka dagskrá, ef vafasamt væri, hvort Sogið væri nýtandi til virkjunar. En nú liggur fyrir yfirlýsing verkfræðinga um, að það sje hið ákjósanlegasta til slíkra hluta. Þetta yrði því að eins til að tefja málið, en það má ekki henda. Brýn nauðsyn er að gera þegar tilraun til samninga, nú á þessu hausti, og má það vel verða, er forsætisráðherra fer utan.

Brtt. hv. þm. Dala. (B. J.), um að fella burtu úr þingsályktunartillögunni tilvitnunina í fossalögin 1907, er í raun inni tómur naglaskapur, því að lögnámið hlýtur að fara fram eftir þeim, ef til kemur. En vel get jeg gert honum það til geðs, að greiða atkv. með henni, því að niðurstaðan verður sama og eftir þessum lögum farið, ef á þarf að halda. Aðalatriðið er, að landið fái umráðin yfir Soginu, óskoruð, og engin smávægileg formsatriði í tillögunni mega aftra því.

Öðrum eins kjörgrip og Sogið er má ríkið aldrei sleppa í hendur útlendinga. Hitt getur aftur á móti komið til mála, að það virki fossana í samvinnu við útlenda, þó því að eins, að það hafi með öllu yfirtökin.

En þegar svo langt er komið málinu, að ríkið hafi umráð yfir vatnsafli Sogsins, má fara að taka það mál til nánari yfirvegunar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal nú ekki lengja mikið þessar umr.

Að eins vil jeg ráða hv. þingdm. til að fella þessa rökstuddu dagskrá.

Það er vegna þess, að jeg tel það mjög óráðlegt að gefa undir fótinn með það, að ekki eigi að taka Sogsfossana í landsins þjónustu. Það *mál er einfalt.*

Frsm. meiri hl. (Gísli Sveinsson): Það var að eins stutt athugasemd. Það má undarlegt heita, að þótt hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hafi nú átt sæti í stjórninni svo lengi, sem raun er á, þá skuli hann ekki hafa hugmynd um, hvað slík mál sem þessi þurfa mikinn undirbúning.

Það má furðu gegna, að hann skuli leyfa sjer að mæla með því, að þetta verði gert undirbúningslaust, í stað þess að fara

rjettu leiðina, sem bent er á í dagskránni, því að það má telja vafalaust, að undirbúningurinn taki að minsta kosti næsta vetur, ef vel á að vera. Dagskráin fer því alls ekki of langt, að því er frestinn snertir, ef ætlast er til, að ábyggileg niðurstaða fáist.

En það þýðir víst ekki að deila við hæstv. fjármálaráðherra (S. E.).

Hann hefir leyfi til að gera sínar till. hjer, þótt ekki sje hann þm. í þessari deild, hversu vanhugsaðar sem þær eru.

En jeg treysti því samt, að hv. þingdeildarmenn hafi hugmynd um, hvað hjer er að gerast, og þeir viti, að þetta mál þarf undirbúnings við, þótt hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hafi enga hugmynd um það.

Fjármálaráðherra (S. E.): Þetta eru ekki annað en grýlur hjá háttv. frsm. (G. Sv.), að svo mikinn undirbúning þurfi, svo framarlega sem menn eru sannfærðir um það, að landið eigi að taka fossana í sínar hendur. Dráttur í þessu máli mundi gera landinu þetta margfalt dýrara Og því á þá að bíða. Ef fossarnir eru teknir nú, þá getur varla þurft að gefa stórmikið fje fyrir þá.

Jeg er sjálfur kunnugur einum manni, sem á mikið af þeim löndum, sem að fossunum liggja, og veit jeg, að hann muni fús á að selja sinn hluta. (*G. Sv.*: Fyrir hvað?). Það er mjer ekki kunnugt um. Annars þykist jeg ekki þurfa að svara stóryrðum hv. frsm. (G. Sv.).

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. V.-Sk. (G. Sv.) feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. Þ., Þór. J., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., M. G., M. P , P. J., Ó. B.

Alþt. 1919. B.

nei: P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., H. K., J. B., M. Ó.

J. M. og S. St. greiddu ekki atkv.

Einn þm. (E. J.) fjarstaddur.

Brtt. 879. samþ. með 15 : 2 atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 13 : 2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 13 : 3 atkv.

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. sept., var till. tekin til síðari umr. (A. 936, 954, 958).

Forseti: Til þess að brtt. á þgskj. 958 og 954 komist að þarf að leita afbr. frá þingsköpum. Að fengnu leyfi ráðherra leyfi jeg mjer að bera það upp.

Afbrigðin samþ. með 18 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K , Ó. B.

nei: E. J., G. Sv., P. J., Sv. Ó., E. A.

Þrír þm. (Þorst.J., B. St. og E. Árna.) fjarstaddir.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg bið forseta að fyrirgefa, en það er eins og mig minni, að lántökur sje ekki hægt að fela stjórninni nema með lögum. Nú felst lántökuheimild í brtt. á þgskj. 958, og sýnist mjer því, að hæstv. forseti vísi henni frá.

Forseti: Þrátt fyrir það, þótt samþykt hafi verið, að brtt. á þgskj. 958 kæmist að, samkvæmt undanþágu frá þingsköpunum, þá eru þó á henni aðrir gallar, sem brjóta í bág við 26. gr. stjórnarskrárinnar, og getur hún því ekki komið til meðferðar í deildinni.

Pjetur Jónsson: Jeg hefi hugsað mjer að láta ekki þessa till. hverfa svo úr deildinni, að jeg minnist ekki á hana og fossamálið yfirleitt. Jeg hefi hvort eð er ekki lengt mikið umr. á þessu þingi.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) var við fyrri umræðuna að tala um þá þm., sem fossafjelögin hefðu tangarhald á. Hann fór að vísu fremur meinleysislegum orðum um þetta. En hv. þm. Dala. (B. J.) hefir aftur kveðið fastara að, því hann hefir bæði talað um þm. og utanþingsmenn, sem ánetjaðir væru fossafjelögunum, og hefir hann farið þeim orðum um þessa menn, eins og þeir væru einhver versta tegund föðurlandssvikara og landráðamanna. Mjer hefir fundist þetta undarleg aðferð. að kasta slíkum ásökunum út eins og í bláinn. Hitt hefði verið sök sjer, að beina þessu beint að mjer, því jeg veit ekki til, að aðrir hv. þm. sjeu riðnir við nein fossafjelög á neinn hátt. Það má kann ske segja, að það fjelag, sem jeg er stjórnandi í, hafi einskonar tangarhald á mjer, og þá er þar að mjer að ganga. En sje verið að víkja þessu að öðrum líka, af einhverskonar hlífð við mig, svo jeg sje ekki eins úr merktur, þá er það óþarfi og mjer engin þægð í slíku. Jeg kveinka mjer ekki, þótt jeg sje borinn slíkum brigslum, því jeg mun halda uppi sóma mínum fyrir þeim. En svo má og vera, að þetta sje gert í enn lakari tilgangi, eða í þeim tilgangi, að koma inn hjá einföldum mönnum skaðlegum hleypidómum. Útlendir menn, útlend auðfjelög og innlendir leppar, það eru slagorðin, það eru meðulin, sem notuð eru til þess að smeygja þessum hleypidómum inn í fólkið; býst jeg við, að þau meðul hafi nokkur áhrif. En allir sjá, hversu bardagaaðferðin er lúaleg, því þessir hleypidómar munu, eins og allir aðrir hleypidómar, gera það eitt, að villa mönnum sýn á því, sem rjett er. Jeg skal játa það, að fossafjelög og önnur samskonar fjelög geta verið misindisstofnanir, að jeg ekki tali um fossaprangara. En það geta líka verið heiðarleg fjelög, og það er nauðsynlegt fyrir okkur að líta á þetta hleypidómalaust, til þess að geta notfært sjer þau fjelög, sem að gagni geta orðið og heiðarleg eru. Hjá öðrum smærri þjóðum hefir oftast til að byrja með verið notað erlent fje og þekking til þess að koma í framkvæmd stærstu þarfafyrirtækjum, og eigi verið hneykslast á því. En nú eru það þeir, sem hæst gala sem reyna að fæla menn frá slíku með allskonar forynjum í þessu efni. Í þessu er skamt öfganna á milli. Það er ekki langt síðan þeir, sem höfðu hæst, básúnuðu auðsuppsprettur landsins og töldu ekki annað vanta en nóg fje og fólk frá útlöndum til þess að notfæra þær. Báðar þessar öfgar eru álíka heimskulegar og skaðlegar.

Nú vil jeg víkja að því máli, sem þessi till. gefur tilefni til. Mín skoðun er sú, að ekki sje rjett að vinna á móti því, að einhverjir hinna stærri fossa verði teknir til virkjunar. En hitt er líka rjett, að mínu áliti, að ekki mun heppilegt að hleypa af stað mörgum slíkum fyrirtækjum í náinni framtíð. Jeg álít ekki heldur, að þetta fossafl sje svo mikil fjeþúfa, að hingað sæki fólk frá útlöndum í stórhópum, þegar litið er á afstöðu landsins og landsháttu. Hitt sýnist mjer líklegra, að örðugt verði að fá nægilegt fólk til stóriðju hjer, hvort heldur er útlent eða innlent.

En hverjir eiga að virkja fossana? Þar er ágreiningurinn um, hvort það eiga að vera fjelög og einstakir menn eða ríkið,

hinn eiginlegi ágreiningur. Næsta spurningin verður því: Hver á að virkja Sogið? Mörgum virðist það sjálfsagt, að ríkið geri það, og byrji svo fljótt, sem verða má. Jeg vjek að því við fyrri umr. þessa máls, að jeg væri ekki ósammála þeim, sem vilja láta ríkið virkja, ef það væri fært um það og gæti gert það fljótt. En ef málið er betur athugað, þá verður niðurstaðan sú, að ríkið er ekki undir virkjun búið af eigin ramleik eingöngu á næstu árum eða jafnvel áratugum. Jeg hefi drepið á það áður, að virkjun Sogsins mundi kosta 20—40 miljónir. Þessu hefir verið mótmælt af hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), en jeg held, að áætlun hans sje ekki rjett.

Nokkrum árum fyrir stríðið kostaði í allri Evrópu til jafnaðar yfir 400 kr. að virkja hestaflið. Það er enginn vafi á því, að nú mun það þrefalt dýrara. Vinnukraftur er þrefalt dýrari, og er ekki útlit fyrir, að hann lækki í bráð. Flutningur allur, járnbrautarlagning og rekstur er sennilega einnig þrefalt dýrari, og mun flest annað fara eftir því. Hjer er einungis miðað við meðalverð í Evrópu þá, en sennilegt er, að hjer verði kostnaður meiri, frekar en minni. En tökum nú bara 400 kr. á hestafl. Ef virkja á 60 þús. hestöfl, þá kostar það 24 miljónir. Þá er leiðsla til hafnar og nágrennis, til þess að koma orkunni í gagn, og nemur það aldrei minnu en 6—10 miljónum. Svo er einnig iðjuver, til þess að öll orkan verði notuð, og jafnframt þarf að fá járnbraut.

Af þessu ætti það að vera ljóst, að hjer er ekki um litlar upphæðir að ræða, sem taka þarf að láni. Og hvaða veð hefir landið að bjóða gegn láni til slíks, auk annara lána, sem óhjákvæmilegt er að fá? Jeg sje ekki betur en að landið verði að binda sig með húð og hári, ef það á að setja veð fyrir 30—40 miljónum, eða jafnvel miklu meira.

Í „principinu" hallast jeg að ríkisvirkjun, eins og áður er drepið á. En jeg get ekki verið með henni fyr en ríkið er fært um að leggja út í hana, hefir kringumstæður til þess. En nú er það ekki fært um það, hefir ekki fjeð, ekki vinnukraftinn og ekki sjerþekkinguna, sem með þarf. Þetta verður að fá að miklu leyti frá öðrum. Jeg verð því að telja ríkisvirkjun á þessu stigi málsins hreinustu „Svindel"-hugsun.

Jeg mintist á við fyrri umr., að virkjun í stærri stíl væri hugsanleg með samvinnu milli ríkisins og einhvers fossafjelags með útlendu fje. Jeg ætla ekki frekar að rekja þá hugsun. En hún er engin goðgá, engin föðurlandssvik, ekkert „Svindel".

Mig furðar á því, að sú galgopahugsun, sem er undirstaða þessarar þingsályktunartillögu, skuli hafa fengið jafnmörg atkv. hjer og raun er á orðin, en nú vona jeg, að menn sjái sig um hönd.

Bjarni Jónsson: Mjer er líkt farið og hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að jeg vil ekki láta þetta mál fara svo í gegnum deildina, að jeg láti því ekki fylgja nokkur orð. Og þar sem hann hefir nú litið á það með þeim hætti, sem orð hans lýstu, þá vil jeg ekki láta það fara svo út úr neðri deild Alþingis, að ekki verði litið á það íslenskum augum.

Jeg vil geta þess, að inngangi, að jeg þykist hafa orðið þess var, að hv. þm. sje það ljóst, að nauðsynlegt er, að löggjöfin hafi glögt yfirlit yfir þarfir og skyldur þjóðarinnar, engu síður en landsstjórnin. Jeg hefi sjeð, að menn hafa haft opin augun, þegar þeir hafa beint þeim út á við. Þeir hafa staðist þær árásir, sem gerðar hafa verið á hag og sóma þjóðarinnar í utanríkismálum á þessu þingi. Jeg læt mjer nægja að nefna eitt dæmi —sendiherrann. Þingið hefir nú veitt honum svo virðulegt nafn og stöðu, að hann getur þess vegna unnið að því, sem honum er

ætlað, þótt einstakir þm. ljeti glepjast af lítilmótlegu og fávíslegu þvaðri um það mál. Jeg hirði ekki að nefna fleiri dæmi, en treysti því, að þetta yfirlit reynist landinu happadrjúgt í framtíðinni.

En það er ekki síður þörf, að menn hafi yfirlit yfir þarfir þjóðarinnar í innanlandsmálum. Jeg ætla að benda á tvær hliðar — skólamál og menta og vísinda annars vegar, og atvinnumál á hina hliðina. Það er nauðsynlegt, að skipulag sje á þessum málum, og má ekki lengur una við það tildur í skólamálum, sem nú er. Börnum og unglingum er skipað að læra graut í hinum og þessum tungumálum og fá nasasjón af mörgum námsgreinum, en það verður til þess, að þau ösla á hundavaði yfir hæstu námsgreinar, án þess að kunna eða skilja nokkuð til hlítar. Nú skilst mjer, að menn sjeu komnir á þá skoðun, að það, sem kent sje, verði kent svo, að að gagni komi, kent svo, að nemendur læri að læra, skilja og kunna, og sje ekki hafðar til þess erlendar tungur eða því um líkt, heldur einkum móðurmálið. Þingið hefir fengið það yfirlit í þessu máli, sem nauðsynlegt er. Það sýna þær áskoranir og till., sem fram hafa komið um þessi efni og verið samþyktar á þinginu, og er mjer ánægja að því, að geta sagt þetta með sanni.

Þá er jeg kominn að atvinnumálunum. Það er ekki lítið undir því komið, að menn hafi yfirlit yfir kosti og galla landsins, yfir máttuleika atvinnuveganna og hættur þær, sem þeim ógna.

Það er ekki nægilegt að einblína á einhvern einn atvinnuveg og vilja hlaða undir hann á kostnað annara. Útveg á vitanlega að efla og auka, en þó verður að gæta þess, að hann verði ekki búnaði landsins ofjarl, því að þá væri illa farið. Þingmanni er því eigi nóg að bera skyn á þann atvinnuveg einan. Þó að landbúnaðurinn fylli ekki eins gullkisturnar og aðrir atvinnuvegir, þá mun hann þó verða drýgstur til viðhalds og eflingar menningu og mentun. Þó tjáir eigi löggjafanum að líta eingöngu á hag þeirrar atvinnugreinar, heldur á heildina og hag alþjóðar. Það verður ekki sagt, að maður hafi þetta nauðsynlega yfirlit, sem sjer framtíð landsins í handiðn, þótt hún sje nauðsynleg. Því síður hefir sá yfirlitið, sem blindar augu sín með því að stara í gullsólina nýju — stóriðnaðinn. Það þýðir ekki að líta á gullið eitt, það verður að athuga það, hvaða áhrif þessi iðja hefir á aðra atvinnuvegi landsins, efnahag þjóðarinnar yfirleitt, menningu hennar og einkenni. Vjer getum í þessu efni farið að dæmi annara þjóða og þurfum því eigi að rannsaka sjálfir nje hlaupa af oss hornin. Jeg hefi áður látið prenta brjef frá norskum verkfræðingi um áhrif stóriðju í Noregi. Það er ekki hægt að telja vitnisburð þessa manns markleysu eina, því að hann er viðurkendur dugnaðarmaður og meðal fremstu verkfræðinga þar í landi, og hefir unnið við flestar stórvirkjanir í Noregi, svo sem Rjukan og víðar, og síðan verið forstöðumaður iðjuvers í Vestur-Noregi. Hans vitnisburður er sá, að stóriðjan hafi raskað svo jafnvægi atvinnuveganna, verðmæti eigna í landinu, að til vandræða horfi. Landbúnaðinum er stórhætta búin, og hefir það sýnt sig frá upphafi, því að vinnukraftur er orðinn svo dýr, að bændur hafa ekki efni til að kaupa hann og verða að láta sinn eigin nægja. Þetta eru nú áhrifin í Noregi, og býr þar þó þjóð, sem telur þrjár miljónir íbúa og hefir yfir miklum auðæfum að ráða. Og það sagði hann afdráttarlaust, að ef hjer á landi yrði leyft eitt slíkt stóriðjuver, hvað þá tvö, að eftir tuttugu ár væri eigi framar um neina íslenska þjóð að ræða. Jeg skil ekki annað en reynsla Austmanna verði til þess, að hv. þm. skoði huga sinn um afleiðingar stóriðju hjer á landi. Hjer býr fámenn og fátæk þjóð í víðlendu landi. Það er strjálbygt og samgöngur ófullkomn-

ar. Ef stóriðja risi upp, þá yrði hún til þess að draga svo fólk frá landbúnaðinum, að jarðir legðust í eyði, því að enginn væri til að reka þær. Fasteignir yrðu verðlitlar, svo enginn samanburður væri við það, sem nú er, að þeim jörðum undanteknum, sem næst lægju iðjuverinu. Þar mundu nokkrar hræður hokra, til að fylla þarfir lýðsins, sem í verksmiðjunum ynni. Stórbændur hrökluðust af höfuðbólum sínum og yrðu þjónar iðjuhöldanna. Þetta yrði afleiðing stóriðjunnar, hún legði atvinnuvegi landsins í kalda kol, hún gerði að engu menningu vora og þjóðerni, því að varla væri hægt að tala um oss sem sjerstaka þjóð, og gullið rynni út úr landinu og yki á auð efnamanna úti í löndum, sem hefðu landið að fjeþúfu.

Erlendur verkalýður flyttist inn í landið og afmannaði Íslendinga. Fyrst mundi tekinn allur sá vinnukraftur, sem hjer væri að fá, þar til sveitirnar væru tæmdar og landbúnaðurinn í eyði. Síðan yrði að sækja til útlanda. Það yrði stóriðjunni ekki nægilegt að breyta bændaliði landsins í iðnaðarlýð, heldur rændi hún þá síðan þjóðerninu, og þá færi gróði hennar að verða tvísýnn.

Menn skilja betur, hver hætta er á ferðum, ef þeir athuga, hve mikils mannafla þarf. Það er gert ráð fyrir, að einn mann þurfi á hver 80 hestöfl í iðjuveri, og eru þá ekki taldir þeir, sem vinna að því að koma því á fót. Þetta er að eins til starfrækslunnar. Ef gert er ráð fyrir, að 500 þús. hestöfl sjeu virkjuð, þá þyrfti til þess 6250 verkamenn, og margfaldaðir með fjölskyldutölunni 5 verða það sem næst 32 þús. manns. Nú lifa 48 þús. manna á landbúnaði, og hossaði það ekki hátt, þó að hann yrði rændur öllum vinnuhjúum sínum.

Afleiðingin yrði sú, að flytja þyrfti inn milli 20 og 30 þús. manns, auk þess sem landbúnaðurinn yrði eyðilagður og það að orðið, sem jeg hefi áður lýst. Þessi útlendingar hlytu að raska jafnvæginu hjer innanlands, og ekki mundu þeir sætta sig við að læra íslensku sem móðurmál, heldur færu þeir eðlilega fram á að nota sitt eigið mál bæði í skólum, lögsögu o. fl. Hver væri gróðinn fyrir Íslendinga þá? Þeir fengju að losna við þjóðerni sitt, sem þeir hafa orðið að sitja uppi með í margar aldir. Þeim gæti orðið það afsökun á dómsdegi, að þeir hefðu glatað þjóðerni sínu af ósigrandi orsakarnauðsyn, en ekki af uppskafningshætti einum.

Peningahagnaður landsmanna yrði enginn, því ágóðinn rynni allur til iðjuhöldanna. Kaupgjald færi að vísu í vasa landsmanna, en í þess stað fjellu atvinnuvegir þeirra til grunna, og jarðeignir yrðu verðlausar í fjórum fimtu hlutum landsins. Ef minna yrði virkjað, þá yrðu áhrifin minni, en sama eðlis. Þeir af hv. þm., sem yfirlit hafa yfir atvinnuvegi landsins, hljóta að sjá, að ekki er stofnað til gróða fyrir Ísland með stóriðju.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) bar mjer það á brýn, að jeg hefði farið óvirðulegum orðum um hann og aðra þá, sem væru honum sammála. Jeg get ekki kannast við þetta, en hitt skal jeg kannast við, og standa við, að jeg hefi farið rjettum orðum um till. þeirra og skýrt afleiðingar þeirra, ef þær ná fram að ganga. Þeir verða að eiga það við samvisku sína, hverjar hvatir þeirra eru, jeg ætla ekki að gera þeim mein. En svo langt er nú gengið fylgi Íslendinga við erlend fossafjelög, að jeg verð að undrast. Mjer þykir það ekki sama, að íslenskir þingmenn eða embættismenn, eða menn á biðlaunum, taki að sjer vinnu fyrir erlend fjelög, sem komist hafa yfir fallvötn á miður höfðinglegan hátt. Jeg á hjer ekki við hv. þm. S.-Þ. (P. J.) eða fjelag það, sem hann er í, því að það er heiðarlegt fjelag, að minsta kosti veit jeg ekki betur. En það er alkunna, að fallvötn hafa verið gint út

úr mönnum fyrir hlægilega lítið verð. Leppar og sendisveinar erlendu fjelaganna hafa riðið um sveitir og glapið menn til að selja sjer rjettindi sín. Þeir hafa bent á mórauða jökulelfina, skolpið, sem til einskis var nýtt, og boðið fje í það. Þeir hafa talið mönnum trú um, að þeir hefðu gott af að selja, en kaupendunum gengi ekkert annað til en sjerviska. Á þennan hátt hafa þeir keypt fossa fyrir 200 krónur eða minna.

Með slíkum hætti hafa menn þóst fá umráð yfir miklu vatnsafli. Ekki eiga þó öll fjelög sammerkt um þetta, þau er leitað hafa hófanna hjer um fossakaup. Þannig hafa þau fjelög, sem upp á síðkastið hafa keypt hjer vatnsrjettindi, borgað þau betur en fyrri gerðu. Kunnugt er um fjelag það, er hv. þm. S.-Þ. (P. J.) er í stjórn þess, að það hefir engin vatnsrjettindi keypt hjer, en að eins leigt lítinn hluta úr Soginu, rúmar 11,000 hestorkur. Það, sem jeg hefi sagt um kaup á vatnsrjettindum hjer á landi, á því ekki við það fjelag. Hv. þm. (P. J.) þarf því ekki að stökkva upp á nef sjer og reiðast út af því, sem jeg talaði um prang, að öllu óviðkomandi honum og fjelagi hans.

Það er naumast rjett, að jeg sje meðal þeirra, sem hæst gala hjer um vatnamálin. Jeg hefi ekki sóst eftir að selja eða leigja neitt af gæðum landsins, nje heldur því, að að vera í stjórn þeirra fjelaga, sem hugsa sjer að græða á afllindum Íslands. Þeir hanar gala hæst, sem láta til sín heyra út yfir hafið alla leið til útlanda, og vísa með gali sínu hröfnum á bráð hjer heima.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta; hv. þm. (P. J.) má vera mjer reiður eða óreiður, eftir því sem honum þóknast. En hann má ekki taka orð mín öðruvísi en jeg sagði þau og meinti. Jeg þekki það ekki, að vera sá mannaþræll, er eigi þori að halda uppi rjetti hinnar íslensku þjóðar, hver sem í hlut á, og verja hann gegn yfirgangi og græðgi útlendinga.

Hv. þm. (P. J.) tók það illa upp fyrir mjer, er jeg mintist á þá stjett manna, er leppar nefnast. Það er þó ekki ófyrirsynju, að á þá er minst, því að hjer er meira af þeim en víðast annarsstaðar, og liggja auðsæ rök að því. Hjer hafa verið leppar fyrir síldveiðamenn, fyrir fossabraskara, fyrir þá, sem vildu græða á ýmsa lund, en voru vant við komnir sjálfir. Jeg vænti þess, að hv. Alþingi, sem hefir skýrt yfirlit yfir þörf atvinnuveganna, gæti þess, að leppar eru hjer ekki torfengnir fyrir þá, sem vilja ná tangarhaldi á fossaiðnaði hjer eða öðrum atvinnugreinum vorum. Þegar hegningarlög vor verða endurskoðuð, má ekki gleyma leppunum, heldur leggja þungar refsingar við leppmensku, því að hún er þjóðfnaði verri og stórhættuleg fyrir þjóðlíf vort.

Um vatnamál vor hefi jeg það að segja, að jeg tel rjett vera að byrja á því að virkja smávötnin, svo að alþýða manna geti þaðan aflað sjer ljóss og hita. Vjer ættum að geta klofið kostnað við þetta, þótt leiðslutækin verði dýrari hjá oss en annarsstaðar til notenda, sökum strjálbygðarinnar. Víða hagar hjer þó svo til, að það borgar sig best að hafa orkuverin smá, en víða, til að komast hjá löngum leiðslum. Á þennan veg hygg jeg, að það muni borga sig að lýsa upp bæi og hita, og að þannig mætti afla raforku til að draga plóga, mala áburð og knýja fram smáiðnaðarvjelar. Til þessa þyrfti ekki stórfje og ekki meira en landsmenn gætu sjálfir lagt til; þyrfti þá ekki að fara til útlanda til að sækja fje þangað. Við þetta sparast vinna, svo að ávinningur yrði áreiðanlega meiri en tilkostnaður.

Þetta er hinn rjetti vegur, sá vegur, sem Íslendingar ættu að fara í þessu máli. En þar sem jeg hefi lagt til, að Íslendingar

tækju Sogið, þá er það af tveim ástæðum. Fyrst og fremst verður ekki spyrnt móti broddunum. Eitthvað verður að gera, og einhvern stærri fossanna verður að taka til virkjunar. Íslendingar eru svo ákafir framfaramenn, að þeir geta ekki unað við að byrja smátt, fikrað sig svo áfram og bíðið eftir því að læra af reynslunni. Þetta sást best þegar þeir á skömmum tíma keyptu smáa og þilfarslausa vjelbáta, lítt hæfa til fiskveiða hjer, fyrir einar 3 miljónir króna. Þetta gerðu þeir áður en nokkur veruleg reynsla væri á það komin, hvernig bátar þessir mundu gefast, og fór sem fór, að þar var miklu fje varpað í sjóinn, að heita mátti sökum bráðláts framfarahugar, en manndrápsbollar í aðra hönd. En þótt land þetta sje gagnauðugt, einkum sjórinn, verða atvinnuvegirnir að vera ærið arðvænlegir, eigi þeir að þola slíka skelli.

Jeg vil hjer láta undan bráðlæti manna með því, að Sogið sje tekið til virkjunar, því að eigi mun það ofviða fyrir oss, þótt margt hefði mælt með því, að byrja enn smærra og þreifa sig áfram og læra af reynslunni. Það hefir verið talað um að fá 60,000 hestorkur úr Soginu. Jeg hygg, að 30,000 af þeim yrðu hagnýttar í þarfir Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Eyrarbakka, Stokkseyrar og einhverra af sveitabæjum í Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu og víðar, þangað sem fært væri að veita orkunni. Þá væru eftir 30,000 hestorkur, sem stjórnin gæti selt til atvinnurekstrar, sem hættuminstur væri fyrir höfuðatvinnuvegi landsins. T. d. mætti nota 6—10,000 hestorkur til saltvinslu úr sjó. Mundi þá, ef vel gengi, fást nóg salt handa Íslandi og meira til. Þetta er ekki mannfrekur atvinnurekstur. Þá eru eftir 20,000 hestorkur, sem mundi mega gera arðberandi á einhvern hátt, t. d. við smáiðnað ýmiskonar, og ef til vill með því að vinna áburð úr loftinu með aðferð Huberts hins þýska. Eftir henni þarf miklu minni orku til áburðarvinslu en með aðferð þeirra Birkelands og Eides, og mundi ekki þurfa meira en 20,000 hestorkur til að afkasta jafnmiklu með þýðversku aðferðinni, sem unnið fengist með 200 þús. hestorkum eftir norsku aðferðinni.

Til þessarar iðju mundi ekki þurfa fleira fólk en fá mætti úr Reykjavík einni, henni að skaðlausu. Iðjuver mætti svo setja í nánd við Reykjavík, t. d. við Kollafjörð. Þetta gæti orðið vísir til iðnaðarstundunar, er þroskaðist smátt og smátt á tveim til þrem öldum, að hættulausu fyrir þjóðernið og aðra atvinnuvegi landsins. Vjer höfum svipað dæmi hjá Englendingum Þeir voru fram eftir öldum aðallega bændaþjóð, og seldu ull sína óunna til Niðurlanda. En svo tóku þeir smátt og smátt að gefa sig við iðnaði, og á 300—400 árum hafa þeir úr bændaþjóð orðið ein mesta iðnaðarþjóð heimsins, án þess að því hafi fylgt snöggar byltingar eða þjóðernisháski. Ef iðnaðarflóðið hefði steypst af skyndingu yfir England, þá mundi þar öðruvísi umhorfs en nú er, og efasamt, hvort enskt þjóðerni væri þá ekki horfið úr sögunni, og hvort enska ríkið væri þá til. Þetta dæmi þurfa Íslendingar að hafa fyrir augum og setja sterkan hemil á skjótan vöxt stóriðnaðar hjer á landi, til að forða þjóðinni frá að sökkva niður í það fen og foræði, er enginn fái hana upp úr dregið.

Þótt þessu dæmi væri fylgt, mundi nú þegar hættulaust að taka Sogið til virkjunar, ef málið er í höndum góðrar stjórnar, er nýtur aðstoðar vel hæfs vatnastjóra. — Jeg skal skjóta því hjer inn í, að jeg tel þjóðráð, að stjórnin fengi slíkan ráðunaut frá „kungliga vattenfallsstyrelsen“ í Svíþjóð, þar sem vatnsvirkjan af ríkisins hálfu er svo langt á veg komin; og ekki mætti horfa í, þótt greiða þyrfti þaulvönum manni nokkrum þúsundum króna hærra kaup en einhver viðvaningur kynni að fást fyrir. Jeg hefi átt tal við hina útlendu

forstjóra fossafjelagsins „Íslands“, og sögðu þeir, að ekki gæti komið til mála að byrja á virkjun Sogsins af þeirra hálfu, þótt leyfi fengist, fyr en 5—6 árum eftir ófriðarlokin. Það þarf því ekki að detta ofan yfir menn, þótt stjórnin geti ekki þegar í stað hafið virkjan Sogsfossanna; hún þarf sinn undirbúningstíma til þess, ekki síður en fjelagið.

Þá hefir hv. þm. S.-Þ. (P. J.) og aðrir fleiri látið það í veðri vaka, að ríkið mundi ekki geta fengið lán, sem þyrfti til að framkvæma verkið. Einmitt það, þessir herrar ætla, að ríkinu mundi ganga ver að fá lán en einstökum mönnum eða fjelögum. Enginn dregur í efa, að fossafjelagið „Tit an“ geti fengið lán til miljóna-fyrirtækis síns; munu þó þeir, sem kunnugir eru í Noregi, ekki telja hag þess blómlegri en íslenska ríkisins.

Jeg veit, að það muni satt vera, er hv. þm. S.-Þ. (P. J.) gefur í skyn, að fossafjelagið „Ísland“ muni hafa fje á reiðum höndum, því að þar standa að auðugir menn, sem vísa eiga aðstoð bankanna dönsku, einkum ef von væri um að geta með því lagt undir Dani atvinnumál konungsríkisins Íslands, ríkið sem þeir mistu úr höndum sjer í fyrra. En enginn getur sagt, nema þessir sömu menn mundu fáanlegir til að lána íslensku stjórninni fje til að virkja Sogsfossana. Þess hefir eflaust ekki verið farið á leit enn. Annars er jeg viss um, að hvert á land sem farið er mun auðið fyrir ríkið að fá fjelán til þessa fyrirtækis, svo arðvænlegt sem það er. Það verður því ekki hörgull á fje.

Svo er einn vegur enn. Í 5. gr. fossafrv. frá mjer, 1917, stendur svo:

> „Nú vilja aðrir gerast hluthafar í þeim fyrirtækjum, sem hjer ræðir um, og skal það heimilt, svá fremi hið íslenska ríki hefir alla stjórn og yfirumsjón fyrirtækisins, og hefir eigi minna en helming atkvæða á hluthafafundi“.

Mjer heyrðist hv. þm. S.-Þ. (P. J.) tala um, að þessi vegur væri frumhugsaður af honum. En hjer hefi jeg fyrir mjer prentað mál, sem sannar og sýnir, að jeg hefi ekki lengra farið frá upphafi, en jeg hefi álitið það heppilegra og hættulaust. að ríkið tæki útlendinga eða innlenda í fjelag með sjer, að eins að það hefði töglin og hagldirnar um alla stjórn fyrirtækisins. Á þennan hátt eru dæmi til að ríkisfyrirtæki hafi verið stofnuð; svo er um ríkisbankann þýska, og fleira mætti til nefna. Það þykir ekki hætta, þótt útlent fje flytjist inn í löndin, ef stjórn þess er í innlendum höndum, einkum ríkisins sjálfs.

Einu gleymdi jeg þegar jeg var að tala um, til hvers nota mætti aflið úr Soginu. Það var járnbrautin. Það hefir lengi verið talað um, að leggja þyrfti járnbraut austur yfir Fjall, og jeg hefi altaf verið á því, að svo ætti að verða, þegar svo langt væri komið, að rafmagn yrði notað við rekstur hennar, en fyr eigi; því að ófært mundi að reka hana með kolaorku. Hitt er órökstutt mál, þegar því hefir verið haldið fram, að járnbrautarrekstur með raforku mundi ekki borga sig, enda er nú sú reyndin á orðin í Svíþjóð, að þar borgar það sig mætavel. Hafa Svíar gert tilraunir með það ár eftir ár, og eru nú smám saman að breyta kolavögnunum í raforkuvagna. Og orkustöð ríkisins við Porjus, langt uppi í Norrlandi, er einkum gerð til þess að reka járnbraut þar, æði langa, til finsku landamæranna, og er það vitað þar í landi, að sú braut hefði ekki getað borið sig, ef raforkan úr Porjus hefði ekki verið notuð við rekstur brautarinnar. Það er svo langt frá, að sænska stjórnin sje hrædd við að nota raforku til járnbrautarrekstrar og annara starfa, að hún eykur árlega stórum raforkustöðvar sínar við Porjus, Älvkarleby og við Trollhättan. Sáum vjer fossanefnd-

armenn þá viðbót í fyrra, og var hún mikil og verkleg. Reynslan hefir sýnt það tvent í Svíþjóð: að raforkufyrirtæki ríkisins borgar sig, og að það er þjóðráð að hagnýta raforku við járnbrautarekstur. Hið sama mundi og sýna sig hjer á landi. Að minsta kosti mundi ekki sýnast álitlegt að hafa kol til að reka áfram járnbrautarvagna, með því verði, sem á þeim er og á þeim mun verða. Jeg hefi nú hjer að framan reynt að lýsa afstöðu atvinnuvega vorra sín á milli, og hver áhrif stóriðja mundi hafa á þá; en vera má, að mjer hafi ekki tekist að gera það nógu ljóslega. En þessi rök, sem jeg hefi að framan nefnt, liggja til þess, að jeg legg til, að stjórnin taki vatnið í Soginu í sínar hendur, svo að hún hafi í sinni hendi, með hverju móti og að hve miklu leyti stóriðja sje rekin hjer á landi. (Ókyrð).

Menn óar við að hugsa til þess, að aðalsparnaðarmenn þingsins skuli ekki gefa sjer tíma til að hugsa um þetta stórmál, slíkt mál, sem etið gæti upp æfilangt nurl þeirra á einu augnabliki. En hvað sem þessu líður, vona jeg þó, að allir hv. þingdeildarmenn muni samþykkja tillöguna, og að stjórnin framkvæmi síðan sem fyrst og viturlegast það, sem fyrir hana er lagt í tillögunni.

Byrjunin á að vera sú, að fara til aðallandeigenda við Sogið, eða með öðrum orðum til eiganda Úlfljótsvatns, og leita samninga við hann. Liggur þá beint við að semja við hann um að fá dómsúrskurð um það, hver sje hinn rjetti eigandi vatnsins. Reyndar er það ekki svo mikils um vert um Sogið, því að andvirði vatnsins verður þar aldrei nema mjög lítill hluti kostnaðarins við virkjunina; eigi að síður er það nauðsynlegt, til þess að fá skorið úr rjettaróvissunni, og til þess að stöðva vatnssöluna hjer í landi, sem er þjóðinni til stórskaða. Að öðrum kosti fer svo, að Íslendingar verða að kaupa vatnsaflið í sínu eigin landi dýrum dómum af útlendingum, sem hafa fengið það fyrir nálega ekkert, en með allskonar brutlsölu komið því í afarverð. Vel má svo fara, að bóndi, sem selt hefir vatnsafl frá sjer fyrir t. d. 1000 kr., borgi síðar á að eins 3 árum upphæð þessa fyrir notkun þess, og verði svo árlega að borga sömu upphæð eða þaðan af meira. Fyrir hálsinn á þessum ófögnuði þarf að taka.

Jeg skil enn ekki í því, hvers vegna stjórnin varð ekki við tilmælum milliþinganefndarinnar um að stöðva fossabraskið meðan nefndin sæti að störfum. Það hefði orðið til góðs fyrir málið, og sparnaður fyrir ríkið.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið, enda mun það óþarfi, því að eftir því, sem jeg lýsti afstöðu þingsins til hinna ýmsu atvinnumála, kom það ljóst fram í því yfirliti, hve glögt yfirlit hv. þing hefir yfir atvinnuvegina í heild og samband þeirra sín á milli, og af þeim sökum hlýtur þessu máli að vera vel borgið í höndum þessarar hv. deildar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal játa það, að lánsheimild fyrir stjórnina er rjettast að samþykkja með lögum frá Alþingi.

Jeg kom fram með brtt við þessa þingsályktun, og sú brtt. fór í þá átt, að stjórninni væri heimilað í þingsál.tillögu að taka lán, ef á þyrfti að halda, til þeirra framkvæmda, sem hjer er um að ræða. Kom jeg meðfram með þessa breytingartill. til þess, að vöntunin á lánsheimild yrði ekki brúkuð sem átylla til þess að fella gott mál, en einn hv. þm. hefir þegar borið þessa átyllu fram. Hins vegar var mjer við nánari athugun ljóst, að hægt er að komast af án lánsheimildar, og hefði jeg því getað dregið breytingartillöguna til baka.

En nú hefir hæstv. forseti (Ó. B.), meðan jeg var fjarverandi, úrskurðað, að þessi brtt. geti ekki komið til meðferðar eða atkvgr., vegna þess, að það stríði á móti stjórnarskránni, því að í 26. gr. hennar sje svo ákveðið, að ekki megi stjórnin taka lán nema með lagaboði.

Þessi úrskurður fer í bága við þær þingvenjur, sem orðnar eru um lík mál, og einnig í bága við aðra úrskurði hæstv. forseta.

Ef brtt. hefði verið samþ., þá var stjórninni með því ekki veitt fullgild lánsheimild, en að eins fyrirheit af þingsins hálfu, að það mundi ekki átelja stjórnina fyrir lántökuna, og enn fremur fyrirheit um að staðfesta síðar lánsheimildina á formlegan hátt.

Hæstv. forseta er kunnugt um, að samkvæmt 27. gr. stjórnarskrárinnar má ekkert gjald greiða af hendi án heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum. En þrátt fyrir þetta hefir stjórninni hvað eftir annað verið heimilað að greiða fje úr landssjóði með þingsályktunartill., og í dag er verið að ræða eina slíka tillögu, þar sem stjórninni er heimilað að verja stórfje úr landssjóði, án fjárlaga- eða fjáraukalagaheimildar, og hæstv. forseti hefir ekki gert nokkra athugasemd við þá þingsályktunartillögu.

Hjer stendur nú alveg eins á, þótt um lánsheimild sje að ræða.

Á þingi 1914 var mikið um það deilt, hvort þetta skyldi leyft, en úrskurður fjell svo, að það væri heimilt.

Hæstv. forseti vill ef til vill skjóta sjer undan með því, að slíkar fjárveitingar verði samþyktar í fjárlögum eða fjáraukalögum síðar. En engin vissa er fyrirfram fyrir slíku samþykki, enda gildir alveg sama um lánsheimild með þingsályktunartillögu; hana má á eftir staðfesta með lögum.

En auðvitað þýða þessar heimildir ekki annað en það, að ekki verði komið fram ábyrgð á hendur stjórninni, þótt hún noti fje þetta. Og alveg hið sama er að segja um þessa lánsheimild.

Jeg get því ekki sjeð annað en að hjer komi fram mjög svo mikið ósamræmi í þessum úrskurði hæstv. forseta, svo mikið, að mig stórfurðar á úrskurðinum.

Forseti: Eins og tekið hefir verið fram, hefir það komist í venju hjer á þingi, að stjórninni hafa verið heimilaðar fjárveitingar úr ríkissjóði með þingsályktunum.

En jafnframt hefir það þá verið gert með þeim fyrirvara, að slíkar heimildir í tillöguformi sjeu ekki fullkomnar heimildir, þar sem svo er ákveðið í 27. gr. stjórnarskrárinnar, að ekkert gjald megi greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Slíkar ófullkomnar heimildir til að greiða fje úr ríkissjóði hafa því ekki getað stuðst við annað en það, að þær fjárveitingar yrðu síðar teknar upp í fjárlög eða fjáraukalög og samþyktar þannig eftir á af þinginu. Að eins í trausti þess hefir stjórnin getað tekið slíkar heimildir til greina.

Þá er þess að gæta, að þessari aðferð hefir að eins verið beitt um fjárveitingar úr ríkissjóði, en aldrei um lánsheimildir, enda er svo ákveðið í 26. gr. stjórnarskrárinnar, að ekki megi taka lán, er skuldbindi Ísland, nema slíkt sje með lagaboði ákveðið.

Jeg get ekki talið rjett að leggja nú inn á þá nýju braut, að taka lánsheimildir upp í þingsályktunartillögur, og gefa með því stjórninni undir fótinn með lántökur, ef til vill stórar upphæðir, án þess að hún hafi lögfullar samþyktir að baki sjer.

Samkvæmt þessu get jeg ekki betur sjeð en að hinn umræddi úrskurður sje í fullu samræmi við 26. gr. stjórnarskrárinnar, og þar með er þetta mál í rauninni út-

kljáð, og frekari umr. um það geta því ekki komist að.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er rjett hjá hæstv. forseta, að hjer er ekki um fullkomna heimild að ræða, heldur verður að treysta því, að slíkar fjárveitingar verði samþ. síðar í fjáraukalögum.

En sama er að segja um lánsheimildina. Hún væri að eins gefin stjórninni í því trausti, að þær gerðir hennar yrðu samþyktar síðar.

Jeg skal geta þess, að í vetur tók stjórnin á sig ábyrgð á láni til rafveitu Reykjavíkur, í trausti þess, að þingið veitti ábyrgðarheimildina síðar. Öll stjórnin, forsætisráðherra einnig, var samþykk þessari ráðstöfun. Nú er það sýnilegt, að það er jafnmikil áhætta fyrir ríkissjóð að binda hann við stórar ábyrgðir eins og að binda hann við lán.

Ef nú ákvæði stjórnarskrárinnar væru tekin eins stranglega og bókstaflega og hæstv. forseti vill vera láta nú, þá mundi þessi ábyrgð stjórnarinnar sjálfsagt teljast brot á stjórnarskránni.

Engum hefir þó dottið í hug að ákæra stjórnina fyrir slíkt brot. Undir þeim sjerstöku kringumstæðum, sem fyrir hendi voru, taldi þingið með samþykki sínu, að stjórnin hefði farið rjett að.

Jeg býst líka við, að stirt yrði um ýmsar fjárgreiðslur, ef aldrei mætti víkja neitt frá því, sem í fjárlögunum stendur.

Mín till. er því í fullu samræmi við þær venjur, sem hjer hafa gilt, og jeg get ekki sjeð, að sú heimild, sem í henni felst, sje að neinu leyti hættulegri en þær heimildir, að veita fje úr ríkissjóði með þingsályktunum, sem nú við gangast, og hæstv. forseti hefir á ný látið við gangast, með því að gera langa athugasemd við það, þó með þessari þingsályktunartillögu sje heimilað að veita stórfje úr landssjóði, án nokkurrar fjárlagaheimildar.

Ósamræmið hjá hæstv. forseta er greinilegt. Það er öllum auðsætt, sem vilja líta í stjórnarskrána. Annars var mjer ekkert kappsmál, að tillaga þessi væri samþykt, af ástæðum þeim, sem jeg tók fram hjer að framan.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og till. liggur nú fyrir, get jeg ekki litið öðruvísi á en að stjórnin verði að hafa heimild til þess eins, að leita fyrir sjer um það, hvernig hægt sje að ná þessum rjettindum landinu til handa. Jeg tel því ekki mikinn mun á till. og þeirri rökstuddu dagskrá, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) bar fram, en feld var við fyrri umr. málsins.

Jeg held, að eftir báðum sje stjórnin skyldug til að leita fyrir sjer með að ná þessum rjetti.

En meira skil jeg ekki að hægt sje að gera að svo stöddu en þetta, og leggja svo samningana eða svörin fyrir næsta Alþingi.

En jeg saknaði þess, sem nú er fram komin brtt. um, að haldið verði áfram þeim rannsóknum, sem þegar er byrjað á þar. Jeg tel það mjög mikils virði, að þeim verði haldið áfram, þar sem það gæti flýtt mjög fyrir verkinu.

Til þess eins þarf því stjórnin að halda á fje fyrir næsta þing.

Jeg hefi oft tekið það fram, að jeg tel það stríða á móti stjórnarskránni að samþykkja útgjöld úr ríkissjóði í tillöguformi.

En það er brot, sem þingsköpin hafa komið á, og stjórnin hefir látið sjer lynda slíkar heimildir.

En það er í rauninni misbrúkun á þingsál., og ruglar þar að auki allar áætlanir fjárlaganna, að samþykkja slíkar fjárveitingar með þingsál.

Annars var það hjer áður fastur siður, að hver fjárveiting varð að vera ákveðin í fjárlögunum.

Jeg man, að þegar jeg var fyrst við riðinn umboðsstjórn landsins, þá þóttist stjórnin ekki geta greitt annað fje en það, sem heimilað var í fjárlögunum.

En nú er þetta alt orðið reikult og fljótandi, og er það til skaða. En von er um, að það lagist, þegar farið verður að halda þing á hverju ári. Í sumum löndum er þetta svo, að ríkisfjehirðir neitar að borga, ef ekki er heimild til þess í fjárlögum.

En nú er þessi venja hjer á komin, og er því sjálfsagt óhætt að samþykkja brtt. hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að nota fje til að halda rannsóknunum áfram.

Jeg tel ekki annað fært en að samningar og till. allar verði lagðar fyrir næsta þing, áður en lengra er farið.

En um hitt er jeg fyllilega samdóma hv. þm., að svo beri að sjá um, að landið nái fullum eignarrjetti á Soginu, með tímanum.

Jeg veit ekki, hvort hv. þm. gera sig ánægða með þennan skilninng minn á till., ef hún verður samþ. En ef svo er ekki, verða þeir að gera aðrar ráðstafanir til framkvæmda málsins.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) talaði um það um daginn, að stjórnin hefði látið undir höfuð leggjast að bera undir fossanefndina erindi bæjarstjórnar Reykjavíkur um það, að ná tökum á Sogsfossunum. En hv. þm. (J. B.) hefir ekki athugað það, að sú beiðni var tekin aftur.

Í brjefi frá bæjarstjórninni, sem hv. þm. (J. B.) getur fengið að sjá, ef hann vill, stendur, að bæjarstjórnin geri ráð fyrir að komast að haganlegum samningum við fossafjelagið „Ísland", og þess vegna tekur hún þessa beiðni aftur.

Stjórnin gat því ekki borið annað undir fossanefndina en till. þingsins.

En þessu hefir hv. þm. (J. B.) gleymt, að erindi þetta var reglulega tekið aftur.

Stjórnin á því enga sök á því, þótt hún bæri það ekki undir fossanefndina.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, enda tel jeg það ekki til neins; að eins vil jeg benda á það, að ef einhver hefir annan skilning á till. en þann, sem jeg hefi lýst fyrir mína hönd, þá þarf það að koma fram nú þegar.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Bæði jeg og aðrir lögðu áherslu á það við fyrri umr. þessa máls, að þær ráðstafanir gætu tekist sem fyrst, sem þarf til fullra ríkisumráða á Soginu. Jeg færði fram sem ástæður fyrst og fremst þörf Reykjavíkur og nágrennisins á raforku til heimilisþarfa, og í öðru lagi það, að því lengur sem þetta drægist, því meira mundi verða að gjalda fyrir þessi rjettindi, þar sem bæði land og vatn mun hækka í verði.

Það kom skýrt fram hjá sumum hv. þm., að landinu mundi ofvaxið að hagnýta vatnsaflið, þó það væri tekið, og þess vegna voru sumir tregir til að greiða till. atkv.

Þeir voru þeirrar skoðunar, að vatnið myndi liggja ónotað eftir sem áður í langan tíma.

En út af þessu vildi jeg segja nokkur orð.

Slíkt fyrirtæki sem þetta þarf ekki endilega að komast á í einum rykk. Virkjunin þarf ekki öll að fara fram á 1—2 árum. Hún gæti farið fram á 10—15 árum, og þó komið tiltölulega fljótt að notum. Giska mætti á, ef beisluð væru 60,000 hestöfl, að notaðar yrðu 5 spaðavindur, hver 12,000 hestafla, og kæmi ein á hverjum þriggja ára fresti.

Jeg skal þessu til sönnunar benda á, að ríkisfyrirtækið við Trollhättan í Svíþjóð hefir verið á prjónunum frá því um aldamót. Þar er nú búið að virkja 166 þús.

hestafla, og hefir það tekið allan þennan tíma, og virkjun eigi lokið enn.

Auðvitað þyrfti, um leið og byrjað væri að virkja Sogið, að vinna ýms undirbúningsverk að fullu eða til frambúðar, eins og t. d. vatnsmiðlun alla og skurðgröft frá stíflutjörn að safnbrunni þeim, sem vatnið ætti að steypast úr í pípum ofan í aflstöðina, sem líklega yrði neðan við Kistufoss, en frá safnbrunni mundi svo pípum fjölgað smám saman, eftir því sem vjelum yrði fjölgað í aflstöðinni, og þar til alt vatn, sem áður rann farveg Sogsins, rynni um pípurnar og aflið væri fullnotað. En virkjunin þarf ekki að koma öll í einu. Henni má haga eins og öllum stærri virkjunum í nágrannalöndunum, t. d. við Trollhättan, og að nokkru leyti við Rjukan í Noregi, að taka virkjunina fyrir smátt og smátt. Þegar þessa er gætt, geta það ekki talist neinar öfgar, að landið smám saman vinni verkið og afli fjár þess, sem með þarf, jafnvel án stórlána, enda eigi ósennilegt, að fleiri gætu átt þátt í fyrirtækinu, þótt ríkið ætti mest og rjeði fyrirtækinu.

Þetta vildi jeg nefna, til þess að hrekja þann efa, sem fram hefir komið hjá ýmsum hv. þm. um það, að þetta gæti tekist.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) hjelt, að treglega mundi ganga að fá fje til þessa fyrirtækis hjer á landi, þótt það hefði gengið greiðlega í nágrannalöndunum.

En jeg held, að þegar um jafnhagkvæmt vatnsfall er að ræða og Sogið, þá megi eins búast við því gagnstæða, því að auðvitað er því auðveldara að fá fjeð, því betri sem aðstaðan er og fyrirtækið álitlegra.

En það er eitt, sem ekki hefir verið dregið fram, sem jeg tel einna alvarlegustu tálmunina fyrir þessu.

Það er vegaleysið austur að Sogi. Þangað vantar járnbraut, til þess að flytja að öll gögn og annað, sem til fyrirtækisins þarf. Það verður því að reikna með því, að járnbraut verði að leggja, og með það fyrir augum get jeg kannast við, að fyrirtækið fari fram úr þeirri áætlun, sem gerð var af okkur stuðningsmönnum till. fyrir nokkru, eða 8—12 milj. króna. En þó trúi jeg ekki, að kostnaðurinn verði nálægt því, að komast upp í 30—40 milj. kr., eins og hv. þm. S.-Þ. (P. J.) hjelt fram

Mannvirkin við Rjukan, þar sem virkjuð eru um 300 þús. hestöfl, hafa kostað rúmar 100 milj. kr. Fyrirtækið við Trollhättan hefir kostað, eftir því sem mig minnir, um 70 milj. kr., og er þar þó með talinn skipastiginn sá hinn mikli fram hjá Trollhättastrengjunum upp í Væni, sem kunnur er orðinn og talinn eitt af helstu mannvirkjum Norðurlanda.

Jeg held því, að þetta fyrirtæki þurfi ekki að vaxa mönnum í augum, þó um sje að ræða 12—20 milj. kr., þegar þess er gætt, að þá upphæð má greiða smátt og smátt á löngu árabili.

En þetta fyrirtæki verður ríkið sem fyrst að taka í sínar hendur, ef það á ekki að verða útlendingum að bráð.

Um brtt. hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að bæta því við till., að halda skuli áfram rannsóknum og mælingum við Sogið, hefi jeg það eitt að segja, að jeg tel ekki þörf þeirrar viðbótar nú. Þær mælingar eru þarflitlar, ef ekkert yrði úr samningum eða lögnámi á Soginu.

Til þess er líka nógur tími, þegar fengin er vissa fyrir því, að Sogið verði ríkiseign. Þetta má líka ákveða á næsta þingi, ef svo langt er þá komið, að fyrirsjáanlegt sje, að landið nái bráðlega Soginu til eignar og umráða fullra.

Einar Jónsson: Því miður er nú svo komið öllum þessum fossamálum, að eftir alt stritið og stríðið, sem fossanefndin og þessi hv. deild hafa átt í, geta menn ekki lengur sjeð rjetthverfu þeirra mála, heldur

snýst ranghverfan upp í greip manns, hvar sem á er tekið.

Jeg hjelt þó, að í fossanefndina hefði verið valið svo, að við starf hennar gætti mest framsýni og framsókn, svo að þessi gæði landsins gætu komið að notum sem best og sem fyrst.

En í stað þess er alt, sem frá henni kemur, eintómt afturhald og ónýtt verk, sem orsakast af því, að nefndin hefir orðið ósamþykk innbyrðis.

En aðallega var það ræða hv. þm. Dala. (B. J.), sem kom mjer til að biðja um orðið.

Hið fyrsta hugsanlega hjá hv. þm. Dala. (B. J.) er að gera eitthvað 6 árum eftir stríðslok. En hvers vegna er þá þessi undirbúningur nú?

Alt, sem þessi hv. þm. (B. J.) hefir skrifað um málið, og það er ekki alllítið orðið, hefir reynst til sundurþykkis og bölvunar. Hann er altaf að tala um hættuna, sem stafa muni af innflutningi útlendinga, og jafnframt um þá stórhættu, að innlendir menn, bændur og búalið, mundu leita atvinnu við stóriðnaðinn, og stóriðnaðurinn mundi þannig gleypa landbúnaðinn. En til hvers á að flytja inn útlendingana, ef ekki í þarfir iðnaðarins? Jeg held, að innlendir menn gætu setið áfram við sitt starf, að minsta kosti fyrst um sinn.

Svo vil jeg bæta því við, að ef till. á þgskj. 936 felur það í sjer, að lögnám Sogsins eigi að verða dómstólamál, þá get jeg ekki greitt henni atkvæði. En ef svo er ekki, þá greiði jeg atkvæði með henni

Benedikt Sveinsson: Jeg hygg ekkert það felast í till., sem bendi í þá átt. að þetta mál eigi að verða dómstólamál, og tel ástæðulaust að óttast, að svo verði. Aðalatriðið er, að bærinn fái fljótan úrskurð um, hvort hann eigi að fá Sogið eða ekki.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) hjelt, að þjóðinni mundi finnast sjer það ofvaxið að ráðast í virkjun Sogsfossanna. En það lýsir tölu verðu vantrausti á þjóðinni, ef henni er ekki trúandi til að leggja út í það gróðafyrirtæki, sem þetta sannanlega er. Og þar sem þm. (P. J.) sagði, að hann væri í „principinu" með till., vona jeg, að hann hætti nú að „fungera" hjer sem talsmaður fossafjelagsins „Íslands", heldur greiði till. atkvæði sitt sem þm. S.-Þ.

Jörundur Brynjólfsson: Það var örstutt athugasemd út af orðum hæstv. forsætisráðh. (J. M.).

Það, sem jeg fann stjórninni til foráttu, var, að hún hafði ekkert gert til að afgreiða það erindi, sem hv. fjárhagsnefnd kom með út af frv. hv. þm. Dala. (B. J.) og þingið þá vísaði til stjórnarinnar Tilætlun fjárhagsnefndar og þingdeildarinnar var sú, að stjórnin athugaði og undirbyggi þetta mál sem fyrst að unt væri, og einmitt þau atriði, er frv. fjallaði um. Mjer er ekki kunnugt um, að stjórnin hafi gert nokkuð í þessu.

Jeg vona, að það sjeu ekki mjög margir með líkum hugsunarhætti og þm. S.-Þ. (P. J.). Hann talaði um, að fram kæmi galgopaleg hugsun í málinu frá okkur flm. þessarar tillögu og þeim, er greiddu henni atkvæði. En sje litið á málið frá sjónarmiði þjóðfjelagsins, en ekki frá sjónarmiði fossafjelagsins „Íslands", þá er jeg í engum vafa um, að hjá honum í þessu máli lýsir sjer hið mesta ábyrgðarleysi, og ólíkt meira en okkur, sem viljum fá till. samþ.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er órjettmætt af hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) að finna að þessu við stjórnina, sem hann var að tala um, vegna þess, að þegar sama þing var að skilja, var alt málið lagt í hendurnar á fossanefndinni. Og það veit þm. (J. B.) að var ætlun þingsins, að fossanefnd fjall-

að um alt málið, og stjórnin gat hvorki nje átti að gera neitt meðan nefndin var að starfa.

Hv. þm. Dala. (B. J.) var enn að finna að því, að stjórnin hefði ekki bannað sölu á vatni. En hvers vegna kom þá þm (B. J.) ekki fram með frv. um þetta á fyrra þinginu 1918? Jeg skoða það svo, sem milliþinganefndin í fossamálinu hafi horfið frá því, að stjórnin bannaði sölu á vatni. Öðruvísi var ekki hægt að taka þögn þeirra þm., sem voru í nefndinni og áttu sæti á fyrra þinginu 1918.

Bjarni Jónsson: Jeg skal undir eins svara þessu. Það var af tveim ástæðum, að jeg kom ekki fram með frv., eins og hæstv. forsætisráðh. (J. M.) talar um.

Í fyrsta lagi þorði nefndin ekki að bera þetta undir þingið,þegar meiri hluti stjórnarinnar var á móti því.

Og í öðru lagi var þetta af því, að þegar kom fram á þing, var búið að selja mikið af vatni, og þar á meðal nálega alla Hvítá, sakir þess að stjórnin fekst ekki til að taka í taumana.

ATKVGR.

Brtt. 954. samþ. með 14 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., J. J., J. M., J. B., M G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S S., St. St., Þorl. J.

nei: B. St., E. J., H. K., Sv. Ó., Þorst J., Ó. B.

B. Sv. og G. Sv. greiddu ekki atkvæði.

Fjórir þm. (E. A., E. Árna., S. St. og Þór. J.) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 15 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., E. J., H. K., J. B., M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó.

nei: B. St., H. K., M. Ó., P. J., Ó. B.

G. Sv. og J. M. greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (E. A., E. Árna., S. St. og Þór. J.) fjarstaddir.

Till. afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., miðvikudaginn 24. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnsorku allrar í Sogi,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 963).

Á 65. fundi í Ed., fimtudaginn 25. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti: Jeg vil leyfa mjer að gera það að tillögu minni, að máli þessu verði, að aflokinni þessari umræðu, vísað til fossanefndar þessarar deildar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vildi að eins gera þá athugasemd, að það er sama og að láta málið ekki ganga fram, að fara að vísa því til nefndar, þar sem tilætlunin mun sú, að störfum þessarar deildar verði lokið á morgun og þingi slitið á laugardag.

Get jeg ekki betur sjeð en að það sje einróma álit þingsins, að nauðsyn beri til að ná í ríkisins hendur vatnsrjettindum yfir Soginu, sem telja má að sje lykillinn að fossaiðnaði hjer á landi, vegna afstöðu þess og legu.

Vil jeg því leyfa mjer að leggja til, að till. verði látin ganga nefndarlaust til síðari umræðu.

Karl Einarsson: Fossanefnd þessarar deildar ætlar að halda fund í dag um till. þá, er vísað var til hennar á síðasta fundi. Mun hún þá einnig athuga þessa till., en telur ástæðulaust, að henni verði formlega vísað til nefndarinnar.

Forseti: Vegna yfirlýsingar hv. þm. Vestm. (K. E.) tek jeg aftur till. mína um það, að máli þessu verði vísað til fossanefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 8 : 4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., föstudaginn 26. sept., var till. tekin til síðari umr (A. 963).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Meiri hl. fossanefndar leyfir sjer að leggja til, að þessi till. sje samþykt, eins og hún liggur fyrir. Einn nefndarmanna hefir þó ekki fyllilega getað fylgst með nefndinni, og mun hann gera grein fyrir skoðun sinni.

Nefndin lítur svo á, að ef til þess kemur, að landið taki að sjer vatnsnytjar, þá sjeu Sogsfossarnir best til fallnir, bæði vegna hentugrar afstöðu og ódýrs rekstrarkostnaðar. Nefndin lítur svo á, að rjett sje að stefna að því marki, að landið reki vatnsiðju, og vill, að ekkert verði því til fyrirstöðu, þegar að því kæmi. Nefndin telur rjett, að þetta þing, sem fjallar svo mikið um fossamálin, láti uppi svona bending um stefnuna, jafnvel þótt síðari þing sjeu ekki bundin við skoðun þessa þings. Með þessu verður þá ekki heldur sagt, að þetta þing hafi ekki látið neitt uppi um fossamálin, þótt hlíðrað hafi sjer hjá að kveða upp úr um skoðun sína á eignarrjettinum. Nefndin lítur svo á, að þótt ætlast sje til, að framkvæmdir till. verði mest fólgnar í undirbúningi samninga við þá, sem umráð hafa fossanna, þá verði samt ekki ráðist í neitt stórt, nema til komi samþykki Alþingis, og að ekki verði neinu slegið föstu um vafaatriði, eins og t. d. um eignarrjettinn, eða að hinn aðilinn fái á nokkurn hátt þann skilning á ráðstöfunum þessum, að í þeim felist viðurkenning á eignarrjetti hans.

Nefndin leit svo á, að að vísu hefði mátt breyta fyrirsögninni og fella burt orðið „lögnám", en gerir þó hins vegar ráð fyrir því, að stjórnin muni haga framkvæmdum sínum eftir sjálfri málsgrein till., en ekki fyrirsögninni, enda hefir stjórnin lýst yfir því, að hún leggi þann skilning í till. Þeir, sem því síður mundu hafa getað aðhylst till. vegna fyrirsagnarinnar, geta nú óhikað greitt henni atkvæði. Hitt er og varhugavert, að stefna till. í Sþ., en svo yrði, ef nú yrði breytt.

Sigurjón Friðjónsson: Mjer skilst, að meiri hl. nefndarinnar byggi afstöðu sína til frv. á því, að landið nýti fossana á eigin kostnað.

Jeg álít málið ekki enn komið á þann rekspöl, að rjett sje að slá þessu föstu. Í annan stað hjelt hv. frsm. (K. D.), að hægt væri að semja um Sogsfossana, án þess að til greina kæmi spurningin um eignarrjettinn. Þetta fæ jeg ekki skilið, og er meðal annars þess vegna andvígur till. Jeg hafði ekki búist við því af þessu þingi, að það festi sig við ákveðinn skilning fyrir framtíðina, heldur að stjórnin tæki málið að sjer og byggi það undir næsta þing. Jeg álít, að þingið hafi tekið öfuga stefnu í málinu og þessi till. hefði ekki átt að koma fram. Tel rjettara, að það hefði byrjað á því að setja sjerleyfislög. Jeg leyfi mjer

því að afhenda hæstv. forseta rökstudda dagskrá, þess efnis, að till. verði vísað til stjórnarinnar til undirbúnings undir næsta þing.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi látið þess getið, að eins og till. væri orðin, væri stjórninni ekki annað tiltækilegt en að leita fyrir um samningatilboð. Það er ekki hægt að búast við því, að nokkur stjórn fari lengra en að leita samninga og leggja þær umleitanir fyrir þingið. Þetta myndi stjórnin telja sjer skylt að gera, hvor leiðin sem valin verður, till. eða hin rökstudda dagskrá.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi við fyrri umr. lýst skoðun minni á þessu máli og hvatti þá til þess að samþykkja þessa till. Skal jeg leyfa mjer að vísa til þeirra raka, sem jeg flutti þá, sem sje að fossar þessir væru vel lagaðir til framkvæmda og lægju á besta stað. Væri því sjálfsagt að reyna að ná í fossana. Aðalatriðið er þetta, að það komi fram, að vilji þingsins sje að ná í fossana; hitt er minna um vert, þó því verði ekki lokið fyrir næsta þing Ef tillagan verður samþykt, þá hefir fjelagið fengið ótvírætt svar.

Samkvæmt þessu legg jeg á móti rökstuddu dagskránni.

Forsætisráðherra (J. M.): Það, sem hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hefir sagt, að með till. væri gefið svar við leyfisbeiðninni, er sagt fyrir hans reikning, en ekki stjórnarinnar. Jeg sje ekki, að með till. sje gefið svar við tilmælum fjelagsins, því þótt landið ætti fossana, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að það leyfði öðrum að virkja þá. Það getur verið, að þetta sje tilætlunin með till., en það þyrfti þá að koma skýrt fram, og vildi jeg biðja hv. frsm. (K. D.) að upplýsa, hvort svo sje. Ef jeg hitti þessa menn nú, er jeg fer utan í haust, þá get jeg ekki sagt þeim, að erindi þeirra hafi verið neitað, án þess að það komi skýrar fram. Það getur haft mikla þýðingu, að landið eigi orkuverið, þótt aðrir hafi iðjuverið.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil taka það fram, að jeg er samþykkur skoðun hæstv. forsætisráðh. (J. M.) um eignarrjettinn. En þrátt fyrir það má með sjerleyfislögum tryggja landinu víðtækan rjett yfir fossunum. Að því er „Íslands"-fjelagið snertir, þá hefir það farið fram á að fá sjerleyfisrjett fyrir sig yfir Soginu, en jeg tel víst, að landið, með því að ná tökum á fossunum, ætli sjer annað með því.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Mjer skildist, að hv. sessunautur minn (S. F.) vildi slá því föstu, að landið virkjaði Sogsfossana, en jeg hjelt, að jeg hefði tekið það skýrt fram, að við vildum ekki binda hendur síðari þinga um það, en við viljum ekki gera neitt til að hindra, að svo verði, en það er annað en slá því föstu.

Þá vildi sami hv. þm. (S. F.) halda því fram, að ekki væri hægt að ráðstafa þessu eða gera samninga um það, nema komið væri að spurningunni um eignarrjettinn, en jeg get ekki fallist á, að samningaumleitanir geti ekki farið fram, þótt rjettarspursmálið sje óútkljáð, og því verður ekki ráðið til lykta fyr en samþykki Alþingis kemur til; þetta styðst og við eitt orð, er hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, og það var samninga*tilboð*.

Viðvíkjandi því, er hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að hann sæi ekki fært að framkvæma lögnám, nema fullar bætur kæmu fyrir, þá er það í fullu samræmi við það, sem jeg skýrði frá fyrir hönd nefndarinnar, og hún er fyrir sitt leyti fús á að nema það burt úr fyrirsögn till., en jeg

býst ekki við, að hæstv. forseti vilji breyta því „redaktionelt“. Að það er ekki ætlast til lögnáms sjest enn frekar á þeirri breytingu, er samþykt var í háttv. Nd., að fella burtu tilvitnunina í fossalögin frá 1907; það stefnir að sama marki, að láta gildi laga um eignarrjettinn vera óafgert.

Þar sem þeim ber á milli, hæstv. forsætisráðh. (J. M.) og hæstv. fjármálaráðh (S. E.), um það, hvort þetta sje svar til fossafjelagsins „Íslands“, þá ætla jeg ekki að skera úr því. Nefndin talaði ekkert um þetta atriði. Hún vildi ekki láta uppi neitt svar til fjelagsins, en eftir öllum líkum mætti skilja það sem svar; að minsta kosti finst mjer það benda fremur í áttina til þess, að fossafjelagið „Ísland“ fái afsvar, en fyrir nefndarinnar hönd hefi jeg ekki umboð til að lýsa neinu yfir um það.

Samkvæmt þessu óska jeg, að dagskrá sessunautar míns (S. F.) verði feld. Að vísa till. til stjórnarinnar er ekki annað en kurteis og þægilegur máti til að fella till., og ef það væri gert, hefði deildin stigið stórt spor aftur á bak frá gerðum hv. Nd., og það get jeg ekki felt mig við.

Sigurjón Friðjónsson: Hv. frsm. (K. D.) taldi rjett, að flýtt væri sem mest fyrir, að stjórnin næði yfirráðum yfir vatnsorku Sogsfossanna.

Jeg hygg, að hjer sje byrjað á öfuga endanum, og hitt hefði fyrst átt að gera, að tryggja stjórninni sem mest yfirráð með sjerleyfislögum eða öðrum heppilegum lögum. Aðstaða stjórnarinnar getur ekki versnað, en hún getur batnað, ef þingið samþykkir lög um þetta efni

Líklega er það af mismunandi skilningi á þessu atriði, sem oss hv. frsm. (K. D.) greinir á. Jeg vil skapa stjórninni betri aðstöðu áður en hún gerir nokkuð í málinu, en hann vill drífa það af sem fyrst.

Forseti: Rökstudda dagskráin, sem mjer hefir borist frá hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.), hljóðar svo:

Í því trausti, að landsstjórnin búi fossamálin undir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. landsk. varaþm. (S. F.) feld með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., Jóh. Jóh., M. K., S. F., G. B
nei: E. P., G. G., H. St., H. Sn., K. E., K. D., M. T., S. E.

S. J. greiddi ekki atkv. vegna þess, að í dagskránni fælist tilvísun til stjórnarinnar, og mat forseti þá ástæðu gilda.

Till. samþ með 8 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. St., H. Sn., K. E., K. D., M. T., S. E., E. P., G. G.
nei: G. Ó., M. K., S. F., G. B.

Jóh. Jóh. og S. J. greiddu ekki atkv., hinn fyrri af þeirri ástæðu, að fyrirsögnin kæmi í bága við tillgr. sjálfa, og hinn síðari fyrir þá sök, að í till. fælist áskorun til stjórnarinnar. Tók forseti gildar ástæður beggja.

Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 990).

19. Rjettur ríkisins til vatnsorku í almenningum.

Á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rjett ríkisins til vatnsorku í almenningum og afrjettum (A. 794).

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 15. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg skal leyfa mjer þegar í stað að mælast til, að hæstv. stjórn, og þá sjerstaklega hæstv. forsætisráðh. (J. M.), vildi vera við umr. um vatnamálin, sem ræða á í dag. (*J. M.*: Hvers vegna þá helst forsætisráðherra?). Jeg sje að hann er nú hjer viðstaddur; annars nefndi jeg fyrst landsstjórn, og jeg býst við, að hann kannist við, að hann teljist til hennar.

Hvað snertir þessa till., þá er í byrjun eins að geta, að hún er borin fram í samræmi við þá niðurstöðu, sem millilþinganefndin í fossamálinu komst að um þetta atriði. Samvinnunefnd allri, nema einum, þótti rjett, að þetta kæmi fram þannig orðað, eða eitthvað í þessa átt, að landsstjórnin lýsi alla vatnsorku í almenningum og afrjettum eign ríkisins; þar af leiðir svo, að landsstjórnin hlýtur að gera ráðstafanir, ef með þarf, til þess, að rifting fari fram á gerningum milli einstaklinga eða fjelaga, er í bága kynnu að fara við þennan rjett þjóðfjelagsins. Það er svo sem sjálfsagt, að stjórnin færi að þessu eins og henni þætti best til fallið. Jeg hefi orðið þess var, að í fyrra var af hálfu stjórnarinnar send út auglýsing til allra sýslumanna, sem oddvita sýslunefnda, þar sem ríkið telur sig hafa allan rjett til vatnsorku í almenningum og afrjettum. Mun þetta hafa gert verið af því, að fossanefndin hafi tilkynt stjórninni, að hún hefði komist að þessari niðurstöðu. Þótt nú þessi tilkynning hafi verið send út, þá er mjer ekki kunnugt um, að hún hafi verið þinglesin, en þessu er auðvitað sjálfsagt að þinglýsa. Tel jeg og hv. meiri hluti nefndarinnar sjálfsagt, að stjórnin sjái svo um, að þeir samningar, er gerðir hafa verið um vatnsorku á þessum stöðum, fái ekki haldið gildi sínu; þarf stjórnin, ef til vill, til þess að fara í mál. Og þótt nú samningunum verði rift, getur það ekki komið til mála, að stefnandi, sem verður landsstjórnin, bæti nokkru þeim, er rjettinn missa. Hitt, hvort yfirleitt nokkuð þurfi að bæta, tel jeg óskylt að athuga hjer, eða hvort einstaklingar eða einstök hreppafjelög, sem ef til vill hafa selt vatnsafl í afrjetti, yrðu fyrir málsókn af hálfu kaupenda, fyrir að selja það, sem þau ekki áttu. Er það mjög óvíst, hvort bætur kæmu fyrir af hálfu hreppa, einstaklinga eða sýslufjelaga.

Einn nefndarmaður, hv. 1. þm. Árn. (S. S.), óskaði ekki að bera fram með hinum hluta nefndarinnar þessa till. Er mjer ókunnugt, af hverju hann skar sig úr, og vona jeg, að hann skýri frá því við þessa umr.

Að svo mæltu sje jeg ekki þörf á að fjölyrða frekar um þessa till. í svipinn

Sigurður Sigurðsson: Eins og getið er um í nál. samvinnunefndar á þgskj. 792, og sömuleiðis eins og hv. frsm. (G. Sv.) tók fram, þá greiddi jeg atkvæði á móti því, að þingsál. á þgskj. 794 kæmi fram. Jeg skal nú í fám orðum gera grein fyrir ástæðum þeim, sem valda því, að jeg var og er á móti því, að till. er fram komin, og að hún verði samþ. hjer.

Till. fer fram á það að skora á stjórnina að lýsa vatnsorku í afrjetti og almenningi eign ríkisins og gera ráðstafanir til,

að rifting fari fram á gerningum einstakra manna eða fjelaga um þessa orku, að svo miklu leyti sem það sýnist koma í bága við þennan eignarrjett ríkisins — Hjer er ekkert, sem kallar að, ekkert, sem heimtar, að *nú þegar* verði í þetta ráðist. Jafnvel þó því væri slegið föstu, að ríkið ætti alla vatnsorku í almenningum, þá er langt frá því, að aðkallandi sje nú eða nauðsynlegt að gera frekari ráðstafanir en gerðar eru þegar.

Eins og kunnugt er, þá er vatnsvirkjun eða vatnsorkuiðja enn ekki hafin, og það lítur ekki út fyrir, að hún verði hafin á næstu árum. Þó byrjað verði fyr eða síðar að virkja fossa, þá verður áreiðanlega byrjað fyrst á þeim, sem eru í bygð, en ekki á hinum, sem eru í afrjetti eða almenningi. Jeg býst við, að mannsaldrar líði þangað til þeir verða teknir til notkunar. Og hvað liggur þá á því, að skora nú á stjórnina að gera ráðstafanir? Jeg get ekki sjeð það. Stjórnin hefir þegar, að tilhlutun milliþinganefndarinnar, látið tilkynna, að hvaða niðurstöðu nefndin hefir komist í þessu máli, sem sje þeirri, að ríkið eigi vatnsorku í afrjettum og óbygðum. Hún hefir varað menn við frekari samningum um þessi efni, og þetta tel jeg nægilegt, eins og nú standa sakir.

Jeg tel enga þörf á að halda lengra. Verði þessi till. samþykt, og meti stjórnin hana nokkurs, geri t. d. gangskör að riftingu samninga, þá er það opinbert leyndarmál, að megnar deilur og málaferli munu rísa af því. Enginn veit hvar lendir, en allar líkur eru á, að það geti varðað einstaklinga og hreppsfjelög sem gert hafa samninga um vatn eða notkun vatnsorku, miklu eignatjóni. Af þessari ástæðu tel jeg till. óþarfa og ótímabæra. Jeg verð því að ráða frá að samþykkja hana, og það án tillits til skoðana hv. deildarmanna á eignarspursmálinu um vatnsorku í óbygð.

Þá vil jeg benda á eitt í þessu sambandi. Það er sem sje ekki víst, nema einstaklingar og hreppsfjelög kunni að eiga *eitthvað* af fossum í afrjettum. Það er alveg órannsakað mál.

Undir öllum kringumstæðum er till. óþörf og vanhugsuð og hlýtur að valda óeirðum, málaferlum og djöfulskap, ef hún verður samþykt og framkvæmd. Finnig getur hún valdið miklu eignatjóni, og er þá ver farið en heima setið.

Það er heldur ekki neitt, sem bendir á, að farið verði að virkja þessa fossa á næsta mannsaldri. Þegar farið verður að virkja fossa, þá verður það gert fyrst í þeim sveitum, þar sem samgöngur eru sæmilegar, eða liggja vel við samgöngum og samgöngubótum.

Að samþykkja þessa till. er gönuhlaup og ábyrgðarhluti. Svo fljótfærnisleg og vanhugsuð er hún.

Sveinn Ólafsson: Þessi þingsál. á þgskj. 794 er komin fram í samræmi við niðurstöðu milliþinganefndarinnar um vatnsrjettindi í öræfum og almenningsafrjettum. En það er meira um till. að segja. Hún er komin fram á þeim tíma, þegar nefndin var óskift, eða áður en sú nýstárlega kenning kom fram, að ríkið ætti alt vatn á löndum einstakra manna. Till. styðst við það, að ríkið eigi almenningana. Nefndin var vitanlega í upphafi öll þeirrar skoðunar, að landið helgaði sjer vatnið, og af því að engir einstakir menn eða hreppar eiga öræfin, þá eru þau ríkiseign. Þetta er undirstaða þessarar till.

Það mætti segja, að stjórnin hefði fallist á þessa niðurstöðu, því að hún hefir látið lögreglustjóra hvarvetna tilkynna, að hún gerði kröfu til vatnsrjettar á þessum svæðum, fyrir hönd landsins, og mætti því líta svo á, að þetta væri útkljáð og þessum rjetti væri lýst nægilega. En engin þingsákvörðun hefir verið tekin í málinu, og þess vegna er rjett að sam

þykkja till. Hún er beint framhald af þeirri þingsályktun, sem samþ. var á þingi 1917, um rannsókn á þessum rjetti, og borin var fram af háttv þm. V.-Sk. (G. Sv.), eins og líka af niðurstöðu milliþinganefndar, og er rjett, að þessi skoðun fái þinglega viðurkenningu.

Jeg veit, að með þessari till. er ekki skorið úr því, hvar takmörkin eru milli rjettar einstaklingsins og ríkisins. Sumir afrjettir eru eign eða hluti af fasteign einstakra manna eða hreppa. Þess vegna er líklegt, að deilt verði um það, hvar línuna eigi að draga. En það virðist eiga að vera dómstólamál, þar sem þær eru óglöggar og eigi semur. Og er jeg þar sammála samvinnunefnd. Hitt er ekki að efa, að þar sem um almenninga er að ræða, þar á ríkið orkuna og enginn annar.

Jeg ætla að leyfa mjer að geta þess út af ummælum, sem iðulega hafa komið fram í blöðum og víðar, um að deilur og málaferli hafi staðið um langt skeið um vatnsrjettindi í Noregi, milli ríkisins og landeigenda, þá er þar oft blandað málum. Það er rjett, að nokkur mál hafa staðið um það, hvar mættust rjettur einstaklingsins og ríkisins, þar sem einstakir menn áttu land að almenningum. Takmörk á eignum einstaklinga hafa ekki verið skýr, og hafa þau ekki verið ákveðin nákvæmlega fyr á tíð, en nú sumstaðar með dómi. Menn hafa þar víða í seli, og selbændur töldu sig eiga alt landið í kring. Það hefir verið um það deilt, hvort þetta væri rjett á litið eða ekki, og hafa allar vatnadeilur staðið um þetta, eða þá landamerkin, en aldrei um hitt, hvort einstaklingarnir ættu vatnið á sínu eigin landi. Deilan hefir ekki staðið um vatnið, heldur landið, því að sá á vatnið, sem landið á undir því, eins þar sem hjer, og Norðmenn hafa aldrei dregið það í efa.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) lagði á móti þessari till. og fanst hún ekki tímabær. Hann taldi, að hún mundi valda eignatjóni þeim einstökum mönnum og hreppum, sem fargað hafa vatnsrjettindum í óbygðum. Það er rjett, að ekki verður hjá því komist að rifta samningum einstakra manna eða hreppa á slíkum rjettindum, ef till. gengur fram, þó mildilega verði á tekið, af því að selt hefir verið í góðri trú.

En þar sem hv. þm. sagði, að ekki lægi á þessu, vegna þess að orkan yrði ekki notuð í bráð, þá er það ekki rjett. Jeg skal benda á það, að þó Hvítá t. d verði virkjuð fyrir neðan Hestvatn, hvað þá heldur ef hún verður virkjuð ofar, þá hefir það í för með sjer, að gera verður vatnsmiðlun í Hvítárvatni. Líkt er að segja um aðrar stórár. Það yrði að grípa til vatna í óbygð, til þess að þurfa ekki að taka haga eða engi undir vatnsmiðlun, sem óhjákvæmileg væri. Þetta er því ekki rjett hjá hv. 1. þm. Árn. (S. S.).

Jeg ætla ekki að fara lengra út í þetta mál að sinni, en legg með því, að till. verði samþ., því hún er fyllilega tímabær og nauðsynleg.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. frsm. (G. Sv.) óskaði þess sjerstaklega, að jeg væri við þessa umr. Jeg get ekki skilið, hvers vegna jeg eigi sjerstaklega að vera hjer viðstaddur, því stjórnin hefir nú sagt af sjer, og alveg óvíst, hverjir skipi stjórn milli þinga. Við höfum enn ekki fengið neitt svar frá þinginu um eftirmenn okkar, en þó mun verða ákveðið um það áður en þingi er slitið. Af þessum ástæðum er ekki gott fyrir stjórnina að láta neitt uppi um þetta mál, enda tala jeg ekki hjer fyrir hennar hönd.

Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, hvaða þýðingu þessi till. á að hafa, en hún fer fram á það, að stjórnin eigi að lýsa vatnsorku í óbygðum ríkiseign. Lögfræðingarnir í nefndinni hafa eflaust gert sjer

grein fyrir þýðingu hennar, en jeg sje ekki, að gerðir stjórnarinnar öðlist frekar lagalegt gildi, þó hún hafi þessa till. að baki. Aðgerðir stjórnarinnar hafa því að eins þýðingu, að þær sjeu löglegar, en þessi till. verður ekki til að gefa þeim lagalegan bakhjarl. Með því að skipa stjórninni að rifta samningum hlýtur að koma til kasta dómstólanna. Jeg hefði því álitið fulla ástæðu til að gefa þessa yfirlýsingu í lagaformi, og þannig hygg jeg að farið væri að alstaðar annarsstaðar en hjer. Það hefði meiri kraft, meiri stuðning til stjórnarinnar í för með sjer. Þá gæti komið spursmál um takmörkin milli þess almenna löggjafarvalds og stjórnarskrárlöggjafarvalds, en jeg held, að ekki þurfi að fara út í það, því flestir munu á því máli að nefndin hafi þarna rjett fyrir sjer. Það væri vandaminst að búa til einföld lög um, að rifta skyldi samningum, sem gerðir væru og kæmu í bága við það, sem nefndin telur lög, og láta síðan dómstóla skera úr.

Það er að eins form, sem skilur á, en jeg er sammála nefndinni um það, hvað lög eru í þessu efni.

Jeg býst ekki við, að hv. frsm. (G. Sv.) heimti meira af mjer en að lýsa minni skoðun, og það hefi jeg nú gert. En um stjórnina í heild get jeg vitanlega ekkert sagt.

Jörundur Brynjólfsson: Örfá orð. Mjer sýnist þessi till. vera í samræmi við það, sem verið hefir að gerast í þessu máli. Hjer kemur síðar önnur till. til umr., sem fjallar um líkt málefni, og skal jeg því ekki fara út í einstök atriði að sinni. Jeg ætla að eins að láta þá skoðun mína í ljós, að jeg tel till. með öllu óþarfa. Jeg hygg, að það liggi á öðru meira í vatnamálunum en að samþykkja þessa till. Þetta þing skilst ekki svo við þessi mál, að atriði, sem eru meira varðandi, verði útkljáð, og getur þetta beðið að skaðlausu.

Mig undrar, að minni hluti milliþinganefndar skuli vera með þessari till. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gat þess meðal annars, að óvíst væri um takmörk milli afrjetta einstaklinga og afrjetta ríkisins. Sum afrjettarlönd eru eign hreppa eða einstakra manna, og eiga þeir þá eins það vatn, sem þar er, og það, sem er í heimalöndum. Hv. þm. vildi láta dómstóla skera þar úr, og býst jeg við, að það verði gert, þegar þar að kemur, en jeg býst ekki við, að það yrði að tjóni, þó það biði að minsta kosti ekki fyrst um sinn. Hv. þm. taldi, að gera þyrfti vatnsmiðlun í óbygðum, ef stórár yrðu virkjaðar, en Alþingi veitti það leyfi, og þá væri nægur tími að ákveða hitt um leið. Jeg tel nóg að gert í öllum þessum hringlandahætti í vatnamálunum og tel, að betur sæmdi að láta bíða að samþykkja þessa till., en snúa sjer heldur að öðru, sem nauðsynlegra væri.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Það sýnist svo, sem til þess gæti komið, að samkomulagið um tillögu þessa yrði lítið betra hjer í deildinni en samkomulagið um vatnsrjettindin var í fossanefndinni. Er það merkilegt, að svo fari um þessa tillögu, sem bæði jeg og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) teljum sjálfsagða og beint framhald af því, sem á undan er gengið.

Það kemur kynlega fyrir, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) skuli telja tillögu þessa gönuhlaup, og er slíkt sagt alveg út í bláinn. Með henni er ekki annað gert en að binda enda á það, sem áður var hafið. Þingið 1917 samþykti þingsályktunartillögu um að fela stjórninni að láta fram fara rannsókn á eignarrjetti til vatnsorku í almenningum og afrjettum landsins eða fastákveða, að ríkið ætti vatnsorku þessa, því að flestir þóttust þegar vita, að sú mundi

verða niðurstaða rannsóknarinnar. Og nú kemur nefndin með tillögu þessa, sem yrði að niðurstöðu þingsins í málinu; hún á að gefa til kynna, verði hún samþykt, hvað þingið ætlist til að gert sje við málið.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) tók einkennilega óstint upp tillögu þessa. Mjer kom það á óvart, að hann, hinn eini „jafnaðarmaður" þingsins, skyldi ráðast á jafnmeinlausa tillögu og sjálfsagða sem þá, að skora á landstjórnina að lýsa ríkiseign vatnsorku þá, sem allflestir telja að sje það í raun rjettri. Það þarf ekki að minna á, í hvílíku ósamræmi þessi framkoma er við skoðanir jafnaðarmanna, sem vilja draga alt inn undir yfirráð ríkisins og telja, að það eigi að slá eign sinni ekki einungis á vatnsföllin, heldur landið alt og landsnytjar. Það er undarlegt, að hv. þm. (J. B.) skuli hverfa svo mjög frá skoðunum flokksbræðra sinna við það, að flytja í nánd við orkuvötnin, eða þótt hann sje fluttur úr Reykjavík austur í Árnessýslu. Jeg fæ eigi heldur sjeð, hvernig hv. þm. (J. B.) getur lýst því yfir, að tillaga þessi sje óþörf og ekki aðkallandi. Jeg hjelt, að það gæti þó aldrei verið óþarft að komast að fastri niðurstöðu um hvað sem væri. Þótt ekki sje það tilætlunin að fara þegar í stað að virkja nokkurt sjerstakt vatn. þá er það þó jafnaðkallandi og sjálfsagt, að þingið geri eitthvað út um málið að sínu leyti. Og jeg hefi ekki ástæðu til að ætla annað en að meiri hluti þess muni líta á það sömu augum og nefndin og komast að sömu niðurstöðu sem hún, að sjálfsagður endi málsins hjer sje að bera fram þessa þingsályktunartillögu. Hitt er rjett, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að af því, að ríkið helgi sjer vatnsorku í afrjettum og almenningum, geti leitt málaferli og skaðabótakröfur á hendur þeim, sem hafa verið að braska með vatnsorkuna á þessum slóðum. Það er eigi rjett að fara óviðurkvæmilegum orðum um tillöguna fyrir það. Jeg hygg, að orðalag tillögunnar sje fullljóst, enda veit jeg ekki betur en að nefndarmenn væru ánægðir með það.

Það kemur þessu máli ekki við, þótt einstakir menn eða hreppar eigi land, sem notað hefir verið sem afrjettur, því að ríkið gerir ekki tilkall til annara vatnsrjettinda en þeirra, sem ekki eru eign einstakra manna eða sveitarfjelaga; enda kæmi það brátt í ljós, þegar farið væri að framkvæma það, sem tillagan gerir ráð fyrir að framkvæmt sje, hvar svo stendur á: því að þegar ráðstafanir yrðu gerðar um, að rifting fari fram á gerningum milli einstaklinga eða fjelaga, þá mundi verða úr því skorið með dómi, hvar ríkið ætti rjett á afrjettum og vatnsorku og hvar ekki.

Þá sný jeg mjer að hæstv. forsætisráðherra (J. M.). Það er rjett, sem hann sagði, að óvíst er, hverjir muni skipa hina nýju stjórn; en eigi getur sú óvissa þó losað stjórnina, sem með völdin fer, þótt eigi sje nema um stundarsakir, við að hlýða á mál manna og taka þátt í umræðum og meðferð mála: stjórnin verður að framkvæma stjórnarstörfin, þótt hún hafi sagt af sjer, þangað til ný stjórn er skipuð.

Jeg þykist að vísu vita, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) geti ekki svarað til þessa máls nema frá sínu eigin sjónarmiði, því að stjórnin sem slík mun ekki hafa tekið afstöðu til málsins, og það dreg jeg af því, að hún virðist ekki hafa látið sig málið nokkru skifta, síðan það kom frá milliþinganefndinni: hún hefir ekki lagt fyrir þingið neitt af frv. milliþinganefndarinnar, nje heldur annað í þeirra stað, þótt næst lægi, að hún hefði gert það.

Jeg taldi það æskilegt, að stjórnin væri viðstödd á meðan málið væri rætt, svo að þingmönnum gæfist kostur á að kynna sjer afstöðu hennar í því, og einkum óskaði jeg, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) væri við, svo að honum, sem öðrum þeirra lögfræðinga, sem í stjórninni sitja, gæfist kostur á

að láta í ljós álit sitt á lagahlið málsins og svara til þess, er hana snerti.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að sjer væri ekki ljóst,hvernig yfirlýsing sú, sem tillagan nefndi, ætti að fara fram, þannig að hún hefði gildi. Jeg svara því þannig, að stjórnin á að láta þinglýsa því í hreppi hverjum, að hún lýsi alla vatnsorku í afrjettum og almenningum ríkiseign. Jeg gat þess, að lík yfirlýsing hefði komið frá stjórninni í fyrra; en hún var ekki undirbygð á sama hátt, og eigi var henni þinglýst þá. Þessi þinglýsing hefir að nokkru rjettarlega þýðingu, þótt eigi skeri hún úr rjettarspursmálinu sjálfu; hún gefur það til kynna öllum, að ríkið telur sig eigandi þeirra nytja, er hún nefnir; og hún mundi hafa þá raunverulegu þýðingu, að þeir, sem hefðu í huga að braska með sölu vatnsrjettinda, mundu kynoka sjer við framvegis, er þeir vissu, að löggjafarvaldið hefði falið stjórninni að gefa þessa yfirlýsingu. Í þessu tilliti hefir það ekki þýðingu, frá mínu sjónarmiði, hvort stjórninni er veitt heimildin í þingsályktunarformi eða í lagaformi, því að frá þingsins sjónarmiði er ekki um vafaatriði að ræða, og stjórnin getur því hiklaust framkvæmt fyrirskipun þingsins, þótt í tillöguformi sje. Líka er þess að gæta, að þótt þingið slægi þessu föstu með lögum, að ríkið ætti vatnsorku í almenningum og afrjettum, þá er þessi úrskurður löggjafarvaldsins ekki óvefengjanlegur,nje fullvíst, aðhannstandist úrskurð dómstólanna. Meiri hl. nefndarinnar hefir ekki treyst sjer nje þinginu til að fella óyggjandi úrskurð í máli þessu, og því hefir hann ekki viljað fara löggjafarleiðina, enda er það ekki einhlítt, þó að sjeu lög sett, sem koma í bág við rjettarmeðvitund manna og rjettarvenjur, þá er meira en vafasamt, hvort dómstólarnir mundu dæma eftir slíkum lögum; því hefir nefndin valið þá leið, sem farin er á þgskj. 795, að skora á landsstjórnina að slá eign sinni á tiltekna vatnsorku, svo að dómsúrskurður fáist um það, hver eigi vatnsorkuna í landinu, hvort heldur ríkið eða einstaklingar. Þá fyrst, þegar dómsúrskurður er fallinn um þetta, er tími til kominn að skipa málinu með lögum.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) þótti eins rjett að taka til einstakt atriði, þar sem rifting gæti komið til greina; þá mundi spurningin leysast af sjálfu sjer. Þetta er að nokkru leyti rjett. En það er líka rjett, að fram komi skoðun þingsins á því, hvern það telji vera rjett landsins í þessu máli, án þess þó að útkljá það, eða útiloka dómstólana frá því að skera úr því. Það vantar því ekki í tillöguna, að rifting geti farið fram samkvæmt henni; það er einmitt ákveðið í henni, að stjórnin skuli, ef með þarf, gera ráðstafanir til, að rifting fari fram á gerningum milli einstakra manna og fjelaga. En hæstv. forsætisráðh. (J. M.) þykir má ske óþarft, að í tillögunni standur „ef með þarf", þar sem sölusamningar eru vitanlega fram farnir. En þetta er þannig orðað, að ekki er loku fyrir skotið, að samkomulag kunni að komast á, þegar stjórnin fer að leita hófanna, og að þeir, sem keypt hafa rjettinn til vatnsorkunnar, falli frá þessum málamyndarjetti sínum, þegar þeir sjá, að stjórninni er alvara með að láta til skarar skríða.

Hvernig sem á málið er litið, sje jeg ekki, að stjórnin eða aðrir geti verið móti tillögu þessari, nema ef vera skyldi þeir, sem eins er ástatt fyrir eins og hv. 1. þm Árn. (S. S.) játaði hreinskilnislega um sig, að þeir sjeu hræddir um, að það geti leitt til skaðabóta af einhverra hálfu. En jeg sje ekki, að þingið geti tekið svo mikið tillit til þessara manna, að það láti málið falla niður fyrir þá sök.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal geta þess, út af því, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að stjórnin hefði enga ákveðna af-

stöðu tekið í þessu máli, að henni var það bókstaflega ekki unt, því að frv. meiri hluta fossanefndarinnar komu fyr til þingsins en til stjórnarinnar; enda hefði málið ekki getað komið fyrir þetta þing, ef það hefði átt að koma frá stjórninni. Því að nefndin, eða mestur hluti hennar, hafði, af ástæðum, sem teljast mega eðlilegar, ekki lokið störfum sínum að öllu leyti fyr en fram á þing kom. Og síðan málið kom til þingnefndarinnar hefir stjórnin ekki haft neitt færi á að blanda sjer inn í það; mjer vitanlega hefir nefndin ekki heldur leitað neinnar samvinnu við stjórnina, enda er ekki víst, að það hefði haft nokkra þýðingu, því að síðan hún sagði af sjer er hún að eins starfandi stjórn, en ekki pólitisk, en mál þetta er fullkomlega pólitiskt mál, og því er ekki að búast við miklum framkvæmdum af hendi stjórnarinnar í því, að svo stöddu máli.

Ágreiningurinn milli mín og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) er einkum sá, og jeg tel þá leið, sem hv. nefnd hefir valið, hvorki heppilega nje rjetta. Það hefði átt að koma fram yfirlýsing um málið í lagaformi; því að þessi vanbrúkun á þingsályktunartillögum, sem svo mjög er farin að tíðkast á þessu þingi, þekkist vart í öðrum þingum, enda eru þingsályktunartillögur, slíkar sem þessi er, þýðingarlausar; þær geta átt við, þegar um framkvæmd umboðsstarfa er að ræða; en í öðrum eins málum og þessu er lagaleiðin eina rjetta leiðin.

Jeg hefi áður tekið fram, að jeg tel það afskaplega misbrúkun á þingsályktunartillögum að nota þær eins og gert hefir verið að undanförnu, og slíkt má ekki halda áfram nú, eftir að landið hefir fengið fullveldi. Það var eðlilegt á meðan laganeitanir voru tíðar, þótt þingið gripi til þeirra; þær áttu þá að nokkru leyti að koma í stað laga. En nú, eftir að lagasynjanir eru burtu fallnar, þá ættu þingsályktunartillögur einnig að hverfa að mestu leyti úr sögunni. Jeg tel það t. d. mjög óheppilegt, að stórar upphæðir sjeu veittar úr landssjóði með þingsályktunartillögum. Aftur á móti er nokkuð öðru máli að gegna, þótt ákveðið sje með þingsályktun, að atkvæðagreiðsla skuli fara fram um bannmálið eða annað slíkt. En rjett er þó, að þingið skipi fyrir með lögum um allra flest af því, sem það vill láta framkvæma.

Einmitt af því, að mál þetta er borið fram í þingsályktunarformi, hefir yfirlýsing sú, sem tillagan ætlast til að komi frá stjórninni, ekki lagalega þýðing. Auk þess er hægt fyrir næsta þing að segja, að það líti alt öðruvísi á málið en nú er gert; það er miklu hættara við þess háttar hringli en ef um lög er að ræða. Það eru yfir höfuð vandræði fyrir löggjafarvaldið að skipa stjórninni að gefa út yfirlýsingar, sem enga þýðingu geta haft. Að vísu má svo vera, að yfirlýsing frá stjórnarinnar hálfu leiddi til þess, að menn hikuðu við að kaupa og selja vatnsrjettindi meðan rjettarspurningin er óútkljáð. En eftir að málinu hefir á annað borð verið hreyft, og sú skoðun fengið allmikið fylgi, að landið eigi vatn alt í almenningum og afrjettum, mun sjerstök yfirlýsing um það ekki vera nauðsynleg eða hafa mikla þýðingu.

Jeg skil annars ekki í, að jafnglöggur og skarpur lögfræðingur eins og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) er skuli ekki geta sjeð, hvílíkur munur er hjer á því, hvort lög eru sett um málið eða þingsályktun að eins gerð um það.

Jeg sný ekki aftur með það, að það ætti að koma fram í lagaformi, ef þingið vill, að ríkið helgi sjer eignarrjett vatns í afrjettum; og þetta ætti að vera því sjálfsagðara, þar sem flestir virðast vera á þeirri skoðun, að kenning sú, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) heldur fram, sje rjett. Þetta

mál er annars ekki jafnóbrotið eins og það virðist í fljótu bragði; og kemur hjer ýmislegt til athugunar. Það getur verið, að sveitarfjelag hafi þegar eignarrjett yfir afrjett, og til þeirra afrjetta virðist tillagan ekki ná. Þá getur hún ekki heldur náð til þess lands, sem ríkið á, því að þar á það vatnið líka, og því óþarfi að vera að gefa út yfirlýsing um það. En þar sem vafi er á um eignarrjett til almenninga og afrjetta, þá er ekki víst, að úr honum greiðist, þótt farið sje að rifta samningum um fallvötn á þeim slóðum; með því er ekki beinlínis skorið úr um eignarrjettinn yfir landinu og vatninu, sem á því rennur. En það er hálfleiðinlegt að standa í löngum deilum um þetta, sem öllum kemur saman um að efninu til, bæði meiri hluta og minni, og að svo stöddu máli hefir ekki svo ýkjamikla þýðingu, þar sem ný löggjöf getur breytt allri aðstöðu í málinu.

Að öðru leyti get jeg ekki sagt um, hvernig stjórnin muni snúast við tillögu þessari.

En eins og jeg hefi áður tekið fram, tel jeg miklu rjettara, að þessi yfirlýsing kæmi fram í lagaformi, hvort sem það nú væri á þessu þingi eða næsta ár, eða jafnvel ekki fyr en síðar.

Jeg hefi líka altaf haldið því fram, að varasamt sje að nota svo mjög þingsál. sem gert er.

Bjarni Jónsson: Jeg skal ekki tala langt mál, því að hv. frsm. (G. Sv.) hefir nú svarað öllu, sem svara þarf. Að eins verð jeg að láta undrun mína í ljós yfir þeim skilningi, sem komið hefir fram á till. þessari, að hún gæti átt við beitilönd, sem jörðum fylgja og eru eign einstakra manna.

Ef menn vilja nú athuga niðurstöðu fossanefndarinnar í þessu atriði þá er hún á þá leið, að skilgreining Grágásar er rjett enn í dag. Afrjett (eða afrjettur) er sumarbeit manna og geldfjárhöfn, en ekki landeign einstakra manna eða hjeraða, nema þar sem menn taka fje til upprekstrar í heimaland sitt, og kallast afrjett, þótt það sje eigi afrjett.

En eftir landamerkjalögunum má hæglega ákveða, hvað sje heimaland og hvað ekki. Hitt er einskis manns tilætlun að teknar sjeu með þesskonar afrjettir, sem heita svo að eins að örnefni. Slíkt gæti jeg bent á t. d. í Dalasýslu; þar nefnist afrjett land það, sem tekið var undan Hlíðarhúsalandi og lagt undir Sauðafell. En slíkar landeignir einstakra manna koma auðvitað ekki till. við.

Annars þykir mjer það dálítið undarlegt, ef menn hika við að samþykkja þessa till. nú, því jeg veit ekki betur en þessi hv. deild sje skipuð sömu mönnum nú og hún var árið 1916—1917, að undanskildum einum hv. þm. (S. St.), sem átti þá ekki sæti hjer. En þá var samþykt hjer þingsál., sem fer alveg í sömu átt og þessi. Sú þingsál. var afgr frá Nd. 8. janúar 1917 og er svo hljóðandi:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að gæta hagsmuna þjóðfjelagsins og rjettar landssjóðs til fossa og annara verðmæta í almenningum landsins og afrjettum þeim, er eiga heyra til neinni ákveðinni jörð einstakra manna eða sveitarfjelaga, með því

1. að komast að ábyggilegri niðurstöðu um það, hve langt yfirráðarjettur sýslu- og hreppsfjelaga yfir afrjettunum nái, samkvæmt þeim notum, er tíðkast hafa frá fornu fari (svo sem upprekstur, beit, fjallagrös, rótargröftur, skógarhögg, veiði) og gefa síðan hlutaðeigendum það til vitundar.
2. að láta fram fara rifting á öllum samningum, er sýslur eða hreppar kunna að hafa gert við einstaka

menn eða fjelög og í bága koma við rjett landssjóðs".

Þar með er sagt, að rannsaka skuli þetta mál, og hefir landsstjórnin hlýtt þeirri skipun. Sú rannsókn var fyrst falin fyrverandi landritara, Klemens Jónssyni, og lauk hann rannsókninni, en vildi ekki þegar til kom afhenda árangurinn, og var það af skiljanlegum ástæðum.

Síðan var fossanefndinni falin rannsóknin, og hefir hún nú einnig framkvæmt hana. Og nú er einmitt um það að ræða að gefa hlutaðeigendum til vitundar niðurstöðuna, eins og farið er fram á í þingsál. 1917. Þetta er til þess gert, að landsmenn viti um málið og fari ekki að dæmi annara í því að selja afrjettarlönd eða vatnsrjettindi þar.

Við Þjórsá t. d. hafa ekki að eins verið seld vatnsrjettindin, heldur og afrjettarlöndin.

Það ætti nú ekki að verða torsótt, að sama þing sem samþ. þingsál. 1917 samþ. einnig þessa till., sjerstaklega þar sem allir eru sammála um það, að sú skoðun sje rjett, að ríkið eigi afrjettarlöndin.

Þá var síðari hluti till., að rifta skuli samningum, sem fara í bág við þessa skoðun. Það er auðvitað sjálfsagt, að stjórnin geri það, þar sem hún bæði veit og heyrir, að það er allra skoðun, að afrjettarlöndin sjeu eign ríkisins. Og það er ekki nema rjett, að þessi áskorun sje nú ítrekuð með till. þessari.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) lagði áherslu á það, að verra væri, að þetta kæmi fram í þingsál.formi en lagaformi. Það má rjett vera, og jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, að það kæmi fram í lagaformi. En þetta fer þó eftir því, hve á er litið. Ef heimta á rjettinn, þá hefir þingsál. lögfræðilega minna gildi en lög en stjórnarinnar vegna ætti þeirra ekki að þurfa, því að í hverju þingfrjálsu landi hlýtur stjórnin að fara að vilja þingsins, í hvaða formi sem hann kemur fram.

En annars vil jeg benda á það, að ýmsar fjárveitingar hafa hjer verið leyfðar með þingsál., með því móti, að taka þær upp í fjáraukalög seinna, og hefir stjórnin ekki kynokaði sjer við að sjá um slíkar framkvæmdir, þótt komið hafi fram í tillöguformi.

Jeg held því, að hjer sje stjórninni trygt það, að ekki verði gerð ábyrgð á hendur henni, þótt hún eyði því fje, sem með þarf, í þetta. Henni ætti því að vera það full trygging að hafa till. þessa að baki sjer, ekki síst þegar hún fekk nú samskonar áskorun í ársbyrjun 1917

Jörundur Brynjólfsson: Það var að eins stutt athugasemd.

Hv. frsm. (G. Sv.) bjóst ekki við, að jeg tæki í þetta mál eins og jeg gerði, og færði hann til sem ástæðu það, til hvaða stjórnmálaflokks jeg teldist. Jeg býst nú ekki við, að hann hafi sjeð neina yfirlýsingu frá mjer um það, og hitt held jeg að skifti minstu máli, til hvaða flokks aðrir telja mig. (*S. St.*: Það er enginn flokkur til í þinginu). Það mun sanni næst, að hjer sje enginn stjórnmálaflokkur, þó þeir kunni að vera til úti um land.

En annars hjelt jeg, að það væri málefni, sem hjer er um að ræða, en ekki hvaða stjórnmálaflokki þingmenn tilheyra.

En um jafnaðarmenn get jeg sagt hv. þm. (G. Sv.) það, að þeim er ekki svo gjarnt að fara út fyrir það, sem lögin í landinu leyfa. Jeg er ekki þar með að segja, að lögin heimili ekki þessa till. En jeg gat ekki skilið, hvað þessar athugasemdir hv. frsm. (G. Sv.) komu málinu við.

Jeg mótmælti því aldrei, að ríkið fengi að halda rjetti sínum, sem það hefir og á. En jeg mótmælti því, að þessi till. verði samþ., því að jeg get ekki sjeð, að það hafi

neina þýðingu. Hitt varðar mig heldur ekkert um, hvað minni hl. fossanefndarinnar vill; þó hann fylgi þessu, en ekki öðru af því, sem meiri hl. heldur fram, þá kemur það mjer ekkert við.

En jeg lít svo á, að margt annað sje í þessum málum meira virði en þetta, því að það hefir Alþingi altaf í hendi sjer. Jeg býst líka við því, að til þess að vötn þessi verði tekin til nota þurfi lagaákvæði sem heimili það.

Hv. frsm. (G. Sv.) drap á það að stjórnin gæti látið þinglýsa þessum kröfum um að taka vatnsrjettindin í afrjettum undir landið. En jeg held, að þær þinglýsingar hefðu lítið gildi, því að ef einhver væri, sem þættist eiga þeirra vatnsrjettinda fyllri rjett, þá mundi hann að eins láta þinglýsa mótmælum. Þetta hefði því enga þýðingu.

Jeg held líka, eins og hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að þessi yfirlýsing yrði síst til þess að greiða fyrir heppilegum úrslitum fossamálanna í heild sinni. Jeg gæti hugsað, að hún kæmi illa við suma og yrði síst til þess að bæta vinnubrögðin.

En eins og þingsál. er orðuð, verður ekki sjeð annað, en hún nái til allra afrjetta og almenninga. Nú hefir hv. þm. Dala. (B. J.) vitnað til nál. fossanefndar um það, hvað sje afrjettur og hvað ekki. Það stendur nú svo í nál., að afrjettir sjeu ekki annað en það, sem sje almenningseign. Það er líka tekið fram, að annað sje ekki kallað afrjettir. En það er ekki rjett. Málvenjan hefir helgað það, að kalla einnig afrjett, þegar einhver jörð á lönd inn til fjalla, lengra en búsmali gengur. Og eftir orðalagi till. nær hún einnig til þessara landa, þótt þau sjeu einstakra manna eign. En ef menn þykjast nú eiga vatnsrjettindi í sínum eigin löndum, þá eiga þeir þau einnig í þessum löndum. Orðalag till. er því mjög óheppilegt, og ætti það eitt að vera nóg til þess, að hún yrði ekki samþykt. (*B. J.*: Heldur háttv. þm. að landamerkjalögin segi ekki til um þetta?) Það er ekki neitt tekið fram um það í till. (*B. J.*: Þetta er óðs manns æði.) Það er nú svo oft að á hv. þm. Dala. (B. J.), en því get jeg ekki að gert. En nú hagar víða svo til, að einstakir menn hafa keypt jarðir, sem eru mjög víðlendar og liggja upp til fjalla, og jeg býst við, að þeir þættust hart leiknir, ef svifta ætti þá orðalaust ýmsum þeim rjettindum, sem kaupunum fylgdu. Annars vegar er það víða, að sveitar- eða hreppsfjelög hafa keypt upprekstrarlönd. Vatnsrjettindin yrðu eftir þessu tekin af þeim aftur bótalaust.

Jeg get því ekki betur sjeð en ef ekki er til þess ætlast, að skertur verði rjettur einstakra manna og fjelaga, þá mætti ekki minna vera, en það kæmi skýrt fram í þingsál. þessari.

Sigurður Sigurðsson: Jeg hefi ekki mörgu að svara og skal því vera stuttorður.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) lagði mikla áherslu á, að till. þessi yrði samþ. Taldi hann það meðal annars nauðsynlegt, ef til þess kæmi, að ráðist yrði í virkjun Hvítár niðri í bygð við Hestvatn. En jeg skal þá gefa honum þær upplýsingar, að þótt stofnað yrði orkuver við Hestvatn, eða hjá Kiðjabergi, þá mundi það ekki standa í neinu sambandi við Hvítárvatn. Vatnsrenslismiðlun við Hvítárvatn kæmi ekki til greina, þótt orkuver yrði reist við Hestvatn, og liggja til þess margar ástæður, sem óþarft er að rekja hjer.

Jeg gat þess, að mjer þætti till. þessi fljótfærnisleg. Með því átti jeg ekki við, að sú niðurstaða væri fljótfærnisleg, sem millibinganefndin í fossamálum hefði komist að, sem sje að vatnsorka í afrjettum væri almenningseign. Jeg skal engan dóm á það leggja. En það þykir mjer fljótfærnislegt og ótímabært að hefjast nú handa í þessu máli, og á þennan hátt, sem till. ræðir um.

Þá niðurstöðu fossanefndar, að vatnsafl í afrjettum sje eign landsins, er þegar fyrir löngu búið að tilkynna, og það ætti að nægja fyrst um sinn.

Að öðru leyti skal jeg ekki eyða tímanum í frekari ræður um málið, þar sem bæði hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hafa nú talað um tillöguna frá sama sjónarmiði og jeg, og þannig stutt minn málstað í þessu efni.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg skal ganga inn á það, að ræða ekki jafnaðarmensku við hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), því að jeg hefi í rauninni aldrei talið hann jafnaðarmann, þótt hann þættist vera það, svo að við erum sammála.

En þar sem hann eyðir nú svo mörgum orðum að máli þessu, þá vildi jeg biðja hann að athuga nánar till., sem honum þykir of ónákvæmt orðuð.

Hann hafði það út á að setja, að ekki væri tekið fram í meginmáli till., hverjar afrjettir væru undanskildar.

En þess gerist engin þörf, því að þótt þessi yfirlýsing væri gerð, þá kæmi altaf fram, hvar slík tilfelli væru. Ef einstakir menn eða hreppar þættust hafa eignarrjett á afrjettum og vildu halda áfram þessum vatnaviðskiftum, þá kæmi það til úrslita dómstólanna, hvort þeir hefðu rjett til þess.

Við því er aldrei hægt að gera með lagasetningu, að þeir þættust eiga þennan rjett. Þeir verða því að reka sig á, þegar til úrslitanna kemur. En að fara að telja það upp í till., hverskonar afrjetti er átt við, nær engri átt. Þetta voru því óþarfaorð hjá hv. 1. þm. Reykv. (J. B.).

Þá var hæstv. forsætisráðherra (J. M.) vel upp lagður til að gera ítarlegar athugasemdir við till. þessa, og var það ekki nema vel farið, þar sem jeg hafði óskað þess, að hann væri viðstaddur umr.

En jeg get ekki skilið, hvers vegna hann lagði svo mikla áherslu á það, að þetta kæmi fram í lagaformi, þar sem vitanlegt er, að sú gangskör, sem hjer á að gera, þarf og á alls ekki að koma fram öðruvísi en í tillöguformi.

En eigi að lögskipa nokkru um þetta mál, þá á það auðvitað að koma fram í sjerstökum vatnalögum. En að fara nú að semja lög um svo einfalt atriði sem þetta, að stjórnin gefi þessa yfirlýsingu, eða fari í mál til að rifta þessum samningum, það nær engri átt.

Þetta verður því einkennilegra, sem þetta er að hans dómi alveg „teoretiskt spursmál".

Till. sú til þingsályktunar, sem jeg bar fram hjer á þingi 1917, hljóðar um alt það sama og hjer er farið fram á. Hæstv. forsætisráðherra lýsti þá mikilli ánægju sinni yfir till., og hefir látið þá rannsókn, sem þar var lögð til, fara fram síðan. Jeg veit því ekki, hvers vegna nú er lögð svo mikil áhersla á að gera úlfalda úr mýflugunni í þessu, og tel þetta að gera mikið brölt úr litlu efni.

Forsætisráðherra (J. M.): Það kann að vera mikið satt í því hjá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að ekki sje rjett, að jeg sje að þreyta hv. þm. með mínu áliti í þessu máli. En hitt stendur jafnóhrakið fyrir því, að þingsályktunartillögur koma nú fram um skattamál og önnur stórmál, þar sem annarsstaðar eru lög sett undir sömu kringumstæðum, eins og auðvitað er sjálfsagt. Jeg tel þetta mikla afturför frá því, sem var, og væri vel, ef þingið gætti betur hófs í því framvegis að láta nægja þingsályktunartill. t. d. í öðru eins stórmáli og hjer er um að ræða.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 15 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. Árna., G. Sv., J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J.
nei: Þór. J., E. J., J. B., P. O., S. S. St. St., Ó. B.
J. M. greiddi ekki atkv.
Þrír þm. (E. A., H. K. og P. J.) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 14 : 3 atkv.

Á 67. fundi í Nd., fimtudaginn 18. sept., var till. tekin til síðari umr. (A. 794).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg hefi engu við það að bæta, sem jeg ljet um málið rætt við fyrri umr. till. þessarar, og engin rödd komið fram, sem jeg hefi ekki svarað. Jeg sje því ekki ástæðu til að ræða um málið nú, nema nýtt tilefni gefist til þess.

ATKVGR.
Till. samþ. með 13 : 6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., föstudaginn 19. sept., var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um rjett ríkisins til vatnsorku í almenningum og afrjettum,
eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 903).

Á 62. fundi í Ed., mánudaginn 22. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.
Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 63. fundi í Ed., þriðjudaginn 23. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þessi till. er ein af þeim nokkuð mörgu ályktunum þingsins, er fela í sjer áskorun til stjórnarinnar. Má þó svo að orði komast, að landið sje stjórnlaust, þar sem stjórn sú, er nú situr að völdum, er að eins til bráðabirgða.

Þarf jeg ekki að rekja sögu þess stórmáls, sem till. þessi er angi af. Öllum hv. þingdeildarm. er hún kunn, þó fossamálið hafi ekki enn komið til umræðu hjer í deildinni.

Jeg skal að eins geta þess, að á aukaþinginu 1917 skoraði Alþingi á stjórnina að athuga þetta, og fal hún þáverandi landritara, Klemens Jónssyni rannsókn þess, en fyrir eðlileg atvik skilaði hann ekki aliti sínu, þar sem hann var þá kominn í stjórn fossafjelagsins „Titans".

Fossanefndin tók þetta síðan til athugunar, og loks samvinnunefndin í fossamálinu, og lítur ekki út fyrir, að ágreiningur hafi orðið um að halda þessari skoðun fram, en aðferðin til að framkvæma hana liggur í þessari tillögu.

En jeg álít, að ekki hafi verið athugað nógu vel, hvort valin hafi verið heppilegasta framkvæmdaleiðin, þ. e. hvort mögulegt sje að ná markmiðinu með því að fara þessa leið.

En eins og kunnugt er, hefir oftar orðið ágreiningur hjá hinu háa Alþingi um *leiðina* til að ná markmiðinu heldur en um markmiðið sjálft. Má í því sambandi benda á flest atriði sjálfstæðisbaráttunnar, og nú síðast ágreininginn um búsetuskilyrðið.

Jeg er ekki vanur lagasetningu, en hefi aftur orðið að framkvæma ýms þau lög heima í hjeraði, er sett hafa verið, og finst mjer þau stundum hafa verið næsta óljós, og sama er að segja um till. þessa.

Hvers vegna er öræfum slept? Er það vegna þess, að öræfi og almenningar merki það sama? Svo er þó ekki í mæltu máli.

Afrjett getur ýmist verið partur úr heimalandi jarðar eða jarðsvæði, sem er sameign sveitarfjelaga og ekki notað til ábúðar, t. d. jörð, sem keypt hefir verið í því skyni.

Það hefði verið kostnaðarlaust að orða þetta betur, svo ekki verði misskilið. Það verður örðugri framkvæmd, fyrst ónákvæmlega er orðað, einkum þar sem sýnt er, að till. muni leiða af sjer málaferli. Sem þingmaður hefi jeg viljað láta í ljós skoðun mína, þó ekki komi til þess, að jeg greiði atkvæði um áskorun til stjórnarinnar.

Halldór Steinsson: Það kemur mjer einkennilega fyrir að heyra úr ráðherrasæti, að landið sje nú stjórnlaust. „Fungerandi" stjórn ber sömu ábyrgð og aðrar stjórnir, svo ekki er hægt að skilja þessi orð hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) öðruvísi en að landið hafi verið stjórnlaust síðan núverandi stjórn settist að völdum, og sje það enn.

Þingsályktunartillöguna virðist mjer einsætt að fella. Í fossamálinu hafa komið fram tvær stefnur, önnur að ríkið eigi vatnsmagnið, hin að það sje eign landeigenda. Það hefir greinilega komið fram, að meiri hluti þingsins hallast eindregið að síðari málstaðnum. Hv. neðri deild hefir sýnt ósamkvæmni í því, að afgreiða þessa till. til þingsál., því það er enginn úrskurður til um það, að ríkið eigi afrjettirnar. En ef ríkið á ekki afrjettirnar, þá á það ekki heldur vötnin, sem um afrjettir renna, samkvæmt skoðun meiri hluta neðri deildar og alls þingsins. Nú er mjer það kunnugt, að sumar afrjettir eru eign sveitarfjelaga eða einstakra manna, og greiði jeg því atkvæði á móti tillögunni.

Guðmundur Ólafsson: Þeir tveir háttv. þm., sem tekið hafa til máls, hafa fundið sitt að hvoru. Hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) fann það að, að till. væri ógreinilega orðuð, og er það kann ske nægileg ástæða móti henni eitt út af fyrir sig, því það er illmögulegt fyrir stjórnina að framkvæma jafnóákveðna áskorun. Hv. þm. Snæf. (H. St.) taldi það till. til lýta, að óútkljáð væri, hvort ríkið ætti afrjettirnar. Jeg vil herða á ummælum hans því eftir því, sem mjer er best kunnugt, á ríkið enga afrjett. Áður voru afrjettirnar eign einstakra jarða, en nú eru sveitarfjelögin búin að kaupa þær flestallar. Sumstaðar hafa sveitarfjelögin keypt heilar jarðir og lagt þær við afrjettirnar. Jeg er því á sömu skoðun og hv. þm. Snæf. (H. St.) um, að það beri að fella tillöguna. Jeg hygg, að rjettast væri að vísa þessu máli á sama bás og öðrum fossamálum, til stjórnarinnar, og leyfi mjer að bera fram svo felda dagskrá:

> *„Í trausti þess, að stjórnin taki til athugunar atriði það, sem liggur hjer fyrir, í sambandi við vatnamálin í heild sinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."*

Sigurjón Friðjónsson: Jeg hafði búist við, að hv. frsm. tæki fyrstur til máls, eins og venja er til, en svo var ekki, og jeg kem ekki auga á, að hann sje hjer í deildinni. Jeg var í minni hluta í fossanefndinni, en þó hlyntur því, að þessi till. kæmist inn á þingið. En jeg tók í upphafi þá stefnu í fossamálinu, að hindra það eftir mætti, að ríkinu væri hleypt í málaferli út af eignarrjettinum á vatninu. Till. gæti ef til vill leitt til málaferla, en það er auðvelt að koma í veg fyrir þá hættu með því að víkja henni ofurlítið við. Ef afrjettirnar eru feldar burtu úr till., hygg jeg, að lítill ágreiningur mundi verða um hana. Jeg tel því rjettast að skjóta málinu til 2. umr. og breyta till. þá til hins betra.

Annars læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hvort fram komin dagskrá verður samþykt eða ekki, því að mínu áliti er tillagan ekki mikilvæg.

Kristinn Daníelsson: Jeg skal játa, að till. þessi er minna verð en sum önnur atriði fossamálsins, sem þingið lætur liggja milli hluta að þessu sinni, og skiftir litlu um forlög hennar, ef illa tekst um aðalatriðin. Í þessu efni fer álit flestra saman í aðalatriðum. Í fossanefndunum var enginn ágreiningur um till., þó ágreiningur væri um flest annað. Þetta er líka svo sjálfsagt mál, að stjórnin ætti jafnvel enga áskorun að þurfa til að framkvæma það.

Því hefir verið haldið fram, að ekki sje víst, að landið eigi allar afrjettir. Jeg skil orðið „afrjett" í till. svo, að það merki upprekstrarland, sem enginn einstakur maður eða sveit hefir eignarheimild á, aðra en til upprekstrar.

Þó jeg sje ekki fróður um þessi efni, þá hygg jeg, að ríkið eigi það land, sem enginn annar getur eignað sjer. Jeg held, að orðið „afrjett" sje ekki rjett notað um upprekstrarland einstakra manna. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja till. eins og hún er orðuð. Það væru heppilegustu lok þessa máls.

Eggert Pálsson: Jeg get tekið undir með hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) um það, að orðalag till. er næsta óljóst. „Afrjett" er notað í mismunandi merkingu; til eru afrjettarlönd sjerstakra jarða; einnig hafa fjallajarðir verið keyptar af viðkomandi sveitarfjelögum og lagðar undir afrjettina, og þá auðvitað nefndar sama nafni. (*G. B.*: Það er ekki átt við þær afrjettir). Það sjest ekki á till. Jeg hygg, að auðvelt væri að orða till. svo, að þetta orki ekki tvímælis. En aðalatriðið í þessu máli er að mínu viti það, að vatnamálin eru yfirleitt komin í það horf, að ekki er viðeigandi að taka þetta eina atriði út úr og afgreiða það á þessu þingi. Það er hrein mótsögn að leggja dóm á þetta atriði eitt, fyrst þingið hefir tekið þá ákvörðun, að vísa öllum vatnamálum til stjórnarinnar. Við það vinst þjóðinni, þinginu og stjórninni tími til ítarlegrar athugunar. Jeg skil eigi annað en að nákvæm umhugsun eigi eins við um þetta atriði málsins. Jeg hlýt því að greiða dagskrá hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) atkvæði.

Kristinn Daníelsson: Það hafa svo margir tekið til máls móti till., að það virðist útsjeð um forlög hennar.

Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) og fleiri hafa talað um, að þingið væri ekki sjálfu sjer samkvæmt, ef það samþykti till. En það er rangt, því till. þessi kemur ekkert við deilunni um eignarrjett á vatnsafli, þar sem einstaklingar eiga land að vötnum. Um þessa till. hafa allir nefndarmenn verið sammála. Jeg veit ekki betur en að sá maður, sem mest hefir barist móti þeirri skoðun, að ríkið eigi öll vatnsrjettindi, hafi verið þessari till. samþykkur.

Hjer er um vatnsföll að ræða, sem enginn á lönd að. Það er sjálfsagt, að stjórnin komi í veg fyrir það, að verið sje að gera sölusamninga um rjettindi, sem ríkið eitt á að allra dómi. Það gæti því valdið óhappa-misskilningi og gefið ranga hugmynd um tilgang Alþingis, ef till. væri feld.

Guðmundur Ólafsson: Háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) sagði áðan, að í till. væri ekki um annað að ræða en það, sem stjórnin ætti að gera ótilkvödd. Nú segir hann, að ekki sje hjer um önnur vötn að ræða en þau, sem ríkið eigi að allra dómi öll rjettindi til. En um þetta eru einmitt skiftar skoðanir. Afrjettir eru sumar hverjar eign einstakra manna eða sveitarfjelaga. Það virðist því fráleitt að hugsa sjer,

að stjórnin framkvæmi það, sem í till. felst.

Hv. 1. landsk. þm. (S. F.) vildi gjarnan, að till. yrði samþykt, en orðið „afrjett“ tekið út úr henni. Þó gat hann ekki fundið henni neitt til gildis. Hjer á þingi er altaf hægt að hafa eitthvað til dundurs, svo jeg sje ekki, að ástæða sje til að hleypa til síðari umr. till., sem ekkert hefir til síns ágætis. Jeg held fast við, að málinu beri að vísa til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. Húnv. (G. Ó.) feld með 6 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. T., E. .P., G. Ó., H. St., Jóh. Jóh., M. K.
nei: S. E., S. F., H. Sn., K. E., K. D., G. B.
S. J. greiddi ekki atkv.
Einn þm. (G. G.) fjarstaddur.

Tillgr. samþ. með 7 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. F., H. Sn., K. E., K. D.. M. T., S. E., G. B.
nei: E. P., G. Ó., H. St., Jóh. Jóh., M. K.
S. J. greiddi ekki atkv.
Einn þm. (G. G.) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 7 : 5 atkv.

Á 64. fundi í Ed., miðvikudaginn 24. sept., var till. tekin til síðari umr. (A. 903).

Sigurjón Friðjónsson: Jeg gat þess í gær, að þó jeg hefði ekki verið því andvígur, að þetta mál var flutt inn í þingið, mundi jeg tæplega greiða því atkv., eins og þingsál. er orðuð. Jeg bjóst þá við því, að koma með brtt., en við atkvæðagreiðsluna sá jeg, að málið stóð svo tæpt í deildinni, að breytingartillaga frá einstökum manni gat orðið því að falli. Jeg taldi því rjettara að bera mig saman við meðnefndarmenn mína, og hefi nú talað við suma þeirra, en fundur þó eigi verið haldinn í nefndinni nje neitt í þessu gert.

Jeg vil því, sem minni hluta maður í fossanefndinni, fara þess á leit, að málið verði tekið út af dagskrá, svo nefndin geti enn athugað það, ef henni sýnist svo. En verði það ekki gert, vona jeg, að hæstv. forseti taki til greina skriflega brtt. frá mjer.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Ed., föstudaginn 26. sept., var fram haldið síðari umr. um till. (A. 903, 987).

Frsm. (Karl Einarsson): Fossanefnd þessarar hv. deildar hefir athugað till., eftir að hún kom frá hv. Nd., og var það sjerstaklega vegna þess, að málið mætti mikilli mótspyrnu hjer við fyrri umr., en nú er nefndin öll samþykk og mælir með, að till. verði samþykt með breytingu, er nefndin leggur til að gerð verði á henni. En jafnframt vill nefndin taka það fram, að hún lítur svo á, að almenningur sje ekki að eins öræfi og jöklar, heldur og afrjettir, sem ekki eru eign einstakra jarða, eða hafa verið það. Undir almenninga falla því allar afrjettir, sem eru eign landsins eða sveitarfjelaga, ef sveitarfjelögin hafa ekki keypt þær á löglegan hátt, af löglegum eigendum. Með þessum skiln-

ingi leggur nefndin til, að till. verði samþykt.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg tel till. miklu aðgengilegri, ef brtt. verður samþykt.

Guðmundur Ólafsson: Það má segja, að till. batni þeim mun meira, sem hún styttist, en samt líst mjer hún ekki góð enn þá, þótt jeg sje samþykkur, að afrjettirnar falli burtu. Mjer þótti undarleg ræða hv. frsm. (K. E.), þar sem hann taldi afrjettir, sem væru eign einstakra jarða, undanþegnar, en svo leit út, að afrjettir, sem sveitarfjelög hefðu keypt af einstökum jörðum, ættu ekki að vera það. Jeg sje ekkert samræmi í þessu, eða ástæðu til, að þessar afrjettir sjeu rjetthærri en hinar.

Jeg held því enn, að till. sje einkis nýt.

Frsm. (Karl Einarsson): Þetta er fullkominn misskilningur hjá hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.), því eins og ljóslega kom fram hjá mjer, þá eru þær afrjettir, er sveitarfjelög hafa keypt af jörð, eða jörð, sem þau hafa keypt og lagt undir afrjettir, undanþegin þessu. Hjer er að ræða um þær afrjettir, sem engir hafa átt áður.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eftir till. og skýringunni verður lögbýli, eða hluti af lögbýli, sem sveitarfjelag kaupir og leggur undir afrjett, undanþegið þessu. Annars finst mjer óþarfi að þrátta um þetta hjer, þar eð ágreiningur um slíkt kæmi til úrskurðar dómstólanna, þegar farið yrði að framkvæma till.

Guðmundur Ólafsson: Jeg vil bera af mjer, að jeg hafi misskilið orð hv. frsm. (K. E.). Hann sagði það beint, að afrjettir, sem væru eign einstakra jarða, væru undanþegnar þessu, en eftir umræðunum leit svo út, sem það næði ekki til afrjettar, ef búið væri að selja hana undan jörð þeirri, sem hún áður heyrði til.

Eftir skýringu hv. frsm. (K. E.) minkar enn þýðing till.; nú er hún „orðin einber og innantóm", þýðingarlaus með öllu.

ATKVGR.

Brtt. 987. samþ. með 9 : 1 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., H. Sn., K. E., K. D., M. K., M. T., S. E., S. F.

nei: E. P., G. Ó., H. St., Jóh. Jóh., G. B.

S. J. greiddi ekki atkv.

Till. afgr. til Sþ., með fyrirsögninni:

Tillaga til þingsályktunar um rjett ríkisins til vatnsorku í almenningum.

Á 4. fundi í Sþ., laugardaginn 27. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rjett ríkisins til vatnsorku í almenningum,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 991).

Á sama fundi var till. tekin til umr. (A. 991, 994).

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Bjarni Jónsson: Mjer hefir borist til eyrna, að hv. Ed. hafi breytt þingsályktunartillögunni sakir þess, að deildarmenn hjeldu, að hún tæki til lands, er einstakir menn eða sveitarfjelög ættu. En sú hugsun lá ekki til grundvallar tillögunni. Í skjöl-

um fossanefndar er orðið „afrjett“ skilgreint svo:

„Skilgreining Grágásar er rjett enn í dag. Afrjett (eða afrjettr) er sumarbeit manna og geldfjárhöfn, ítak í ríkisland, en ekki landeign einstakra manna eða hjeraða, nema þar sem menn taka fje til upprekstrar í heimaland sitt, og kallast afrjett, þótt það sje eigi afrjett“.

Í þessu sambandi vil jeg einnig minna á tillögu til þingsál., er samþykt var á þingi 1917, í byrjun ársins, og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) flutti. Hún hljóðar svo:

„Neðri deild ályktar að skora á landsstjórnina að gæta hagsmuna þjóðfjelagsins og rjettar landssjóðs til fossa og annara verðmæta í almenningum landsins og afrjettum, þeim er eigi heyra til neinni ákveðinni jörð einstakra manna eða sveitarfjelaga“ o. s. frv.

Nú hefi jeg leyft mjer að bera fram samhljóða brtt. Það er yfirsjón ein, að till. var ekki orðuð greinilega frá upphafi. Jeg geri ráð fyrir, að enginn ágreiningur verði um brtt., og tel till. skýrari svo breytta.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil benda á, að enn er ekki tekið fyrir þann skilning, sem efri deild vildi forðast, ef brtt. verður samþykt. Landsstjórnin hefir stundum selt eða afsalað sveitarfjelögum til fullrar eignar afrjettir; einnig hafa partar af jörðum verið seldir sveitarfjelögum og lagðir við afrjettir. Afrjettir, sem svo eru til komnar, eru ekki undanteknar í brtt.

Bjarni Jónsson: Ef landsstjórnin hefir afsalað einhverju sveitarfjelagi afrjetti með öllum rjettindum, eða sveitarfjelögin keypt parta af jörðum og lagt við afrjetti, ber landsstjórninni auðvitað per analogiam ekki að leita eftir vatnsrjettindum þar, þó brtt. yrði samþ., frekar en á eignarjörðum manna. En landsstjórnin verður að hyggja vel eftir, hvort afrjettarlönd hafi verið afsöluð með öllum rjettindum, eða að eins einstök rjettindi hafi verið innifalin í sölunni. Jeg get tilfært t. d. sölu á afrjettarlandi upp með Hvítárvatni til Biskupstungnahrepps árið 1850.

Söluverðið, 80 ríkisdalir, sýnir, að hjer hafa að eins verið seld beitarrjettindi. Upprekstrargjaldið var áður 4 rd. Það hefir því verið „kapitaliserað“ með 5%. Þetta verður stjórnin vandlega að athuga, hversu víðtæk rjettindi hafa verið af hendi látin.

Kristinn Daníelsson: Jeg er ekki móti brtt. á þgskj. 944 í sjálfu sjer. En jeg get ekki sjeð, að hún sje til neins gagns, þar sem allar þær afrjettir, sem ekki eru undskildar hvort sem er í tillögunni, geta heimfærst undir það, sem felst í orðinu „almenningar“, sem þess vegna grípur einnig yfir það, sem brtt. fer fram á. Aftur gæti hugsast, að till. sjálf verði feld, ef brtt. verður samþykt, og legg jeg því til, að till. verði samþ. óbreytt.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi gera þá fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort hún leggi sama skilning í orðið „almenningur“ og hv. 2. þm. G.-K. (K. D.), því ef svo væri, er brtt. mín óþörf, þar sem öll framkvæmd þessa máls fellur undir stjórnina.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þar sem jeg þekki til, er orðið „almenningur“ notað um land, sem enginn hefir í manna minnum helgað sjer sem tilheyrandi bygðum bólum fyr eða nú. „Afrjett“ er þá miklu víðtækara orð, þar sem það grípur yfir sjereignir sveitarfjelaga, eða jafnvel

einstakra manna, sem tilheyrandi einhverri jörð.

Um *ítök kirkna*, sem allvíða munu vera til, ýmist í sambandi við afrjetti eða almenninga, og hagnýtt enn til upprekstrar, finst mjer næst liggja að skoða þau sem „almenning“, að fráskildum forrjettindum kirkjuráðanda til upprekstrar.

Gísli Sveinsson: Jeg vildi leyfa mjer að gera hjer örfáar athugasemdir, þar sem þetta mál hefir komið töluvert við mig frá upphafi.. Það var með fyrirhuguðu ráði, að „afrjettir“ voru taldar með í till. Öræfi er það land, sem er til engra nota. Almenningur er það land, sem ekkert sveitarfjelag á öðrum fremur rjett til; það orð getur að vísu náð til öræfanna, en venjulega er það þó notað um land, sem einhver afnot eru af. „Afrjettir“ eru aftur nefnd upprekstrarlönd og beitilönd, án tillits til þess, hvort þau sjeu eign ríkisins, einstakra manna eða sveitarfjelaga. Þetta er þjóðkunnugt. Nú var það tilætlun millilinganefndar og samvinnunefndar beggja deilda í fossamálum, að einum manni undanteknum, að till. næði til alls þessa, að undanteknum þeim afrjettum, er sannaðist að væru rjett eign einstakra manna eða sveitarfjelaga, með öllum rjettindum. Það mun vera skilningur allra, sem á þingi sitja, að ríkið eigi öll vatnsrjettindi, sem og öll önnur rjettindi, í þeim löndum, sem enginn getur gert tilkall til. Það var miður farið, að hv. Ed. breytti orðalagi till., en getur komið í sama stað niður, ef stjórnin skilur hana eins og upphaflega var til ætlast.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst við, að yfirlýsing hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) nægi hv. þm. Dala. (B. J.). Jeg hygg, að það komi í sama stað niður, hvort brtt. verður samþ. eða ekki. Tilætlun beggja deilda er að tryggja ríkinu vatnsrjettindi í almenningum og afrjettum, sem ekki geta talist eign einstakra manna eða sveitarfjelaga, og því verða að álítast eign ríkisins, og rifta þeim samningum, sem kunna að hafa verið gerðir í bága við rjett landsins. Þetta er mergurinn málsins. Það er sama, hvort brtt. er samþ. eða till. óbreytt. Þar sem vilji þings og stjórnar fellur saman, eins og hjer, þarf ekki að hræðast þetta orðalag eða hitt, jafnvel þó hv. þm. sje það kunnugt, að jeg geri nauðalítið úr gildi þingályktunartillagna.

Bjarni Jónsson: Þegar jeg hefi heyrt þessa skýringu hæstv. forsætisráðh. (J. M.), get jeg tekið till. á þgskj. 994 aftur. Hún er nú búin að vinna sitt gagn, þar sem hún hefir kallað fram þá skýringu á till., sem nægir.

ATKVGR.

Brtt. 994 tekin aftur.

Till. samþ. með 22 : 3 atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 995).

B. Um skipun nefnda.

1. Stjórnarskrárnefnd efri deildar.

Á 3. fundi í Ed., mánudaginn 7. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga stjórnarskrármálið (A. 48).

Á sama fundi var till tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 4. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Eggert Pálsson): Frv. um breytingu á stjórnarskránni hefir þegar verið lagt fyrir hv. Nd., og þó yfirleitt sje ekki hægt að vita mikið um gang mála hjer í þinginu, þá má telja víst, að frv. þetta komi síðar til álita þessarar deildar. Sumum kynni samt að virðast fullsnemt að skipa nefnd í málið nú þegar, en jeg vil benda mönnum á, að það gæti verið heppilegt í tvennu tilliti. Annars vegar er hugsanlegt að ýms frv. berist deildinni, sem eigi að meira eða minna leyti skylt við stjórnarskrárbreytinguna, og væri þá hentugt að geta vísað þeim til sömu nefndar. Hins vegar er á það að líta, að hv. Nd. hefir þegar sett nefnd í málið, og væri það mikill vinnu- og tímasparnaður, að stjórnarskrárnefndir beggja deilda gætu starfað saman. Ef hv. deild lætur aftur á móti dragast að skipa nefndina, getur um enga samvinnu orðið að tala. Með þetta fyrir augum vona jeg, að hv. deild taki vel í þingsál.till. og samþykki hana.

Karl Einarsson: Jeg hafði ætlað mjer að taka til máls á undan háttv. frummælanda og biðja um frest á þessu máli, þar sem hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) er fjarverandi, og við, sem höfum haft samband við hann um nefndarkosningar, getum því ekki ráðfært okkur við hann um skipun þessarar nefndar. Vil jeg því mælast til, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá.

Forseti: Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) hefir boðað forföll, og vissi hann þó vel, að mál þetta var á dagskrá. Jeg sje því ekki ástæðu til að verða við þeirri beiðni, að taka málið af dagskrá.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hjer er um nefndarskipun í stórmáli að ræða, og væri því líðlegt af forseta að verða við óskum hv. þm. Vestm. (K. E.) um frest, þar eð fresturinn yrði ekki til neinnar tafar á störfum þingsins.

Forseti: Jeg mun bera það undir atkvæði deildarinnar, hvort málið skuli tekið af dagskrá að þessu sinni.

ATKVGR.

Till. um að fresta umræðunni samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. T., S. E., G. G., G. Ó., H. Sn., K. E., M. K.

nei: S. J., S. F., E. P., H. St., Jóh. Jóh., G. B.

Einn þm. (K. D.) fjarstaddur.

Á 5. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. júlí, var framhaldið einni umr. um till. (A. 48, 51).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 51, sem of seint var útbýtt.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 51. samþ. með 8 : 1 atkv

Tillgr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosning var viðhöfð. Bárust forseta 2 listar. Á A-listanum voru M. T., K. E. og M. K., en á B-listanum Jóh. Jóh., S. F. og M. K., eða samtals á báðum listunum jafnmörg nöfn og kjósa skyldi menn í nefndina.

Lýsti forseti þá yfir því, að kosnir væru í nefndina þeir

Magnús Torfason,
Jóhannes Jóhannesson,
Karl Einarsson,
Sigurjón Friðjónsson og
Magnús Kristjánsson.

(Sbr. og A. bls. 2014).

2. Launamálanefnd efri deildar.

5. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga launamálið (A. 50).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Ed., fimtudaginn 10. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosning var viðhöfð. Forseta barst einn listi, með nöfnum 5 manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi, og lýsti forseti þá rjett kjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Eggert Pálsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Steinsson,
Hjörtur Snorrason og
Kristinn Daníelsson.

(Sbr. og A. bls. 2015).

3. Fossanefnd efri deildar.

Á 10. fundi í Ed., föstudaginn 18. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga fossamálið (A. 99).

Á 11. fundi í Ed., laugardaginn 19. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 21. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosningu var beitt. Einn listi kom fram, með nöfnum 5 þingmanna, eða jafnmargra og kjósa skyldi í nefndina, og

Fossanefnd efri deildar.

lýsti forseti þá rjett kjörna í fossanefnd, en þeir voru þessir:

Guðjón Guðlaugsson,
Hjörtur Snorrason,
Karl Einarsson,
Kristinn Daníelsson og
Sigurjón Friðjónsson.

(Sbr. og A. bls. 2016).

Önnur mál.

I. Lausnarbeiðni stjórnarinnar.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. ágúst, og á 29. fundi í Ed., s. d., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forsætisráðherra (J. M.):

Eins og hv. þm. er kunnugt, hefir stjórnin símleiðis beðið hans hátign konunginn um lausn frá stjórnarstörfum, og nú í þessum svifum hefi jeg meðtekið skeyti frá h. h. konunginum, þar sem hann veitir stjórninni lausn, en biður hana jafnframt að halda áfram störfum sínum, þar til jeg geti bent á eftirmanninn.

II. Kosningar.

1. Þingfararkaupsnefnd.

Á 2. fundi í Sþ., þriðjudaginn 23. sept., var tekin til meðferðar

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð.

Forseta barst einn listi, með nöfnum 5 alþingismanna, eða jafnmargra og kjósa skyldi, og lýsti forseti þá rjett kjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Ólafur Briem,
Eggert Pálsson,
Hjörtur Snorrason,
Magnús Kristjánsson og
Karl Einarsson.

2. Verðlaunanefnd „Gjafar Jóns Sigurðssonar"

Á 4. fundi í Sþ., laugardaginn 27. sept., var tekin til meðferðar

Kosning 3 manna í verðlaunanefnd „Gjafar Jóns Sigurðssonar".

Kosningu hlutu:

Hannes Þorsteinsson, skjalav., með 33 atkv.
Jón Þorkelsson, þjóðskjalav., — 30 —
Jón Jónsson Aðils, háskólak., — 29 —

Sigurður prófessor Nordal hlaut 14 atkv. og Einar prófessor Arnórsson og Þorsteinn ritstjóri Gíslason 1. atkv. hvor, en 2 seðlar voru auðir.

3. Bankaráðsfulltrúi.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

Kosning eins manns í fulltrúaráð Íslandsbanka fyrir tímabilið 1920—1922.

Kosningu hlaut

Guðmundur landlæknir Björnson, með 17 atkv.

Karl bæjarfógeti Einarsson hlaut 14 atkv. og Pjetur alþm. Jónsson 1 atkv.. en 7 seðlar voru auðir.

4 Yfirskoðunarmaður Landsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

Kosning yfirskoðunarmanns Landsbankans fyrir tímabilið frá 1. jan. 1920 til 31. des. 1921.

Kosningin fór svo, að

Pjetur alþm. Jónsson hlaut 17 atkv.
Guðjón alþm. Guðlaugsson — 16 —
Jakob ritstjóri Möller — 1 —,
en 5 seðlar voru auðir.

Forseti lýsti kjörinn:
Pjetur Jónsson alþm., með 17 atkv.

5. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
Kosning 3 yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1918 og 1919.

Kosið var hlutfallskosningu samkvæmt fyrirmælum 15. gr. stjórnskipunarlaga nr. 12, 9. júní 1915.

Forseta bárust 4 listar, með nöfnum 4 alþingismanna, eins á hverjum lista. Var á A-lista Matthías Ólafsson, á B-lista Jörundur Brynjólfsson, á C-lista Hjörtur Snorrason og á D-lista Kristinn Daníelsson.

Kosningin fór svo, að
A-listinn hlaut 11 atkv.
B-listinn 8 —
C-listinn 8 — og
D-listinn 10 —, en
2 seðlar voru auðir.

Forseti lýsti kjörna yfirskoðunarmenn:
Matthías Ólafsson
Kristinn Daníelsson
og
Jörund Brynjólfsson,
samkvæmt hlutkesti milli hans og Hjartar Snorrasonar.

6. Framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðsins.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
Kosning framkvæmdarstjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir tímabilið frá 1. jan. 1920 til 31. des. 1925.

Kosningu hlaut
Eiríkur prófessor Briem,
í einu hljóði, og fór kosningin fram á þann hátt, að þingmenn stóðu allir upp.

Dansk-íslensk ráðgjafarnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
Kosning hins íslenska hluta hinnar dansk-íslensku ráðgjafarnefndar, samkvæmt 1. gr. tilskipunar 28. maí 1919, til 30. nóvember 1926.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og hv. þm. vita, á að kjósa í nefnd þessa jafna tölu Íslendinga og Dana, og ber að kjósa í hana minst 3, en mest 4 menn úr hvoru ríki.

Í Danmörku eru nú 4 flokkar, og væri því rjettara, að vjer kysum 4 menn, í stað þriggja, eins og stjórnin skipaði til bráðabirgða.

Vitanlega er það á valdi meiri hluta þingsins að ákveða, hvor talan verður tekin, og vil jeg biðja hæstv. forseta að leita atkvæða hv. þm. um það, hvort kjósa skuli 3 eða 4.

Till. um að hafa nefndarmenn 4 feld með meiri hluta atkv.

Þriggja manna nefnd því sjálfsögð.

Hlutfallskosningu var beitt samkvæmt ósk margra þm.

Fram komu 4 listar, með nöfnum jafnmargra manna, eins á hverjum. Var á A-lista Jóhannes Jóhannesson, á B-lista Böðvar Jónsson Bjarkan, á C-lista Bjarni Jónsson frá Vogi og á D-lista Einar Arnórsson.

Kosningin fór svo, að
A-listinn hlaut 11 atkv.
B-listinn 8 —
C-listinn 9 —
D-listinn 10 —, en
1 seðill var auður.

Forseti lýsti því kjörna nefndarmenn:
Jóhannes Jóhannesson, bæjarfógeta.
Einar Arnórsson, prófessor, og
Bjarna Jónsson, dósent.

8. Gæslustjóri Söfnunarsjóðsins.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 6. sept., var tekin til meðferðar

Kosning gæslustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir tímabilið frá 1. jan 1920 til 31. des. 1923.

Kosningu hlaut

Einar Gunnarsson, sjálfseignarbóndi í Gröf undir Jökli sunnan, með 9 atkv.

Björn Stefánsson, alþm., Einar próf. Arnórsson, Jóhannes adjunkt Sigfússon og Sigurður fyrv. sýslumaður Þórðarson hlutu 1 atkv. hver, en 5 seðlar voru auðir.

9. Stjórn Minningarsjóðs Jóns frá Gautlöndum.

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., var tekin til meðferðar

Kosning tveggja manna í stjórn Minningarsjóðs Jóns alþingismanns Sigurðssonar frá Gautlöndum, fyrir tímabilið frá 1. jan. 1920 til 31. des. 1925.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla við þetta tækifæri að rifja upp fyrir hv. þm., að þessi minningarsjóður er stofnaður 1913. Þá voru kosnir í stjórn sjóðsins ásamt forseta, jeg og hr. Eiríkur Briem; vorum við kosnir til 6 ára, og er það tímabil nú útrunnið. Á árinu 1914 var lagt af fje sjóðsins 1400 kr. inn í Söfnunarsjóð Íslands; þá var afgangur af vöxtunum í mínum vörslum ca. 45 kr., svo sjóðurinn var því 1445 kr. þá. Vextir af sjóðnum síðan og til síðustu áramóta eru kr. 320.30, svo að hann er við síðastl. áramót ca. 1765 kr. Stofnskráin ákveður að nota ⅚ af vöxtunum til verðlauna fyrir vel samda ritgerð um verslunarmál, stjórnmál eða búnaðarmál. Á þessu tímabili hefir nefndinni ekki verið send nein ritgerð, og henni þótti heldur ekki ástæða til að fara að greiða verðlaun fyrir neina ritgerð, sem hún hefir sjeð um þessi mál, og eru því vextirnir allir í sjóði.

Nú á hv. Alþingi að kjósa tvo menn í stjórn sjóðsins með forseta neðri deildar.

Kjörnir voru í sjóðsstjórnina í e. hlj., á þann hátt, að deildarmenn stóðu allir upp, þeir

Pjetur alþm. Jónsson og
Eiríkur prófessor Briem.

III. Starfsmenn þingsins.

Á 5. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. júlí, og á 6. fundi í Nd., laugardaginn 12. s. m., skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn Alþingis:

Skrifstofan:
Jón Sigurðsson, Helgi Hjörvar, Jón Ó. Magnússon.

Skjalavarsla og afgreiðsla:
Ingimar Jónsson.

Prófarkalesari:
Pjetur Lárusson.

Lestrarsalsvarsla:
Ólafía Einarsdóttir, Petrína Jónsdóttir.

Símavarsla:
Hrafnkell Einarsson, Lárus Sigurbjörnsson.

Innanþingsskrifarar:
Í efri deild: Páll Eggert Ólason, Ásgeir Ásgeirsson, Pjetur Zophoníasson,

Ólafur Halldórsson, Pjetur Sigurðsson,*) Lárus Jóhannesson.

Í neðri deild: Freysteinn Gunnarsson, Árni Sigurðsson, Sigurður Lárusson, Sveinn Sigurðsson, Þórbergur Þórðarson, Jón Thoroddsen, Jóhannes Sigfússon, Karl Magnússon.

Þingsveinar:

Axel Blöndal, Ísleifur Gíslason, Sveinn Benediktsson, Halldór Sigurbjörnsson, Björn Hjaltested, Björn Bjarnason, Gottfred Bernhöft, Eggert Waage.

Verðir:

Árni Bjarnason, Magnús Gunnarsson. Ólafur Rósenkranz.

IV. Starfslok deilda.

A. Í efri deild.

Á 67. fundi í Ed., föstudaginn 26. sept., kl. 4 síðdegis, að loknum fundarstörfum, „ávarpaði forseti deildarmenn með ræðu. mintist þingstarfanna á kjörtímabili því, er nú væri að enda, skýrði stuttlega frá störfum deildarinnar á þessu þingi, þakkaði deildarmönnum góða samvinnu og óskaði þeim heillar heimkomu.“*).

Kristinn Daníelsson: Jeg vil fyrir mitt leyti, og að jeg hygg fyrir hönd allra hv. deildarmanna, kveðja hæstv. forseta, áður en við skiljum að þessu sinni, og að sjálfsögðu sumir fyrir fult og alt, þar sem nýjar kosningar standa fyrir dyrum.

Hverjir kunna að koma aftur og hvernig þá skipast forsetasæti, verður ekki sagt, en hins ber að minnast, að þótt þing þetta hafi brostið samhug og samheldni á ýmsum sviðum, hefir það þó ekki haft áhrif á samvinnuna í þessari hv. deild. Hún hefir verið oss öllum að skapi, og ber þá ekki að gleyma því, hvern þátt hinir góðu hæfileikar og hinn góði vilji hæstv. forseta til að stýra störfum deildarinnar hefir átt í því.

Fyrir það vil jeg þakka honum fyrir hönd deildarinnar og árna honum allra heilla í framtíðinni, um leið og vjer tökum undir þá ósk hans, að hingað megi aftur koma menn, er hafa vit og vilja til að vinna að öllu því, er miðar til heilla fyrir þessa þjóð.

Vil jeg biðja hv. þingdeildarmenn um að votta samþykki sitt með því að standa upp.

(Allir þingdeildarmenn stóðu upp).

Forseti: Jeg þakka. — Og um leið og við ljúkum störfum þessarar deildar vil jeg biðja hv. þingdeildarmenn að standa upp og votta landi og þjóð árnaðaróskir. (Allir þingdeildarmenn stóðu upp).

Segi jeg svo þessum þingfundi slitið.

B. Í neðri deild.

Á 75. fundi í Nd., laugardaginn 27. sept., kl. 1 miðdegis, að loknum fundarstörfum, mælti

forseti: Eins og dagskrá þessa fundar ber með sjer, liggur ekkert sjerstakt mál fyrir á fundinum. Ekki ætla jeg mjer heldur að fara að telja upp þau mál, er þessi þingdeild eða þingið í heild sinni hefir

*) Pjetur Sigurðsson hvarf frá starfinu 16. ágúst, og var þá tekinn í hans stað næsta dag Vilhjálmur Þorsteinsson Gíslasonar.

*) Skrifararnir (Ásg. Ásg og Pjetur Zóph.) skiluðu aldrei af sjer þessari ræðu forseta, og neituðu að skila. Eru hjer því tilfærð ágripsorð þau, sem bókuð eru í gerðabók deildarinnar.

haft til meðferðar; það mun verða gert á fundi sameinaðs Alþingis í dag.

Hins vil jeg minnast, sem engum getur blandast hugur um, að þetta þing hefir haft óvenjulega mörg og mikilsverð mál með höndum, og í ýmsum greinum markað nýjar brautir. Þótt ýms hinna merkustu mála hafi ekki verið til lykta leidd á þessu þingi, mun því ekki verða með sanngirni mótmælt, að þingmenn yfirleitt hafi starfað með alúð og haft einlægan vilja á að vinna þjóðinni gagn. En hversu mjög sem stefnurnar eru ólíkar og skoðanirnar skiftar, má eiga það víst, að allra hugur sameinast í þeirri ósk, að þeir, sem þingsætin skipa í okkar stað, eftir næstu kosningar, beri gæfu til að leiða stórmálin til farsællegra lykta fyrir land og lýð, og alls vfir vinna að heill og hagsæld fósturjarðarinnar.

Í fundarlok finn jeg mjer skylt að þakka öllum háttvirtum þingmönnum þessarar deildar fyrir góðvild og umburðarlyndi, og óska þeim öllum gæfu og gengis.

Segi jeg svo þessum síðasta fundi deildarinnar slitið.

V. Þinglausnir.

Á 4. fundi í Sþ., laugardaginn 27 sept., kl. 1½ miðdegis, þinglausnafundi, að loknum fundarstörfum, skýrði forseti í stuttu máli frá störfum þingsins, á þessa leið:

Fundir.

Í neðri deild	75
– efri deild	67
– sameinuðu þingi	4
Alls ..	146

Mál.

I. Frumvörp:

Stjórnarfrv. lögð fyrir Nd.	27	
— — — Ed.	14	
		41
Þingmannafrv. borin fram í Nd.	67	
— — — - Ed.	19	
		86
Alls ..		127

Þar af:

Lög frá Alþingi:

a. Stjórnarfrv.	28	
b. Þingmannafrv.	39	
		67

Feld:

a. Stjórnarfrv.	3	
b. Þingmannafrv.	11	
		14

Vísað til landsstjórnarinnar:

Þingmannafrv.	6

Ekki útrædd:

a. Stjórnarfrv.	10	
b. Þingmannafrv.	30	
		40
		= 127

II. Þingsályktunartillögur:

Komnar fram í Nd.	31
— — - Ed.	5
Alls ..	36

Þar af:

Ályktanir afgreiddar til stjórnarinnar	19
— um skipun nefnda	3
Feldar	5
Vísað til stjórnarinnar	3
Ekki útræddar	6
	= 36

III. Fyrirspurnir:

Komnar fram	2

báðar í Nd., og báðum svarað.

Mál til meðferðar alls:

Frumvörp	127
Þingsályktunartillögur	36
Fyrirspurnir	2
Alls	165

Þar af:

Lög	67
Ályktanir afgreiddar	19
	= 86

Síðan mælti

forseti: Jeg ætla ekki að leggja dóm á gerðir þessa þings — til þess munu nógu margir aðrir verða — og sagan mun kveða upp rjettlátan dóm um þær á sínum tíma. — Þingrof og nýjar kosningar standa fyrir dyrum, og vil jeg láta í ljós þá ósk og von, að þjóðinni megi lánast að kjósa þá fulltrúa á þing, er geti unnið saman í bróðerni að því að efla hagsæld og framfarir þjóðarinnar á ókomnum tíma, bæði í andlegu og efnalegu tilliti, og auka álit hennar og traust meðal annara siðmenningarþjóða.

Þá stóð upp **forsætisráðherra (J. M.)** og lýsti yfir því í nafni og umboði konungs, jafnframt því að geta þess, að það væri með samþykki konungs, að þingið hefði staðið fram á þennan dag, *að* þessu þrítugasta og fyrsta löggjafarþingi Íslendinga væri slitið.

Stóð þá upp **Sigurður Stefánsson**, þm. N.-Ísf., og mælti:

„Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn Tíundi!“

Tóku þingmenn undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.